




Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2015

Formannafundur ASÍ 28. október 2015
42. þing ASÍ 26.-28. október 2016



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2015

Skýrsla forseta ASÍ 2015

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs, starfsfólks Starfs, Mímis-Símenntunar og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm

*Skýrslan lögð fyrir formannafund ASÍ 28. október 2015
og 42. þing ASÍ 26.-28. október 2016.*

Reykjavík, október 2015 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
41. þingi ASÍ	11
Ávarp forseta ASÍ	11
Ávarp félags- og húsnæðisráðherra	18
Framsögur gesta	25
Lagabreytingar/1. umræða	30
Velferð/1. umræða	32
Kaup og kjör/1. umræða	32
Skipulagður vinnumarkaður/1. umræða	33
Önnur mál	38
Stefnumótunarvinna á 41. þingi ASÍ - Vinnufyrirkomulag	39
Fimmtudagur 23. október	39
Skýrsla forseta	40
Reikningar ASÍ og stofnana	40
Lagabreytingar/2. umræða og afgreiðsla	42
Föstudagur 24. október	46
Kjör forseta ASÍ	46
Skipulagður vinnumarkaður/2. umræða	47
Kjör forseta ASÍ - úrslit	48
Skipulagður vinnumarkaður/2. umræða og afgreiðsla	48
Kjör varaforseta ASÍ	51
Kosningar	51
Velferð/2. umræða og afgreiðsla	54
Kaup og kjör/2. umferð og afgreiðsla	59
Önnur mál	68
Þingfulltrúar á 41. þingi ASÍ 2014	71
Breytingar á þingfulltrúum frá 17.– 24. október 2014	80
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	85
Ályktanir miðstjórnar	95
Efnahags- og atvinnumál	100
Bætt fjárhagsstaða heimila birtist í aukinni neyslu	102
Fasteignamarkaður að rétta úr kútnum	105
Tímabil verðstöðugleika á enda?	107
Verðlagseftirlit ASÍ	111
Vörufarfa ASÍ með áherslu á afnám sykurskatts	113
Afnám vörugjalda á heimilistæki	116
Kjaramál	119
Kjarasamningar á vinnumarkaði 2014	120


Kjarasamningar 2015	128
Kröfur ASÍ á hendur stjórnvöldum til lausnar kjaradeilum	132
Nýir kjarasamningar	135
Yfirlýsing ríkisstjórnar um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga	136
Sameiginleg mál í kjarasamningunum 2015	141
Iðnaðarmenn sömdu í lok júní	143
Kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga við ríkið	145
Velferðarmál	153
Kaup og kjör	153
Skuldalækkunaraðgerðir 2014–2017	156
Vanskil og greiðsluerfiðleikar	160
Velferðarkerfið	161
Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur	167
Áform stjórnvalda um uppbyggingu á félagslegu húsnæði	173
Tillaga ASÍ að lögum um félagslegt leiguhúsnæði	176
Húsnæðismál í kjarasamningum 2015	224
Velferðarnefnd ASÍ	225
Lífeyrismál	227
Jöfnun lífeyrisréttinda og kjarasamningar	229
Endurskoðun almannatrygginga	233
Gjaldeyrishöft og heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis	235
Sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri	247
Umhverfismál	248
Umhverfisstefna ASÍ	248
Rammaáætlun	249
Þjóðareign	249
Félags- og vinnumarkaðsmál	250
Jafnréttismál	251
Aðgerðahópur um launajafnrétti	252
Fæðingar- og foreldraorlof	253
100 ára kosningaafmæli kvenna til Alþingis	255
Mótun vinnumarkaðsstefnu	256
Vinnuvernd	257
Endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum	259
Atvinnuleysisstryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	261
Nám er vinnandi vegur	262
Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit	266
Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.	267

Tímabil tilraunaverkefnisins	267
Barátta ASÍ gegn kennitölflakki og svartri atvinnustarfsemi	274
Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan	275
Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði	276
Kvörtun ASÍ til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)	277
Fræðslu- og menntamál.	281
MFA Fræðsludeild ASÍ	282
Félagsmálaskóli alþýðu	282
Þjónusta Fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu	283
Lífeyrissjóðsnámskeið	285
Kynningar í framhaldsskólum	287
Genfarskólinn	287
Stefnumótun í framhaldsfræðslu	288
Hvítbók um menntamál og stefna í iðn-, starfs- og tæknimenntun	293
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	294
Námskrár og námslýsingar	296
Fræðslusjóður	298
Skilgreining á menntunarbörfum markhóps	301
Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	304
Raunfærnimat	305
Náms- og starfsráðgjöf	307
Nýir hópar í framhaldsfræðslu	312
IPA-verkefni	315
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)	317
Starfsemi Fræðslusjóðs	318
Mímir-símenntun	326
Vottaðar námsleiðir FA sem voru kenndar hjá Mími	328
Nám fyrir fólk af erlendum uppruna hjá Mími-símenntun	332
Íslenska sem annað mál	333
Annað nám hjá Mími-símenntun	334
Erlent samstarf Mímis-símenntunar	336
Gæðastjórnun	337
Almennt um rekstur Mímis-símenntunar	343
Míningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	343
Erlend samskipti	345
Norræna verkalýðssambandið - NFS	345
Fundur lögfræðinga norrænu verkalýðssamtakanna	347
SAMAK	349
Verkalýðshreyfingin í Norður atlantshafi (VN)	349

Evrópusambandið	350
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	351
EFTA - EES	353
European Litigation Network	353
Netlex – Network of Legal Experts	354
Fundir hagfræðinga á Norðurlöndunum	355
Alþjóðlegur samningur um þjónustuviðskipti – TiSA	355
103. þing ILO	356
Lagabreytingar og skipulagsmál	359
Laganefnd	359
Skipulags- og starfsháttanefnd	359
Samstarf VSFK og VSFS	360
ASÍ-UNG	360
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	371
Listasafn ASÍ	373
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður	378
Starfsmenn og ráðgjafar VIRK	379
Þjónustuaðilar í starfsendurhæfingu um allt land	383
Samstarf við ýmsa fagaðila innan velferðarkerfisins	384
Fjöldi einstaklinga í þjónustu	386
Hverjir leita til VIRK?	387
Farsæl endurkoma til vinnu	391
Árangur í þjónustu VIRK	392
Ávinningur starfsendurhæfingar	397
Umsagnir um þingmál	400
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	441
Málefnanefndir miðstjórnar	456
Kynjabókhald 2015	459
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	472
Fjöldi félagsmanna í ASÍ	474
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda	475
Reikningar ASÍ og stofnana	493

Inngangur

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2015 er hugsuð til afnota í verkalyðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalyðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2014 til september 2015. Skýrslan er að þessu sinni, og verður hér eftir, prentuð í lágmarksupplagi en verður þess í stað dreift í rafrænu formi. Þetta er liður í þeirri viðleitni ASÍ að minnka pappírseyðslu en stefnt er að því að þing sambandsins árið 2016 verði pappírslaut.



Stærsta verkefni Alþýðusambandsins frá lokum þings haustið 2014 og fram á sumar 2015 var að aðstoða aðildarsamtökin við undirbúning að gerð kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins. Horfði þunglega í þeim viðræðum fram á vor og ekki tókst að ná samstöðu meðal aðildarsamtakanna um náð samstarf um alla þætti kjarasamninganna en ákveðið var að kröfur um launalið og endurskoðunarákvæði yrðu ekki á sameiginlegu borði. Af hálfu samninganefndar ASÍ voru hins vegar undirbúin og sett fram ýmis sameiginleg ágreiningsefni við Samtök atvinnulífsins um réttindamál og var þeim fylgt eftir samhliða viðræðum einstakra sambanda og félaga. Náðist nokkur árangur í þessum málum sem fylgdi síðan einstaka samningum aðildarsamtakanna. Eins setti samninganefndin fram sameiginlegar kröfur gagnvart stjórnvöldum þann 22. maí þar sem mikil áhersla var lögð á húsnæðismál, þak á útgjöld heimila vegna lækniþjónustu og menntamál.

Varðandi viðræður aðildarsamtakanna um launaliðina bar mikið á milli væntinga launafólks og vilja atvinnurekenda og hafa stéttarfélög innan ASÍ ekki verið jafn nærri því í áratugi að fara í víðtækar verkfallsaðgerðir. Í apríl sýndi skoðanakönnun Starfsgreinasambandsins að 92% landsmanna voru hlynnt kröfum Starfsgreinasambands Íslands (SGS) um að hækka lágmarks-laun á íslenskum vinnumarkaði í 300.000 krónur á mánuði miðað við fullt starf innan þriggja ára. Aðeins 4,2% voru andvíg kröfunni. Af hálfu SGS var boðað til sólarhringsverkfalla í lok apríl og byrjun maí og aftur í lok maí og síðan ótímabundins verkfalls frá 6. júní. Flóabandalagið, VR og LÍV ákváðu að eiga með sér náð samstarf um gerð kjarasamninga og boðuðu til samræmdra vinnustöðvana sem hefjast áttu í lok maí með tímabundnum aðgerðum á einstökum sviðum og síðan með ótímabundnu allsherjarverkfalli

frá 6. júní. Af hálfu iðnaðarmanna var gerður samstarfssamningur um náð samstarf við gerð kjarasamninga og voru boðaðar tímabundnar aðgerðir í júní og ótímabundið verkfall í lok ágúst ef ekki næðust samningar. Í vikunni fyrir hvítasunnuhelgina komst skriður á viðræður Flóabandalagsins og VR/LÍV og ákvað SGS að koma inn í þær viðræður en iðnaðarmenn ákvaðu að biða átekta. Var verkfallsaðgerðum, sem hefjast áttu 28. maí, frestað til að freista þess að ná samkomulagi og tókst það síðan með undirritun kjarasamninga Flóabandalagsins, VR, LÍV og SGS þann 29. maí. Iðnaðarmenn sömdu síðan 22. júní. Voru kjarasamningar víðast hvar samþykktir en einstaka félög iðnaðarmanna felldu samninganna í fyrstu lotu en eftir smávægilegar lagfæringar voru þeir síðan bornir upp aftur í ágúst eða september og samþykktir.

Fjárlagafrumvarpið 2014 olli miklum vonbrigðum með hækkun á matarskatti, styttingu á bótaátíma atvinnulausra, skerðingu á framlögum til Virk, skerðingu og síðan brottfalli á framlögum til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Kostnaður sjúklunga í heilbrigðiskerfinu var aukinn og framlög til úrbóta í húsnæðismálum voru ekki aukin eins og vonir stóðu til. ASÍ lagðist gegn þessum áformum af miklum þunga og hafði þessi framgangur ríkisstjórnarinnar mikil og neikvæð áhrif á undirbúning að gerð kjarasamninga þar sem margt af þessum áformum voru atriði sem samið hafði verið um við fyrri ríkisstjórnir sem lið í heildarlausn á vinnumarkaði. Ríkisstjórnin taldi sig ekkert bundna af ákvörðunum fyrri ríkisstjórna. Enginn vafi er á því að þessi framgangur ríkisstjórnarinnar var atlaða að því vinnumarkaðsmódeli, sem hér hefur þróast, og leiddi til þess að lítil áhugi var meðal stéttarfélaganna í landinu á heildstæðri lausn enda ekki við því að búast að stjórnvöld standi við þau fyrirheit sem gefin yrðu. Í aðdraganda kjarasamninga tókst hins vegar að fá stjórnvöld til að falla frá fyrirhuguðum skerðingum á framlögum til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna og samkomulag náðist einnig um fjármögnun Virk, þó með þeim hætti að dregið yrði úr framlögum stjórnvalda til verkefnisins miðað við fyrri áform.

ASÍ hefur lagt mikla áherslu á húsnæðismálin undanfarin misseri, einkum endurskoðun á almenna húsnæðislánakerfinu, bættu stöðu leigjenda á leigumarkaði og endurreisn félagslegs leigukerfis að norrænni fyrirmynd. Mikill áfangasigur náðist í kjarasamningunum í vor þar sem samstarf aðildarféлага ASÍ og BSRB í samskiptum við stjórnvöld skilaði þeim áfanga að tryggja verulega hækkun á framlögum til húsaleigubóta og fjármögnun á 2.300 félagslegum leiguíbúðum á næstu fjórum árum. Unnið er að gerð frumvarps um félagslegt leigukerfi og hefur ASÍ lagt mikla áherslu á að til verði sjálfbært kerfi þar sem félagsauður fari vaxandi á næstu árum og áratugum þannig að hægt verði að koma betur til móts við tekjulágar fjölskyldur en áður hefur verið gert.

Alþýðusambandið gerði í upphafi árs 2015 úttekt á dagvinnulaunum á Íslandi í samanburði við hin norrænu löndin að teknu tilliti til skattkerfisáhrifa og verðlags. Niðurstaðan var athyglisverð. Það var áberandi að munurinn á dagvinnulaunum á Íslandi og öðrum norrænum löndum er mun minni meðal tekjuhærri hópanna en hjá tekjulægri hópunum. Þannig eru dagvinnulaun stjórnenda á Íslandi í raun 5% hærra en að meðaltali annars staðar á Norðurlöndum. Hluta af þessum mun má skýra með minni tekjujöfnunaráhrifum íslenska skattkerfisins þar sem hátekjur hér á landi eru skattlagðar mun minna en á hinum norrænu löndunum og því verður hlutfallslega meira eftir í buddu hátekjuhópa hér á landi. Ef litið er á dagvinnulaun sérfræðinga voru þau um 3–5% lægri hér á landi en í áður nefndum löndum, hæst eru laun sérfræðinga í Noregi en lægst í Svíþjóð. Mestur munur á dagvinnulaunum er hins vegar í hópi verkafólks og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks. Hér á landi eru dagvinnulaun verkafólks allt að 30% lægri en að meðaltali annars staðar á Norðurlöndum.

Evrópumálin voru enn og aftur í brennidepli síðla vetrar þegar utanríkisráðherra Íslands skrifaði framkvæmdastjórn ESB frægt bréf þar sem hann upp á sitt eindæmi tilkynnti að aðildarviðræðum við ESB hefði verið slitið. Þannig hunsaði hann sjálft Alþingi Íslendinga sem hóf þessa vegferð á sínum tíma. Ráðherrann og ríkisstjórnin hunsuðu líka vilja meirihluta þjóðarinnar sem vill ljúka viðræðum og fá að kjósa um aðildarsamning. Þetta er svo risavaxið álitamál um framtíðarmöguleika okkar þjóðar að það hlýtur að vera réttmæt krafa að þjóðin sjálf fái að segja álit sitt. Alþýðusambandið mótmælti þessum ótrúlegu vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og krafðist þess að þjóðin fengi að koma að þessari ákvörðun.

Á undanförunum árum hafa forystumenn heildarsamtakanna á vinnumarkaði unnið að endurskoðun á íslenska samningamódelinu. Í þessari vinnu hefur m.a. ítrekað komið til tals sá trúnaðarbrestur sem myndast hefur í samskiptum vinnumarkaðarins og stjórnmalanna, þar sem það hefur ítrekað gerst að einstakar ríkisstjórnir telja sig ekki bundnar af ákvörðunum fyrri ríkisstjórna. Jafnframt hefur það verið krafa ASÍ að ekki sé hægt að slíta á milli gerðar kjarasamninga og mótunar krafna vegna þeirra annars vegar og stöðu velferðarkerfisins hins vegar, einkum þess hluta þess sem snýr að stöðu og réttindum fólks á vinnumarkaði. Í tengslum við þessa umræðu var skipulagður fundur milli forystumanna á vinnumarkaði og forystu allra stjórnmalaflokkanna á Alþingi til að ræða það hvaða samhengi þyrfti að vera á milli samningamódelisins og þess samfélagsmódelis við viljum við hafa hér á landi.

Hvað samningamódelið varðar hefur verið rætt um að gera einhvers konar rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðarins þar sem sett yrðu niður skýr ákvæði um það með hvaða hætti vinnumarkaðurinn myndi nálgast lausn

kjaramála að norrænni fyrirmynd. Árið 2013 stóðu þessir sömu aðilar að gerð umfangsmikillar skýrslu um samningamódel hinna norrænu landanna þar sem breið samstaða er um að skilgreina svigrúm til kjarabóta á grundvelli samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina til að treysta forsendur stöðugs gengis. Með slíkum hætti má leggja grunn að bæði almennri kaupmáttaraukningu, lágri verðbólgu og lágum vöxtum.

Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ í árslok 2013, svokallaðir aðfararsamningar, voru einmitt hugsaðir sem millileikur til þess að skapa tíma til þess að undirbúa slíkan rammasamning. Hins vegar lá ljóst fyrir að fulltrúar kennara vildu freista þess að „bæta sína stöðu“ gagnvart öðrum háskólahópum áður en þeir færu inn í slíkt agað samningaferli. Fulltrúar háskólamanna hjá ríki og sveitarfélögum viðruðu svipaðan fyrirvara. Í málsvörninni bentu þessir hópar á miklar hækkanir sem lágtekjuhópar innan ASÍ og BSRB hefðu fengið á undanförunum árum og skilgreindu þetta sem aðför að millistéttinni. Þetta var miður og í rauninni í algjörrri andstöðu við það norræna samningalíkan sem var til viðmiðunar því það líkan byggir á mjög víðtækri sátt um að það sé á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins að finna leiðir til þess að draga kerfisbundið úr launamun og fátækt.

Eftir að framhaldsskólakennurum tókst að brjótast í gegn með miklar launahækkanir vorið 2014 hefur verið mikil órói á vinnumarkaði og miklar og ítrekaðar verkfallsaðgerðir sem ekki sér fyrir endann á. Segja má að vinnumarkaðurinn sé lengra frá því að ná samkomulagi um nýtt samningamódel nú en mörg undanfarin ár og er það miður. Hvort eða hvernig hægt verður að vinna úr þessari stöðu er óljóst. Ef ekki tekst á næstu vikum að ná samstöðu um langtímalausn á skipan þessara mála er hætta á því að við festumst í vítahring víxlverkana þar sem áherslan flyst frá stöðuleika og lágum vöxtum yfir á atvinnu og hagvöxt. Eftir um 4–5 ár má síðan sjá hvort einhver telji sig hafa verið sigurvegara í þessari hringrás.



41. þing ASÍ

Miðvikudagur 22. október

41. þing Alþýðusambands Íslands 2014 var haldið á Hótel Nordica, Reykjavík 22.–24. október.

Þingið hófst kl. 10:00

Við upphaf þings söng kvennakórinn Katla nokkur lög.

Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, þakkaði kórnum fyrir sönginn og bauð **Gylfa Arnbjörnssyni**, forseta ASÍ, að setja þingið.

Ávarp forseta ASÍ

„Ágætu félagar, góðir gestir, velkomin til 41. þings ASÍ.

Uppskriftin að góðu samfélagi er í sjálfu sér ekki flókin. Gott samfélag er samfélag fyrir alla, byggt á jöfnuði og jöfnum tækifærum, frjálsum einstaklingum, velferð, virðingu og samstarfi.

Verkefni verkalýðshreyfingarinnar hefur verið frá upphafi, að berjast fyrir mannsæmandi launum og réttindum launafólks á vinnumarkaði. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar hefur einnig verið að taka þátt í því að skapa samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra, samfélag, þar sem virðing er

borin fyrir einstaklingnum, þar sem allir búa við góð lífskjör. Með öðrum orðum þá hefur barátta okkar ætíð verið barátta fyrir samfélagi fyrir alla.

Í dag erum það við sem hér erum saman komin, fulltrúar 100.000 félagsmanna Alþýðusambandsins, sem hefjum kyndil þessarar baráttu á loft. Það er okkar ábyrgð að sameinast um framtíðarsýn byggða á hugsjónum verkalýðshreyfingarinnar og ákveða næstu skref í baráttunni fyrir hagsmunum launafólks.

Árangur af starfi verkalýðshreyfingarinnar byggir á því að setja hagsmuni launafólks og almennings alltaf í öndvegi. Það gildir þegar vel árar og uppgangur er í samfélaginu og tækifæri eru til að sækja fram til nýrra sigra. Það gildir líka á tímum stöðunar og samdráttar þegar mestu skiptir að verja þann árangur sem náðst hefur. Og það gildir svo sannarlega hvort heldur hér eru við völd hægri eða vinstri stjórnir. Það er einfaldlega okkar hlutverk og okkar ábyrgð, til þess eru samtök launafólks.

Stundum höfum við þurft að beita afli samstöðunnar til að tryggja hagsmuni og bæta kjör félagsmanna okkar. Á öðrum tímum hefur okkur tekist að bæta hag vinnandi fólks, atvinnulausra, aldraðra, öryrkja og ungra með samstarfi við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda.

Um það vitna þeir áfangar, sem við höfum náð, og afrek, sem við höfum unnið og félagar okkar búa að og njóta alla daga, oft án þess að gera sér grein fyrir uppruna þeirra.

Höfum það því hugfast að kjör og margháttuð réttindi launafólks féllu ekki af hinnum ofan heldur urðu þau til vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Þannig urðu almannatryggingar til. Það sama á við um atvinnuleysistryggingar, félagslegt húsnæði, veikindarétt, sjúkrasjóði og lífeyrisréttindi almenns launafólks. Það á einnig við um fæðingar- og foreldraorlofið og tækifæri launafólks til endur- og símenntunar. Og öllum er í fersku minni að það á við um stofnun VIRK sem styður þá félagsmenn okkar sem horfið hafa af vinnumarkaði vegna slysa. Í stuttu máli kennir sagan okkur að allir helstu sigrar í uppbyggingu velferðarsamfélags á Íslandi eru til komnir vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir fólkið sitt – stundum með átökum á vinnumarkaði og stundum með kjarasamningum og samkomulagi við stjórnvöld og atvinnurekendur.

Aukinn kaupmáttur og bætt lífskjör hafa aldrei orðið til af sjálfu sér. Hér gegna samtök launafólks lykilhlutverki. Reynsla félaga okkar á Norðurlöndum sýnir að skynsamleg stefnumörkun á vinnumarkaði, skynsamleg og ábyrg efnahagsstefna, samstarf um sókn á grundvelli aukinna tækifæra, sátt um velferð og aukinn jöfnuð eru þau tæki sem best tryggja hagsmuni launafólks, almennings, fyrirtækja og samfélagsins í heild.

Okkur tókst með miklu átaki og samstarfi við stjórnvöld og atvinnu-

rekendur að auka kaupmátt launafólks á síðasta áratug síðustu aldar og í upphafi þessarar.

Með áherslu á stöðugleika og aukið frelsi í verslun og viðskiptum tókst að auka framlegð í atvinnulífinu og skipta henni milli launafólks í kjarasamningum, samneyslunnar í formi skattheimtu og atvinnurekenda í formi arðs og nýrra fjárfestinga. Óaðskiljanlegur hluti þessarar stefnu var réttlátari tekjuskipting, skattkerfi, sem jafnar kjörin, og velferðarkerfi sem leggur grunn að öryggi í afkomu og þjónustu fyrir þá sem þurfa á stuðningi að halda.

Okkur tókst að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu þar sem allir lögðu sitt af mörkum og allir nutu góðs af. Þetta tókst eftir langt tímabil átaka, óðaverðbólgu og óstöðugleika. Samkomulagið var kallað Þjóðarsátt einfaldlega vegna þess að um hana náðist rík og djúpstæð samstaða og skilningur allra lykilaðila um mikilvægi þess að viðhalda henni og endurnýja.

Á árunum fyrir hrun mátti öllum vera ljóst hvert stefndi í efnahagslífi þjóðarinnar. Verkalýðshreyfingin varaði við. Hún hvatti til samstöðu um önnur gildi sem sótt voru í grundvöll hins norræna samfélagsmódelis. Þess í stað var sáttin um tekjuskiptinguna og tekjujöfnunina rofin, stöðugleikanum var fórnad á altari ofpenslu og ofsagræðgi, innviðir velferðarkerfisins veiktir og samfélagið allt svipt möguleikum til þess að mæta þeirri miklu vá sem alþjóðleg fjármálakreppa þýddi fyrir efnahag heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs.

Í hruninu tapaði launafólk fjórðungi af kaupmætti ráðstöfunartekna sinna, auk þess sem þúsundir máttu þola atvinnuleysi og ósættanlega hækkun skulda vegna gengishruns og verðbólgu. Tekjur okkar og eignir voru einfaldlega hirtar og færðar öðrum á silfurfati!

En hruninu fylgdi líka andblær nýrra vona. Okkur tókst sem þjóð að standa saman þegar brimskaflarnir skullu á okkur. Við tókum sem verkalýðshreyfing höndum saman með stjórnvöldum og atvinnurekendum til þess að verja störf sem flestra, auka réttindi atvinnuleitenda, auka verulega framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða og tækifæri til menntunar, verja eftir föngum velferðarkerfið og tryggja verulegt fjármagn til þess að skapa hér aukin tækifæri til framkvæmda og atvinnusköpunar. Að kröfu verkalýðshreyfingarinnar var lögð sérstök áhersla á að verja kjör þeirra lægst launuðu í samfélaginu. Og það tókst.

Verkalýðshreyfingin gekk einhuga til þessa samstarfs, minnug þess að örlög okkar eru samofin örlögum þess samfélags sem við búum í. Ég er ekki í nokkrum vafa um að lykilsenda þess að félagsmenn okkar féllust á þessa leið var annars vegar sú að byrðum þessara erfiðu aðgerða var skipt réttlátlega, þar sem þeir efnameiri báru meiri byrðar og viðkvæmustu

þáttum velferðar- og menntakerfisins var hlíft; og hins vegar var lögð þung áhersla á að auka tekjur og atvinnu almennings með auknum fjárfestingum – að skapa félögum okkar tækifæri til að vinna sig út úr vandanum. Þótt fyrri ríkisstjórn hafi um margt hunsað þennan síðari þátt aðgerðanna er enginn vafi á því að þessar áherslur leiddu til þess að hér voru hjól atvinnulífsins tekin að snúast fyrr en hjá flestum öðrum vestrænum þjóðum sem illa fóru út úr efnahagskreppunni.

Í gegnum þetta allt stóð verkalýðshreyfingin við sinn hlut en því miður verður ekki það sama sagt um aðra aðila samstarfsins.

Í aðdraganda kjarasamninga í lok ársins 2013 vorum við ekki fullviss um það hvort ná mætti sátt um stöðugleika, minnkandi misrétti, réttlátari tekjuskiptingu, aukinn kaupmátt og endurreisn velferðarkerfisins.

Ný ríkisstjórn hafði þá með sínu fyrsta fjárlagafrumvarpi boðað ýmsar aðgerðir á sviði velferðar og skattamála sem ljóst var að engin sátt yrði um. Þrátt fyrir það vildum við freista þess að fara leið stöðugleika og samstarfs að norrænni fyrirmynd. Þannig brugðumst við við ákalli félagsmanna aðildarsamtaka okkar sem í ályktunum þinga og í viðhorfskönnunum lögðu mikla áherslu á stöðugleika.

Við verðum að vera mjög ákveðin í þeirri kröfu okkar á atvinnurekendur og stjórnvöld að til þess að hægt sé að ná samstöðu um efnahagslegan stöðugleika í þessu landi verður einnig að vera sátt um tekjuskiptinguna og hlutverk skattkerfisins í að jafna kjörin.

Það verður að vera sátt um velferðarkerfið, að allir geti treyst á að heilbrigðiskerfið sinni þörfum þeirra ef veikindi eða slys ber að höndum. Það þarf að vera sátt um afkomuöryggi við atvinnumissi eða alvarleg áföll, um menntun barna okkar og að næg tækifæri séu til endurmenntunar til að standast síbreytilegar kröfur atvinnulífsins.

Við verðum að geta treyst því að tekjur okkar og eignir verði ekki gerðar upptækar með gengisfellingu gjaldmiðilsins og að eigendur fyrirtækja hirði ekki afrakstur vinnu okkar með því að tæma fyrirtækin og skilji skelina eftir tóma. Við verðum að geta treyst því að svört atvinnustarfsemi og kennitölufلاك sé ekki liðið í okkar samfélagi.

Í aðdraganda samninganna settum við fram ýmsar kröfur og forsendur fyrir slíkri sátt, bæði gagnvart atvinnurekendum, félögum okkar í öðrum samtökum launafólks og síðast en ekki síst gagnvart stjórnvöldum.

En ágætu félagar.

Þeir samningar, sem tókust við þessar aðstæður í árslok 2013, voru ekki neinir óskasamningar. Með þeim gerðum við 12 mánaða vopnahlé í formi aðfarasamnings til að undirbúa þá samninga sem við vildum að næðust á árinu 2014, kjarasamninga sem tryggja áttu launafólki aukinn hlut af

þjóðarkökunni, aukinn kaupmátt, aukinn jöfnuð og sátt um velferðarkerfið – með öðrum orðum samninga og sátt um efnahagslegan stöðugleika og félagslega framför að norrænni fyrirmynd.

Í upphafi ársins 2014 greiddu síðan félagsmenn okkar atkvæði um samningana og stór hluti þeirra hafnaði þeim. Sú niðurstaða staðfesti að mikil tortryggni og efasemdir voru um leiðina, bæði gagnvart ríkisstjórninni og atvinnurekendum.

Í ljós hafði komið að samstarfsaðilar okkar voru ekki traustsins verðir. Blekið var vart þornað á samningnum eða atkvæðagreiðslum lokið þegar vanefndir ríkisstjórnarinnar hófust.

Þannið hækkaði ríkið gjald fyrir þjónustu sína á ýmsum sviðum á meðan átakið „Við hækkuðum ekki“, sem verkalýðshreyfingin átti frumkvæði að, hélt aftur af verðhækkunum hjá fjölmörgum fyrirtækjum og sveitarfélögum.

Þegar aðildarsamtök ASÍ og BSRB höfðu gengið til samninga á forsendum stöðugleika sneru ríkisvaldið og sveitarfélögin við blaðinu og sömdu um launahækkunir við aðra hópa sem voru langt umfram það sem almennt launafólk hafði fengið. Til varð ný launastefna fyrir háskólamenn og kennara sem að sjálfsögðu mótaði nýjan farveg fyrir þá samninga sem fylgdu í kjölfarið.

Það er alveg ljóst að aðildarsamtök ASÍ munu ekki una því að launafólki sé mismunað með þessum hætti. Það verður ekki þannig að almennt launafólk beri eitt ábyrgð á stöðugleika og lágri verðbólgu á meðan aðrir sækja sér aukinn kaupmátt umfram aðra með meiri launahækkunum.

Ljóst má vera að þær launahækkunir verða ekki fjármagnadar öðruvísi en með hærra verðlagi, hærri gjaldskrá, hærri sköttum eða minni velferðarþjónustu á næstu misserum. Og það er almennt launafólk sem ber skaðann.

Ekki bætti úr skák þegar í ljós kom að stjórnendur stærstu fyrirtækjanna í landinu höfðu skammtað sér umtalstalsvert meiri launahækkunir en þeir töldu forsvaranlegt að semja um við starfsmenn sína. Jafnframt linnir ekki fréttum af metafkomu fyrirtækja í flestum greinum og ótrúlegum arðgreiðslum til hluthafa margra fyrirtækja.

Þetta ástand gengur þvert gegn kröfu okkar um samfélag fyrir alla, samfélag þar sem allir deila byrðum, þar sem allir deila ábata og þar sem þeir lakast settu eru ætíð varðir.

Ágætu félagar.

Félagsmenn ASÍ vildu, að fenginni reynslu eftir þjóðarsáttina og að norrænni fyrirmynd, leggja grunn að nýrri sátt um nýjar leiðir, bætt lífskjör og

aukinn jöfnuð. En því miður vantar framtíðarsýn og vilja stjórnvalda og samstöðu aðila vinnumarkaðarins til þess að svo geti orðið.

Þrátt fyrir að okkur hafi tekist að kveða niður verðbólguna, a.m.k. tíma-bundið, þá bendir allt til þess að sú tilraun, sem gerð var með samningunum í desember 2013, hafi mistekist. Í stað þess að uppskera eins og sáð var til stöndum við frammi fyrir erfðum ákvörðunum og breyttri sanningsstöðu. Vaxandi misskipting og aðför að velferðarkerfinu hefur fært samskipti á vinnumarkaði aftur um nokkra áratugi, aftur til þess tíma þar sem djúpstæður úgreiningur var bæði um skiptingu kókunnar og um leiðir fram á við.

Við verðum jafnframt að gera okkur grein fyrir því að ef hvorki er í boði traust eða sátt um það samfélag, sem við viljum byggja upp, samfélag fyrir alla, byggt á jöfnuði og jöfnum tækifærum, þar sem kjarasamningar eru einn af hornsteinum, þá þarf annað og meira til en huggulega fundi með stjórnvöldum sem fram til þessa hafa lagt sig fram um að sniðganga kröfur verkalýðshreyfingarinnar og svíkja fyrirheit sín.

Það er alveg ljóst að það verður að leiðrétta kjör félagsmanna ASÍ til jafns við aðra. Það er krafa félaga okkar.

En það er einnig ljóst að það verður engin sátt um efnahagslegan stöðugleika ef hann á að byggja á vaxandi misskiptingu og fátækt og stöðugt veikari innviðum velferðarkerfisins.

Það verður engin sátt við verkalýðshreyfinguna þegar ráðist er að lífeyrisréttindum okkar, réttindum atvinnuleitenda eða skorið á tækifæri til endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.

Nú er einfaldlega komið nóg. Það er ljóst að ríkisstjórnin er fyrir ríka fólkið og verkalýðshreyfingin verður að beita afli sínu til að forða því að Ísland framtíðarinnar verði land misskiptingar og glataðra tækifæra, land þar sem fyrirtækjum og efnafólki er hyglað á kostnað alls almennings.

Það er ekki samfélag fyrir alla. Það er ekki velferðarsamfélag.

Skilaboð miðstjórnar ASÍ og aðildarfélaganna til ríkisstjórnarinnar vegna fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár hafa verið mjög skýr – það skapar engan viðræðugrundvöll.

Pau vinnubrögð, sem nú eru viðhöfð, ganga ekki. Við ætlum ekki að fara að semja aftur um hluti sem við erum löngu búin að semja um og skilaboð okkar eru einföld: Aðförinni að kjörunum, velferðarkerfinu og réttindum launafólks verður að linna ef einhver áhugi er á frekara samstarfi við verkalýðshreyfinguna.

Við mótmælum aukinni skattlagningu og álögum á matvæli og orku til almennings sem koma mun hart niður á launafólki og þeim sem lökust hafa kjörin.

Það er ekki nóg fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra að boða nýtt húsnæðiskerfi ef hvorki eru nægjanlegir fjármunir til að tryggja húsnæðisöruggi fyrir láglaunafólk né sanngjarnan húsnæðiskostnað fyrir almenning.

Það gengur ekki að stjórnvöld segist vilja veg menntunar sem mestan í okkar samfélagi – og þá sérstaklega verk- og starfsmenntunar – en skerði um leið möguleika fólks til að sækja sér slíka menntun.

Það dugar ekki stjórnvöldum að segjast auka velferð í orði þegar niðurskurðurinn og aukin kostnaðarþátttaka blasir við þeim sem nota þurfa heilbrigðis- og velferðarkerfið.

Á sama tíma er fyrirtækjum og auðmönnum færðir tugir milljarða árlega með lækkun á tekjuskatti, afnámi auðlegðarskattsins og lækkun á auðlindaskatti.

Stjórnvöld og atvinnurekendur verða að endurvinna traust launafólks og verkalýðshreyfingarinnar. Til þess þarf einlæga samræðu og efndir fyrri fyrirheita og til þess þarf sameiginlega framtíðarsýn um að samfélagið sé fyrir alla en ekki bara suma. Þannig – og einungis þannig – getur myndast grundvöllur fyrir samstillt átak stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að snúa við þeirri þróun sem við blasir.

Þess vegna er það svo mikilvægt - góðir félagar - að við skerpum áherslur okkar hér á þessu þingi. Þannig leggjum við grunninn að starfinu á næstu misserum.

Alþýðusambandið hefur alltaf verið tilbúið til þess að finna sanngjarnar og réttlátar lausnir og til þess að leiða erfið deilumál til lykta með kjarasamningum og sátt.

Það er okkar stefna að víðtækur félagslegur og efnahagslegur stöðugleiki sé besta og vísasta leiðin til þess að byggja upp lífskjör og jöfnuð hér á landi eins og best gerist – til þess að byggja upp samfélag fyrir alla.

En ágætu félagar. Það er ljóst að það hefur ekki tekist að mynda breiða samstöðu um þessa leið. Framganga stjórnvalda og sinnuleysi við að leggja slíkri leið nauðsynlegan grunn í formi réttlátrar tekjuskiptingar og eflingar velferðar- og menntakerfis og krafa atvinnurekenda um að rýra enn frekar hag launafólks með kröfu um gengisfellingu íslensku krónunnar segir okkur að þessir aðilar kjósa átök þegar friður er í boði.

Við slíkar aðstæður er mikilvægt að við mótum okkur skýra stefnu um hvernig við viljum bregðast við þegar enga sátt er að hafa. Eins og ég sagði áðan minna samskipti aðila um margt á þær aðstæður sem voru uppi áratuginn fyrir gerð þjóðarsáttarsamninganna. Það er langt síðan verkalýðshreyfingin hefur stadið frammi fyrir slíkum aðstæðum og það er afar mikilvægt að við ræðum það hér á þessu þingi hvernig við eigum að bregðast við og hvaða leiðsögn og hvatningu við beinum til aðildarsamtaka okkar.

Að lokum þetta ágætu félagar.

Aðstæður launafólks kalla á meiri samstöðu og nánara samráð milli aðildarsamtaka okkar um stefnu og leiðir en við höfum séð um áratuga skeið og ég ligg ekki á þeirri skoðun minni að gagnaðilar okkar, atvinnurekendur og ríkisstjórn, treysta því að samstaða okkar muni bresta og að okkur muni ekki takast að bregðast við þeirri flóknu stöðu sem við erum í.

Við þessar aðstæður er alveg ljóst að við sem verkalýðshreyfing og við sem félagsmenn hennar og talsmenn verðum að vera tilbúin til þess að standa vaktina saman því sundruð föllum við. Höfum það hugfast að í samstöðunni felst mesti styrkur verkalýðshreyfingarinnar. Það er þannig og einungis þannig sem við getum hrundið þeirri aðför sem nú er gerð að stöðu og réttindum félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

Hafi einhvern tímann verið þörf á samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar er það nú. – Ég segi 41. þing ASÍ sett og óska okkur öllum velfarnaðar í störfum.“

Signý Jóhannesdóttir bauð félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttur, velkomna til þingsins.

Ávarp félags- og húsnæðisráðherra

„Forseti ASÍ, ágætu ársfundarfulltrúar. Hartnær 100 ár eru liðin frá stofnun Alþýðusambands Íslands. Margvíslegar framfarir hafa átt sér stað frá þeim tíma sem hafa tryggt félagslegt öryggi okkar.

Eitt af þeim grundvallaratriðum, sem leitt hafa til þessara framfara og mótað okkar góða samfélag, er skipulag vinnu- markaðarins. Þar höfum við verið ásátt um að samtök atvinnurekenda og launafólks eigi að hafa gott svigrúm til að semja sín á milli um kaup og kjör á vinnu- markaði án afskipta stjórnvalda.

Mikil ábyrgð felst í ákvörðunum um kaup og kjör og kjarasamningar hafa mikla efnahagslega þýðingu fyrir afkomu heimilanna. Þessi skipan hefur reynst farsæl, bæði hér á landi og í nágrannaríkjum okkar.

Annað grundvallaratriði er þríhliða samstarf samtaka atvinnurekenda, samtaka launafólks og stjórnvalda um ýmis málefni, einkum þau er varða vinnu- markaðinn og félagsleg málefni. Við höfum öll hagsmuni af því að hægt sé að ná hagfelldri niðurstöðu fyrir allt samfélagið.



Þetta samstarf á að vera vettvangur skoðanaskipta þar sem aðilarnir hlusta hver á annan. Auðvitað eru menn ekki alltaf sammála um öll mál og þá ber að virða andstæð sjónarmið í þeirri viðleitni að ná sáttum á vinnumarkaðnum. Stundum tekst það, stundum þurfum við að sættast á málamiðlanir, stundum erum við ósammála um niðurstöðuna.

Það er ekki að ástæðulausu sem ég nefni þetta hér því framundan eru viðræður um kjarasamninga.

Með samstilltu átaki þeirra aðila, sem ég nefndi áðan, hefur tekist að auka kaupmátt og koma verðbólgu niður fyrir markmið Seðlabankans. Það er ekki síst að þakka samningum félagsmanna ykkar þar sem launahækkunum var stillt í hóf en sérstaklega gætt að þeim sem fá laun samkvæmt lægstu töxtum. Samningar á opinbera markaðnum voru breytilegri – en almennur samanburður er erfiður vegna víðtækra skipulagsbreytinga sem þar eru boðaðar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur spáð nærri þriggja prósentu hagvexti á Íslandi í ár og heldur meiri vexti árið 2015. Seðlabanki Íslands er jafnvel enn bjartsýnni.

Horfur í íslensku efnahagslífi eru góðar en forsenda þess er stöðugleiki og ábyrg stjórn efnahagsmála. Miklu skiptir sú ábyrgð sem aðilum vinnu-markaðarins er falin við gerð kjarasamninga, bæði á almennum vinnu-markaði og hjá hinu opinbera.

Þessi ábyrgð er ekki eingöngu bundin við kjarasamningsborðið heldur snertir alla þá sem koma að einstökum launaákvörðunum á vinnu-markaði.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar frá í sumar er því spáð að launavísitalan hækki um 5,2% árið 2014 umfram meðaltal ársins 2013 en það er launaskrið sem verður ekki skýrt með launahækkunum nýlegra kjarasamninga einum saman. Þessu megum við hvorki gleyma né þreytast á að minna á. Við viljum ekki fá aftur ójöfnuð árána fyrir hrún með ofurlaunum einstakra stétta.

Hér má geginn sofna á verðinum.

Ágætu ársfundargestir.

Það eru fleiri jákvæð teikn á lofti í íslensku efnahagslífi. Staðan á vinnu-markaði er góð og framtíðarhorfur bjartar. Atvinnuþátttaka eykst stöðugt en samkvæmt vinnu-markaðskönnun Hagstofunnar jókst fjöldi ársverka um 3,4% árið 2013 og er það mesta hlutfallslega styrking frá árinu 2007. Starfandi fólki hefur haldið áfram að fjölga á fyrri hluta þessa árs. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að draga muni enn frekar úr atvinnuleysi á þessu ári og að það verði 3,5% árið 2015.

Annað grundvallaratriði til að tryggja stöðugleika er ábyrg stjórnun

ríkisfjármála. Ég stóð því frammi fyrir erfiðri ákvörðun hér á sumardögum þegar ljóst var að þrátt fyrir góðar horfur í efnahagslífi þjóðarinnar þyrfti að skera niður í ríkisfjármálum. Þetta voru verulegar fjárhæðir sem sneru að málefnasviðum míns embættis og þá ber að hafa í huga að um 90% útgjaldanna felast í svokölluðum tilfærslum sem ætlaðar eru til framfærslu fólks.

Ég er sannfærð um að það hafi verið rétt ákvörðun að verja það framlag til almannatrygginga sem fór í að draga til baka skerðingarnar sem lífeyrisþegar sættu í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Atvinnuleysistryggingakerfið var varið fyrstu árin eftir hrun enda fækkaði þá störfum og atvinnuleysi jókst gríðarlega. Aðstæður nú eru gjörbreyttar og því ákvað ég að leggja til styttingu atvinnuleysisbótatímabilsins úr 36 mánuðum í 30 mánuði sem er nær því sem háttar annars staðar á Nordurlöndum. Ég ákvað á móti að verja fjármagni til virkra vinnumarkaðsaðgerða og þá einnig að auka það fé sem Vinnumálastofnun hefur til að sinna þeim sem ekki teljast lengur tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, hvort sem þeir óska eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eða ekki.

Það sem styður mig enn frekar í þessari ákvörðun er að sýfellt fækkar í hópi þeirra sem eru án atvinnu lengur en eitt ár. Um 75% þeirra sem skráðu sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun árið 2013 voru á skrá skemur en tólf mánuði.

Í september síðastliðnum mældist atvinnuleysi meðal kvenna á landinu öllu ívið meira en hjá körlum og fleiri konur voru í hópi langtímaatvinnulausra. Á þessu þarf að taka sérstaklega.

Margt í samfélaginu hefur ólík áhrif á kynin og því mikilvægt að hafa kynjagleraugin ætíð við höndina. Ég legg í mínu starfi mikla áherslu á jafnrétti kynjanna og finnst því einkar ánægjulegt hve mikið og gott samstarf er milli stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um jafnrétti. Vísa ég þá sérstaklega til aðgerðahóps um launajafnrétti kynja og samstarfs um gerð jafnlaunastaðals.

Hluti samvinnunnar felst í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals sem nú stendur yfir með þátttöku tuttugu og eins fyrirtækis og stofnana. Einnig stendur aðgerðahópurinn að rannsókn á stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við Háskóla Íslands. Markmiðið er að safna upplýsingum sem geta nýst til að draga úr kynbundnu náms- og starfsvali. Ég legg einnig áherslu á árangursríkar leiðir til að brjóta upp kynskiptingu starfa og tel átak í þeim efnum óhjákvæmilegt. Konur virðast frekar taka áskorunum um að sækja í hefðbundin karlastörf en verr gengur að fá karlana til að söðla um.

Rannsóknir á kynbundnum launamun eru mikilvægur liður í því að

útrýma honum og ég legg áherslu á að þær verði samræmdar svo sátt náist um mælingar og niðurstöður þeirra.

Ég vil minnst þess sérstaklega að nú eru 100 ár liðin frá stofnun Verkakvinnafélagsins Framsóknar, stofndagurinn var 25. október árið 1914. Meira en aldalöng barátta kynsystra minna hefur miklu skilað þótt ekki sé jafnréttið enn í höfn – en ég spyr mig hvernig þær hafi séð framtíðina fyrir sér þegar þær stofnuðu félagið á sínum tíma. Löngu síðar, árið 1975, ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að það ár skyldi vera ár kvenna. Íslenskar konur gerðu því máli skil, svo eftir var tekið um allan heim, með víðfrægum aðgerðum 24. október 1975, svokölluðu kvennafrí. Þessi dagur er stofndagur Sameinuðu þjóðanna – en er og verður atíð minnst hér á landi sem kvennafrídagsins og í hávegum hafður sem slíkur.

Ágætu ársfundargestir.

Gerð nýrrar vinnumarkaðsstefnu stendur nú yfir og jafnréttismálum verður haldið vel til haga í þeirri stefnumótun. Markmið slíkrar opinberrar stefnu er að studla að velferð fólks á vinnumarkaði og þá skiptir einnig máli að vel takist til við mótun nýrrar vinnuverndarstefnu sem er í bígerð. Meginmarkmið beggja stefna verður að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði ævina á enda.

Ég hef jafnframt í hyggju að skipa sérstaka nefnd um framtíðarskipan fæðingarorlofs með fulltrúum atvinnulífsins, ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fæðingarorlof á Íslandi er styttra en annars staðar á Norðurlöndum og jafnframt er hér lengsta bilið sem foreldrar þurfa að brúa frá þeim tíma sem fæðingarorlofi lýkur þar til leikskólaganga hefst. Forsenda breytinga er hins vegar að sem mest sátt og samstaða sé um leiðir til að ná sem best markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og auðvelda jafnframt barnafólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Innleiðing starfsgetumats er liður í endurskoðun almannatryggingakerfisins þar sem horft er til starfsgetu fólks frekar en vangetu. Í samvinnu þurfum við að meta hvernig við viljum breyta kerfinu heildstætt til að ná settum markmiðum. Við erum öll sammála um mikilvægi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar þótt ég hafi ekki farið dult með þá skoðun að núverandi kerfi sé of kostnaðarsamt og þá einkum í samanburði við aðra þjónustu sem ríkinu er ætlað að veita.

Árangur atvinnutengdrar starfsendurhæfingar er mikið til umræðu en spyrja má hver sé hinn raunverulegi árangur til framtíðar ef engin störf eru í boði fyrir fólk með skerta starfsgetu. Er atvinnulífið reidubúið að axla þá samfélagslegu ábyrgð sem felst í því að ráða til starfa fólk með skerta starfs-

getu? Svörin hafa verið á þá leið að nóg sé af hlutastörfum. Talsmenn öryrkja segja þá hins vegar mæta hindrunum á almennum vinnumarkaði þannig að þeir fái einfaldlega ekki störf. Þetta er afleitt og ég bendi á niðurstöður samráðsvettvangs um aukna hagsæld þar sem fram kemur að meirihluti öryrkja hefur bæði starfsgetu og starfsvilja en lítill hluti þeirra finnur sér starf.

Ágætu ársfundargestir.

Eitt af því sem ég hef látið mig varða eru húsnæðismál landsmanna, ekki hvað síst uppbygging á leigumarkaði. Í nýrri könnun varasjóðs húsnæðismála kemur fram að enn fjölgar sveitarfélögum sem telja skort á leiguhúsnæði hjá sér. Sama niðurstaða fékkst í könnun verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála. Aðeins eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu telur jafnvægi vera í framboði á leiguhúsnæði en það er Gardabær. Á sama tíma fjölgar fólki stöðugt á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Samkvæmt könnun, sem ég stóð fyrir í sumar hjá sjö stærstu sveitarfélögum, eru um 1.800 manns á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og þorri þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

Stuttu eftir að ég tók við starfi sem félags- og húsnæðismálaráðherra skrifaði ég grein þar sem ég minnti á samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins, ríkis og borgar frá 1965 um stóratök í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, svokallað júlísamkomulag. Benti ég á að í aðdraganda erfiðra kjarasamninga gætu samningar af þessum toga reynst skynsamlegir.

Því ætti það ekki að koma neinum hér á óvart þegar ég segi að mér finnst vel koma til greina að þið sem hér sitjið væru þeir aðilar sem gætu stofnað og rekið leigufélög án gróðasjónarmiða fyrir félagsmenn ykkar. Þið hafið reynsluna, þið hafið árum saman rekið leigufélög í gegnum orlofs-sjóðina ykkar og þekkið hvernig á að standa að þessu.

Ég bið ykkur hér með, beint og án milliliða, að ígrunda þessi mál vel, ekki síst félögin hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er hvað mest.

Ég minni einnig á að í allnokkrum kjarasamningum er fengin reynsla af samkomulagi ykkar við atvinnurekendur um framlög í fræðslusjóði, orlofs sjóði og sjúkrasjóði og síðast árið 2011 náðist samkomulag við atvinnurekendur um að þeir greiddu rúman milljarð króna í starfsendurhæfingarsjóði á ári.

Því spyr ég: Hvers vegna ekki að semja um sérstakt framlag í húsnæðissjóði á vegum verkalyðsfélaganna til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir félagsmenn?

Í tillögum verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála eru gerðar ýmsar tillögur til að liðka fyrir starfsemi húsnæðisfélaga sem byggja eða kaupa íbúdir til útleigu án hagnaðarsjónarmiða, til að lækka kostnað

og auka hagkvæmni. Meðal annars er lagt til að vaxtaniðurgreiðslum lána verði breytt í stofnstyrki auk skattaávilnana til félaganna. Unnið er að fjór-um frumvörpum í ráðuneytinu í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála sem verða lögð fram á þessu þingi sem ættu öll að geta stutt við þessar hugmyndir um nýtt júlísamkomulag.

Ég vil líka minna á það hér að lífeyrissjóðir veita lán til húsnæðiskaupa og í stjórnnum þeirra sitja fulltrúar launafólks og atvinnurekenda. Þar ætti að vera lag fyrir ykkur til þess að hafa áhrif á vaxtakjörin í þágu launafólks.

Ágætu ársfundargestir.

Ég hef tæpt hér á nokkrum atriðum sem eru mér hugleikin. Þar hef ég lagt áherslu á samvinnu samtaka atvinnurekenda, launafólks og stjórnvalda sem og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga. Einnig hef ég gert grein fyrir þeirri leið sem ég taldi skásta af mörgum slæmum sem stóðu mér til boða í ríkisfjármálum þrátt fyrir þær góðu horfur sem eru fram undan í efnahagslífi þjóðarinnar sem og atvinnulífi.

Ég vona að þið eigið framundan góðan ársfund. Það er ánægjuefni að sjá hvað jafnréttismálum eru gerð góð skil í dagskrá fundarins. Ég vonast einnig til að þið sjáið ástæðu til að fjalla um hvernig þið getið komið betur að húsnæðismálum félagsmanna ykkar í anda gamalla gilda verkalýðshreyfingarinnar.

Þegar við horfum til framtíðar verðum við jafnframt að líta reglulega um öxl til að nýta okkur fyrri reynslu og læra af fortíðinni. Það reynir ekki síst á okkur núna að finna árangursríkar leiðir til að viðhalda stöðugleikanum í samfélaginu og standa vörð um þau gildi sem við viljum að einkenni samfélag okkar. Við viljum tryggja að allir fái notið sín til fulls en styðja jafnframt við þá sem minna mega sín. Við berum öll samfélagslega ábyrgð sem okkur er skylt að axla til að byggja hér upp framtíðarsamfélag sem einkennist af lýðræði, samvinnu og réttlæti.

Þakka ykkur fyrir.“

Signý Jóhannesdóttir þakkaði ráðherra fyrir ræðuna, því næst bauð hún formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitni nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 22.–24. október

2014: Guðmund Þ Jónsson frá Eflingu, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur frá VR og Björn Ágúst Sigurjónsson frá RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar mánudaginn 17. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 30. greinar laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum, sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna, einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 50 aðildarfélög og 6 deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

Þann 17. október höfðu 49 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 292 fulltrúa á ársfundinn. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, rætt eftir aðildarfélögum eða landsamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Þá liggur einnig frammi listi yfir þær breytingar, sem gerðar hafa verið frá upphaflegum kjörbréfum, þar sem varamenn hafa komið inn í stað aðalmanna.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 17. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Gerð verður grein fyrir breytingu á kjörbréfum, sem komið hafa fram, við upphaf fundar á föstudag.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Signý Jóhannesdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna þingsins

Signý Jóhannesdóttir bar fram tillögu um Ásgerði Pálsdóttur, stéttarfélaginu Samstöðu, sem þingforseta og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ásgerður Pálsdóttir tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Svanborgu Hilmarsdóttur, RSÍ, og Ástu Rut Jónasóttur, VR, sem varaþingforseta þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar fram tillögu um Halldóru S. Sveinsdóttur frá Báranni stéttarfélagi og Vilhjálmi Gunnarsson frá FIT sem skrifara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti gerði grein fyrir framlögðum þinggögnum og vinnufyrirkomulagi þingsins; einnig sagði hún frá því að ASÍ-þingið væri á „Twitter“ og hvatti þingfulltrúa að nýta sér það til að segja skoðun sína og setja inn myndir af þingstörfum.

Framsögur gesta

Jon Erik Dølvik, doktor í félagsfræði og sérfræðingur hjá FAFO, flutti erindi sem bar yfirskriftina „*The Foundations of the Nordic Models: Withering or renewal*“, á íslensku: „*Undirstöður norrænu módelanna: Vísun eda endurnýjun*“. Erindið var flutt á ensku en túlkun var í boði fyrir þingfulltrúa.

Í upphafi gerði Jon Erik grein fyrir því verklagi sem unnið væri eftir við gerð skýrslu um hið norræna módel sem kynnt yrði 14. nóvember 2014. Margt einkenndi hið norræna módel þrátt fyrir að öll norrænu ríkin væru vissulega jafnframt ólík. Það sem þau ættu sameiginlegt væri t.d. gott leikskólakerfi, víðtækt gildi kjarasamninga og skipulagður vinnumarkaður. Jafnframt fælist í þessu að skattar væru frekar háir og að verkalýðshreyfingin væri öflug.

Þessu öllu væri best lýst með svokölluðu þríhyrningskerfi eða þriggja stöða kerfi þar sem stöðirnar eru: 1) skipulagður vinnumarkaður með virkum vinnumarkaðsaðgerðum með áherslu á félagslegt réttlæti; 2) markviss atvinnu- og útflutningsstefna; 3) kjarasamningar sem ákveði kjör í landinu. Hin norrænu samfélög einkenndust af trausti á milli aðila til að halda jafnvægi á milli stöðanna þriggja. Annað áberandi einkenni væri mikil atvinnuþátttaka sem skýrði sig fyrst og fremst með fjölda kvenna á vinnumarkaði annars vegar og þeirri staðreynd að fólk vinnur almennt lengi eftir aldri hins vegar.

Lýsti hann hvernig framangreint módel hafi virkað þegar löndin gengu í gegnum efnahagsþrengingar 10. áratugarins þar sem löndin hafi fetað milli-veginn á milli markaðsleiða og félagslegra aðgerða til að vinna sig út úr ástandinu.

Þegar kom að framtíðaráskorunum norræna módelins þá væru þær all-nokkrar en þó síður en svo óyfirtíganlegar sé vilji og samstaða til staðar við að leysa málin. Jon Erik kvaðst telja að uppgangur stjórnámálaflokka, sem

byggja málflutning sinn á popúlisma og íhaldssemi, væri ákveðin viðvörðun. Nefndi hann í því sambandi þá staðreynd að popúlískur flokkur hafi komist í ríkisstjórn í Noregi og eins úrslit sænsku þingkosninganna þar sem Svíþjóðar-demókratar hafi fengið góða kosningu.

Hann tiltók jafnframt sérstaklega ákveðna þætti sem gætu verið til staðar í norræna módelinu árið 2030 sem skýrslan fjallar um. Nefndi hann t.d. að þátttaka í stéttarfélagum sé að minnka og sem dæmi nefndi hann að slík þátttaka í Svíþjóð hafi dregist saman um 15% á síðustu 15 árum og að flóttinn sé aðallega hjá ungu fólki. Þetta gæti leitt af sér einhvers konar aldursþröskuld þar sem áherslur félaganna gætu breyst í það að sterku og ráðandi hóparnir í þeim færu að verja sig gegn félagslegum undirboðum veikari hópanna. Sagði hann að jafnframt þyrfti að horfast í augu við það að aldursamsetning muni breytast í samfélagunum á komandi árum og því muni vinnuafli hlutfallslega minnka. Því væri ákveðin áskorun að tryggja sem mesta virkni á vinnumarkaði hjá þeim sem hafa starfsorku svo að samfélagið geti séð fyrir öllum. Það sem bjargað hafi þessu hingað til sé í raun mikil atvinnuþátttaka innflytjenda, í raun talsvert meiri þátttaka en er hjá ungu fólki almennt.

Tiltók hann að hagtölur bentu til þess að ójafnræði í öllum löndunum væri að aukast og að Ísland toppaði þann lista enn sem komið er. Ísland státi þó af lögum (starfskjaralögum nr. 55/1980) sem kveði á um það að kjarasamningar marki lágmarkskjör starfsgreina í landinu. Slíkt sé ekki fyrir að finna í Danmörku og Svíþjóð sem geri stöðuna þar snúnari að mörgu leyti.

Endaði Jan Erik á því að þrátt fyrir allt framangreint mætti heldur ekki gleyma því að Norðurlöndin væru í raun enn þá mjög sterk og að flestu leyti framúrskarandi í heiminum þegar kemur að almennum lífsgæðum en það væri verkefni allra, og ekki síst verkalýðshreyfingarinnar, að sjá til þess að svo yrði áfram.

Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ og fyrrverandi ríkissáttasemjari, flutti erindi sem bar yfirskriftina „*Verjum jöfnuð og velferð*“.

Ásmundur hóf erindi sitt á því að vitna í Christine Lagarde, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS, sem nýlega hefur vakið athygli á því að 85 auðugustu einstaklingar heims ráði yfir jafn miklum auði og fátækari helmingur jarðarbúa – 3.500.000.000 manns. Þetta sé dæmi um ójöfnuðinn í heiminum sem hamli verulega hagvexti og sé því ekki aðeins siðferðilegt heldur einnig hagfræðilegt vandamál. Þetta viðhorf marki ákveðna áherslubreytingu þar sem AGS horfist nú í augu við það að til þess að markaðskerfið skili sínu þarf hið opinbera að styrkja stoðir velferðarkerfisins.

Framangreind afstaða AGS til ójafnaðar endurspeglis nú jafnframt hjá OECD sem hafi líkt og AGS endurskoðað stefnu sína með tilliti til aukins

ójafnaðar í heiminum. Taldi Ásmundur þetta áhugavert í ljósi þess að bæði nefnd Lagarde og Angel Gurría eru síður en svo kommúnistar. Þvert á móti eigi þau bæði sögu sem hægrisinnaðir stjórnámálamenn í sínum ríkjum. Viðhorfið sé að fara í þá átt að baráttuna gegn ójöfnuði verði að nálgast á svipaðan hátt og baráttuna gegn mengun og umhverfisspjöllum þar sem ávinningur eins dragi í raun alltaf úr lífsgæðum annars.

Hann varpaði því næst upp skýringarmynd sem sýnir að ójöfnuður á Íslandi er lítill í alþjóðlegu samhengi og jafnframt að ójöfnuður hafi í raun minnkað frá 2010. Þetta skýri sig m.a. með því að söluhagnaður á hlutabréfum hafi minnkað mjög mikið frá því fyrir hrun enda hafi menn þá skipst á sístækkandi sápukúlum sem að endingu sprungu. Hann sýnir fleiri myndir, m.a. mynd sem skýri hvernig laun hafi þróast í nútímahagsögum. Kaupmáttur hafi jafnt og þétt aukist frá 1973 til 2007 en hafi svo hríðfallið frá 2007 til 2010 en sé svo aftur að vaxa. Kaupmáttur fyrir 2013 sé svipaður og 2001–2002 og í raun sé verið að nálgast 2007 óðfluga. Í alþjóðlegum samanburði líti þetta ágætlega út en árið 2010 hafi Ísland verið 12% undir meðaltali ESB en með vaxandi kaupmætti sé niðurstaðan nú að stefna í að vera ásættanlegri.

Því næst varpaði Ásmundur upp mynd sem hann taldi sjálfur afar áhuga-verða. Myndin sýni þróun tekjusatsetningar í samfélögum. Í Bandaríkjunum hafi t.d. tekjuhæsta 1% fengið nær allan vöxt sem hefur orðið til í landinu frá 1976. Til samanburðar hafi hins vegar Danir og Frakkar náð að halda dreifingu vaxtarins nokkuð vel. Tölurnar sýni jafnframt að á Íslandi hafi tekjuhærri hóparnir fengið hlutfallslega meira en aðrir hópar af vexti undanfarinna áratuga.

Ásmundur ítrekaði að það væri ekki hægt að finna samhengi á milli ójafnaðar og hagvaxtar, OECD hafi reynt það en það hafi ekki tekist. Að sama skapi nefndi hann að ekki sé samhengi á milli jaðarskatta og hagvaxtar, einstaklingar hlaupi ekkert hraðar þó að lægri skattur sé greiddur. Í þessu samhengi nefndi Ásmundur þróun kaupmáttar í Bandaríkjunum en þar hafi verið sýnt fram á að venjulegur fullvinnandi karlmaður í millistétt þar í landi hafi í raun náð hæstu tekjum árið 1973, flestir í launalægri 50% hafi lækkað síðan þá. Hann endar svo á því að reifa helstu ályktanir, sem draga megi af rannsóknum helstu alþjóðastofnana um ójöfnuð, sem eru: jöfnuður skilar betra samfélagi; jöfnuður hamlar ekki hagvexti; tilfærsla til tekjujafnaðar hamlar ekki hagvexti; lækkan jaðarskatta leiðir til hækkanar hæstu launa og ofurlauna en ekki til aukins hagvaxtar; þrisvar sinnum meiri líkur eru á því að einstaklingur, sem fæðist í Bandaríkjunum, staðni þar í sama tekjuhópi en í Danmörku – vænlegra sé því að flytjast til Danmerkur en Bandaríkjanna til að upplifa „ameríska drauminn“.

Nína Helgadóttir, mannfræðingur og verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslandi, flutti erindi sem bar yfirskriftina „*Hvar þrengir að?*“

Nína gerði grein fyrir skýrslu sem Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ) lét gera á vormisseri 2014 en meginmarkmiðið var að kanna hvaða hópar á Íslandi standa höllustum fæti. Í upphafi sagði hún frá hlutverki og stefnu RKÍ sem er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu veraldar og hefur þá meginstefnu að bæta stöðu þeirra sem höllustum fæti standa í samfélaginu. Fram kom að þetta er í fimmta sinn sem RKÍ gerir könnun af þessu tagi, hinar fyrri voru gerðar 1994, 2000, 2006 og 2010. Könnunin byggir á spurningum til sérfræðinga í velferðarkerfinu, skoðun skriflegra gagna og upplýsinga og niðurstöðum skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun HÍ gerði sérstaklega vegna þessa verkefnis. Nína fór yfir helstu niðurstöður sem voru þær að svörun úr spurningavagni Félagsvísindastofnunar benda til að almenningur telji að *öryrkjar, einstæðir/forræðislausir foreldrar og aldraðir* standi verst fjárhagslega. Það er greinilegur munur hvað þetta varðar frá könnuninni 2010 þar sem mun fleiri telja nú að öryrkjar standi illa og áhyggjur af atvinnulausum eru mun minni nú en þá. Aftur á móti mælast áhyggjur almennings af þeim sem eru félagslega illa staddir hinir sömu nú og í síðustu könnun. Samhljómur er á milli sérfræðingahópsins og úrtaks Félagsvísindastofnunar varðandi það að *öryrkjar, einstæðir foreldrar, lífeyrislitil eftirlaunaþegar og langtímaatvinnulausir* hafi það bágast. Jafnframt var hvarvetna að finna vaxandi áhyggjur af ungu fólki, einkum ungum körlum sem ekki finna sér hlutskipti í tilverunni og leita í auknum mæli eftir framfærslu sveitarfélaganna. Sérfræðingarnir voru á sama máli og spurningavagninn: hvorir tveggja telja augljóst að á Íslandi sé fátækt vaxandi vandamál, sem og aukin stéttaskipting.

Ein af þeim spurningum, sem spurt var um, var: „*Hvaða hópar í samfélaginu sæta helst fordómum að þínu mati?*“. Mat svarenda við þeirri spurningu er verulegt áhyggjuefni, sagði Nína. Í ljós kom að 44% svarenda telja að fólk af erlendum uppruna sæti helst fordómum og má lesa það sama út úr svörunum og samtölum við sérfræðingana. Jafnvel var bent á að innflytjendur frá löndum utan „hvíta heimsins“ eigi sérstaklega undir högg að sækja. Jafnframt lýstu margir svarendur miklum áhyggjum af stöðu innflytjendabarna sem m.a. sé oft „þröngvað“ til að velja á milli eigin menningar og íslenskra vina.

Könnunin bendir til að verulegur hópur fólks í samfélaginu standi bæði félagslega og fjárhagslega verr en réttlætlanlegt er. Hóparnir eru eftirfarandi: innflytjendur, börn innflytjenda og börn í erfiðum aðstæðum, einstæðir, ómenntaðir, tekjulágir foreldrar, langtímaatvinnulausir, ungir ómenntaðir, óvirkir karlar, öryrkjar og aldraðir í fjárhagsvanda.

Nína sagði að sérfræðingarnir bentu á að mikilvægt væri að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem hafa hrakist út í horn í íslenska velferðarsamfélaginu og auka þyrfti stuðning til þeirra. Einnig hafa þeir vaxandi áhyggjur af minni samheldni og dvinandi umburðarlyndi gagnvart náunganum. Á

velmektararúm í upphafi aldarinnar hafi hópur erlends vinnuafls komið til landsins en eftir hrunið þá finnur sá hópur fyrir minna umburðarlyndi, jafnvel er þeim sagt að þeir ættu að fara aftur til síns heimalands. Margir hverjir hafa stofnað fjölskyldu hér á landi, jafnvel fjárfest í húsnæði sem þeir hafa ekki getað selt, þannig að ástæður þess hvers vegna fólk hefur fest rætur hér á landi eru margar. Sérfræðingarnir telja að skortur sé á samhæfingu og heildstæðri stefnu í félagsþjónustunni.

Í skýrslunni er fjallað um hvaða hópar eiga á hættu að verða bágstaddir í framtíðinni og þar eru börnin efst á blaði; börn sem alast upp við fátæk og geðraskanir foreldra, af heimilum þar sem er áfengisneysla og/eða önnur fíkniefnaneysla; tilfinningalega vanrækt börn og börn fólks á opinberri framfærslu; innflytjendur sem ekki læra tungumálið og þeirra börn; ungir atvinnuleitendur og ekki síst ungir karlar sem flosna upp úr skóla og/eða vinnu.

Nína fór yfir þær birtingarmyndir fátæktar sem fram komu í skýrslunni. Þær birtast í miklu úrræðaleyzi og einangrun og í því að fólk á ekki fyrir mat út mánuðinn. Fólk frestar að leita sér lækninga en veikindi fylgja oft fátækt. Andleg fátækt er vandamál, fólk getur ekkert leyft sér eða börnum sínum, foreldrar kunna oft ekki að veita börnum sínum stuðning, þ.e. félagslegan eða andlegan stuðning. Stéttaskipting og ójöfnuður leiðir af sér heilsufarsvanda og félagslega útskúfun. Fleiri þurfa á langvarandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda og stöðugt fleiri hafa þurft að sækja aðstoð til eigin fjölskyldna og hjálpar samtaka. Ójöfnuður er heilsufarslegt og félagslegt viðfangsefni.

Í lokin fjallaði Nína um þann hluta skýrslunnar þar sem áhersla var á fordóma. Fólk af erlendum uppruna á Íslandi telur um 30 þúsund og mikill meirihluti þeirra upplifir reglulega fordóma og mismunun. Tungumálið er lykill að samfélaginu en móðurmálskennsla fyrir innflytjendur er ekki enn lögbundin og nánast óþekkt í íslensku skólakerfi. Hælisleitendur hér á landi eru í lagalegu og tilfinningalegu tómarúmi í mjög langan tíma sem er annar sérhópur. Því miður er stefna um móttöku innflytjenda ekki til í mjög mörgum sveitarfélögum, sagði hún.

Nína sagði frá því að „InterCultural Iceland“ hafi gert rannsókn árið 2012 á duldum fordómum hér á landi og lagði spurningar fyrir hóp fólks af erlendum uppruna og áttu þeir að svara hvort þeir höfðu upplifað einhverja birtingarmynd dulinna fordóma á ákveðnu tveggja vikna tímabili. Svörunin var sláandi. Alls 93% svarenda sögðust hafa upplifað fordóma einu sinni eða oftar á tímabilinu á meðan 30% Íslendinga sögðust hafa upplifað dulda fordóma. Í ljós kom að upplifunin átti sér stað í 60% tilfella á vinnustöðum og mikil vanlíðan fylgdi þessum hversdagsfordómum. Einnig fjallaði Nína um stöðu ungra kalla, því samkvæmt tölum frá Hafnarfjarðarbæ – sem hún fékk aðgang að – kemur í ljós að gífurleg fjölgun er á milli ára frá árinu 2007 í þeim

hópi ungra karla sem eru ekki lengur á atvinnuleysisgreiðslum heldur komnir á framfærslu sveitarfélagsins. Telur hún að virkilega sé þörf á úrræðum fyrir þennan hóp.

Að lokum sagði Nína að RKÍ væri að vinna úr niðurstöðum skýrslunnar með sínum sérfræðingum. Lögð verði sérstök áhersla á öryrkja, aldraða, einstæða foreldra sem eru á lægstu bótum/launum og á ungt atvinnulaust og aðgerðalítið fólk á bótum. Einnig verður horft á börnin, þau sem búa við erfiðar aðstæður og ekki síst skoðað hvað hægt er að gera varðandi fordóma í garð innflytjenda og annarra. Hún sagði að RKÍ vonaðist eftir góðu samstarfi við þá aðila sem málið varðar því samvinna væri mikilvæg.

Örfyrirlestrar – kynning

Pingforseti gerði grein fyrir örfyrirlestrum í hádeginu miðvikudaginn 22. og fimmtudaginn 23. október.

Á miðvikudeginum var kynning hjá ASÍ-UNG þar sem fjallað var um vinnumarkaðsfræðslu fyrir ungt fólk. Linda Rós Reynisdóttir, varaformaður ASÍ-UNG, og Friðrik Guðni Óskarsson stjórnarmaður sáu um þá kynningu. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, gerði grein fyrir könnun um stöðu framhaldsfræðslunnar og framtíðarsýn. Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði VR, sagði frá Skóla lífsins.

Á fimmtudeginum gerði Jóhanna Rósa Arnardóttir félagsfræðingur grein fyrir rannsókn sinni um leið ungmenna frá skóla til vinnu. Formaður umhverfisnefndar ASÍ, Heimir Janusarson, og starfsmaður nefndarinnar, Maríanna Traustadóttir, sögðu frá umhverfisstefnu ASÍ.

Pingforseti minnti þingfulltrúa á að skrá sig á kvöldskemmtunina á Grand hóteli.

Klukkan 12:30 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:30 var þingi fram haldið.

Lagabreytingar /1. umræða

Signý Jóhannesdóttir, formaður skipulags- og starfsháttanefndar, hafði framsögu um frumvarp miðstjórnar til breytinga á lögum ASÍ. Signý gerði fyrst í stuttu máli grein fyrir aðdragandanum að frumvarpinu og helstu breytingum sem í því fælust. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um fjölgun varaforseta ASÍ. Í öðru lagi væri gerð tillaga um fjölgun varamanna í miðstjórn úr ellefu í fimmtán. Í þriðja lagi væri lögð til breyting á útreikningi atkvæðisréttar á formannafundum. Í fjórða lagi væri lögð til breyting á 4. mgr. 47. gr. laganna sem fæli það í sér að skylda væri að fara eftir reglugerð miðstjórnar um ársreikninga í stað þess að hliðsjón væri höfð af henni. Í tengslum við þessa lagabreytingu var jafnframt kynnt bráðabirgðaákvæði sem fæli það í sér að fyrst á formanna-

fundi 2015 yrði ný reglugerð miðstjórnar um ársreikninga kynnt og þá yrði aðildarfélögum veittur tveggja mánaða frestur til að koma athugasemdum á framfæri áður en reglugerðin yrði endanlega afgreidd af miðstjórn. Í fimmta og síðasta lagi kynnti Signý tillögu, sem fælist í frumvarpinu, þess efnis að nýr málsliður bætist við a-lið 4. mgr. 49. gr. sem fæli það í sér að slysdagpeninga skyldi ekki greiða vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.

Pingforseti gaf orðið laus.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, gerði athugasemd við orðalag frumvarps miðstjórnar, er varðar breytingu á 4. mgr. 49. gr., og lagði til að hún yrði orðuð með eftirfarandi hætti: „Samkvæmt grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa.“

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur, óskaði eftir upplýsingum um hvort fjölgun varaforseta myndi ekki fela í sér kostnaðaraukningu í formi aukins launakostnaðar. Hörður kvaðst jafnframt telja að mikilvægt væri að við val á varaforsetum yrði gætt breiðrar samstöðu, þ.e. varðandi kyn og staðsetningu á landinu.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, vildi vekja þingið til umhugsunar, í tengslum við breytingartillöguna á 4. mgr. 49. gr., að lágmarksreglan um greiðslu til sjúkrasjóðs í sex mánuði væri til vansa fyrir starfsfólk sem starfaði í skemmri tíma. Vissulega hefðu félögin heimild til að gera betur við sína félagsmenn en kvaðst vera á þeirri skoðun að lágmarksreglan, eins og hún sé nú, væri ekki til að bæta jöfnuð í samfélaginu þar sem verið væri að útiloka ákveðinn hóp af fólki.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, lýsti því yfir að hann væri ánægður með breytingartillögunar. Áður fyrr hafi verið tveir varaforsetar og það hafi gefist vel að hans mati. Hann kvaðst ekki hafa áhyggjur af því að eingöngu mundu veljast fulltrúar af höfuðborgarsvæðinu í embættin. Kvaðst hann telja að breytingin mundi gera það að verkum að valdið verði dreifðara sem myndi jafnframt breyta ásýnd ASÍ. Að endingu skoraði Guðbrandur á þingheim að styðja tillögunar.

Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, kvaðst fagna tillögunum þar sem þær fælu í sér framfararskref fyrir ASÍ. Rakti hann tildrög og örlög tillagna á fyrri þingum um fjölgun varaforseta og að ástæða þess að þær hafi ekki náð fram að ganga væri sú að þær hafi verið samhangandi við aðrar og meiri breytingar á miðstjórn sem ekki hafi verið stuðningur við. Kolbeinn kvaðst telja að ekki veitti að breiðri forystu og sterkum leiðtogum í komandi verkefnum og því stýddi hann tillöguna um fjölgun varaforseta.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, lýsti því yfir að hann stýddi breytingartillögunar. Nauðsynlegt væri að breikka ásýnd forystunnar og að

það myndi styrkja hana. Hann varaði við því að blanda inn í umræðuna um lagabreytingar því að gæta þyrfti að hlut landsbyggðarinnar. Nú væri verið að ræða lagabreytinguna sem slíka og heppilegast væri að einskorða umræðuna við þá afgreiðslu áður en menn veltu fyrir sér hvaða einstaklinga ætti að velja í embættin. Að endingu kvaðst Björn fagna breytingartillögum um að það yrði gert að skyldu að fara eftir reglugerð miðstjórnar um ársreikninga.

Signý Jóhannesdóttir, Stétt-Vest, brást stuttlega við þeim athugasemdum sem fram hefðu komið sem voru ekki efnislegar, frekar athugasemdir við orðalag. Rakti hún jafnframt í framhaldi af ræðu Kolbeins með nákvæmari hætti hvenær og hvernig mál hefðu þróast þegar síðast átti að fjölga varaforsetum.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, kvaðst vera á þeirri skoðun að það fæli ekki í sér lausn á ímyndarvanda verkalýðshreyfingarinnar að fjölga varaforsetum ASÍ. Vandamálið væri djúpstæðara og það væru röng skilaboð út í samfélagið að halda að þessi breyting myndi bæta ímyndina sem einhverju næmi.

Þingforseti vísaði tillögum og ábendingum, sem fram komu í umræðum, til laganeftar.

Þingforseti óskaði eftir að starfsmenn dreifðu upplýsingum um skiptingu í nefndir á meðal þingfulltrúa og ítrekaði að nauðsynlegt væri að staðfesta þátttöku í kvöldskemmtun.

Velferð

– sköpum grundvöll fyrir jöfn tækifæri /1. umræða

Sigurros Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar, gerði grein fyrir viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um velferðarmál þar sem áhersla er á samfélag fyrir alla. Hún fjallaði um að mikilvægt væri að skapa grundvöll fyrir jöfn tækifæri og nauðsyn þess að styrkja og efla velferðakerfið. Hún fjallaði um áskoranir í heilbrigðismálum og lýsti yfir áhyggjum af því að kostnaðarhlutdeild heimila í heilbrigðisþjónustu hafi nær tvöfaldast á síðustu þrjátíu árum og að vaxandi kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hindri aðgengi ákveðinna hópa og valdi aukinni misskiptingu. Sigurros lagði áherslu á jöfn tækifæri allra til menntunar. Einnig fjallaði hún um áskoranir í húsnæðismálum og nauðsyn þess að kom á húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum. Að lokum fjallaði hún um fjárhagslegt öryggi og vanda þeirra sem búa varanlega eða um lengri tíma við mjög lágur tekjur enda ráðist afkoma, félagsleg staða, heilbrigði og lífsgæði okkar annars vegar af þeim tekjum, sem við höfum, og hins vegar af þeirri umgjörð sem samfélagið skapar.

Kaup og kjör

– sköpum verðmæti til að ná fram jöfnuði /1. umræða

Sigurður Bessason, formaður efnahags- og skattanefndar, gerði grein fyrir

viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um kaup og kjör. Hann sagði komandi vetur verða erfiðan því gerð kjarasamninga væri flókið verk og enn þá væru helstu línur ekki ákvarðaðar; sagði þó að vafalaust skýrðust línur á þinginu um samstarf á milli landssambanda og félaga í komandi kjarasamningsviðræðum og að það yrði ekki fyrr en um áramót sem línur skýrðust varðandi kaupkröfur. Sigurður sagði að við byggjum við veikan og óstöðugan gjaldmiðil og þráláta verðbólgu sem væri mun meiri en hjá nágrannalöndum okkar. Gjald-eyrishöftin takmarki aðgengi erlendra fjárfesta hér á landi og gjaldeyrishöftin takmarki einnig getu lífeyrissjóðanna til að fjárfesta erlendis. Kynbundinn launamunur hér á landi væri ósættanlegur, sagði hann, og að okkur hefði ekki tekist að halda í við uppbyggingu kaupmáttar líkt og frændur okkar á Norðurlöndum.

Sigurður gerði grein fyrir samstarfi heildarsamtaka launafólks og fulltrúa atvinnurekenda á skoðun á sameiginlegu fyrirkomulagi kjarasamninga líkt og er á Norðurlöndum. Þó að vinnumarkaðir landanna séu um margt ólíkir, sem og gerð kjarasamninga, þá eru ákveðin atriði sem einkenna kjarasamningsferlið í öllum löndunum. Meðal annars er lögð áhersla á vandaðan undirbúning fyrir kjarasamningsgerðina og áhersla á að byggja upp kaupmátt í hægum og öruggum skrefum án þess að skaða samkeppnisstöðu eða auka atvinnuleysi.

Langt er síðan jafnlítil samstaða hefur verið á vinnumarkaði um launastefnu, sagði Sigurður, og að hreyfingin þurfi að ræða um það sem gerðist í vetur. Það blasir við að allir viðsemjendur okkar tóku upp nýja launastefnu í síðustu kjarasamningum. Meginmarkmið síðustu samninga var að skapa stöðugleika sem skiladi kaupmætti í lágru verðbólgu, ekki auknum kaupmætti til sérvaldra hópa. Einnig hafa stjórnvöld, sagði hann, ekki staðið við yfirlýsingar um að haga ákvörðunum sínum og stefnumörkunum þannig að þær styðji við kjarasamningana og stöðugleika. Veruleiki dagsins í dag markar þá umræðu sem mun fara fram hér á þinginu, sagði Sigurður, en það ætti að ræða um lykilsurninguna: „Hvernig byggjum við upp aukinn kaupmátt í öruggum skrefum?“ Einnig verður rætt um lífeyrissjóðina og afkomu þeirra, stefnumörkun og siðferðislega ábyrgð.

Skipulagður vinnumarkaður

– öflug verkalýðshreyfing /1. umræða

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar, gerði grein fyrir viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um vinnumarkaðsmál. Hún sagði að markmið verkalýðshreyfingarinnar hafi verið frá upphafi að tryggja launafólki mannsæmandi laun og önnur starfskjör og skapa samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra. Sá árangur, sem hefur náðst, hefur m.a. verið vegna öflugra samtaka launafólks, skipulags vinnumarkaðarins og að kaup og kjör eru ákveðin í

frjálsum samningum. Það sem einkennir vinnumarkaðinn á Íslandi sagði hún vera mikil stéttarfélagspátttaka, vel skipulagður vinnumarkaður, skýr löggjöf og reglur, samráð aðila vinnumarkaðarins, afkomutrygging vegna veikinda og/ eða slysa og góð starfsendurhæfing, foreldraorlof, menntun o.fl.

Úlfhildur sagði að mikilvægt væri að móta skýra sýn á hlutverk, verkefni og verkaskiptingu ASÍ, landssambandanna og aðildarfélaganna gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum því að við stæðum frammi fyrir mörgum áskorunum. Þar væri helst að nefna að endurheimta og auka kaupmátt launa og önnur starfskjör og réttindi. Einnig væri mikilvægt að taka á réttindum nýliða á vinnumarkaði og jafnræði almennt óháð þjóðerni. Svört atvinnustarfsemi og gerviverktaka væri áhyggjuefni sem þyrfti að vina bug á. Að lokum nefndi hún aðrar áskoranir, sem snúa að innra starfi hreyfingarinnar. Þó svo að allar þjónustukannanir segðu að félagar væru ánægðir með þá þjónustu sem stéttarfélagin veita, þá væri áhyggjuefni hve lítil þátttaka væri í starfsemi stéttarfélaganna, léleg þátttaka í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga og nauðsynlegt væri að finna leiðir til að höfða sérstaklega til unga fólksins.

Pingforseti gaf orðið laus.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, telur að þar sem nú styttist í að kjarasamningur á almennum vinnumarkaði verði lausir muni nú fara í gang hræðsluáróður um nauðsyn hóflegra launahækkana, rétt eins og fyrir síðustu samninga. Áróðurinn muni koma frá SA, stjórnvöldum og Seðlabankanum. Undir þetta muni taka hluti verkalýðshreyfingarinnar og tala um ágæti þess sem Vilhjálmur kvaðst kalla „samræmdu láglaunastefnuna.“ Í því samhengi kvaðst Vilhjálmur vilja vekja athygli á háum arðgreiðslum í ákveðnum atvinnugreinum, s.s. ferðaþjónustu, sjávarútvegi og útflutningsgreinum. Hann sagði jafnframt að algengt væri hjá fyrirtækjum í umræddum greinum að stjórnendur skammti sér ofurlaun á meðan almennt starfsfólk hafi þurft að sætta sig við hóflegar launahækkanir. Tilgreindi Vilhjálmur sérstaklega bankastjóra Íslandsbanka sem hafi sem stjórnarmaður í SA talað um mikilvægi hóflegra launahækkana en hafi á sama tíma sjálf hækkað stórkostlega í launum. Kvaðst Vilhjálmur telja að á sama tíma og launafólki sé stillt upp við vegg, er varðar launahækkanir, sé sjálfataka í gangi hjá stjórnendum ýmissa fyrirtækja. Hann lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að ekki sé hægt að semja stöðugt um prósentuhækkanir þar sem þær auki launamun enn frekar. Að endingu og í samhengi við gagnrýni sína á samræmda launastefnu lýsti Vilhjálmur velgengni sérkjarasamninga VLFA á Grundartanga og að þar hafi hans barátta skilað félagsmönnum miklum launahækkunum umfram það sem samræmda launastefnan hafi skilað.

Halldóra Sveinsdóttir, Báranni, kvaðst vilja á þessum tímavarki horfa yfir farinn veg til að spyrja sig hvað hafi áunnist og hvað hafi tekist vel. Stéttarfélagssbaráttan sé óvægin og hörð en þrátt fyrir það hafi mjög margt áunnist í

gegnum tíðina. Stéttarfélagasáðild á Íslandi sé mjög mikil og það skapi tækifæri til þess að efla baráttuna. Halldóra fór yfir það að talsvert launaskrið hafi orðið frá síðustu kjarasamningum en hins vegar hafi lægstu hóparnir setið eftir í kjölfarið sem gæfi að hennar mati tilefni til þess að fara yfir atburðarásina sem fór í gang í kjölfar undirritunar samninganna í desember sl. Kvaðst hún telja að þegar farið var af stað síðast hafi ekki verið samstaða um að fara þá leið og því hafi ekki tekist betur upp en raun ber vitni. Eftir standi hreyfing, sem nýtur ekki mikils dálætis hjá félagsmönnum, og sé það mjög miður. Fór Halldóra því næst yfir þróun kjarasamninga SGS og sérstaklega lægstu launa og kvaðst telja að stóra verkefnið sé það að allir geti lifað af launum sínum. Vonaðist hún til að allir 113 þúsund félagar í ASÍ gætu þjappað sér á bak við þá kröfu. Hún sagðist telja að það væri mikil reiði í fólki eftir síðustu samninga og velti því upp hvort baráttuandinn hafi verið dreginn úr fólki með því að ganga til samninga um litla viðbótarhækkun við þá samninga sem felldir voru. Að endingu sagðist hún telja að verkalýðshreyfingin stæði frammi fyrir stóru verkefni, þ.e. að bæta ímyndina eftir síðasta vetur, og kvaðst telja nauðsynlegt að farið væri í naflaskoðun og að velt verði upp hvort nálgast þurfi verkefnið öðruvísi.

Óskar Guðmundsson, VR, kvaðst telja að mikilvægir hlutir hafi verið skildir eftir í umræðunni. Umræðan einkenndist of mikið af getgátum og forsendum en ekki raunveruleikanum. Tók Óskar því næst dæmi af misvísandi upplýsingum frá mismunandi aðilum í fjölmiðlum. Hann fjallaði því næst um lífeyriskerfið og kvaðst telja að brotið væri á jafnræði þegnanna með því að ríkistryggja suma en aðra ekki. Óskar rakti því næst þróun gengis íslensku krónunnar undanfarin misseri og kvaðst vera á þeirri skoðun að gengisstyrking skilaði sér ekki að fullu til neytenda með lækkuðu vöruverði. Kvaðst hann telja talsvert svigrúm til að gera betur í þeim efnum. Að endingu kvaðst hann vilja vekja athygli þingsins á því að af lestri fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2015 væri augljóst að ætlunin væri að hækka virðisaukaskatt á matvæli úr 7% í 11% en ekki 12% eins og kynnt hafi verið. Jafnframt mætti lesa að áætlað væri að hækka úr þessum 11% í 14% árið 2016.

Páll Heiðar Magnússon, VM, kvaðst vera á sínu fyrsta þingi og að hann væri orðinn leiður á því að einstaklingar í samfélaginu, sem taki það út á mánuði sem aðrir vinni sér inn á mismörgum árum, segi honum að þjóðfélagið fari á hausinn ef hann eigi að ná endum saman. Páll sagðist vera kominn á þingið til að gefa þau skilaboð frá sér og sínum vinnustað að þeir séu tilbúnir í átök. Kvaðst hann jafnframt telja að það eigi að hætta að tala um stöðugleika og þjóðarsátt og nota frekar rétt hugtak sem væri *Stokkhólms-heilkenni*.

Hjalti Tómasson, Báranni stéttarfélagi, sagði að mikið af því sem hann vildi segja væri nú þegar komið fram. Eitt væri þó ósagt að hans mati og það væri hvernig hreyfingin komi fram fyrir sjónir sinna félagsmanna. Kvaðst

hann vilja heyra það hvernig það kom til að sú ákvörðun var tekin að fara þá vegferð sem farin var síðast, þegar vitað var að stór hópur vildi alls ekki fara þá leið. Hann kvaðst telja að hreyfingin væri komin frá grunnildum sínum sem eru að allir hafi í sig og á. Það væri sú leið sem að hans mati þyrfti að fara í næstu samningum, þ.e. að byrjað sé á að berjast fyrir hækkun lægstu launa og það gerist ekki öðruvísi en að þeir sem standi betur innan hreyfingarinnar hjálpi þeim sem verr standa.

Þorsteinn Gunnarsson, MATVÍS, sagðist sammála þeim sem væru forviða yfir launakjörum forstjóra. Hann kvaðst hins vegar vilja minna á það að hlutverk lífeyrissjóða sé að tryggja hámarkslífeyri en ekki það að skipta sér af launakjörum annarra. Það væri að hans mati mjög vandasamt verk að reyna að hafa áhrif á hluthafastefnu lífeyrissjóðanna.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Íðju, fjallaði um síðustu kjarasamninga og þá vegferð sem þar var farin. Kvaðst hann vera þeirrar skoðunar að sú tilraun hafi mistekist þar sem ekki hafi náðst að mynda með þeirri leið breiða samstöðu. Ljóst sé því að líklegast muni landssamböndin keyra sína línu sjálfstætt næst. Hann sagði að það væri krafa SGS að fá krónutöluhækkun og jafnframt að umbjóðendur SGS fái leiðréttingu gagnvart þeim hópum sem fengu meira síðast. Jafnframt sagðist hann vera sammála því sem fram hafi komið um að það þurfi að sækja fram gagnvart þeim atvinnugreinum sem standa sterkt en að sama skapi mætti alls ekki gleyma veiku starfsgreinunum, allir eigi skilið að fá eitthvað. Björn kvaðst telja að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær yrði boðað til verkfalls í vetur og að það sé gott fyrir alla að búa sig undir það. Eins hafi það sem komið hafi frá stjórnvöldum undanfarið ekki verið til að lægja óánægjuöldur. Hann kvaðst vera talsmaður þess að einblína á það að semja við atvinnurekendur; réttast væri að láta stjórnvöld axla sína ábyrgð gagnvart kjósendum í stað þess að vera að sækja það aftur þangað sem náð hefur verið fram til þess að takmarka tjón. Að endingu sagði Björn að ekki mætti heldur gleyma því sem farið hefur vel, verkalýðshreyfingin hafi á mörgum sviðum náð góðum árangri og það ætti að halda því á lofti.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, kvaðst vilja leggja áherslu á að verkalýðshreyfingin semdi við atvinnurekendur en ekki ríkisstjórnina. Hún kvaðst hafa þá skoðun að einstaklingar á vinnumarkaði eigi að hafa persónuleg réttindi sem fylgi þeim þó að þeir skipti um atvinnugreinar og/eða félög. Slíkt ætti að vera baráttumál hreyfingarinnar fyrir félagsmenn sína. Í tengslum við kjaramál þá kvaðst hún hafa lagt það til í sínu félagi að sett sé þak á launahækkunir, þá þannig að þeir sem eru með háar tekjur þurfi enga launahækkun. Sé slíkt gert ætti að vera meira til skiptanna fyrir hina sem verr standa. Að lokum vildi hún nota tækifærið til að biðja alla hlutaðeigandi að nota hugtökin „launamaður“ og „atvinnurekandi“ í stað „launþegi“ og „vinnuveitandi“.

Eiður Stefánsson, FVSA, kvaðst vilja vekja athygli á neysluviðmiðum stjórnvalda. Tók hann dæmi af fjögurra manna fjölskyldu og í ljósi neysluviðmiðanna þyrftu þau að vera með um 920 þús. í tekjur til að standast þau. Hann tiltók þá staðreynd að lágmarkslaun kjarasamninga nái ekki einu sinni 50% af því viðmiði sem hér að ofan greinir. Velti hann jafnframt fyrir sér þeirri fullyrðingu að lágmarkslaun hafi hlutfallslega hækkað mest. Kvaðst hann vera hálfkringlaður yfir þeirri umræðu og tiltók hann dæmi til samanburðar um verðlagsþróun á Toyota Corolla-bifreið og að þróun lægstu launa hafi ekki náð að halda í við verðlagsþróun þeirrar bifreiðar frá árinu 2002. Hann lýsti því yfir að hann teldi að stéttarfélögin þyrftu að setja sér markmið um t.d. hver lágmarkslaun ættu að vera. Staðreyndin sé sú að 30% af tekjuhæstu landsmönnum taki til sín 70% af öllum launum en aðildarfélag ASÍ semji fyrir um 50% af vinnumarkaðnum sem taki einungis um 30% af öllum launum. Því sé að hans mati klárlega hægt að gera betur í því að skipta kökunni.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, sagðist telja að nú séu krossgötur hvað varðar kjarasamninga. Hann fór yfir feril síðustu samninga og taldi að þar hefði legið að baki markmiðið að ná stöðugleika. Lýsti hann því að RSÍ hafi leitað til sinna félagsmanna áður en af stað var haldið og var niðurstaðan að auka þyrfti kaupmátt. Staðan í dag sé þannig að verðbólga sé í sögulegu lágmarki og megi því segja að tekist hefði ágætlega til hvað það varðaði. Hins vegar hefði ekki verið sátt um þessa leið og því hefði farið sem fór. Kvaðst Kristján telja að eitt af því sem hefði brotið þessa vegferð upp hefði verið sú staðreynd að ríkið gafst upp gagnvart kröfum kennara. Það hefði legið fyrir að ASÍ gerði það að skilyrði að allir væru með í sameiginlegri kröfugerð enda væri ekki vilji til þess að félagsmenn ASÍ kæmu á stöðugleika sem aðrir myndu svo nota til að sækja aukinn kaupmátt. Hvað varðar komandi samninga sagði Kristján að það væri alls ekkert sjálfgefið að RSÍ yrði í samfloti með öðrum aðildarsamtökum ASÍ. Launaþróun frá árinu 2005 til 2014 sýni að iðnaðarmenn hafi hækkað minna í launum en verkafólk og skrifstofufólk. Iðnaðarmenn hafi meðvitað tekið þátt í þessu til að hækka lágmarkslaun en það sé ekki sjálfgefið að félagsmenn RSÍ séu tilbúnir í það miklu lengur og fari því hugsanlega fram sér á báti.

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur, kvaðst telja að ASÍ njóti lítils trausts meðal almennings og að verulegar umbætur þurfi að ráðast í ætli hreyfingin að lifa af næstu hundrað ár. Hann kvaðst telja nauðsynlegt að ráðast í lýðræðisumbætur og að það sé almannarómur að of fáir ráði of miklu. Sagðist hann skora á forystuna að fara í þessa umbótavinnu. Mikil reidi sé nú í samfélaginu og það eigi að virkja hana til góðra verka. Að endingu rakti hann dæmi um það hvernig stjórnarmenn í þeim lífeyrissjóði, sem hann eigi

aðild að, hafi hækkað stjórnarlaun um 18% á síðasta aðalfundi. Taldi Hörður að hreyfingin gæti því miðað við þá tölu í næstu samningu.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagðist ekki telja það rétt að álitshnekkir og laskað orðspor hreyfingarinnar sé til komið vegna síðustu samninga. Traust verði ekki unnið til baka nema með því að skila betra verki; það þurfi að leggja eitthvað fyrir fólknið sem skiptir það máli. Sagði hann að sín tilfinning væri sú að það væri ekkert traust. Hreyfingin þyrfti að koma sér saman um málefni sem skipta máli, eins og t.d. jafna skattbyrði og berjast gegn verðtryggingu og vaxtaokri. Kvaðst hann vera þeirrar skoðunar að hreyfingin eigi að láta sig varða allt sem skiptir félagsmennina máli, hvort sem það felur í sér kröfur á atvinnurekendur eða stjórnvöld. Hvað varðar lífeyrissjóðina sagði hann að þeir hefðu verið í miklum áhættufjárfestingum fyrir hrun og að þess vegna sé mikilvægt að koma í veg fyrir að hreyfingin beiti sér gegn því að stjórnendur fái að komast upp með kaupaukakerfi og slíkt sem leiði til þess að skammtímahagsmunir gangi framur langtímahagsmunum. Að lokum kvaðst Ragnar vera þeirrar skoðunar að hreyfingin mætti beita sér meira í því að tryggja jafnan rétt borgaranna að réttarkerfinu. Fjármálastofnanir gangi hart fram gegn fólkni, t.d. í gengislánamálum, og kvaðst hann telja að verkalýðshreyfingin gæti gert betur í því að aðstoða fólk í að sækja og/eða verja rétt sinn.

Þingforseti fór yfir skiptingu hópa fyrir fyrstu umferð hópavinnunnar.

Önnur mál

Rannveig Sigurðardóttir, VR, fjallaði um slysatryggingar. Hún hvatti þingfulltrúa til að kynna sér slysaakfla kjarasamninganna og vísaði í kjarasamning ASÍ og SA, kjarasamning Reykjavíkurborgar og SFR og kjarasamning SFR og fjármálaráðherra. Hún sagist hafa talað fyrir þessu máli síðan 2008 en það felur í sér að réttur á almenna markaðinum er lélegri en réttur þeirra sem vinna hjá hinu opinbera. Sá munur er á þessum samningum að ríki og sveitarfélög eru ekki með skerðingarákvæði vegna aldurs líkt og er í samningi ASÍ og SA og telur hún þetta vera brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hvatti hún alla að huga að þessu í næstu kjarasamningum og leiðrétta þennan mismun.

Kristinn Örn Jóhannsson, VR, gerði grein fyrir tillögu, sem lögð yrði fram til miðstjórnar, um að verkalýðshreyfingin gefi út fréttablað og haldi úti fréttavef sambærilegu við „Bændablaðið“. Taldi hann mikilvægt að hreyfingin eigi sér mál gagn sem reynist sterkur hagsmunavörður en jafnframt stéttarfélagslegur vettvangur.

Klukkan 16:00 var gert hlé á þingstörfum í aðalsal.

Klukkan 16:15 hófst hópastarfið sem stóð til klukkan 18:15.

Klukkan 18:15 var gert hlé á þingstörfum.

Stefnumótunarvinna á 41. þingi ASÍ - Vinnufyrirkomulag

Send voru út umræðuskjöl í júlímánuði um málefni 41. þings ASÍ til aðildarfélaganna þar sem reifuð voru atriði varðandi hvert málefni og um hvaða þætti hreyfingin þyrfti að móta sér nánari stefnu. Á sama tíma voru umræðuskjölin lögð inn á heimasíðu ASÍ. Markmið umræðuskjalanna var að þau væru stuðningsefni fyrir þingfulltrúa, byggð á staðreyndum. Það var síðan í höndum þingsins að útbúa ályktanir um hvernig ætti að ná fram markmiðinu um samfélag fyrir alla – sem var yfirskrift þingsins.

Lagt var upp með að á þinginu væri unnið í þremur málstofum. Í tveimur þeirra var fjallað um hvað þurfi til þess að skapa samfélag fyrir alla, annars vegar hvernig við sköpum verðmætin og hins vegar hvernig við tryggjum velferðina. Í þriðju málstofunni var til umfjöllunar skipulag og samskipti á vinnumarkaði og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Unnið var með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ sem tryggir virka þátttöku og möguleika allra fulltrúa á þinginu á að koma að mótun stefnu ASÍ á öllum málefnasviðum sem voru til umfjöllunar.

Yfirskrift málstofanna var eftirfarandi:

- Kaup og kjör – sköpum verðmæti til að ná fram jöfnuði
- Velferð – sköpum grundvöll fyrir jöfn tækifæri
- Skipulagður vinnumarkaður – öflug verkalýðshreyfing

Skipulag hópastarfsins var þannig að allir þingfulltrúar höfðu kost á að koma að umræðu um öll þrjú málefnin. Þannig fékkst breiðari þátttaka og víðtækari samstaða um meginniðurstöður þingsins. Einn af kostum þessa fyrirkomulags er að þingfulltrúar fá tækifæri til þess að hittast og skiptast á skoðunum við fjölmarga aðra fundarmenn þar sem nýir umræðuhópar myndast í hverri umferð umræðnanna.

Fyrir þingið völdu fulltrúar sér eitt hinna þriggja málefna sem sinn „aðal-málaflokk“ og sú skipting myndaði hinar eiginlegu málefnanefndir þingsins. Því var mikilvægt að þingfulltrúar kynntu sér vel þá málaflokka, sem fjallað var um, og mótuðu sér skoðanir um þá til þess að gera vinnuna markvissa og árangursríka.

Fimmtudagur 23. október

Þingfundi var fram haldið fimmtudaginn 18. október kl. 09:00 – fyrst með framhaldi á nefndastarfi í málstofum og klukkan 13:00–13:30 voru örfyrirlestrar eins og kynnt hafði verið daginn áður. Klukkan 13:30 hófst sameiginleg dagskrá í aðalþingsal.

Þingforseti benti á að ASÍ væri komið á Twitter og hvatti þingfulltrúa að skoða síðuna.

Þingforseti bað þingfulltrúa, að gefnu tilefni, að halda sig við þau málefni, sem væru á dagskrá hverju sinni, og að virða ræðutíma.

Skýrsla forseta

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kynnti tvær skýrslur fyrir árin 2013 og 2014. Fram kom í máli Gylfa að áhersla hefur verið lögð á að færa til bókar allt starf ASÍ, ekki einvörðungu fyrir þingfulltrúa heldur til að gera starf og ákvarðanir, sem teknar eru innan verkalýðshreyfingarinnar, aðgengileg. Það sé ekki síður mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að hafa aðgang að skýrslu forseta Alþýðusambandsins og skýrslum frá þingum Alþýðusambandsins en í þeim liggja mikil verðmæti fyrir sagnaritara. Kynnti Gylfi í þessu sambandi að í framtíðinni yrði skýrsla forseta fyrst og fremst rafrænt rit.

Hann fór yfir þau helstu verkefni sem ASÍ stóð að á þessum árum. Nefndi hann sérstaklega og sagði frá þjónustu við atvinnuleitendur. ASÍ hefði annars vegar staðið fyrir áttakinu „Liðsstyrkur“, sem þjónustaði langtímaatvinnuleitendur, og hins vegar hafi verkefninu „Starf – ráðgjöf og vinnumiðlun“ verið ýtt úr vör. Hann lýsti því jafnframt að endurnýjun kjarasamninga hefði verið fyrirferðarmikið verkefni. Tillögur ASÍ um nýtt húsnæðiskerfi hefðu jafnframt verið áberandi og vel útfærðum tillögum ASÍ hefði verið vel tekið og haft mikil áhrif á umræðuna. Lýsti hann því að samskipti við stjórnvöld væru erfið og í algjöru lágmarki, t.a.m. hefði það aldrei gerst að jafn róttækum breytingum á atvinnuleysisbótakerfinu hefði verið ýtt úr vör án þess að nokkurt samráð hefði verið haft við verkalýðshreyfinguna. Að lokum sagði hann frá því að hann hefði farið í fundaherferð um landið sem hefði gefið honum mikla næringu um hvað væri að gerast á meðal aðildarfélagi á hreyfingunni.

Reikningar ASÍ og stofnana

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2012 og 2013.

Fram kom hjá Ólafi Darra að útkoma ársins 2012 væri þannig að tap væri á rekstri samstæðunnar sem nam tæpum 7 milljónum en að útkoman fyrir árið 2013 hefði verið hagstæð um tæpar 22 milljónir. Í máli Ólafs Darra kom fram að á árinu 2012 hefðu heildareignir samstæðunnar verið um 996 milljónir og á árinu 2013 væru þær komnar upp í tæpar 1100 milljónir. Fór Ólafur Darri því næst yfir nánari sundurliðun reikninganna eftir afkomu og stöðu einstakra stofnana samstæðunnar. Um reikningana að öðru leyti vísaði Ólafur Darri til skýrslu forseta þar sem þeir væru birtir.

Þingforseti gaf orðið laust.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, beindi þeirri spurningu til Gylfa og Ólafs Darra hvaðan sá vinnudeilusjóður ASÍ væri kominn sem fjallað var um.

Páll Heiðar Magnússon, VM, kvaðst hafa tekið eftir því í kynningu Ólafs Darra að launakostnaður skrifstofunnar hefði hækkað á milli áráanna 2012 og 2013 og óskaði því skýringa á þessu þar sem laun félagsmanna hefðu lítið hækkað á þessum tíma.

Gylfi Arnbjörnsson, svaraði spurningu Finnþoga varðandi vinnudeilusjóðinn. Það hefði verið í lögum ASÍ til ársins 2005 að hluti af skatti aðildarfélaganna færi í þennan sjóð. Í skipulagsþreytingu 2005 hefði verið ákveðið að fella niður þetta ákvæði og skylduna en sjóðurinn væri til og í vörslu miðstjórnar. Hann sagði að tilgangur sjóðsins væri að styðja við bakið á félögum í átökum.

Ólafur Darri Andrason, svaraði spurningu Páls um aukinn launakostnað. Kvað Ólafur Darri aukinn launakostnað skýrast annars vegar vegna aukinna umsvifa samstæðunnar og hins vegar vegna starfsmannaveltu þar sem starfsmenn hefðu m.a. verið að snúa til baka úr fæðingarorlofi. Ekki hefði verið raunaukning á launakostnaði á milli ára.

Óskar Guðmundsson, VR, kvað mikið talað um stöðugleika í skýrslu forseta. Vildi fá að vita hvort stöðugleikinn væri til kominn vegna hófstilla launahækkana eða vegna inngrípa Seðlabanka Íslands á gjaldeyrismarkaði.

Guðmundur Ragnarsson, VM, sagðist hafa velt fyrir sér atriðum í sambandi við reksturinn á skrifstofu ASÍ. Hann kvað góða greiningar- og hagsmunagæsluvinnu vera unna á skrifstofu ASÍ, nefndi sérstaklega skýrsluna um svarta atvinnustarfsemi. Kvað það vera sína skoðun að það væri hagsmunamál aðildarféлага ASÍ að halda úti öflugri sameiginlegri starfsemi. Það væri sín skoðun að það þyrfti að efla skrifstofu ASÍ enn frekar enda væri þá hægt að vinna öflugri greiningarvinnu, bæði fyrir heildarsamtökin sem og einstök aðildarfélög. Efling skrifstofunnar fæli í sér mikið hagræði enda væru ekki mörg einstök félög sem hefðu bolmagn til að reka sína eigin skrifstofu með sérfræðingum í greiningarvinnu.

Sigurður Bessason, Eflingu, sagði það hafa vakið athygli sína í yfirferð Ólafs Darra að staða MFA væri að versna. Áhyggjuefni sé að í nýja fjárlagafrumvarpinu sé skorin verulega niður í framlögum til MFA. Þetta sé mikilvæg starfsemi fyrir marga félagsmenn. Stórt högg verður með niðurskurði sem gerist hratt. Kvaðst vilja vekja athygli á því að starfsemi MFA og staða þess sé eitthvað sem verði að taka með út af þinginu og vinna með og efla.

Gylfi Arnbjörnsson, sagði – sem svar við fyrirspurn Óskars – að ASÍ hefði gagnrýnt Seðlabanka Íslands (SÍ) fyrir að hafa ekki komið stöðugleika á krónuna og frá 2013 hafi SÍ sinnt þessu og komið á stöðugleika. Hann hefði klárlega komið á stöðugleika. Kvaðst Gylfi vilja nefna – í samhengi við ræðu

Guðmundar Ragnarssonar – þau verkefni sem hann vildi fara í. Hann nefndi málefni ungs fólks og sagðist vilja hafa starfsmann á skrifstofunni sem sæi um að sinna málaflöknum og ASÍ-UNG. Annað verkefni tengdist vinnuvernd, verið væri að endurskoða löggjöfina og það mætti sinna meiri vinnu hvað þetta varðar. Þriðja verkefnið tengdist vinnustaðaeftirlitinu, t.d. að taka á svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki. Sagði að hugsanlega yrði leitað til aðildarfélaga um að sameinast um þennan kostnað. Hvað varðaði Mími-símenntun tók hann undir áhyggjur Sigurðar Bessasonar um samdrátt í rekstri og að eldra fólk fengi ekki svigrúm eða tækifæri til menntunar. Það yrði að ganga til viðræðna við stjórnvöld um þetta.

Óskar Guðmundsson, VR, vildi koma á framfæri stuttri athugasemd. Fór yfir gengisþróunarmál. Gengisstyrkingin hefði átt í öllum samfélögum að keyra niður vöruverð. ASÍ hefði ekki verið nægilega vel á verði um það að gengisstyrkingin skilaði sér í lægra vöruverði.

Þingforseti bar upp til atkvæða reikninga ASÍ og stofnana og voru þeir samþykktir með meginþorra atkvæða.

Lagabreytingar /2. umræða og afgreiðsla

Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ og formaður laganeftindar, fór yfir störf og verklag laganeftindar frá því að lagabreytingartillögurnar voru kynntar. Sagði hún að niðurstaða nefndarinnar væri að lagt yrði til við þingið að allar tillögurnar verði samþykktar, þó með orðalagsbreytingu á tillögunni við 4. mgr. 49. gr. til aukins skýrleika. Hvað rökstuðning fyrir álitni nefndarinnar varðaði vísaði hún til fyrirliggjandi greinargerðar. Skýrði hún jafnframt frá því álitni nefndarinnar, hvað varðaði 4. mgr. 47. gr., að í ljósi þess að viðkomandi reglugerð væri komin vel til ára sinna, verði miðstjórn falið að skipa nefnd um endurskoðun reglugerðarinnar og að niðurstaðan færi til umsagnar skipulags- og starfsháttanefndar. Laganeftind gerði jafnframt að tillögu sinni að greidd yrðu atkvæði saman um þær breytingartillögur sem væru samhangandi.

Þingforseti bar upp tillögu án athugasemda um að allt hvað varðaði fjölgun varaforseta yrði borið upp saman til atkvæða. Kynnti því næst breytingarnar og opnaði fyrir umræður um lagabreytingartillögur varðandi fjölgun varaforseta.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kvaðst ekki gera athugasemdir við þessar lagabreytingar og kvaðst telja að þær gætu orðið til góðs. Hann kvaðst hnjóta um fjölgunina og sagði að hún væri ekki nóg til að laga ímyndina. Kvaðst hann hafa heimildir fyrir því að í skoðanakönnunum kæmi ASÍ illa út og hann taldi að það hefði þurft að ræða það nánar á þinginu. Sagði hann það sína skoðun að ASÍ væri komið of langt inn í kjaramálin sem væri ekki í samræmi við þá meginreglu að sammingsumboðið væri hjá stéttarfélögum sjálfum. Kvaðst hann vilja að ASÍ einblíndi frekar á sitt kjarnahlutverk sem væri málsvörn

gagnvart stjórnvöldum. Vísaði hann aftur í skoðanakannanirnar og kvaðst vilja bera upp þá spurningu af hverju þingið væri ekki upplýst um niðurstöðu þeirra.

Þingforseti áminnti fulltrúa um að halda umræðunum um fjölgun varaforseta, annað væri ekki til umræðu nú.

Páll Heiðar Magnússon, VM, kvaðst ekki sjá hvað þessi breyting fæli í sér. Hvað þýði hún verkefnalega, ásýndarlega og kostnaðarlega?

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, kvaðst telja þessar tillögur af hinu góða. Bar upp athugasemd varðandi málfar, rétt væri að segja að varaforsetar yrðu „kosnir“ en ekki „kosin“. Hann kvaðst taka undir með Vilhjálm; það þyrfti að horfa inn á við og ef það væri gert mætti ekki draga neitt undan. Hann sagði að góð byrjun væri að við bærum virðingu fyrir hvert öðru. Samstaðan náist ekki með virðingarleysi í garð skoðana hvers annars. Hann kvaðst að lokum mundu greiða tillögnum sitt atkvæði enda voni hann að þær breyti ásýnd forystunnar.

Valgeir Jónasson, FRV, kvaðst þykja b-liður 8. gr. óþarflega óskýr og las upp hvernig sér myndist hún ætti að vera.

Þingforseti fór yfir það að í greinargerð með breytingartillögnum væri farið yfir þær forsendur sem væru að baki fjölgun varaforseta.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, kvaðst telja sjálfsblekkingu vera til staðar ef forsenda þess að fjölga varaforsetum væri að bæta ímynd hreyfingarinnar. Hann kvaðst telja að ímynd hreyfingarinnar yrði ekki bætt öðruvísi en með málefnalegri og hugmyndafræðilegri naflaskoðun.

Hjalti Tómasson, Báranni stéttarfélagi, sagði að honum þætti vanta að skilgreina hvaða ásýnd ætti að breyta með því að fjölga varaforsetum. Hann sagðist taka undir með Vilhjálm um að eitthvað væri ekki alveg í lagi. Viðhorf fólks í garð ASÍ væri að hans mati almennt neikvætt og hvað það varðaði óskaði hann eftir því að sú könnun sem borið hefði á góma yrði rædd á þinginu.

Sigurður Bessason, Eflingu, kvaðst þykja umræðan um varaforseta ASÍ skrýtin. Rakti Sigurður söguna á bak við fækkun varaforseta á sínum tíma. Rakti hann sínar forsendur fyrir stuðningi hans við tillöguna sem væru þær að miðstjórn hefði átt fund með stjórnvöldum í kjölfar kynningar á nýlega framlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem kerfisbundið væri dregið úr réttindum launafólks. Þær hefðu verið gagnrýndar harðlega af miðstjórn ASÍ og forystumenn ríkisstjórnarinnar hefðu svarað því með því að tengja þær persónu Gylfa Arnbjörnssonar. Tillögurnar um fjölgun hefðu verið m.a. til að svara því, breikka samstöðuna og skýra það að rétt væri að tala um forystu ASÍ en ekki einstakar persónur. Að lokum hvatti Sigurður þingfulltrúa til að styðja tillöguna.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, kvaðst vera á þeirri skoðun að það þyrfti að vinna talsvert í málum er varða ásynd verkalýðshreyfingarinnar sem heild á næstu árum. Hann sagði að tillagan sem hér lægi fyrir væri líkleg til þess að breyta ásynd hreyfingarinnar og að hann væri ekki sammála því sem fram hefði komið hjá sumum um að tillögurnar væru ástæðulausar og breyttu litlu. Lýsti hann því að lokum yfir stuðningi sínum við tillögurnar.

Signý Jóhannesdóttir, Stétt-Vest, uppskar hlátur þegar hún sagði að einfaldasta ástæðan fyrir fjölguninni væri sú að þegar hún stigi til hliðar þá þyrfti tvo í staðinn. Rakti hún því næst sögu undanfarinna ára er varðar breytingu á forystu ASÍ, þ.e. bæði það sem hefði verið framkvæmt og jafnframt það sem hefði ekki verið framkvæmt. Sagði m.a. að þegar farið var frá þingum á fjögurra ára fresti yfir í ársfundi hefðu menn talið meira svigrúm til að bregðast við og eins hefði – þegar fækkað var á sínum tíma – verið starfandi framkvæmdastjóri hjá ASÍ og því í raun breiðari forysta. Í tilefni af athugasemd Finnboga rakti hún það sem hún taldi hugsunina á bak við þá málfræðivillu sem fólst í að varaforsetarnir verði „kosin“. Hugsunin hefði verið sú að þar yrðu einstaklingar af báðum kynjum. Hún kvaðst þó ekki vera að réttlæta málfræðivilluna heldur skýra hana. Sagði hún þó að þetta væri eitthvað sem þyrfti að leiðrétta.

Þingforseti bar breytingartillögur á 4. mgr. 33. gr., 8. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 36. gr. laga ASÍ, er varða fjölgun varaforseta, upp til atkvæða. Eftirfarandi breytingar á lögum ASÍ voru samþykktar með meginþorra atkvæða.

„Fjölgun varaforseta ASÍ

4. mgr. 33. gr. breytist og hljóði svo:

Midstjórn skal kosin til tveggja ára í senn þannig að á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti og annar varaforseti kosin sérstaklega og tólf meðstjórnendur. Þessi mynda midstjórn Alþýðusambands Íslands.

8. mgr. 33. gr. breytist og hljóði svo:

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum skal midstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi midstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.

1. mgr. 36. gr. breytist og hljóði svo:

Á formannafundum eiga sæti formenn allra aðildarfélaga ASÍ, formenn aðildardeilda einstakra sambanda, forseti og varaforsetar ASÍ, þeir midstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru formenn aðildarfélaga eða aðildardeilda, auk formanns ASÍ–UNG, sbr. 29. gr.“

Þingforseti bar því næst upp breytingartillögu við 5. mgr. 33. gr. laga ASÍ um fjölgun varamanna í miðstjórn. Eftirfarandi breytingartillaga var samþykkt samhljóða.

„Fjöldi varamanna í miðstjórn

5. mgr. 33. gr. breytist og hljóði svo:

*Auk þess skal kjósa **fimmtán** varamenn.“*

Þingforseti bar upp breytingartillögu við 1. mgr. 39. gr. ASÍ um atkvæðavægi á formannafundum. Eftirfarandi breytingartillaga var samþykkt samhljóða.

„Atkvæðisréttur á formannafundum

1. mgr. 39. gr. breytist og hljóði svo:

Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda sambanda, fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ-UNG.“

Þingforseti vék því næst að breytingartillögu á lögum ASÍ er varðar viðmiðunarreglur um ársreikninga.

Þórarinn Sverrisson, Öldunni, kvaddi sér hljóðs og sagðist vilja halda í þá hugtakanotkun að nota viðmiðunarreglur úr því að þær séu nú þegar til. Sagðist hann að sér þætti það áferðarfallegra.

Þingforseti bar upp breytingartillögu við 4. mgr. 47. gr. laga ASÍ um viðmiðunarreglur um ársreikninga. Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða.

„Viðmiðunarreglur um ársreikninga

4. mgr. 47. gr. breytist og hljóði svo:

*Við gerð ársreikninga skal **farið eftir reglugerð** sem miðstjórn samþykkir.“*

Þingforseti bar því næst upp ákvæði til bráðabirgða er varðar viðmiðunarreglur um ársreikninga í lögum ASÍ. Eftirfarandi tillaga var samþykkt með einu móttkvæði.

„Ákvæði til bráðabirgða:

Reglugerð miðstjórnar, sem samþykkt er með vísan til þessa ákvæðis, skal í fyrsta sinn kynnt á formannafundi ASÍ 2015 og skal aðildarfélögum veittur 2ja mánaða frestur til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum áður en hún verður endanlega afgreidd af miðstjórn.“

Þingforseti upp breytingartillögu við a-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ um

slysadagpeninga og bótaskyld slys. Eftirfarandi tillaga var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta með þremur mótatkvæðum.

„Slysadagpeningar og bótaskyld slys

Við a. lið 4. mgr. 49. gr. bætist:

Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.“

Bar þingforseti upp breytingartillögu laganefndar við gr. 3.1. í þingsköpum ASÍ þess efnis að þar sem nú hafi verið samþykkt að fjölga varaforsetum skuli þeir báðir eiga sæti í dagskrárnefnd sambandsþinga. Eftirfarandi tillaga var samþykkt með einu mótatkvæði.

„Breyting á þingsköpum ASÍ

Gr. 3.1. í þingsköpum breytist og hljóði svo:

Á sambandsþingum starfar dagskrárnefnd sem skipuð er forseta og varaforsetum sambandsins auk þingforseta og varaþingforsetum.“

Að lokum voru löggin í heild sinni með áorðnum breytingum borin upp til atkvæða og voru þau samþykkt með einu mótatkvæði.

Klukkan 15:30 var þingfundi frestað til kl. 09:00 föstudaginn 24. október.

Föstudagur 24. október

Þingi var fram haldið föstudaginn 22. október kl. 09:00 – fyrst með framhaldi á nefndastarfi í málstofum en kl. 11:00 með sameiginlegri dagskrá í aðalþingsal.

Þingforseti vakti athygli á að gengið yrði til kosninga eftir u.þ.b. hálf tíma. Því næst bauð hún formanni kjörnefndar, Þorbirni Guðmundssyni, að taka við. Hann gerði grein fyrir störfum og hlutverki kjörnefndar.

Kjör forseta ASÍ

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum til starfs forseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Gylfa Arnbjörnsson, VR. Einn annar var tilnefndur, Ragnar Þór Ingólfsson, VR.

Þingforseti kallaði eftir öðrum framboðum. Ekki komu önnur framboð fram og gaf þingforseti frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningu lokinni minnti þingforseti þingfulltrúa á að hafa tilbúin nafnspjöld sín, sem notuð eru til atkvæðagreiðslu, en án þeirra gætu þeir ekki greitt atkvæði.

Því næst var gengið til kosninga.

Utan dagskrár – Sjómannafélagið Jötunn

Þingforseti gaf **Valmundi Valmundarsyni**, formanni Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, orðið. Hann sagði frá því að Sjómannafélagið Jötunn héldi upp á 80 ára stofnafmæli sitt þennan dag, en félagið var stofnað 24. október 1934. Í tilefni dagsins langaði hann að lesa upp texta sem hann fann á netinu en þar segir að fyrsta stéttarfélag, sem vitað er að stofnað hefði verið hér á landi, væri skipstjóra- og útgerðarmannafélagið árið 1883. Félagið var stofnað „til að stöðva heimtufrekju háseta“ og á þeim tíma hefðu atvinnurekendur verið að ræða um að það þyrfti að stoppa sjómenn og verkamenn þar sem að þeir væru með kröfur um bættan aðbúnað og laun. Valmundur taldi þetta góð skilaboð inn á þingið, að ekki væru nema um 130 ár síðan ofangreind viðhorf hefðu verið ríkjandi og að verkalýðshreyfingin þyrfti alltaf að vera á verði. Að lokum bauð hann þingfulltrúum í veislu í Vestmannaeyjum á milli jóla og nýárs, á sama tíma og Sjómannafélagið Jötunn byði Vestmannaeyingum til veislu í tilefni afmælisins.

Skipulagður vinnumarkaður – Öflug verkalýðshreyfing /2. umræða

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar, lýsti í upphafi máls ánægju sinni með vinnufyrirkomulag þingsins og að hópastarfið hefði gengið einstaklega vel. Hún sagði að vinna nefndarinnar hefði einkennst af eindrægni og samhljómi. Þó svo að allt sem skrifað var á miða í hópastarfinu hefði ekki komist í lokaskjalið þá væri þeim hugmyndum haldið til haga og nýttust í áframhaldandi starfi vinnumarkaðsnefndar. Einnig sagði Úlfhildur að þó svo að unnið hefði verið með tvær mikilvægar spurningar í hópa- og nefndarstarfinu þá hefði ritnefnd ákveðið að setja þær saman í eina ályktun. Því næst las hún tillögu að ályktun með yfirskriftina „*Öflug verkalýðshreyfing á brýnt erindi við samfélagið*“.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ásta Rut Jónasóttir, VR, sagði að hún hefði tekið þátt í vinnu nefndarinnar og taldi ályktunina almennt fanga þá umræðu sem verið hefði í hópnum. Gerði athugasemd við orðalag í sjöttu málsgrein ályktunarinnar að þar ætti að standa „forysta“ í stað „félagsmenn“.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, gerði athugasemd við eitt lítið orð í fimmtu málsgrein ályktunarinnar. Í staðinn fyrir „meira“ ætti að standa „fleiri“.

Elva Hrönn Hjartardóttir, VR, þakkaði fyrri mjög skemmtilega og áhugaverða daga, sagði þetta hennar fyrsta þing og væri hún mjög þakklát að fá að taka þátt í vinnu þingsins. Hún taldi þó að eitt hefði gleymst, bæði í ályktuninni og í umræðum í vinnuhópum, og það væri að leggja meiri áherslu á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Það vantaði að fjalla um samveru

fjölskyldunnar og barna, lífið væri ekki bara baráttan um kaup og kjör. Því lagið hún til að í lok annarrar málsgreinar væri bætt við „fjölskyldugildi“.

Hjalti Tómasson, Bárunni stéttarfélagi, sagði að hann vildi ítreka mikilvægi vinnustaðaskírteina. Í níundu málsgrein skjalsins væri fjallað um vinnustaðaeftirlit en í hópavinnunni tók hann eftir að það voru ekki margir sem þekktu til vinnustaðaskírteina. Hann sagði að lög um vinnustaðaskírteini væru mikilvægt vopn í baráttunni um réttindi á vinnumarkaði og lagði áherslu á að þingfulltrúar kynntu sér þetta fyrirkomulag. Að lokum lýsti Hjalti yfir ánægju sinni með þingið og vinnubrögð þess.

Leó Smári Gunnarsson, VR, gerði breytingartillögu við fyrstu tillöguna sem kom fram varðandi sjöttu málsgrein ályktunarinnar. Hann lagið til að þar stæði „... brýnt að forysta og félagsmenn...“.

Kjör forseta ASÍ - úrslit

Þingforseti gerði grein fyrir úrslitum kjörs til forseta ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson hlaut 74,5% greiddra atkvæða og Ragnar Þór Ingólfsson hlaut 25,5% greiddra atkvæða. Gylfi var því rétt kjörinn til starfsins.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði þingfulltrúum það traust, sem þeir sýndu honum, og lýsti yfir stolti sínu yfir að vinna fyrir hreyfinguna og hét því að vinna áfram, líkt og áður, af einuð og alúð.

Klukkan 12:10 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:00 var þingi fram haldið.

Skipulagður vinnumarkaður

– Öflug verkalýðshreyfing /2. umræða og afgreiðsla

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar, byrjaði á því að þakka fyrir þær ábendingar sem fram komu í umræðunni um ályktunina „*Öflug verkalýðshreyfing á brýnt erindi við samfélagið*“. Hún gerði grein fyrir vinnu ritnefndarinnar og þeim breytingum sem gerðar voru. Ekki var um neinar efnislegar breytingar að ræða, eingöngu voru gerðar breytingar á hugtökum og stafsetningarvillur leiðréttar. Að lokum þakkaði hún öllum starfsmönnum fyrir einstaklega gott samstarf.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um vinnumarkaðsmál var samþykkt með meginþorra atkvæða.

„Frá upphafi hefur verkefni íslenskrar verkalýðshreyfingar verið að tryggja launafólki mannsæmandi laun og önnur starfskjör; jafnframt að skapa samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra þar sem allir búa við góð og eftirsóknarverð lífskjör. Þetta hlutverk hefur ekkert breyst þótt samfélagið hafi tekið stórstígum framförum og kjör fólks og allar aðstæður þar með.

Verkalýðshreyfingin gegnir lykilhlutverki í þessari uppbyggingu og hefur náð miklum árangri á mörgum sviðum. Ljóst er að launafólk og samtök þess standa í dag frammi fyrir áskorunum þar sem framvinda mála mun ráða miklu um hag og velferð launafólks í framtíðinni.

Alþýðusambandið hefur skýra framtíðarsýn og setur sér langtímamarkmið með hagsmuni launafólks að leidarljósi. Til að ná markmiðum sínum mun verkalýðshreyfingin beita sér af festu fyrir þeim samfélagsmálum sem varða launafólk og hagsmuni þess, öfluglu velferðarkerfi, góðri heilbrigðisþjónustu, menntun fyrir alla, húsnæðisöryggi og hagsmunum fjölskyldunnar – samfélagi fyrir alla.

Til að ná árangri verða Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess að vera vel sýnileg í þjóðfélagsumræðunni. Markviss upplýsingastarfsemi kemur málflytningi verkalýðshreyfingarinnar og áherslum á framfæri með skýrum hætti á máli sem fólk skilur. Til þess notum við ólíka miðla og aðferðir sem höfða til allra. Leggja ber áherslu á að ná til unga fólksins í skólum með jafningjafraeðslu, kynna því verkalýðshreyfinguna og fyrir hvað hún stendur.

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess eiga að setja skodanir sínar og sjónarmið fram af festu, vera gagnrýnin en halda einnig á lofti árangri af starfi sínu og sigrum í baráttunni. Trúverðugleiki í málflytningi og árangur byggir á að forystumenn launafólks sýni samstöðu og leggi áherslu á það sem sameinar okkur.

Mikilvæg forsenda árangurs af starfi verkalýðshreyfingarinnar er öflug heildarsamtök þar sem aðildarfélög sameina kraftana. Alþýðusamband Íslands er fjölmennustu samtök landsins, byggð á lýðræðislegum grunni, með fleiri en 100.000 félagsmenn úr öllum greinum atvinnulífsins, alls staðar af landinu. Í Alþýðusambandinu er jafnframt öflug sveit forystufólks sem leiðir starf félaganna. Mikilvægt er að forysta Alþýðusambandsins endurspegli þennan fjölbreytileika og að öllum sé ljóst það afl sem í því felst. Stéttarfélagin eru grunneining verkalýðshreyfingarinnar og þangað sækir ASÍ styrk sinn. Jafnframt er mikilvægt að aðildarfélögin hafi samvinnu og samstarf sín á milli til að tryggja sem best þjónustu við félagsmennina og þeirra félagslegu réttindi.

Í stórum heildarsamtökum eins og Alþýðusambandinu er mikilvægt að virða ólíkar skodanir og fjölbreytileika. Þegar sameiginleg niðurstaða liggur fyrir er brýnt að forystan og félagsmenn fylki sér á bak við hana.

Innra starf stéttarfélaganna ræður miklu um árangur af starfi þeirra. Öflugt og virkt trúnaðarmannakerfi og trúnaðarmenn á vinnustað eru mikilvægur grunnur undir starf stéttarfélaganna. Trúnaðarmenn gera stéttarfélagin og starf þeirra sýnilegra á vinnustaðnum. Trúnaðarmaðurinn á að

gegna lykhillutverki við móttöku nýrra starfsmanna, myndar tengsl á milli félagsmanna og stéttarfélagans. Hér gildir að ná til allra félagsmanna, ekki síst unga fólksins, sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, svo og til erlendra starfsmanna, „komdu á trúinó“.

Starf trúnaðarmannsins er mikilvægt en jafnframt vandasamt. Öflug fræðsla og upplýsingagjöf til trúnaðarmanna er nauðsynleg til að styðja þá og styrkja í starfi. Þá er mikilvægt að trúnaðarmenn finni að stéttarfélögin meti störf þeirra að verðleikum og sýni það í verki. Verkefni Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna er jafnframt að sjá til þess að atvinnurekendur þekki og virði réttindi og starf trúnaðarmannsins á vinnustað og hafi skilning á mikilvægu hlutverki hans.

Stéttarfélögum ber að leggja áherslu á að forystumenn þeirra heim-sæki vinnustaði og haldi vinnustadafundi, ekki síst þar sem ekki eru trúnaðarmenn. Einnig er mikilvægt að efla starfsmenn stéttarfélaganna til að þeir geti veitt félagsmönnum sem bestan stuðning og þjónustu. Þá eiga félögin að nýta lög og samninga um vinnustadaeftirlit til að miðla upplýsingum til félagsmanna og ganga úr skugga um að þeir njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber. Skilaboð Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna eru skýr: „Við komum til félagsmannanna og styðjum þá þar sem þeir eru“ og „Við erum til fyrir þig“.

Árangur af starfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess ræðst ekki síst af því hvort við erum tilbúin að nota samtakamáttinn til að ná markmiðum okkar. Sama gildir gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum brjóti þeir sátt og samninga. Verkalýðshreyfingin verður að vera reiðubúin að sýna vopnin og beita þeim óhikað félagsmönnum til hagsbóta.“



Kjör varaforseta ASÍ

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum til starfs varaforseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Ólafíu B. Rafnsdóttur, VR, sem fyrsta varaforseta ASÍ. Engin önnur tilnefning kom fram og taldist hún því rétt kjörin.

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði þingfulltrúum fyrir sig.

Kjörnefnd tilnefndi Sigurð Bessason, Eflingu stéttarfélagi, sem annan varaforseta ASÍ. Engin önnur tilnefning kom fram og taldist hann því rétt kjörinn.

Sigurður Bessason þakkaði þingfulltrúum fyrir sig.

Kosningar

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum á aðalmönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2016. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Guðbrandur Einarsson VS, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir VR, Eiður Stefánsson FVSA, Benóý Valur Jakobsson VR, Sverrir Albertsson Afli Starfsgreinafélagi, Björn Snæbjörnsson Einingu-Iðju, Sigurrós Kristinsdóttir Eflingu stéttarfélagi, Signý Jóhannesdóttir Stéttarfélagi Vesturlands, Kristján Þórður Snæbjarnarson FRV, Hilmar Harðarson FIT, Sævar Gunnarsson Sjómannafélagi Grindavíkur, Guðmundur Ragnarsson VM.

Þorbjörn Guðmundsson gerði grein fyrir tilnefningum á varamönnum til setu í Miðstjórn ASÍ til 2016. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Kristín M. Björnsdóttir VR, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir VR, Gils Einarsson VMS, Bjarni Þór Sigurðsson VR, Hjörtur Geirmundsson Verslunarmannafélagi Skagafjarðar, Kolbeinn Gunnarsson Verkalýðsfélaginu Hlíf, Finnbogi Sveinbjörnsson Verkalýðsfélagi Vestfjarða, Halldóra Sveinsdóttir Bárúni-stéttarfélagi, Fanney Friðriksdóttir Eflingu stéttarfélagi, Magnús S. Magnússon Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis, Jens Hreiðar Ragnarsson FÍR, Finnbjörn A. Hermannsson Byggið, Valmundur Valmundarson Sjómannafélaginu Jötni, Georg Páll Skúlason FBM, Lilja Sæmundsdóttir FHS.

Þorbjörn Guðmundsson gerði grein fyrir tilnefningum á aðalskoðunarmönnum og varaskoðunarmönnum reikninga. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir til 2016.

Aðalskoðunarmenn:

Eyrún Ingadóttir, VR, og Álfheiður Guðmundsdóttir, RSÍ.

Varaskoðunarmenn:

Þórður Ólafsson, Eflingu stéttarfélagi, og Einar Hjartarson FVSA.

Þingforseti bar upp tillögur landssambanda og félaga með beina aðild um fulltrúa í kjörnefnd til loka 42. þings ASÍ og var hún samþykkt með lófaklappi.

Gils Einarsson LÍV, Kristín Björnsdóttir LÍV, Ísleifur Tómasson RSÍ, Sigurrós Kristinsdóttir SGS, Kolbeinn Gunnarsson SGS, Ásgerður Pálsdóttir SGS, Þorbjörn Guðmundsson Samið, Níels S. Olgeirsson bein aðild, Konráð Alfreðsson SSÍ.

Jafnrétti er á ábyrgð okkar allra og allra hagar – Kynning á tveimur kvennaráðstefnum

Signý Jóhannesdóttir, fyrrverandi varaforseti ASÍ og formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar, og **Ólafía B. Rafnsdóttir**, nýkjörin fyrsti varaforseti ASÍ, gerðu grein fyrir tveimur kvennaráðstefnum sem haldnar voru sumarið 2014.

Á fjórða tug kvenna víðs vegar að úr verkalýðshreyfingunni mættu á fræðslu- og tengslaráðstefnuna „Hvað vilt'upp á dekk?“ dagana 5. og 6. maí 2014. Þetta er í fjórða skiptið sem ráðstefnan er haldin. Markmið „Dekksins“ er að efla konur innan hreyfingarinnar og styrkja tengslanet þvert á landssambönd og félög. Með yfirskrift ráðstefnunnar, „Illt vald verður sjaldan gamalt“, var lögð áhersla á mismunandi birtingarmyndir valds út frá sjónarhóli kvenna. Í boði voru áhugaverð erindi úr ýmsum áttum. Fjallað var um jafn ólík efni eins og aðstæður vinnukvenna á 18. öld og stöðu kvenpresta innan þjóðkirkjunnar í dag.

Afrakstur „Dekksins var ályktun sem send var miðstjórn ASÍ. Í henni kom

fram að nauðsynlegt væri að efla ungar konur til þátttöku í verkalýðshreyfingunni og styrkja þær konur sem þegar störfuðu innan hennar. Það yrði best gert með því að gefa þau skýru skilaboð að jafnréttismál væru á oddinum, að konur hefðu jafna möguleika og karlar innan hreyfingarinnar og að hún ræki fjölskylduvæna stefnu. Í ályktuninni var lögð áhersla á að ásýnd verkalýðshreyfingarinnar þyrfti að endurspeglar þá fjölbreytni sem væri á meðal félagsmanna og vera vettvangur jafnt fyrir konur sem karla. Jafnréttismál væru á ábyrgð okkar allra. Stefnt er að því að konur fjölmenni upp á dekk að ári, en þá verður þess sérstaklega minnst að 60 ár eru liðin frá fyrstu jafnlaunaráðstefnu ASÍ.

Nordiskt Forum var haldið dagana 12.–15. júní en þangað flyktust konur frá Norðurlöndunum. Talið er að hátt í 20 þúsund manns hafi sótt viðburði sem í boði voru og þar af um 360 manna hópur frá Íslandi.

Dagskráin var afar fjölskrúðug. Í boði voru listviðburðir, erindi og umræður. Ráðstefnusvæðið iðaði af lífi frá morgni til kvölds og vandasamt að velja atburði sem í boði voru á þessu hugmyndatorgi jafnréttis. Áherslan var að miklu leyti á konur og þeirra stöðu en karlmennska og þátttaka karla í jafnréttisumræðunni kom vissulega við sögu. Ánægjulegt var að sjá fjölda karla sem tók þátt því jafnrétti er allra hagar.

ASÍ ásamt systrasamtökum á Norðurlöndum stóð fyrir fundi þar sem rætt var um verkalýðshreyfinguna og femínismann en fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar tók framkvæmdastjóri SGS þátt í pallborðsumræðum. Einnig kynnti jafnréttisfulltrúi ASÍ Jafnlaunastaðalinn og tók þátt í pallborðsumræðu um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Tólf meginþemu voru gegnumgangandi í dagskránni og tók yfirlýsingin, sem samþykkt var í lokin, mið af þeim. Þessi þemu voru; kynjuð hagstjórn, heilsa kvenna og réttur til kynheilbrigðis, konur á vinnumarkaði, ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum, loftlagsbreytingar og sjálfbær þróun, umönnun og velferðarsamfélagið, friður og öryggi, stjórnmaláþátttaka og samfélagsþróun, kynjasamþætting á öllum sviðum, hælisleitendur og fólksflutningar, ný tækni og fjölmiðlar og loks framtíð femínismans á Norðurlöndum og hlutverk kvannahreyfinga.

Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt í Nordiskt Forum 2014 að þingið hafi verið einstaklega vel heppnað.

Að lokum var farið yfir vörður sem vert er að minnst. Verkakvinnafélagið Framsókn var stofnað 25. október 1914 og var haldið málþing 10. október á vegum Eflingar stéttarfélags, SGS, ASÍ og fleiri samtaka þar sem afmælisin var minnst. Á næsta ári eru nokkrir merkir viðburðir sem markað hafa tímamót í baráttusögu íslenskra kvenna; 60 ár eru frá fyrstu jafnlaunaráðstefnu á vegum ASÍ, 100 ár eru frá því konur – 40 ára og eldri – fengu kosningarétt, 40 ár eru

frá Kvennafríðeginum og árið 2016 eru 100 ár frá stofnun ASÍ. Þó að margt hafi áunnist í baráttunni um jafnrétti á vinnumarkaði eru ennþá óleyst verkefni og áskoranir sem verkalýðshreyfingin mun takast á við á næstu árum.

Þingforseti bað þá þingfulltrúa, sem fóru á Nordiskt forum, að standa upp og var þeim vel fagnað.

Velferð – sköpum grundvöll fyrir jöfn tækifæri

2. umræða og afgreiðsla

Sigurros Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar, byrjaði á því að óska nýkjörnum forsetum ASÍ til hamingju og í framhaldinu sagði hún að vinnulag og afrakstur þingsins væri einstaklega gott. Hún gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og sagði að þau hefðu verið mjög yfirgripsmikil og víðtæk og því hefði verið ákveðið að leggja fram þrjár tillögur til umræðu og afgreiðslu fyrir þingið. Fyrsta tillagan að ályktun er um heilbrigðismál og fór Sigurros yfir hana.

Þingforseti gaf orðið laust.

Páll Heiðar Magnússon, VM, sagði að þar sem verið væri að fjalla um heilbrigðismál þá teldi hann við hæfi að þingið lýsti yfir stuðningi við þá heilbrigðisstétt sem væri að fara í verkfall.

Kári Jónasson, Félagi leiðsögumanna, gerði athugasemd við þriðju málsgrein ályktunarinnar þess efnis að í stað þess að fjalla um „... nýju sjúkrahúsi ...“, þá standi „... nýjan Landspítala“. Einnig minnti hann á samtökin „Spítalinn okkar“ og hvatti þingfulltrúa til að ganga í samtökin.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um heilbrigðismál með yfirskriftinni „Höfnum tvöföldu heilbrigðiskerfi“ var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingfulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast þess að allir landsmenn hafi jafnan, óheftan aðgang að heilbrigðiskerfinu og geti sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og lyf óháð efnahag og búsetu.

Þingfulltrúar hafna alfarið tvöföldu heilbrigðiskerfi og benda á að nú þegar er sú staða uppi að efnaminna fólk þarf að neita sér um heilbrigðisþjónustu og lyf vegna kostnaðar á meðan þeir efnameiri geta keypt sér forgang og betri þjónustu. Með þessu er rofinn áratuga samfélagssáttmáli um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðiskerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum og nauðsynlegt er að forgangsraða í opinberum rekstri svo öllum verði aftur tryggð heilbrigðisþjónusta í fremstu röð. Til þess þarf m.a. að hefjast nú þegar handa við byggingu á nýjum Landspítala.

Lækka verður tafarlaust beina greiðsluþátttöku einstaklinga í heil-

brigðiskerfinu sem er komin út yfir öll þolmörk og eykur fjárhagslega og heilsufarslega misskiptingu.

Áherslur ASÍ:

- *Allir landsmenn hafi jafnan aðgang að bestu fánlegu heilbrigðisþjónustu*
- *Kostnaður sjúklinga komi aldrei í veg fyrir að fólk geti sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, lyf og hjálpartæki.*
- *Við höfnum alfarið tvöföldu heilbrigðiskerfi*

Verkefni:

- *Endurskoða þarf greiðsluþáttökukerfið í heilbrigðisþjónustunni með það að markmiði að setja þak á heilbrigðiskostnað fjölskyldna á hverju 12 mánaða tímabili.*
- *Til lengri tíma skal stefna að því að heilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls.*
- *Efla þarf heilsugæsluna, stytta biðtíma og tryggja öllum heimilislækni.*
- *Hefja þegar framkvæmdir við nýjan Landspítala.“*

Sigurros Kristinsdóttir gerði grein fyrir tillögu að ályktun um húsnæðismál.

Pingforseti gaf orðið laust.

Páll Heiðar Magnússon, VM, lýsti yfir ánægju sinni með ályktunina en fannst vanta farveg fyrir það fólk sem þegar hefur misst húsnæði sitt m.a. í hendur lífeyrissjóðanna.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, er almennt ánægður með skjalið, en „... koma þarf nú þegar á ...“ taldi hann ekki góða íslensku og benti á að það þyrfti að endurskoða orðalagið. Einnig sagði hann að í þeim hópi, sem hann hafi verið í, þá hefði umræða verið um skyldusparnað en saknaði þess að sjá það ekki í skjalinu. Fram kæmi í ályktuninni „... sparnað með skattaávilnun ...“ en við værum þegar með það í formi viðbótarlífeyrissparnaðar. Óskaði Finnbogi eftir að þetta yrði skoðað betur.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, byrjaði á að hrósa vinnu nefndarinnar. Sagðist hafa smá athugasemdir. Í upphafi málsgreina væru oft mismunandi hugtök um sama hlutinn; „þingfulltrúar, þingið, fulltrúar“. Rannveig spurði hvort hægt væri að samræma þetta.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, lýsti undrun sinni á því að í ályktuninni væri ekki rætt um okurvexti eða verðtryggingu. Hann sagði að um þá hluti væri umræðan í samfélaginu, um þessa okurvexti sem við byggjum við, spurði hvort þetta væri eitthvað sem ekki mætti ræða innan verkálýðshreyfingarinnar. Ragnar sagði að það eina sem kæmi fram í skjalinu væri að fjallað væri um „nýtt kerfi,,“ að það ætti ekki að taka á hinum raunverulega vanda.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verk-Vest, sagðist leggja fram breytingar-tillögu varðandi sparnaðarleiðir. Hann setti fram vísu og sagði það sérstaklega gert að áeggjan forsetans. „Í ASÍ málfræði gróinn er mosin, merkilegt nokk þá er taldist hún frosin, eitt er þó síst sem þykir nær víst, að forsetarnir verða nú kosin“.

Sverrir Albertsson, Afli Starfsgreinasambandi, kom upp sem fulltrúi í rit-nefnd og fór yfir þær athugasemdir sem þegar voru komnar varðandi orðalag ályktunarinnar og það sem þingfulltrúum þótti vanta þar inn. Hann sagði að það hefði verið unnið með þær niðurstöður, sem komu fram eftir hópavinnuna, og allar þær athugasemdir, sem fram hefðu komið nú, hefðu ekki verið áberandi á miðum úr hópastarfi. Taldi Sverrir að ályktunin þyrfti að vera þannig að það væri sátt um hana.

Benedikt Ragnarsson, VR, gagnrýndi í upphafi máls síns það vinnulag sem við var haft. Hann tók þátt í störfum vinnumarkaðsnefndar og hafði nefndin fengið þau skilaboð að vera ekki of harðorð í nefndarályktuninni þar sem aðrir hópar og nefndir yrðu mjög gagnrýnin. Sagðist ekki efa það að mörgum hefði liðið, líkt og honum, einkennilega með þessi skilaboð. Hann setti spurningu við fjármögnum um alla þá hluti sem gerðar væru kröfur um í ályktunum þingsins. Hann vissi ekki til þess að nein nefnd væri að störfum á þinginu sem ynni að tillögum um fjármögnun verkefna. Benedikt lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að taka á svartri atvinnustarfsemi. Ef það væri gert kæmi meira peningaflæði inn í kerfið og þá væri hægt að vinna að þeim verkefnum sem fram kæmu í ályktunum þingsins. Hann taldi að þingið ætti að álykta um svarta atvinnustarfsemi og verðtrygginguna.

Óskar Guðmundsson, VR, setti sínar athugasemdir fram í eftirfarandi vísu: „Toga, slíta, kýta, kvá, slíta sundur, líma. USÍB örflaga, hengilsháttur, ambaga, tím OK líma. Koma þarf nú þegar á, orðaröðun minni. Svo ek þurfi ei at kvá. Ok heill ek verð að sinni.“

Finnbjörn Hermannsson, Byggiðn, sagði að nú væri verið að fjalla um nefndarstörf nefndar sem bæri yfirskriftina „Velferð“. Hann sagðist hafa verið í nefnd sem hefði gert áferðarfallega ályktun sem hann kallaði „Félagsfræði 101“ sem snerist um það sem ASÍ á að gera. Þetta vildi hann sagt hafa um þá vinnu sem unnin var í vinnumarkaðsnefndinni. Finnbjörn sagðist hafa saknað þess í ræðu forseta í upphafi þings að hann fjallaði um starfsemi STARFs. Verkefni, sem hreyfingin hefði unnið að sl. þrjú ár með að markmiði að koma langtímaatvinnuleitendum aftur út á vinnumarkaðinn eða í virkni og sem hefði tekist einstaklega vel. Atvinnuleysi hefði minnkað en eftir sem áður hefði það sýnt sig að félagsmenn væru betur settir með þessa miklu nálægð við einstök stéttarfélög og taldi hann að í stað þess að draga saman þá ætti að auka og efla starfsemi STARFs. Óskaði hann eftir því að miðstjórn ASÍ tæki málið upp og

ályktaði um það. „Við eigum ekki að bíða eftir að Alþingi taki á málinu heldur á verkalýðshreyfingin að hafa frumkvæði.“ Hann lýsti yfir ánægju með fyrir-
liggjandi tillögur og það væri ekki hlutverk ASÍ að segja fólki hvernig lán það
ætti að taka til að fjármagna húsnæðis kaup sín, hvort sem það væru verðtryggð
eða óverðtryggð lán.

Páll Heiðar Magnússon, VM, ítrekaði að þeir sem hefðu misst húsnæði sitt
væru ekki í sömu stöðu og aðrir, þar sem þeir færu á „svartan lista“ og ættu því
erfiðara með að fjármagna húsnæðis kaup. Hann sagðist vera búinn að ræða við
frummælanda ályktunarinnar og þau komist að samkomulagi um orðalag.

Sverrir Albertsson, Afli Starfsgreinasambandi, gerði grein fyrir þeim
breytingum sem gerðar hefðu verið á tillögunni eftir umræðurnar. Athugasemd-
irnar væru eingöngu orðalagsbreytingar og ritnefnd tilbúin að senda þetta frá
sér. Að lokum sagði Sverrir að í sambandi við starfsemi STARFs þá muni Afl
berjast fyrir áframhaldandi starfi STARFs þar sem það hefði gengið einstak-
lega vel.

Pingforseti sagði að beðið yrði með að greiða atkvæði um ályktunina þar
til ritnefnd hefði gert þær breytingar sem fram hefðu komið í umræðum.

Sigurrós Kristinsdóttir gerði grein fyrir tillögu að ályktun um mennta-
mál.

Pingforseti gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, byrjaði á því að óska nýkjörnum forsetum
til hamingju með kjörið og vonaðist til að þeim vegni vel í þeim átökum
sem framundan eru. Hann sagðist vera huggi yfir þeim ályktunum sem fram
hefðu komið á þinginu. Allar kröfur beindust að stjórnvöldum og sjálfsagt
væri að veita stjórnvöldum aðhald en engar kröfur beindust að okkar aðal-
viðsemjendum, atvinnurekendum. Hvað með vandamál okkar? Hvað með
lífeyrissjóðina, þar sem mikil skerðing hefði verið á réttindum fólks og líf-
eyrissjóðirnir þyrftu meira fjármagn. Skerðing á kjörum öryrkja og fleira.
Vilhjálmur spurði af hverju þessi mál væru ekki til umræðu á þinginu.
Hann sagðist sakna þess að þingið gæfi SA ekki sterk skilaboð rétt fyrir
kjarasamningsviðræður.

Pingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um menntamál var samþykkt samhljóða.

*„Tækifæri til menntunar er grundvöllur að virkri þátttöku á vinnumarkaði
og í samfélaginu. Aðgengi allra að menntun er eitt öflugasta tæki sem við
höfum til að auka jöfnuð og tryggja félagslega aðlögun.“*

*41. þing Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim niðurskurði
sem stjórnvöld boða í framhaldsskólakerfinu, m.a. með fækkun á nem-
endaígildum og aldursmismunun sem takmarkar mjög aðgengi þeirra sem*

orðnir eru 25 ára að framhaldsskólanum. Þessi stefna bitnar hart á þeim sem hafa hvað minnsta menntun, fækkar tækifærum þeirra og eykur kostnað nemenda til muna.

Boðaðar breytingar ganga þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að fjölga þeim sem lokið hafa framhaldsskólamenntun á vinnumarkaði og vinnur gegn jafnrétti til náms. Því krefjast þingfulltrúar þess að menntamálaráðherra endurskodi nú þegar fyrirhugaðar breytingar.“

Eftirfarandi ályktun um menntamál með yfirskriftinni „Efndir ekki nefndir“ var samþykkt samhljóða.

„Aðgangur að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi – ekki forréttindi. Stórir hópar í okkar samfélagi eru utanveltu á húsnæðismarkaði, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði. Þingfulltrúar krefjast því tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum.

Nú þegar þarf að koma á húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og húsaleigubóta sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og kaupendur húsnæðis. 41. þing ASÍ telur að um þetta hafi verið rætt nógu lengi og krefst athafna nú þegar.

Þingið krefst þess að ríki og sveitarfélög skapi nú þegar hagstæðari umgjörð fyrir uppbyggingu almennra húsaleigufélaga sem bðið geta öruggt framtíðarhúsnæði.

Þingfulltrúar krefjast þess að stjórnvöld setji þegar í stað verulegt fjármagn í uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði sem geri lágtekjufólki kleift að búa við húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum.

Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir heimilum hagstæðari fjármögnun íbúðarhúsnæðis og dreifir áhættu við efnahagsáföll með réttlátari hætti milli lántakenda og lánveitenda. Leita þarf leiða til að auðvelda ungu fólki að eignast húsnæði. Þetta má m.a. gera með því að hvetja til sérstaks húsnæðissparnaðar með skattaávilnun.

Verkalýðshreyfingin hefur löngum haft forgöngu um lausnir í húsnæðismálum. Alþýðusamband Íslands hefur þegar lagt fram útarlegar tillögur í húsnæðismálum og bent á leiðir til úrbóta.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflöknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflöksins. Til þess eru stjórnámálamenn kosnir.

Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast úrbóta nú þegar

Því margir félagar okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki bæði lengur. Ekki fleiri nefndarfundir, nú er kominn tími á efndir.“

Kaup og kjör – Sköpum verðmæti til að ná fram jöfnuði

2. umferð og afgreiðsla

Sigurður Bessason, formaður efnahags- og skattanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar sem hann sagði að hefðu verið mjög góð og gefandi. Fjallað var um kaupmátt til framtíðar og lífeyrissjóðsmálin en þegar ritnefnd var að vinna ályktanirnar fannst þeim vanta ályktun um stöðu kjaramála, ekki síst þar sem á fyrsta degi þingsins hafi formenn komið í pontu og lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu kjaramála. Því var tillaga þar að lútandi gerð. Nefndin skilaði af sér þremur tillögum að ályktun: Sú fyrsta fjallar um stöðu kjaramála, næsta fjallar um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar og þriðja tillagan fjallar um launakjör stjórnenda. Einnig sagði Sigurður að miklar umræður hefðu verið í nefndinni og Vilhjálmur Birgisson, VLFA, hefði gert tillögu að breytingu á ályktuninni. Í heildina snerist hún um orðalag á einni setningu sem hann muni gera grein fyrir. Því næst las Sigurður tillögu að ályktun um stöðu kjaramála. Í framhaldi gerði hann grein fyrir orðunum, „...á liðnu ári.“ En umræðan hefði snúist um hvort ætti að hafa „árið“ í eintölu eða fleirtölu. Rök Sigurðar að hafa „ár“ í eintölu voru þau að í kjarasamningum í ár hafi mikill mismunur verið á þeim kjörum sem fólk fékk fyrir sambærileg störf. Því næst las hann upp tillögu að ályktun um stöðu kjaramála.

Þingforseti gaf orðið laust.

Sigurður Bessason taldi það óviðeigandi að fara í umræðu um tillöguna þar sem ekki var búið að dreifa breytingartillögu Vilhjálmur Birgissonar til þingfulltrúa. Því var ákveðið að hann gerði grein fyrir næstu tillögu.

Sigurður Bessason gerði grein fyrir tillögu að ályktun um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar. Við vinnu að þeirri ályktun var ekki samhljómur í nefndinni og því koma þar einnig fram breytingartillögur sem gerð verður grein fyrir síðar. Því næst las Sigurður upp tillögu að ályktun um uppbyggingu kaupmáttar og gerði um leið grein fyrir þeim skoðanaskiptum sem voru í nefndinni. Fram kom í máli Sigurðar að ágreiningur hefði verið um þær áherslur ASÍ sem taldar eru upp í tillögunni. Hann sagði að þau atriði, sem ágreiningur hefði verið um, væru: verðtryggingin, námslán og hvort lægstu laun dygðu til lágmarksframsælsu.

Þingforseti sagði að á meðan verið væri að dreifa tillögum um breytingar á tillögu að ályktun um kaup og kjör til þingfulltrúa þá muni þriðja tillaga nefndarinnar verða kynnt.

Sigurður Bessason gerði grein fyrir tillögu að ályktun um launakjör stjórnenda.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, gerði grein fyrir af hverju hann væri ekki sammála því sem fram kæmi í tillögu nefndarinnar. Hann sagðist hræðast ákveðið orðalag og teldi það vegvísi að nýrri samræmdri launastefnu. Hann sagði að með því að samþykkja núverandi orðalag ályktunarinnar þá væri þingið að leggja línur fyrir komandi kjarasamninga. Hann sagði að þó svo að stéttarfélagin hefðu samningsumboðið þá væri með þessu orðalagi verið að gefa skýrar línur hver krafan væri í komandi kjarasamningum. Vilhjálmur sagði að frá árinu 2000 hefðu laun samkvæmt samningi SGS og SA hækkað um 64%, neyslúvísitalan og/eða verðbólgan væri 116% sem þýðir að kaupmáttarskerðing er töluverð á þessum tíma hjá þeim sem eingöngu hafa fengið hækkun samkvæmt kjarasamningi. Þó vildi hann taka fram að lægstu launin hefðu hækkað meira. Það er kaupmáttaraukning hvað varðar lægstu launin en launavísitalan hefði hækkað um 161% frá árinu 2000.

Breytingartillagan leggur til að önnur málsgrein þingskjalsins breytist þannig að í stað orðanna „... þann mun á launapróun sem varð til í kjarasamningum mismunandi hópa á liðnu ári ...“ komi „... það óréttlæti og þá misskiptingu sem viðgengist hefur um alllanga hríð ...“.

Því næst sagði Vilhjálmur að nauðsynlegt væri að þingið sendi frá sér sterk skilaboð til viðsemjenda okkar sem eru atvinnurekendur, ekki bara að gagnrýna stjórnvöld. Að lokum vísaði hann í ræðu sína frá upphafi þings þar sem hann fór yfir þann árangur sem VLFA náði í tengslum við kjarasamninga félagsmanna á Grundartanga.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, lýsti ánægju sinni með tillöguna um stöðu kjaramála. Hann sagði að á sínum ferðalögum milli stjórna aðildarfélaga ASÍ þá gætti ákveðins þirringa vegna stöðu kjaramála. Einnig vildi hann leggja áherslu á að samþykktar ályktanir þings ASÍ hefðu að sjálfsögðu áhrif á málflutning forystunnar. Á þingum væri ákvörðuð stefna samtakanna í einstökum málum og að sjálfsögðu væri það skylda forystunnar að fylgja þeim eftir. Gylfi sagði að það væri verkefni verkálýðshreyfingarinnar að berjast gegn óréttlæti og misrétti. En það væri mikilvægt að þingið kvæði skýrt á um það hvort halda ætti áfram að gagnrýna það sem fór fram sl. vor, það væri mikilvægt að forystan fengi um það skýr skilaboð. Einnig sagði hann að það væri rétt að þróun undanfarinna ára eða áratuga gæfi lakari mynd en launavísitala hagstofunnar. Að lokum sagði hann að áhrif hreyfingarinnar væru víðtækari en bara á almenn laun, áhrifanna gætti víðar en í því sem kæmi fram í almennum samningum.

Gert var hlé á þingstörfum og gefið kaffihlé klukkan 15:10.

Þingstörf héldu áfram klukkan 15:40.

Þingforseti gaf orðið laust.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afli Starfsgreinafélagi, lýsti yfir stuðningi

við tillöguna um kaup og kjör og samræmda launastefnu enda hefði hún skilað þeim sem hefðu lægstu taxtana meiri kjarabótum en þeim sem meira hefðu. Einnig ræddi hún breytingartillöguna sem fram hefði komið um að leggja áherslu á „allanga hrið“ í staðinn fyrir „á liðnu ári“. Með því að samþykkja breytingartillöguna fannst henni verið að draga úr vægi ályktunarinnar. Einnig fannst henni að með þessu væri gerð krafa um að leiðrétting kæmi fram áður en farið væri inn í kjaraviðræður.

Finnbjörn Hermannsson, Byggingar, hafði um tillögu um ályktun um kaup og kjör það að segja að nú síðast hefðu verið gerðir aðfarasamningar að öðru og meiru. Markmiðið hefði verið að byggja upp stöðugleika fyrir komandi ár. Samningarnir skiluðu okkur lífelli verðbólgu sem sannarlega hefði komið til góða og ættum við því ekki að vera að tala síðustu samninga niður heldur vera ánægð og byggja ofan á þá. Finnbjörn sagði varðandi samræmdu launastefnuna að „jú!“ – lægstu hópar hefðu hækkað innan iðnaðarmannasamfélagsins sem væri almennt millitekjuhópur. Þá væru þar einnig lægst launuðu hóparnir og þeir hefðu ekki fengið þær kjarabætur líkt og aðrir, þannig að stundum ætti samræmd launastefna við og stundum ekki. Hann hafnaði því að sínir félagar mundu samþykkja einhvers konar baksýnispegl í komandi kjarasamningum.

Óskar Guðmundsson, VR, taldi að þingið væri að hjakka í sama farinu og fór með eftirfarandi vísu því til stuðnings: „*Víst það getur alla hent, að tala mál er þykir klént, en þing eftir þing, hring eftir hring, eldgamla platan „burt verðtrygging“.* Er það gleymt sem oss var kennt. *Punga mál, atkvæði greitt, mögur beinin, ekkert feitt. Sama gamla „popp og kók“.* Sami skítur, sama brók. Já, lítið þróast ekki neitt.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, byrjaði á því að óska nýkjörnum forsetum til hamingju með kjörið og hlakkaði til samstarfsins. Hann sagðist hafi verið í nefndinni sem fjallaði um kjaramálin og þar hefðu skapast líflegar umræður. Hann taldi tillöguna góða og ítrekaði að hreyfingin vildi að sjálfsögðu fá leiðréttingar fyrir sitt fólk. Hann sagði að í ályktuninni kæmi fram óánægja okkar með síðustu kjarasamninga og það væri vísað í síðustu kjarasamninga í ályktuninni. Hann taldi að okkar hópar vilji fá leiðréttingu innan samningsins. Hann sagði að það væru ákveðnir hópar innan RSÍ sem ekki hefðu fengið þær hækkningar sem þeim bæri, líkt og hann hefði nefnt í sínum málflutningi í gær. Þrátt fyrir það þá stýddi hann tillöguna, eins og hún kom frá nefndinni, þar sem það hefði náðst nokkuð góð sátt um hana þrátt fyrir miklar umræður.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, byrjaði á því að óska nýkjörnum forsetum til hamingju með kosninguna. Hann lýsti yfir ánægju sinni yfir tillögu að ályktun um kaup og kjör. Hann taldi þingskjalið stutt og skorinort og sá ekki ástæðu fyrir því af hverju ekki mætti senda ríkisstjórninni tóninn. Hann taldi tillögu nefndarinnar skýrari en það sem fram kæmi í breytingartillögunni. Björn

sagði að við kröfugerð næstu samninga þá gætum við rætt það óréttlæti sem við hefðum orðið fyrir og í skjalinu kæmu fram skýr skilaboð um að ef við fengjum ekki okkar fram í næstu samningum þá værum við tilbúin að fara í átök.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, byrjaði á því að segja að það hefði komið fram hjá forsetanum að ályktanir þingsins stýrðu umræðunni. Hann dró verulega í efa að það væri hægt að samþykkja á þessu þingi, hvernig ganga skyldi í næstu samninga. Umboðið væri hjá félögunum, það væri að hefjast vinna við undirbúning kjarasamninga og það yrði ákveðið hjá stéttarfélögunum, ekki á þinginu. Að lokum fjallaði Vilhjálmur um lágmarkslaun og hvernig tölur geti blekkt, þar sem lágmarkslaun geti aldrei dugað fyrir lágmarksframfærslu, hvernig sem þau eru skoðuð.

Guðbrandur Einarsson, VS, byrjaði í upphafi að lýsa yfir stuðningi við tillögu að ályktun um kaup og kjör. Því næst fjallaði hann um samræmda launastefnu og af hverju sú leið var farin. Hann minnti þingfulltrúa á að árið 2008 hefði verið hrun hér á landi og taldi að í dag væri gert lítið úr því að Ísland varð gjaldþrota, þá töpuðum við kaupmætti um tugi prósent, það sem hefði áunnist hefði horfið á einni nóttu og meginástæðan hefði verið að gjaldmiðillinn hrundi. Samræmd launastefna hefði orðið til þegar ákveðið var að allir sem töpuðu ættu að fá eitthvað til baka. Til að ná því til baka sem við töpuðum þá þyrfti að sjá til þess að krónan styrkist; á þeim forsendum væri hann hlynntur samræmdri launastefnu.

Sigurður Bessason, Eflingu, byrjaði á því að lýsa ferli síðustu kjarasamninga þar sem fyrst hefði verið samþykktir samningar á almenna markaðinum síðan hefði Reykjavíkurborg komið í kjölfarið og þar á eftir háskólaumhverfið sem gerði kröfu um leiðréttingu, vildi fá leiðréttingu miðað við hækkun lægstu launa, sem hefðu átt sér stað, og fengu háskólamenn það í gegn. Ástæða fyrir þessu orðalagi í tillögunni byggði á þeirri reynslu. Sigurður vildi leita leiða og finna sátt milli þeirra sem styðja tillögu nefndarinnar og þeirra sem styðja breytingartillöguna.

Því næst las Sigurður upp tillöguna með breytingum og óskaði eftir að flutningsmaður færi yfir breytingarnar.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, sagðist sáttur við þær breytingar sem fyrir lægju á tillögu að ályktun um kaup og kjör. Vilhjálmur lagði ríka áherslu á að hann myndi aldrei samþykkja þær prósentuhækkanir sem hagdeild ASÍ legði til að yrði sú prósentutala sem væri notuð í kjarasamningum. Vilhjálmur sagðist samþykkja þessa breytingartillögu en með þeim athugasemdum sem fram hefðu komið í máli hans.

Sigurður Bessason, Eflingu, þakkaði frummælenda fyrir breytingartillögunnar og sagði að lokum að það væri sannarlega sammerkt öllum formönnum aðildarfélaga ASÍ að kjarasamningsumboðið væri heima hjá félögunum.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um stöðu kjaramála var samþykkt samhljóða.

„41. þing ASÍ harmar þá stöðu sem upp er komin á íslenskum vinnumarkaði. Sjaldan eða aldrei hafa kjarasamningar skilað jafn ólíkum launahækkunum og á yfirstandandi ári. Á sama tíma og gerð er krafa til almenns launafólks að halda aftur af kröfum sínum til að koma á stöðugleika hafa birst í fjölmíðlum fréttir af miklum launahækkunum margra stjórnenda í fyrirtækjum ofan á gríðarlega há laun. Þá hefur ríkisstjórnin boðað aukinn ójöfnuð og skerðingar á réttindum og kjörum launafólks í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015.

41. þing ASÍ krefst þess að atvinnurekendur leiðrétti þann mun á launabróun sem varð til í kjarasamningum mismunandi hópa sem er hluti af því óréttlæti og misskiptingu sem viðgengist hefur um allanga hríð. Þá er þess krafist að stjórnvöld dragi til baka þær skerðingar á réttindum og kjörum launafólks sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpinu.

Sjái viðsemjendur okkar sem og ríkisvaldið ekki að sér er ljóst að það stefnir í erfðar kjaraviðræður upp úr áramótum og átök á vinnumarkaði.“

Þingforseti vísaði til þess að Sigurður Bessason hefði þegar lesið upp tillögu að ályktun um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar og þá hefði komið fram að þegar hafi nokkrar breytingartillögur legið fyrir og bauð frummælendum að gera grein fyrir breytingartillögunum.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, gerði grein fyrir tillögu sinni að í stað þess að standi „...að hækka lægstu laun sérstaklega...“, komi „... að þau dugi til lágmarksframfærslu ...“. Einnig gerði Vilhjálmur grein fyrir breytingartillögu sinni við sömu ályktun að í stað orðanna „... að lækka vexti og draga úr vægi verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum ...“ komi „... að afnema verðtryggingu af neytenda- og húsnæðislánum og setja þak á vexti...“. Hann lagði ríka áherslu á að þingið samþykkti tillöguna og sendi frá sér skýr skilaboð um að afnema verðtrygginguna og setja þak á þá okurvexti sem eru við lýði hér á landi.

Elva Hrönn Hjartardóttir, VR, gerði grein fyrir tillögu sinni sem fjallaði um áherslu á gildi fjölskyldunnar en henni fannst sú umræða ekki hafa farið hátt á þinginu. Hún vildi bæta við einni málsgrein þar sem taldar eru upp helstu áherslur ASÍ og þar standi. „Að ASÍ ítreki mikilvægi þess að samfélagið taki auknið tillit til fjölskylduábyrgðar og veiti fjölskyldufólki sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf m.a. með styttingu vinnuviku án skerðingar afkomu. Þannig fáum við fjölskylduvænt samfélag.“ Hún benti á ályktun frá ASÍ-Ung sem var eitt af þingskjölunum í þingmöppum og sagði

hún að breytingartillagan væri í takt við þá ályktun. Að lokum sagðist Elva Hrönn vera fulltrúi ungs fólks og tala fyrir hönd þeirra sem kepptust við að eiga ofan í sig og á en á sama tíma að eiga gæðastundir með börnum og fjölskyldu.

Pingforseti gaf orðið laust um tillögu um ályktun um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar.

Georg Páll Skúlason, FBM, byrjaði á því að óska forsetum til hamingju með kosninguna og einnig óskaði hann nýjum miðstjórnarfulltrúum til hamingju. Hann sagðist vera sammála tveimur af þessum þremur breytingartillögum, þ.e. að lægstu laun hækki þannig að þau dugi til lágmarksframfærslu annars vegar og svo tillagan um fjölskyldugildin. Hann sagði að FBM hefði haft það að markmiði í langan tíma að stytta vinnuvikuna og sagði hann að á því væri vaxandi áhugi almennt í verkalýðshreyfingunni. Einnig sagði hann að það lægju fyrir drög að þingsályktunartillögu um styttingu vinnuvikunnar og það væri gott að verkalýðshreyfingin hefði samherja í því máli. Þó sagði hann að krafan um styttingu vinnuvikunnar og samþætting vinnu- og einkalífs væri víðtæk krafa og þyrfti að skoða málið í heildarsamhengi. Aftur á móti var hann ekki sammála tillögunni um að afnema verðtryggingu og setja þak á vexti, taldi að það væri ekki hægt að gera það með handaflí, því að sjá verði fyrir endann á því hvað á að koma í staðinn.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afli Starfsgreinafélagi, fjallaði fyrst um breytingartillöguna um lágmarksframfærslu. Með þessari breytingartillögu finnst henni að verið væri að senda skilaboð til velferðarráðuneytis um að stjórnvöld komi inn í kjarasamninga. Vardandi afnám verðtryggingar þá sagði hún að fram hefði komið í nefndarstörfum fyrir í dag að verðtryggð lán séu hagstæðari en óverðtryggð. Á þá að fara að banna þau? spyr hún. Hún sagði að lokum að hún styddi breytingartillöguna um að bæta við áherslu um fjölskyldugildin.

Óskar Guðmundsson, VR, mælti með öllum breytingartillögnum. Fór síðan yfir neysluviðmið stjórnvalda í samhengi við breytingartillögu þess efnis.

Dagný Aradóttir Pind, RSÍ, þakkaði í upphafi fyrir gott þing, sagði þetta vera sitt fyrsta þing og einnig óskaði hún nýkjörnum forsetum til hamingju. Hún gerði athugasemd við orðalag í tillögunni þar sem fjallað er um launamun kynjanna.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, fjallaði um breytingartillögurnar. Í upphafi tók hann fyrir tillöguna er fjallar um fjölskylduábyrgð. Taldi hann mikilvægt að leggja áherslu á ungt fólk og einnig studdi hann orðalagsbreytingarnar sem fram komu í máli fyrri ræðumanns. Aftur á móti var hann á móti breytingartillögunni sem fjallar um afnám verðtryggingarinnar. Sagði

hann að þetta hefði verið til umræðu á fyrri þingum og að við gætum ekki komið með slíkar ályktanir þar sem verðtryggð lán gerðu ungu fólki og lágtekjufólki mögulegt að kaupa húsnæði. Einnig taldi hann að krafan um að setja þak á vexti væri óraunhæf.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagði í upphafi máls að hann samþykkti tillöguna um fjölskyldugildin; einnig sagðist hann samþykkja breytingartillöguna sem fjallar um lægstu launin. Hann sagði ASÍ vera ráð- og rökprota í umræðunni um verðtrygginguna. Í tillögunni væri einnig gerð krafa um að þak sé sett á vexti. Hvaða skilaboð ætlum við að senda út með nýju forystunni, ætlum við að senda út sömu skilaboðin og við höfum gert ár eftir ár? spurði hann. Hann taldi að það yrði að kippa verðtryggingunni úr sambandi og setja þak á vexti, öðruvísi næðist ekki stöðugleiki. Að lokum spurði Ragnar Þór hvort það ætti að sitja enn eitt þingið þar sem ekki væri tekið á verðtryggingunni.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, segist vera sammála fyrir ræðumanni sem vísaði í verðtrygginguna. Hann hefði setið í nefnd sem fjallaði um afnám verðtryggingar og það hefði aldrei hvarflað að honum að afnema verðtrygginguna nema setja þak á vexti. En grundvallaratriðið í hans breytingartillögu væri að verðtrygging verði afnumin og um leið sett þak á vexti. Hann sagði frá því að mál væri í gangi hjá EFTA- dómstólnum þar sem verðtryggt neytendalán væri undir en það lán væri með 10,8% vöxtum. Hann sagði að flest húsnæðislán, sem væru verðtryggð, væru með milli 4–6 % vexti en í nágrannalöndum okkar væru húsnæðislán með á milli 2–4% vexti og óverðtryggð. Því næst hélt hann áfram að fara yfir fyrri sjónarmið sín um að afnema skyldi verðtryggingu. Að lokum ítrekaði hann að það vantaði tugi þúsunda upp á að lágmarkslaun dygðu fyrir lágmarksframsferlu.

Sigurður Besson, Eflingu, fór yfir þær efnislegu breytingartillögur, sem lágu fyrir og tillögur um breytingu á texta.

Þingforseti tók til afgreiðslu breytingartillöguna þar sem stendur „... að afnema verðtryggingu af neytenda- og húsnæðislánum og setja þak á vexti ...“.

Tillagan var felld með 106 atkvæðum gegn 88.

Þingforseti fór yfir þær breytingartillögur og orðalagsbreytingar sem til laga var um í tengslum við tillögu að ályktun um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar. Í framhaldinu bar þingforseti ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar var samþykkt samhljóða.

„Í komandi kjarasamningum stöndum við frammi fyrir fjölmörgum áskorunum. Við höfum lengi búið við veikan og óstöðugan gjaldmiðil, meiri og

Þrálátari verðbólgu en nágrannalöndin. Launamunur kynjanna er ósættanlegur og okkur hefur ekki tekist að halda í við féлага okkar annars staðar á Norðurlöndum í uppbyggingu kaupmáttar.

Við ásamt öðrum heildarsamtökum á vinnumarkaði og stærstu samtökum atvinnurekenda ræddum síðasta vetur um möguleikann á að leggja grunn að sambærilegri kjara- og efnahagsþróun og er annars staðar á Norðurlöndum þar sem áherslan er lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægum en öruggum skrefum til lengri tíma án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnugreinanna. Til þess að ná þeim markmiðum þurfti traust milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar, breiða sátt um launastefnu og trúverðuga efnahagsstefnu. Þegar á reyndi voru þessar forsendur ekki til staðar.

Að loknum kjarasamningum um síðustu áramót tóku stjórnvöld og atvinnurekendur upp nýja launastefnu gagnvart mörgum hópum. Sú nýja launastefna fól í sér allt aðrar og meiri launahækkanir en áður hafði verið samið um. Þessi staðreynd hefur kallað á sterk viðbrögð og kröfur um að þessi munur verði jafnaður áður en lengra verður haldið á þessari braut.

Áherslur ASÍ:

- *Að skapa breiða sátt og samstöðu um uppbyggingu kaupmáttar til lengri tíma*
- *Að lagður verði traustur grunnur að efnahagslegum stöðugleika þannig að hægt verði að byggja upp aukinn kaupmátt*
- *Að mótuð verði skýr stefna til langs tíma um framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar þar sem áherslan verður lögð á stöðugt gengi*
- *Að lækka vexti og draga úr vægi verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum*
- *Að sá kaupmáttur sem samið er um í kjarasamningum verði varinn t.d. með rauðum strikum*
- *Að hækka lægstu laun þannig að þau dugi til lágmarksframfærslu*
- *Að persónuafsláttur verði hækkadur með það að markmiði að auka ráðstöfunartekjur launafólks*
- *Að ASÍ ítreki mikilvægi þess að samfélagið taki aukið tillit til fjölskylduábyrgðar og veiti fjölskyldufólki sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf m.a. með styttingu vinnuviku án skerðingar afkomu. Þannig fáum við fjölskylduvænt samfélag.”*

Pingforseti gaf orðið laust um tillögu um þingskjal um launakjör stjórnenda.

Páll Heiðar Magnússon, VM, spurði: Hvað eru ofurlaun? Hann lagði til að enginn gæti verið með hærri laun á mánuði en almenn árslaun.

Borsteinn Gunnarsson, MATVÍS, lýsti yfir undrun sinni á hinum harða tóni sem væri í tillögunni. Samkvæmt þeirri umræðu sem hefði verið í hans hópi þá virtust allir vera sammála að ekki ætti að spyrða saman umræðu um lífeyrissjóði og launamál forstjóra. Hann ítrekaði að hann væri sammála þeim sem ofbjóða ofurlaun forstjóra en taldi varhugavert að tengja það við laun forstjóra lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir eiga að sjá til þess að hámarka eignir sjóðanna og sjá til þess að við hefðum það bærillegt þegar við hættum að vinna. Þetta snúist um að hámarka eignir lífeyrissjóðanna. Við gætum ekki sett hömlur á sjóðina, eins og fram kæmi í tillögunni, þar sem krafa væri um að ekki ætti að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem laun forstjóra væru þannig að þau misbjóði siðferðisvitund almennings. Meðan við gætum ekki fjárfest erlendis þá væru fjárfestingarmöguleikar sjóðanna mjög takmarkaðir. Hann lagði til að kosið yrði um tillöguna með einföldu já- eða nei-atkvæðagreiðslu.

Óskar Guðmundsson, VR, ræddi um hvort launapak fæli frá eða hvort laun mæli árangur, en það taldi hann ekki vera. Mælti hann með að það yrði tekið á þessu máli strax í vor. Hann sagði frá tillögu, sem hann væri einn af aðalflutning-smönnum á í sínum lífeyrissjóði, en þar væri gert ráð fyrir að miða við hlutfall hæstu og lægstu launa þegar ákvörðun um laun forstjóra væri tekin.

Halldóra Sveinsdóttir, Bárinni stéttarfélagi, taldi mikilvægt að það kæmi skýrar fram í tillögunni í síðustu setningunni að verið væri að styðja við bakið á fulltrúum launafólks í stjórnnum lífeyrissjóðanna.

Benedikt Ragnarsson, VR, sagði að það hefði verið umræða í sínum hópi um hvar og hvort lífeyrissjóðirnir gætu fjárfest hér á landi. Þar sem það möguleikar sjóðanna hér á landi væru takmarkaðir vegna gjaldeyrishafta sagðist hann vera sammála þeim sem legðu til að við felldum tillöguna. Benedikt sagði að lokum að við ættum að treysta okkar fulltrúum í stjórnnum lífeyrissjóðanna til góðra verka.

Sigurður Bessason, Eflingu, fór yfir þær athugasemdir sem komu fram í umræðum þingfulltrúa. Hann vildi ítreka að þegar væri byrjað að skrifa síðar-egluglur inn í reglur lífeyrissjóðanna og taldi þessa ályktun vera til stuðnings fyrir okkar fólk sem situr í stjórnnum sjóðanna fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar. Þessi ályktun væri bakland þeirra.

Þingforseti fór yfir þær orðalagsbreytingar sem tillaga var um í tengslum við tillögu að launakjörum stjórnenda. Í framhaldi bar þingforseti ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um launakjör stjórnenda var samþykkt með meginþorra atkvæða.

*„Launabilið í samfélaginu hefur breikkað á síðustu árum og laun og bónus-
ar stjórnenda fjölmargra fyrirtækja eru gríðarlega há og úr öllu samhengi*

við það samfélag sem við búum í. Á slíkt getur verkalýðshreyfingin aldrei fallist.

Lífeyrissjóðir launafólks eru stórir eigendur í fjölmörgum fyrirtækjum. Hlutverk sjóðanna er að tryggja hámarksávöxtun á lífeyrissparnað almennings að teknu tilliti til áhættu og með langtímahagsmuni sjóðsfélaga í fyrirrúmi. Á sama tíma er mikilvægt að sjóðirnir séu ábyrgir hluthafar og beiti áhrifum sínum til þess að tryggja bæði að samfélagsábyrgð og siðferði sé viðhaft innan þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Þannig geta sjóðir tekið ákvörðun um að fjárfesta ekki í fyrirtækjum þar sem laun æðstu stjórnenda eru það há að þau misbjóði siðferðisvitund alls almennings. Þessu verkfæri hafa sjóðirnir beitt og eiga að beita í auknum mæli.

Áherslur ASÍ:

- Að lífeyrissjóðir yfirfari og skerpi á eigendastefnum sínum þannig að sjóðirnir verði betur í stakk búnir til að bregðast við ofurlaunum æðstu stjórnenda fyrirtækja.
- Að lífeyrissjóðirnir fylgi eigendastefnum sínum fast eftir og kynni þær opinberlega þannig að stjórnnum fyrirtækja á markaði megi vera ljóst að ekki verði fjárfest í fyrirtækjum þar sem ofurlaun viðgangast.
- Að hvetja til þess að fyrirtæki setji sér opinbera stefnu varðandi launakjör æðstu stjórnenda til þess að lífeyrissjóðir geti metið mögulega fjárfestingakosti í samræmi við eigendastefnur sínar og siðareglur.

Hlutverk ASÍ:

- Að samræma sjónarmið innan verkalýðshreyfingarinnar í þessum málaflökki.
- Að styðja við bakið á fulltrúum launafólks í stjórnnum lífeyrissjóða með opinni og upplýstri umræðu um mótun á eigendastefnum sem og eftirfylgni þeirra.“

Önnur mál

Kristinn Örn Jóhannsson, VR, kvaðst vísa í þá tillögu, sem hann kynnti á fyrsta þingdegi, um fýsileika þess að verkalýðshreyfingin gefi út sameiginlegt dagblað stéttarfélaganna. Tillagan og greinargerð með henni skýrðu sig að mestu sjálfar. Sagðist hann jafnframt vilja að forysta ASÍ myndi koma á fót „think-tank“, eða þankatanki sem ætti að gera greiningar o.þ.h. og almennt að stuðla að því að gera samfélagsumræðuna uppbyggilegri, byggða á góðum gögnum og faglegu áliti.

Benedikt Ragnarsson, VR, kvaddi sér hljóðs og sagði það sína skoðun að fremur ætti að stefna að stofnsetningu vefmiðils frekar en útgáfu dagblaðs.

Hjalti Tómasson, Bárúnni, kvaðst lengi hafa velt fyrir sér hvernig verkalýðshreyfingin gæti komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Sagði hann það sína skoðun að verkalýðshreyfingin ætti að reka öfluga fréttastofu til að koma málefnum hreyfingarinnar á framfæri.

Þingforseti bar upp tillögu Kristins Arnar sem var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Með vísan í framangreint var því eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Miðstjórn ASÍ kanni fýsileika þess að verkalýðshreyfingin sameinist um útgáfu fréttablaðs og haldi úti fréttavef sambærilegu við „Bændablaðið“ og skyldan vef þess með sambærilegri útgáfutíðni og dreifingu.“

Óskar Guðmundsson, VR, bar upp spurningu þess efnis hvort á formannafundi á þessu ári hefðu verið kynntar niðurstöður skoðanakönnunar þar sem fram hefði komið að traust á ASÍ væri mjög lítið.

Stefán Ólafsson, FBM, kvaðst vilja gera tillögu til miðstjórnar um að fulltrúi frá ASÍ-UNG verði skipaður í næstu stjórn Félagsmálaskólans.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, kvaðst vilja vekja athygli á þeirri staðreynd að það væru þrjár konur þingforsetar. Ekki væri hins vegar allt svo gott í jafnréttismálum að hennar mati. Sagðist hún vilja vekja athygli á því að verulega hallaði á konur í flestum þeim stjórnnum og nefndum sem kjörnar hefðu verið í á þinginu. Hvatti hún því konur til að sækja meira fram og gefa kost á sér í þessi trúnaðarstörf enda mæltu lög ASÍ fyrir um að kynjahlutföll í stjórnnum og ráðum ættu að vera sem jöfnust. Kvaðst hún jafnframt vilja tjá þá skoðun sína að ályktanir af þingum ASÍ væru of langar og misstu því marks. Vísaði hún í því sambandi sérstaklega til þingskjals nr. 15 á yfirstandandi þingi. Sagði hún það sína skoðun að nauðsynlegt væri að í stað þess að á þingum ASÍ væri sífellt fjallað um sömu mál, s.s. velferðarmál og húsnæðismál, yrði farið í naflaskoðun á innri málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Vakti hún athygli þingsins á því að fyrir lægi nú frumvarp á Alþingi sem kvæði á um það að þeir frídagar, sem um væri samið í kjarasamningum, væru allir færðir að helgi. Skoraði hún á forystu ASÍ að grípa inn í málið og stöðva þetta. Að lokum skoraði hún á aðildarfélög ASÍ í ljósi komandi kjarasamningsviðræðna að hafa í huga það misrétti sem viðgengist um slysatryggingar á milli almenna og opinbera markaðarins og hún hefði vakið athygli á hér fyrir á þinginu.

Þorsteinn Úlfar Björnsson, FTR, sagði það sína skoðun að það þyrfti að velta fyrir sér tungumálinu og orðum. Í tungumálinu væri innbyggður vandi sem snerist um það að ekki væri alltaf hægt að koma því í orð sem maður vildi

segja. Hann kvað það sína skoðun að nauðsynlegt væri að koma núverandi stjórnvöldum frá. Þau hefðu bannað orð eins og fáviti. Kvaðst hann þá velta fyrir sér hvað væri næst, yrðu jafnvel bannaðir draumar um réttlæti og betra líf. Sagði hann að skipta þyrfti út tæknilegum óþjálum orðum fyrir góð orð eins frelsi, jafnrétti og bræðralag, orð sem gagnist í kjarabaráttunni. Þau orð skilji stjórnvöld ekki enda hefðu þar ekki stjórnað orðsins menn. Að lokum lýsti hann ánægju sinni með þingið sem væri að ljúka, mikið af orðum hefðu verið skrifuð niður og hvatti hann þá sem fengu það verkefni að vinna úr því að hafa það í huga að orð séu beittustu vopn verkalýðshreyfingarinnar.

Páll Heiðar Magnússon, VM, kvaðst vilja lýsa stuðningi við yfirstandandi kjarabaráttu lækna og tónlistarkennara. Sagðist hann jafnframt vilja vekja athygli þingsins á því að hópur fólks ætlaði að hittast nú eftir þingið fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu til að mótmæla hriðskotabyssuvæðingu lögreglunnar.

Kristjana Jónsdóttir, VR, kvaðst vilja vísa hugmynd til miðstjórnar þess efnis að fæðingarorlofsrétturinn væri réttur barnsins. Sagði hún það sína skoðun að öll börn ættu að fá réttinn til þess að vera heima í níu mánuði með foreldrum sínum, óháð því hvort þau ættu eitt eða tvö foreldri.

Þingforseti þakkaði fyrir sig og lokaði mælendaskrá.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði að stutta svarið við spurningu Óskars væri það að það hefði ekki verið neinn formannafundur á þessu ári en ASÍ gerði reglulega viðhorfskannanir. Sagði hann að um umrædda könnun hefði hann fjallað og rætt um á fundum með langflestum stjórnnum og trúnaðarráðum aðildarfélaganna. Sagði Gylfi að ekki hefði verið reynt að þagga neitt niður. Sérstakur hópur hefði m.a. verið að störfum á þinginu til að fjalla um innri málefni hreyfingarinnar. Að þessu loknu vildi Gylfi því næst þakka öllum sem hefðu starfað á þinginu. Kvaðst hann jafnframt vilja þakka sérstaklega þeim sem væru að láta af trúnaðarstörfum; nefndi hann sérstaklega Úlfhildi Rögnvaldsdóttur, sem væri að hætta í miðstjórn, og Signýju Jóhannesdóttur sem væri að hætta sem varaforseti.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA, þakkaði fyrir sig og kvaðst vera hamingjusöm með það að láta af störfum eftir svona gott þing.

Signý Jóhannesdóttir, Stétt-Vest, þakkaði fyrir sig og þakkaði fráfarandi miðstjórn fyrir gott samstarf en vakti athygli á því að hún væri síður en svo hætt og að hún myndi sitja áfram í miðstjórn.

Gylfi Arnbjörnsson tók aftur orðið og hvatti þingfulltrúa til að klappa fyrir starfsfólki skrifstofu ASÍ fyrir gott starf á þinginu. Sagði Gylfi að þingið væri gott veganesti og leiðsögn fyrir komandi verkefni sem væru ærin. Það væri von sín að forystunni tækist að bera þá samstöðu og eindrægni, sem hefði verið á þinginu, inn í komandiaráttu. Að því loknu sleit Gylfi þessu 41. þingi ASÍ.

41. þingi ASÍ lauk klukkan 17:15.



Pingfulltrúar á 41. þingi ASÍ 2014

Félög með beina aðild

Félag bókkagerðarmanna

Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir

Stefán Ólafsson

VM – Félag vélstjóra og málmtæknumanna

Andrés Bjarnason
Bergur Ketilsson
Björn Halldór Björnsson
Einar Páll Guðmundsson
Friðrik Ragnar Eggertsson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Guðmundur H. Þórarinsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Jón Kornelíus Gíslason

Jón Ragnarsson
Óðinn Sigurðsson
Páll Heiðar Magnússon Aadnegard
Samúel Ingvason
Sigurður Halldórsson
Sigurjón Már Pétursson
Sævar Örn Kristjánsson
Vignir Eyþórsson
Örn Friðriksson

MATVÍS

Gígja Magnúsdóttir
Gylfi Pétursson
Jón Karl Jónsson

Jón Kristinn Friðgeirsson
Niels Sigurður Olgeirsson

Félag hársnyrtisveina

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag leiðsögumanna

Örvar Már Kristinsson

Flugfreyjufélag Íslands

Sigríður Ása Harðardóttir

Sturla Óskar Bragason

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Aðalheiður Signý Óladóttir
Anna Bryndís Hendriksdóttir
Árni Svanur Guðbjörnsson
Áslaug Alexandersdóttir
Ásta Sigrún Gunnarsdóttir
Ásta Rut Jónasdóttir
Benedikt Geirsson
Benedikt Ragnarsson
Benedikt Vilhjálmsón
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björgvin Ingason
Bryndís Guðnadóttir
Dóra Magnúsdóttir
Einar Magnús Nikulásson
Elías Guðmundur Magnússon
Elísabet Magnúsdóttir
Elva Hrönn Hjartardóttir
Eygló Friðriksdóttir

Gerða Björg Hafsteinsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Jóhannsdóttir
Guðrún María Jóhannsdóttir
Gunnar Böðvarsson
Gunnar Heiðberg Gestsson
Gylfi Arnbjörnsson
Hafdís Bára Bjarnadóttir
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Halldór Halldórsson
Halldóra M. Steinarsdóttir
Hansína Halldóra Gísladóttir
Harpa Hlín Haraldsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Hjördís Jónsdóttir
Ingibjörg H. Hjartardóttir
Ingibjörg Kristín Barðadóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Jóhann Bjarni Knúttson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Júlíana Pálsdóttir
Kalla Björg Karlsdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Kristín María Björnsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Leo Smári Gunnarsson
María Hafsteinsdóttir
Ólafía Björk B. Rafnsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Líndal
Petrína Ragna Pétursdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sigríður Guðný Helgadóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson

Stéttarfélag Vesturlands

Einar Oddur Pálsson

Framsýn – stéttarfélag

Jóna Matthíasdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Hjörtur S. Geirmundsson

Félag verslunar-og skrifstofufólks, Akureyri

Anna María Elíasdóttir
Eiður Stefánsson

Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Sigfússon
Snjólaug Einarisdóttir
Stefanía Dröfn Egilsdóttir
Stefán Árni Stefánsson
Stefán Óli Sæbjörnsson
Steinar Viktorsson
Steinþór Ásgeirsson
Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir
Sveinbjörn F. Pétursson
Valur Magnús Valtýsson
Valva Árnadóttir
Viðar Kristinsson
Vígundur Þór Vígundsson
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Þorólfsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þóra Guðbjörg Hallsdóttir
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórhildur Ragna Karlsdóttir
Þröstur Ríkarðsson

Sveinbjörg Sigurðardóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

AFL Starfsgreinafélag

Lars Jóhann Andrésson

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag íslenskra símamanna

Birna Dögg Gränz

Grétar Birkir Guðmundsson

Félag íslenskra rafvirkja

Bjarni Þór Ólafsson

Jón Ingi Skúlason Öfjörð

Björn Ágúst Sigurjónsson

Sighvatur Daníel Sighvatz

Hermann Lúðvíksson

Svanborg Hilmarsdóttir

Jens Heiðar Ragnarsson

Félag rafeindavirkja

Eyjólfur Ólafsson

Valgeir Jónasson

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Jakob Tryggvason

Þorsteinn Úlfar Björnsson

Páll Sveinn Guðmundsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Jón Óskar Gunnlaugsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Helgi Jónsson

Félag rafiðnaðarmanna, Suðurlandi

Helgi Guðmundsson

Félag sýningarstjóra kvikmyndahúsa

Dagný Ósk Aradóttir Pind

Samiðn, samband iðnfélaga

BYGGIÐN – Félag byggingarmanna

Finnbjörn A. Hermannsson

Kolbeinn Árnason

Heimir Þorleifur Kristinsson

Vilhjálmur Þór Grétarsson

Félag iðn- og tæknigreina

Árman Ægir Magnússon

Ólafur Sævar Magnússon

Georg Óskar Ólafsson

Sveinn Ingason

Heimir Björn Janusarson

Tryggvi Frímann Arnarson

Helgi Ólafsson

Vilhjálmur G. Gunnarsson

Hilmar Harðarson

Þorsteinn G. Kristmundsson

Verkalýðsfélag Akraness

Sigurður Guðjónsson

Þingiðn

Jónas Kristjánsson

AFL Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson

Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði

Ásmundur Ragnar Sveinsson

Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri

Jóhann Valberg Jónsson

Jóhann Rúnar Sigurðsson

Sjómannasamband Íslands

Sjómannafélag Hafnarfjarðar

Jón Rósant Þórarinsson

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Birgir Mar Guðfinnsson

Steingrímur E. Kjartansson

Ingi Örn Ingvason

Verkalýðsfélag Akraness

Kristófer Jónsson

Aldan stéttarfélag

Ágúst Marinósson

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Knútur Eiðsson

Konráð Þorsteinn Alfredsson

Kristinn Sigurður Pálsson

Sigurður Viðar Heimisson

AFL Starfsgreinafélag

Grétar Ólafsson

Stephen Róbert Johnson

Sjómannafélag Ólafsfjarðar

Ægir Ólafsson

Sjómannafélagið Jötunn

Valmundur Valmundsson

Porkell Árnason

Starfsgreinasamband Íslands

Efling – stéttarfélag

Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir

Aðalsteinn R. Björnsson

Bjarni Atlason

Bjarni Bjarnason

Einar Vignir Baldursson

Elín Jónsdóttir

Elínbjörg Magnúsdóttir

Fanney Helga Friðriksdóttir

Franz Arason

Guðjón Ágúst Norðdahl

Guðný Óskarsdóttir

Halldór Valur Geirsson

Harpa Ásgeirsdóttir

Hólmfríður Vigdís Sævarsdóttir

Hrönn Bjarnþórsdóttir

Hörður Aðalsteinsson

Ingibjörg Sigríður Árnadóttir

Ingólfur Björgvin Jónsson

Ingvar Vigur Halldórsson

Jens Þorsteinnsson

Jóhann Ingvar Harðarson

Jón Gústi Jónsson

Kolbrún Eva Sigurðardóttir

Kolfinna Ottósdóttir

Kristbjörg B. Guðjónsdóttir

Kristinn Örn Barkarson

Kristín Björnsdóttir

Kristín Þorsteinsdóttir

Kristján Benediktsson

Kristrún Sigurðardóttir

Ólafur Haraldsson

Ragnar Ólason

Sigurður Bessason

Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Sigurlaug Brynjólfsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Snorri Ársælfsson
Stanislaw Bukowski
Steinþór Ingi Þórsson
Svanhildur Hauksdóttir
Tryggvi Marteinsson

Valgerður Jónsdóttir
Þorsteinn M. Kristjánsson
Þóra Jónsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórður Ólafsson
Þuríður Ingimundardóttir

Verkalýðsfélagið Hlíf

Eyþór Þormóður Árnason
Halldóra Margrét Árnadóttir
Kolbeinn Gunnarsson

Lena Sædis Kristinsdóttir
Linda Baldursdóttir

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Fjóla Svavarsdóttir
Jóhannes D. Halldórsson
Jón Rúnar Halldórsson

Kristján G. Gunnarsson
Vigdís Sigurjónsdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Magnús Már Jakobsson

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Guðrún Linda Helgadóttir
Hafsteinn Þórisson
Hafþór Pálsson

Jóna Ágústa Adolfsdóttir
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir
Vilhjálmur E. Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir

Sigurþór Óskar Ágústsson

Stéttarfélagið Samstaða

Aðalbjörg Valdimarsdóttir

Ásgerður Pálsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Guðbjörg Jónsdóttir

Sigurður A. Guðmundsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson
Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Ólafur Baldursson

Aldan stéttarfélag

Arna Dröfn Björnsdóttir

Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining - Iðja

Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Hafðís Ósk Kristjánsdóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson

Margrét Haukdal Marvinsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Róbert Þorsteinsson
Sigríður K. Bjarkadóttir
Sigríður Þórunn Jósepsdóttir

Framsýn Stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson
Ósk Helgadóttir

Torfi Aðalsteinsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Líney Sigurðardóttir

AFL Starfsgreinafélag

Birkir Snær Guðjónsson
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Kristján Magnússon
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Óðinn Ómarsson

Reynir Arnórsson
Rúnar Gunnarsson
Sigríður Dóra Sverrisdóttir
Steinunn Zoëga
Sverrir Mar Albertsson

Drífandi stéttarfélag

Arnar G. Hjaltalín

Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

Már Guðnason

Báran stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Kristbjörn Hjalti Tómasson

Örn Bragi Tryggvason

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

Lárus Benediktsson

ASÍ – UNG

Einar Magnús Einarsson

Eiríkur Þór Theódórsson

Eva Hrunn Aðalbjarnardóttir

Freydís Ösp Leifsdóttir

Friðrik Guðni Óskarsson

Guðni Gunnarsson

Ingólfur Björgvin Jónsson

Linda Rós Reynisdóttir

Unnur Rán Reynisdóttir

Miðstjórn ASÍ

Sævar Gunnarsson

Breytingar á þingfulltrúum frá 17.– 24. október 2014

Bein aðild að ASÍ

VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Fríðrik Ragnar Eggertsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðmundur H. Þórarinnsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Marteinn S. Karlsson	Varamaður	Mætir
Örn Friðriksson	Aðalmaður	Forfallaðist

MATVÍS

Gígja Magnúsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Þorsteinn Ómar Gunnarsson	Varamaður	Mætir

Flugfreyjufélag Íslands

Sturla Óskar Bragason	Aðalmaður	Forfallaðist
-----------------------	-----------	--------------

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Kristján Rudolf Larsen	Varamaður	Forfallaðist
Markús Betúel Jósefsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag Leiðsögumanna

Örvar Már Kristinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kári Jónasson	Varamaður	Mætir

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Anna Bryndís Hendriksdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Auður Búadóttir	Varamaður	Mætir
Árdís Birgisdóttir	Varamaður	Mætir
Árni Leósson	Varamaður	Mætir
Árni Svanur Guðbjörnsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Benedikt Ólafsson	Varamaður	Mætir
Birgir Már Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Halldór Björnsson	Varamaður	Mætir
Ellen Rós Baldvinsdóttir	Varamaður	Mætir
Emil Gústafsson	Varamaður	Mætir
Hafðís Bára Bjarnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hafðís Erla Kristinsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldóra M. Steinarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg H. Hjartadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg Hrund Práinsdóttir	Varamaður	Mætir
Jakob Þór Einarsson	Varamaður	Mætir
Júnía Þorkelsdóttir	Varamaður	Mætir
Pálmi Viðar Harðarson	Varamaður	Mætir
Sesselja Jónsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Stefán Sveinbjörnsson	Varamaður	Mætir
Stefán Óli Sæbjörnsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Steinunn Böðvarsdóttir	Varamaður	Mætir
Steinþór Ásgeirsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sveinbjörn F. Pétursson	Aðalmaður	Forfallaðist
Viðar Ingason	Varamaður	Mætir
Viðar Kristinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Þorgerður Jóhannsdóttir	Varamaður	Mætir
Þorlákur Jóhannsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Þórður Mar Sigurðsson	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL Starfsgreinafélag

Helga Guðrún Hinriksdóttir	Varamaður	Forfallaðist
Lars Jóhann Andrésson	Aðalmaður	Forfallaðist

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. rafvirkja

Sighvatur Daníel Sighvatz

Aðalmaður

Forfallaðist

Félag rafeindavirkja

Björn Eysteinnsson

Varamaður

Mætir

Eyjólfur Ólafsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Samiðn, samband iðnfélaga

BYGGIÐN –Félag byggingamanna

Jóhann Óskar Jóhannesson

Varamaður

Mætir

Kolbeinn Árnason

Aðalmaður

Forfallaðist

Félag iðn- og tæknigreina

Andrés Haukur Hreinsson

Aðalmaður

Mætir

Ólafur Kristinn Hafsteinnsson

Aðalmaður

Mætir

Sveinn Jónsson

Aðalmaður

Mætir

Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði

Ásmundur Ragnar Sveinsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Halldór Óli Hjálmarsson

Varamaður

Forfallaðist

Sjómannasamband Íslands

Verkalýðsfélag Akraness

Kristófer Jónsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Sigurður Viðar Heimisson

Aðalmaður

Forfallaðist

Sjómannafélagið Jötunn

Þorkell Árnason

Aðalmaður

Forfallaðist

Starfsgreinasamband Íslands

Efling, stéttarfélag

Aðalsteinn D. Stefánsson	Varamaður	Mætir
Bjarni Atlason	Aðalmaður	Forfallaðist
Eggert Gunnarsson	Varamaður	Mætir
Einar Vignir Baldursson	Aðalmaður	Forfallaðist
Einar Ögmundsson	Aðalmaður	Mætir
Franz Arason	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðmundur P. Jónsson	Varamaður	Mætir
Guðrún Sigríður Stefánsdóttir	Varamaður	Forfallaðist
Gurli M. Geirsson	Varamaður	Mætir
Halldór Valur Geirsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Hörður Aðalsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jón Gústi Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jónína Sigurðardóttir	Varamaður	Mætir
Kristinn Örn Barkarson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristín Þorsteinsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Lilja Eiríksdóttir	Varamaður	Mætir
Magnús Jakobsson	Varamaður	Mætir
Ragna S. Sveinbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Rannveig H. Gunnlaugsdóttir	Varamaður	Mætir
Ruth Jóhanna Árelíusdóttir	Varamaður	Mætir
Sigfús Freyr Þorvaldsson	Varamaður	Forfallaðist
Sigríður E. Hafsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigríður G. Halldórsdóttir	Varamaður	Forfallaðist
Snorri Ársælsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Stanislaw Bukowski	Aðalmaður	Forfallaðist
Svanhildur Hauksdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Sædís Laguna Tangolamos	Varamaður	Forfallaðist
Valgerður Jónsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Viðar Ottesen	Varamaður	Mætir
Þóra Sigurbjörnsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Þórður Oddsson	Varamaður	Mætir

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Jón Rúnar Halldórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristján G. Gunnarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristrún Jónsdóttir	Varamaður	Mætir
Steingerður Hermannsdóttir	Varamaður	Mætir

Stéttarfélagið Samstaða

Aðalbjörg Valdimarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Baldvin S. Baldvinsson	Varamaður	Mætir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Kristín Kristjánsdóttir	Varamaður	Forfallaðist
Líney Sigurðardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL Starfsgreinafélag

Katrín Soffía Guðmundsdóttir	Varamaður	Mætir
Óðinn Ómarsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðrún Elín Pálsdóttir	Varamaður	Mætir

ASÍ-UNG

Einar Magnús Einarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Eva Hrund Aðalbjarnardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Freydís Ösp Leifsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingólfur Björgvin Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Rán Reynisdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess, samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins, stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2014 til september 2015.

Haustið 2014 fjallaði miðstjórn ítrekað um undirbúning, málefni og fyrirkomulag 41. þings ASÍ sem haldið var í lok október það ár.

Í byrjun árs 2015 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma, sem starfsemin byggir á, og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt eru efnahags-, atvinnu- og kjaramálin fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá hvers einasta fundar hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað um vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. stöðuna á vinnumarkaði almennt og stöðu heimilanna í landinu, lífeyrismálin, húsnæðismálin og málefni ungs fólks.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og setur umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna þátttöku í vinnu á vettvangi stjórnvalda við stefnumótun í vinnumarkaðsmálum, áframhaldandi vinnu ASÍ í húsnæðismálum – og þá sérstaklega frekari útfærsla á félagslega húsnæðiskerfinu, menntamál, lífeyrismál, almannatryggingar og verðlagsefirlit.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál og hagur launafólks almennt helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál. Formleg þátttaka Alþýðusambandsins og starfsmanna þess í kjarasamningagerðinni á fyrri hluta árs 2015 einskorðaðist við sameiginlegar sérkröfur í fjörmörgum liðum sem sérfræðingar ASÍ ásamt fulltrúum aðildarsamtakanna fylgdu eftir allt til loka. En þrátt fyrir að Alþýðusambandið hefði ekki átt aðkomu að kjarasamningaviðræðunum um launaliðinn fjallaði miðstjórn ítrekað um aðdraganda þeirra og efni. Þá var fylgst náð með samningum á vettvangi annarra samtaka launafólks. Úrskurður gerðardóms í deilum BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við ríkið sumarið 2015 var greindur sem og áhrif hans á stöðu kjaramálanna, bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðinum. Þá var fjallað um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 eftir að það var lagt fram, þær áherslur og þau áhrif sem efni þess hefði bæði beint og óbeint á kjarasamningana og hag launafólks. Einnig fjallaði miðstjórn ítrekað um erfið samskipti samtaka launafólks og stjórnvalda.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2015

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2015 var til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ í desember 2014 og janúar 2015 og staðfest á seinni fundinum. Að þessu sinni var auk hefðbundinna verkefna sérstök áhersla á eftirfarandi atriði:

- Í fyrsta lagi þjónusta og aðstoð við aðildarsamtökin við gerð nýrra kjarasamninga og aðstoð við að kynna kjarasamningana.
- Lagðar voru fram sameiginlegar sérkröfur fyrir næstu samninga af hálfu samninganefndar ASÍ og munu sérfræðingar ASÍ taka þátt í viðræðum um þær.
- Fylgja þarf eftir þeim bókunum sem verða í kjarasamningum aðildarsamtakanna og SA.
- Einnig þarf að fylgja eftir bókunum úr eldri samningum.
- Í öðru lagi þátttaka í umræðu við atvinnurekendur og önnur heildarsamtök launafólks um mótun sérstaks rammisamkomulags um samskipti megin-samningsaðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga og framtíð íslenska vinnumarkaðsmódelisins í ljósi aðgerða stjórnvalda í breytingum á umgjörð þríhliða samráðsferlisins.
- Í þriðja lagi umræða við aðildarsamtökin um forsendur verkaskiptingar milli ASÍ og aðildarsamtakanna og breytinga á innra skipulagi á málefnavinnu sambandsins og skipulagi skrifstofu ASÍ.
- Í fjórða lagi kynning á Norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelinu og hlutverki verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðar sem drifkrafts og aflgjafa í uppbyggingu lífskjara og jafnaðar.
- Í fimmta lagi áframhaldandi vinna við endurskoðun og samræmingu á stefnumótun aðildarfélaganna um starfsmenntun og fullorðinsfræðslu og samráð við menntamálaráðuneyti um eflingu starfs- og verkmenntunar á grundvelli Hvítbókarinnar.
- Í sjötta lagi undirbúningur fyrir 100 ára afmælisár ASÍ árið 2016, m.a. með ráðningu sérstaks verkefnisstjóra og mótun aðgerðaáætlunar sem lögð verði fyrir miðstjórn í febrúar/mars.

Umhverfisstefna fyrir ASÍ

Á fundi miðstjórnar 1. október 2014 var í annað sinn fjallað um og afgreidd umhverfisstefna fyrir ASÍ en slík stefna hafði áður ekki verið til fyrir samtökin. Umhverfisstefnan er birt á öðrum stað í skýrslu forseta en í greinargerð með tillögu umhverfisnefndar, sem vann efni hennar, segir m.a.:

„Alþýðusambandið hefur um árabil látið sig varða umhverfismál og í því sambandi lagt sérstaka áherslu á samspil atvinnulífs og nýtingu náttúruauðlinda. Á ársfundi ASÍ 2009 var samþykkt ályktun um atvinnumál þar sem sérstaklega var fjallað um öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni og á 40. þingi ASÍ 2012 var samþykkt ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa. Sú ályktun leggur ríka áherslu á sjálfbærni atvinnulífs og nýtingu náttúrugæða á sjálfbæran hátt til atvinnuuppbyggingar. Drögin að báðum ályktunum voru unnin í samstarfi umhverfis- og atvinnumálanefnda ASÍ.

Umhverfisnefnd ASÍ hefur haft samráð við þær málefnanefndir ASÍ, sem málið varða, einkum atvinnumálanefnd, enda gert ráð fyrir því samráði í tillögum að viðfangsefnum nefndarinnar. Þar er lagt til að nefndin vinni að „Stefnumótun og starf að umhverfis- og loftslagsmálum almennt og með sérstöku tilliti til þróunar atvinnumála, auðlindanýtingar og atvinnuuppbyggingar.“

Vinna ASÍ vegna Rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma var samstarfsverkefni umhverfis- og atvinnumálanefnda. Nefndirnar stóðu saman að kynningarfundum um rammaáætlunina og héldu opinn fund um atvinnumál út frá grænum viðmiðum.

Í Rammaáætluninni er ekki eingöngu litið á samspil atvinnulífs og nýtingu náttúruauðlinda heldur var einnig horft til áhrifa á náttúru, menningaminna, ferðamennsku, útivistar og hlunninda. Þá hefur umræða um loftslagsbreytingar af mannavöldum og neikvæðar afleiðingar þeirra fyrir komandi kynslóðir verið áberandi í samfélagsumræðunni. Umhverfisnefndinni þótti mikilvægt að ASÍ legði sitt af mörkum til þeirrar umræðu og boðaði til fræðslu- og umræðufundar í maí sl. þar sem var fjallað um loftslagsbreytingar og almannahag.

Með breyttum áherslum í samfélaginu og aukinni umræðu, þar sem kallað er eftir þátttöku almennings í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og bættri umgengni við umhverfið, telur umhverfisnefndin að Alþýðusambandið eigi að

setja sér sérstaka umhverfisstefnu þar sem áhersla er á samþættingu almanna-
hags, sjálfbærni atvinnulífsins og náttúrugæða“.

41. þing ASÍ

Eins og fram kom í síðustu skýrslu forseta ákvað miðstjórn haustið 2013 að 41. þing ASÍ yrði haldið dagana 22.– 24.október 2014. Á fundum miðstjórnar hefur síðan ítrekað verið fjallað um málefnaundirbúning fyrir þingið og hvernig standa á að umræðu og stefnumótun á þinginu sjálfu. Miðstjórn ákvað að nota hópavinnu með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ í málefnavinnunni á þinginu sjálfu til að virkja alla þingfulltrúa í stefnumótuninni. Ákveðið var að yfirskrift þingsins verði „SAMFÉLAG FYRIR ALLA“.

Málefni VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Á tveimur fundum miðstjórnar var fjallað sérstaklega um málefni VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þann 5. nóvember 2014. Stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að standa ekki við sinn hlut varðandi fjármögnun VIRK og voru miklar umræður um hvernig bregðast ætti við þessari stöðu. Ýmsar leiðir voru ræddar í því samhengi á fundinum. Það er skemmst frá því að segja að eftir miðstjórnarfundinn voru miklar samningaviðræður við stjórnvöld en þeim lyktaði með því að sátt náðist um málið milli aðila í byrjun árs 2015. Á fundi miðstjórnar 19. nóvember var fjallað um árangurinn af starfi VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs og úttekt Talmakönnunar á fjárhagslegum ávinningi af starfinu. Fram kom að 72% þeirra sem útskrifast hafa úr þjónustu hjá VIRK taka einhvern þátt á vinnumarkaði í framhaldinu, sem telja verður mjög góðan árangur. Samkvæmt niðurstöðum Talmakönnunar var 9,7 milljarða króna ávinningur af starfi VIRK á árinu 2013 miðað við þá einstaklinga sem útskrifuðust úr þjónustu VIRK það ár. Því er ljóst að mikill árangur hefur náðst. Jafnframt var áréttað mikilvægi þess að halda til haga að ekki er aðeins mikill fjárhagslegur ávinningur af starfsemi VIRK heldur færir hún þeim einstaklingum, sem fá þjónustuna, mikil lífsgæði. Loks var rætt um þær hindranir sem einstaklingar, sem geta og vilja fara aftur út á vinnumarkaðinn, standa frammi fyrir.

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf

Á fundi miðstjórnar 3. desember var fjallað um reynsluna af STARFi – Vinnumiðlun og ráðgjöf. Gerð var grein fyrir stofnun STARFs, þróun starfseminnar og stöðunni í dag, starfstöðvar og starfsmannahópin. Gerð var grein fyrir sérstöku ráðgjafar- og vinnumiðlunarverkefni sem STARF hefur unnið að og ber yfirskriftina „Flugtak“; einnig ýmsum nýjungum sem STARF hefur innleitt varðandi ráðgjöf og virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Í gæðaúttekt, sem farið hefur fram á starfsemi STARFs, kemur fram að starfsemin hefur uppfyllt

öll gæðaviðmið sem sett voru fram í samningnum um tilraunaverkefnið. Fram kom að miðað við þær tölfraðilegu upplýsingar, sem settar hafa verið fram, er árangurinn af starfsemi STARFs, þegar kemur að vinnumiðluninni, ágætur. Í lokin var umræða um spurninguna um hvers vegna stéttarfélagin eigi að vera með þjónustu við atvinnuleitendur. Var bent á fjölmörg rök sem mæla með því. Nánar er fjallað um starfsemi STARFS á öðrum stað í skýrslunni.

Þrátt fyrir góðan árangur af verkefninu og áherslu verkalýðshreyfingarinnar á að því yrði haldið áfram hafnaði félags- og húsnæðismálaráðherra öllum hugmyndum sem lutu að því að verkefninu yrði haldið áfram.

Málefnanefndir ASÍ – Hlutverk og umboð nefndarmanna

Á tveimur fundum miðstjórnar í byrjun árs 2015 var fjallað um málefnanefndir ASÍ og þá sérstaklega hlutverk og umboð nefndarmanna. Málefnanefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa frá miðstjórn, einum fulltrúa frá hverju landssambandi innan ASÍ, einum sameiginlegum fulltrúa félaga með beina aðild, einum starfsmanni af skrifstofu ASÍ og áheyrnarfulltrúa frá ASÍ-UNG. Á fundi miðstjórnar 21. janúar 2015 voru samþykktar nýjar starfsreglur fyrir málefnanefndir ASÍ og erindisbréf fyrir nefndamenn. Lögð var áhersla á að tilgangurinn væri að skapa meiri festu og skýra stöðu málefnanefndanna og umboð nefndamanna.

Aðkoma ASÍ að dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða

Málefni aldraðra og aðkoma ASÍ að rekstri dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða var til umfjöllunar í miðstjórn. Gerð var grein fyrir umræðu sem átt hefur sér stað á vettvangi ASÍ vegna aðkomu ASÍ og aðildarsamtaka þess (VR og Eflingar) að rekstri hjúkrunar- og dvalarheimila fyrir aldraða. Þá var fjallað um þær fjárhagslegu hremmingar, sem Hjúkrunarheimilið Eir og fleiri stofnanir sem sinna öldrunarþjónustu, hafa þurft að glíma við upp á síðkastið og afleiðingar þeirra. Lagt var fram í miðstjórn minnisblað þar sem fjallað er um aðdraganda þess að ASÍ gerðist aðili að rekstri dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Þá segir að fyrir liggja að Alþýðusambandið þurfi að taka afstöðu til þess hvort og þá á hvaða grunni það ætlar að halda áfram þátttöku í sjálfseignarstofnuninni SKJÓLI. Eðlilegt er að slík ákvörðun verði tekin í samráði við VR og Eflingu sem eru að mörgu leyti í sömu stöðu og ASÍ og eiga sömu hagsmuna að gæta. Kostirnir virðast í grundvallaratriðum vera af tvennum toga: Halda áfram þátttöku í sjálfseignarstofnuninni SKJÓLI eða hætta þátttöku í sjálfseignarstofnuninni SKJÓLI á grundvelli þeirra heimilda sem er að finna í samþykktum félagsins. Bent er á að verði seinni kosturinn ofan á yrði honum ekki hrint í framkvæmd nema að höfðu samráði við þá aðila sem eru fulltrúar fyrir Alþýðusambandið í sjálfseignarstofnuninni og aðra sem eiga aðild að henni.

Í umræðunum í miðstjórn var lagt til að Alþýðusambandið færi báðar leið-

irnar. Það ætti draga sig út úr rekstri þessara stofnana enda forsendur fyrir þátttöku í þeim ekki til staðar. Alþýðusambandið ætti hins vegar að gera það þannig að sest verði yfir málaflokkinn í heild með ríki og sveitarfélögum og samtökum aldraðra til að finna ásættanlega lausn þar sem bæði umfang öldrunarþjónustu og innihald hennar verði á dagskrá. Núverandi ástand í málefnum aldraðra væri óviðunandi og það mundi aðeins versna að óbreyttu. Það vanti úrræði og þjónustan væri ekki viðunandi vegna fjárskorts. Lagt var til að málið yrði unnið áfram á vettvangi velferðarnefndar ASÍ. Málið er nú til frekari umfjöllunar á vettvangi ASÍ.

1. maí 2015

Á fundi miðstjórnar 4. mars 2015 var samþykkt að yfirskrift 1. maí-aðgerðanna 2014 yrði „JÖFNUÐUR BÝR TIL BETRA SAMFÉLAG“. Í greinargerð með yfirskriftinni segir:

„Það er löngu þekkt að norræna samfélagsgerðin hefur betur náð að sameina jöfnuð og samkeppnishæfni en þekkest meðal annarra þjóða. Með því að tengja saman skýra og ábyrga hagstjórn, umfangsmikið og traust velferðarkerfi og skipulagðan vinnumarkað með öflugum samtökum launafólks og atvinnurekenda með skýrt umboð hafa Norðurlöndin skapað þegnum sínum lífsgæði sem skipar þeim í fremstu röð. Þar sem hugtök eins og hagvöxtur, réttur til vinnu, félagslegt öryggi og velferð og jöfnuður eru ekki bara slagorð, sem hampað er á tyllidögum, heldur þau viðmið sem notuð eru til að meta hvernig til hefur tekist og jafnframt forsendur þess að árangur náist.

Nýjustu rannsóknir í hagfræði og samfélagsvísindum sýna að þeim samfélögum vegnar best þar sem jöfnuður er mikill. Þar er meðalævi fólks lengri, heilsufar og félagsleg líðan umtalsvert betri en þar sem ójöfnuður er mikill – fyrir utan hvað mannlífið allt verður fallelgra þar sem flestir búa við mannsæmandi kjör. Það græða því allir á auknum jöfnuði og það bókstaflega því kenningar sýna að aukinn jöfnuður stuðlar að meiri hagvexti.

Þegar litið er til 20. aldar sést að verulega dró úr ójöfnuði í Bandaríkjunum í kjölfar kreppunnar miklu og síðari heimsstyrjaldarinnar og var ójöfnuður í lágmarki í Bandaríkjunum í þrjá áratugi þar á eftir. Á því tímabili fór velmegun vaxandi og lífskjör allra þjóðfélagsþópa bötnuðu. Viðsnúningurinn varð í upphafi 9. áratugarins í forsetatíð Ronalds Reagan. Síðan þá hefur ójöfnuður farið vaxandi á Vesturlöndum.

En hvert stefnum við Íslendingar? Við höfum hingað til búið í samfélagi

þar sem jöfnuður hefur verið mikill. En það eru blikur á lofti. Ríkisstjórnin hefur í sínum aðgerðum létt byrðum af ríkasta fólkinu á meðan matarskattur er hækkaður, kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu er aukinn og bótatími atvinnulausra er stytur. Þegar laun á Íslandi eru borin saman við laun á Norðurlöndum kemur í ljós að munur á dagvinnulaunum er mun minni meðal tekjuhærri hópanna en þeirra tekjulægri. Þannig eru dagvinnulaun stjórnenda á Íslandi 5% hærri að meðaltali en stjórnenda annars staðar á Norðurlöndum að teknu tilliti til skatta. Mestur munur á dagvinnulaunum er hins vegar gagnvart verkafólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki. Hér á landi eru dagvinnulaun verkafólks allt að 30% lægri en að meðaltali annars staðar á Norðurlöndum. Þetta sýnir þróun í átt að auknum ójöfnuði sem nauðsynlegt er að stöðva.

Það er grundvallaratriði að fólk lifi af dagvinnulaunum í stað þess að ganga sér til húðar í yfirvinnu og/eða aukavinnu til að framfleyta sér og sínum. Langur vinnudagur og mikið álag dregur úr framleiðni og eykur samfélagslegan kostnað. Þess vegna er nauðsynlegt að hækka lág- og meðallaun ríflega í komandi kjarasamningum. Vinnum sameiginlega að því að bæta kjörin því jöfnuður býr til betra samfélag fyrir okkur öll. Til hamingju með 1. maí 2015.“

Umsókn um aðild að ESB og bréf utanríkisráðherra

Á fundi miðstjórnar 18. mars 2015 var fjallað um stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið í ljósi bréfs sem utanríkisráðherra hafði afhent formanni ráðs ESB. Fjallað var um þá staðreynd að ekki virtist nein samstaða um að túlka hvað í bréfinu fælist. Það breytir þó engu um hvert markmið utanríkisráðherra og ríkisstjórnarinnar var með bréfinu, þ.e. að slíta viðræðum við Evrópusambandið án þess að bera það undir þing eða þjóð eins og þó hefði ítrekað verið lofað. Gagnrýnd var kostuleg og óásættanleg framgangsa stjórnvalda og hvernig hún gengi þvert gegn margítrekaðri stefnu sem samþykkt hefur verið á ársfundum og þingum ASÍ. Að lokinni umræðu var samþykkt ályktun um málið sem birt er annars staðar í skýrslunni.

Undirbúningur fyrir 100 ára afmæli ASÍ

Ítrekað hefur verið fjallað í miðstjórn um undirbúninginn undir 100 ára afmæli ASÍ árið 2016 en málið er í höndum sérstakrar afmælisnefndar sem miðstjórn skipaði til verksins. Á fundi miðstjórnar 15. apríl 2015 var fjallað um undirbúninginn og þá viðburði sem þegar hafa verið ákveðnir í tilefni afmælisins. Að lokinni umræðu var samþykkt, á grundvelli tillagna afmælisnefndarinnar, að verja allt að 30 milljónum króna í tengslum við afmælið.

Verðlagsnefnd búvara

Á fundi miðstjórnar 10. júní 2015 var samþykkt ályktun um stöðu mála í mjólkuriðnaði þar sem fram kemur eftirfarandi: „Nú er svo komið að miðstjórn ASÍ og stjórn BSRB hafa sameiginlega lýst því yfir að samböndin muni hætta allri þátttöku í Verðlagsnefnd mjólkurafurða. Jafnframt er það krafa miðstjórnar ASÍ að allur mjólkuriðnaðurinn, frá framleiðendum til smásölu-dreifingar, verði felldur undir ákvæði samkeppnislaga og lúti sömu reglum og önnur atvinnustarfsemi, þ.m.t. ákvæði um takmörkun á áhrifum og umfangi markaðsráðandi aðila.“

Ályktuninni fylgdi sameiginleg yfirlýsing miðstjórnar ASÍ og stjórnar BSRB, svohljóðandi:

„Stjórn BSRB og miðstjórn ASÍ hafa ákveðið að tilnefna ekki fulltrúa í verðlagsnefnd búvara. Undanfarin ár samtökin tilnefnt einn fulltrúa hvort til setu í nefndinni til að gæta hagsmuna neytenda. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur skýrt fram að starf verðlagsnefndar búvara hefur verið farsælt og til hagsbóta fyrir bæði neytendur og bændur. Niðurstaða nýrrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er á sama veg.

Ljóst er að óhjákvæmilegt er að endurskoða allt skipulag mjólkurframleiðslunnar, þ.m.t. verðlagninguna. Markaðurinn hefur undanfarið kallað eftir meiri mjólkurframleiðslu en rúmast innan núverandi mjólkurkvóta og ekki er hægt að verða við þeirri framleiðsluaukningu á meðan núgildandi kerfi er við lýði. Aðalfundur Landssambands kúabænda í mars á þessu ári samþykkti ályktanir þess efnis að opinberri verðlagningu á mjólkurafurðum verði hætt. Jafnframt vilja kúabændur hverfa frá núverandi kvótakerfi í mjólkuriðnaði og koma málum þannig fyrir að búvörulög tryggi jafnt aðgengi bænda að markaði.

Í ljósi þessara breyttu viðhorfa og breyttra aðstæðna hafa samtökin ákveðið að tilnefna ekki fulltrúa að nýju til setu í verðlagsnefnd búvara. Samtökin munu þess vegna ekki tilnefna fulltrúa á sínum vegum í verðlagsnefnd búvara í framtíðinni.“

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélög á hverju ári um sem nemur 1,5–2 milljónum króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa hefur ASÍ styrkt jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um hálfa milljón króna fyrir jólin undanfarin ár. Aðstoðin fer fram um allt land, m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafraeðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafraeðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafraeðslunnar uppfraeða 13–15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafraeðslunnar fjárhagslega. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafraeðslan innir af hendi en Jafningjafraeðslan er forvarnastarf, unnið af ungu fólki þar sem fraeðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Rætt er um vinnuréttindi, vímuefni, átröskun, kynlíf, kynferðisofbeldi, samkynhneigð, einelti, fordóma og fleira forvarnatengt. Jafningjafraeðslan nær til 3000–4000 ungmenna á hverju sumri.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ – Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ og félagsmenn séu upplýstir um þau málefni, sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, stefnumótun, sem þar á sér stað, og ákvarðanir, sem þar eru teknar, er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ, www.asi.is, um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar – frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánudagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum e.h.). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta, sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsinga og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaga ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum sem skrifstofu ASÍ hefur að geyma. Aðildarfélögum er frjálst – og þau eru hvött til – að dreifa Fréttamolunum til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
3. Rafrænt Fréttabréf ASÍ kemur út mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
4. Í skýrslu forseta, sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt um starf miðstjórnar ASÍ og helstu mál sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.



Ályktanir miðstjórnar

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið 3. desember 2014

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir vonbrigðum með framkomnar tillögur stjórnarmeirihlutans við aðra umræðu fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2015. Lítið er komið til móts við þá miklu og hörðu gagnrýni sem miðstjórn Alþýðusambandsins og aðildarsamtök ASÍ settu fram í haust. Það eru því kaldar kveðjur sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sendir launafólki í aðdraganda kjarasamninga. Kaldar kveðjur ríkisstjórnarinnar felast m.a. í:

- Hækkun á matarskatti sem kemur verst við þá tekjulægri.
- Styttingu á bótatíma atvinnulausra en þannig er ráðist á þá sem veikast standa á vinnumarkaði.
- Að ríkisvaldið kemur sér undan því að greiða umsamið framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs. Þannig er dregið úr möguleikum fólks til þess að komast aftur á vinnumarkað og til virkrar þátttöku í samfélaginu eftir erfið veikindi eða slys.
- Skerðingu og síðan brottfalli á framlögum til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða; Þetta veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði og þá mest hjá sjóðum verkamanna og sjómanna sem búa við mesta örorku.
- Að kostnaður sjúklunga í heilbrigðiskerfinu er aukinn.

- Engum auknum framlögum til úrbóta í húsnæðismálum, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu né til uppbyggingar félagslegs húsnæðis.
- Verulega skertum möguleikum fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum. Þá er framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun skert umtalsvert og ekki er fallið frá skerðingum á framlögum til iðn- og verknáms.

Það stefnir í erfiðari kjarasamninga á almennum vinnumarkaði en um langan tíma. Sú stefna stjórnvalda, sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu, gerir stöðuna enn erfiðari. Laun munu þurfa að hækka sérstaklega til þess að mæta auknum álögum, s.s. á matvæli og heilbrigðisþjónustu. Þær launahækkunar þurfa að koma til viðbótar nauðsynlegum launaleiðréttingum. Launafólk þarf því að búa sig undir hörð átök á vinnumarkaði.

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega aðför Primera Air að réttindum launafólks 4. febrúar 2015

Samkvæmt fréttum hefur verið upplýst að Primera Air byggji starfsemi sína og flug héðan frá Íslandi á grófum félagslegum undirboðum gagnvart áhöfnum þeirra flugvéla sem notaðar eru í rekstri félagsins.

Miðstjórn ASÍ áréttar að um kaup og kjör þessara áhafna fer skv. íslenskum lögum og kjarasamningum, hvort heldur lítið er til laga um starfsmannaleigur nr. 139/2005 eða laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands nr. 45/2007.

Primera Air stundar reglubundið flug frá Íslandi til nokkurra áfangastaða í Evrópu með flugvélum skráðum utan Íslands en á EES-svæðinu sem leigðar eru með áhöfn til þess að sinna þessu flugi. Áhafnir þessara flugvéla, alveg eða að hluta, hafa tímabundið eða varanlega aðalstarfsstöð sína hér á landi þar sem vinna þeirra hefst og endar.

Alþýðusamböndin á öllum Norðurlöndum líta þennan rekstur og aðferðir Primera Air, Ryanair og annarra svipaðra flugfélaga alvarlegum augum og hyggjast hindra brot þeirra með öllum tiltækum ráðum. ASÍ mun ekki liggja á liði sínu í því efni og leitað verður allra leiða til þess að stöðva hina ólögsmætu starfsemi.

ASÍ skorar á íslensk stjórnvöld að nýta lögbundnar heimildir sínar til þess að stöðva þessa brotastarfsemi félagsins þegar í stað en til þess eru heimildir bæði í lögum nr. 139/2005 og 45/2007.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um Evrópumál, „Valdið til þjóðarinnar“, 18. mars 2015

Frá árinu 2008 hafa ársfundir og þing Alþýðusambands Íslands ítrekað ályktað um Evrópumál. Í þeim ályktunum hefur meginsteifið verið að aðildarviðræðum verði lokið og aðildarsamningur lagður í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi ríkisstjórn komst m.a. til valda vegna loforða fyrir kosningarnar 2013 um að þjóðin yrði spurð hvort halda ætti aðildarviðræðum við ESB áfram. Það loforð var svikið. Utanríkisráðherra reyndi að ýta málinu út af borðinu í febrúar í fyrra þegar hann setti fram þingsályktunartillögu um að viðræðum yrði slitið en uppskar ekki annað en reiðilöðu og mótmæli í samfélaginu, m.a. frá miðstjórn ASÍ sem sendi frá sér harðorðaða ályktun af þessu tilefni.

Nýjasta útspil utanríkisráðherrans í samskiptum við Evrópusambandið er með slíkum ólíkindum að undrun sætir. Í þeim einbeitta ásetningi sínum að slíta aðildarviðræðum Íslands við ESB hunsaði hann leikreglurnar, hann hunsaði sjálft Alþingi Íslendinga sem hóf þessa vegferð á sínum tíma. Ráðherrann og ríkisstjórnin hunsu líka vilja meirihluta þjóðarinnar sem vill ljúka viðræðum og fá að kjósa um aðildarsamning. Þetta er svo risavaxið álitamál um framtíðarmöguleika okkar þjóðar að það hlýtur að vera réttmæt krafa að þjóðin sjálf fái að segja sitt álit. Það hlýtur einnig að vera lágmarkskrafa til ráðherra í ríkisstjórn að þeir standi við loforð sem þeir margendurtóku fyrir kosningar. Við hvað er ríkisstjórnin hrædd? Leyfið fólkinu að segja sitt álit á því hvort aðildarviðræðum við ESB verði fram haldið með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um kjaradeilur í hnút 20. maí 2015

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands gagnrýnir harðlega þá afstöðu Samtaka atvinnulífsins að neita að ræða kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar í þeirri erfiðu kjaradeilu sem nú er uppi. Afneitun af þessu tagi ber vott um takmörkuð veruleikatengsl og herðir aðeins hnúttinn sem þarf að leysa. Afstaða atvinnurekenda er ögrandi og skaðar það traust sem þarf að ríkja á milli aðila sem verða að ná samningum. Verkefnið fer ekkert, það verður bara erfiðara viðfangs.

Miðstjórn ASÍ vísar því ábyrgð á stöðu mála í kjaradeilunum alfarið á hendur SA. Komi til víðtækra verkfalla á almennum vinnumarkaði síðar í mánuðinum er það á ábyrgð samtaka atvinnurekenda.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um stöðu mála í mjólkuriðnaði 11. júní 2015

Stjórnvöld hafa í samstarfi við bændur og afurðastöðvar gert miklar breytingar

á starfsskilyrðum mjólkurframleiðslunnar. Það hefur löngum verið skoðun miðstjórnar ASÍ að núverandi fyrirkomulag í mjólkuriðnaði sé hvorki besta leiðin til að bæta hag neytenda né að það skapi næga hvata fyrir framleiðendur til þess að auka samkeppnishæfni, framleiðni og lækka vöruverð. Þvert á móti hefur núverandi fyrirkomulag komið í veg fyrir að virkja þá hvata sem leiða til heilbrigðrar samkeppni sem kemur öllum til góða. Nýleg dæmi, þar sem MS hefur kerfisbundið komið í veg fyrir innkomu nýrra aðila á markað, hafa gert stórum aðilum kleift að nýta, og í mörgum tilfellum misnota, sér markaðsráðandi stöðu til að koma í veg fyrir samkeppni.

Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað ályktað að aukinn innflutningur landbúnaðarvara, minnkun framleiðslutengdra styrkja og afnám opinberrar verðlagningar geti bæði aukið framleiðni og samkeppnishæfni mjólkuriðnaðar og skilað ábata til framleiðenda og jafnframt verið eina vörn sem neytendur hafa gegn þessum einokunartilburðum. Vert er að áréttu að þessum sjónarmiðum hélt fulltrúi ASÍ fram árið 2003 í nefnd sem skipuð var af þáverandi landbúnaðarráðherra og hafði það hlutverk að móta nýja stefnu fyrir mjólkurframleiðslu hér á landi. Það voru hins vegar mikil vonbrigði, þegar samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu var loks undirritaður í kjölfarið, að lítið tillit hafði verið tekið til tillagna mjólkurnefndarinnar. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi þetta harðlega á sínum tíma.

Frá þeim tíma hefur mjólkurframleiðsla verið undanþegin samkeppnislögum en Alþingi ákvað í kjölfar gagnrýni ASÍ að viðhalda aðhaldshlutverki Verðlagsnefndar mjólkurframleiðslu en takmarkaði umboð hennar verulega. Afleiðingin hefur verið veruleg samþjöppun í mjólkuriðnaði á meðan aðhald í formi erlendar samkeppni hefur verið í lágmarki og í reynd nánast ekkert. Framleiðni í íslenskum mjólkuriðnaði er lág í alþjóðlegum samanburði og meðalnyt kúa mun lægri hér á landi en í nágrannalöndum. Segja má að varnaðarorð fulltrúa ASÍ frá nefndarstarfinu árið 2003 hafi orðið að veruleika. Þrátt fyrir að Verðlagsnefnd mjólkurafurða hafi haldið aftur af verðþróun á mjólkurafurðum undanfarinn áratug er ljóst að mjólkuriðnaðurinn stendur frammi fyrir verulegum breytingum bæði hvað varðar stuðning hins opinbera og innra skipulag. Þannig hafa mjólkurframleiðendur krafist frjálstrar verðmyndunar á hrámjólk til bændu og að dregið verði úr framleiðslustýringu en samhliða því hefur verið vaxandi óánægja meðal neytenda um meinta einokunartilburði mjólkuriðnaðarins gagnvart nýsköpun í greininni.

Nú er svo komið að miðstjórn ASÍ og stjórn BSRB hafa sameiginlega lýst því yfir að samböndin muni hætta allri þátttöku í Verðlagsnefnd mjólkurafurða. Jafnframt er það krafa miðstjórnar ASÍ að allur mjólkuriðnaðurinn, frá fram-

leiðendum til smásölu dreifingar, verði felldur undir ákvæði samkeppnislaga og lúti sömu reglum og önnur atvinnustarfsemi, þ.m.t. undir ákvæði um takmörkun á áhrifum og umfangi markaðsráðandi aðila.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um flóttamannavandann í Evrópu 2. september 2015

Evrópa stendur frammi fyrir flóttamannastraumi af áður óþekktri stærðagráðu. Fólk í þúsunda vís flýr átök í Sýrlandi, Mið-Austurlöndum og Afríku á degi hverjum. Íslenska þjóðin hefur brugðist við fréttum af hörmungum flóttafólksins af hluttekningu og þegar hefur fjöldi fólks boðið fram aðstoð sína við móttöku flóttafólks í neyð. Þessi viðbrögð sýna náungakærleik og hjálpssemi sem er aðdáunarverð.

Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur ríkisstjórnina til að nálgast vandamál flóttafólks í Evrópu af festu og ábyrgð. Ísland getur svo sannarlega tekið við fleiri flóttamönnum en þeim 50 sem þegar hefur verið ákveðið að veita hér hæli.

Mikilvægt er að stjórnvöld standi vel að komu flóttamanna með því að tryggja að þeir sem hingað koma fái sannanlega nýtt tækifæri í nýju landi. Í þessu felst að tryggja þarf fólkinu bæði gott húsnæði og nauðsynlegan samfélagslegan stuðning. Slíkur stuðningur þarf að vera í formi sálfræðiaðstoðar, íslenskukennslu, aðlögunar að íslensku samfélagi, heilbrigðis- og menntakerfi sem og aðlögunar og þekkingar að íslenskum vinnumarkaði til að koma í veg fyrir að á fólkinu verði brotið. Miðstjórn ASÍ lýsir sig reiðubúna til samstarfs um þetta verkefni því verkalyðshreyfingin býr að mikilli þekkingu og reynslu í þeim þáttum sem snúa að vinnumarkaðinum.



Efnahags- og atvinnumál

Aðstæður í efnahagslífinu hafa verið öllu lífflegri á þessu ári heldur en undanfarin ár og til marks um það að hagkerfið sé loks búið að rétta úr kútnum eftir hægan vöxt eftirhrunsáranna. Á síðasta ári var verðmæti vergrar landsframleiðslu í fyrsta sinn hærra en það var á hrunárinu 2008 en þó með ólíkri samsetningu. Þannig var verðmæti útflutnings þriðjungi hærra á síðasta ári en það var árið 2008 á meðan einkaneysla og fjárfesting voru enn undir þeim gildum sem sáust fyrir hrun.

Helstu kennitölur

Hlutfallsleg breyting	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Einkaneysla	-7	-9,2	-0,3	2,5	1,9	1	3,1
Samneysla	4,9	-1,1	-3,7	-0,1	-1,8	1,1	1,8
Fjármunamyndun	-19	-47,8	-8,6	11,6	5,3	-1	15,4
þar af atvinnuvegir	-21,6	-51,7	-1,9	23,8	7,9	-6,9	16,3
þar af húsnæði	-21,9	-55,7	-1,8	5,4	6,9	10,8	14,8
þar af hið opinbera	-4,8	-2,6	-17,5	-16	-6,1	12,1	12,8
Þjódarútgjöld	-7,6	-17,5	-2,5	3,5	1,5	0,2	5,2
Útflutningur	3,3	8,3	1	3,4	3,6	6,7	3,1
Innflutningur	-20,3	-22,4	4,4	6,8	4,6	0,2	9,8
Landsframleiðsla	1,5	-4,7	-3,6	2	1,2	3,9	1,8
Launavísitala	8,1	3,9	4,8	6,8	7,8	5,7	5,8
Kaupmáttur launa	-3,7	-7,3	-0,7	2,6	2,6	1,7	3,7
Verðbólga ¹	12,4	12	5,4	4	5,2	3,9	2
Atvinnuleysi ²	3	7,2	7,6	7,1	6	5,4	4,9
Gengisvísitala ³	166	223	216	217	222	219	207
Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴	-2,3	8,6	10,1	8,4	6,1	7,4	6,4

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slítameferð

Hagvöxtur síðustu ára hefur að mestu verið drifinn áfram af jákvæðu framlagi utanríkisviðskipta en þar hefur fjölgun ferðamanna ýtt undir mikinn vöxt þjónustu-útflutnings. Á þessu varð nokkur breyting á síðasta ári þegar framlag þjódarútgjalda til hagvaxtar jókst við kröftugan vöxt innlendrar eftirspurnar. Þannig jókst einkaneysla um 3,1% á síðasta ári, samneysla um 1,8% og fjármunamyndun um 15,4% þar sem mestu munaði um 16,3% vöxt fjárfestingar atvinnuveganna.


Þessar hagtölur eru til marks um bættu stöðu heimila og fyrirtækja. Kaupmáttur hefur aukist, verulega hefur dregið úr atvinnuleysi og störfum fjölgað en þó eru blikur á lofti. Ákveðinn efnahagslegur stöðugleiki hefur verið helsta einkenni síðasta árs þar sem verðbólga hefur verið lág, gengi krónunnar stöðugt og atvinnuleysi lítið. Verðbólga hefur verið undir markmiði Seðlabankans frá byrjun árs 2014 sem merkir að leita þarf til síðustu aldar til að finna samþærilegt tímabil verðstöðugleika á Íslandi.

Lág verðbólga síðustu missera skýrist að mestu af stöðugu gengi krónunnar og gríðarlegri lækun hrávöruverðs og þá sérstaklega olíuverðs. Á sama tíma hefur slaki farið minnkandi í íslensku efnahagslífi og spenna byggst upp með hækkun húsnæðisverðs, lækun húsnæðislána, hækkunum launa og versnandi væntingum um verðbólgu.

Seðlabanki Íslands hefur varað við vaxandi spennu í hagkerfinu, m.a. vegna skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda og þeirrar hættu að laun í hagkerfinu séu að hækka umfram það sem samrýmist stöðugu verðlagi. Flest bendir til þess að verðbólga verði komin yfir markmið Seðlabankans fyrir lok þessa árs. Stærsta áskorun næstu missera verður þannig að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Aðrar stórar áskoranir eru enn til staðar í íslensku efnahagslífi en þar ber helst að nefna losun fjármagnshafna en stjórnvöld kynntu áætlun um haftalosun í júní 2015.

Bætt fjárhagsstaða heimila birtist í aukinni neyslu

Heldur hefur birt yfir fjárhagsstöðu heimila síðustu misseri. Sú þróun birtist í færri vanskilum, minnkandi skuldum og aukinni neyslu heimilanna. Heimilin juku neyslu sína um 3,1% á síðasta ári, töluvert meira en árið þar á undan þegar einkaneysla jókst einungis um 1%. Jafnframt er útlit fyrir að þessi vöxtur haldi áfram í fyrirséðri framtíð en einkaneyslan jókst um 3,9% milli ára á fyrsta ársfjórðungi





þessa árs. Tölur yfir kortaveltu einstaklinga benda til þess að þróunin hafi haldið áfram yfir sumarmánuðina en á öðrum ársfjórðungi jókst kortavelta einstaklinga á föstu verðlagi um tæp 5% frá sama tímabili síðasta árs.


Þessi aukna neysla skýrist af jákvæðri þróun ýmissa ákvörðunarþátta fyrir neyslu heimilanna. Aðstæður á vinnumarkaði hafa batnað til muna en á fyrri helmingi þessa árs eru tæplega átta þúsund fleiri starfandi en á sama tímabili árið á undan auk þess sem dregið hefur úr atvinnuleysi.

Aðgerðir stjórnvalda, t.d. lækkun húsnæðislána, afnám vörugjalda og skattbreytingar, hafa ýtt undir aukna neyslu heimilanna auk þess sem minni óvissa og minni óstöðugleiki hafa haft jákvæð áhrif á bæði væntingar og ákvörðun heimilanna um kaup á dýrari neysluvörum.

Jákvæð þróun launa- og ráðstöfunartekna vegur þó eflaust þýngst í þróun neyslu síðustu missera. Vísitala launa hækkaði að meðaltali um 5,8% milli ára á síðasta ári og á fyrri helmingi þessa árs hefur launavísitalan hækkað að jafn-

aði um 6% milli ára. Lítil verðbólga hefur þannig leitt til töluverðrar kaupmátt-
 araukningar á tiltölulega skömmum tíma en kaupmáttur launa er nú í fyrsta
 sinn frá hruni orðinn meiri en hann var á árunum 2007–2008.






Töluverður munur hefur verið á kjarasamningum sem gerðir hafa verið undanfarin misseri hjá ólíkum launþegahópum. Launahækkunar hjá hinu opinbera hafa leitt launaþróun á vinnumarkaði á meðan laun í samgöngum og fjármála-fyrirtækjum hafa hækkað mest á almenna vinnumarkaðinum.


Líkt og rakið hefur verið að framan hefur fjárhagsstaða heimilanna batnað undanfarin misseri og hagfelld þróun ólíkra ákvörðunarþátta verið með þeim hætti að birt hefur yfir væntingum heimilanna. Þetta má lesa úr væntingavísitölu Gallup sem í júnímánuði hafði ekki mælst hærra frá byrjun árs 2008. Þeim hefur fjölgað sem eru jákvæðir gagnvart núverandi ástandi og þeim jafnframt fækkað sem neikvæðir eru.

Þessar björtu væntingar koma fram í vísitölum fyrirhugaðra stórkaupa en þar sést að neytendum fjölgar sem líklegir eru til stórkaupa á borð við bifreiðakaup, utanlandsferðir eða fasteignakaup.

Fasteignamarkaður að rétta úr kútnum



Húsnæðismarkaður hefur verið til vaxandi umfjöllunar síðustu mánuði en það kemur eflaust ekki á óvart í ljósi þróunar fasteignaverðs. Vísitala íbúðarverðs stóð í 428,5 stigum í júnímánuði og hafði þá hækkað um 10% á tólf mánuðum en það jafngildir 8,3% raunhækkun á verði fasteigna. Fasteignaverð hefur þannig hækkað um 40% frá því að botninum var náð í lok árs 2009. Hækkun vísitölunnar er drifin áfram af hækkun á verði íbúða í fjölbýli sem hefur hækkað um 12% undanfarið ár á meðan verð á sérbýli hefur einungis hækkað um 6%. Hrun varð á fasteignamarkaði við fall bankanna sem leiddi til þess að viðskipti urðu nær engin og vikulegum meðalfjölda kaupsamninga fækkaði úr 191 á árinu 2007 í 39 á aðeins tveim árum. Jafnframt urðu fasteignakaup erfiðari sökum minnkandi aðgengis að lánsfé en það leiddi til þess að einstaklingar, sem áður keyptu sína fyrstu eign, færðust yfir á leigumarkað.




Umsvif í mannvirkjagerð hafa farið vaxandi undanfarin ár en eru þó enn sögulega lág. Á síðasta ári hófust einungis framkvæmdir við 582 íbúðir auk þess sem einungis 1149 íbúðir voru fullgerðar.

Aðstæður á fasteignamarkaði hafa hægt og rólega batnað undanfarin ár samhliða bættri kaupgetu heimilanna og sú þróun hefur haldið áfram undanfarna mánuði. Þannig hefur vaxandi kaupmáttur, betri vaxtakjör, lækkun verðtryggðra húsnæðislána, bætt staða á vinnumarkaði og minni óvissa leitt til þess að fasteignakaup eru nú fýsilegri en undanfarin ár. Ólíklegt er þó að bætt fjárhagsstaða heimilanna hafi verið ráðandi þáttur í þróun fasteignaverðs síðasta árs. Velta á fasteignamarkaði er þannig enn undir meðaltali frá aldamótum, þrátt fyrir mannfjölgun á tímabilinu. Líklegt er að hækkun fasteignaverðs undanfarið skýrist ekki síður af litlu framboði, vaxandi byggingarkostnaði og mikilli fjölgun ferðamanna en fjölgun ferðamanna hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir smærri eignum miðsvæðis sem hugsaðar eru í skammtímaútleigu til ferðamanna. Þannig bendir *Hagfræðideild Landsbankans* á mikla aukningu í íbúðasölu einstaklinga til fyrirtækja á svæðinu vestan Kringlumýrabrautar þar sem vægi slíkra viðskipta er mun herra en annar staðar á höfuðborgarsvæðinu¹. Með þróun bæði eftirspurnar og framboðs í huga er líklegt að verð á húsnæði komi til með að halda áfram að hækka í fyrirsjáanlegri framtíð.

Þörf á aukinni fjármunamyndun

Erfiðlega hefur gengið að ná upp aukinni fjárfestingu eftir efnahagshrunið. Þetta skýrist af mörgum þáttum en meðal annars hefur hið opinbera haldið aftur af fjárfestingu, lítill vöxtur hefur verið í íbúðarfjárfestingu og erfið fjárhagsleg staða hefur gert fyrirtækjum erfitt að

auka fjárfestingarumsvif. Vöxtur fjárfestingar undanfarin ár hefur þannig að mestu verið drifinn áfram af fjárfestingu í stóriðju, raforku, skipum og flugvélum fremur en almennri atvinnuvegafjárfestingu.





¹ <http://www.landsbankinn.is/uploads/documents/hagsja/2015-08-10-Fasteignamarkadur-leigumarkadur.pdf>

Hagtölur fyrir fyrri helming ársins 2015 benda til þess að veruleg aukning fjárfestingar eigi sér stað um þessar mundir. Þannig hefur fjárfesting aukist um 21,2% á fyrstu sex mánuðum ársins borið saman við sama tímabil síðasta árs eða 9% sé litið fram hjá áhrifum fjárfestingar í skipum og flugvélum. Sú fjárfesting er eingöngu vegna aukinna fjárfestinga atvinnuveganna því á sama tímabili dróst saman íbúðafjárfesting og fjárfesting hins opinbera. Fjárfesting atvinnuveganna hefur þannig aukist um 20,3% á fyrri helmingi ársins ef litið er fram hjá fjárfestingu í skipum og flugvélum.

Engu að síður er fjármunamyndun enn undir meðaltali síðustu áratuga en vænta má áframhaldandi vaxtar fjármunamyndunar á næstu misserum. Hversu mikill vöxturinn verður ræðst að miklu leyti af því hvort og hvenær framkvæmdir við stór fjárfestingarverkefni fara af stað.

Tímabil verðstöðugleika á enda?

Leita þarf aftur til áronna 1995–1996 til að finna sambærilegt tímabil verðstöðugleika og það sem ríkt hefur hér á landi undanfarið eitt og hálf á. Verðbólga hefur verið undir markmiði Seðlabankans frá febrúar 2014 og ef horft er fram hjá áhrifum húsnæðisverðs ríkti verðhjöðnun á tímabilinu frá nóvember 2014 til apríl á þessu ári. Rekja má hraða lækkun verðbólgu á fyrri hluta síðasta árs að mestu leyti til hagfelldrar þróunar tveggja þátta: Í fyrsta lagi til styrkingar og minni sveiflna í gengi krónunnar; í öðru lagi til mikillar verðlækkunar á hrávöru og olíu á mörkuðum erlendis.



Þrátt fyrir hóflega kjarasamninga í upphafi síðasta árs er ljóst að umtalsverðar launahækkningar hafa átt sér stað á vinnumarkaði. Margir hópar sömdu ekki í

takt við almennar hækkanir auk þess sem töluvert launaskrið birtist jafnframt í launaþróun. Þannig var meðalárshækkun vísitölu launa 5,8% á síðasta ári. Þetta er ekki óvænt í ljósi vaxandi eftirspurnar í hagkerfinu og minnkandi framleiðslulaka. Þetta merkir þó að verðbólguþrýstingur fari nú vaxandi og verðbólga geti farið hratt af stað verði þróun olíuverðs og gengis óhagstæð. Hagdeild ASÍ varaði meðal annars við því í Vörspánni 2015 að verðbólga myndi fara yfir markmið Seðlabankans fyrir lok árs og vera að jafnaði 3,5% á árinu 2016. Seðlabanki hefur nú þegar brugðist við þróuninni með hækkun stýrivaxta um hálf prósentustig við síðustu vaxtaákvörðun og útilokaði ekki að vextir yrðu hækkaðir fyrir en síðar.

Aðgerðir stjórnvalda ýta undir þenslu

Ætla mætti að jákvæð þróun í efnahagslífinu myndi veita ríkisstjórninni meðbyr í skoðanakönnunum. Sú hefur ekki verið raunin en hratt hefur dregið úr stuðningi við ríkisstjórnina frá því að hann mældist mestur skömmu eftir kosningar; mælist stuðningur nú 34%. Meirihluti efnahagsaðgerða stjórnvalda hefur undanfarið ýtt undir heildareftirspurn í hagkerfinu. Aðgerðirnar eru þannig að mörgu leyti jákvæðar en koma fram á óheppilegum tíma þar sem þær eru flestar í eðli sínu þensluhvetjandi og vinna þannig gegn markmiði Seðlabankans um stöðugt verðlag.



Í frumvarpi til fjárlaga 2015 kom í ljós að gerðar yrðu breytingar á virðisaukaskatti og að almenn vörugjöld yrðu afnumin af flestum vörum. Með breytingunum skyldi dregið úr bili milli virðisaukaskattþrepa og efra þrep lækkað úr 25,5% í 24% og neðra þrepið, sem m.a. lagðist á mat- og drykkjarvörur, yrði hækkað úr 7% í 12%. Með afnámi vörugjalda yrðu vörugjöld felld brott af öllum vörum öðrum en áfengi, tóbaki og eldsneyti. Þessar aðgerðir voru í takt við ráðleggingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um breytingar á skattkerfinu. Það var skoðun ASÍ að breytingar, sérstaklega hækkun VSK á matvöru myndu leggja þungt á tekjulága og að bregðast þyrfti við því með auknum stuðningi til vissra hópa í samræmi við tillögur AGS.

Útreikningur á lækkun verðtryggðra húsnæðislána lá loks fyrir í upphafi þessa árs til samþykktar. Aðgerð ríkisstjórnarinnar um lækkun verðtryggðra húsnæðislána er þannig að mestu leyti lokið. Aðgerðirnar hafa hlotið gagnrýni, meðal annars frá Seðlabankanum og ASÍ. Aðgerðirnar þykja bæði ýta undir þenslu í hagkerfinu, ýta undir ójöfnuð, styðja við fjölda einstaklinga, sem ekki eru í fjárhagslegum erfiðleikum, og undanskilja stóran hóps tekjulágra sem búa í leiguhúsnæði. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um lækkun húsnæðislána mátti sjá að meðallækkun var mest hjá tekjuhæstu heimilunum og hjá fólki á aldursbilinu 46–55 ára.

Hætta er á því að ríkisfjármál muni ýta undir frekari þenslu á næstu misserum en fjármálaráðherra hefur þegar lýst því yfir í viðtölum að bætt staða ríkissjóðs muni birtast í frekari skattalækkunum í náninni framtíð. Mesta áskorunin næstu misseri verður að ljúka afnámi fjármagnshafta en stór skref voru stigin þegar ríkisstjórnin kynnti áætlun um haftalosun í byrjun sumars. Aðgerðirnar felast í því að slitabú verði annað hvort að uppfylla stöðugleikaskilyrði og greiða stöðugleikaframlag sem fjármálaráðherra áætla að geti orðið meira en 500 milljarðar króna. Uppfylli slitabú ekki stöðugleikaskilyrðin fyrir árslok 2015 muni verða lagður á þau stöðugleikaskattur sem nemur 39% af heildareignum slitabúa, eða um 850 milljörðum króna. Fjármálaráðherra hefur gefið út að féð muni verða notað til að greiða niður skuldir ríkissjóðs en að einnig geti skapast svigrúm til þess að styrkja innviði og fjárfesta í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Mikilvægt er að ríkisfjármálastefnan styðji við verðbólgu-markmið Seðlabankans á næstu misserum; annars er hætta á frekari þenslu og aukinni verðbólgu á komandi misserum.


Markverður bati á vinnumarkaði

Sé rýnt í aðstæður á vinnumarkaði má sjá að vinnumarkaður hefur að mestu náð bata eftir efnahagshrunið þó enn séu til staðar ákveðnar áskoranir. Hagvísar á vinnumarkaði eru því flestir að þróast í rétta vegu. Þátttaka í stéttarfélögum mældist 86,4% á árinu 2014 samkvæmt Hagstofunni þar sem Alþýðusamband Íslands er stærst heildarsamtaka á vinnumarkaði.




Verulega hefur dregið úr atvinnuleysi sem ekki hefur verið lægra frá hruni. Atvinnulausir eru flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu en þar á eftir koma Suðurnes og Norðurland eystra. Störfum hefur fjölgað og eru nú um 20 þúsund fleiri starfandi á fyrstu sjö mánuðum þessa árs heldur en sama á tímabili árið 2011. Þar af hefur starfandi fjölgað um sjö þúsund á árinu 2015. Meðalfjöldi vinnustunda eykst einnig milli ára en er töluvert undir því sem sást fyrir hrun. Einstaklingum í hlutastarfi fjölgaði verulega í kjölfar hrunsins en það er

ekki óeðlileg þróun í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu. Hjá flestum aldurs-
hópum hefur þróunin gengið til baka nema hjá þeim sem eru að koma nýir inn
á vinnumarkað, 16–24 ára, þar er meira en helmingur starfandi í hlutastarfi.
Hlutfallið var hinsvegar 39% árið 2003.



Atvinnuþátttaka hefur aukist og einstaklingum utan vinnumarkaðar þannig
fækkað á undanförunum árum. Fækkun einstaklinga utan vinnumarkaðar og
atvinnulausra hefur hins vegar ekki verið jafn hröð og fjölgun starfandi en
það gefur til kynna fjölgun vinnuaflsins. Horfur á vinnumarkaði eru jafnframt
góðar þar sem eftirspurn eftir vinnuafli fer vaxandi í takt við aukna heildar-
eftirspurn í hagkerfinu. Samkvæmt Vinnuálastofnun hafa verið auglýst rúm-
lega 500 fleiri störf á fyrstu sjö mánuðum þessa árs heldur en 2014. Við þessar
aðstæður er þannig hætta á því að skortur á vinnuafli muni gera vart við sig
sums staðar í hagkerfinu og má víða sjá vísbendingar um þá þróun.
Engan þarf að undra að uppgangur í ferðaþjónustu hefur verið megindrifkraftur
úr bata á vinnumarkaði undanfarin ár.

Eflaust eru fá fordæmi fyrir
fjölgun ferðamanna á borð við
það sem sést hefur hér á landi
undanfarin ár. Á síðasta ári fóru
alls 1,36 milljón ferðamanna um
Keflavíkurflugvöll og voru 70%
erlendir ferðamenn. Ekki hefur
dregið úr vextinum á þessu ári
og fjölgaði þeim ferðamönnum,
sem fara um Keflavíkurflugvöll,
um 28% á fyrri hluta ársins.



Áhrifin koma ekki einungis beint fram í ferðaþjónustustörfum á borð við gistingu og samgöngur heldur einnig óbeint í fjölda afleiddra starfa í verslun og mannvirkjagerð. Þróun búferlaflutninga gefur til kynna að erfiðara reynist að manna störf með innlendu vinnuafli og muni fyrirtæki þurfa að leita eftir erlendu vinnuafli til að svara eftirspurn. Þannig voru erlendir ríkisborgarar um 1800 fleiri aðfluttir en brottfluttir á síðasta ári. Íslenskir ríkisborgarar voru hins vegar 760 fleiri brottfluttir heldur en aðfluttir. Óneitanlega vekur sú þróun athygli að á sama tíma og störfum fer fjölgandi hér á landi virðast Íslendingar leita að tækifærum erlendis.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna.

Síðastliðið ár eða frá 31. ágúst 2014 til 1. september 2015 hefur verðlagseftirlitið framkvæmt eftirfarandi kannanir:

- 8 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land, m.a. verð á jólamat, bökunarvörum og páskaeggjum
- 5 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á umfelgun og heilsársdekkjum
- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á verðlagningu apóteka – lyfjum án lyfseðils og öðrum vörum
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Eftirfarandi gjaldskrár voru skoðaðar: leikskólagjöld, skóladagvistun ásamt hádegismat og síðdegishressingu, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað, sumarnámskeið ungmenna og hvað það kostar að fara í sund. Auk þess voru áfram bornar saman gjaldskrár íþróttafélaga í fimleikum, fótbolta og handbolta.

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld sem tóku gildi um áramótin

Á árinu var lögð áhersla á að fylgjast með áhrifum á verð vegna breytinga á lögum um virðisaukaskatt og afnám vörugjalda sem tóku gildi um áramótin. Höfðu þessar breytingar áhrif á verðlag á allflestum vöru- og þjónustuliðum. Virðisaukaskattsbreytingin hafði áhrif á verðlag strax á nýju ári en áætlað var að breytingar á vörugjöldum mundu skila sér á fyrstu mánuðum ársins. Búin var til verðlagsreiknivél sem staðsett var á heimasíðu Alþýðusambandsins en þar gátu neytendur reiknað áhrif verðbreytinganna á ýmiskonar vörur og þjónustu.

Helstu breytingar á lögnum voru eftirfarandi:

Híð almenna þrep virðisaukaskatts var lækkað úr 25,5% í 24% sem ætti að lækka verð um 1,2%. Sem dæmi um vörur og þjónustu í þessu þrepi voru: Föt og skór, lyf, áfengi og tóbak, raforka til almennra nota, þjónusta iðnaðarmanna, húsgögn og húsbúnaður, búskáld, verkfæri, tölvur og prentarar, sím-tæki, bílar og bílaviðgerðir, póst- og símaþjónusta, snyrtivörur, hársnyrting, skartgripir og úr, hreinlætisvörur og flugfargjöld.

Neðra þrep virðisaukaskatts hækkaði úr 7% í 11% sem átti að hækka verð um 3,7%. Helstu vörur og þjónustuliðir í neðra þrepi virðisaukaskatts voru: Matur, óáfengar drykkjarvörur, bækur, dagblöð og tímarit, geisladiskar, heitt vatn, raforka, bleiur og smokkar, gistiþjónusta, veitingaþjónusta og afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Almenn vörugjöld voru felld niður en þau voru lögð á sykur og sætar mat- og drykkjarvörur, stærri raftæki, byggingarvörur og bílavarahluti.

- Dæmi um sætar mat- og drykkjarvörur sem báru vörugjald (sykurskatt)
 - Sykur, molasykur, púðursykur o.þ.h. – 210 kr./kg
 - Gosdrykkir – 21 kr./l
 - Ís – 32 kr./l
 - Sultur, grautar, ávaxtamauk, kex, sætabrauð, súkkulaði, sælgæti, sætar mjólkurvörur og morgunkorn – 210 kr./kg af viðbættum sykri
- Stærri raftæki, sem báru 25% vörugjöld, ættu að lækka í verði um 21%. Eru þetta vörur eins og sjónvörp, útvörp, hljómflutningstæki, hátalarar, myndbandstæki og heimabíókerfi.
- Stærri raftæki, sem báru 20% vörugjöld, ættu að lækka í verði um 18%. Eru þetta vörur eins og þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, helluborð og

ofnar, kælskápar og frystiskápar og -kistur, uppþvottavélar og örbylgjuofnar.

- Byggingavörur og bílavarahlutir, sem báru 15% vörugjöld, ættu að lækka í verði um 14%. eru þetta vörur eins og vaskar, baðker, sturtuklefar, salernisskálur, blöndunartæki, gólfefni, flísar, gifsplötur, þiljur, lampar, ljósabúnaður, rafgeymar, stuðarar, gírkassar, vatnskassar og baksýnis-speglar.

Verðlagseftirlitið lagði mikla áherslu á að fylgjast með breytingunum á afnámi almennra vörugjalda um áramótin og var byrjað að fylgjast með verði í byrjun október 2014. Fylgst var með afnámi sykurskatts í matvöruverslunum, afnámi vörugjaldanna á byggingavörur, bílavarahluti og heimilistæki.

Vörukarfa ASÍ með áherslu á afnám sykurskatts


Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlitið mælt reglulega vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunardeðjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis á öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara.

Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanadeðjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða. Einnig er rétt að athuga að skoðað er það verð sem er í gildi í verslununum á hverjum tíma; geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar. Verðbreytingar voru skoðaðar í eftirfarandi verslunum: Í lágvöruverðsverslunum Bónuss, Krónunni, Nettó og Iceland; í almennu matvöruverslununum Hagkaupum og Samkaupum-Úrvali, Tíu-ellefu, Samkaupum-Strax og Víði; á landsbyggðinni: Kjarval, Kaskó, Kaupfélagi Skagfirðinga og Kaupfélagi Vestur-Húnavtinga.

Eins og áður hefur komið fram var virðisaukaskattur á mat- og drykkjarvörur hækkaður úr 7% í 11% auk þess sem vörugjöld voru felld niður (sk. sykurskattur) af sykri og sætum matar- og drykkjarvörum. Breytingin gaf því að hámarki tilefni til 3,7% hækkunar á matvöru en áhrifin á verði þeirra matvara, sem innhalda sykur eða sætuefni, ráðast af sykurrinnihaldi vörunnar. Almennt má því segja að þeim mun sætari sem varan var þeim mun þyngra vó afnám vörugjaldanna í verðinu og þeim mun meira ætti hún að lækka í verði.

Vörucarfa ASÍ hefur hækkað hjá 9 verslunardeðjum af 12 frá því í desember 2014 (viku 48) þar til í byrjun júní (vika 24, 2015). Mesta hækkunin á þessu tímabili var hjá Iceland, Hagkaupum, Víði og Kaupfélagi Skagfirðinga. Á sama tímabili lækkaði vörucarfan hjá Kjarval, Krónunni og Nettó. Í heildina var það mat verðlagseftirlitsins að breytingar á virðisaukaskatti og vörgjöldum gæfu tilefni til hækkunar á verði matarkörfu meðalheimilis um u.þ.b. 1,5%.

Eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti hækkaði vörucarfan í verði hjá 9 verslunum af 12, eins og áður sagði, og hjá 7 þeirra var hækkunin mun meiri en skýrist af breytingunum á virðisaukaskatti og afnámi sykurskatts. Mesta hækkunin var 4,8% hjá Iceland, 4,6% hjá Hagkaupum, 4% hjá Víði, 3% hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, 2,5% hjá Tíu-ellefu og um 2,1% hjá Samkaupum-Úrvali. Í verslunum Bónuss, Samkaupum-Strax og Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga var hækkunin um og undir 1,5%. Lækkun á verði vöruflokkunnar var um 3% hjá Kjarval, um 1,1% hjá Nettó og um 1% hjá Krónunni.



Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig afnám sykurskattsins og breyting á virðisaukaskatti skilaði sér til neytenda í hverjum vöruflokki fyrir sig.

Vöruflokkurinn drykkjarvörur lækkaði aðeins í 6 verslunum af 12 en verðlagseftirlitið áætlaði að þessi vöruflokkur mundi lækka um u.þ.b. 2,5%. Mesta lækkunin var um 9,9% hjá Kjarval, um 7,2% hjá Nettó, um 4,8% hjá Bónus, um 4,4% hjá Krónunni, um 3,3% hjá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga og um

0,4% hjá Tíu-ellefu. Vörflokkurinn hækkaði í verði um 6,3% hjá Víði, um 5,8% hjá Hagkaupum, um 3,7% hjá Iceland og um 0,4–1% hjá Samkaupum-Strax, Kaupfélagi Skagfirðinga og Samkaupum-Úrvali.

Verðlagseftirlitið áætlaði að vörflokkurinn sætindi ætti að lækka um u.þ.b. 10% vegna afnáms sykurskattsins en það var aðeins verslunin Bónus sem lækkaði í takt við það. Verslanirnar Krónan, Nettó og Kaupfélag Vestur-Húnvetninga komu þar á eftir með lækkun á bilinu 6,6–7,7%. Enn minni lækkun var hjá Hagkaupum, Samkaupum-Úrvali, Víði, Kaupfélagi Skagfirðinga og Kjarval eða um 1,2–4,4%. Í verslunum Iceland, Tíu-ellefu og Samkaupum-Strax hækkuðu sætindi í verði um 0,2–2,2%.

Vika 48 - 2014 og 24 - 2015	Bónus	Krónan	Nettó	Iceland	Hagkaup	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Samkaup-Strax	Viðir	Kaupfélag Skagfirðinga	Kaupfélag vestur Húnvetninga	Kjarval
Breyting vörurörfu - vegið meðaltal	1,2%	-1,0%	-1,1%	4,8%	4,6%	2,1%	2,5%	1,6%	4,0%	3,0%	0,1%	-3,0%
Brauð og kornvörur	2,5%	1,6%	0,0%	6,5%	3,7%	2,7%	2,0%	-0,5%	0,5%	2,2%	1,3%	3,0%
Kjötvrörur	5,5%	1,8%	0,1%	4,8%	3,7%	1,3%	4,5%	3,6%	2,3%	5,9%	1,3%	2,1%
Mjólkurvörur, ostar og egg	5,4%	1,3%	1,2%	5,1%	6,9%	4,8%	2,5%	3,9%	9,7%	4,7%	3,4%	-6,0%
Grænmeti og ávextir	1,7%	-6,1%	-1,3%	-0,6%	8,3%	2,3%	2,8%	1,7%	5,9%	3,6%	-0,8%	-10,3%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	-10,0%	-6,6%	-7,7%	1,1%	-3,1%	-2,5%	2,2%	0,2%	-1,4%	-4,4%	-6,8%	-1,2%
Ýmsar matvörur	0,4%	2,9%	3,5%	12,7%	5,2%	5,3%	5,2%	2,6%	4,9%	5,4%	1,2%	3,8%
Drykkjarvörur	-4,8%	-4,4%	-7,2%	3,7%	5,8%	0,4%	-0,4%	1,0%	6,3%	0,6%	-3,3%	-9,9%

Samkvæmt áætlun verðlagseftirlitsins ætti afnám sykurskattsins og breyting á virðisaukaskatti í vörflokknum mjólkurvörur, ostar og egg ekki að gefa tilefni til hækkunar umfram 2,5% en aðeins Krónan, Nettó og Tíu-ellefu voru við eða undir því marki. Mesta hækkunin var um 9,7% hjá Víði, um 6,9% hjá Hagkaupum, um 5,4% hjá Bónus, um 5,1% hjá Iceland, um 3,4–4,8% hjá Samkaupum-Úrvali, Samkaupum-Strax, Kaupfélagi Skagfirðinga og Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga en svo lækkaði vörflokkurinn um 6% í verði hjá Kjarval.

Þegar rýnt var í vörflokkinn brauð og kornvörur má benda á að hann inniheldur töluvert meiri sykur og sætuefni en maður gerir sér grein fyrir, t.d. brauð, kökur og morgunkorn. Samkvæmt áætlun verðlagseftirlitsins ætti vörflokkurinn ekki að gefa tilefni til hækkunar umfram 2%. Sjö verslanir hækkuðu verðið um 1–3%. Mesta hækkunin var um 6,5% hjá Iceland og um 3,7% hjá Hagkaupum. Aðeins verslunin Samkaup-Strax lækkaði verðið og nam lækkunin 0,5%.

Afnám vörugjalda á heimilistæki

Vegna boðaðs afnáms vörugjalda og lækkunar á virðisaukaskatti í fyrra hóf verðlagseftirlit ASÍ að fylgjast með verðbreytingum á heimilistækjum í október 2014. Verðlagseftirlitið áætlaði að vörur, s.s. sjónvörp, útvörp og myndspilarar, sem áður báru 25% vörugjald, ættu að lækka í verði um 22,2%, með virðisaukaskattslækkuninni. Þvottavélar, kæliskápar, uppþvottavélar og helluborð, sem áður báru 20% vörugjald, ættu að lækka í verði um 19,2%, með lækkun virðisaukaskattsins.

Þegar gerður var samanburður á könnunum á verði heimilistækja sem verðlags- eftirlitið framkvæmdi annars vegar í byrjun október 2014 og hins vegar í apríl 2015 kemur í ljós að mjög misjafnt var hvernig verð í verslunum breyttist.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda þeirra vara, sem kannaðar voru í einstökum verslunum, og hvernig verð viðkomandi vara breyttist á tímabilinu. Þannig voru sem dæmi 8 vörur í samanburðinum frá versluninni Einar Farestsveit; verð tveggja vara var óbreytt, verð tveggja lækkaði á bilinu 10–14,9% og verð fjögurra lækkaði um meira en 20%.

	Hækkunar	0%	Lækkun um 0-9,9%	Lækkun um 10-14,9%	Lækkun um 15-19,9%	Lækkun um >20%	Fjöldi vara í samanburði
Einar Farestsveit		2		2		4	8
Nýherji	1		3	1		6	11
Smith & Norland	1		1		1	11	14
Sjónvarpsmiðstöðin	1	1		3	2	9	16
Ormsson	1	1	1	3	6	7	19
Samsung setrið	5	5	3		1	6	20
Rafha	2	4	1				7
Heimilistæki	1	5	2	2	2	8	20
Eirvík	1		8	8	6	5	28
Max Raftæki		4	1	1	1	4	11
Elko		1	2	3	3	12	21
Húsasmíðjan		2	2	1	3	4	12
Samtals	13	25	24	24	25	76	187
Hlutfall af heild	7%	13%	13%	13%	13%	41%	100%

Í ljós kemur að ekki lækkuðu allar verslanir verðið. Í ríflega 20% tilfella lækkaði verðið milli mælinga eða var óbreytt, í 13% tilfella lækkaði verðið um minna en 10%, í 13% tilfella lækkaði verðið um 10–14,9%, í 13% tilfella lækkaði verðið á bilinu 15–19,9% og í um 40% tilvika lækkaði verðið um meira en 20%.

Áætla mátti að verð allra þeirra heimilistækja sem skoðuð voru, hefðu átt að lækka um meira en 19%. Athygli vekur að engin vara, sem skoðuð var í versluninni Rafha, lækkaði sem því nam og innan við helmingur þeirra vara

sem skoðaðar voru í Max Raftækjum og Eirvík. Verslunin Smith og Norland lækkaði verðið um meira en 20% hlutfallslega oftast eða í tæplega 80% tilfella.

Samkvæmt könnunum verðlagseftirlitsins voru verðlækkanir minni en gera mátti ráð fyrir. Það var einnig niðurstaðan þegar gögn Hagstofu Íslands voru skoðuð en samkvæmt mælingum Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs hefur verð á sjónvörpum, útvörpum og myndspilurum t.a.m. lækkað að meðaltali um 18% frá því í september 2014 og verðið á stærri heimilistækjum um tæp 13%.

Litlar lækkanir á byggingavörum

Verðlagseftirlitið áætlaði að verð byggingavara, sem áður báru 15% vörugjöld, ættu að lækka um 14% við afnám vörugjaldanna og þegar lækkun á virðisaukaskattinum úr 25,5% í 24% var reiknuð með hefði lækkunin átt að vera 15,2%. Þetta voru byggingavörur, s.s. gífsplötur, gólfefni, vaskar og salernisskálar.

Í meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á könnunum sem verðlagseftirlitið gerði í október 2014 og í apríl 2015. Taflan sýnir fjölda þeirra vara, sem kannaðar voru í hverri verslun, og hvernig verðið á þeim breyttist á tímabilinu. Í ljós kemur að verðlækkanir voru takmarkaðar. Í 36% tilvika voru vörurnar enn á sama verði og í fyrri mælingu, í 27% tilvika lækkaði verðið um 0–4,9% og aðeins í um þriðjung tilvika var lækkunin meiri en 5%.

	Hækkanir	0%	Lækkun um 0-4,9%	Lækkun um 5-9,9%	Lækkun um 10-14,9%	Lækkun um 15% eða meira	Fjöldi vara í samanburði
Byko	3	2	36	2	4		47
Húsasmiðjan	2	15	3	14	1	4	39
B.P. & co			4		3	2	9
Vidd		4	1			1	6
Parki	1	3		2		1	7
Birgisson		1		1		4	6
Egill Árnason		2		1		5	8
Ísleifur Jónsson		7	1			1	9
Tengi			1		8		9
Flisabúðin		1	3			2	6
Harðviðarval			2			4	6
Múrbúðin		6	1	1	1	1	10
Bauhaus	2	30	1	1	3	1	38
Samtals	8	71	53	22	20	26	200
Hlutfall af heild	4%	36%	27%	11%	10%	13%	100%

Bauhaus lækkaði ekki verð í tæplega 85% tilvika, Húsasmiðjan ekki í tæplega 45% tilvika og verðlækkanir í Byko voru innan við 5% í tæplega 90% tilvika.

Verslanirnar Birgisson, Egill Árnason og Harðviðarval voru þær verslanir sem oftast lækkuðu verð um 15% eða meira eða í nálægt 2/3 tilfella.

Verðbreytingar á bílavarahlutum

Verðlagseftirlit ASÍ áætlaði að varahlutir, s.s. bremsuklossar, stuðarar og stýrisendar, sem áður báru 15% vörugjöld, ættu að lækka um 15,2% þegar horft var til afnáms vörugjalda og lækkunar virðisaukaskatts úr 25,5% í 24%.

Verðlagseftirlitið kannaði verð á varahlutum í byrjun desember 2014 og svo aftur í apríl 2015. Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu niðurstöður úr samanburðinum á verðkönnuninum í október og apríl. Taflan sýnir fjölda þeirra varahluta sem voru í samanburðinum frá hverju fyrirtæki og hvernig verðið hefur breyst á tímabilinu.

	Hækkunar	0%	Lækkun um 0-4,9%	Lækkun um 5-9,9%	Lækkun um 10-14,9%	Lækkun um 15% eða meira	Fjöldi vara í samanburði
Toyota	1		2		2		5
B/L	2		1		3	4	10
Hekla			6	1	2	1	10
Askja	3		2	5			10
Bernard	1		1	4	2	2	10
Hyundai			1	1	2	1	5
Bílanaut			2			2	4
AB varahlutir	1		1		1	2	5
Brimborg	1	1	1	1	5	1	10
Samtals	9	1	17	12	17	13	69
Hlutfall af heild	13%	1%	25%	17%	25%	19%	100%

Í ljós kom að í 14% tilfella hækkaði verð eða hélst óbreytt, í fjórðungi tilfella lækkaði verð um 0–4,9%, í 17% tilfella um 5–9,9% og í 19% tilfella um 15% eða meira. Með öðrum orðum lækkaði verð í um 80% tilfella minna en sem nam áhrifum af afnámi vörugjaldanna og af lækkuninni á virðisaukaskattinum.

Þegar einstök fyrirtæki voru skoðuð nánar sést að hlutfallslega lækkaði Toyota, Hekla og Bílanaut oftast verð á bilinu 0–4,9%, Askja og Bernard oftast á bilinu 5–9,9%, Brimborg á bilinu 10–14,9% en algengasta lækkunin var hjá B/L og AB varahlutum sem nam 15% eða meira.

Það var því mjög misjafnt hvernig verð á varahlutum breyttist á umræddu tímabili hjá verslunum.



KJARAMÁL

Kjaramál og undirbúningur kjarasamninga á árunum 2014 og 2015 mótuðust af þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 21. desember 2013 og kallaðir voru aðfararsamningar. Samningarnir voru gerðir til skamms tíma og var ætlað að leggja grunn að samningum til lengri tíma sem undirbyggðu stöðugleika og aukinn kaupmátt. Í samningunum var meðal annars fjallað um að stefna á að koma á nýju íslensku samningslíkani eða eins og sagði í samningunum:

„Aðilar hafa á gildistíma gildandi kjarasamninga, sameiginlega gengist fyrir skipulegri söfnun upplýsinga um skipulag vinnumarkaðar, undirbúning og kjarasamningsgerð á hinum norðurlöndunum með það að markmiði að kanna forsendur til sköpunar nýs íslensks samningalíkans að norrænni fyrirmynd. Helstu einkenni þess líkans eru: greinasamningar (kartel) sem taka til allra starfsmanna félagsbundinna fyrirtækja í viðkomandi grein; samspil opinbers og almenns vinnumarkaðar; langtíamarkmið um samkeppnishæfni greina í alþjóðlegri samkeppni sem undirstöðu aukinna verðmæta í útflutningi, lífskjara og velferðar; markmið um samkeppnishæfni og sjálfbærni viðkomandi greina. Samið er á grundvelli kostnaðarramma sem útfærður er í nærsamningum.“

Kjarasamningar á vinnumarkaði 2014

Mikilvæg forsenda þess að það tækist að koma á nýju samningsmódeli að norrænni fyrirmynd var að sátt næðist um slíkt meðal helstu aðila á vinnumarkaði, m.a. með því að samstaða yrði um launabreytingar. Sú varð ekki raunin eins og fram kom í minnisblaði hagdeildar ASÍ um kjarasamningsbundnar hækkanir nokkurra helstu samninga á árinu 2014. Niðurstöður hagdeildarinnar voru eftirfarandi:

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins (hér eftir SA) við meirihluta félaga og landsambanda innan ASÍ. Helstu ákvæði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.01.14 til 28.02.2015.
- Almenn launahækkun 01.01.14: 2,8%.
- Taxtalaun hækka um 9.750 kr.
- Mánaðarlaun hækka að lágmarki um 8.000 kr.
- Orlofs- og desemberuppbót hækkuðu sérstaklega um 30.000.

Kostnaðaráhrif samningsins voru metin 3,1% (áætluð breyting á reglulegum launum). Þar af voru sérstakar hækkanir lögstu launa metnar á 0,3%. Samningsaðilar áætluðu á grundvelli samningsins að launavísitalan myndi hækka um 3,85% þar sem búast mætti við 0,75% hækkunum í formlegum og óformlegum launakerfum fyrirtækja.

- Kjarasamningur BHM við ríkið. Helstu ákvæði samningsins:
- Samningurinn gildir frá 01.02.14 til 28.02.15.
- Almenn launahækkun 01.02.14: 2,8%.
- Breytingar á launatöflu eru metnar á 0,6%.
- 200 milljónir eru settar í tilraunaverkefni um útfærslu á stofnana-samningum. Áætla má að kostnaður ríkisins aukist um 0,74% vegna tilraunaverkefnisins.

Áætla má að kostnaðaráhrif samningsins verði um 4,15%.

Félag háskólakennara er innan BHM en félagið klauf sig frá BHM-hópnum og boðaði til verkfalls á prófatíma í Háskóla Íslands. Samið var við félagið áður en til verkfalls kom. Samningurinn hefur heldur lengri gildistíma en samningar annarra BHM-félaga eða til 30.04.2015. Samið var um 2,8% almenna launahækkun og tvær eingreiðslur upp á samtals 34.600 kr. Áður en kjarasamningur var undirritaður var gengið frá stofnana-samningi milli félagsins og Háskóla Íslands. Áætla má að laun félagsmanna hafi hækkað um tæp

9% í stofnanasamningi en á móti lækkaði framlag í vinnumatssjóð sem hefur bein áhrif á laun háskólakennara til lækkunar. Ekki liggja fyrir kostnaðaráhrif vegna lækkunar á framlagi til vinnumatssjóðs og því ekki hægt að meta heildarkostnaðaráhrif stofnanasamningsins.

Kjarasamningur BHM við sveitarfélög. Helstu ákvæði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.03.14 til 31.08.15.
- Breytingar á launatöflum frá 01.03.14 eru metnar á 8,5%.
 - Á móti eru persónuálög lækkuð með sólarlagsákvæðum. Sveitarfélögin meta lækkunina 0,11%.
 - Að auki ætluðu sveitarfélög að draga úr yfirborgunum upp á 0,1%.

Eftir nokkurra vikna verkfall í framhaldsskólum náðist samningur milli framhaldsskólakennara og ríkisins. Í samningnum felast nokkrar breytingar á vinnutíma og vinnumati komi hann að fullu til framkvæmda. Helstu atriði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.03.2014 til 31.10.2016.
- Launahækkunarir:
 - 01.05.14: 8,3% hækkun (2,8% almenn hækkun, 4,3% hækkun vegna breytinga á kjarasamningsákvæðum og 1,2% launaþróun).
 - 01.08.14: 5% hækkun vegna breytinga á kjarasamningsákvæðum.
 - 01.01.15: 2% almenn hækkun.
 - 01.05.15: 9,3% hækkun (8% hækkun vegna breytinga á kjarasamningsákvæðum og 1,2% launaþróun).
 - 01.01.16: 2% almenn hækkun.

Kennarar kjósa um nýtt vinnumat í febrúar 2015. Felli kennarar breytingar á vinnumati eru samningar lausir. Heildarlaunakostnaður framhaldsskóla mun breytast um 29,31% á samningstímanum ef kennarar samþykkja breytt vinnumat en ef þeir fella það mun launakostnaður aukast um 16% á tímabilinu frá 01.03.14 til 01.03.15.

Ríkið telur að til lengri tíma muni sparast umtalsverðir fjármunir í framhaldsskólum með styttingu náms úr 4 árum í 3 en breytingar á samningnum eru að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins forsenda þess að stytta nám í framhaldsskólum.

Kjarasamningur grunnskólakennara við sveitarfélögin. Helstu atriði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.05.2014 til 31.12.2016.
- Launahækkunar:
 - 01.05.14: 2,8% almenn hækkun.
 - 01.05.14: 4,5% hækkun vegna breytinga „sem í samningi þessum felast“.
 - 01.08.14 kemur hækkun til þeirra kennara sem afsala sér kennsluafslætti. Mjög misjafnt er hvaða áhrif þetta hefur á laun einstaklinga og einnig hvaða langtímasparnaður kemur á móti í forni meiri kennsluskyldu kennara til lengri tíma.
 - 01.01.2015: 2,0% almenn hækkun.
 - 01.05.15: 9,5% hækkun við gildistöku nýs vinnumats og nýs vinnutímakafla
 - 01.08.15 Starfsheitiin umsjónarkennari 1 og 2 lögð niður og í staðinn kemur starfsheitið umsjónarkennari. Þetta hefur þau áhrif að umsjónarkennarar með litla umsjónarhópa fá sömu laun og þeir sem eru með stærri hópa.
 - 01.01.16: 2,8% almenn hækkun.

Í febrúar 2015 verður kosið um nýtt vinnumatskerfi og nýjan vinnutímakafla. Verði nýja fyrirkomulagið fellt verða samningar lausir frá 01.03.15.

Bein launakostnaðaráhrif af samningunum eru 22,4% á samningstímanum ef breytingar verða samþykktar í atkvæðagreiðslu í febrúar 2015. Ef þær verða felldar verða kostnaðaráhrifin 7,4% á tímabilinu frá 01.05.14 til 01.03.15. Að auki eru einhver kostnaðaráhrif af launahækkunum vegna þeirra kennara sem afsala sér kennsluafslætti. Einnig falla niður eingreiðslur sem voru í eldri samningi.

Kjarasamningur Félags leikskólakennara (FL) við sveitarfélögin. Helstu atriði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.06.2014 til 31.05.2015.
- Samningurinn er í grunninn tvískiptur:
 - Fyrir þá félagsmenn FL sem hafa leyfisbréf (um 2/3 hlutar félagsmanna):
 - 01.06.14: Innröðun í sams konar launatöflu og Félag grunnskólakennara (A-hluti án aldursþrepa, þ.e. þeir grunnskólakennarar

sem hafa afsalað sér kennsluafslætti vegna aldurs). Þannig verður grunnröðun leik- og grunnskólakennara eins og grunnröðun deildarstjóra í leikskólum verður eins og grunnröðun umsjónarkennara 2 í grunnskólum.

- Aukagreiðslur vegna neyslulés (í Reykjavík 7,5 klst. á mán.) falla niður.
- 01.03.15: 2,0% hækkun á launatöflu.
- Fyrir þá félagsmenn FL sem ekki hafa leyfisbréf (um 1/3 hluti félagsmanna):
 - 01.06.14: 2,8% hækkun á launatöflu og 14.600 kr. eingreiðsla.
 - 01.02.15: 20.000 kr. eingreiðsla.

Erfitt er að meta kostnaðaráhrif sammingsins en lauslegt mat bendir til þess að þeir félagsmenn, sem eru með leyfisbréf, hækki um 10–15% við innröðun í sams konar launatöflu og grunnskólakennara. Miðað við samsetningu hópsins má lauslega áætla að beinar launahækkningar félagsmanna í Félagi leikskólakennara verði um 10,8% á samningstímanum (12,5% + 2% hækkun á 2/3 af hópnum og 2,8% hækkun á 1/3 af hópnum). Því til viðbótar kemur 20.000 kr. eingreiðsla til 1/3 af hópnum en á móti falla niður aukagreiðslur vegna neyslulés sem nema um 7,8% af föstum launum þeirra sem fá slíkar greiðslur (1,0385 • 7,5).

Kjarasamningur tónlistarskólakennara við sveitarfélögin. Helstu atriði sammingsins:

- Samningurinn gildir frá 01.11.2014 til 31.10.2015.
- Laun hækka um 7,64% þann 01.11.2014.
- Laun tónlistarskólakennara (ekki stjórnenda) hækka um 5,5% þann 1.1.2015.
- Laun hækka um 2% þann 1.3.2015.

Laun tónlistarskólakennara hækka um 5,5% þann 1.1.2015 en á móti hækkar kennsluskylda um 2,1%. Þannig eykst árleg kennsla kennara á grunnstigi um 15 tíma á ári, á miðstigi um 14 tíma á ári og á framhaldsstigi um 12 tíma á ári. Önnur störf lækka samsvarandi. Að auki lækkar álag vegna nema í hlutanámi úr 23,68% í 13,15%. Þetta álag er greitt fyrir nemendur sem fá skemmri kennslutíma en 60 mínútur. Álagið er þá greitt á þær mínútur sem vantar upp á að 60 mínútum sé náð. Þannig greiðist álag á 20 mínútur ef kennslustund er 40 mínútur. Álag þetta er greitt vegna þess að eftir hrun voru kennslustundir í mörgum skólum stytta til þess að ekki þyrfti að fækka nemendum. Þessu

fylgdi aukid álag vegna þess að undirbúa þurfti fleiri stundir og einnig að eiga í samstarfi við fleiri foreldra þar sem fjöldi nemenda á bak við hvern kennara jókst.

Samtals hækka laun tónlistarskólakennara um 15,83% en á móti kemur hagræðing sem ekki er auðvelt að meta. Laun stjórnenda hækka um 9,79%.

Kjarasamningur ASÍ við sveitarfélögin. Helstu atriði sammingsins:

- Samningurinn gildir frá 01.05.2014 til 30.04.2015.
- Breytingar gerðar á tengitöflu starfsmats.
- Breytingar gerðar á launatöflu.
- 01.05.14: 6% meðalhækkun. Breytingar gerðar á tengitöflu vegna starfsmats og launatöflu.
- 01.01.14: 2% launahækkun. Breyting á launatöflu .

Kostnaðaráhrif sammingsins eru áætluð 8,1%.

Kjarasamningur BSRB við sveitarfélögin. Helstu atriði sammingsins:

- Samningurinn gildir frá 01.05.2014 til 30.04.2015.
- Breytingar gerðar á tengitöflu starfsmats.
- Breytingar gerðar á launatöflu.
- 01.05.14: 6% meðalhækkun. Breytingar gerðar á tengitöflu vegna starfsmats og launatöflu.
- 01.01.14: 2,1% launahækkun. Breyting á launatöflu.

Kostnaðaráhrif sammingsins eru áætluð 8,2%.

Kjarasamningur prófessora við ríkisháskóla við ríkið. Helstu atriði sammingsins:

- Samningurinn gildir frá 01.04.2014 til 28.02.2015.
- Almenn hækkun upp á 3,6%.
- 0,8% kostnaður við vörpun í nýja launatöflu.
- Til hliðar við samninginn var gert samkomulag um að gera breytingar á stofnanasamningi sem á að fela í sér uppstokkun á samsetningu vinnutímans þar sem m.a. 12% stjórnunarþáttur var afnuminn og kennsla og rannsóknir sett 50/50. Í því samhengi á að búa til stafslýsingar sem tengjast árangri/afköstum sem geta leitt til hækkunar um launaþrep, eftir

samsetningu vinnu og rannsókna. Lauslega er áætlað að kostnaðurinn geti orðið 3–5%. Líklegt að kostnaðurinn endi í 5%.

Kostnaðaráhrif samningsins eru áætluð um 9,6%.

Kjarasamningur lækna við ríkið. Helstu atriði samningsins:

- Samningurinn gildir frá 01.06.2014 til 30.04.2017.
- Launahækkunarir:
 - 01.06.2014: 3,60% hækkun á nógildandi töflu. Launatafla og allar launatölur hækka um 3,6%. Afturvirk leiðrétting 1. júní 2014–31. des. 2014. Eingreiðsla 160.000 til þeirra sem eru í starfi.
 - 01.01.2015: 10,20% Ný launatafla – byggir á því að fastir kjarasamningsbundnir yfirvinnutímar fari inn í töflu auk stjórnunar- og menntunarálags.
 - 01.06.2015: 4,50%. Pottur vegna starfsbundinna þátta. Hækkun verður útfærð með því að hækka alla um einn flokk á grundvelli þegar metinna starfsbundinna þátta (3%) og það sem eftir stendur, 1,5%, fer til hækkunar tiltekins hluta hópsins í samræmi við nýtt mat á starfsbundnum þáttum sem eru 11 talsins.
 - 01.01.2016: 2,50%. Hækkun á launatöflu.
 - 01.01.2016: 4,00%. Pottur vegna breytinga á vinnutímakafla. Fallið er frá þeirri framkvæmd að ákveða einingaverð vegna yfirvinnugreiðslna í útköllum og bakvakta sem tiltekna fjárhæð. Þess í stað verður farin sú leið hvað varðar almenna lækna (án sérfræðileyfis) að miða einingaverð vegna yfirvinnu og gæsluvakta við tiltekið hlutfall af taxtalaunum eins og almennt er gert hjá öðrum félögum. Hins vegar er tekið mið af fastri tölu í launaflokki 301–6 hjá sérfræðilæknum og yfirlæknum.
 - 01.01.2017: 1,5% hækkun á launatöflu.
 -

Samtals má ætla að laun lækna hækki um rúm 29% að meðaltali á samningstímanum. Er þá ekki tekið tillit til 160.000 kr. eingreiðslu.

Þing ASÍ sendi frá sér í október eftirfarandi ályktun um stöðu kjaramála:

„41. þing ASÍ harmar þá stöðu sem upp er komin á íslenskum vinnumarkaði. Sjaldan eða aldrei hafa kjarasamningar skilað jafn ólíkum launahækkunum og á yfirstandandi ári. Á sama tíma og gerð er krafa til almenns launafólks að halda aftur af kröfum sínum til að koma á stöðugleika hafa

birst í fjölmiðlum fréttir af miklum launahækkunum margra stjórnenda í fyrirtækjum ofan á gríðarlega há laun. Þá hefur ríkisstjórnin boðað aukinn ójöfnuð og skerðingar á réttindum og kjörum launafólks í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015. 41. þing ASÍ krefst þess að atvinnurekendur leiðrétti þann mun á launaþróun sem varð til í kjarasamningum mismunandi hópa sem er hluti af því óréttlæti og misskiptingu sem viðgengist hefur um allanga hríð. Þá er þess krafist að stjórnvöld dragi til baka þær skerðingar á réttindum og kjörum launafólks sem boðuð eru í fjárlagafrumvarpinu. Sjái viðsemjendur okkar sem og ríkisvaldið ekki að sér er ljóst að það stefnir í erfiðar kjaraviðræður upp úr áramótum og átök á vinnumarkaði.“

Þá ályktaði þingið einnig um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar en þar sagði:

„Í komandi kjarasamningum stöndum við frammi fyrir fjölmörgum áskorunum. Við höfum lengi búið við veikan og óstöðugan gjaldmiðil, meiri og þrálátari verðbólgu en nágrannalöndin. Launamunur kynjanna er óásættanlegur og okkur hefur ekki tekist að halda í við félagi okkar annars staðar á Norðurlöndum í uppbyggingu kaupmáttar. Við, ásamt öðrum heildarsamtökum á vinnumarkaði og stærstu samtökum atvinnurekenda, ræddum síðasta vetur um möguleikann á að leggja grunn að sambærilegri kjara- og efnahagsþróun og er annars staðar á Norðurlöndum. Þar er áherslan lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægun en öruggum skrefum til lengri tíma án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnugreinanna. Til þess að ná þeim markmiðum þurfti traust milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar, breiða sátt um launastefnu og trúverðuga efnahagsstefnu. Þegar á reyndi voru þessar forsendur ekki til staðar. Að loknum kjarasamningum um síðustu áramót tóku stjórnvöld og atvinnurekendur upp nýja launastefnu gagnvart mörgum hópum. Sú nýja launastefna fól í sér allt aðrar og meiri launahækkanir en áður hafði verið samið um. Þessi staðreynd hefur kallað á sterk viðbrögð og kröfur um að þessi munur verði jafnaður áður en lengra verður haldið á þessari braut. Áherslur ASÍ:

- Að skapa breiða sátt og samstöðu um uppbyggingu kaupmáttar til lengri tíma
- Að lagður verði traustur grunnur að efnahagslegum stöðugleika þannig að hægt verði að byggja upp aukinn kaupmátt
- Að mótuð verði skýr stefna til langs tíma um framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar þar sem áherslan verður lögð á stöðugt gengi

- Að lækka vexti og draga úr vægi verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum
- Að sá kaupmáttur, sem samið er um í kjarasamningum, verði varinn, t.d. með rauðum strikum
- Að hækka lægstu laun þannig að þau dugi til lágmarksframbærslu
- Að persónuafsláttur verði hækkaður með það að markmiði að auka ráðstöfunartekjur launafólks
- Að ASÍ ítreki mikilvægi þess að samfélagið taki aukið tillit til fjölskylduábyrgðar og veiti fjölskyldufólki sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, m.a. með styttingu vinnuviku án skerðingar afkomu. Þannig fáum við fjölskylduvænt samfélag.“

Þann 3. desember 2014 ályktaði miðstjórn ASÍ um fjárlagafrumvarp ársins 2015 og áhrif þess á kjarasamninga. Þar sagði:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir vonbrigðum með framkomnar tillögur stjórnarmeirihlutans við aðra umræðu fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2015. Lítið er komið til móts við þá miklu og hörðu gagnrýni sem miðstjórn Alþýðusambandsins og aðildarsamtök ASÍ settu fram í haust. Það eru því kaldar kveðjur sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi senda launafólki í aðdraganda kjarasamninga. Kaldar kveðjur ríkisstjórnarinnar felast m.a. í:

- hækkun á matarskatti sem kemur verst við þá tekjulægri;
- styttingu á bótatíma atvinnulausra en þannig er ráðist á þá sem veikast standa á vinnumarkaði;
- að ríkisvaldið kemur sér undan því að greiða umsamið framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs. Þannig er dregið úr möguleikum fólks til þess að komast aftur á vinnumarkað og til virkrar þátttöku í samfélaginu eftir erfið veikindi eða slys;
- skerðingu og síðan brottfalli á framlögum til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Þetta veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði og þá mest hjá sjóðum verkamanna og sjómanna sem búa við mesta örorku;
- að kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu er aukinn;
- engum auknum framlögum til úrbóta í húsnæðismálum, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu né til uppbyggingar félagslegs húsnæðis;
- verulega skertum möguleikum fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum. Þá er framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun skert umtalsvert og ekki er fallið frá skerðingum á framlögum til iðn- og verknáms.

Það stefnir í erfiðari kjarasamninga á almennum vinnumarkaði en um langan tíma. Sú stefna stjórnvalda, sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu, gerir stöðuna enn erfiðari. Laun munu þurfa að hækka sérstaklega til þess að mæta auknum álögum, s.s. á matvæli og heilbrigðisþjónustu. Þær launahækkunar þurfa að koma til viðbótar nauðsynlegum launaleiðréttingum. Launafólk þarf því að búa sig undir hörð átök á vinnumarkaði.“

Kjarasamningar 2015

Starfsgreinasambandið fór með samningsumboð fyrir 16 aðildarfélög sín. Starfsgreinasamband Íslands (SGS) lagði fram kröfugerð í lok janúar og varð þannig fyrst landssambanda/samningsaðila til að leggja fram kröfugerð á árinu 2015. Helstu þættir kröfugerðarinnar voru eftirfarandi:

- Miða krónutöluhækkunar á laun við að lægsti taxti verði 300 þúsund krónur á mánuði innan þriggja ára og sérstaklega verði horft til gjaldeyrisskapandi atvinnugreina við launahækkunar.
- Endurskoða launatöflur þannig að starfsreynsla og menntun séu metin til hærri launa.
- Desember- og orlofsuppbætur hækki.
- Vaktaálag verði endurskoðað og samræmt kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði.
- Lágmarksbónus verði tryggður í fiskvinnslu.
- Skilgreind verði ný starfsheiti í launatöflu.

Stjórn SGS vísaði kjaradeilu sinni við SA til ríkissáttasemjara í byrjun febrúar. Þann 10. mars lýsti SGS yfir árangurslausum viðræðum við SA og hóf undirbúning aðgerða til að þrýsta á um gerð kjarasamnings. Viku síðar kynnti SGS fyrirhugaðar aðgerðir:

- Allsherjarvinnustöðvun frá klukkan 12:00 á hádegi til miðnætis 10. apríl á félagssvæðum þeirra 16 aðildarféлага sem veitt hafa SGS umboð.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnætis 14. apríl tekur til félagssvæða Einingar-Iðju, Stéttarfélagsins Samstöðu og Verkalýðsfélags Suðurlands.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnætis 15. apríl tekur til félagssvæða Verkalýðsfélags Snæfellinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, Bárunnar stéttarfélags og Stéttarfélags Vesturlands.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnætis 16. apríl tekur til félagssvæða Framsýnar stéttarfélags, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Öldunnar stéttarfélags, Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur.

- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis 17. apríl tekur til félagssvæða AFLs starfsgreinafélags, Verkalýðsfélags Akraness, Drífandi stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis 27. apríl tekur til félagssvæða Framsýnar stéttarfélags, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Öldunnar stéttarfélags, Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Verkalýðsfélags Snæfellinga og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis 28. apríl tekur til félagssvæða Einingar-Iðju, Stéttarfélagsins Samstöðu og Verkalýðsfélags Suðurlands.
- Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis 29. apríl tekur til félagssvæða AFLs starfsgreinafélags, Verkalýðsfélags Akraness, Drífanda stéttarfélags, Verkalýðsfélags Þórshafnar, Bárunnar stéttarfélags og Stéttarfélags Vesturlands.
- Allsherjarvinnustöðvun frá klukkan 12:00 á hádegi til miðnættis 30. apríl á félagssvæðum þeirra 16 aðildarféлага sem veitt hafa SGS umboð.
- Allsherjarvinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis eftirfarandi daga: 12., 13., 15., 18., 19., 20., 21. og 22. maí, á félagssvæðum þeirra 16 aðildarféлага sem veitt hafa SGS umboð.
- Ótímabundin allsherjarvinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí 2015 á félagssvæðum þeirra 16 aðildarféлага sem veitt hafa SGS umboð.

Í lok febrúar kynntu iðnaðarmenn samkomulag um samstarf í komandi kjaraviðræðum. Samkomulagið tekur m.a. til framsetningar á kröfum og markmiðum í aðalkjarasamningum félaganna við SA, samstilltra verkfallsaðgerða og samráðs á vettvangi ASÍ.

Að samkomulaginu stóðu: Rafiðnaðarsamband Íslands, SAMIÐN, Félag bókagerðarmanna, MATVÍS, Félag hársnyrtisveina og VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna

Iðnaðarmenn kynntu svo kröfur sínar 13. mars. Megináherslurnar í kröfum iðnaðarmannafélaganna voru eftirfarandi:

- Endurskoðun núverandi launakerfa og byrjunarlaun iðnaðarmanna verði kr. 381.326 á mánuði.
- Almenn hækkun launa verði 20%.
- Verði samið til lengri tíma en eins árs verði laun verðtryggð.
- Gert verði átak til að draga úr yfirvinnu og dagvinnulaun hækkuð svo þau dugi til framfærslu. Þessu markmiði verði náð m.a. með aukinni framleiðni og hagræðingu í fyrirtækjum svo ekki komi til raunverulegs kostnaðarauka hjá fyrirtækjum.

Þann 25. mars dæmdi félagsdómur boðun verkfalls félagsmanna Rafiðnaðar-sambands Íslands í störfum hjá RÚV ólögmeta. Forsendur dómsins eru þær að þar sem atkvæði félagsmanna þeirra aðildarféлага RSÍ, sem í hlut áttu, hafi verið talin sameiginlega sé boðunin ólögmet. Í dóminum segir: „*Þannig fór hvorki fram atkvæðagreiðsla né talning á atkvæðum félagsmanna hvors stéttarfélags fyrir sig heldur voru öll atkvæði félagsmanna beggja stéttarfé-laga greidd og talin í einu lagi. Eins og atkvæðagreiðslu var háttað liggur ekki fyrir vilji félagsmanna hvors stéttarfélags um sig. Það er mat réttarins að slíkt samrýmist ekki ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.*“

Í kjölfar dóms félagsdóms fundaði samninganefnd SGS um málið. Í ljósi þess að dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt hafi verið að telja atkvæði vegna verkfallsboðunar margra stéttarféлага í einu lagi, jafnvel þó að um sameiginlegar aðgerðir sé að ræða, ákvað samninganefnd SGS að afturkalla þá atkvæðagreiðslu sem hafin var hjá SGS en til stóð að telja atkvæði allra félaganna úr einum potti. Þá var einnig ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu-una hjá hverju félagi fyrir sig. Þetta þýddi að fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir á vegum SGS frestuðust um tvær til þrjár vikur.

Þann 9. apríl kynnti SGS skipulag verkfallsaðgerða sem kosið yrði um hjá einstökum félögum:

- 30. apríl 2015 - Allsherjar vinnustöðvun frá klukkan 12:00 á hádegi til miðnættis sama dag
- 6. maí 2015 - Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 6. maí)
- 7. maí 2015 - Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 7. maí)
- 19. maí 2015 - Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 19. maí)
- 20. maí 2015 - Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 20. maí)
- 26. maí 2015 - Ótímabundin vinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí 2015

Flóabandalagið, Efling – stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur sendu þann 17. apríl tilkynningu til ríkissáttasemjara og Samtaka atvinnulífsins um að yfirstandandi kjaradeilu Flóafélaganna hafi verið vísað til ríkissáttasemjara. Það sama gerði VR.

Pann 21. apríl lá fyrir niðurstaða í atkvæðagreiðslu 16 félaga í SGS um verkfallsboðun. Félagsmenn SGS samþykktu aðgerðirnar með yfirgnæfandi meirihluta, eða 94,6%. Kjörsókn var 50,4%.

Pann 27. apríl bókuðu VR og LÍV árangurslausan fund hjá ríkissáttasemjara og lýstu því jafnframt yfir að hafin yrði andirbúningur aðgerða til að þrýsta á um gerð kjarasamnings. Í kjölfarið færði VR 2 milljarða króna úr félagssjóði í vinnudeilusjóð. Flóabandalagið lýsti sama dag yfir árangurslausum fundi hjá ríkissáttasemjara og boðaði aðgerðir.

Pann 30. apríl samþykkti miðstjórn eftirfarandi ályktun:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir stuðningi sambandsins við yfirstandandi verkfallsaðgerðir aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands í kjaradeilu þeirra við atvinnurekendur vegna endurnýjunar aðalkjarasamninga.

Miðstjórn hvetur félagsmenn allra aðildarsamtaka sinna til að virða aðgerðir félaganna og stuðla að því að verkfallsbrot verði ekki framin.“

Pann 5. maí kynntu verslunarmenn og Flóabandalagið atkvæðagreiðslu um fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir:

- Hópbifreiðafyrirtæki - frá kl. 00:00 28. maí til kl. 24:00 29. maí.
- Hótel, gististaðir og baðstaðir - frá kl. 00:00 30. maí til kl. 24:00 31. maí.
- Flugafgreiðsla - frá kl. 00:00 31. maí til kl. 24:00 1. júní.
- Skipafélög og matvöruverslanir - frá kl. 00:00 2. júní til kl. 24:00 3. júní.
- Olúfélög - frá kl. 00:00 4. júní til kl. 24:00 5. júní.
- Ótímabundið allsherjarverkfall hefst kl. 00:00 6. júní 2015.

Pann 6. maí lýstu iðnaðarmannafélögin yfir árangurslausum viðræðum við SA og boðuðu atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun.

SGS ákvað 15. maí að fresta boðuðu verkfalli. Verkföll, sem áttu að koma til framkvæmda 19. og 20. maí, var frestað til 28. og 29. maí. Ótímabundnu verkfalli, sem átti að koma til framkvæmda 26. maí, var frestað til 6. júní.

VM- Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Samiðn, MATVÍS, Rafiðnaðarsamband Íslands, Grafía – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum og Félag hársnyrtisveina ákváðu 15. maí að boða til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun sem yrði með eftirfarandi hætti:

- Tímabundið verkfall dagana 10. t.o.m 16. júní 2015.
- Ótímabundið verkfall sem hæfist þann 24. ágúst 2015.

Þann 19. maí lá fyrir að verslunarmenn samþykktu boðun verkfalla með tæplega 60% atkvæða. Degi síðar eða 20. maí lá fyrir að Flóabandalagið samþykkti verkfallsboðun með um 94% atkvæða.

Miðstjórn ASÍ samþykkti eftirfarandi ályktun um kjaradeilurnar á fundi sínum 20. maí:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands gagnrýnir harðlega þá afstöðu Samtaka atvinnulífsins að neita að ræða kröfugerð verkalyðshreyfingarinnar í þeirri erfiðu kjaradeilu sem nú er uppi. Afneitun af þessu tagi ber vott um takmörkuð veruleikatengsl og herðir aðeins hnúttinn sem að þarf að leysa. Afstaða atvinnurekenda er ögrandi og skaðar það traust sem þarf að ríkja á milli aðila sem verða að ná samningum. Verkefnið fer ekkert, það verður bara erfiðara viðfangs.

Miðstjórn ASÍ vísar því ábyrgð á stöðu mála í kjaradeilunum alfarið á hendur SA. Komi til víðtækra verkfalla á almennum vinnumarkaði síðar í mánuðinum er það á ábyrgð samtaka atvinnurekenda.“

Skríður komst á samningaviðræður verslunarmanna og Flóabandalagsins við SA um hvítasunnuna og þann þann 22. maí lagði samninganefnd ASÍ fram kröfur á hendur stjórnvöldum til lausnar kjaradeilum. Þær voru eftirfarandi:

Kröfur ASÍ á hendur stjórnvöldum til lausnar kjaradeilum

Til að skapa traust á milli aðila er við það miðað að ríkisstjórnin falli frá þeim skerðingum sem ákveðnar voru í fjárlögum fyrir árið 2015 vegna framlaga til jöfnunar á ororkubyrði lífeyrissjóða og styttingar á bótatímabili atvinnuleysis-trygga.

1. **Félagslegt húsnæðiskerfi:** Tekið verði upp félagslegt húsnæðiskerfi í samræmi við tillögur starfshóps félags- og húsnæðismálaráðherra með endurskoðun laga um húsnæðismál þar sem gert verði ráð fyrir beinni niðurgreiðslu vaxta til að lækka húsaleigu gagnvart tekjulágum fjölskyldum. Tryggt verði að byggðar eða keyptar verði 1.000 íbúðir á ári næstu þrjú árin.
2. **Staða leigjenda á húsnæðismarkaði:** Tryggt verði fjármagn til þess að endurskoða húsnæðisbætur (húsaleigubætur) í samræmi við tillögur verk-

- efnisstjórnar og félags- og húsnæðismálaráðherra. Hugað verði að skatta-
legum hvötum fyrir leigufélög sem gera 10–20 ára bundna leigusamninga.
3. **Almennt húsnæðislánakerfi:** Tekið verði upp almennt húsnæðislána-
kerfi á grundvelli tillagna verkefnisstjórnar félags- og húsnæðismálaráð-
herra þar sem sérhæfðum húsnæðislánastofnunum verði veitt einkaleyfi
til þess að selja „húsnæðisskuldabréf“ á verðbréfamarkaði.
 4. **Hámark á útgjöld vegna lækniþjónustu:** Tekin verði upp ákvæði í
heilbrigðiskerfinu sem tryggi að útgjöld heimila vegna lækniþjónustu
verði ekki meiri en 70 þús.kr. á ári og reglur um greiðsluþátttöku sjúklinga
endurskoðaðar.
 5. **Framhaldsfræðsla og starfsmenntun:** Tryggt verði fjármagn til að
fylgja eftir fimm ára áætlun verkefnahóps mennta- og menningarmálaráð-
herra um framhaldsfræðslu.
 6. **Starfsnám:** Lagðar verði 200 millj.kr. í vinnustaðanáms sjóð. Mennta- og
menningarmálaráðherra skipi nefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðar
sem endurskoði reglur um styrkveitingar sjóðsins.
 7. **Námslán:** Lög um námslán verði endurskoðuð með það að markmiði að
auka skilvirkni kerfisins m.t.t. þeirra markmiða sem aðilar vilja vinna að,
að dregið verði úr greiðslubyrði námslána og styrkinnihald námslánakerf-
isins verði gert sýnilegt. Reglum um endurgreiðslur námslána verði breytt
með það að markmiði að lækka greiðslubyrðina m.v. ráðstöfunartekjur
umtalsvert.
 8. **Þjónusta við atvinnuleitendur:** Tryggt verði að stéttarfélög, sem þess
óska, geti tekið að sér þjónustu við atvinnuleitendur m.t.t. vinnumiðlun-
ar og virkra vinnumarkaðsaðgerða. Tryggt verði að atvinnuleysisbætur
hækki í samræmi við hækkun taxtalauna að teknu tilliti til hækkunar
þeirra um sl. áramót.
 9. **Lög um almannatryggingar:** Ríkisstjórn beiti sér fyrir því að lög um
almannatryggingar verði endurskoðuð m.v. þau markmið sem nefnd um
endurskoðun laganna hefur sameinast um. Grunnbætur almannatrygginga
hækki í samræmi við hækkun taxtalauna að teknu tilliti til hækkunar
þeirra um sl. áramót.
 10. **Verðtrygging lána:** Heimild til verðtryggingar lánasamninga verði
hækkuð úr 5 árum í 10 ár og samsetning vísitölu neysluverðs verði færð
nær því sem þekkist í Evrópu þannig að hún verði án húsnæðisliðar.

Þann 25. maí náðist samkomulag um að fresta fyrirhuguðum verkfallsaðgerð-
um sem hefjast áttu 28. maí um fimm sólarhringa. Degi síðar eða 26. maí lágu
fyrir megináherslur í drögum að nýjum kjarasamningi.

Samningsdrögin gerðu ráð fyrir að gildistími samnings verði til loka árs 2018 og var aðaláhersla á hækkun lægri launa og að verja millitekjur. Lágmarkstekjutrygging átti skv. drögunum að hækka um 86 þúsund krónur á samningstímanum, í kr. 245 þúsund krónur á mánuði við gildistöku samningsins og kr. 300 þúsund á mánuði frá og með maí 2018.

Launahækkunarir

Hvað varðar launahækkunarir er stuðst við taxtahækkunarir og launaþróunartryggingu árin 2015 og 2016 en taxa- og prósentuhækkunarir árin 2017 og 2018.

1. maí 2015

Launataxtar hækka um kr. 25.000.

Launaþróunartrygging annarra en þeirra sem taka laun skv. töxtum er 7,2% fyrir laun að upphæð 300 þúsund krónur eða lægri en fer svo stíglækkandi með hærri tekjum. Launaþróunartryggingin verður aldrei lægri en 3%.

1. maí 2016

Launaþróunartrygging er 5,5%, að lágmarki kr. 15 þúsund. Viðmiðunartímabil er 1. júní 2015 til 30. apríl 2016.

1. maí 2017

Launataxtar hækka um 4,5%.

Almenn hækkun er 3%.

1. maí 2018

Launataxtar hækka um 3%.

Almenn hækkun er 2%, m.v. átta mánuði.

300 þúsund króna lágmarkstekjutrygging

Lægstu taxtar VR hækka um 31,1% á samningstímanum og lægstu taxtar Flóabandalagsins hækka um 32,5% á samningstímanum. Samið er um árlega hækkun lágmarkstekjutryggingar sem er það lágmark sem greiða verður starfsmönnum. Í dag er lágmarkstekjutrygging 214 þúsund krónur en verður 245 þúsund krónur við undirritun samningsins og endar í kr. 300 þúsund.

Í kjölfarið frestaði samninganefnd SGS fyrirhuguðum verkföllum um sex daga.

Nýir kjarasamningar

Flóabandalagið, VR, LÍV, Stéttarfélags Vesturlands og Starfsgreinasambands Íslands skrifuðu undir nýja kjarasamninga 29. maí 2015 sem gilda til 2018.

Almennt hækka kauptaxtar um 25.000 kr. 1. maí 2015 og 15.000 1. maí 2016. Grunnhækkun launa við gildistöku samningsins er 7,2% fyrir starfsmann sem er með 300.000 kr. laun eða lægri og hóf störf hjá launagreiðanda 1. febrúar 2014 eða fyrr. Grunnhækkun launa starfsmanns, sem er með hærri laun en 300.000 kr., fer stíglækkandi þannig að hún lækkar í jöfnum skrefum frá 300.000 kr. niður í 3,2% hjá starfsmanni með 750.000 kr. laun. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið eftir 2. febrúar 2014. Hækkun launa og launatengdra liða samkvæmt ákvæði þessu getur aldrei verið lægri en 3,2%.

1. maí 2016

Launapróunartrygging er 5,5%, að lágmarki kr. 15 þúsund. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið frá 2. maí 2015 til 30. apríl 2016.

1. maí 2017

Almenn hækkun er 3%.
Launataxtar hækka um 4,5%.

1. maí 2018.

Almenn hækkun er 2%.
Launataxtar hækka um 3%.

Kjarasamningarnir eru endurskoðaðir í febrúar 2016 og febrúar 2017. Samningarnir hvíla á þremur meginforsendum sem eru þeir að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum, að launastefna hans verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð og að fullar efndir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samninginn.

Samhliða undirritun kjarasamninga Flóabandalagsins, SGS , VR og LÍV kynnti ríkisstjórnin tvær yfirlýsingar sem ætlað er að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er svohljóðandi:

Yfirlýsing ríkisstjórnar um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga

Ríkisstjórnin er reiðubúin til að liðka fyrir gerð kjarasamninga sem ekki fela í sér ógn við stöðugleika í efnahagsmálum. Mikilvægt er að niðurstöður kjaraviðræðna ásamt og með áhrifum þeirra ráðstafana, sem stjórnvöld beita sér fyrir í tengslum við þær, stuðli að því að Seðlabanki Íslands geti staðið við verðbólguþröngumarkmið sitt. Það er því forsenda fyrir ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar að kjarasamningar á almennum og opinberum vinnumarkaði leiði ekki til óstöðugleika í efnahagsmálum.

Í minnisblaði þessu er gerð grein fyrir beinum fjárhagslegum ráðstöfunum stjórnvalda á tilteknum sviðum skatta- og velferðarmála og úrbótum á sviði hagstjórnar og opinberra fjármála.

I. Tekjuskattur. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á tekjuskatti einstaklinga sem fela í sér minni skattheimtu af almennum launatekjum. Jafnframt miða þær breytingar að einföldun tekjuskattkerfisins, skilvirkari skattaframkvæmd og auknu gagnsæi varðandi jaðaráhrif.

Í þessu skyni verður skattþrepum fækkað úr þremur í tvö í tveimur áföngum. Verður skattþrósenta í lægra þrepi lækkuð úr 22,86% í 22,68% frá ársbyrjun 2016 og í 22,50% frá ársbyrjun 2017. Álag í milliþrepi verður helmingað frá ársbyrjun 2016 (fer í 1,22%) og það að fullu afnumið frá árslokum þess árs. Munur á milli þrepa í tveggja þrepa kerfi verður 9,30% þegar breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Miðað er við að fjárhæðarmörk við efsta þrep verði lækkuð í 770 þús. kr. við árslok 2015 og að skil milli þrepanna tveggja verði við 700 þús.kr. tekjumark þegar breytingarnar eru að fullu komnar fram. Þessar fjárhæðir eru háðar breytingum á launavísitölu.

Persónuafsláttur mun hækka til samræmis við verðlagsbreytingar.

Beint tekjutap ríkissjóðs vegna framangreindra ákvarðana er áætlað u.þ.b. 9–11 milljarðar kr. þegar breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Vegna þessa er ekki gert ráð fyrir að svigrúm verði til lækkunar tryggingargjalds líkt og verið hefur til skoðunar. Af sömu ástæðum verður hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti (útsvar) endurskoðuð að höfðu samráði við sveitarfélög.

Heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga mun þannig nema um allt að 16 milljarðar kr. á tímabilinu 2014–2017 en það svarar til tæpra 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga m.v. áætlun fjárlaga 2015.

Sá almenni fyrirvari er hafður á síðari áfanga þessara breytinga að þær muni því eingöngu koma til framkvæmda að það geti talist forsvaranlegt með tilliti til þróunar efnahagsmála eins og hún verður metin um mitt ár 2016.

Stefnt er að því að lögfesta framangreindar breytingar á haustþingi.

II. Húsnæðismál. Vísað er til sérstakrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélög frá 28. maí 2015 um húsnæðismál þar sem markmiðið er að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við leigumarkað og kaup á fyrstu íbúð og tryggja aukið framboð á íbúðarhúsnæði samkvæmt ráðstöfunum sem nánar er kveðið á um í yfirlýsingunni. Þær ráðstafanir sem fram koma í yfirlýsingunni, miða fyrst og fremst að því að bæta hag tekjulágra fjölskyldna og ungs fólks á húsnæðismarkaði. Þannig verði tekjulágum fjölskyldum, sem hingað til hafa ekki átt kost á íbúðum í félagslegu kerfi sveitarfélaganna, veittur aðgangur að ódýru og öruggu leiguhúsnæði.

III. Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða. Stjórnvöld munu beita sér fyrir því að draga til baka þá ákvörðun sem tekin hefur verið um lækkað framlag úr ríkissjóði til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Tengist sú ákvörðun áformum um breytingar á tryggingargjaldi. Áframhaldandi jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða er mikilvæg en æskilegt er að finna fyrirkomulag sem byggir á skýrum hlutlægum forsendum sem er sjálfbært og ekki háð framlögum á fjárlögum.

IV. Niðurfelling tolla á fatnað og skó. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að tollar á fatnað og skó verði lagðir niður við árslok 2015 í því skyni að auka ráðstöfunartekjur heimila og stuðla að aukinni verslun á Íslandi.

V. Kostnaður sjúklinga. Á vegum stjórnvalda er unnið að nýju heildstæðu greiðsluþáttökukerfi í heilbrigðisþjónustu. Nú er unnið að nauðsynlegri greiningarvinnu með það að markmiði að verja þá sjúklinga, sem mest greiða, og setja fjárhæðarþak á kostnað þeirra sem þurfa á mikilli þjónustu að halda.

VI. Framhaldsfræðsla og starfsmenntun. Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem lúta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengist bæði fram-

halds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 milljónum króna á ári hverju.

VII. Undanskot frá skatti. Ráðist verður í átaksverkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins, embættis ríkisskattstjóra, sveitarfélaga, ASÍ og SA til að sporna gegn svartri atvinnustarfssemi og tryggja hinu opinbera auknar tekjur með bættum skattskilum. Slíku átaki er enn fremur ætlað að stuðla að auknu jafnræði í samkeppnisrekstri.

VIII. Eftirlit með atvinnustarfsemi. Ríkisstjórnin ítrekar vilja sinn til að taka til endurskoðunar löggjöf sem áhrif hefur á atvinnulífið með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi. Markmiðið er að draga úr reglubyrði og einfalda samskipti við opinbera aðila. Með þessu er stefnt að því að draga úr kostnaði fyrirtækja, auka framleiðni í atvinnulífinu, bæta samkeppnishæfni þess og stuðla að auknum kaupmætti. Ríkisstjórnin mun skipa samstarfsnefnd sem hafi það hlutverk að semja tillögur til breytinga á löggjöf sem miði að sameiningu eftirlitsstofnana, endurskoðun leyfisveitinga og eftirlits með atvinnurekstri.

IX. Vinnumarkaðsaðgerðir. Í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2013 um gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hefur verið starfandi nefnd félags- og húsnæðismálaráðherra um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála. Ríkisstjórnin mun stuðla að því að ákveðnum verkefnum, sem tengjast þessari stefnumörkun, verði hrundið af stað í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og verja til þess nauðsynlegum fjármunum, allt að 25 milljónum króna á ári.

X. Þjóðhagsráð. Í tillögum Samráðsvettvangs um aukna hagsæld er kveðið á um að bæta þurfi samspil ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar ef takast eigi að skapa hagfelld skilyrði til hagvaxtar. Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til að slíkt Þjóðhagsráð verði stofnað. Aðild að því eigi oddvitar ríkisstjórnar á hverjum tíma (nú forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra) og fulltrúar Seðlabanka Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og sameiginlegur fulltrúi samtaka launþega á opinberum vinnumarkaði. Hlutverk Þjóðhagsráðs verði að leggja heildarmat á stöðu efnahagsmála hverju sinni með hliðsjón af hinum þremur fyrrgreindu meginstöðum hagstjórnar og meta svigrúm til kjara-breytinga á vinnumarkaði. Þjóðhagsráð tekur ekki ákvarðanir í efnahagsmálum og stofnun þess breytir í engu hinum lögbundnu hlutverkum þeirra aðila sem að því standa.

XI. Stefnunarkun í opinberum fjármálum. Frumvarp til laga um opinber fjármál felur í sér mikilvæg nýmæli, sem varða stefnunarkun um opinber fjármál og því er ætlað að stuðla að góðri hagstjórn og betri stjórn opinberra fjármála, m.a. með nánari samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að við undirbúning fjármálaáætlunar, sem lögð er fyrir Alþingi að vori hvers árs samkvæmt frumvarpinu, verði haft samráð við aðila vinnuarkaðarins. Það samráð verður formfest í samvinnu við samtök vinnuveitenda og launþega.“

Yfirlýsing ríkisstjórnar um húsnæðismál

Ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólanna, Kennarasamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, skuldbindur sig til að skapa bætt skilyrði fyrir uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Stuðlað verður að því að landsmenn hafi aukið val um búsetuform og búi við meira öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins, einkum tekjulágar fjölskyldur. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni taka upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög með það að markmiði að hrinda í framkvæmd eftirfarandi aðgerðum:

1. Fjölgun hagkvæmra og ódýrra íbúða

- Lagður verður grunnur að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi þar sem lögð verður áhersla á að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum til að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma. Félagslega leigukerfið verður fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og með beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins sem nema núvirt um 30% af stofnkostnaði. Slíkt framlag ríkis og sveitarfélaga ætti að jafnaði að leiða til þess að leiga einstaklings með lágur tekjur nemi ekki hærra hlutfalli en 20–25% af tekjum. Lögáðilar, sem hyggjast byggja og reka félagslegt leiguhúsnæði, geta verið sveitarfélög og félög eða félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa það langtímamarkmið að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis sem eingöngu er ætlað leigjendum undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Settar verði skorður við því að hægt verði að taka íbúðir út úr félagslega leigukerfinu en verði slíkt heimilt verða sett inn ákvæði um ráðstöfun söluhagnaðar.
- Ráðist verði í áttak um byggingu félagslegra leiguíbúða. Stefnt er að því að byggja 2.300 íbúðir á næstu fjórum árum, þ.e. á árunum 2016–2019, þó að hámarki 600 íbúðir á ári. Að því loknu verður metin þörf á áframhaldandi uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis, m.a. að teknu tilliti til stöðu opinberra fjármála. Áhersla verður á íbúðir af hóflegri stærð og að tryggð verði félagsleg blöndun í leiguíbúðunum.

- Miðað verður við að tekjur íbúa verði í lægstu tveimur tekjufimmtungum þegar flutt er inn í húsnæðið. Þannig verði tekjulágum fjölskyldum, sem hingað til hafa ekki átt kost á íbúðum í félagslegu kerfi sveitarfélaganna, veittur aðgangur að ódýru og öruggu leiguhúsnæði. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi forgangsröðun sveitarfélaganna gagnvart skjólstaðingum félagsþjónustunnar eða forgangsröðun gagnvart námsmannaíbúðum en við frekari forgangsröðun við úthlutun húsnæðis til fólks á vinnumarkaði verður horft sérstaklega til barnafjölskyldna og heimila í verulegum fjárhagsvanda. Settar verða reglur um það með hvaða hætti heildarfjöldi heimilaðra félagslegra íbúða verði skipt milli ólíkra markhópa og framkvæmdaðila.

2. Aukið framboð húsnæðis og lækkingun byggingakostnaðar

- Af hálfu hins opinbera verður á allan hátt greitt fyrir að hægt verði að taka upp sem hagkvæmastar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað. Endurskoðun á byggingareglugerð er þar á meðal og einnig endurskoðun áskipulagslögum.
- Við endurskoðun byggingareglugerðar verði tekinn inn nýr flokkur mannvirkja sem undanþeginn verði ákvæðum reglugerðar um altæka hönnun. Þar verði einkum horft til smærri og ódýrari íbúða.
- Gjaldtaka sveitarfélaga vegna lóða og gatnagerðargjalda verður skoðuð með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað.

3. Stuðningur við almennan leigumarkað

- Til að lækka frekar húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda verða húsnæðisbætur hækkadar á árunum 2016 og 2017. Grunnfjárhæð og frítekjumark verða hækkuð með hliðsjón af tillögum sem hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Húsnæðisbætur og frítekjumörk munu taka mið af fjölda heimilismanna.
- Skattlagningu tekna af leigu íbúða í eigu einstaklinga verður breytt í þeim tilgangi að lækka leiguverð og auka framboð leiguíbúða.
- Stefnt verður að sérstökum lagalegum ráðstöfunum fyrir fyrirtæki til að hvetja til langtímaleigusamninga og bæta þannig búsetuöryggi á almennum markaði.

4. Stuðningur við kaup á fyrstu íbúð

- Komið verður til móts við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð. Hvatt verður til sparnaðar með því að þeir sem sparað hafa tilgreint hámarkshlutfall af tekjum í tiltekinn tíma geti tekið sparnaðinn út skattfrjálst, t.d. þannig að ungu fólki verði heimilt að nýta séreigna-

sparnað sem eiginfjárframlag við kaup á fyrstu íbúð. Mikilvægt er að upphæð vaxtabóta og skerðingarákvæði aðstoði einkum fjölskyldur undir meðaltekjum.

- Um fasteignalán til neytenda verði sett sérlög og lánveitendum veitt svigrúm til að horfa til fleiri þátta en niðurstöðu greiðslumats við ákvörðun um lánveitingu.

Unnið verður að framangreindum markmiðum í samráðshópi ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði með hliðsjón af fyrirliggjandi vinnu stjórnvalda við umbætur á húsnæðismarkaði og hugmyndum sem komið hafa upp í samráðshópnum. Við það er miðað að frumvarp um húsnæðisbætur verði lagt fyrir vorþing 2015 og að önnur frumvörp, sem nauðsynleg eru til að framangreind markmið nái fram að ganga, verði lögð fram á haustþingi 2015 og afgreidd fyrir áramót.

Unnið verður áfram að breyttu fyrirkomulagi fjármögnunar almennra húsnæðislána. Í því efni verður tekið mið af tillögum verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála, nýrri veðláanatilskipun ESB og gögnum um rekstrarforsendur nýrra húsnæðislánafélaga og stöðu Íbúðalánasjóðs.“

Um húsnæðistillögur ASÍ er nánar fjallað í kaflanum um velferðarmál.

Sameiginleg mál í kjarasamningunum 2015

Eins og við undirbúning síðustu kjarasamninga skipuðu landssamböndin, félag með beina aðild og stærstu aðildarfélag ASÍ sérstakan vinnuhóp sem falið var það hlutverk að draga saman tillögur að úrbótum, leiðréttingum og nýmælum á aðalkjarasamningum auk sameiginlegra krafna á hendur stjórnvöldum um tilteknar úrbætur. Byggt er á reynslu aðildarsamtakanna í samskiptum við atvinnurekendur og samtök þeirra m.a. hvað varðar túlkun einstakra samningsákvæða og á niðurstöðum dómstóla þar sem það á við. Í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru í 29.5 2015, og í samningum iðnaðarmanna, sem síðar voru undirritaðir, náðust eftirfarandi breytingar fram:

Vinnuslys – samfelld forföll

Fyrir neðan 1. mgr. þess kafla kjarasamninga, sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, komi skýringarkassi: „*Óvinnufærni af völdum slyss getur hvort heldur komið fram strax eftir slys eða síðar. Um sönnun og orsakatengsl fer samkvæmt almennum reglum.*“

Slys á leið til eða frá vinnu

Ákvæði kjarasamninga um gildissvið dánar-, slysa- og örorkutrygginga breytist þannig:

„Skylt er atvinnurekenda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á edlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis sem og frá vinnustað og til vinnustaðar í neysluhléum. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis en tryggingin tekur þá einnig til edlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.“

Tryggingar vegna starfa erlendis

Ákvæðið um slys af völdum vélknúinna ökutækja í dánar-, slysa- og örorkutryggingakafla kjarasamninga breytist þannig: *„Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækjatryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.“*

Útreikningur veikindaréttar

Fyrir neðan ákvæði um laun í veikindum (heildarréttur á 12 mánaða tímabili) komi skýringarkassi: *„Veikindaréttur miðast við greidda veikindadaga á 12 mánaða launatímabili. Þegar starfsmaður verður óvinnufær er við upphaf veikinda litið til þess hversu margir dagar hafa verið greiddir á síðustu 12 launamánudum og dragast þeir frá áunnum veikindarétti. Hafi starfsmaður verið launalaus á tímabili telst það tímabil ekki með við útreikning.“*

Jafnframt tókust samningar um eftirfarandi bókanir:

Samfelld starf og áunnin réttindi

Með „samfelldu starfi“ í skilningi kjarasamninga er átt við að starfsmaður hafi verið í samfelldu ráðningarsambandi óháð því hvort hann hafi fallið tímabundið af launaskrá. Launalaust tímabil telst þó ekki hluti ráðningartíma við ávinnslu réttinda, ákveði lög eða kjarasamningar ekki annað, sbr. t.d. lög- bundið fæðingarorlof.

Tjón á tönnum við vinnuslys

Aðilar munu sameiginlega fara þess á leit við váttryggingarfélög að váttryggingarskilmálum vegna slysatryggingar launþega verði breytt á þann

veg að bættur verði nauðsynlegur kostnaður vegna tannbrots af völdum slyss við vinnu og umfram er greiðsluþátttöku samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um fyrirvara fer að öðru leyti samkvæmt lögum um almannatryggingar og skilmálum váttryggingarfélaga.

Könnun á framkvæmd uppsagna

Á samningstímanum munu aðilar sammælast um spurningar sem lagðar verði annars vegar fyrir félagsmenn stéttarfélaganna og hins vegar fyrir aðildarfyrirtæki SA í könnunum sem aðilar annast sjálfir, þar sem leitast verður við að kanna almenna framkvæmd og þekkingu á ákvæðum kjarasamninga um uppsagnir (form, frestir, viðtöl).

Endurskoðun orlofslaga

Á samningstímanum munu aðilar sameiginlega fara þess á leit við stjórnvöld að orlofslög verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að kveða skýrar á um réttindi og skyldur aðila.

Yfirlýsing um lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu og að unnið verði að framgangi hennar á samningstímanum.

Iðnaðarmenn sömdu í lok júní

Félög iðnaðarmanna lýstu því yfir að þau teldu að þeir kjarasamningar, sem verslunarmenn, Flóabandalagið og SGS undirrituðu við SA, kæmu ekki nægjanlega til móts við framlagðar kröfur þeirra.

Stjórn ASÍ-UNG sendi frá sér eftirfarandi ályktun um nýgerða kjarasamninga þann 10. júní:

„Stjórn ASÍ-UNG fordæmir þá mismunum sem átt hefur sér stað í garð ungs fólks. Í nýundirrituðum kjarasamningum Flóans, SGS, VR og LÍV við Samtök atvinnulífsins á almennum vinnumarkaði er vegið að réttindum ungs fólks þar sem einstaklingar á aldrinum 18 til 19 ára fá 95% af byrjunarlaunum en eru á sama tíma fullgildir einstaklingar í samfélaginu að

öðru leyti. Stærsti hluti ungs fólks, sem vinnur í verslunar- og veitingageira landsins, er á aldrinum 16 til 19 ára.

Við teljum að vegið sé að grunnréttindum 18 og 19 ára fullráða einstaklingum með gerð þessa kjarasamnings.“

Jafnframt sagði formaður ASÍ-UNG af sér embætti og gaf þá skýringu að í nýundirrituðum kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins við Flóabandalagið, VR og LÍV sé gengið á rétt ungs fólks undir tvítugu. Við slíkt sé ekki hægt að una, því hafi hann ákveðið að segja af sér formennsku.

Atkvæðagreiðslu iðnaðarmanna um boðun verkfalla lauk 1. júní. Verkfallsboðun var samþykkt í öllum félögum.

Iðnaðarmenn ákváðu síðan að fresta boðuðum verkföllum, sem hefjast áttu 10. júní, til 22. júní og freista þess að ná samningum fyrir 12. júní.

Þann 22. júní varð ljóst að kjarasamningarnir höfðu verið samþykktir með miklum meirihluta hjá verslunarmönnum, Flóabandalaginu og SGS.

Iðnaðarmenn undirrituðu síðan nýjan kjarasamning við SA 22. júní. Samningurinn gildir til ársloka 2018 og var um margt svipaður kjarasamningunum sem undirritaðir voru 29. maí. Krónutöluhækkanir á töxtum iðnaðarmanna voru þó hærrí en á móti mátti lækka aðrar greiðslur sem ekki var heimilt í samningunum frá 29. maí.

Þann 15. júlí lá fyrir niðurstaða iðnaðarmanna í kosningu um nýjan kjarasamning. Matvís, Graffía og Félag hársnyrtisveina samþykktu kjarasamningana. Félagsmenn allra aðildarfélaga Samiðnar samþykktu kjarasamning Samiðnar við Samtök atvinnulífsins nema Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði sem felldi samninginn. Samningar Samiðnar við Bílgreinasambandið, Samband garðyrkjubænda og meistarafélög í byggingariðnaði innan Samtaka iðnaðarins voru einnig samþykktir. Samningur Samiðnar við Meistarafélag pípulagningamanna var felldur. Kjarasamningurinn var felldur í þremur af sjö aðildarfélögum Rafiðnaðarsambands Íslands. Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, Rafiðnaðarfélag Norðurlands og Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi felldu samninginn en Félag íslenskra rafvirkja, Félag rafeindavirkja, Félag tæknifólks í rafiðnaði og Félag íslenskra símamanna samþykktu samninginn. Þá felldu félagsmenn VM kjarasamninginn.

VM undirritaði síðan nýjan kjarasamning 3. september.

Mat á kostnaði við kjarasamninga

Hagdeild ASÍ mat kostnað við kjarasamninga verslunarmanna, Flóabandalagsins, SGS og iðnaðarmanna við SA. Samningar iðnaðarmanna eru nokkuð frábrugðnir samningum verslunarmanna, Flóabandalagsins og SGS að því leyti að taxtahækkanir iðnaðarmanna eru mun meiri en á móti er heimilt að lækka yfirborganir á móti taxtahækkunum.

Kostnaður við kjarasamninga:

	2015	2016	2017	2018	Uppsafnað	Meðalt.á ári
	RL	RL	RL	RL	RL	RL
Lív	5,24%	4,65%	3,18%	2,23%	16,16%	3,82%
SGS	7,67%	5,37%	3,86%	2,89%	21,24%	4,93%
Iðnaðarmenn*	6,43%	4,75%	3,26%	2,15%	17,59%	4,13%

*án VM

Kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga við ríkið

Í byrjun apríl hófu 18 félög innan BHM aðgerðir til að þrýsta á um gerð kjarasamnings við ríkið. Skipulögðu þau aðgerðir þannig að einungis hluti félagsmanna í tilteknum félögum fóru í verkföll. Sameiginlegur kjaradeilusjóður félaganna greiddi síðan verkfallsbætur til þeirra sem fóru í verkfall. Hjúkrunarfræðingar hófu verkföll 27. maí. Lög voru sett á verkföll BHM-félaganna og hjúkrunarfræðinga 13. júní og var gerðardómi falið að ákvarða launakjör félagsmanna í þeim 18 félögum BHM, sem höfðu verið í sameiginlegum aðgerðum til að þrýsta á um gerð kjarasamnings, og félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Hagdeild ASÍ tók saman minnisblað um úrskurð gerðardóms í málum BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í minnisblaðinu segir:

„Gerðardómur kvað upp úrskurð í málum BHM (fyrir hönd 18 aðildarfélaga BHM) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þann 14.8.2015. Í þessu minnisblaði eru rakin helstu atriði úrskurðarins og gerður samanburður við aðra samninga.

Verkefni gerðardómsins:

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 31/2015 um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaganna BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir m.a.: „Gerðardómurinn skal við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur starfskjör þeirra hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir

geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð og, eftir atvikum, kjarasamningum sem undirritaðir hafa verið frá 1. maí 2015 og almennri þróun kjaramála hér á landi. Við ákvarðanirnar skal jafnframt gæta að stöðugleika efnahagsmála.“

Niðurstöður gerðardóms, launabreytingar, gildistími og endurskoðunar-ákvæði:

Bandalag háskólamanna (BHM):

Gildistími kjarasamnings BHM: 01.03.2015 til 31.08.2017

Launahækkunar BHM:

	Almenn hækkun	Launa- tafla	Menntunar- þáttur	Samtals
1.3.2015	7,20%	2,39%		9,76%
1.6.2016	5,50%		1,65%	7,24%
	13,10%	2,39%	1,65%	17,71%

Að auki er greidd 63.000 kr. eingreiðsla 1.6.2017 með þeim rökstuðningi að samningurinn gildi út ágústmánuð 2017 en engar launahækkunar komi 1.6.2017.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH)

Gildistími kjarasamnings FÍH: 01.05.2015 til 31.03.2019

Launahækkunar FÍH:

	Almenn hækkun	Launa-tafla	Stofnana- samn.*	Samtals
1.5.2015	7,70%	2,03%		9,89%
1.6.2016	6,50%		1,00%	7,57%
1.6.2017	4,50%		1,00%	5,55%
1.6.2018	3,00%		1,00%	4,03%
	23,46%	2,03%	3,03%	29,78%

*skv. dómssátt

*Skv. dómssátt:

Að auki er greidd 70.000 kr. eingreiðsla 1.2.2019

Hjúkrunarfræðingar undirrituðu dómssátt þann 7.8.2015 þar sem samið var um orlofs- og desemberuppbætur og um heimild til þess að semja um ákveðna þætti sem snúa að vinnutíma og álagsgreiðslum í stofnasamningi. Að auki var gengið frá 6 bókunum. Í tveimur bókunum er beinlínis samið um auknar greiðslur, annars vegar um 80 milljóna framlag í Styrktarsjóð FÍH á árinu 2015 og hins vegar um 150 milljóna árlegt framlag til stofnasamninga á árunum 2016 til 2018 (samaltals 450 milljónir). Heildarlaunsumma FÍH hjá ríkinu er um 15 milljarðar á ári og jafngildir þessi bókun því 3% launahækkun þegar hún er að fullu komin til framkvæmda.

Vegna lengdar samnings hjúkrunarfræðinga er sérstakt endurskoðunarákvæði í dómnunum:

„Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði telji að þær standist ekki en aðilar þeirra samninga nái í framhaldinu samkomulagi um breytingar á samningum sínum skulu SNR og FÍH taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess, á gildistíma þessa samnings að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra samninga þá er aðilum þessa samnings heimil uppsögn hans með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.“

Um vísan gerðardómsins í kjör sambærilegra hópa:

Dómurinn bendir á „... að honum er ætlað að ákvarða kaup og kjör 19 stéttarfélaganna hjá u.þ.b. 200 ríkisstofnunum og eru störf og menntun þeirra launamanna, sem ákvörðun dómsins tekur til, því mjög fjölbreytt. Að mati dómsins er það því nokkrum erfiðleikum bundið að tilgreina þá sem sambærilegastir geta talist, utan þess hóps.“

Gerðardómurinn telur að athuganir dómsins hafi leitt í ljós „... verulega innbyrðis fylgni í grunnröðun starfa milli þeirra hópa sem taka laun samkvæmt samræmdri launatöflu BHM-félaganna. Hvað varðar launafylgni við aðra sambærilega starfs- og menntunarhópa opinberra starfsmanna, sem teknir hafa verið til viðmiðunar við niðurstöðu gerðardómsins, þá er hún líka veruleg ...“

Um vísan gerðardómsins í samninga sem gerðir voru eftir 1. maí 2015:

Dómurinn bendir á samning hjúkrunarfræðinga sem undirritaður var 23.6.2015 en felldur var í atkvæðagreiðslu. Samningurinn átti að gilda til fjögurra ár og samkvæmt honum áttu launabreytingar að nema samtals 19%. Að auki hafi átt að fella umsamdar greiðslur vegna stofnanasamninga inn í almennar launahækkanir sem að mati dómsins hækkaði launabreytingarnar um 3% og því hafi hækkanir samningsins numið 22%.

Þá skoðaði dómurinn kjarasamning Eflingar við SA. Telur dómurinn að „[b]einar launabreytingar samkvæmt launatöflu, til dæmis að taka, í tilviki samnings við Eflingu nemi 22% þar sem hvorki gætur áhrifa af krónutöluhækkun á árinu 2015 og 2016 né töflubreytinga.“ Hér er dómurinn líklega að bera saman prósentuhækkanir skv. samningnum, þ.e. hámark launapróunartryggingar 2015 og 2016 að viðbættum prósentuhækkunum á launatöflum 2017 og 2018 sem jafngilda $21,73\%$ ($1,072 \cdot 1,055 \cdot 1,045 \cdot 1,03 = 1,2173$). Þá er á það bent að launatölur í launatöflum Eflingar hækka um 24% til 32% á samningstímanum. Um það segir dómurinn: „Hér eru meðtalin áhrif af krónutöluhækkun og breytingum á gerð og uppbyggingu launatafna en hún ein og sér sýnist að lágmarki vera um 2%.“ Þá bendir dómurinn á að þeir sem ekki fá laun samkvæmt launatöflum fái að lágmarki 14% hækkun á samningstímanum.

Kjarasamningar Rafiðnaðarsambands Íslands og Bládamannafélags Íslands við SA eru reistir á sömu hlutfallsbreytingum á launatöflum og hjá Eflingu að mati dómsins. Að auki sömdu blaðamenn um að fella niður námsleyfi og var metinn kostnaður af þeim færður inn í launatöflur.

Um kjarasamninga Kennarasambands Íslands (hér eftir KÍ) segir dómurinn: „Í tilviki Kennarasambands Íslands hafa verulegar breytingar verið gerðar sem hafa mismunandi áhrif eftir því hvaða starfsmenn eiga í hlut. Laun sumra launþega samkvæmt samningi þessum munu hækka meira en 25% en annarra mun minna, allt eftir því hvernig vinnumatsþáttum hefur verið breytt en þeir eru nú reistir á væntum rauntíma fremur en reiknuðum vinnutíma. Sú heildarhækkun, sem tilgreind er í 2. gr. kjarasamningsins, er því misvísandi um eiginlegar breytingar á launakjörum kennara.“

Um samning Læknafélags Íslands segir dómurinn: „Þá fela launabreytingar í sér talsverða leiðréttingu fyrir þá sök að eftir bankahrunið fengu lækna eins og aðrir umsamda krónutöluhækkun fremur en hlutfallshækkun. Sú tilhögun leiddi hins vegar til þess að hlutfallslegar breytingar á kjörum lækna á tímabilinu voru talsvert lægri en annarra, ... Beinar launabreytingar námu að

meðaltali um 27% en að teknu tilliti til áhrifa af fyrirkomulagsbreytingum eru kostnaðaráhrifin eitthvað meiri.“

Loks minnst dómurinn á kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og SA vegna Icelandair Group hf. frá desember 2014. Dómurinn telur flugmenn þó ekki viðmiðunarþóp m.t.t. menntunarkrafna. Laun flugmanna hækka um rúmlega 20% yfir þriggja ára tímabil frá seinni hluta árs 2014 en launahækkun samkvæmt sama samningi til handa flugstjórum er nokkru hærri eða um 23% á sama tímabili. Í þessum samningi mun einnig hafa verið samið um breytta vinnutilhögun þannig að í reynd var hækkunin nokkru hærri en nam tilgreindum hlutföllum.

Niðurstaða dómsins um samanburð við aðra samninga er eftirfarandi: „Að öllu þessu virtu sýnist sú breyting á launakjörum hjúkrunarfræðinga og BHM-félaga, sem gerðardómurinn hefur tekið ákvörðun um, ekki vera verulega frábrugðin þeim almennu launabreytingum sem gerðar voru í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið eftir 1. maí sl. og á nokkru tímabili þar á undan.“

Áhrif úrskurðar gerðardóms á stöðugleika:

Dómurinn telur eðlilegast að meta stöðugleika út frá áhrifum á verðbólgu. Telur dómurinn að slíkt megi gera einangrað eða með því að horfa heildstætt á hugsanleg áhrif ákvörðunar dómsins.

- Sé horft á málið einangrað telur dómurinn að áhrifin séu óveruleg, þ.e. þjóðarframléiðslan sé 2.000 milljarðar og þar af séu laun 1.200 milljarðar. Hækkun launa hjúkrunarfræðinga og BHM um 7% á árinu 2015 jafngildir 2,7 milljörðum sem svari til 0,2% af launþætti þjóðarframléiðslunnar.
- Dómurinn veltir því fyrir sér hvort áhrif af ákvörðun hans „... séu til þess fallin að fram komi kröfur til hækkunar á launum almennt í landinu og stefni efnahagslegum stöðugleika í hættu af þeim sökum. Í því samhengi bendir dómurinn á:
 - Að laun á almennum markaði í viðmiðunarsamningum hafi hækkað um 24% að mati dómsins.
 - Ríkið hafi gert samning, sem var felldur og fól í sér 19% hækkun, auk þess sem ríkið hafi gert aðra samninga þar sem beinn launabáttur hafi verið á bilinu 20–27% en fólu í sér skipulagsbreytingar. Telur dómurinn að hjúkrunarfræðingar fái 25% hækkun á samningstímanum sem jafngildi 5,9% hækkun á ári að meðaltali á samningstímanum sem sé nánast sama hækkun og í viðmiðunarsamningum á almenna vinnumarkaðinum.

Dómurinn kemst að eftirfarandi niðurstöðu: „Þegar allt er skoðað er það mat gerðardómsins að ákvörðun hans feli ekki í sér meiri hækkun en þegar hefur verið samið um í öðrum kjarasamningum og því ekki til þess fallin að valda efnahagslegum óstöðugleika umfram aðra samninga sem nú þegar hafa verið gerðir.“

Áhrif úrskurðarins á kjör framhaldsskólakennara:

Í kjarasamningi framhaldsskólakennara við ríkið er fjallað um samningsforsendur. Þar segir m.a:

„Komi til þess að á árinu 2014 og 2015 verði samið um frekari almennar launahækkanir en í samningi þessum greinir skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Sama gildir um árið 2016 að teknu tilliti til samningslengdar.

Verði samið um aðrar marktækar breytingar skulu aðilar fjalla um það sín á milli hvort og þá með hvaða hætti þær hafi áhrif til breytinga á þessum samningi.“

Í fyrra reyndi á þetta ákvæði. Þá komst forsendunefnd aðila að þeirri niðurstöðu að kjarasamningar BHM við ríkið væru viðmið framhaldsskólakennara og að rétt væri að bera saman það sem aðilar töldu almennar hækkanir auk þeirra hækkana sem leiddu af breytingum á launatöflum BHM. Á grundvelli þessa komst nefndin að þeirri niðurstöðu að í kjarasamningum BHM hefði verið samið um 0,77% hærri almenna hækkun en hjá KÍ og það leiddi þar af leiðandi til samsvarandi breytinga hjá framhaldsskólakennurum. Var það útfært með sama hætti, þ.e að jafna bil milli launaflokka og þrepa í launatöflunni. Í meðfylgjandi töflu má sjá launahækkanir framhaldsskólakennara án áhrifa gerðardómsins:

Gera má ráð fyrir að forsendunefnd fjármálaráðuneytisins og KÍ komist að sambærilegri niðurstöðu nú og verða þá launabreytingar framhaldsskólakennara eftirfarandi:

	Almenn hækkun	Sértæk hækkun	Launa- þróun	Forsenduá kvæði	Samtals
1.3.2014	2,80%	4,30%	1,20%	0,77%	9,34%
1.8.2015		5,00%			5,00%
1.1.2015	2,00%				2,00%
1.6.2015	8,00%		1,30%		9,40%
1.1.2016	2,00%				2,00%
	15,51%	9,52%	2,52%	0,77%	30,68%


	Almenn hækkun	Sértæk hækkun	Launa- þróun	Forsenduá kvæði	Samtals
1.3.2014	2,80%	4,30%	1,20%	0,77%	9,34%
1.8.2015		5,00%			5,00%
1.1.2015	2,00%			7,60%	9,75%
1.6.2015	8,00%		1,30%		9,40%
1.1.2016	2,00%			3,03%	5,09%
	15,51%	9,52%	2,52%	11,71%	44,87%

Samanburður á kjarasamningum:

Ekki er einfalt að bera saman kjarasamninga sem eru mismunandi að uppbyggingu og tímalengd. Hér er farin sú leið að reikna út meðalhækkunir þeirra kjarasamninga sem bera á saman á hverjum 12 mánuðum. Annars vegar eru bornar saman launahækkunir á samningstíma viðkomandi samnings, þ.e. frá þeim tíma sem viðkomandi kjarasamningur tekur gildi og þar til hann rennur út, og hins vegar eru bornar saman launabreytingar á tímabilinu frá því að síðasti kjarasamningur rann út og til þess tíma að kjarasamningurinn rennur út. Ástæða þess að þessi tvíþætti samanburður er gerður er að kjarasamningur BHM og FÍH voru látnir gilda með afturvirkum hætti frá þeim tíma er síðasti kjarasamningur rann út.

	Hækkunir	Samnings- tími, fjöldi mán.	Fjöldi mán frá lokum síðasta samnings	Meðal 12 mán. hækk.á samnings- tíma	Meðal 12 mán.hækk.fr á lokum síðasta samnings
LÍV	16,16%	44	48	4,17%	3,82%
SGS	21,24%	44	48	5,39%	4,93%
Iðnaðarmenn	17,59%	44	48	4,52%	4,13%
BHM	17,71%	30	30	6,74%	6,74%
Fíh	29,78%	47	47	6,88%	6,88%
Framh.sk.kenn.	44,87%	32	33	14,91%	14,43%

*Án VM





Velferðarmál

Kaup og kjör

Kaupmáttur launa óx nokkuð í byrjun árs 2014 í kjölfar undirritunar kjarasamninga í árslok 2013 en um áramót hækkðu laun almennt um 2,8% auk þess sem lágmarkslaun í dagvinnu hækkðu úr 204.000 kr. í 214.000 kr. Kaupmáttur fór heldur vaxandi á fyrri hluta árs 2015 einkum vegna stöðugs verðlags og áhrifa af kjarasamningum við kennara og lækna sem gerðir voru á árinu 2014 og í upphafi árs 2015. Um mitt ár 2015 jókst kaupmáttur umtalsvert í kjölfar þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í maí og júní 2015. Í þeim er kveðið á um hækkun á kauptaxta um 25.000 kr. þann 1. maí 2015, auk grunnhækkunar launa sem er hæst 7,2% á laun undir 300.000 kr. og fer stíglækkandi niður í 3,2% á laun sem nema 750.000 kr. á mánuði. Frá grunnhækkun launa dregst önnur launahækkun sem kann að hafa orðið eftir 2. febrúar 2014. Hækkun launa og launatengdra liða samkvæmt þessu ákvæði er því aldrei lægri en 3,2%.


Verðlag hefur undanfarin misseri verið stöðugra en um langa hríð. Verðlag hafði í júlí 2015 hækkað um 1,9% á síðustu 12 mánuðum og hafði ársverðbólga þá verið um og yfir 2% frá því í ársbyrjun 2014. Frá júlí 2014 til júlí

2015 hækkuðu laun á vinnumarkaði um 7,9%. Kaupmáttur launa jókst því um 5,9% á tímabilinu. Kaupmáttur launa er nú í fyrsta sinn frá efnahagshruni hærri en hann var þegar best lét á fyrri hluta árs 2008 en kaupmáttur um mitt ár 2015 var um 4% hærri en þá.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 6% á árinu 2014. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 5,8% en laun opinberra starfsmanna um 6,3%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 3,7% á almennum vinnumarkaði en um 4,2% hjá opinberum starfsmönnum.


Á öðrum ársfjórðungi 2015 voru regluleg laun að meðaltali 5,7% hærri en á öðrum ársfjórðungi árið áður. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 4,8% en laun opinberra starfsmanna um 7,8% að meðaltali, þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 5,1% og laun starfsmanna sveitarfélaga um 11%. Hér koma m.a.til áhrif af samningum ríkis og sveitarfélaga við kennara á árinu 2014 og kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í maí 2015.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun á öðrum ársfjórðungi 2014 samanborið við sama tíma árið áður, mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (6,8%), tæknum og sérmenntuðu starfsfólki (6,3%), skrifstofufólki (5,4%), verkafólki (4,9%), sérfræðingum (4,4%) og stjórnendum (3,3%) en iðnaðar- menn reka lestina (2,7%).



Ráðstöfunartekjur

Launahækkanir, batnandi atvinnuástand og bætt eignastaða heimila í kjölfar skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda hafa haft jákvæð áhrif á ráðstöfunartekjur undanfarin misseri. Samhliða hefur verðlag verið stöðugt og 12 mánaða verðbólga mælst undir 2,5% verðbólguþröngun Seðlabankans frá því í byrjun árs 2014. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið um 6,2% á árinu 2014 og muni á árinu 2015 vaxa um 7,6%; heldur muni hægja á vexti ráðstöfunartekna á árunum 2016 og 2017 en hann verði þó áfram um 5% á ári.



Skuldir og fjárhagur heimila

Skuldir heimilanna hafa undanfarin ár lækkað verulega sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) og námu í árslok 2014 um 90% af landsframleiðslu ársins. Til samanburðar námu skuldarnar mest um 133% af VLF á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009. Mikil skuldsetning á uppgangsárunum fyrir efnahagshrunið árið 2008, hrun á gengi krónunnar í árslok 2008 sem þrýsti upp gengisbundnum og verðtryggtum lánnum, samhliða mikilli lækkun fasteignaverðs leiddi til þess að fjöldi heimila lenti í miklum greiðslu- og skuldavanda með yfirveðsett íbúðarhúsnæði.

Skuldir heimilanna hafa lækkað jafnt og þétt á undanförum árum, m.a. vegna endurútreiknings lánasamninga vegna ólögþröngunar gengistryggingar og aðgerða stjórnvalda á borð við sérstaka skuldaaðlögun og 110%-leiðina fyrir yfirveðsett heimili. Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands námu skuldir

heimilanna 90,5% af VLF í árslok 2014 en það er lækkun um tæplega 10% af landsframleiðslu milli ára sem er mesta lækkun frá efnahagshruni. Lækkunina á árinu 2014 má rekja bæði til lækkunar á nafnverði skulda vegna lágrar verðbólgu, skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda og aukinnar landsframleiðslu. Lækkun skulda heimilanna undanfarin ár hefur leitt til þess að skuldastaða íslenskra heimila hefur batnað mikið í alþjóðlegum samanburði þótt enn séu skuldir heimilanna miklar.

Allt útlit er fyrir að skuldir heimila sem hlutfall af landsframleiðslu haldi áfram að lækka á næstu árum þegar áhrif skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda verða að fullu komin fram, auk þess sem spár gera almennt ráð fyrir ágætum hagvexti næstu misseri. Þá sýna gögn Seðlabankans að nokkuð sé um að heimili greiði aukalega inn á lán sín sem kann m.a. að skýrast af miklum mun á inn- og útlánavöxtum og minni vilja til skuldsetningar.

Hrein eign heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hefur aldrei verið hærri en í árslok 2014 en Seðlabankinn áætlar að hlutfallið hafi þá verið um 505% en til samanburðar þá var hlutfall eigna af ráðstöfunartekjum um 380% í árslok 2008 og um 300% í árslok 1997. Aukningu á hreinni eign heimila á árinu 2014 má helst rekja til hækkunar á fasteignaverði og lækkunar á skuldum.

Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum heldur einnig áfram að lækka líkt og undanfarin ár en hlutfallið var í árslok 2014 207% og lækkaði um 15% frá árinu áður en hæst var það tæplega 270% í árslok 2010 í kjölfar mikils samdráttar ráðstöfunartekna.

Skuldalækkunaraðgerðir 2014–2017

Aðgerðir stjórnvalda til lækkunar á húsnæðisskuldum heimilanna á árunum 2014–2017 fela annar vegar í sér lækkun á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána vegna íbúðarhúsæðis til eigin nota hjá þeim sem skulduðu slík lán á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2009; hins vegar felast aðgerðir stjórnvalda í skattaávilnun til þeirra sem á tímabilinu frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017 ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði sínum til greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána. Heimildin nær bæði til eigin framlags launamanns og framlags launagreiðanda. Hámarksfjárhæð séreignarsparnaðar, sem heimilt er að ráðstafa inn á húsnæðislán, nemur kr. 750.000 á ári hjá hjónum og sambúðarfólki eða samtals kr. 2.250.000 á tímabilinu og hjá einstaklingum kr. 500.000 á ári eða samtals kr. 1.500.000 á tímabilinu. Þeim sem ekki eiga íbúðarhúsæði er einnig heimilt að ráðstafa sömu upphæðum séreignarsparnaðar skattfrjálst til kaupa á húsnæði til 30. júní árið 2019.

Heildarumfang lækkunarinnar er áætlað um 150 milljarðar króna en þar af fara 80 milljarðar í beinar lækkunar á verðtrygðum fasteignalánunum í gegnum ríkissjóð en ná á fram 70 milljarða lækkun með því að nýta séreignarsparnað til niðurgreiðslu fasteignalána næstu árin. Aðgerðina á að fjármagna með sérstökum bankaskatti á fjármálafyrirtæki og bú fallinna fjármálafyrirtækja. Upphaflega var áætlað að fjármagna aðgerðirnar á fjórum árum en sá tími hefur nú verið stytur til að lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs til fjármálastofnana. Greiddir voru 40 milljarðar króna síðla árs 2014, 20 milljarðar í upphafi árs 2015 og 20 milljarðar verða greiddir í upphafi árs 2016.

Tekið var á móti umsóknum um lækkun verðtryggðra húsnæðislána á tímabilinu frá 18. maí til 1. september 2014. Um 69 þúsund umsóknir bárust ríkisskattstjóra sem sá um framkvæmd skuldalækkunarinnar og um 34 þúsund umsóknir höfðu í júní 2015 borist vegna ráðstöfunar á séreignarsparnaði inn á húsnæðislán eða húsnæðissparnað en áfram verður unnt að sækja um þá leið. Niðurstöður útreikninga um fjárhæðir skuldalækkunarinnar lágu fyrir í byrjun nóvember 2014 og höfðu umsækjendur þá þrjá mánuði til að samþykka útreikningana. Verðtryggð húsnæðislán voru lækkuð vegna verðbólgu umfram 5,8% á árunum 2008–2009 en þó að hámarki um 4 milljónir króna á heimili. Þá voru fyrri úrræði stjórnvalda til lækkunar á skuldum, s.s. sérstök vaxtaniðurgreiðsla og sk. 110%-leið, dregin frá reiknaðri lækkun. Lækkunin var framkvæmd með þeim hætti að verðtryggða láninu, sem lækka átti, var skipt upp í frumhluta og leiðréttingarhluta en ríkissjóður greiðir leiðréttingarhlutann samkvæmt samkomulagi við lánveitendur en skuldarinn greiðir áfram af frumhluta lánsins.


Líkt og Alþýðusambandið og fleiri bentu á í umfjöllun um frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána vorið 2014 (485. mál) lá ljóst fyrir að samfélagsleg og efnahagsleg áhrif svo víðtækra skuldalækkunaraðgerða yrðu mikil og því væri nauðsynlegt að greina ýtarlega bæði efnahagsleg áhrif og tekjuskiptingaráhrif aðgerðanna. Fyrir lægi að verið væri að verja umtalsverðum fjárhæðum úr ríkissjóði til að greiða niður skuldir tekjuhárna hópa sem væru hvorki í skulda- né greiðsluvanda. ASÍ taldi rétt að sett yrðu eigna- og tekjumörk á aðgerðirnar. Þá gerði ASÍ alvarlegar athugasemdir við að húsnæðissamvinnufélög og sjálfseignarstofnanir aldraðra og öryrkja væru með öllu undanskilin aðgerðunum þrátt fyrir að hækkun húsnæðislána í kjölfar efnahagshrunsins hefði lent af fullum þunga á þessum aðilum og lagði til að breyting yrði gerð þar á. Þá benti ASÍ sömuleiðis ítrekað á það að ekki væri með neinum hætti komið til móts við tekjulág heimili á leigumarkaði og lagði til að það fjármagn, sem spara mætti með því að setja tekju- og eignarmörk

á skuldalækkunaraðgerðirnar, yrði nýtt til að fjármagna nýtt félagslegt húsnæðiskerfi. Ekki var tekið tillit til þessara athugasemda við meðferð málsins og litlar upplýsingar lágu fyrir um tekjuskiptingu og áætluð áhrif aðgerðanna þrátt fyrir miklar umræður og ítrekaðar fyrirspurnir, m.a. til ráðherra á Alþingi. Þá gagnrýndi 3. þing ASÍ-UNG, sem haldið var í september 2014, aðgerðirnar harkalega í ályktun sinni um húsnæðismál en þar segir m.a.:

„ASÍ-UNG gagnrýnir harðlega skuldalækkunaraðgerðir stjórnvalda en með þeim er verið að ráðstafa miklum fjármunum sem nýtast ungu fólki með takmörkuðum hætti. Meginþorri ungs fólks fær ekki þá aðstoð sem boðið er upp á. Aðgerðir, sem skerða lífeyri, munu eingöngu fresta þeim vanda, sem við búum við, og eru því með öllu óásættanlegar.“

Fjármála- og efnahagsráðherra lagði í júní 2015 loks fram skýrslu um lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána fyrir Alþingi. Samkvæmt henni náði lækkun verðtryggðra lána til um 57 þúsund heimila og nam meðaltalslækkun barnlausra hjóna og sambúðarfólks um 1,2 milljón króna. Hjón og sambúðarfólk með börn fengu að meðaltali tæplega 1,5 milljón króna lækkun, einstæðir foreldrar ríflega 1 milljón króna lækkun og einhleypir um 940 þúsund krónur. Aðgerðirnar voru með öllu ótengdar tekju- og eignastöðu heimila. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá dreifingu á skuldalækkuninni eftir tekjutíundum en meðaltalslækkunin fer vaxandi með vaxandi tekjum en skuldir fara sömuleiðis að jafnaði vaxandi með vaxandi tekjum.


Mynd 12. Meðallækkun höfuðstóls og fjöldi umsækjenda eftir tekjutíundum, þús.kr.
Fjöldi á tekjubili = 7.303



Heimild: Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána


Eins og sjá má á neðangreindri mynd (mynd 18) fóru ríflega 15% af heildarfjárhæð höfuðstólslækkunarinnar – eða um 12 milljarðar – til heimila í efstu tekjutíundinni og ríflega 40% – eða um 33 milljarðar – til heimila í þremur efstu tekjutíundunum. Heimili í neðstu þremur tekjutíundunum fengu samtals um 20% heildarfjárhæðarinnar eða um 16 milljarða. Alls 1.250 heimili, sem greiddu auðlegðarskatt á árinu 2013, fengu skuldalækkun sem nam samtals um 1,5 milljarði króna eða um 1,2 milljón króna á heimili að meðaltali.

Mynd 18. Hlutfall höfuðstólslækkunar af heildarfjárhæð og fjöldi umsækjenda
Fjöldi á tekjubili = 7.303



Heimild: Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána


Mynd 14. Meðalhöfuðstólslækkun eftir aldri, þús.kr.



Heimild: Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána

Eins og sjá má á mynd 21 er tekjudreifing þeirra heimila, sem sótt hafa um að greiða séreignarsparnað inn á húsnæðislán eða húsnæðissparnað, mjög ójöfn og fer fjöldi umsækjenda stigvaxandi með vaxandi tekjum.

Mynd 21. Meðallækkun höfuðstóls og fjöldi umsækjenda í séreignarleidd eftir tekjutíundum, þús.kr. Fjöldi á tekjubili = 7.303



Heimild: Skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra um lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána

Vanskil og greiðsluerfiðleikar

Vanskil heimila jukust mikið í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og voru mest í lok desember 2010 eða um 20% af heildarútlánum þriggja stærstu viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs m.v. bókfært virði og lánþegaaðferð.² Vanskil hafa minnkað jafnt og þétt undanfarin misseri og var vanskilahlutfallið hjá þessum sömu aðilum um 9% í febrúar 2015. Þrátt fyrir að vanskilahlutfall heimila hafi lækkað þá fækkar einstaklingum á vanskilaskrá hægt. Í lok febrúar 2015 voru um 26.700 einstaklingar á vanskilaskrá en þeim hafði þá fækkað um 1.600 manns frá því um mitt ár 2013. Fjöldi einstaklinga, sem fer út af vanskilaskrá, hefur aukist nokkuð síðustu misseri en sé horft til stöðu heimilanna telur Seðlabankinn þó að ætla mætti að fækkunin hefði orðið meiri, einkum hefði nýjum einstaklingum á vanskilaskrá átt að fækka en sé horft til 6 mánaða meðaltals koma enn þá um 600 einstaklingar nýir inn á vanskilaskrá í hverjum mánuði sem er svipaður fjöldi og kom inn á vanskilaskrá í hverjum mánuði í árslok 2010.

² Með lánþegaaðferð teljast öll lán viðskiptavinar í vanskilum ef eitt lán er komið í vanskil (e. cross default method).

Einstaklingum, sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota, hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en fjöldi þeirra náði hámarki í fyrra þegar 540 einstaklingar voru úrskurðaðir gjaldþrota í samanburði við 369 árið 2013 og um 300 á árinu 2012. Breyting, sem gerð var á gjaldþrotalögum í lok árs 2010 þegar fyrningartími krafna var stytur úr fjórum árum í tvö, skýrir að líkindum aukna tíðni gjaldþrota síðustu ár en talið er að gjaldþrot hafi náð hámarki á árinu 2014 og tölur fyrir fyrri hluta árs 2015 benda til þess að þeim fækki nú á ný.

Í lok árs 2014 höfðu 5.440 einstaklingar sótt um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara frá því að úrræðinu var komið á fót um mitt ár 2010 og af þeim hafa tæplega 5.100 umsóknir verið afgreiddar. Langflestar umsóknirnar komu inn á árinu 2011 en þeim hefur fækkað nokkuð síðan og á árinu 2014 komu 435 nýjar umsóknir um greiðsluaðlögun til Umboðsmanns skuldara. Leigjendur eru sífellt stærrí hluti þess hóps, sem leitar eftir aðstoð Umboðsmanns. Leigjendur voru tæplega helmingur umsækjenda um greiðsluaðlögun á árinu 2014 til samanburðar við um fjórðung umsækjenda á árinu 2011. Samhliða þessu hefur eignarstaða og greiðslugeta umsækjenda minnkað umtalsvert. Ætla má að þessa þróun megi rekja til erfiðrar stöðu á leigumarkaði og lítils opinbers stuðnings við leigjendur.

Velferðarkerfið

Kjör aldraðra og öryrkja og nauðsyn þess að endurskoða bótakerfi almanna-trygginga hefur verið mikið til umræðu undanfarin misseri. Kerfið sé orðið of flókið og festi fólk í fátækragildru sem dragi úr hvötum til atvinnuþátttöku. Endurskoðun á bótakerfi almanna-trygginga hefur nú staðið yfir með hléum frá árinu 2007 og verður sífellt meira aðkallandi að ljúka þeirri vinnu og hefja þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á kerfinu. Erfið staða í heilbrigðis-kerfinu veldur miklum áhyggjum og niðurskurður og fjársveldi undanfarinna ára eru víða farin að hafa mikil áhrif á starfsemina. Verkföll heilbrigðisstarfsfólks undanfarið ár hafa enn þungt róðurinn og víða hafa myndast biðlistar sem hægt gengur að vinna á. Þörfin fyrir byggingu nýs Landspítala verður einnig sífellt meira aðkallandi bæði vegna lélegs ástands og aðbúnaðar og þeirrar staðreyndar að öldruðum fjölgar mjög hratt meðal þjóðarinnar á næstu árum sem mun kalla á auknið álag á heilbrigðiskerfið. Þá hefur bein greiðsluþátttaka heimilanna í heilbrigðiskostnaði farið sívaxandi sem leggst þungt á tekjulægri hópa og sjúklinga og eykur hættuna verulega á misskiptingu og skertu aðgengi. Vísbendingar eru einnig um að sjúklingar hér á landi hafi ekki aðgang að bestu lyfjum, sem völ er á, og útgjaldarammi sjúkratrygginga til lyfjakaupa svo þröngur að settir eru kvótar á fjölda þeirra sem gefa má dýrari lyf sem hamlar því að sjúklingar fá meðferð þrátt fyrir brýna þörf. Alþýðusam-

bandið hefur gagnrýnt harðlega að bætt staða ríkissjóðs hafi ekki verið nýtt betur til að bæta stöðu heilbrigðiskerfisins og varað við þeirri þróun sem orðið hefur í greiðsluþáttökukerfinu. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi þetta m.a. í ályktun sinni um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014. Þar sem segir m.a.:

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ríkisstjórnin velji með fjárlagafrumvarpi sínu fyrir árið 2015 að ráðast enn og aftur gegn hagsmunum launafólks í stað þess að hefja uppbyggingu velferðarkerfisins. Almennt launafólk hefur á síðustu árum tekið á sig miklar byrðar með samdrætti í tekjum, auknum útgjöldum og skuldsetningu sem leitt hafa til minni kaupmáttar. Þetta á ekki síst við um lágtekjuhópa og lífeyrisþega. Á sama tíma hefur verið skorið verulega niður í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu sem leitt hefur til meiri greiðsluþátttöku, minni þjónustu og meira óryggis. Launafólk, sem færði miklar fórnir, hefur réttmætar væntingar um að endurreisn og uppbygging velferðarkerfisins hafi ríkan forgang nú þegar viðsnúningur hefur orðið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar.

...

Kostnaður vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu eykst verði frumvarpið að lögum og þannig er sérstaklega vegið að hagsmunum sjúklinga og allra þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda.“

Nokkur umræða hefur skapast í samfélaginu undanfarið um kosti og galla einkareksturs í heilbrigðisþjónustu ekki síst í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra sem undirrituð var í tengslum við kjarasamninga lækna í janúar 2015. Þar segir m.a. „að skoða skuli skipulag, uppbyggingu og fjármögnun heilbrigðiskerfisins og opna á möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum sem byggja á virkri þjónustu- og verkefnastýringu, skýrum gæðakröfum samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi“. Í ljósi þessa er áhugavert að skv. Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands vilja rúmlega 80% þjóðarinnar að rekstur heilbrigðisþjónustu sé fyrst og fremst á vegum hins opinbera og reynsla nágrannaríkjanna af einkarekstri í velferðarþjónustunni sýnir að sú stefna skili í mörgum tilvikum síður en svo betri þjónustu og lægri kostnaði.

Málefni heilbrigðiskerfisins voru fulltrúum á 41. þingi ASÍ í október 2014 hugleikin og var eftirfarandi ályktun um heilbrigðismál samþykkt einróma:

„Höfnum tvöföldu heilbrigðiskerfi

Þingfulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast þess að allir landsmenn hafi jafnan, óheftan aðgang að heilbrigðiskerfinu og geti sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og lyf óháð efnahag og búsetu.

Þingfulltrúar hafna alfarið tvöföldu heilbrigðiskerfi og benda á að nú þegar er sú staða uppi að efnaminna fólk þarf að neita sér um heilbrigðisþjónustu og lyf vegna kostnaðar á meðan þeir efnameiri geta keypt sér forgang og betri þjónustu. Með þessu er rofinn áratuga-samfélagssáttmáli um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðiskerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum og nauðsynlegt er að forgangsraða í opinberum rekstri svo öllum verði aftur tryggð heilbrigðisþjónusta í fremstu röð. Til þess þarf m.a. að hefjast nú þegar handa við byggingu á nýjum Landspítala.

Lækka verður tafarlaust beina greiðsluþátttöku einstaklinga í heilbrigðiskerfinu sem er komin út yfir öll þolmörk og eykur fjárhagslega og heilsufarslega misskiptingu.

Áherslur ASÍ:

- Allir landsmenn hafi jafnan aðgang að bestu fáanlegu heilbrigðisþjónustu
- Kostnaður sjúklinga komi aldrei í veg fyrir að fólk geti sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, lyf og hjálparkæki.
- Við höfnum alfarið tvöföldu heilbrigðiskerfi

Verkefni:

- Endurskoða þarf greiðsluþáttökukerfið í heilbrigðisþjónustunni með það að markmiði að setja þak á heilbrigðiskostnað fjölskyldna á hverju 12 mánaða tímabili.
- Til lengri tíma skal stefna að því að heilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls.
- Efla þarf heilsugæsluna, stytta biðtíma og tryggja öllum heimilislækni.
- Hefja þegar framkvæmdir við nýjan Landspítala.“

Velferðar- og atvinnumálanefnd ASÍ efndu þann 4. febrúar 2015 til opins kynningarfundar um framkvæmdaáform við nýjan Landspítala. Á fundinum

kynntu þau Anna Stefánsdóttir, formaður samtakanna Spítalinn okkar, og Jóhannes M. Gunnarsson læknir fyrirhugaða byggingu nýs sjúkrahúss og þau áhrif sem nýtt húsnæði hefur á starfsemi spítalans. Að framsögum loknum gafst gestum tækifæri til spurninga og umræðna um þetta mikilvæga velferðar- og atvinnumál.

Almanna- og sjúkratryggingar

Þann 1. janúar 2015 voru gerðar eftirtaldar breytingar:

- Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækkuðu um 3%. Hlutfall orlofs- og desemberuppbóta eru óbreyttar frá fyrra ári. Orlofsuppbót nemur 20% af tekjutryggingu og heimilisuppbót og desemberuppbót 30% af tekjutryggingu og heimilisuppbót.
- Lágmarksframfærslutrygging hækkar um 3%, úr kr. 218.515 í kr. 225.070 fyrir einstakling sem býr einn en úr kr. 188.313 í kr. 193.962 fyrir einstakling í sambúð.
- Frítekjumörk vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega hækka úr kr. 21.600 í kr. 27.400 á mánuði. Önnur frítekjumörk vegna atvinnutekna og fjármagstekna haldast óbreytt sem og frítekjumörk örorkulífeyrisþega.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 3% úr kr. 178.823 kr. í kr. 184.188 á mánuði.
- Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og fæðingastyrkur hækka um 3% úr kr. 135.525 í kr. 139.591 á mánuði. Hámarksgreiðslur úr sjóðnum eru óbreyttar, kr. 370.000 kr. á mánuði.
- Hluttur sjúkratryggðra í lyfjakostnaði lækkaði þegar þak á árlegum hámarkskostnaði vegna niðurgreiddra lyfja lækkaði um 10% og fór úr kr. 69.416 hjá almennum notendum í kr.62.000 og hjá börnum, lífeyrisþegum og ungmennum undir 22 ára aldri úr kr. 46.277 í kr. 41.000. Samhliða lækka afsláttarþrep í lyfjagreiðslukerfinu og miðast full greiðsluþátttaka við kr. 22.000 í stað kr. 24.075 áður og hjá börnum og lífeyrisþegum við kr. 14.500 í stað kr. 16.050.
- Þá hækkaði einingaverð fyrir þjónustu sérfræðilækna úr kr. 343 í kr. 348 þann 1. janúar 2015 og í kr. 355 þann 1. júlí 2015.


Alþýðusambandið hefur á árinu tekið þátt í vinnu nefndar um endurskoðun á almannatryggingakerfinu, sjá nánar umfjöllun um endurskoðun almanna-trygginga í kaflanum um lífeyrismál.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja öllum íbúum sínum. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem þeir þurfa að reida sig á. Í kjölfar efnahagshrunsins fjölgaði mjög í hópi þeirra sem þurfa að leita til sveitarfélags síns vegna fjárhagsaðstoðar og áfram hefur jafnt og þétt fjölgað í þeim hópi síðustu ár. Leiðbeinandi grunnfjárhæð var gefin út í ársbyrjun 2011 af velferðarráðuneytinu og var hún 149.500 kr. og hefur verið óbreytt síðan en árið 2011 voru sveitarfélög hvött til þess að grunnfjárhæð yrði hækkuð og yrði sambærileg framfærslu einstaklinga á atvinnuleysisbótum. Sveitarfélögin eru með mjög misháa grunnfjárhæð. Reykjavíkurborg er með hæstu grunnfjárhæðina eða 174.952 kr. á mánuði en lægst er grunnfjárhæðin tæplega 130.000. Samkvæmt leiðbeinandi reglum ráðuneytisins skal miða fjárhagsaðstoð við hjón og fólk í sambúð við 1,6 falda grunnfjárhæð eða 262.427 kr. á mánuði ef miðað er við grunnfjárhæð Reykjavíkurborgar. Félags- og húsnæðismálaráðherra lagði í desember 2014 fram frumvarp um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum er gert heimilt að skilyrða fjárhagsaðstoð til þeirra sem teljast vinnufærir og stefnt er að því að samræma verklag milli sveitarfélaga með því að ráðherra gefi út leiðbeiningar um framkvæmd og fjárhæðir fjárhagsaðstoðar. Málið olli nokkrum deilum og var ekki afgreitt fyrir þinglok. Alþýðusambandið lagðist gegn frumvarpinu í umsógn bæði vegna styttingar bótatímabils atvinnuleysisbóta úr 36 í 30 mánuði í upphafi árs 2015 og vegna þess að leiðbeinandi til-mæli ráðherra um framkvæmd og fjárhæðir fjárhagsaðstoðar veita einstökum sveitarfélögum áfram frelsi til að ákvarða fjárhæðir og tilhögun aðstoðarinnar og tryggja því ekki samræmd lágmarksréttindi óháð búsetu.

Reglum Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð var í apríl 2014 breytt á þann veg að skilyrða greiðslur fjárhagsaðstoðar til einstaklinga við atvinnu- eða virkniúrræði. Ráðist var í átaksverkefnið *Áfram! – Nú tækifæri í Hafnarfirði*, sem fól m.a. í sér að atvinnuleitendum, sem fá fjárhagsaðstoð, er boðið tímabundið hlutastarf samhliða virkum stuðningi eða þeim fundin úrræði við hæfi séu þeir ekki vinnufærir, þiggi þeir ekki starfið eða úrræðin er aðstoðin skert um helming. Markmið verkefnisins er að fækka ungmennum, sem fá beina fjárhagsaðstoð frá bænum, um 50% og öðrum notendum um 30%. Breytingarnar hafa verið nokkuð umdeildar og ekki allir á eitt sáttir um hvort sveitarfélögum sé lögum samkvæmt heimilt að skilyrða greiðslu fjárhagsaðstoðar. Ljóst er þó að sparnaður Hafnarfjarðarbæjar af nýju verklagi er umtalsverður en um 36% færri einstaklingar fengu greidda fjárhagsaðstoð í bænum

á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 en á sama tímabili í fyrra sem er mun meiri breyting en hjá nágrennasveitarfélögunum.



Aukið atvinnuleysi á árunum eftir efnahagshrun hefur endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna síðustu ár en lítil merki sjást hins vegar um viðsnúning samhliða batnandi efnahagsástandi. Stytting á bóatímabili atvinnuleysisbóta, fyrst úr 4 árum í 3 á árinu 2013 og síðan í 2,5 ár á árinu 2015, skýra þessa þróun að verulegu leyti þar sem atvinnuleitendur án bótaréttar hafa ekki að annarri framfærslu að hverfa. Skilyrði fjárhagsaðstoðar eru þó mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi einstaklings, og maka ef við á, og því fellur að líkindum verulegur hluti þess hóps utan allra kerfa.

Ríflega 8.040 einstaklingar fengu greidda fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum á árinu 2013 sem er fjölgun um ríflega 300 manns frá árinu áður. Ekki liggja fyrir heildartölur frá sveitarfélögunum fyrir árið 2014 en skv. tölum frá Reykjavíkurborg fengu ríflega 4.200 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð allt árið 2014 og fækkaði þeim um 3% frá fyrra ári. Vísbendingar eru um áframhaldandi hæga fækkun á árinu 2015 en á fyrstu fimm mánuðum ársins 2015 fengu ríflega 2.900 einstaklingar fjárhagsaðstoð í Reykjavík sem eru um 4% færri en á sama tíma í fyrra. Fjölmennustu hóparnir, sem fá fjárhagsaðstoð, eru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar og einstæðar konur með börn.

Útgjöld sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar voru rúmlega 4,5 milljarðar

króna á árinu 2013 og höfðu þá hækkað um ríflega 120% að raungildi frá árinu 2007. Á sama tíma hefur meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði hækkað að raungildi um tæplega 4% og var á árinu 2013 um 121.000 krónur á mánuði.

Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur

Húsnæðismál voru ofarlega á baugi á 41. þingi ASÍ í október 2014 og var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Efnidir ekki nefndir

Aðgangur að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi – ekki forréttindi. Stórir hópar í okkar samfélagi eru utanveltu á húsnæðismarkaði, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði. Þingfulltrúar krefjast því tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum.

Nú þegar þarf að koma á húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og húsaleigubóta sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og kaupendur húsnæðis. 41. þing ASÍ telur að um þetta hafi verið rétt nógu lengi og krefst athafna nú þegar.

Þingið krefst þess að ríki og sveitarfélög skapi nú þegar hagstæðari umgjörð fyrir uppbyggingu almennra húsaleigufélaga sem boðið geta öruggt framtíðarhúsnæði.

Þingfulltrúar krefjast þess að stjórnvöld setji þegar í stað verulegt fjármagn í uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði sem geri lágtekjufólki kleift að búa við húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum.

Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir heimilum hagstæðari fjármögnun íbúðarhúsnæðis og dreifir áhættu við efnahagsáföll með réttlátari hætti milli lántakenda og lánveitenda. Leita þarf leiða til að auðvelda ungu fólki að eignast húsnæði. Þetta má m.a. gera með því að hvetja til sérstaks húsnæðissparnaðar með skattaávilnun.

Verkalýðshreyfingin hefur löngum haft forgöngu um lausnir í húsnæðismálum. Alþýðusamband Íslands hefur þegar lagt fram ýtarlegar tillögur í húsnæðismálum og bent á leiðir til úrbóta.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita

málaflokknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflokksins. Til þess eru stjórnámálamenn kosnir.

Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast úrbóta nú þegar því margir félagar okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki beðið lengur. Ekki fleiri nefndarfundi, nú er kominn tími á efndir.“

Eftirfarandi minnisblað um húsnæðismál var lagt fyrir miðstjórn ASÍ þann 17. desember 2014:

„Húsnæðisvandi og þörf á félagslegu leiguhúsnæði

Alþýðusambandið hefur undanfarin tvö ár lagt áherslu á nauðsyn þess að finna lausn við þeim mikla vanda sem skapast hefur í húsnæðismálum hér á landi. Stórir hópar í okkar samfélagi búa við óbærilega háan húsnæðiskostnað, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði sveitarfélaganna. Ekkert öryggisnet er til sem grípur þennan hóp sem telur að stærstum hluta ungt fólk, aldraða og tekjulágar fjölskyldur. Margir búa því við mikið óöryggi í húsnæðismálum og greiða langtum stærri hluta tekna sinna til húsnæðis en æskilegt er \neg – eitthvað sem við getum ekki sætt okkur við. Vandinn er ekki aðeins húsnæðisvandi heldur leiðir einnig af sér mun víðtækari félagslegan og fjárhagslegan vanda og eykur misskiptingu.“

Sem viðbrögð við þessu hefur ASÍ m.a. kynnt útfærðar tillögur sínar um nauðsynlega uppbyggingu félagslegs leiguíbúðakerfis sem næði til mun breiðari hóps en núverandi félagsleg leiguhúsnæði sveitarfélaganna. Ef horft er til reynslu Norðurlandanna þyrfti um 20% alls íbúðarhúsnæðis að vera með sérstökum stuðningi fyrir tekjulág heimili en hlutallið hér á landi er nú um 5%.

Þrátt fyrir miklar umræður og stefnumótun í húsnæðismálum á undanförunum árum hefur staða þess hóps, sem hér um ræðir, litla athygli fengið hjá stjórnvöldum. Þó ljóst sé að staða þessa hóps hafi versnað mest í kjölfar efnahagshrunsins og margir af þeim sem urðu hvað harðast úti séu í þessum hópi hefur lítil sem engin áhersla verið lögð á það af hálfu stjórnvalda að koma til móts við hann. Í aðgerðum stjórnvalda þar sem 80 milljörðum af almannafé var varið til niðurgreiðslu á skuldum fasteignaeigenda, sem margir hverjir eiga ekki í neinum vanda, voru húsnæðissamvinnufélög og sjálfseignarstofnanir aldraðra og öryrkja undanskilin þrátt fyrir að ljóst væri að skuldbindingar þessara félagar hefðu, í kjölfar hrunsins, hækkað með sama hætti og skuldir fasteignaeigenda og valdið miklum hækkunum á húsaleigu. Þá komu aðgerð-

irnar ekki á nokkurn annan hátt til móts við tekjulág heimili á leigumarkaði en ASÍ lagði m.a. til að sett yrðu tekju- og eignamörk á aðgerðina og að það fjármagn, sem sparadist með því, yrði nýtt til að fjármagna nýtt félagslegt húsnæðiskerfi. Stjórnvöld tóku engin mið af þessum sjónarmiðum.

Könnun Varasjóðs húsnæðismála á félagslegu leiguhúsnæði

Nýbirt könnun Varasjóðs húsnæðismála á stöðu leiguíbúða sveitarfélaga á landinu sýnir vel þörfina á verulegu átaki í uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Umsóknunum fer fjölgandi, biðlistar eru langir og biðtími í mörgum tilvikum langur, einkum í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem búa um 80% þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð.

Félagslegar leiguíbúðir eru ríflega 4.900 á landinu öllu, þar af eru rúmlega 2.200 í Reykjavík og um 700 til viðbótar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögum á landinu bárust 2.100 umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði á árinu 2013 en í lok þess árs voru um 1.700 manns á biðlista eftir íbúð. Flestar umsóknir, eða 1.165, bárust Reykjavíkurborg en þar voru um 840 manns á biðlista en til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu bárust samtals 320 umsóknir árið 2013 og 550 manns voru á biðlista í lok þess árs. Algengast er að biðtími eftir félagslegu leiguhúsnæði sé eitt ár eða lengri.


Taka skal fram að til þess að umsókn um félagslegt húsnæði sé tekin til afgreiðslu og umsækjanda úthlutað plássi þarf hann jafnan að uppfylla ákveðin skilyrði, s.s. að búa við erfiðar félagslegar aðstæður og vera undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Hjá Reykjavíkurborg eru eignamörk t.a.m. tæplega 4 milljónir króna og tekjumörk einhleypings 2,9 milljónir á ári (239.000 á mánuði) og hjóna um 4 milljónir á ári (334.000 á mánuði) auk 479.000 króna fyrir hvert barn á framfæri (39.900 á mánuði). Ef þessi skilyrði eru skoðuð í ljósi upplýsinga um tekjur í nedri tekjufjórðungi er ljóst að þau útiloka stóran hóp frá því að sækja um þrátt fyrir þrönga stöðu og því ljóst að fjöldi umsókna og biðlistar eftir félagslegu húsnæði endurspeglar ekki nema hluta vandans.

Dreifing launa fullvinnandi launamanna eftir hópum 2013

	Neðri fjórðungsmörk	Miðgildi
Alls	347.000	433.000
Starfsmenn á almennum vinnumarkaði	356.000	455.000
Opinberir starfsmenn	338.000	414.000

Staða leigjenda

- Þeim sem búa í leiguhúsnæði hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum og þeim sem búa í eigin húsnæði fækkað að sama skapi. Mest er fjölgunin á leigumarkaði meðal yngra fólks og tekjulægri heimila.




- Húsaleiga á almennum markaði nemur í dag 35–50% af ráðstöfunartekjum tekjulágra heimila að teknu tilliti til húsaleigubóta.
- Almennt er talið ásættanlegt að 20–25% ráðstöfunartekna fari til að afla húsnæðis.
- Tæplega fimmtingur leigjenda greiðir 40% eða meira af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði sem talinn er verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður; hefur sá hópur stækkað mjög undanfarin ár.
- Hlutfall þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað er mun lægra meðal húsnæðiseigenda, eða um 7%, og hefur farið lækkandi á liðnum árum.
- Fjórdungur tekjulægsta hópsins hefur íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- 22% einstæðra foreldra hafa íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- Tæplega 30% barna í fjölskyldum, sem búa í leiguhúsnæði, búa undir lágtekjumörkum.
- Opinber húsnæðisstuðningur við tekjulágar eignalitlar fjölskyldur á vinnumarkaði er að jafnaði meiri ef fólk býr í eigin húsnæði (vaxtabætur) en í leiguhúsnæði (húsaleigubætur). Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur boðað frumvarp um nýtt húsnæðisbótakerfi sem leysa á af hólmi núverandi húsaleigu- og vaxtabótakerfi og jafna þar með stuðning milli eigenda og leigjenda.

Skortur á leiguhúsnaði á viðráðanlegum kjörum birtist m.a. í því að atvinnuhúsnaði í misgóðu ástandi víðs vegar um höfuðborgarsvæðið er leigt út til búsetu. Fyrir liggur að samkvæmt lögum er búseta í atvinnuhúsnaði óheimil; þeir sem þar hafa búsetu geta ekki skráð þar lögheimili sitt, hafa að jafnaði ekki löglega húsaleigusamninga og eiga af þeim sökum ekki rétt á húsaleigubótum. Húsæðisöryggi þeirra leigjenda, sem búa í slíku húsnaði, er lítið og réttindi þeirra ekki í neinu samræmi við húsaleigulög. Sem dæmi má nefna að í skilmálum eins leigusala, sem leigir út herbergi í atvinnuhúsnaði á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, segir m.a. að brjóti leigutaki skilyrði leigusala um umgengni eða greiðslu á tilsettum tíma sé leigusala heimilt að rifta samningi fyrirvaralaust og vísa leigutaka út úr húsnaðinu; í slíkum tilvikum eigi leigutaki enga kröfu á leigusala.

Fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarna daga að félagsráðgjafar sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi vísað skjólstæðingum í húsnaðisvanda til aðila sem leigja út ósamþykkt atvinnuhúsnaði til búsetu. Þá hefur einnig komið fram m.a. í viðtölum við skjólstæðinga og starfsfólk félagsþjónustunnar að félagsmálayfirvöld hafi greitt leigutryggingu til slíkra leigufélaga.


Leigjendum fer fjölgandi hjá Umboðsmanni skuldara

Til Umboðsmanns skuldara geta þeir einstaklingar leitað sem komnir eru í þrot með fjármál sín.



Samkvæmt upplýsingum frá embættinu hefur leigjendum fjölgað verulega í hópi þeirra sem sækja um greiðsluáðlögun. Af þeim 440 einstaklingum, sem sótt hafa um greiðsluáðlögun á þessu ári, er meirihlutinn leigjendur og einstaklingar sem ekki eru með fasteignalán en aðeins tæplega þriðjungur umsækjenda býr í eigin húsnaði. Þá eru um 80% umsækjenda um greiðsluáðlögun

búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess sem er það svæði þar sem leiguverð er hæst.



Greiðslugeta að frátöldum föstum útgjöldum hjá þeim einstaklingum, sem sækja um greiðsluaðlögun, hefur einnig minnkað mikið á síðustu árum. Hún var að meðaltali tæplega 58.000 krónur á mánuði á árinu 2010 en er um 12.500 krónur á mánuði að meðaltali hjá þeim sem sótt hafa um á þessu ári. Samkvæmt Umboðsmanni skuldara má skýra minnkandi greiðslugetu meðal annars með því að leigjendum hafi fjölgað mikið meðal umsækjenda og hækkandi leiga komi fram sem skert greiðslugeta hjá þessum einstaklingum. Tölur um lækkandi meðalupphæð skulda og eigna hjá umsækjendum um greiðsluaðlögun skýrast einnig af því að umsóknum einstaklinga, sem ekki eru með fasteignalán, hefur fjölgað.

„Þetta eru einstaklingar sem leita til okkar vegna annarra skulda en fasteignaveðskulda. Þeir geta verið með námslán, bílalán, ógreidda símreikninga, dagvistunargjöld, tryggingar, leikskólagjöld, meðlagsskuldir, sakarkostnað og sektir, yfirdráttarheimildir, kreditkortaskuldir, smálánaskuldir og ýmsar aðrar skuldir. Þá hefur yngri hópur komið til okkar á þessu ári en áður, oftast er fólk komið í vanda vegna þess að tekjur duga ekki til að endar náí saman. Á nokkrum árum getur myndast skuldahali. Það er alveg sama hversu oft skuldirnar eru gefnar eftir, sumir umsækjendur munu ekki ná endum saman. Við erum að sjá ákveðinn tekjuvanda hjá fólki sem hefur ekki tekjur fyrir framfærslu. Við tökum saman allar tekjur og berum saman framfærsluviðmiðin okkar og reikninga sem fólk þarf að borga. Það er alltaf að hækka hlutfallið sem leitar til okkar með neikvæða greiðslugetu. Þeir einstaklingar hafa ekki tekjur til þess að ná endum saman miðað við fjölskyldustærð og lenda því í þessum skuldavanda.“

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi
Umboðsmanns skuldara – Mbl. 16.12.2014

Tölur Umboðsmanns skuldara styðja enn frekar við málflutning ASÍ um að hár húsnæðiskostnaður tekjulágra hópa valdi því að þessi heimili hafi í reynd engin tök á að ná endum saman í daglegum rekstri og að upp safnist óyffirstíg-anlegur fjárhagslegur og félagslegur vandi.

Áform stjórnvalda um uppbyggingu á félagslegu húsnæði

Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála

Verkefnisstjórnin skilaði tillögum til félags- og húsnæðismálaráðherra í maí 2014. Í þeim er að finna tillögur varðandi framtíðarfyrirkomulag á uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Þó tekið sé undir mörg þau sjónarmið, sem ASÍ hefur sett fram í málaflokknum, byggja tillögurnar hins vegar ekki á neinu mati á þörf fyrir uppbyggingu og fjármagni til verkefnisins. Engir fjármunir eru í fjárlögum komandi árs til uppbyggingar á félagslegu húsnæði.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnarinnar segir:

*Mikilvægt er að til samhents áttaks ríkis og sveitarfélaga komi í uppbyggingu leiguhúsnæðis sem rekið er án hagnaðarkvaðar. Miðað við forsendur Alþýð-usambands Íslands sem fram eru settar í tillögum ASÍ um nýtt félagslegt húsnæðiskerfi og 25% stofnframlag ríkis mætti byggja **206 íbúðir fyrir 1.000 m. kr. stofnframlag ríkissjóðs, þar af 152 á höfuðborgarsvæði og 53 á landsbyggðinni**. Þá er sérstaklega mikilvægt að stuðla að aukinni uppbyggingu stúdentaíbúða eins og komið er inn á í kafla 2.2.8 enda slíkt mjög til þess fallið að minnka þrýsting á almenna hluta leigumarkaðarins.*

*Að framansögðu er það tillaga verkefnisstjórnar að framlag ríkisins verði hér eftir að meginstefnu til í formi stofnframlaga í stað niðurgreiðslu vaxta líkt og nú er. Þannig verði **stofnframlag ríkisins 25% af stofnverði og á móti komi 10% stofnframlag sveitarfélaga**. Tillaga verkefnisstjórnar um stofnframlög útilokar þó ekki að ríkissjóður geti, sé vilji til þess, farið fremur þá leið að niðurgreiða vexti þrátt fyrir að slíkt fyrirkomulag geti verið óhagkvæmara að mati verkefnisstjórnar.*

Viðbrögð ASÍ:

ASÍ fagnaði þeirri áherslu að tryggja eigi betur stöðugleika í húsnæðisaðstoð hins opinbera en benti jafnframt á að tryggja þyrfti á allra næstu árum nægilegt fé til mikillar og hraðrar uppbyggingar á félagslegu húsnæði. Með því að greiða stofnstyrki til bygginga eða kaupa á félagslegu húsnæði og staðgreiða þannig alla aðstoðina mun ríkið að líkindum geta styrkt mun færri íbúðir á hverju ári en nauðsynlegt er til að leysa þann vanda sem við blasir. Framboð af félagslegu leiguhúsnæði er nú einungis um fimmtungur þess sem þörf er á

og mat ASÍ er að fjölga þurfi félagslegum íbúðum um 1.000 á ári næstu fimm árin og svo um 600 á ári eftir það. Miðað við þær forsendur, sem verkefnisstjórnin gefur sér um fjármögnun, þarf stofnframlag ríkisins nú þegar að nema um 5.000 milljónum króna á ári næstu fimm árin og framlag sveitarfélaganna um 2.000 milljónum króna árlega til að fjármagna 1.000 nýjar félagslegar íbúðir árlega.

Sé ekki ætlun stjórnvalda og sveitarfélaga að leggja fram stofnframlög sem nægi til að mæta þeirri uppbyggingu telur Alþýðusambandið skynsamlegra að ríkið geri langtímasamninga við sveitarfélög eða félagsleg byggingarfélög um vaxtastyrki til að gera húsaleigu viðráðanlega fyrir tekjulágar fjölskyldur. Slíkt fyrirkomulag felur í sér miklu viðráðanlegri fjárhæðir á hverju ári fyrir ríkissjóð og gerir samfélaginu kleift að niðurgreiða mun fleiri félagslegar íbúðir strax.

Uppbyggingaráform sveitarfélaga

Þrátt fyrir langa biðlista eftir félagslegu húsnaði og það mat flestra sveitarfélaga að skortur sé á leiguhúsnaði í sveitarfélaginu fjölga félagslegum leiguíbúðum lítið milli ára og fá sveitarfélög áforma fjölgun. Íbúðum fjölgaði í heildina um 60 á milli árána 2012 og 2013 sem jafngildir 1,2% fjölgun. Aðeins örfá sveitarfélög standa í raun undir þessari fjölgun, má þar nefna að í Reykjavík fjölgaði íbúðum einungis um 10, í Kópavogi fjölgaði félagslegum leiguíbúðum um 17, í Sandgerði um 15, á Akranesi um 7, Blönduósi um 10, Akureyri um 17, Norðurþingi um 11 og Fjarðabyggð um 10. Í ljósi erfiðrar stöðu í húsnaðismálum á höfuðborgarsvæðinu vekur sérstaka athygli að á Seltjarnarnesi fækkar félagslegum leiguíbúðum um 19 milli ára.

Fá sveitarfélög áforma að fjölga félagslegum leiguíbúðum á næstunni. Reykjavíkurborg stendur nánast undir allri áformaðri fjölgun en samkvæmt skýrslu Varasjóðs húsnaðismála áformar Reykjavíkurborg að fjölga íbúðum um 270 á næstu árum. Nýlega hefur þó komið fram í fjölmiðlum að Reykjavíkurborg hyggist á næstu fimm árum fjölga félagslegum leiguíbúðum um 500. Í Kópavogi eru áform um að fjölga íbúðum um 10 en Hafnarfjörður og Mosfellsbær, sem einnig segjast áforma fjölgun, tilgreina ekki fjölda íbúða.

Nánar um áform Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg á nú ríflega 1.800 félagslegar leiguíbúðir og hyggst á árunum 2015–2019 fjölga íbúðunum um 500. Fjárfestingin nemur um 13,5 milljörðum króna á tímabilinu og gert er ráð fyrir að borgin og ríkið leggi fram um 30% eigið fé (stofnframlag) í samræmi við hugmyndir verkefnisstjórnarinnar um

framtíðarskipan húsnæðismála, en óskað hefur verið eftir formlegum viðræðum við félags- og húsnæðismálaráðherra um aðkomu og stuðning ríkisins við verkefnið. Stofnframlag Reykjavíkurborgar er áætlað ríflega 1,2 milljarðar króna á tímabilinu sem er um 200 milljónum meira á ársgrundvelli en verið hefur að jafnaði.

Þrátt fyrir það jákvæða skref, sem Reykjavíkurborg hefur tekið með áformum sínum um uppbyggingu á næstu árum, er ljóst að þótt þau gangi öll eftir nægir það ekki til að mæta þeirri uppsöfnuðu þörf, sem er fyrir hendi á höfuðborgarsvæðinu, og ekki er útlit fyrir að önnur sveitarfélög á svæðinu hyggist bregðast við stöðunni. Tillögur ASÍ gerðu ráð fyrir að keyptar yrðu eða byggðar um 4000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu á næstu fimm árum.

Næstu skref / álitamál

Eins og fram kom í harðorðri ályktun 41. þings ASÍ um húsnæðismál bera stjórnvöld ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflökknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflökksins. Þó lagðar hafi verið fram tillögur í skýrsluformi, sem kunna að vera gagnlegar í umræðunni, eru pólitísk áform í málaflökknum enn óljós og engir fjármunir hafa verið eyrnamerkir til verkefnisins.

Ljóst er að sveitarfélögum ber lögum samkvæmt að tryggja félagsleg húsnæðisúrræði fyrir íbúa sína þótt reyndin hafi verið sú að þau hafi haft um það nokkurt sjálfðæmi hvernig þau rækja þessa skyldu sína. Það má m.a. sjá á tölum um mikinn mun á framboði af félagslegu leiguhúsnæði sem hlutfall af íbúafjölda. Staðan í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vandinn er hvað mestur, er mjög misjöfn. Reykjavík á hlutfallslega flestar íbúðir á svæðinu, 1,8 á hverja 100 íbúa. Í Kópavogi er hlutfallið 1,3, í Hafnarfirði 0,85 en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eiga mun færri íbúðir miðað við stærð, þ.e. 0,39 á Seltjarnarnesi, 0,35 í Mosfellsbæ og 0,2 í Garðabæ. Með lítilli uppbyggingu á félagslegu húsnæði geta sveitarfélög þannig valið sig frá því að sinna þessari lagaskyldu sinni og velt vandanum yfir á önnur sveitarfélög á svæðinu.

Fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarna daga að félagsráðgjafar sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi vísað skjólstæðingum í húsnæðisvanda til aðila sem leigja út ósamþykkt atvinnuhúsnæði til búsetu. Þá hefur einnig komið fram m.a. í viðtölum við skjólstæðinga og starfsfólk félagsþjónustunnar að félagsmálayfirvöld hafi greitt leigutryggingu til slíkra leigufélaga fyrir skjólstæðinga sína. Þó ætla megi að slíkt sé gert í yrtustu neyð er hins vegar brýnt að

fá fram afstöðu pólitískt kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna, sem bera ábyrgð á málaflokkunum, til þess að húsnæðisvandi íbúa sveitarfélagsins sé leystur með slíkum úrræðum, hvort mótuð hafi verið stefna varðandi þetta og hvaða áform þeir hafi til að finna viðunandi lausnir á húsnæðisvanda í sveitarfélaginu.

Aðildarfélög ASÍ hafa ekki gengið frá mótun krafna sinna vegna komandi kjarasamninga en ljóst er að ríkisstjórnin hyggst ekki koma til móts við gagnrýni aðildarféлага ASÍ nema að óverulegu leyti. Í deilu stjórnarflokkanna um breytingar á matarskatti náðist samkomulag um að auka framlög til húsaleigubóta um 400 milljónir króna en ekki um að taka upp samræmt húsnæðisbótakerfi þótt ráðherra húsnæðismála hafi ítrekað boðað slíkar breytingar. Engin áform eru um að auka framlög til félagslegs húsnæðis, hvorki í formi stofn- kostnaðarstyrkja né aukinnar vaxtaniðurgreiðslu. Því er staða húsnæðismála tekjulágs fólks mjög óljós sem stendur og vaxandi fjöldi heimila í þessum tekjuhópi á í vandræðum með að ná endum saman.

Tillaga ASÍ að lögum um félagslegt leiguhúsnæði

Velferðar- og húsnæðismálaráðherra hafa verið kynntar tillögur að nýju félagslegu húsnæðiskerfi sbr. fyrri skýrslur forseta. Margar af tillögum ASÍ virðast hafa náð eyrum ráðherra, m.a. þær sem lúta að framlögum til niðurgreiðslu vaxta í stað eingreiddra stofnstyrkja eins og ýtarleg grein er gerð fyrir í síðustu skýrslu forseta. Andstaða er hins vegar enn gegn þessum hugmyndum í röðum sumra sveitarfélaga og frá hagsmunaaðilum innan búsetukerfisins. ASÍ samdi heildstætt lagafrumvarp og greinargerð um nýtt félagslegt húsnæðiskerfi í mars 2015.

Drög að lögum um félagslegt leiguhúsnæði

Kafla 1. Húsnæðissamvinnufélög um félagslegt leiguhúsnæði

Skilgreiningar o.fl.

Tilgangur

Markmið

Skipulag

Hæfi

Fjármagn

Íbúðakaup, breytingar, skuldabréfaútgáfa og sala

Kafla 2. Íbúalýðræði

Kafla 3. Ákvörðun um leigu o.fl.

Kafla 4. Útleiga og tilvísun o.fl.

Tilvísun sveitarfélaga, reglur um staðfestingu o.fl.

Kafla 5. Viðhald og endurbætur ásamt íbúagreiðslu

- Kafli 6. Sala félagslegra leiguíbúða sem eignaríbúðir
Stöðvun sölufærlis
Skilmálar og framkvæmd sölufærlisins
Vaxta- og afborgunarlaus lán
Uppgjör og ráðstöfun söluhagnaðar o.fl.
- Kafli 7. Landssjóður Húsnaðisstofnunar
Skipulag o.fl.
Tekjur sjóðsins
Fjárstýring
- Kafli 8. Rekstrarstyrkir
Styrkur frá Landssjóði Húsnaðisstofnunar
Ábyrgð og rekstrarstyrkur sveitarfélags
- Kafli 9. Almenn ákvæði um nýbyggingar o.fl.
Gerð og innrétting íbúðanna o.fl.
Tryggingar og verðmat
- Kafli 10. Fjármögnun nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum
Veiting vilyrða fyrir stuðningi
Fjármögnun og ábyrgðir
Lóðaverð
Ábyrgðir sveitarfélaga
Íbúagreiðsla og vaxtaniðurgreiðsla
- Kafli 11. Eftirlit og samráð um stjórn kerfisins
- Kafli 12. Ríkisfóhirðir
- Kafli 13. Stjórnsýsla og refsíákvæði

Kafli 1

Húsnaðissamvinnufélög um félagslegt leiguhúsnaði Skilgreiningar o.fl.

§ 1. Húsnaðissamvinnufélag um félagslegt leiguhúsnaði er:

- 1) Húsnaðissamvinnufélag sem á grunvelli þessara laga er viðurkennt af sveitarstjórn til að sinna byggingu og leigu á félagslegu leiguhúsnaði.*
- 2) Húsnaðissamvinnufélag sem við gildistöku þessara laga var viðurkennt til að sinna byggingu og leigu á félagslegu leiguhúsnaði.*
- 3) Húsnaðissamvinnufélag sem við gildistöku þessara laga var viðurkennt til að sinna byggingu og leigu á félagslegu leiguhúsnaði í gegnum dótturfélög.*

§ 2. Sveitarstjórnir geta heimilað að sjálfseignarstofnanir, sem leigt hafa húsnæði á grundvelli laga um félagslegt leiguhúsnæði og fengið hafa lán til slíkra íbúða frá Íbúðalánasjóði, verði breytt í húsnæðisfélög um félagslegt húsnæði samkvæmt þessum lögum.

§ 3. Félagslegar fjölskylduíbúðir eru:

- 1) Íbúðir sem samhliða samþykki sveitarstjórnar um opinberan stuðning á grundvelli þessara laga eru skrásettar sem félagslegar íbúðir.
- 2) Íbúðir sem féllu undir lög um félagslegt leiguhúsnæði fyrir 31. desember 2014 og fengið hafa lán á þeim grunni frá Íbúðalánasjóði.

§ 4. Félagslegar ungmennaíbúðir eru:

- 1) Íbúðir sem samhliða samþykki sveitarstjórnar um opinberan stuðning á grundvelli þessara laga eru skrásettar sem félagslegar ungmennaíbúðir.
- 2) Íbúðir sem féllu undir lög um félagslegt leiguhúsnæði fyrir 31. desember 2014 og fengið höfðu lán á þeim grunni frá Íbúðalánasjóði .

§ 5. Félagsleg dvalarheimili fyrir aldraða eru:

- 1) Íbúðir sem samhliða samþykki sveitarstjórna um opinberan stuðning á grundvelli þessara laga eru skrásettar sem félagsleg dvalarheimili fyrir aldraða.
- 2) Öldrunarheimili sveitarfélaga eða byggðasamlaga sem fengið hafa opinberan stuðning á grundvelli eldri laga fyrir aldraða eða fatlaða einstaklinga.
- 3) Íbúðir fyrir aldraða sem féllu undir lög um félagslegt leiguhúsnæði fyrir 31. desember 2014 og fengið höfðu lán á þeim grunni frá Íbúðalánasjóði.

Þjónustusvæði er svæði sem notað er til umönnunar- og þjónustuverkefna, sem að venju getur ekki farið fram í íbúðarhúsnæðinu, og sem innréttað er í beinum tengslum við félagsleg dvalarheimili með það meginmarkmið að þjónusta íbúa viðkomandi íbúða.

§ 6. Félagslegar íbúðir, sem atlaðar eru fyrir sérstaklega skilgreinda

hópa sem þurfa aðstoð, eru varanleg úrræði og eru innréttaðar m.t.t. sérþarfa íbúanna.

Tilgangur

§ 7. Markmið með rekstri húsnæðissamvinnufélaga um félagslegt leigu-húsnæði er að tryggja að nægt framboð sé af viðeigandi íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu leiguverði fyrir alla sem þurfa á því að halda og tryggja íbúunum áhrif á eigin húsnæðismál.

§ 8. Meginstarfsemi húsnæðissamvinnufélaga um félagslegt leiguhúsnæði er að byggja, leigja, reka, viðhalda og endurnýja félagslegar leiguibúðir með tilheyrandi sameign og aðrar íbúðir með tilheyrandi sameign til hverra veittur er eða hefur verið veittur opinber stuðningur á grundvelli þessara laga eða fyrri laga um félagslegt leiguhúsnæði. Til meginstarfsemi fellur einnig sala á fjölskylduíbúðum skv. nánari ákvæðum þessara laga.

Húsnæðissamvinnufélagið getur auk þess sem fram kemur í 1. mgr. staðið fyrir verkefnum sem eru í edlilegu samhengi við leigu íbúða eða rekstur eða byggja á þeirri þekkingu sem húsnæðissamvinnufélagið hefur byggt upp með starfsemi sinni.

Markmið

§ 9. Húsnæðissamvinnufélagið á að tryggja ábyrgan og skilvirkan rekstur félagsins og deilda þess.

§ 10. Húsnæðissamvinnufélaginu bera að leitast við að tryggja að rekstur þess sé efnahagslega og félagslega skilvirkur og tryggi góðan og nútímalagan staðal.

§ 11. Húsnæðissamvinnufélagið skal í tengslum við nýbyggingu eða endurnýjun o.s.frv. af félagslegu leiguhúsnæði leggja sig fram um að ná sem mestum verðmætum af fjárfestingum sínum. Gæði bygginga skulu m.t.t. hönnunar, tæknilegrar útfærslu, heilsu-, umhverfis- og orkulega vera viðunandi. Kostnaði og leigu skal halda á því stigi að hægt verði að leigja íbúðirnar í samræmi við markhópin.

§ 12. Húsnæðisfélög skulu við útleigu íbúða sinna hópum sem eiga í

vandræðum með að tryggja sér viðeigandi húsnæði á almennum markaðslegum forsendum. Jafnframt skulu húsnæðissamvinnufélögin stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa.

§ 13. Stjórnendum húsnæðissamvinnufélagsins ber að sýna góða stjórnunarhætti og stuðla að og efla virkt íbúalýðræði.

§ 14. Húsnæðissamvinnufélög og sveitarstjórnir skulu með samstarfi sínu og gerð samninga vinna að því að tilgangur og markmið þessara laga nái fram að ganga. Húsnæðissamvinnufélögin og sveitarstjórn skulu eftir því sem þörf er á samræma aðgerðir sína á einstökum íbúðasvæðum eða hverfum aðgerðum annarra aðila.

Skipulag

§ 15. Húsnæðissamvinnufélag um félagslegar leiguíbúðir geta skipulagt starfsemi sína með eða án deilda á grundvelli laga um húsnæðissamvinnufélög.

Húsnæðissamvinnufélag með deildum getur verið skipulagt með eða án framlaga frá meðlimum.

Húsnæðissamvinnufélag án deilda er skipulagt sem félagslegt rekstrarfélag með meðlimum, þar með talin önnur húsnæðissamvinnufélög. Slík húsnæðissamvinnufélög sjá um byggingastarfsemi o.fl. fyrir meðlimi. Húsnæðissamvinnufélagið getur jafnframt tekið að sér umsjón með byggingu o.fl. fyrir aðila sem ekki eru meðlimir félagsins. Húsnæðissamvinnufélagið getur verið skipulagt með eða án framlaga frá meðlimum.

§ 16. Æðsta vald húsnæðissamvinnufélaga er fulltrúaráð eða aðalfundur.

Í sjálfseignarstofnun fer stjórnin með æðsta vald.

§ 17. Fulltrúaráð í húsnæðissamvinnufélagi með íbúadeildum samanstendur af stjórn húsnæðissamvinnufélagsins og a.m.k einum fulltrúa frá hverri deild. Fulltrúar, sem kjörnir eru af deildunum, skulu fara með meirihluta í fulltrúaráðinu.

Fulltrúaráðið í félagslegu rekstrarfélagi samanstendur af stjórn húsnæðissamvinnufélagsins og a.m.k. einum fulltrúa fyrir stjórnir aðildarhúsnæðissamvinnufélaganna. Ef sveitarfélag, sem á félagslegt öldrunarheimili, er

aðili að húsnæðissamvinnufélagi, hefur sveitarstjórn rétt til að tilnefna a.m.k. einn fulltrúa meðal íbúanna í öldrunarheimilum sveitarfélagsins.

Ef ekki hefur verið kosin deildarstjórn í deildum með a.m.k. helminginn af íbúðunum í húsnæðissamvinnufélagi, hefur leigjendafélagið sama rétt til þátttöku í fulltrúaráðinu eins og aðrar deildarstjórnir ef a.m.k. 25% af öllum leigjendum eru aðilar að félaginu. Uppfylli fleiri félög þessi skilyrði fellur rétturinn til þess félags sem hefur flesta meðlimi meðal íbúanna.

Rétt til að sitja aðalfund í húsnæðissamvinnufélagi með íbúadeildum hafa stjórn húsnæðissamvinnufélagsins, aðilar að húsnæðissamvinnufélaginu og fjárráða fjölskyldumedlimir meðlimanna. Meðlimir húsnæðissamvinnufélagsins teljast þeir sem leigja og allir sem skráðir eru á biðlista húsnæðissamvinnufélagsins.

Aðgang að ársfundi félagslegra rekstrarfélaga hafa stjórn félagsins og stjórnir aðildarfélaganna.

§ 18. *Samþykktir félagslegs húsnæðissamvinnufélags skulu innihalda ákvæði um eftirfarandi:*

- 1) Nafn og heimili húsnæðissamvinnufélagsins.*
- 2) Fjárhagsskipan húsnæðissamvinnufélagsins.*
- 3) Boðun aðalfundar eða fundar í fulltrúaráði.*
- 4) Hvaða mál skulu tekin fyrir á ársfundi eða fulltrúaráðsfundi.*
- 5) Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins.*
- 6) Fjöldi stjórnarmanna og samsetningu stjórnar.*
- 7) Með hvaða hætti félagar geta skráð sig í húsnæðissamvinnufélagið.*
- 8) Kosningu deildarstjórna og starfsemi þeirra.*
- 9) Reikningsár húsnæðissamvinnufélagsins.*
- 10) Kosningu endurskoðanda.*

Ráðherra húsnæðismála útbýr fyrirmynd að samþykktum fyrir húsnæðissamvinnufélög. Ákvæði fyrirmyndarsamþykktu skulu gilda nema annað hafi verið ákveðið í samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins.

Ákvæði samþykktanna mega ekki víkja frá ákvæðum laga um félagsleg húsnæðissamvinnufélög eða öðrum reglum um þau sem ráðherra húsnæðismála setur á grundvelli þeirra heimilda sem löggin ákveða. Ákvæði samþykktu, sem þrengja rétt íbúanna til meðákvörðunar m.v. ákvæði þessara laga, reglna sem settar eru á grundvelli laganna, eða ákvæða þeirra fyrirmyndarsamþykktu, sem útbúnað hafa verið fyrir félagsleg húsnæðissamvinnufélög, eru ógild.

Afrit af samþykktum félagslegs húsnæðissamvinnufélags skulu send til viðkomandi sveitarstjórnar, sem skal kanna hvort ákvæði samþykktanna standist þær kröfur „sem löggin um félagsleg húsnæðissamvinnufélög kveða á um, eða þær reglur sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Sveitarstjórnin skal leggja samþykktirnar fram til opinberrar skoðunar og eftirlits

§ 19. *Ekki er hægt að kjósa eða skipa eftirfarandi aðila í stjórn félagslegs húsnæðissamvinnufélags:*

- 1) Borgarstjóra eða sveitarstjóra þess sveitarfélags sem hefur eftirlit með viðkomandi félagslegu húsnæðissamvinnufélagi,*
- 2) deildarstjóra eða sviðsstjóra þeirrar deildar sveitarfélags sem hefur eftirlit með viðkomandi félagslegu húsnæðissamvinnufélagi,*
- 3) formann þeirrar nefndar þess sveitarfélags, sem hefur eftirlit með viðkomandi félagslegu húsnæðissamvinnufélagi, eða*
- 4) starfsmenn þeirra deilda eða sviða hjá sveitarfélagi sem hefur eftirlit með viðkomandi félagslegu húsnæðissamvinnufélagi.*

§ 20. *Greiða skal stjórn félagslegs húsnæðissamvinnufélags viðeigandi þóknun fyrir störf sín.*

§ 21. *Ekki er hægt að leysa upp eða slíta félagslegu húsnæðissamvinnufélagi, sem fengið hefur viðurkenningu, nema ráðherra húsnæðismála hafi samþykkt það. Eigi húsnæðissamvinnufélagið engar fasteignir*

eða ef slit félagsins á sér stað með sameiningu við eitt eða fleiri önnur félagsleg húsnæðissamvinnufélög má slíta félaginu án samþykkis ráðherra.

Æðsta vald hjá félagslegu húsnæðissamvinnufélagi getur tekið ákvörðun um slit. Tillögu um slit þarf ekki að leggja fyrir deildarfundir til samþykktar þrátt fyrir ákvæði samþykta.

§ 22. Deild í félagslegu húsnæðissamvinnufélagi er fjárhagslega óháð öðrum deildum og húsnæðissamvinnufélaginu. Hver byggingarframkvæmd skal framkvæmd af sérstakri deild í félagslegu húsnæðissamvinnufélagi. Einstakar deildir skulu vera þinglýstir eigendur viðkomandi íbúða.

Hægt er að víkja frá ákvæðum 2. ml. 1. mgr. með samþykki sveitarstjórnar ef um minniháttar viðbyggingar er að ræða við starfandi deildir, einnig ef um er að ræða innréttingu á ónýttu þakrými, byggingu fleiri hæða og byggingu smærri, frítt standandi bygginga, ef þetta er talið fjárhagslega forsvaranlegt m.t.t. áhættu af framkvæmdunum og með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu deildarinnar og félagslega húsnæðissamvinnufélagsins.

Hæfi

§ 23. Ef meðlimur í félagsstjórn, deildarstjórn, framkvæmdastjóri eða stjórnandi hefur bein efnahagsleg tengsl við byggingarfyrirtæki utan húsnæðissamvinnufélagsins ber að tilkynna það til sveitarstjórnarinnar. Sveitarstjórnin getur þegar í stað eða síðar bannað að slík tengsl haldi áfram.

§ 24. Fulltrúi í félagsstjórn, deildarstjórn, framkvæmdastjóri eða stjórnendur mega ekki taka þátt í meðferð mála þar sem viðkomandi eða aðrir sem hann hefur nán tengsl við hefur beina hagsmuna að gæta.

Fjármagn

§ 25. Húsnæðisfélög, þar með talin rekstrarfélög, geta byggt upp veltufé með hagnaði af rekstri félagsins og sérstökum framlögum deilda og húsnæðissamvinnufélaga í rekstri.

§ 26. Í varasjóð húsnæðissamvinnufélagsins fara:

- 1) Sérstök framlög deilda.
- 2) Hagnaður af rekstri deilda.
- 3) Fjárhæð sem húsnæðissamvinnufélagið ákveður að færa frá veltufé.
- 4) Laust fé, sem verður til í tengslum við uppgreidd lán hjá deildum, ef það fellur ekki undir 6. eða 7. lið.
- 5) Laust fé, sem verður til í tengslum við lántöku eða sölu á skrifstofurými húsnæðissamvinnufélagsins, eða afgangur af lántöku félagsins á grundvelli 24. gr.
- 6) Laust fé sem verður til vegna þess að íbúagreiðslan verður hærri en sem nemur greiðslubyrði lána á lánstíma þeirra.
- 7) Laust fé sem verður til vegna íbúagreiðslunnar eftir að búíð er að greiða upp húsnæðislánin.
- 8) Laust fé sem á uppruna sinn í greiðslu lántakenda á lánnum, sem fram koma í 87. gr., sem eftir endurfjármögnum breytast í samræmi við 134. gr.
- 9) Laust fé sem er tilkomið vegna þess að endurgreiðsla lántakenda, sbr. 116. gr., er hærri en raunveruleg greiðsla af láninu, sbr. 2. mgr. 107. gr., til og með 40 ár eftir að lánið var tekið.
- 10) Styrkir frá Landssjóði Húsnæðisstofnunar skv. 86. gr. sem millifærast til deildanna.

Útgjöld deilda, sem verða vegna taps, sem leiðir af því að brottfluttir leigjendur greiða ekki leigu, og kostnað vegna endurbóta má greiða úr varasjóði. Varasjóður greiðir ekki útgjöld vegna taps, sem leiðir af því að brottfluttir leigjendur greiða ekki leigu, og kostnað vegna endurbóta ef þessi útgjöld falla undir ábyrgð sveitarfélags vegna viðkomandi íbúa. Sveitarstjórn getur í sérstökum tilfellum samþykkt að umrædd útgjöld verði ekki greidd eða þau aðeins greidd að hluta úr varasjóðnum ef fjárhagsleg staða húsnæðissamvinnufélagsins gerir það nauðsynlegt.

Auk 2. mgr. verða fjármunir varasjóðsins nýttir til að tryggja áframhaldandi rekstur deildarinnar sem nútímalegs og skilvirks húsnæðisfélags

með því að stuðla að efnislegri, efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu deildanna. Verði varasjóðurinn nýttur til að lækka leiguna í deildinni verður sú leiga, sem ákveðin verður, að vera í eðlilegu samræmi við leigu í sambærilegum íbúðum.

Heimilt er að nota varasjóðinn í sérstökum tilfellum til að tryggja áframhaldandi rekstur húsnæðissamvinnufélagsins, þar með talið í tengslum við stofnun nýrra deilda og í tengslum við óvænt tap.

Heimilt er að nýta varasjóðinn til að kosta eðlilegar endurbætur á íbúðum, þegar leigjanda hefur verið sagt upp leigu af leigusala, eftir að framlag leigjanda hefur verið dregið frá.

§ 27. Lána má fjármuni deilda í gegnum húsnæðissamvinnufélagið til afnota fyrir aðrar félagslegar deildir, sbr. þó 2. mgr. Húsnæðissamvinnufélaginu ber að sjá til þess að það séu óvefengjanleg veð fyrir þessum fjármunum og að hægt sé að losa þá með stuttum fyrirvara.

Ekki má veita lán til deilda með uppsafnað rekstrartap, sem orsakast af vanda við útleigu, eða til deilda þar sem gera má ráð fyrir vanda við útleigu.

Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. gilda einnig um lán sem eiga sér stað frá einu húsnæðissamvinnufélagi til annars húsnæðissamvinnufélags sem er aðili að sama félagslega rekstrarfélagi.

§ 28. Hafi húsnæðissamvinnufélag laust fé getur ráðherra húsnæðismála fyrirskipað stjórn félagsins að nýta það fé eftir þessum reglum. Fari stjórn ekki eftir þeim fyrirmælum getur ráðherra húsnæðismála krafist að fjármunirnir verði settir inn á sérstakan reikning hjá Húsnæðisstofnun.

§ 29. Ráðherra húsnæðismála getur heimilað að húsnæðissamvinnufélagið taki lán með veði í eignum eldri deilda áður en ríkislán eða ríkisábyrgð er veitt vegna nýbygginga. Slík lán geta þó verið hærrí gagnvart einstökum deildum en sem nemur mismuninum á uppreiðri stöðu húsnæðislánanna og áætlaðs markaðsvirðis eignarinnar að frádregnu framlagi íbúanna.

§ 30. Bókhald og reikningsskil byggingarsamvinnufélaganna og deilda þess skulu fara eftir þeim reglum sem ráðherra húsnæðismála setur. Ráð-

herra húsnæðismála getur ákveðið að bókhaldsupplýsingum skuli skilað til Húsnæðisstofnunar með rafrænum hætti. Ráðherra húsnæðismála getur krafist að með ársreikningi fylgi endurskoðunarskýrsla löggiltra endurskoðenda.

Endurskoðun skal framkvæmd af viðurkenndum endurskoðanda. Athugasemdir endurskoðanda skulu færðar til bókar í sérstakri fundargerð.

Eintak af ársreikningi skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem fer yfir það með gagnrýnum hætti ásamt Húsnæðisstofnun.

Ráðherra húsnæðismála getur sett reglugerð um skráningu bókhaldsupplýsinga stofnananna.

Íbúðakaup, breytingar, skuldabréfaútgáfa og sala

§ 31. *Kaup af íbúðum getur einungis átt sér stað með samþykki sveitarstjórnar. Ef sveitarstjórn getur ekki samþykkt kaupin ber henni að tilkynna félagslegu húsnæðissamvinnufélagi það innan 6 vikna frá móttöku umsóknar. Veiti sveitarstjórn samþykki sitt ber henni að skrá viðkomandi íbúðir sem félagslegar fjölskylduíbúðir, félagslegar ungmennaíbúðir eða félagslegar öldrunaríbúðir.*

Félagsleg húsnæðissamvinnufélög geta ekki keypt íbúðir eða byggt íbúðir með endurkaupaskyldu.

§ 32. *Leita skal samþykkis sveitarstjórna fyrir sölu á íbúðum félagslegs húsnæðissamvinnufélags, sbr. þó 2. mgr.*

Ef um er að ræða sölu á blokk með félagslegum leiguíbúðum skal einnig leita samþykkis ráðherra húsnæðismála nema salan eigi sér stað innan sama húsnæðissamvinnufélags, til deildar í öðru félagslegu húsnæðissamvinnufélagi eða til félagslegrar sjálfseignarstofnunar.

Sala íbúða skal gerð á grundvelli verðmats, þar sem tekið er tillit til ástands eignarinnar og verðaðstæðna á afhendingardegi. Að öðru leyti skal við matið taka tillit til lögbundinna matsaðferða, sbr. þó 5. mgr.

Ef salan á sér stað til sveitarfélags skal íbúðin metin af dómkvöddum matsmönnum. Söluandvirði má að staðgreiðsluvirði ekki vera lægra en

samkvæmt verðmati matsmanna. Niðurstöðu matsmanna geta kaupandi og seljandi kært eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í skattalögum. Við sölu félagslegra fjölskylduíbúða yfir í félagslegar öldrunaríbúðir má þó fastsetja kaupverðið við lánsupphæðina. Þegar gefin vilyrði um stuðning yfirferast ásamt ríkisábyrgðum og ábyrgðum sveitarfélagsins.

Við sölu á eignum félagslegs húsnæðissamvinnufélags til annarrar deildar í sama húsnæðisfélagi, til annarra félagslegra húsnæðissamvinnufélaga eða félagslegra sjálfseignarstofnana má miða söluandvirði við áhvilandi lán. Þegar gefin vilyrði um stuðning yfirferast ásamt ríkisábyrgðum og ábyrgðum sveitarfélagsins. Ef til stendur að selja eign, sem byggð hefur verið með vilyrði um stuðning á grundvelli 105. gr., og ef tekið er tillit til verðmætis eignarinnar ber að miða kaupverð við ákvæði 3. mgr. Eigi sala sér stað vegna endurbygginga, sem ráðist var í á grundvelli sömu ákvæða og í 3. ml. og ef tekið er tillit til verðmætis eignarinnar í kaupverðinu, má miða kaupverðið við nýjasta almenna verðmat eignanna endurmetið á grundvelli 3. og 4. gr. laganna um verðmat fasteigna. Einnig gilda 1. og 2. ml. um framsal á félagslegum öldrunarheimilum sveitarfélaga til deilda húsnæðissamvinnufélaga eða félagslegra sjálfseignarstofnana, sbr. þó 6. mgr.

Við þinglýsingu skjala um framsal íbúða frá félagslegu húsnæðissamvinnufélagi skal fylgja samþykki skv. 1. mgr. og 2. mgr. Liggi samþykki ekki fyrir skal þinglýsingardómari í samræmi við gildandi reglur þinglýsingarlaga veita frest til að afla slíks samþykkis.

1.–3. mgr. og 7. mgr. gilda ekki um sölu á grundvelli kafla 5a.

§ 33. Leigusamningar leigjenda vegna íbúða í félagslega leigukerfinu, sem seldar hafa verið á grundvelli 32. gr. og falla ekki lengur undir lög um félagslega leigukerfið, skulu falla undir almennu leigulögin með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr.

Ef leiga verður ákvörðuð út frá þeim ákvæðum, sem gilda í leigulögum, og sú leiga, sem í gildi var á framsalsdegi, er lægri en sú leiga sem gæti verið ákvörðuð á grundvelli leigulaganna, helst gildandi leiga en hækkar framvegis á grundvelli breytinga á vísitölu neysluverðs sl. 12 mánuði m.v. júnímánuð á hverju ári. Leigan getur þó ekki orðið hærri en sú leiga sem gæti verið ákvörðuð á grundvelli leigulaganna. Eftir það skal breyting leigunnar fara eftir ákvæðum leigulaganna.

Ef leigan, sem gildir á framsalsdegi eignarinnar, er hærrí en sú leiga sem reikna má á grundvelli leigulaga skal leigan lækka og verða í samræmi við ákvæði leigulaganna að teknu tilliti til hækkunar á leigu vegna endurbóta.

Ef hluti leigunnar, sem í gildi er á framsalsdegi, er vegna afborgana af lánnum sem ekki voru tekin til að fjármagna upphafleg kaup eignarinnar af hálfu deildarinnar ber ekki að lækka leiguna þegar þessi lán hafa verið endurgreidd.

Innborgun leigjenda á grundvelli ákvæða laga um leigu félagslegs íbúðarhúsnæðis skal eftir framsal áfram vera inneign leigjenda á grundvelli leigulaga.

Fjárhæð, sem safnast hefur í viðhaldssjóð á grundvelli 54. gr. laganna vegna eigna sem framseldar hafa verið, skal greiða til kaupanda sem ber ábyrgð á því að skila þeim fjármunum til (fjárfestingasjóðs félagslegs leiguhúsnæðis) ef eignin fellur undir ákvæði um slíkan sjóð. Ráðherra húsnæðismála ákveður nánari reglur um þetta ákvæði.

Þær reglur, sem gilda um viðhald á framsalsdegi, og þær reglur, sem gilda um viðhald í leigusamningum eftir framsalið, gilda áfram eftir framsalið. Hafí leigutaki nýtt sér rétt sinn til endurbóta á íbúðinni skal endurgreiðsla eiga sér stað á grundvelli mats á verðmæti endurbótanna þegar leigjandi flytur úr íbúðinni.

§ 34. *Óheimilt er að ráðast í verulegar breytingar á eignum, sem tilheyra félagslegum húsnæðissamvinnufélögum, án samþykkis sveitarstjórna. Endurbætur geta þó átt sér stað án samþykkis sveitarstjórna. Sveitarstjórn getur samþykkt að íbúðir verði nýttar til annars en búsetu ef breytingin er talin nauðsynleg m.v. heildarmat á aðstæðum húsnæðisleitenda og m.t.t. bakgrunns breytinganna. Samþykki fyrir sameiningu íbúða má einungis veita ef íbúðin eftir sameiningu verður ekki stærri en 140 m². Samþykki fyrir sameiningu íbúða má einungis veita þegar sameiningin er liður í heildaráætlun sem ætlað er að tryggja framtíð íbúðahverfisins. Komi fram tillaga um verulegar breytingar á eignum félagslegs húsnæðissamvinnufélags á ársfundi deilda getur stjórn húsnæðissamvinnufélagsins aðeins greitt ákvæði um breytinguna eftir að samþykki sveitarstjórnar liggur fyrir.*

Við niðurrif eigna, sem tilheyra félagslegu húsnæðissamvinnufélagi, eiga

ákvæði 1. mgr. 33. gr. við. Falli eignin undir félagslega leigukerfið verður að leita samþykkis ráðherra húsnæðismála.

Sveitarstjórn ber að tilkynna framsal og breytingar á eignum, þ.m.t. niðurlagningu eigna, þar sem á hvíla ríkislán eða ríkisábyrgðir eða veitt hafa verið vilyrði um vaxtaniðurgreiðslu til Húsnæðisstofnunar.

Húsnæðisstofnun ákveður hvort forsendur fyrir stuðningi hafi breyst þannig að hann geti fallið niður að hluta eða öllu leyti eftirleidis, hvort lánið haldi gildi sínu eða hvort hreinn söluhagnaður gangi til lækkunar á ríkisláni, láni með ríkisábyrgð eða lána á fyrri veðréttum.

3. og 4. mgr. eiga ekki við ef sala á sér stað á grundvelli ákvæða 57. gr. og 58. gr. Ráðherra húsnæðismála getur veitt undanþágu frá því að hreinn söluhagnaður við sölu íbúða á grundvelli 32. gr. gangi til lækkunar höfuðstóls skulda sem aukaafborgun skv. 4. mgr., ef þær eru staðsettar í hverfum þar sem félagsleg húsnæðissamvinnufélög eru í vanda og fyrir liggur heildaráætlun um aðgerðir, en verði þess í stað ráðstafað í sérstak- an ráðstöfunarsjóð og nýttur til að fjármagna þær aðgerðir sem kveðið er á um í heildaráætlun fyrir það hverfi sem deildin er staðsett í.

§ 35. Útgáfa veðskuldabréfa, þ.m.t. endurfjármögnun eða breytingar á veðstöðu, með veði í eignum félagslegra húsnæðissamvinnufélaga getur einungis átt sér stað með samþykki sveitarstjórna. Undanþegið þessari skyldu eru veðskuldabréf Landssjóðs húsnæðiskerfisins ásamt veðskulda- bréfum sem gefin eru út vegna:

1. Kaupa á fasteignum.
2. Nýrra byggingarlána.
3. Endanlegrar veðröðunar vegna nýrra eigna.
4. Endurfjármögnunar lána á grundvelli 1. mgr. 134. gr. þar sem ráð- herra húsnæðismála veitir samþykki.

Við skráningu veðskuldabréfa í þinglýsingarbækur vegna fasteigna í eigu félagslegra húsnæðissamvinnufélaga verða að vera upplýsingar um það í skjalinu að veitt hefur verið samþykki á grundvelli 1. mgr. eða yfirlýsing um að það sé óþarfi, sbr. 1. mgr. 1.–4. ml. Liggi slíkt samþykki eða yfirlýs- ing ekki fyrir gefur þinglýsingardómari frest til þess að afla samþykkis eða yfirlýsingar. Ráðherra húsnæðismála í samráði við dómsmálaráðherra setur nánari reglur um form og innihald yfirlýsingarinnar.

Félagsleg húsnæðissamvinnufélög mega einungis taka lán til að fjármagna lóðakaup með það að markmiði að byggja fleiri íbúdir hafi þau fengið vilyrði um það hjá sveitarfélaginu eða öðrum tryggum aðila, t.d. banka eða tryggingarfélagi, þannig að kaupin geti ekki leitt til taps fyrir félagið og íbúa þess.

Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um þá þætti sem fjallað er um í 1. og 2. kafla.

Kaflí 2

Íbúalýðræði

§ 36. Á ársfundi eða fulltrúaráðsfundi skal kjósa alla stjórnarmenn eða meirihluta stjórnar félagsins. Að minnsta kosti helmingur stjórnarmanna skal vera íbúar í húsnæði á vegum húsnæðissamvinnufélagsins. Í félagslegum rekstrarfélögum skal þó minnst helmingur vera fulltrúar íbúa í aðildarsamtökum félagsins. Að öðru leyti skal kjósa fulltrúa í stjórn eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins.

Kjósa skal stjórn húsnæðissamvinnufélags til að hámarki 2ja ára. Endurval getur átt sér stað. Fjöldi stjórnarmanna skal vera oddatala. Hægt er at afturkalla umboð stjórnarmanna hvenær sem er af hálfu þess sem tilnefndi eða kaus viðkomandi.

§ 37. Íbúar í einni íbúadeild geta á deildarfundi kosið deildarstjórn til að fara með umboð íbúanna. Fjöldi í stjórn skal vera oddatala. Boða skala alla íbúa deildarinnar og stjórn húsnæðissamvinnufélagsins á deildarfundinn. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins getur heimilað öðrum að taka þátt í fundinum. Deildarfundur getur ákveðið að afturkalla umboð stjórnar að hluta eða öllu leyti fyrir lok kjörtímabils.

Deildarfundur getur ákveðið með meirihluta atkvæðisbærra fundarmanna að stjórn leigjenda- eða íbúafélags verði deildarstjórn ef meirihluti íbúanna á aðild að félaginu og ef félagið hefur einungis félagsmenn sem búa í deildinni. Seinni deildarfundur getur ákveða að kjósa á ný deildarstjórn eftir þeim reglum sem fram koma í 1. mgr. 1.–3. ml.

Ekki er heimilt að ákveða þóknun fyrir þátttöku í deildarstjórn.

Hafi ekki verið kosin deildarstjórn eða ef deildarstjórn hefur lagt niður

starfsemi sína sér stjórn húsnæðissamvinnufélagsins um verkefni deildarstjórnar.

Deildarfundur getur ákveðið að framselja umboð deildarstjórnar og deildarfundar á ýmsum sviðum til eins eða fleiri íbúahópa.

Nánari reglur um kosningu deildarstjórna og verkefni þeirra skulu ákveðnar í samþykktum.

§ 38. *Deildarstjórn skal staðfesta rekstraráætlun og ársreikning fyrir deildina.*

§ 39. *Deildarstjórn skal leggja rekstraráætlun fyrir deildarfund til samþykktar. Afgreiðsla skal gerð með atkvæðagreiðslu meðal íbúa deildarinnar, þegar gerð er krafa um það, af þeim fjölda atkvæðisbærra félagsmanna sem ákveðið er í samþykktum. Þessi fjöldi getur mest orðið 25% af þeim sem sitja fundinn. Deildarfundurinn ákveður hvort leggja skuli ársreikning fyrir deildarfundinn til samþykktar. Ef stjórn deildarfélags hefur ekki verið kosin skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins leggja rekstraráætlun og ársreikning fyrir deildarfund til samþykktar.*

Hækki eignaskattar, sem lagðir eru á eignina á fjárhagsárinu, má sleppa því að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun. Það sama á við ef lagðar eru nýjar eða hærri álögur vegna vatns, rafmagns, sorphirðu og þess háttar með gjaldskrám sem ákveðnar eða samþykktar af opinberum aðilum.

§ 40. *Deildarstjórn ákveður umfang framkvæmda og/eða aðgerða deildarinnar og leggur fyrir deildarfund til staðfestingar áður en þær hefjast, sbr. þó 45. gr.*

Deildarfundur getur ákveðið að setja í gang vinnu við forvarnir, sem líta að íbúðahverfinu eða einstökum íbúum, m.t.t. þess að efla félagslíf og félagsleg tengsl í hverfinu, svo framarlega sem deildarfundurinn ákveður samhliða hækkun á leigu til að standa undir slíkri vinnu.

Ef framkvæmd og/eða aðgerð leiðir til hækkunar á leigu, sem er meiri en 15% af gildandi ársleigu, verður að leita samþykkis með atkvæðagreiðslu meðal allra íbúa deildarinnar, komi fram krafa um slíkt af þeim fjölda atkvæðisbærra íbúa sem kveðið er á um í samþykktum. Ekki má ákveða

hærri fjölda í samþykktum en sem nemur 25% atkvæðisbærra íbúa.

Fáist ekki samþykkt fyrir framkvæmdum og/eða aðgerðum á deildarfundum eða hafni deildarfundur tillögu í atkvæðagreiðslu getur æðsta stjórn húsnæðissamvinnufélagsins án samþykkis deildarinnar ákveðið að hefja vinnu við

- 1) stærri viðhaldsverkefni,*
- 2) stærri orkusparnaðaraðgerðir,*
- 3) félagsleg verkefni í íbúahverfinu.*

Forsenda þess að æðsta stjórn geti tekið ákvörðun á grundvelli 4. mgr. er að viðkomandi framkvæmd og/eða aðgerð sé talin nauðsynleg til að gera íbúðirnar og fasteignina nútímalega og samkeppnishæfa gagnvart breiðum fjölda umsækjenda. Framkvæmd, sem felur í sér endurbætur á eldhúsi og baðherberjum, er ekki hægt að ákveða án samþykkis deildarfundar nema þessar framkvæmdir séu nauðsynlegar til að hægt sé að framkvæma stærri verkefni á edlilegan máta.

Ákvörðum æðstu stjórnar um að hefja framkvæmdir á grundvelli 4. mgr. ber að tilkynna til ráðuneytis húsnæðismála. Senda skal tilkynninguna til sveitarstjórnar sem sendir hana áfram til ráðuneytisins. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um eðli og umfang framkvæmdanna og/eða aðgerðanna og ástæðu þess að æðsta stjórn taldi nauðsynlegt að beita ákvæðum 4. mgr.

§ 41. *Ef fasteigninni, þar sem deildin er staðsett, er skipt í eignaríbúðir kemur stjórn húsnæðissamvinnufélagsins fram f.h. deildarinnar á ársfundi húsfélagsins.*

Stjórninni ber að fylgja eftir ákvörðunum deildarfundar sem varða reglur húsfélagsins um umgengi.

Fyrir ársfund húsfélagsins skal deildarstjórn staðfesta tillögu stjórnar húsnæðissamvinnufélagsins um að greiða atkvæði með eða gegn tillögum um eða breytingartillögum um

- 1) fjárhagsáætlun,*
- 2) ársreikning,*
- 3) tillögur, sem hafa áhrif á umfang sameiginlegs kostnaðar, og*

4) tillögur um að hefja framkvæmdir og/eða aðgerðir í fasteigninni.

Deildarfundur getur ákveðið að deildarstjórnin skuli leggja tillögur stjórnar húsnæðissamvinnufélagsins fyrir deildarfund til afgreiðslu. Afgreiðsla skal vera með atkvæðagreiðslu meðal íbúa deildarinnar ef krafa um slíkt kemur frá 25% atkvæðisbærra fundarmanna.

Ef sveitarstjórn tilkynnir ákvörðun á grundvelli 45. gr. getur stjórn húsnæðissamvinnufélags án samþykkis deildar sett í gang í húsfélaginu framkvæmdir sem taldar eru upp í 45. gr.. Ef æðsta stjórn húsnæðissamvinnufélags hefur tekið ákvörðun á grundvelli 4. mgr. 41. gr. getur stjórnin einnig án samþykkis deildarinnar ákvarðað að slíkar framkvæmdir og/eða aðgerðir verði hafnar í húsfélaginu.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ber að leggja hugsanlegan ágreining milli stjórnar og deildarstjórnar eða deildarfundar, sbr. 3. og 4. mgr., fyrir sveitarstjórn. Ákvörðun sveitarstjórnar er ekki hægt að áfrýja til annarra opinberra aðila.

§ 42. Deildarfundur getur ákveðið að hefja framkvæmdir við ákveðnar endurbætur á íbúðum eftir óskum leigjenda og endurbætur á íbúðum sem ekki eru í útleigu. Fjármagna má slíkar endurbætur með jafngreiðsluláni til allt að 30 ára. Deildarfundurinn ákveður nánari skilyrði fyrir heimild einstakra leigjenda til að endurbæta íbúð sína, þ.m.t. ákvörðun um hámarksfjárhæð kostnaðar við framkvæmdina. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins skal staðfesta ákvörðun deildarfundar.

Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins skal leggja hugsanlegan ágreining milli stjórnar og deildarfunda um ákvörðun deildarfundar eftir 1. mgr. fyrir sveitarstjórn sem tekur endanlega ákvörðun.

1. mgr. á ekki við um stærri heimilistæki.

§ 43. Deildarstjórn skal sjá til þess að rekstur deildarinnar sé í lagi. Upplýsa skal deildarstjórn um ráðningu og uppsögn stjórnenda á starfsmönnum félagsins. Deildarstjórn skal vera viðstödd úttekt á grundvelli 154 gr. og skal fá upplýsingar um þá skýrslu sem gerð verður um úttektina.

§ 44. Deildarfundur ákveður reglur um umgengni í deildinni. Ef deildin er hluti af húsfélagi, sem verður til við að innrétta ónýtt þak-

rými eða með byggingu viðbótarhæða, setur húsfélagið umgengnisreglur. Það sama á við ef deildin er hluti af húsfélagi sem verður til við sölu á íbúðum á grundvelli 6. kafla.

§ 45. Ef sveitarstjórn tilkynnir ákvörðun um að stjórn húsnæðissamvinnufélags án samþykkis deildarstjórnar og deildarfundar setji í gang framkvæmdir við viðhaldsverkefni eða endurbætur, sanngjarnar framkvæmdir við endurnýjun eða endurbætur, félagsrými í sameign, umfangsmiklar endurbætur og lagfæringu byggingargalla og framkvæmd breytinga á eigninni o.fl. eftir 1. mgr. 87. gr.

§ 46. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal leggja ágreining milli stjórnar og deildarstjórnar eða deildarfundar um rekstraráætlun og ársreikninga fyrir sveitarstjórn sem tekur endanlega ákvörðum.

§ 47. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um þá þætti sem fjallað er um í 36.–46. gr.

Kaflí 3.

Ákvörðun um leigu o.fl.

§ 48. Heildarleiga fyrir íbúðir deildar og herbergi ákvarðast með hliðsjón af 3. kafla laganna um félagslega leigu á þann hátt að leigan tryggi að deildin geti af tekjum sínum staðið undir þeim útgjöldum sem til falla við rekstur deildarinnar, þ.m.t. fyrirskipuðum framlögum og greiðslum í varasjóð.

Til heildarleigu, sem ákvörðuð var skv. 1. mgr., teljast ekki útgjöld sem nefnd eru í 4. mgr. 116. gr. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins getur lagt á leigjendur að endurgreiða útgjöld eftir 1. ml. með hitaveitureikningi.

Ákvörðun um upphæð leigunnar við gerð leigusamnings og breytingar leigunnar á leigutímabilinu vegna herbergja, sem aðeins eru nýtt til annars en búsetu, fer eftir reglum um atvinnuhúsnæði.

§ 49. Ef íbúar í deild taka sig saman um að hætta að greiða gjaldfallna leigu (íbúagreiðslu) eða aðrar gjaldfallnar greiðslur skv. leigusamningi skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins setja í gang viðeigandi aðgerðir sem teljast nauðsynlegar til að tryggja ábyrgan rekstur deildarinnar.

Ef vanskil leigjenda á gjaldfallinni leigu skv. 1. mgr. setur deildina í alvarlegan greiðsluvanda skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tilkynna þetta til ráðherra húsnæðismála og sveitarstjórnar og upplýsa um umfang vanskila hvers leigjanda fyrir sig. Með tilkynningu stjórnar skal fylgja ýtarleg greinargerð um fjárhagsvanda deildarinnar.

Ef ráðherra húsnæðismála telur að tilvik, sem nefnd eru í 1. mgr., feli í sér hættu á því að deildin geti ekki starfað í félagslega leigukerfinu eða að það geti leitt til fjárhagslegs taps hjá ríki eða sveitarfélagi, yfirtekur ríkið kröfu deildarinnar á einstaka leigjendum og greiðir deildinni fjárhæð sem samsvarar þeim vanskilum sem íbúarnir hafa safnað upp.

Vextir af þeim vanskilum, sem ríkið yfirtekur, skulu vera í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um dráttarvexti og reiknast frá þeim tíma þegar ríkið yfirtekur kröfurnar. Vanskilakostnaður fyrir ógreidda leigu, sem fellur til húsnæðissamvinnufélags eða deildar, skal vera kr. 1.000 fyrir hvern mánuð auk 2% af vanskilum umfram kr. 20.000.

Hafi vanskil íbúanna á húsaleigu skv. 1. mgr. leitt til meiri kostnaðar hjá húsnæðissamvinnufélaginu eða deildinni og sem ekki er hægt að mæta með þeim greiðslum sem fram koma í 4. mgr. greiða viðkomandi íbúar þennan kostnað.

Þær reglur, sem fram koma í 2.-5. mgr., gilda einnig um vanskil íbúa sem í félagslegri aðgerð nýta íbúðir án þess að fyrir liggi leigusamningur og neita að greiða leigu þrátt fyrir áskorun húsnæðissamvinnufélagsins um greiðslu samsvarandi húsaleigu og framlög.

§ 50. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um þau atriði sem fram koma í 48. og 49. gr., þar með talið um tegund og umfang þeirra útgjalda, sem taka má tillit til við ákvörðun leigunnar.

Kaflí 4

Útleiga, tilvísun o.fl.

§ 51. Lausar félagslegur leiguíbúðir skal húsnæðissamvinnufélag ráðstafa til íbúðarumsækjenda sem eru á biðlista og uppfylla skilgreinda þörf fyrir viðkomandi tegund félagslegra íbúða. Húsnæðissamvinnufélagið getur krafist skráningargjalds til að standa straum af kostnaði við biðlistann. Sveitarfélagið getur einnig vísað fjölskyldum á lausar íbúðir skv.

Þeim reglum sem fram koma í 52. gr. og af húsnæðissamvinnufélaginu á grundvelli reglna í 2.-7. mgr. Laus íbúð, sem fellur undir söluheimildir í 6. kafla, er ekki hægt að leigja út eftir að hún er auglýst til sölu.

Félagsleg húsnæðissamvinnufélög geta leigt félagslegar íbúðir til annarra hópa hafi ekki tekist að leigja viðkomandi íbúð út til þeirra sem eru á biðlista skv. 1. mgr.

Félagsleg húsnæðissamvinnufélög geta samið við sveitarfélög um að leigja félagslegar íbúðir sem tímabundin úrræði í tengslum við verulegar endurbætur í einstökum hverfum. Sveitarfélagið greiðir fyrir þessar íbúðir í samræmi við þá leigu sem er á þessum íbúðum. Við lok leigutímans skal íbúðunum skilað í sama ástandi og þær voru í við upphaf leigutímans.

Félagslegt húsnæðissamvinnufélag getur gert samninga við annað félagslegt húsnæðissamvinnufélag um tilvísun félagslegra íbúða til leigjenda sem hitt félagið er skyldugt til að leigja.

Tilvísun sveitarfélaga, reglur um staðfestingu o.fl.

§ 52. Félagssleg húsnæðissamvinnufélög skulu eftir ákvörðun sveitarfélagsins gera fjórðu hverja lausa íbúð aðgengilega fyrir sveitarfélagið til að leysa húsnæðisþörf skjólstæðinga félagsþjónustu sveitarfélagsins. Tilvísun í lausa íbúð verður á grundvelli mats á þörfum viðkomandi húsnæðisleitanda og íbúasamsetningu í viðkomandi deild sem vísa á viðkomandi íbúða til. Sveitarfélagið greiðir leiguna frá þeim tíma, sem íbúðin var sveitarfélaginu til ráðstöfunar, og þar til útleiga á sér stað. Sveitarfélagið ábyrgist enn fremur samningsskuldbindingar leigjandans um endurbætur á íbúðinni við lok leigutímans. Breyti sveitarfélagið ákvörðun sinni um að ráðstafa leigu á íbúð greiðir sveitarfélagið ekki leigu fram yfir þann tíma sem uppsögn hefði virkað.

§ 53. Sveitarstjórn getur ákveðið að allar tilvísanir í félagslegar íbúðir skuli staðfestar af sveitarfélaginu. Verði íbúða hafnað um leigu á grundvelli þess að fjölskyldutekjur standi ekki undir gildandi húsaleigu eða vegna félagslegra aðstæðna íbúans má kæra ákvörðunina til Húsnæðisstofnunar.

Kaflí 5

Víðhald og endurbætur ásamt íbúagreiðslu

§ 54. Deildum húsnæðissamvinnufélags ber að leggja viðeigandi fjármuni í varasjóð til að geta staðið undir nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum í framtíðinni. Óheimilt er að nota þessa fjármuni í öðrum tilgangi.

§ 55. Ef íbúagreiðsla nýs leigjanda er verulega hærri en íbúagreiðsla í sambærilegu nýju húsnæði getur húsnæðissamvinnufélagið lækkað íbúagreiðsluna. Fjármunir til að standa undir slíkri lækkun fást með því að deildin leggi fjármuni sérstaklega til hliðar vegna þessa eða að húsnæðissamvinnufélagið leggi fram fjármuni úr ráðstöfunarsjóði, sbr. 3. mgr. 26. gr.

Sveitarfélagið getur veitt ábyrgð fyrir láni sem nýtt verði til þess að lækka íbúagreiðsluna. Forsenda þessa er að íbúagreiðslan sé verulega hærri en íbúagreiðsla í sambærilegri íbúð í nýbyggingu. Lánið má veita með það að markmiði að lækka íbúagreiðsluna í 2% af endanlegu kaupverði íbúðarinnar.

Sveitarstjórn getur fyrir hönd ríkisins veitt vilýrði um vaxtaniðurgreiðslu á því láni sem veitt er á grundvelli 2. mgr. Greiðsla lántakanda af láninu hefst í fyrsta sinn 3 mánuðum eftir að lánið er tekið og nemur 3,75% á ári af höfuðstól lánsins. Upphæðin breytist árlega með 75% af hækkun neysluvöruvísitölu Hagstofu Íslands eða skv. launavísitölu á almennum vinnumarkaði ef hún hækkar minna. Breytingin skal fyrst gerð á fyrsta gjalddaga á öðru greiðsluári og í síðasta sinn í fyrstu greiðslu á 35. ári eftir að lánið var tekið. Forsenda fyrir vaxtaniðurgreiðslunni er að sveitarfélagið veiti ábyrgð fyrir öllu láninu.

Sveitarfélagið endurgreiðir ríkinu hluta vaxtaniðurgreiðslunnar skv. 3. mgr. Hversu mikinn hluta ákveður ráðherra húsnæðismála í tengslum við ákvörðun lána eftir 2. mgr. 107. gr.

§ 56. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um þá þætti sem falla undir 54. og 55. gr.

Kaflí 6

Sala félagslegra leiguíbúða sem eignaríbúða

§ 57. Ráðherra húsnæðismála getur samþykkt sölu á félagslegum fjölskylduíbúðum hafi sameiginleg umsókn borist frá sveitarfélagi og félagslegu húsnæðissamvinnufélagi. Sækja má um heimild til að selja íbúðirnar

til þeirra sem eru leigjendur og til að selja lausar íbúðir. Síðari breytingar á umfangi sölunnar þurfa samþykki ráðherra húsnæðismála.

Þegar sótt er um samþykki skv. 1. mgr. ber sveitarstjórn og húsnæðissamvinnufélagi að upplýsa hvaða deildir og íbúðir sé áformað að selja.

Sveitarstjórn og húsnæðissamvinnufélag geta ákveðið nánari skilyrði fyrir því hver megi kaupa íbúðir í hverfum sem búa við mikinn félagslegan vanda, sbr. 87. gr. Upplýsa ber ráðherra húsnæðismála um þessi skilyrði.

Sveitarstjórn og húsnæðissamvinnufélagi ber að auglýsa umfang sölunnar og þau skilyrði sem kveðið er á um í 3. mgr. liggi þau fyrir.

§ 58. *Ráðherra húsnæðismála getur samþykkt beiðni sveitarstjórnar um heimild til sölu á félagslegum leiguíbúðum sveitarfélagsins til leigjenda íbúðanna.*

Ráðherra húsnæðismála getur samþykkt beiðni félagslegs húsnæðissamvinnufélags um sölu á félagslegum leiguíbúðum deilda félagsins til leigjenda íbúðanna.

Skilyrði fyrir því að ráðherra húsnæðismála geti samþykkt beiðnir skv. 1. og 2. mgr. er að umsækjandi sýni fram á að ekki muni verða sölutap í tengslum við sölu.

Ákvæði 57. gr. eiga við eftir því sem við á.

§ 59. *Staðfesta skal á deildarfundum sölu íbúða skv. 57. og 58. gr., þ.m.t. þau skilyrði, sem sett verða við sölu íbúða í hverfum með félagslegan vanda, og ákvarðanir um rétt leigjenda til að fá lán skv. 1. mgr. 65. gr. Jafnframt skal staðfesta síðari breytingar á þeim skilyrðum sem sett hafa verið um sölu íbúða í hverfum í félagslegum vanda.*

Samþykki deildarfundar skv. 1. mgr. fyrir sölu íbúða eftir 57. og 58. gr. er ekki hægt að breyta síðar.

Við sölu íbúða skv. 58. gr. skal afgreiða samþykki deildarfundar með atkvæðagreiðslu þar sem a.m.k. 2/3 allra atkvæðisbærra íbúa í deildinni samþykkja sölu.

Stöðvun sölufærlis

§ 60. Húsnæðissamvinnufélagið getur tekið ákvörðun um að stöðva sölu ef ljóst er að sala íbúðar í deild leiði til verulegs sölutaps og ef líkur eru á að frekari sala innan fyrirsjáanlegrar framtíðar muni leiða til verulegs sölutaps. Ákvörðun skv. 1. mł. nær ekki til sölu, þar sem þegar hefur verið skrifað undir kaupsamning. Ákvörðun húsnæðissamvinnufélags um stöðvun sölufærlis þarf samþykki bæði sveitarstjórnar og ráðherra húsnæðismála.

Skilmálar og framkvæmd sölufærlisins

§ 61. Deild húsnæðissamvinnufélags getur fallið undir sölufærlid hafi meirihluti íbúðanna í deildinni verið félagslegar leiguíbúðir sl. 15 ár.

§ 62. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins skal án óþarfa tafa tryggja forsvaranlegan framgang sölufærlisins.

§ 63. Selja skal einstakar íbúðir á markaðsvirði eignaríbúða.

Við sölu til leigjenda ákvarðast markaðsvirði með mati fasteignasala. Ef fyrsta íbúðin, sem selst í deildinni, er seld til leigjanda, skal hún metin af tveimur fasteignasölum í sameiningu.

Sölumat á grundvelli 2. mgr. skal byggt á almennu markaðsvirði og miðast við staðgreiðsluverð. Við matið skal ekki tekið tillit til hugsanlegra lána skv. 65. gr.

§ 64. Heimild leigjanda til að kaupa félagslega leiguíbúð eftir þessum kafla hefst við upphaf leigutímans og fellur niður við uppsögn leigusamningsins eða lok leigutímans.

Gera skal upp fjárhagsleg samskipti húsnæðissamvinnufélagsins og leigjandans með góðum fyrirvara áður en gert er ráð fyrir að undirrita kaupsamning. Eftirstöðvar greiðist í síðasta lagi við afhendingu.

Vaxta- og afborgunarlaus lán

§ 65. Við sölu eigna eftir 57. gr. getur sveitarstjórn og félagslegt húsnæðissamvinnufélag ákveðið, að viðkomandi deild veiti vaxta- og afborgunar-

laus lán fyrir allt að 30% af markaðsvirðinu, sbr. 63. gr., til leigjenda í deildinni sem kaupa eigin íbúð eða lausa íbúð í deildinni.

Við sölu íbúða eftir 58. gr. tekur sveitarstjórn eða húsnæðissamvinnufélagið ákvörðun um lán skv. 1. mgr.

Ef fleiri leigjendur kaupa íbúð í sameign, eða ef leigjandi íbúðarinnar kaupir í sameign með þeim sem hann er í sambúð með geta kaupendur tekið lánið saman.

Þinglýsa skal láninu á fasteignina og skal veðið vera innan við 80% af kaupverði. Húsnæðissamvinnufélagið skal krefjast gjalds til að standa undir kostnaði félagsins í tengslum við umsýslu lánsins, þ.m.t. í tengslum við útgáfu veðleyfa.

Lánið fellur á gjalddaga þegar fyrrum leigjandi flytur nema maki eða sambýlismaður til a.m.k. 2ja ára, búi áfram í hinni keyptu eign.

Lánið fellur einnig á gjalddaga við eignarskipti að hluta eða öllu leyti. Fyrrum leigjandi getur þó yfirtekið eignarhlut sambýlismanns með því að yfirtaka tilsvarendi hlut í láninu. Maki eða sambýlismaður fyrrum leigjanda til a.m.k. 2ja ára getur yfirtekið eignarhlut fyrrum leigjanda með því að yfirtaka tilsvarendi hlut í láninu. Ef fyrrum leigjandi hefur keypt íbúðina í sameign með maka eða sambýlismanni til a.m.k. 2ja ára og ef fyrrum leigjandi framselur eignarhlut sinn í íbúðinni til annars einstaklings fellur einungis sá hluti lánsins, sem fyrrum leigjandi var ábyrgur fyrir, á gjalddaga.

Vextir á gjaldfelldu láni skulu vera í samræmi við dráttarvexti Seðlabanka Íslands.

Uppgjör og ráðstöfun söluhagnaðar o.fl.

§ 66. Félagsleg húsnæðissamvinnufélög skulu sem hluta af ársuppgjöri leggja fram yfirlit yfir tekjur og gjöld vegna sölu íbúða á rekstrarárinu. Árlegur söluhagnaður við sölu eigna telst vera samanlagt söluandvirði, sem ákveðið er skv. 63. gr. fyrir þær íbúðir sem seldar hafa verið á árinu, að frádragnum kostnaði, sem fram kemur í 2.-4. mgr. og 2. ml. 5. mgr., og að viðbættum þeim upphæðum sem fram koma í 3. mgr.

Frá samanlögðu söluandvirði dregst:

1. *endurgreiðsla íbúagreiðslu,*
2. *hlutfallsleg uppgreiðsla á lánum deildarinnar,*
3. *kostnaður sem fellur til við uppgreiðslu lána og endurútreiknings á stuðningi,*
4. *kostnaður við gerð eignaskiptasamnings,*
5. *kostnaður við sölumat,*
6. *greiðsla á hlut hinnar seldu eignar í uppsöfnuðum rekstrarhalla deildarinnar,*
7. *uppgjör á endurbótum leigjandans á hinni leigðu eign,*
8. *kostnaður við orkusparnaðaraðgerðir í viðkomandi eign,*
9. *kostnaður við gerð kaupsamnings,*
10. *umsýslukostnaður húsnæðissamvinnufélagsins við sölufarlið,*
11. *leigutap sem svarar til að hámarki 12 mánaða leigu í tengslum við sölu lausra íbúða,*
12. *afborganir lána frá afhendingardegi til uppgreiðsludags af þeim hluta lánanna sem greidd verða upp,*
13. *endurgreiðsla styrkja sem greiddir hafa verið frá afhendingardegi til uppgreiðsludags,*
14. *hugsanleg framlög til sjóðsins vegna byggingaskemmda, sem eigendur þeirra íbúða, sem seldar eru skv. þessum kafla, eru skyldugir til að greiða,*
15. *kostnaður vegna vaxta- og afborgunarlausra lána til leigjenda sem keypt hafa íbúðir eftir þessum kafla,*
16. *kostnaður við gerð ástandsskýrslu og við upplýsingagjöf um eignaskiptatryggingar,*
17. *upphæð bóta og hlutfallslegur afsláttur vegna skemmda og vanefnda vegna fyrri sölu íbúða og*
18. *annar kostnaður í tengslum við söluna, þ.m.t. kostnaður deildarinnar vegna brúarfjármögnunar o.fl.*

Við samanlagt söluandvirði skal bæta

1. *bótum leigjenda vegna endurbóta,*
2. *þeim hluta af varasjóði deildarinnar á afhendingardegi sem ætlaður er til endurnýjunar og endurbóta sem svarar til hluta íbúðarinnar í deildinni,*
3. *þeim hluta af varasjóði deildarinnar vegna innanhússviðhalds sem svarar til hluta íbúðarinnar í deildinni,*

4. tekjum í tengslum við sölu, þ.m.t. ávöxtun söluandvirðis og
5. tekjum af endurgreiðslu af áður veittum vaxta- og afborgunarlausum lánnum.

Af söluandvirðinu greiðist 130.000 kr. fyrir hverja selda íbúð til þess húsfélags sem hin selda íbúð er hluti af. Upphæðinni skal breyta í samræmi við ársbreytingu vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2014 að telja.

Ef samtala þeirra kostnaðarliða, sem taldir eru upp í 2. og 4. mgr., eru hærri en söluandvirðið, að viðbættum fjárhæðum skv. 3. mgr., við sölu eigna skv. 57. gr. skal sölutapið fjármagnað með láni. Við seinni sölur íbúða viðkomandi deilda endurgreiðist lánið með vöxtum og hreinn söluhagnaður skv. 1. mgr. minnkar samsvarandi. Hafí deildinni ekki tekist að innleysa lánið auk vaxta þegar allar íbúðir, sem til stóð að selja, hafa verið seldar og þegar þau lán, sem veitt voru á grundvelli 65. gr., hafa verið endurgreidd mun húsnæðissamvinnufélagið taka á sig tapið.

Ef samtala þeirra kostnaðarliða, sem taldir eru upp í 2. og 4. mgr., eru hærri en söluandvirði, að viðbættum greiðslum skv. 3. mgr., við sölu eigna skv. 1. mgr. 58. gr., skal sölutapið fjármagnað með láni frá Landssjóði Húsnæðisstofnunar. Við seinni sölur íbúða viðkomandi deilda endurgreiðist lánið auk vaxta og hreinn söluhagnaður skv. 1. mgr. minnkar samsvarandi. Hafí deildinni ekki tekist að innleysa lánið auk vaxta þegar allar íbúðir, sem til stóð að selja, hafa verið seldar og þegar þau lán, sem veitt voru á grundvelli 65. gr., hafa verið endurgreidd, tekur Landssjóður Húsnæðisstofnunar á sig tapið með fjármunum úr nýbyggingarsjóði.

§ 67. Hreinn söluhagnaður skv. 66. gr. greiðist til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar, sbr. þó 2. mgr.

Við sölu eigna í félagslegum húsnæðissamvinnufélögum, sem eru í vanda, getur Landssjóður Húsnæðisstofnunar samþykkt umsóknir um að hreinn söluhagnaður verði að hluta eða öllu leyti lagður í varasjóð húsnæðissamvinnufélagsins og verði nýttur til að fjármagna framkvæmdir og/eða aðgerðir í deildum félagsins sem falla undir heildaráætlun sveitarfélagsins fyrir það hverfi sem deildin, sem stóð fyrir sölu eigna, er staðsett í.

Landssjóður Húsnæðisstofnunar getur veitt samþykki sitt fyrir ráðstöfun söluhagnaðar skv. 2. mgr. áður en sótt verður um leyfi ráðherra húsnæðis-

mála fyrir sölunni. Sjóðurinn skal upplýsa ráðherra húsnæðismála um ákvörðun sína.

§ 68. Félagsleg húsnæðissamvinnufélög skulu tilkynna um sölu íbúða eftir þessum kafla til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar og Tryggingasjóðs húsnæðisskemmda.

§ 69. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um umsókn og staðfestingu á sölu íbúða skv. þessum kafla, þ.m.t. um skilyrði fyrir sölu lausra íbúða, framgang sölufertisins og uppgjör hreins söluhagnaðar. Ráðherrann getur einnig sett reglur um innlausn lána deildarinnar, bókhald og endurskoðun vegna sölu skv. þessum kafla.

Kaflí 7

Landssjóður Húsnæðisstofnunar

Skipulag o.fl.

§ 70. Landssjóður Húsnæðisstofnunar er sjálfseignarstofnun og hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærni félagslega húsnæðisleigukerfisins.

Í stjórn sjóðsins sitja 9 menn. Formaður og 4 aðrir fulltrúar eru skipaðir af Landssamtökum félagslegra húsnæðissamvinnufélaga. Landssamtök leigjenda skipa tvo fulltrúa sem báðir þurfa að vera leigjendur í félagslegu leiguhúsnæði, Samtök sveitarfélaga skipa einn fulltrúa og Reykjavík einn fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir eftir sömu reglum. Stjórn er skipuð til 4ra ára. Endurskipun getur átt sér stað.

Stjórn ákveður nánari reglur um daglega stjórn sjóðsins og setur verklagsreglur um starfsemi hans. Almennar reglur og leiðbeiningar um innborganir og lántakendur skulu staðfestar af stjórn.

§ 71. Samþykktir sjóðsins skulu lagðar fyrir ráðherra húsnæðismála til staðfestingar. Þær skulu innihalda ákvæði sem tryggja ábyrga starfsemi sjóðsins m.t.t. þess að uppfylla markmið sjóðsins.

Leggja skal endurskoðaðan ársreikning í síðasta lagi 4 mánuðum eftir lok reikningsárs, undirritaðan af stjórn, fyrir ráðherra húsnæðismála með skýrslu stjórnar um síðastliðið starfsár. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um form og innihald ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Bókhald sjóðsins skal endurskoðað af löggiltum endurskoðanda sem skipaður er af ráðherra húsnæðismála eftir tillögu stjórnar. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um framkvæmd endurskoðunar.

Sjóðurinn skal að beiðni ráðherra upplýsa um starfsemi sjóðsins, þ.m.t. um mat stjórnar á umfangi lánastarfsemi í framtíðinni.

Tekjur sjóðsins

§ 72. Tekur sjóðsins eru innborganir félagslegra húsnæðissamvinnufélaga, sjálfseignarstofnana og sveitarfélaga í samræmi við 73. og 74. gr.

Sjóðurinn getur, með samþykki ráðherra húsnæðismála, tekið lán frá ríkissjóði til að standa undir útgjöldum sjóðsins skv. 95. gr.

Pegar tekjur sjóðsins duga ekki til að standa undir útgjöldum sjóðsins skv. 1. mgr. 87. gr. getur sjóðurinn með samþykki ráðherra húsnæðismála tekið lán úr ríkissjóði til að jafna mismuninn. Lán sjóðsins skal endurgreiða eins hratt og hægt er. Útgjöld ríkisins vegna lánsins greiðir sjóðurinn.

Hugsanlegum tekjum sjóðsins, þ.m.t. vaxtatekjum, skal að öðru leyti ráðstafa í samræmi við markmið sjóðsins.

Útgjöld vegna starfsemi sjóðsins greiðast af tekjum sjóðsins.

Sjóðurinn getur ákveðið að lántakendur greiði kostnað við umsýslu lánsins og framlag í varasjóð á lánstímanum skv. reglum sem stjórn sjóðsins ákveður. Senda skal eintak af reglunum til ráðherra húsnæðismála sem getur krafist breytinga á þeim.

§ 73. Greiða ber 2/3 þeirra fjármuna, sem lagðir eru í varasjóð skv. 7. ml. 1. mgr. 26. gr., til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar.

Fjármuni, sem lagðir eru í varasjóð skv. 6. ml. 1. mgr. 26. gr., ber að greiða til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar.

§ 74. Félagslegum húsnæðissamvinnufélögum ber að greiða 2/3 hluta þeirra fjármuna, sem lagðir eru í varasjóð skv. 4. tl. 1. mgr. 26. gr., til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar.

§ 75. Félagslegum húsnæðissamvinnufélögum ber að greiða þá fjármuni, sem fara í varasjóð skv. 8. ml. 1. mgr. 26. gr., til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar.

§ 76. Félagsleg húsnæðissamvinnufélög greiða hreinan söluhagnað við sölu eigna skv. 66. gr. til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar.

§ 77. Hafi sjóðurinn fjármuni, sem ekki er hægt að nota innan ramma markmiðssetningar laganna, getur stjórn sjóðsins, með samþykki ráðherra húsnæðismála, sett nánari reglur um notkun þessara fjármuna.

Fjárstýring

§ 78. Sjóðurinn getur gefið út staðfestingu fyrir greiðslum sem hann tekur við á grundvelli 73., 74. og 75. gr. Félagsleg húsnæðissamvinnufélög geta þó á engan máta ráðið yfir þeim greiðslum sem inntar hafa verið af hendi og þær geta heldur ekki verið aðfararhæfar eða grundvöllur veðsetninga.

Innistæða húsnæðissamvinnufélags lækkar um þær fjárhæðir sem lagðar eru í varasjóð Landssjóðs Húsnæðisstofnunar, sbr. 81. gr.

Verði húsnæðissamvinnufélag gjaldþrota geta kröfuhafar búsins krafist endurgreiðslna á innistæðum skv. 2. mgr., svo framarlega sem ekki sé hægt að standa skil á kröfum kröfuhafanna með öðrum hætti. Það sama á við um innistæður sem til verða fram til endanlegra slita þrotabúsins.

§ 79. Innborganir ávaxtast að lágmarki með vöxtum sem hægt er að fá við innlán í banka- og sparisjóði.

§ 80. Verði tap á rekstri sjóðsins, sem ekki er hægt að fjármagna með eiginfé sjóðsins, skal það fjármagnað með afskrift innistæðna.

§ 81. Húsnæðissamvinnufélag hefur forgang að styrkjum upp að 75% af þeim fjármunum sem félagið hefur greitt til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar. Stjórn Landssjóðs Húsnæðisstofnunar ákveður árlega hversu stórt hlutfall forgangsrétturinn skal vera innan þess hámarks sem kveðið er á um í viðaukanum.

Leita skal staðfestingar ráðherra húsnæðismála áður en breytingar eru gerðar á því hlutfalli sem kveðið er á um í 1. mgr.

§ 82. Landssjóður Húsnaðisstofnunar ábyrgist, eftir reglum sem stjórn sjóðsins hefur fengið staðfestar af ráðherra húsnaðismála, tap á fjármunum frá deildum sem deildirnar hafa samið um að ávaxta. Ef á þarf að halda má nota fjármuni varasjóðs Landssjóðs Húsnaðisstofnunar.

Kaflí 8

Rekstrarstyrkir

Styrkur frá Landssjóði Húsnaðisstofnunar

§ 83. Helmingur þeirra fjármuna, sem greiddir eru til Landssjóðs Húsnaðisstofnunar á grundvelli 1. mgr. 73. gr. skulu lagðir í varasjóð Landssjóðs.

Peir fjármunir, sem greiddir eru til Landssjóðs Húsnaðisstofnunar á grundvelli 74. gr., skulu lagðir í varasjóð Landssjóðs.

Peir fjármunir, sem Alþingi samþykkir að leggja til Landssjóðs Húsnaðisstofnunar skulu lagðir í varasjóð Landssjóðs.

Varasjóður Landssjóðs Húsnaðisstofnunar ávaxtast með vöxtum sem svara til stýrivaxta Seðlabanka Íslands.

§ 84. Helmingur þeirra fjármuna, sem greiddir eru til Landssjóðs Húsnaðisstofnunar á grundvelli 1. mgr. 73. gr., skulu lagðir í nýbyggingarsjóð Landssjóðs.

Peir fjármunir, sem greiddir eru til Landssjóðs Húsnaðisstofnunar á grundvelli 2. mgr. 73. gr., skulu lagðir í nýbyggingarsjóð Landssjóðs.

Peir fjármunir, sem Alþingi ákveður að leggja í Landssjóðs Húsnaðisstofnunar hverju sinni, skulu lagðir í nýbyggingarsjóð Landssjóðs.

§ 85. Markmið nýbyggingarsjóðs er að veita vaxtastyrki vegna kaupa eða nýbyggingar á félagslegum leiguíbúðum eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni. Ráðherra húsnaðismála getur ákveðið að færa fjármuni nýbyggingarsjóðs í ríkissjóð.

§ 86. Landssjóður Húsnaðisstofnunar getur veitt styrki af þeim fjármunum sem fram koma í 81. gr., til byggingar, endurbýggingar eða viðbyggingar, endurbóta, umhverfisbóta, sérstaklega kostnaðarsamra framkvæmda,

brunaöryggismála, endurskipulagningar hverfa eða endurbóta á félagslegum íbúðum og fasteignum með félagslegt og menningarlegt markmið í tengslum við byggingar félagslegra húsnæðissamvinnufélaga. Styrkurinn getur hæst orðið 2/3 hluti af eðlilegum tilkostnaði við framkvæmdina.

§ 87. Landssjóður Húsnæðisstofnunar getur, af þeim fjármunum sem hann hefur til ráðstöfunar skv. 83. gr., gert samninga um vaxtaniðurgreiðslu á lánum til að fjármagna kaup eða byggingu, viðhald og endurbætur, endurbyggingu, sameiningu íbúða og umhverfisendurbætur af félagslegum íbúðum húsnæðissamvinnufélaga, þar sem heildarfjárfestingin er 22,1 milljarður króna á ári á árunum 2015–2020, m.v. verðlag 1. janúar 2015. Heimilt er að færa ónýttar heimildir hvers árs til næsta árs. Af því fjárfestingarsvigrúmi, sem fram kemur í 1. ml., skal a.m.k. 5% vera íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga. Tekið skal fram í yfirlýsingu sjóðsins um stuðning að sjóðurinn geti frestað upphafi framkvæmda með það að markmiði að takmarka heildarumsvið á bygginga- og verktakamarkaði.

Framkvæmdir skv. 1. mgr. á eldri íbúðum skulu að mestu leyti fjármagnadar með hækkun á leigu. Það er forsenda fyrir stuðningi skv. 1. mgr. að húsnæðissamvinnufélögin með samningi við Landssjóð Húsnæðisstofnunar fjármagni framkvæmdir með eiginfé húsnæðisstofnananna, sbr. 25. og 26. gr., eða með inneign húsnæðissamvinnufélagsins skv. 81. gr., að því leyti sem það er fjárhagslega forsvaranlegt. Landssjóður Húsnæðisstofnunar getur jafnframt krafist að húsnæðissamvinnufélagið endurgreiði vaxtaniðurgreiðsluna að hluta eða öllu leyti með fjármunum úr varasjóði húsnæðissamvinnufélagsins. Endurgreiðsla úr varasjóði húsnæðissamvinnufélaga dregst hlutfallslega frá við útreikning á því hversu mikið Landssjóður hefur nýtt sér fjárfestingarsvigrúmið skv. 1. ml.

Endurgreiðsla lántakenda á lánum, sem fram koma í 1. mgr., ákvarðast af Landssjóði og reiknast fyrst 3 mánuðum eftir að lánið er tekið sem að minnsta kosti 3,4% á ári af höfuðstól lánsins. Upphæðin leiðréttist árlega með því sem nemur 75% af hækkun vísitölu neysluverðs eða með vísitölu reglulegra launa á almennum vinnumarkaði ef hún hefur hækkað minna. Leiðréttingin skal fyrst gerð á fyrsta gjalddaga við upphaf annars endurgreiðsluárs og árlega eftir það þar til lánið hefur verið endurgreitt. Ákvæði 4.–7. ml., 1. mgr. og 2. mgr. 116 gr., 1. og 2. mgr. 118 gr. og 122. gr. eiga við.

Ráðherra húsnæðismála ákveður með samkomulagi við stjórn Lands-

sjóðs Húsnaðisstofnunar nánari reglur um lán skv. 1. mgr. Lánin geta að hámarki verið til 40 ára og skulu byggja á húsnaðisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum og sértryggðum húsnaðisskuldabréfum.

Það er forsenda fyrir stuðningi skv. 1. mgr., að sveitarstjórn veiti ábyrgð fyrir lánunum. Ábyrgðin miðast við þær reglur sem fram koma í 2.–4. ml. 114. gr.

Það er forsenda fyrir ábyrgð sveitarstjórnar skv. 5. mgr. að Landssjóður Húsnaðisstofnunar ábyrgist að bæta sveitarfélaginu helminginn af því tapi, sem ábyrgð sveitarfélagsins kann að fela í sér. Ábyrgð Landssjóðs skv. 1. ml. takmarkast þó við innistæður í varasjóði Landssjóðs.

Landssjóður skal reglulega upplýsa ráðherra húsnaðismála um umfang og svæðisbundna skiptingu þeirra vilyrða sem veitt hafa verið skv. 1. mgr. Landssjóður skal jafnframt leggja fram árlega skýrslu um áætlaða notkun fjárfestingarheimilda sem og þegar nýttar heimildir. Skýrsluna ber að senda til ráðherra húsnaðismála.

§ 88. *Landssjóður Húsnaðisstofnunar getur nýtt þá fjármuni, sem lagðir eru í varasjóð Landssjóðs, til að styðja – með láni eða rekstrarstyrk – við félagslegar íbúadeildir sem eru í það miklum fjárhagsvanda að þær geta ekki staðið við skuldbindingar sínar um áframhaldandi rekstur. Stuðningurinn getur verið til að fjármagna nauðsynlegar endurbætur, viðhald eða umhverfisendurbætur eða annað, þar með talið uppsafnaðan rekstrarhalla.*

Styrkur skv. 1. mgr. getur ekki verið hærri en sem nemur 60% af heildar-fjárförfinni.

§ 89. *Landssjóður getur jafnframt nýtt fjármuni sína á eftirfarandi máta:*

1) Lán eða styrkir vegna þeirra markmiða sem fram koma í 86., 87. og 88. gr., kaupa á byggingarlóðum fyrir síðari félagslegar íbúðaframkvæmdir, greiðsla hönnunarkostnaðar og kaup á fasteignum til að standa fyrir endurskipulagningu hverfa eða endurbóta á íbúðum.

2) Styrkir til rannsókna og þekkingarmiðlunar í samræmi við markmið sjóðsins.

3) Fjármögnun rannsókna á starfsemi félagslegra húsnæðissamvinnufélaga og birting niðurstaðna slíkra rannsókna.

4) Fjármögnun á gerð og rekstri sérstakrar vefsíðu til að skrá biðlista og miðla lausum íbúðum.

§ 90. Stjórn Landssjóðs Húsnæðisstofnunar setur nánari reglur um umfang og skilmála vegna stuðnings sjóðsins. Reglurnar skulu staðfestar af ráðherra húsnæðismála.

§ 91. Landssjóður getur skilyrt stuðning sinn skv. 88. gr. við að sveitarstjórn eða húsnæðissamvinnufélag, þ.m.t. hugsanlegt rekstrarsamvinnufélag, taki þátt í lausn á fjárhagsvanda deildarinnar. Sjóðurinn getur krafist þess að húsnæðissamvinnufélagið nýti innistæður sínar skv. 81. gr.

Landssjóður getur skilyrt stuðning sinn vegna 88. gr. við að sótt verði um heimild ráðherra húsnæðismála til sölu viðkomandi íbúða skv. 6. kafla..

Ábyrgð og rekstrarstyrkur sveitarfélags

§ 92. Sveitarstjórn er heimilt að veita lán til félagslegra íbúðadeilda í sveitarfélaginu skv. þeim markmiðum sem fram koma í 1. mgr. 88. gr. ef talið er að stuðningur sveitarfélagsins sé nauðsynlegur til að tryggja áframhaldandi starfsemi deildarinnar. Sveitarstjórn ákveður skilmála lánsins, þ.m.t. hvort greiðsla vaxta og afborgana eigi fyrst að hefjast á ákveðnum tíma eða við ákveðnar aðstæður. Sveitarstjórn getur frestað ákvörðun um vexti og afborganir þar til síðar.

Lánið getur annað hvort verið til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar, sem veitir því áfram til deildarinnar, eða beint til deildarinnar.

Lán sveitarfélagsins til Landssjóðs ber að endurgreiða áður en lán Landssjóðs.

Sveitarstjórn er heimilt að skilyrða stuðning sinn við, að Landssjóður, húsnæðissamvinnufélag og hugsanlegt rekstrarsamvinnufélag taki þátt í lausn fjárhagsvanda viðkomandi deildar, þ.m.t. að húsnæðissamvinnufélagið nýti innistæður sínar skv. 81. gr.

§ 93. Sveitarstjórn getur veitt styrk til greiðslu kostnaðar aðgerða, sem

nefndar eru í 2. mgr. 40. gr., til deilda skv. 88. gr. Það er forsenda fyrir stuðningi sveitarfélagsins að Landssjóður og húsnæðissamvinnufélagið taki þátt í greiðslu kostnaðarins.

§ 94. Sveitarstjórnir geta veitt ábyrgðir fyrir láni vegna sérstakra viðhaldsverkefna, sbr. 3. ml., 4. mgr. 118. gr., sem er með að hámarki 30 ára endurgreiðslutíma. Ábyrgðin ákvarðast eftir reglum skv. 2.-4. ml. 114. gr.

§ 95. Æðsta stjórn húsnæðissamvinnufélags getur gert samkomulag við sveitarstjórnir um innlaun fasteigna sem bundnar eru endurkauparétti sveitarfélagsins. Ekki er hægt að innleysa félagsmálastofnanir o.þ.h. sem fjallað er um í 12. kafla og staðsettar eru í fasteign sem er í eigu deildar húsnæðissamvinnufélags.

Við gerð samninga um innlaun skv. 1. mgr. getur sveitarstjórn ákveðið innlausnarvirði, sem er lægra en markaðsvirði, eða sleppt því að krefjast greiðslu fyrir að falla frá endurkauparétti sínum.

Við innlaun skv. 1. mgr. skal húsnæðissamvinnufélagið eftir samkomulagi við Landssjóð fjármagna innlausnina með eiginfé að því leyti sem það er fjárhagslega forsvaranlegt.

Deildin getur tekið lán, sbr. 2. mgr. 107. gr., með að hámarki 40 ára lánstíma til að fjármagna þann hluta innlausnarinnar sem ekki er fjármagnaður skv. 3. mgr. Ákvæði 4. mgr. 87. gr. eiga tilsvarendi við. Sveitarstjórn getur ábyrgst lánin. Ábyrgðin reiknast á grundvelli 2.-4. ml. 114. gr.

Landssjóður getur að beiðni húsnæðissamvinnufélagsins um notkun þeirra fjármuna, sem yfirfærðir hafa verið til Landssjóðs, veitt stuðning í formi vaxtaniðurgreiðslu til þess láns sem fram kemur í 4. mgr. með það að markmiði að takmarka hækkun húsaleigunnar vegna lántökunnar. Landssjóður getur einnig veitt rekstrarstyrk í skemmri tíma til að tryggja hæga aðlögun að þeirri hækkun sem verður á leigunni vegna lántökunnar að frádreginni vaxtaniðurgreiðslunni skv. 1. ml. Að auki getur sjóðurinn veitt sérstakt rekstrarframlag til húsnæðissamvinnufélags með deild, þar sem fyrirsjáanlegt er að hækkun leigunnar vegna innlausnarinnar muni leiða til mikilla fjárhagserfiðleika sem ógna framtíðartilvist deildarinnar. Sjóðurinn getur skilyrt stuðning sinn við að sveitarstjórn og húsnæðissamvinnufélag, þ.m.t. rekstrarfélag húsnæðissamvinnufélaga, taki þátt

í fjárhagsaðgerðinni. Vaxtaniðurgreiðsla, rekstrarstyrkur og sérstakur rekstrarstyrkur skal veitt sem lán til húsnæðissamvinnufélagsins sem endurgreiðist eftir því sem húsnæðissamvinnufélagið hefur getu til af sínu eigin fé.

Stjórn Landssjóðs Húsnæðisstofnunar setur nánari reglur um umfang og skilmála fyrir vaxtaniðurgreiðslu, rekstrarstyrk og sérstöðum rekstrarstyrk sem staðfestar verða af ráðherra húsnæðismála.

Ríkið getur veitt Landssjóði lán til að greiða kostnað sjóðsins skv. 5. mgr. Lánið skal endurgreiðast skv. reglum sem ráðherra húsnæðismála setur og eru í takt við getu sjóðsins.

Kaflí 9

Almenn ákvæði um nýbyggingar o.fl.

§ 96. Með það að markmiði að haga byggingarstarfsemi með skynsamlegum hætti m.t.t. umfangs bygginga- og verktakastarfseminnar í samfélaginu og hagkerfisins í heild, þar með talin byggingarþörf og afkastageta, getur ráðherra húsnæðismála ákveðið að stýra umfangi framkvæmda, þar með talið að ákveða tímasetningu upphafs framkvæmda og framkvæmdahraða.

§ 97. Úthlutun sveitarstjórna á stuðningi til félagslegra leiguíbúða verður að eiga sér stað á grundvelli heildarmats á stöðu húsnæðismarkaðarins í sveitarfélaginu og á þörfinni fyrir félagslegar íbúðir.

Sveitarstjórn skal árlega leggja fram uppgjör varðandi fjölda lausra félagslegra leiguíbúða sem njóta opinbers stuðnings og leiða til leigutaps. Sveitarstjórn skal leggja mat á ástæður þess að íbúðir standa auðar og leggja fram áætlun um að fækka slíkum íbúðum.

§ 98. Vilyrði fyrir stuðningi má einungis veita hafi þær framkvæmdir eða kaup, sem vilyrðið varðar, ekki þegar hafist.

§ 99. Til að standa undir tilkostnaði ríkisins við umsýslu skulu þeir sem fá stuðning vegna félagslegra leiguíbúða og þjónustusvæða greiða gjald sem nemur 2 prómillum af viðurkenndum framkvæmdakostnaði án gjalda. Til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins vegna umsýslu með styrkbeiðnum getur sveitarfélagið innheimt gjald af þeim sem fá stuðning.

Gerð og innrétting íbúðanna o.fl.

§ 100. *Íbúðirnar skulu útbúnar og innréttadar þannig að þær uppfylli með ásætlanlegum hætti þarfir íbúanna fyrir viðkomandi tegund íbúðar. Íbúðirnar mega ekki hafa yfirbragð munadar. Framkvæmdaraðili skal gera kröfu til annarra framkvæmdaraðila um hönnun, gæðakröfur við byggingarframkvæmdir, rekstur húseignarinnar, um notkun upplýsinga- og margmiðlunar og um efnahagslegar forsendur.*

§ 101. *Heildarstærð fjölskylduíbúða má ekki vera meiri en 115 m², sbr. þó 5. mgr. Hluta íbúðaflatarins má innrétta sem sameiginleg svæði fyrir fleiri íbúdir.*

Í félagslegum íbúðum, sem byggðar eru sem lágreist eign á einni hæð með heildarstærð upp á 85 m² eða meira, skal vera a.m.k. eitt baðherberi með frjálsum hreyfanleika upp á a.m.k. 1,5 m í þvermál.

Hver fjölskylduíbúð skal vera búin sjálfstæðu salerni og eldhúsi með viðunandi vatnslögn og niðurfalli.

Sveitarstjórn getur heimilað að félagslegar fjölskylduíbúðir verði byggðar stærri en 115 m² með það að markmiði að leigja þær fjölskyldum sem eru stærri en 4 meðlimir, þar sem a.m.k. einn er verulega fatlaður.

Sveitarstjórn ábyrgist leigutap vegna vandkvæða við útleigu íbúða sem byggðar eru skv. 5. mgr.

Sveitarstjórn getur við samþykki sitt um byggingu á íbúð skv. 5. mgr. áskilið sér rétt til að vísa íbúa í íbúðina. Reglur um ábyrgð sveitarfélagsins um greiðslu á leigu og kostnaði við endurbætur og skv. 52. gr. eiga jafnframt við.

Tryggingar og verðmat

§ 102. *Fasteignina verður að brunatryggja hjá viðurkenndu tryggingafélagi.*

§ 103. *Verðmæti fasteignarinnar ákvarðast á grundvelli mats á samtölu kaupverðsins að frádregnum lántökugjöldum lánastofnana. Ráðherra húsnæðismála setur nánari reglur um verðmat.*

§ 104. Ráðherra húsnæðismála setur nánari reglur um ákvæði 96. og 97. gr. ásamt 100. og 101. gr.

Kaflí 10

Fjármögnun nýbygginga og kaupá á eldri íbúðum

Veiting vilýrða fyrir stuðningi

§ 105. Sveitarstjórn í því sveitarfélagi, þar sem ætlunin er að setja á laggirnar félagslegar leiguíbúðir, getur fyrir hönd ríkisins veitt vilýrði fyrir vaxtaniðurgreiðslu til félagslegs byggingarsamvinnufélags til þess að setja á laggirnar félagslegar leiguíbúðir með:

1) nýbyggingum,

2) viðbyggingu við fasteign starfandi deildar,

3) íbúðakaupum með endurbótum og breytingum á eldri íbúðum í félagslegar leiguíbúðir, ásamt kaupum og umbreytingu í fjölskylduíbúðir skv. 5. mgr. 101. gr.,

4) endurbótum eða kaupum og síðari endurbótum á eldri fasteignum, sem reistar hafa verið án opinbers stuðnings, svo framarlega sem þær verði notaðar sem félagslegar leiguíbúðir,

5) kaupum á ónýttum þakhæðum og byggingarréttindum til bygginga fleiri hæða ásamt framkvæmdum við að byggja þakíbúðir í fasteignum, sem hafa verið notaðar til útleigu, og í fasteignum félagslegra íbúðadeilda.

Sveitarstjórn skal upplýsa ráðuneyti húsnæðismála, hafi hún veitt vilýrði um stuðning til nýrra fjölskylduíbúða þegar samanlagður fjöldi lausra fjölskylduíbúða í sveitarfélaginu, sem leiða til leigutaps, er meiri en 2%. Fjöldi lausra íbúða reiknast sem samanlagður fjöldi lausra fjölskylduíbúða sem fengið hafa vilýrði um stuðning frá hinu opinbera eftir þessum lögum eða fyrri lögum um félagslegar íbúðir. Skýrslan skal innihalda uppgjör skv. 2. ml., með upplýsingum um til hvaða aðgerða sveitarstjórnin hefur gripið til þess að draga úr framboði lausra íbúða og með upplýsingum um ástæðu þess að sveitarstjórnin hefur talið nauðsynlegt að gefa frekari vilýrði fyrir stuðningi til að fjölga félagslegum leiguíbúðum.

Sveitarstjórn getur ekki gefið vilýrði um stuðning til að setja á laggirnar

félagslegar leiguíbúðir í fasteignum sem fengið hafa stuðning eftir eldri lögum um félagslegar leiguíbúðir.

Sveitarstjórn getur ekki gefið vilyrði um stuðning skv. 1. mgr. ef á fasteigninni er þinglýst endurkaupaheimild.

Ráðherra húsnæðismála getur sett hámark á verðmæti félagslegra leiguíbúða. Ef byggingarframkvæmdir eru á leigulóð skal lækka hámarksverðið, sem í gildi er á þeim tíma sem sveitarstjórn samþykkir kaupverðið áður en framkvæmdir hefjast, um 20%. Endanlegt kaupverð íbúða í félagslega kerfinu með vilyrði skv. 1. mgr. má ekki vera hærra en hámarksverðið sem gildir á þeim tíma þegar sveitarstjórnin veitir samþykki sitt.

Kostnaður vegna endurbóta skv. 40. og 41. gr. í félagslegum leiguíbúðum, sem framkvæmdar eru innan 4 ára frá því þær voru teknar í notkun, má auk upphaflegs kaupverðs ekki vera hærra en hámarksverð skv. 5. mgr.

§ 106. *Sveitarstjórn getur veitt vilyrði skv. 1. mgr. 105. gr. þrátt fyrir hámarksupphæðina í 5. mgr. 105. gr. ef viðbótarfjárfestingin er nauðsynleg til þess að mæta lágmarkskröfum byggingarreglugerðar um orkusparnað svo lengi sem fjárfestingin telst fjárhagslega hagkvæm.*

Viðbótarfjárfestingin telst mismunurinn á samanlögðu kaupverði og kaupverði að viðbættri nauðsynlegri fjárfestingu til að mæta kröfum skv. byggingarreglugerð.

Fjármögnun og ábyrgðir

§ 107. *Kaupverð félagslegra leiguíbúða skv. 1. mgr. 105. gr. skal fjármagna með 84% láni, 14% frá sveitarfélagi sem ígildi lóðaverð og 2% íbúaframlagi. Viðbótarfjárfesting skv. 106. gr. skal fjármögnuð með 98% láni og 2% íbúagreiðslu.*

Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um hvaða lán ber að taka til að fjármagna kaupin eða framkvæmdirnar. Lánin geta að hámarki verið til 40 ára og skulu miðast við húsnæðisskuldabréf, sértryggt skuldabréf eða sértryggt húsnæðisskuldabréf.

Lóðaverð

§ 108. Lán vegna lóðakaupa greiðast af Landssjóði Húsnæðisstofnunar. Til að gera sjóðnum kleift að standa undir þessari lánastarfsemi skv. þessum kafla geta sveitarfélögin veitt Landssjóðnum lán sem hann endurlánar til húsnæðissamvinnufélagsins.

Hafi húsnæðissamvinnufélagið fengið byggingarlóð frá sveitarfélaginu getur sveitarfélagið framselt þau verðmæti, sem fylgja lóðinni, til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar sem ígildi lánsins.

§ 109. Lán sveitarfélagsins til Landssjóðs Húsnæðisstofnunar eru vaxtalaus.

Lánin eru afborgunarlaus í allt að 50 ár eftir að fasteignin er tekin í notkun. Þegar endurgreiðsla hefst til sjóðsins, sbr. 113. gr., greiðir sjóðurinn sömu fjárhæð til sveitarfélagsins.

§ 110. Útborgun lána sveitarfélaganna skal vera á þeim tímapunkti og í því umfangi sem talið er nauðsynlegt til að Landssjóðurinn ráði yfir nægum fjárhæðum til að mæta skuldbindingum skv. 112. gr.

§ 111. Veðréttur á láni Landssjóðs skal hafa uppfærslurétt á eftir láni frá viðurkenndri húsnæðislánastofnun, sbr. þó 123. gr.

Veðréttur sjóðsins er til tryggingar útborguðu láni sveitarfélagsins. Veðskuldabréf sjóðsins má ekki án samþykkis sveitarstjórnar framselja, veðsetja eða vera til tryggingar öðrum kröfum kröfuhafa sjóðsins.

§ 112. Lán sjóðsins skal greiða í tengslum við lóðakaup ásamt verkhönnun verkefnisins.

Lánin ber að greiða út í peningum á pari.

§ 113. Lán sjóðsins eru vaxtalaus. Þau verða endurgreidd þegar fjárhagur eignarinnar að mati sjóðsins leyfir það, þar með talið þegar fjárhagur eignarinnar getur batnað við endurfjármögnun eða vegna breytinga á rekstrarforsendum, t.d. vegna almennrar hækkunar á leiguverði. Endurgreiðsla skal þó hefjast í síðasta lagi eftir 50 ár frá því að eignin var tekin til notkunar. Sveitarstjórn getur krafist þess að sjóðurinn taki til skoðunar hvort fella skuli niður afborgunarleysið.

Ábyrgðir sveitarfélaga

§ 114. Forsenda þess að sveitarstjórn geti veitt vilyrði fyrir vaxtaniðurgreiðslu er að sveitarstjórn ábyrgist lánið skv. 107. gr. Ábyrgðin er vegna þess hluta lánsins sem á lántökudegi er umfram 60% af verðmæti íbúðarinnar. Ábyrgðin skal á hverjum tíma vera sama hlutfall eftirstöðva lánsins að viðbættum ógreiddum en gjaldföllum afborgunum og þetta hlutfall var í upphafi. Sá hluti eftirstöðvanna, sem fellur fyrir utan ábyrgðina, hefur veðrétt á undan þeim hluta eftirstöðvanna sem er með ábyrgð.

§ 115. Sveitarstjórn ábyrgist endurgreiðslu á íbúagreiðslu sem ekki fæst endurgreidd við gjaldþrot.

Íbúagreiðsla og vaxtaniðurgreiðsla

§ 116. Greiðsla lántakanda af lánum, sbr. 107. gr., skal nema 2,8% af kaupverði eða nýbyggingarvirði eignarinnar, að viðbótarfjárfestingum skv. 106. gr. Upphæðin reiknast fyrst þremur mánuðum eftir lántökudag og breytist árlega um sem nemur 75% af hækkun vísitölu neysluverðs eða með breytingum á launavísitölu reglulegra dagvinnulauna á almennum vinnumarkaði ef hækkun hennar er minni. Breytinguna skal fyrst reikna vegna fyrstu greiðslu á öðru ári lánsins og í síðasta sinn á 45. ári eftir töku lánsins. Ef breytingin miðast við launavísitölu skal nota 12 mánaða tímabil sem endar í lok febrúar vegna síðastliðins fjárlagaárs. Ef launavísitalan lækkar skal lækka fjárhæðina um alla þá lækkun. Ef vísitala neysluverðs er óbreytt eða hækkar breytist greiðslan ekkert.

Auk greiðslna skv. 1. mgr. greiðir lántakandi jafnframt reglulega af öðrum lánum sem nefnd eru í 1. mgr.

Ef farið hefur verið í viðbótarfjárfestingar skv. 106. gr. hækkar lánið skv. 1. mgr. um fjárhæð sem svarar til þess láns sem nefnt er í 2. ml. 107. gr.

Við greiðslu lántakanda skv. 1. mgr. skal bæta sem nemur 4,4% á ári af viðbótarfjárfestingunni skv. 106. gr., sbr. 2. mgr. þar sem breytinguna skal þó einungis reikna í að hámarki 40 ár eftir að lánið er tekið en eftir það fellur viðbótin niður.

§ 117. Fjármunir, sem lagðir eru í varasjóð deilda skv. 9. tl. 1. mgr. 26. gr., skulu greiddir til ríkisins.

§ 118. Vaxtaniðurgreiðsla skv. 105. gr. reiknast af kaupverði eða nýbyggingarvirði sem sveitarfélagið hefur samþykkt eftir að framkvæmdum er lokið. Vaxtaniðurgreiðslan er fjárhæð sem svarar til þess mismunar sem er á samanlagðri greiðslu vaxta og afborgana af láninu og greiðslu lántakanda af láninu.

Vaxtaniðurgreiðslan hefst við töku lánsins og greiðist eftir á í tengslum við gjalddaga veðskuldabréfsins. Greiðslan á sér stað til þeirrar húsnæðis-lánastofnunar sem veitti lánið á grundvelli sérstaks uppgjörs stofnunarinnar.

Stuðning skv. 105. gr. er einungis hægt að veita ef sveitarfélagð veitir stuðning skv. 108.–114. gr. og lántakandi greiðir af láninu skv. 116. gr.

§ 119. Gagnvart félagslegum íbúðum, sem breytt hefur verið til að mæta þörfum annars notendahóps, þ.m.t. endurbætur, skulu vilyrði um stuðning halda gildi sínu á ábreyttum skilmálum.

§ 120. Sveitarstjórn getur veitt vilyrði fyrir vaxtaniðurgreiðslu til félagslegra leiguíbúða á sömu skilmálum og ríkið.

§ 121. Við fjármögnun með öðrum hætti en fram kemur í 10. kafla er hægt að veita stuðning svo framarlega sem ráðherra húsnæðismála hafi samþykkt lánaskilmálana.

§ 122. Ráðherra húsnæðismála getur að hluta eða öllu leyti hætt stuðningi með vaxtaþaki, vaxtastyrk eða vaxtaniðurgreiðslu svo framarlega sem efnahagur fasteignarinnar hafi batnað eða að aðstæður fasteignarekstrarins geri það kleift þar með talin almenn hækkun leigu á markaði.

Kaflí 11

Eftirlit og samráð um stjórn kerfisins

§ 123. Sveitarstjórnir hafa eftirlit með félagslegum húsnæðissamvinnufélögum.

Sveitarstjórn og húsnæðissamvinnufélagið skulu eiga með sér samráð um stjórn kerfisins með reglulegum fundum um starfsemi húsnæðissamvinnufélagsins, þ.m.t. um þróun einstakra byggðakjarna og hverfa. Sveitarstjórn skal sjá til þess að haldnir verði árlegir umræðufundir. Sveitarstjórn skal birta greinargerð um samráðið á heimasíðu sinni.

Húsnæðissamvinnufélagið tekur saman og sendir skýrslu um starfsemi sína til sveitarstjórnar. Þessar skýrslur skulu vera grundvöllur samráðs-fundanna.

§ 124. Sveitarstjórn getur tilkynnt um aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að tryggja ábyrgan rekstur félagslegra húsnæðissamvinnufélaga og deilda þess í samræmi við gildandi reglur. Sveitarstjórn getur skipað tilsjónarmann til að taka tímabundið yfir rekstur og stjórn húsnæðissamvinnufélags.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilfellum skipað tilsjónarmann sem tímabundið tekur við þeirri starfsemi í húsnæðissamvinnufélaginu eða í deild félagsins þar sem kveðið er á um það í samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins.

§ 125. Sveitarstjórn hefur eftirlit með byggingaframkvæmdum á framkvæmdatíma og hefur eftirlit með því að lántakendur virði skuldbindingar sínar um viðhald fasteigna skv. þessum lögum. Sveitarstjórn getur fyrirskipað lántakanda að setja í gang nauðsynleg viðhaldsverkefni.

§ 126. Húsnæðissamvinnufélagi ber að gefa ráðherra húsnæðismála og Landssjóð Húsnæðisstofnunar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu félagsins eða deilda þess.

§ 127. Ráðherra húsnæðismála hefur sömu heimildir og sveitarstjórn hefur skv. 124. gr. Ráðherra húsnæðismála getur jafnframt leitast við að uppfylla þær skyldur, sem lagðar eru á stjórnir, forstöðumann eða endurskoðanda húsnæðissamvinnufélaga skv. þessum lögum eða samþykktum, með álagningu sekta sem renna skulu í ríkissjóð.

§ 128. Ráðherra húsnæðismála setur nánari reglur um framkvæmd 123.–125. gr.

Kaflí 12

Ríkisféhirðir

§ 129. Framkvæmd greiðslu- og bókhaldslegs hluta þessara laga er hjá ríkisféhirði.

Þegar viljrði um opinberan stuðning hefur verið veitt og staðfest sér ríkisféhirðir um alla umsýslu með lánun, styrkjum og ríkisábyrgðum.

§ 130. Að því leyti, sem sveitarstjórn hefur samþykkt að standa fyrir hluta hinnar opinberu aðstoðar, getur ríkisfóhirðir tekið að sér umsjón með framkvæmdinni. Sveitarstjórn greiðir skv. kröfu sinn hluta hinnar opinberu aðstoðar til ríkisfóhirðis.

§ 131. Ráðherra húsnæðismála getur framselt að hluta eða öllu leyti þær heimildir sem hann hefur skv. þessum lögum.

§ 132. Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um möguleika þess að kæra ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli 129. gr., þar með talið að ekki sé hægt að vísa málum til ráðherra.

Ráðherra húsnæðismála getur eftir viðræður við fjármálaráðherra sett nánari reglur um stjórnýslulega málsmeðferð ríkisfóhirðis. skv. 129. gr.

Kaflí 13

Stjórnýsla og refsíákvæði

§ 133. Ráðherra húsnæðismála getur krafíð sveitarstjórn um að fylgja eftir ákvörðunum, sem hann tekur á grundvelli 96. gr., og um að setja nánari reglur um framkvæmdina.

Ráðherra húsnæðismála getur falið sveitarstjórnnum meðferð mála um stuðning skv. þessum lögum.

Ráðherra húsnæðismála getur krafíð sveitarstjórnir um allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að framfylgja markmiðum laganna.

Með það að markmiði að safna og miðla reynslu og til að afla og uppfæra tölfræðilegar upplýsingar senda sveitarstjórnir upplýsingar um fasteignir, sem byggðar eru eða keyptar á grundvelli þessara laga, eftir reglum sem ráðherra húsnæðismála setur.

§ 134. Ráðherra húsnæðismála getur fyrirskipað að eigendur félagslegra leigubúða skuli innan tiltekens tímafrests endurfjármagna þau stofnlán, sem vilyrði um vaxtaniðurgreiðslu hafa fengist fyrir skv. lögum þessum. Við endurfjármögnunina skal taka lán skv. 2. mgr. 107. gr. með eða án vaxtaaðlögunar í samræmi við ákvörðun ráðherra húsnæðismála.

Endurfjármögnun stofnlána, sem veitt eru skv. 87. gr., skal gerð á grundvelli samkomulags við Landssjóð Húsnæðisstofnunar.

Við endurfjármögnun lána er óheimilt að lántakandi fái útborgað staðgreiðsluvirði. Við endurfjármögnun getur lántaki ekki tekið lán með lengri lánstíma en sem nemur útistandandi lánstíma þess láns sem greiða á upp. Eftir endurfjármögnunina heldur verðtrygging íbúagreiðslunnar áfram eftir gildandi reglum, sbr. þó 5. mgr.

Lán, sem njóta vaxtaniðurgreiðslu, og lán, sem veitt eru á grundvelli 92. gr., geta verið fastvaxtalán eða lán með breytilegum vöxtum. Ef lán með föstum vöxtum skv. 1. ml. er endurfjármagnað með öðru láni með föstum vöxtum ber að breyta greiðslu lántakanda þar til greiðslan verður jöfn greiðslubyrði nýja lánsins. Ef lán með föstum vöxtum skv. 1. ml. er endurfjármagnað með láni með breytilegum vöxtum ber að breyta greiðslu lántakandans þar til hún jafngildir annaðhvort greiðslubyrði innleysta lánsins eða þeirri greiðslubyrði sem á tímapunkti endurfjármögnunar hefði orðið ef tekið yrði lán með föstum vöxtum. Ef lán með breytilegum vöxtum skv. 1. ml. er endurfjármagnað með láni með föstum vöxtum ber að breyta greiðslu lántakanda þar til hún jafngildir lægstu greiðslu annaðhvort skv. gildandi hámarksíbúagreiðslu eða skv. greiðslubyrði nýja lánsins.

Eftir endurfjármögnun lána heldur stuðningur áfram eftir gildandi reglum þannig að stuðningurinn nemur þeirri upphæð sem jafngildir mismuninum á greiðslu lántakanda og greiðslubyrði lánsins, sem tekið er, sbr. þó 5. mgr. Laust fé, sem verður til við greiðslu lántakanda af láni sem fram kemur í 5. mgr., ber að greiða til ríkisfóhvirðis sé upphæðin hærri en kr. 5.000.

Eftir endurfjármögnun færast ríkisábyrgðin og ábyrgð sveitarfélagsins yfir á hið nýja lán. Af því láni, sem tekið er, skal veitt sama hlutfallslega ábyrgð og var á því láni sem greitt var upp. Sá hluti af eftirstöðvum lánsins, sem ekki féll undir ábyrgðina, skal njóta veðréttar á undan þeim hluta sem nýtur ábyrgðarinnar. Ef tekið er lán með hærri eftirstöðvum veitir ríkið sömu hlutfallslegu ábyrgðina fyrir þessum hluta lánsins.

Fyrir lán, sem eru endurfjármögnuð skv. 1. mgr., ábyrgist ríkið þinglýsingu veðskuldabréfsins. Ábyrgðin gildir svo lengi sem veðskuldabréfinu hefur ekki verið þinglýst.

Að frumkvæði lántakenda getur endurfjármögnun lána vegna íbúða, sem nefndar eru í 1. mgr., náð til fastvaxtalána, þar sem vaxtaniðurgreiðslu nýtur ekki lengur við, lána, sem njóta vaxtaniðurgreiðslu, og lána sem ekki njóta neins stuðnings. Ráðherra húsnæðismála setur nánari reglur um hvaða lán, sbr. 2. mgr. 107. gr., má taka.

Ráðherra húsnæðismála getur í sérstökum tilvikum, skv. umsókn frá einstökum lántakendum, heimilað, að breyting á greiðslu lántakenda, sem fram kemur í 5. mgr., verði lækkuð, þ.m.t. með heimild til endurfjármögnunar á áhvílandi lánnum.

Ráðherra húsnæðismála getur skyldað eigendur, sem fram koma í 1. mgr., að framkvæma endurfjármögnun annarra lána innan nánari tiltekins tímafrests.

Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um þau atriði, sem fram koma í 1.–10. mgr., þ.m.t. veitt heimild til ríkisfóhúðis um að leggja til endurfjármögnun.

§ 134. *Ráðherra húsnæðismála getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga.*

§ 135. *Ráðherra húsnæðismála getur ákveðið refsingu í formi sekta fyrir brot á ákvæðum sem leiða af*

1) 104. gr., sbr. 96. gr. um stjórn bygginga- og verktakastarfsemi,

2) 4. mgr. 35. gr., sbr. 8. gr. um markmið með félagslegum húsnæðissamvinnufélögum,

3) 4. mgr. 35. gr., sbr. 22. og 28. gr. um skiptingu í deildir og fjárhagslegt sjálfstæð deildanna innbyrðis og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu,

4) 4. mgr. 35. gr., sbr. 26. gr. um notkun fjármuna sem lagðir eru í vara-sjóð,

5) 56. gr., sbr. 54. gr. um notkun fjármuna, sem lagðir eru í viðhaldssjóð, og um framkvæmd tiltekinna endurbóta og viðhaldsverkefna.

Heimilt er að leggja sektir á lögaðila.

Greinargerð um drög að lögum um húsnæðissamvinnufélög um félagslegt leiguhúsnæði

Í fyrsta kafla frumvarpsins er fjallað um húsnæðissamvinnufélög um félagslegt leiguhúsnæði, tilgang þeirra, markmið og skipulag. Samkvæmt lögnum eru sveitarfélögin ábyrg fyrir framkvæmd félagslega leigukerfisins en jafnframt er það vilji löggjafans að verkefnið verði lagt í hendur húsnæðissamvinnufélaga þar sem íbúar í kerfinu bera hitann og þungann af stjórninni. Vegna eftirlitshlutverks og ábyrgðar á framkvæmdinni þurfa sveitarfélögin að staðfesta að starfsemi viðkomandi húsnæðissamvinnufélaga sé í samræmi við ákvæði þessara laga. Í lögnum er jafnframt ákvæði um hæfi stjórnarmanna húsnæðissamvinnufélaga, fjármögnun félaganna og hvernig staðið skuli að ákvörðunum um íbúðakaup, breytingar á íbúðum, útgáfu skuldabréfa og sölu eigna.

Í öðrum kafla er fjallað um innra stjórnkerfi húsnæðissamvinnufélaganna, fjárhagslegt og félagslegt sjálfstæði einstakra deilda innan samvinnufélagsins en jafnframt takmarkanir á umboði þeirra. Fjallað er um lausn ágreinings, sem upp kann að koma milli deildarstjórnar og stjórnar húsnæðissamvinnufélags, og aðkomu bæði sveitarstjórnar og ráðherra húsnæðismála ef þörf er á.

Í þriðja kafla er fjallað um ákvörðun leigu þar sem fram kemur að stjórn deilda og/eða húsnæðissamvinnufélags ber að ákvarða leigu sem stendur undir nauðsynlegum rekstri félagsins að teknu tilliti til þess stuðnings sem hið opinbera veitir. Leiga skal ákvörðuð út frá rekstraráætlun komandi starfsárs sem staðfest hefur verið af sveitarstjórn. Óheimilt er að reka félagið með tapi. Fjallað er um ábyrgð leigjenda á greiðslu leigunnar og til hvaða viðurlaga deildarstjórn getur gripið.

Í fjórða kafla er fjallað um útleigu innan húsnæðissamvinnufélagsins þar sem miðað er við úthlutun skv. biðlista, m.t.t. stærðar fjölskyldu og þeirrar íbúðar, sem í hlut á, og að teknu tilliti til reglugerðar félagsmálaráðherra um tekjuviðmið í félagslega leigukerfinu ásamt heimild sveitarfélags til að ráðstafa allt að 25% af lausum íbúðum vegna skjólstæðinga félagsmálafirvalda.

Í fimmta kafla er fjallað um skyldu húsnæðissamvinnufélaga til að huga að viðhaldi og endurbótum, m.a. að leggja fjármuni í sérstakan viðhaldssjóð. Fjallað er um upphæð íbúagreiðslunnar m.t.t. sambærilegra íbúða og heimild sveitarfélaga til þess að veita lán með vaxtaniðurgreiðslu til að lækka íbúagreiðsluna.

Í sjötta kafla er fjallað um með hvaða hætti staðið skuli að sölu félagslegra íbúða en í öllum tilfellum þarf samþykki sveitarstjórna og ef salan leiðir til þess að heildarfjöldi félagslegra íbúða minnkar skal jafnframt fá samþykki ráðherra húsnæðismála. Fjallað er um kröfur löggjafans til söluferlisins, heimildina til þess að gefa núverandi íbúum kost á því að kaupa félagslegar íbúðir og sérstakar lánaheimildir í því sambandi. Kveðið er á um verðmat eigna í beinni sölu, hvernig söluhagnaður skuli gerður upp og ráðstöfun hans. Í öllum tilfellum gildir það að hreinn söluhagnaður rennur til ríkisins.

Í sjöunda kafla er fjallað um sérstakan sjóð, Landssjóð Húsnæðisstofnunar, sem heldur utanum fjárhagslega aðkomu bæði sveitarfélaga og ríkisins. Kveðið er á um skipulag sjóðsins, skipan stjórnar sem að meirihluta skal skipuð fulltrúum frá húsnæðissamvinnufélögum og sveitarfélögum. Tekjur sjóðsins verða í framtíðinni að mestu tilkomnar vegna leigugreiðslu af íbúðum þar sem búið er að greiða niður stofnlánin. Fram til þess tíma mun sjóðurinn annars vegar fá vaxta- og afborgunarlaus lán frá sveitarfélögum vegna lóða- og gatnagerðargjalda sem hann endurlánar síðan á sömu kjörum til húsnæðissamvinnufélaganna; hins vegar mun sjóðurinn fá framlög af fjárlögum til að inna af hendi vaxtaniðurgreiðsluna þar til sjóðsstreymi hans af tekjum húsnæðissamvinnufélaganna tekur við fjármögnun nýrra samninga.

Í áttunda kafla er fjallað um skiptingu tekna Landssjóðs Húsnæðisstofnunar vegna framlaga húsnæðissamvinnufélaga í annars vegar varasjóð og hins vegar nýbyggingarsjóð ásamt heimild Landssjóðs til að veita rekstrarstyrki og gera samninga um vaxtaniðurgreiðslur. Kveðið er á um heimild sjóðsins til þess að gera samninga um allt að 1000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin í formi ákvæða um heildarfjárfestingu í félagslegum íbúðum á ári. Fjallað er um heimild sveitarfélaga til þess að gangast undir ábyrgðir vegna erfiðra rekstrar-skilyrða eða meiriháttar viðhalds og endurbóta. Einnig er fjallað um heimild húsnæðissamvinnufélaga til þess að fá lán hjá Landssjóði til þess að kaupa sig frá endurkaupaheimildum sveitarfélaga.

Í níunda kafla er fjallað um almenn ákvæði varðandi bæði nýbyggingar og kaup á íbúðum, gerð og innréttingu íbúðanna, hámarksstærð þeirra m.t.t. fjölskyldustærðar, tryggingar og verðmat.

Í tíunda kafla er kveðið á um fjármögnun nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum ásamt meiriháttar viðhaldi og endurbótum. Kveðið er á um heimild sveitarfélaga til þess að veita vilýrði fyrir vaxtaniðurgreiðslu f.h. ríkisins og hvernig íbúðir skulu fjármagnaðar með því að íbúar greiði 2%, sveitarfélagið láni

vaxta- og afborgunarlaust 14% og 84% verði fjármagnað á almennum húsnæðislánamarkaði með vaxtaniðurgreiðslu ríkisins. Kveðið er á um lóðaverð og ábyrgðir sveitarfélaga á þeim hluta almenna lánsins sem er umfram 60%. Jafnframt er hlutur íbúanna í greiðslubyrði almenna lánsins skilgreindur sem 2,8% af kaupverði eða byggingarkostnaði og verðbreytingu þeirrar greiðslu m.v. 75% af hækkun vísitölu neysluverðs eða hækkun launavísitölu á almennum vinnumarkaði sé hún lægri. Jafnframt er skýrt tekið fram að ráðherra húsnæðismála getur fyrirskipað bæði hvaða tegund lána skuli notuð til að fjármagna almennu lánin og fyrirskipað á hvaða tíma sem er að húsnæðissamvinnufélög endurfjármagni lánin með töku nýrra lána. Slík endurfjármögnun lána hefur ekki áhrif á íbúagreiðsluna eða verðtryggingu hennar.

Í ellefta kafla er fjallað um skyldur sveitarfélaga til þess að hafa eftirlit með húsnæðissamvinnufélagunum, bæði þeim byggingarframkvæmdum sem eru í gangi, almennum rekstri félaganna og skyldum þeirra að stunda fyrirbyggjandi viðhald til að viðhalda verðmæti eignanna. Jafnframt er kveðið á um reglubundið samráð sveitarstjórna og húsnæðissamvinnufélaganna um stjórn kerfisins og skilvirkni þess.

Í tólfta kafla er fjallað um hlutverk ríkisféhirðis varðandi greiðslur og bókhald ásamt heimild ráðherra húsnæðismála til að framselja umboð sitt að hluta eða öllu leyti til ríkisféhirðis varðandi umsjón með lánasýslu og hagræðingu í lánasafni kerfisins.

Í þrettánda kafla er fjallað um stjórnýslu kerfisins og heimild ráðherra húsnæðismála til að beita refsiaðkvæðum gagnvart einstökum ákvæðum.

Húsnæðismál í kjarasamningum 2015

Í kjölfar krafna ASÍ á hendur stjórnvöldum í aðdraganda kjarasamninga, sem undirritaðir voru þann 29. maí 2015, gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. er fjallað um húsnæðismál og kveðið á um fjölgun ódýrra og hagkvæmra íbúða í nýju félagslegu leiguíbúðakerfi (sjá nánar kaflann um kjaramál). Frumvarp er í smíðum og hefur ráðherra sett það á málaskrá sína fyrir haustþing 2015.

Félags- og húsnæðismálaráðherra lagði á vorþingi 2015 fram þrjú frumvörp um húsnæðismál en ekkert þeirra hlaut afgreiðslu þingsins fyrir þinglok. Um er að ræða breytingar á húsaleigulögum með það að markmiði að bæta réttarstöðu leigjenda og leigusala. ASÍ taldi það frumvarp fela í sér litla eðlisbreytingu og fela ekki í sér nægilega hvata fyrir félög og einstaka fast-

eignaeigendur til að stunda langtímaútleigu á íbúðarhúsnæði eins og þörf er á. Þá lagði ráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðissamvinnufélög sem ætlað er að skýra og styrkja réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna þeirra og tók ASÍ undir markmið þess. Þriðja málið var frumvarp til laga um húsnæðisbætur með það að markmiði að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda. Frumvarpið er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015 og kemur að nokkru til móts við áherslur ASÍ í málefnum leigjenda. Stuðningur við leigjendur er aukinn og skref stigin í þá átt að jafna þann mun sem er á opinberum stuðningi við kaupendur og leigjendur þótt ekki sé stigið það skref að fullu að sameina kerfi vaxta- og húsaleigubóta í eitt kerfi húsnæðisbóta. Þá er tekið tillit til fjölda þeirra sem búa í leiguhúsnæðinu og tekna þeirra.

Velferðarnefnd ASÍ

Húsnæðismálin voru þau mál sem mest voru rædd á fundum velferðarnefndarinnar. Forseti ASÍ mætti á fund nefndarinnar og sagði frá vinnu á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra við mótnun nýs félagslegs húsnæðiskerfis. Þá mætti Halldór Oddson lögfræðingur á fund nefndarinnar og fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á húsaleigulögum. Þá fjallaði nefndin um fyrirhugaðar breytingar á húsaleigubótakerfinu. Einnig var fjallað um hugmyndir sem unnið hefur verið að á vegum Reykjavíkurborgar undir heitinu *Hugmynd að húsnæðisfélagi*.

Formaður velferðarnefndar á sæti í stýrihóp Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum hrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaðurinn hefur reglulega upplýst nefndina um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu, sem þar fer fram, og miðlað sjónarmiðum ASÍ til Velferðarvaktarinnar.

Velferðarvaktin

Alþýðusambandið hefur tekið virkan þátt í vinnu Velferðarvaktar á vegum velferðarráðuneytisins undanfarin ár og er Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar stéttarfélags og formaður velferðarnefndar ASÍ, fulltrúi sambandsins. Í janúar 2015 afhentu fulltrúar Velferðarvaktarinnar Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, skýrslu sína um stöðu efnalítilla barnafjölskyldna og þeirra sem búa við sára fátækt. Í skýrslunni er fjallað um stöðu þessara hópa og lagðar til úrbætur í sex þáttum sem ná til barnabóta og barna-trygginga, lágmarksframfærslu, húsnæðismála, grunnþjónustu, samhfæingaradila máls og samvinnu við félagasamtök og verkefnasjóði.

Fulltrúi Alþýðusambandsins í vinnuhópnum lagði ríka áherslu á nauðsyn þess að stjórnvöld tryggi tekjulágum fjölskyldum húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað. Eins og ASÍ hefur ítrekað bent á undanfarin misseri býr fjöldi efnaminni heimila við verulega þþyngjandi húsnæðiskostnað og mikið óöryggi í húsnæðismálum. Stór hluti þessa hóps hefur ekki bolmagn til að kaupa húsnæði, ræður ekki við að greiða markaðsleigu og fær ekki aðgang að félagslegu húsnæði sveitarfélaganna. Í skýrslu Velferðarvaktarinnar er m.a. lagt til að horft verði til tillagna, sem ASÍ hefur sett fram um uppbyggingu á nýju félagslegu leiguíbúðakerfi, og að stjórnvöld setji fjármagn í uppbyggingu á félagslegu húsnæðiskerfi sem geri lágtekjufólki kleift að búa við húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum.



LÍFEYRISMÁL


Afkoma lífeyrissjóðanna var almennt góð á árinu 2014. Hefur staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ batnað verulega á undanförunum árum og er jafnvægi milli eigna og skuldbindinga nú allgott í flestum sjóðum almenns launafólks. Hagstætt efnahagsumhverfi og lág verðbólga hafa jákvæð áhrif en gjaldeyrishöft setja þó sjóðunum enn verulegar skorður, þau hindra nýfjárfestingar sjóðanna erlendis og koma niður á möguleikum til áhættudreifingar. Í upphafi árs 2015 sameinuðust tveir lífeyrissjóðir almenns launafólks þegar Lífeyrissjóður Vestfirðinga sameinaðist Gildi lífeyrissjóði. Gildi tók þá við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og verður sjóðurinn með starfsstöð á Ísafirði.

Samkvæmt ársreikningabók lífeyrissjóðanna, sem tekin er saman af Fjármálaeftirlitinu, nam hrein eign samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris 2.644 milljörðum króna í árslok 2014 samanborið við 2.401 milljarð í árslok 2013 sem er raunhækkun um 9%. Séreignarsparnaður nam 443 milljörðum í árslok 2014 og hefur lækkað lítillega frá árinu áður. Samanlögð hrein eign samtryggingar- og séreignardeilda lífeyrissjóðanna nam þannig í árslok 2014 3.086 milljörðum króna eða sem samsvarar 155% af landsframleiðslu þess árs.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna var með ágætum á árinu 2014, meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeilda var 7,5% en meðaltal sl. fimm ára nemur 5,1% og sl. 10 ára 2,3%.

Samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna í árslok 2014 var munur á heildareignum og heildarskuldbindingum allra samtryggingarlífeyrissjóða, þ.e. bæði verðmæti áunninna réttinda núverandi sjóðfélaga og framtíðarréttindi þeirra sjóðfélaga, sem nú eru virkir greiðendur, að frádregnum heildarskuldbindingum þeirra gagnvart sjóðfélögum, neikvæður um ríflega 620 milljarða króna sem samsvarar 13% af skuldbindingum sjóðanna. Grundvallarmunur er þó á stöðu lífeyrissjóða almenns launafólks, sem á heildina litið er nú í jafnvægi, og stöðu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna.

Staða almennu lífeyrissjóðanna hefur farið batnandi undanfarin ár á sama tíma og vandi opinbera lífeyriskerfisins vex. Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda án bakábyrgðar launagreiðenda, sem eru lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði, var 7,4% á árinu 2014 samanborið við 5,5% árið áður. Tryggingafræðileg staða þessara sömu sjóða var jákvæð um 2,7 milljarða í árslok 2014 sem samsvarar 0,1% af skuldbindingum sem er viðsnúningur frá fyrri árum. Þegar staðan var hvað verst í kjölfar efnahagshrunsins nam halli þessara lífeyrissjóða um 200 milljörðum króna eða um 10% af skuldbindingum í árslok 2009. Skerðing réttinda almennu lífeyrissjóðanna, eins og lög gera ráð fyrir, ásamt góðri ávöxtun hefur rétt af stöðu flestra sjóða.



Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda í sjóðum með launagreiðendaábyrgð, sem eru nær aðallega lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, var 7,9% á árinu 2014 samanborið við 6,5% árið áður. Tryggingafræðileg heildarstaða sjóða sjóða með launagreiðendaábyrgð var neikvæð um ríflega 623 milljarða króna í árslok 2014 eða sem samsvarar 38% af skuldbindingum sjóðanna. Á síðustu fimm árum hefur halli opinbera lífeyriskerfisins vatið úr 496 milljörðum eða um 127 milljarða króna. Af núvarandi 623 milljarða halla má rekja stærsta hlutann, eða um 539 milljarða, til bakábyrgðar ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) en um 78 milljarðar eru vegna bakábyrgðar sveitarfélaga. Vandí opinbera lífeyriskerfisins er mestur í B-deild LSR þar sem hallinn nam 430 milljörðum króna í árslok 2014 eða tæplega 64% af skuldbindingum. Að óbreyttu mun B-deild LSR tæmast á næstu 15 árum og þá mun reyna verulega á bakábyrgð ríkisins. Áætla má að útgjöld ríkissjóðs vegna bakábyrgðar á B-deild LSR og LH muni þá nema um 27 milljörðum árlega sem er sambærileg fjárhæð og mun fara til reksturs allra Háskóla og rannsóknarstofnana í landinu á árinu 2016.

Tímabundin heimild til fyrir fram útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem veitt var í kjölfar efnahagshrunsins í mars 2009, rann út í árslok 2014 og námu útgreiðslur á þessu tímabili um 104 milljörðum króna. Sem hluti af aðgerða-áætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána var þeim sem ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði til lækkunar á höfuðstól húsnæðislána veitt skattaávilnun næstu þrjú árin frá og með júlí 2014. Einnig er þeim sem eiga ekki húsnæði heimilt að ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði sínum skattfrjálst til kaupa á húsnæði á næstu árum. Áætlað er að aðgerðin nemi í heildina um 70 milljörðum á tímabilinu.

Jöfnun lífeyrisréttinda og kjarasamningar

Allt frá árinu 2011 hafa samningsaðilar á almennum vinnumarkaði verði ásáttir um að liður í jöfnun lífeyrisréttinda launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði væri hækkun iðgjalda til almennu lífeyrissjóðanna úr 12% í 15,5% til samræmis við sjóði opinberra starfsmanna. Yfirlýsing þess efnis var fyrst undirrituð í tengslum við kjarasamninga SA og aðildarfélaga ASÍ í maí 2011 og hefur síðan tvívegis verið endurnýjuð, í desember 2013 og nú síðast í maí 2015. Atvinnurekendur gera sem fyrr þann fyrirvara að samkomulag hafi náðst um lausn á fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins áður en til hækkana á iðgjaldi til almennu sjóðanna geti komið. Ósamkomulag milli stjórnvalda og samtaka opinberra starfsmanna um lausn á þeim vanda hefur allan þennan tíma komið í veg fyrir að unnt væri að ljúka samningaviðræðum við atvinnurekendur um útfærslu á hækkun iðgjalda.

Kjarasamningum, sem undirritaðir voru á almennum vinnumarkaði þann 29. maí 2015, fylgdi því eftirfarandi yfirlýsing sem er samhljóða yfirlýsingu frá 21. desember 2013.

Yfirlýsing um lífeyrismál

„Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur nást samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirrar frá 5.maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu og að unnið verði að framgangi hennar á samningstímanum.“

Deilur um framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 var lagt til að 0,325% hlutdeild lífeyrissjóða í tekjum af almennu tryggingagjaldi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða yrði lækkuð um 20% á ári frá og með árinu 2015 og falli alfarið brott á árinu 2019. Fyrirkomulagið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 15. nóvember 2005 þar sem stjórnvöld lýsa vilja sínum til samstarfs við Alþýðusambands Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir til að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðu milli einstakra sjóða. Samkomulagið kveður á um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi af tryggingagjaldsstofni sem komi til framkvæmda á árunum 2007–2009. Framlaginu var síðan komið á með breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald í desember árið 2006. Fyrir liggur að örorkutíðni innan ólíkra starfsgreina er mjög misskipt og því er örorkubyrði starfsgreinabundinna lífeyrissjóða sömuleiðis mjög misjöfn. Þannig er t.a.m. örorkubyrði lífeyrissjóða verkafólks og sjómanna margföld á við lífeyrissjóði skrifstofufólks og opinberra starfsmanna. Ljóst var því að skerðing á framlagi til jöfnunar kemur verst niður á þeim sjóðum sem hafa hvað þyngsta örorkubyrði. Hagdeild ASÍ áætlaði að skerðingin leiddi til 2,5–3% skerðingar réttinda í lífeyrissjóðum almenns launafólks að meðaltali en allt að 5% hjá þeim sjóðum sem hafa hvað þyngsta örorkubyrði. Þá lá einnig fyrir að breytingin kæmi eingöngu niður á lífeyrisréttindum launafólks á almennum vinnumarkaði en sjóðir þeirra þurfa lögum samkvæmt að rétta stöðu sína með skerðingu á réttindum á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna sem tryggð eru með skattfé, standa óhögguð. Alþýðusambandið og aðildarfélög þess mótmæltu harðlega þeirri fyrirætlun

stjórnvalda að rjúfa einhliða samkomulag, sem gert var við aðila vinnu-
markaðarins, án umræðu og rökstuðnings og krafðist þess að fallið yrði frá
skerðingunni. Frumvarpið varð þó að lögum í desember 2014. Málið var
enn tekið upp í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 2015 og náðist þá
samkomulag við stjórnvöld um að draga ákvörðun um skerðingar á jöfnunar-
framlaginu til baka. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjara-
samningum á almennum vinnumarkaði frá 29. maí 2015 segir:

„III. **Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.** Stjórnvöld munu beita sér fyrir því
að draga til baka þá ákvörðun sem tekin hefur verið um lækkað framlag
úr ríkissjóði til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Tengist sú ákvörðun
áformum um breytingar á tryggingagjaldi. Áframhaldandi jöfnun á örorku-
byrði lífeyrissjóða er mikilvæg en æskilegt er að finna fyrirkomulag sem
byggir á skýrum hlutlægum forsendum, sem er sjálfbært og ekki háð fram-
lögum á fjárlögum.“

Alþingi samþykkti í kjölfarið breytingu á lögum um tryggingagjald í lok júní
2015 þar sem skerðing á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða var
dregin til baka.

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður - Svikin loforð um fjármögnun

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 var einnig lagt að til fresta framlagi rík-
isins af almennu tryggingagjaldi til starfsendurhæfingarsjóða þriðja árið í röð.
Aðilar vinnumarkaðarins sömdu í almennum kjarasamningum í febrúar 2008
um að hefja uppbyggingu á nýju fyrirkomulagi starfsendurhæfingar fyrir þá
starfsmenn sem slasast eða veikjast til lengri tíma þannig að vinnugeta þeirra
skerðist. Markmið samningsaðila var að tryggja að komið sé að málum eins
snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði eins virkur
á vinnumarkaði og kostur er. Samið var um að launagreiðendur hæfu greiðslu
0,13% iðgjalds til nýstofnaðs Starfsendurhæfingarsjóðs um mitt ár 2008 og
jafnframt mundu ASÍ og SA beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samnings-
sviði þeirra greiði samsvarandi iðgjald til sjóðsins. Þessu til viðbótar var gert
samkomulag við þáverandi ríkisstjórn, sem undirritaði yfirlýsingu þess efnis
í tenglum við gerð kjarasamninganna í febrúar 2008, um að ríkissjóður leggi
Starfsendurhæfingarsjóði til sömu fjárhæð og launagreiðendur frá og með árs-
byrjun 2009. Í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá
því í júní 2009 var framkvæmd yfirlýsingarinnar frá febrúar 2008 ítrekuð og
var þar kveðið á um lögfestingu á gjaldi ríkisins. Á árinu 2012 var loks bundið
í lög að ríkissjóður greiddi þriðjungsframlag til Starfsendurhæfingarsjóðs á
móti lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins. Greiðslum ríkissjóðs var

hins vegar frestað um eitt ár með óformlegu samkomulagi við aðila vinnu- markaðarins í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2014 gegn því að greiðslur ríkisins hæfust á árinu 2015. Alþýðusambandið og aðildarfélag gerðu alvar- legar athugasemdir í ályktunum sínum vegna fjárlagafrumvarpsins við þá fyrirætlan stjórnvalda að falla einhliða án allra viðræðna frá því samkomulagi sem gert hefur verið um fjármögnun Starfsendurhæfingarsjóðs. Stjórn VIRK gerði stjórnvöldum skýra grein fyrir því við umræður um fjárlagafrumvarpið að yrði ekki staðið við hlut ríkisins í fjármögnun á starfsemi VIRK á árinu 2015 muni VIRK ekki eiga þess kost að þjónusta einstaklinga utan vinnu- markaðar sem ekki er greitt iðgjald af í sjóðinn með framlagi frá atvinnurek- endum og lífeyrissjóðum. Þar er um að ræða einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar, örorkulífeyrisþega og skjólstaðinga félagsþjónustunnar. Það þýði að ekki verði lengur til staðar eitt heildstætt kerfi starfsendurhæfingar með jöfnum aðgangi fyrir alla. Stjórn VIRK lýsti jafnframt furðu sinni á því að niðurstaða fjárlaga hefði verið að framlag ríkisins til VIRK fyrir árið 2015 yrði 200 milljónir króna í stað þeirra 1.100 milljóna sem áður hafði verið samið um. Engar skýringar væri að finna á þeirri fjárhæð og óljóst hvaða áhrif hún hefði á réttindi skjólstaðinga VIRK og skyldur sjóðsins gagnvart þeim auk þess sem framlagið breyti engu varðandi viðhorf stjórnvalda til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða um uppbyggingu á atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Stjórn VIRK sá sér að óbreyttu ekki mögulegt að taka við framlaginu. Í kjölfar viðræðna við stjórnvöld var í mars 2015 undirritað samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um með hvaða hætti framlög til starfsendurhæfingarsjóða skuli háttáð og með því bundinn endi á þá óvissu sem ríkti um þjónustu við einstaklinga utan vinnumarkaðar.

Samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra annars vegar og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, hins vegar

1. Félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra munu tryggja að framlög ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða, skv. 7. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, verði eftirfarandi:
 - a. Á árinu 2015 verður framlagið 200 m.kr.
 - b. Á árinu 2016 verður framlagið 650 m.kr.
 - c. Á árinu 2017 verður framlagið fjárhæð sem nemur 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald eins og gjaldstofninn er áætlaður í fjárlögum fyrir það ár.
2. Öllum þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing getur gagnast til að verða virkir á vinnumarkaði verði tryggt atvinnutengd starfsendurhæfing

hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. einnig 9. gr. laganna um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

3. Skipulagsskrá VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, verður breytt á næsta ársfundi sjóðsins þannig að við bætist stjórnarmaður skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra.
4. Allir aðilar þessa samkomulags eru sammála um þá brýnu þörf að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats innan almannatryggingakerfisins og mats á orkutapi innan lífeyrissjóðakerfisins.

Reykjavík 4. mars 2015

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

F.h. félags- og húsnæðismálaráðherra

Ávinningur af starfsemi VIRK

Talnakönnun hefur metið ávinninginn af starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs á undanförunum tveimur árum og er niðurstaðan sú að á árinu 2013 hafi starfsemin skilað 9,7 milljarða ávinningi og 11,2 milljarða ávinningi á árinu 2014. Til samanburðar má benda á að rekstrarkostnaður VIRK á árinu 2014 var um 2 milljarðar króna og um 1,3 milljarðar á árinu 2013. Ávinningurinn er m.a. metinn út frá raunverulegum árangri af því að flýta endurhæfingu, stytta það tímabil, sem einstaklingur er óvinnufær, og minnka tíðni örorku. Þrátt fyrir mjög varfærnar forsendur Talnakönnunar við útreikningana er niðurstaðan sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær og skili miklum samfélagslegum ábata sem skilar sér m.a. í sparnaði í almannatryggingakerfinu, til lífeyrissjóða og í auknum skatttekjum en til viðbótar kemur lífsgæðabati og fjárhagslegur ávinningur einstaklinga sem ekki er lagt mat á en ljóst er að er verulegur.

Endurskoðun almannatrygginga

Alþýðusambandið og fjölmargir aðrir hagsmunaaðilar hafa með hléum allt frá árinu 2007 tekið þátt í vinnu nefnda sem skipaðar hafa verið til að endurskoða almannatryggingakerfið í heild með það að leiðarljósi að einfalda kerfið og bæta samspil þess við lífeyriskerfið. Þrátt fyrir áralangt starf hefur sú heildar-

endurskoðun, sem unnin hefur verið að, ekki skilað sér í breytingum á kerfinu. Núverandi áfanga endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013 en hlutverk hennar er að ljúka við heildarendurskoðun almannatrygginga og gera drög að frumvarpi til nýrra laga um lífeyrisréttindi. Starf nefndarinnar miðar við að nýtt starfsgetumat komi í stað örorkumats og að skoðaðir verði kostir og gallar þess að auka möguleika til sveigjanlega starfsloka og einföldunar á lífeyriskerfinu. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt: annars vegar innleiðing starfsgetumats í stað örorkumats og hins vegar að fjalla um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja. Þá er nefndinni ætlað að kanna kosti þess og galla að hækka lífeyrisaldur í áföngum ásamt því að auka möguleika til sveigjanlegri starfsloka. Formaður nefndarinnar var skipaður Pétur H. Blöndal alþingismaður en eftir andlát hans sumarið 2015 tók Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður við formennsku. Gylfi Arnbjörnsson á sæti í nefndinni fyrir hönd ASÍ. Nefndinni var upphaflega ætlað að skila tillögum til ráðherra fyrir 1. júní 2014 en starfið hefur tafist og er áætlað að skila tillögum á haustdögum 2015. Samkvæmt drögum að niðurstöðum mun nefndin skila af sér tillögum í sjö efnisliðum en ekki leggja fram drög að frumvarpi til breytinga á lögum um almannatryggingar líkt og upprunalega stóð til.

Samkvæmt drögum að tillögum nefndarinnar eru meginniðurstöður eftirfarandi:

1. ***Einöldun kerfisins:*** Nefndin leggur til að almannatryggingar greiði einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega sem komi í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar. Þessi lífeyrir lækki um 45% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi, utan séreignarlífeyrisparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, og verði án frítekjumarka sem verði lögð niður. Nefndin leggur til að heimilisuppbot verði áfram sérstakur bótaflokkur en að skoða þurfi betur þær skilgreiningar er liggja að baki henni við mat á því hvort um fjárhagslegt hagræði sé að ræða af sambýli við aðra eða ekki.
2. ***Barnalífeyrir og fjölskyldubætur:*** Nefndin gerir ekki tillögu um breytingar á barnalífeyri almannatrygginga en fjallað er um réttindi barna í fjölskyldustefnu sem unnið er að á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra.
3. ***Hækkun lífeyrisaldurs:*** Nefndin leggur til að lífeyrisaldur hækki í skrefum, frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs.
4. ***Sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur:*** Nefndin leggur til að heimiladur verði aukinn sveigjanleiki í almannatryggingakerfinu hvað varðar

lífeyristöku. Þannig verði heimilað að fresta lífeyristökunni til 80 ára aldurs sem og að flýta lífeyristöku en þó geti hún fyrst orðið frá 65 ára aldri. Bæði frestun lífeyristöku sem og flýtt taka lífeyris hafi varanleg áhrif á fjárhæð lífeyrisins til hækkunar eða lækkunar á tryggingafræðilegum forsendum. Einnig leggur nefndin til að fólk greiði í lífeyrissjóði af launum sínum á meðan það er á vinnumarkaði.

5. **Víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða:** Nefndin leggur til að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna. Það verði gert samhliða upptöku starfsgetumats samkvæmt tillögum nefndarinnar og sameiningu þriggja bótaflokka, þ.e. örorkulífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar, í einn bótaflokk með 45% skerðingarhlutfalli. Þá sé það forsenda að framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði milli lífeyrissjóðanna verði endurskoðað.
6. **Staða einstaklinga sem ekki eru með full réttindi:** Nefndin óskaði eftir að hópur sérfræðinga myndi ræða þetta atriði sérstaklega og skoða hvaða leiðir séu þar helst færar til úrbóta. Nefndin ákvað að leggja ekki fram sérstakar tillögur um þetta efni en að stutt umfjöllun um málið verði í skýrslu nefndarinnar til ráðherra.
7. **Starfsgetumat og endurhæfing:** Nefndin leggur til að tekið verði upp nýtt matskerfi þar sem metin verði starfsgeta (starfsgetumat) í stað læknisfræðilegs mats á heilsufari eins og nú er (örorkumat). Lagt er til að matskerfið verði tveggja þrepa, í fyrsta þrepi verulega skert starfsgeta (26–50%) og í öðru þrepi lítil sem engin starfsgeta (0–25%). Í tengslum við nýtt matskerfi verði teknar upp hlutabætur í almannatryggingum. Nefndin leggur til að allir sem sækja um örorkulífeyri eftir gildistöku nauðsynlegra lagabreytinga verði metnir samkvæmt hinu nýja matskerfi og að nýja matskerfið verði notað bæði í almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Gjaldeyrishöft og heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis

Gjaldeyrishöft hafa undanfarin sjö ár takmarkað mjög fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða erlendis sem setur sjóðunum verulegar skorður við áhættudreifingar á eignum sínum. Landssamtök lífeyrissjóða gáfu í desember 2014 út bókina *Áhættudreifing eða einangrun?* eftir dr. Ásgeir Jónsson og dr. Hersi Sigurgeirsson þar sem fjallað er ítarlega um áhrif og skaðsemi fjármagnshaftanna fyrir íslenskt efnahagslíf og starfsemi lífeyrisjóðanna. Niðurstaða höfunda er að veita ætti lífeyrissjóðunum undanþágu frá fjármagnshöftum sem veitir þeim heimild til að fjárfesta fjórðungi af iðgjöldum hvers ár, eða um 10 milljörðum árlega, í erlendum eignum. Margt bendi til þess að fjármagnshöft verði viðvarandi hérlendis næstu árin en óumdeilt sé þó að

erlendar fjárfestingar og alþjóðleg eignadreifing séu lykilskilyrðin fyrir því að sjóðsöfnunarkerfi geti skilað hlutverki sínu með fullnægjandi hætti og tryggt að öldrun þjóðarinnar valdi ekki verulegum ruðningsáhrifum í efnahagslífinu. Um 22% af eignasafni lífeyrissjóðanna er nú í erlendum eignum en sé tekið tillit til haftanna og aukningar í lífeyriseignum á næstu árum ætti vægi erlendra eigna að vera mun hærra.

Í ljósi þessa setja bókarhöfundar fram þrjár tillögur varðandi erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna á næstu árum. Í fyrsta lagi fái lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta erlendis fyrir 10 milljarða á ári til að tryggja að hlutfall erlendra eigna þeirra lækki ekki frekar en orðið er. Í öðru lagi verði unnið að því að auka hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna á næstu árum með því að ráðstafa þeim viðskiptaafgangi, sem er umfram 5% af landsframléiðslu, til að hækka hlutfall erlendra eigna. Í þriðja lagi leggja höfundar til að litið verði á erlenda fjárfestingu lífeyrissparnaðar sem þjóðhagsvarúðartæki til að koma í veg fyrir að innflutningur erlends sparnaðar valdi þenslu innanlands og rýri samkeppnisstöðu atvinnuveganna eins og oft hefur verið raunin hér á landi. Í þessu augnamiði verði farin „kínverska leiðin“ þannig að sóst verði eftir erlendri fjárfestingu á sama tíma og landið sé hreinn fjármagnsútflytjandi með varanlegan viðskiptaafgang.

Fyrsta skref í átt að þessu var tekið í kjölfar þess að stjórnvöld kynntu aðgerða-áætlun sína um losun fjármagnshafa í júní 2015. Þá gaf Seðlabanki Íslands út yfirlýsingu þess efnis að lífeyrissjóðunum verði heimilt að fjárfesta erlendis fyrir samtals 10 milljarða króna á yfirstandandi ári.

Lífeyrismál á 41. þingi ASÍ 2014 - Hluthafastefnur lífeyrissjóða og launakjör stjórnenda í fyrirtækjum í eigu lífeyrissjóða

Nokkur umræða skapaðist á haustdögum 2014 í hreyfingunni og samfélaginu um launakjör ædstu stjórnenda í fyrirtækjum þar sem lífeyrissjóðir launafólks eru stórir eigendur og um hver afskipti sjóðanna skuli vera, m.a. varðandi starfskjör stjórnenda. Þessi mál hafa áður verið talsvert til umfjöllunar, m.a. við mótun stefnu ASÍ í lífeyrismálum þar sem segir m.a.:

„Það er afdráttarlaust afstaða aðildarsamtaka Alþýðusambandsins að lífeyrissjóðirnir eigi að setja sér skýrar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð, bæði hvað varðar fjárfestingar sínar og innri starfsemi. Jafnframt er nauðsynlegt að setja skýrar verklagsreglur í daglegri starfsemi sjóðanna sem tryggir að þessi stefna nái fram að ganga í einstökum ákvörðunum við fjárfestingar og eftirfylgni með þeim.

Lífeyrissjóðirnir séu ábyrgir hluthafar sem fylgja fjárfestingum sínum eftir

- Sjóðirnir setji sér hluthafastefnu um hvernig þeir hyggjast beita sér sem fjárfestar og fylgja eignum sínum eftir.
1. Sjóðirnir setji sér skýrar reglur um launagreiðslur stjórnar og stjórnenda þeirra fyrirtækja, sem fjárfest er í, með það að markmiði að koma í veg fyrir óeðlileg ofurlaun.
 - Sjóðirnir skipi fulltrúa sína í stjórnir hlutafélaga, sem þeir eiga hlut í, sé þess kostur og skoði í þeim efnum möguleika á að beita sér sameiginlega með öðrum sjóðum.
 - Stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóðs skulu ekki sitja í stjórnnum hlutafélaga í umboði hans.“

Lífeyrissjóðirnir hafa á undanförunum árum í auknum mæli sett sér sérstakar hluthafastefnur þar sem fjallað er um þær kröfur sem sjóðirnir setja sér við fjárfestingar, t.d. varðandi stjórnarhætti, umhverfismál og siðferðileg viðmið í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í. Stefnurnar eru ólíkar og misumfangsmiklar. Líkt og hjá flestum erlendum fjárfestum, sem hafa sett sér viðmið um launakjör stjórnenda, eru ekki settar fram ákveðnar tölur um hvað séu ásættanleg kjör stjórnenda í fyrirtækjum en lýst ákveðnum þáttum sem fyrirtækjum bera að fara eftir þegar samið er um kaup og kjör við stjórnendur. Í umræðum innan hreyfingarinnar og í samfélaginu kom fram að mörgum þætti þessi viðmið óljós og þau veittu takmarkað aðhald gegn ofurlaunastefnu.

Miðstjórnar ASÍ tók málið til umræðu á fundi sínum þann 20. ágúst 2014 og samþykkti þar eftirfarandi:

„Það sjónarmið kom skýrt fram í umræðunum að verkalýðshreyfingin eigi að hafa skoðun á launum stjórnenda fyrirtækja og andmæla kröftuglega og vinna gegn þeirri ofurlaunastefnu sem þar er í gangi, þar sem stjórnendur eru sjálfir að ákveða laun og launahækkningar til annarra stjórnenda og sækja síðan viðmið í það fyrir sig sjálfa. Fram kom það sjónarmið – og var tekið undir það af öðrum miðstjórnarmönnum – að flytja eigi umræðu og stefnumótun varðandi aðkomu og afskipti lífeyrissjóðanna og fulltrúa þeirra af launum stjórnenda fyrirtækja af borði fulltrúa stéttafélaganna í stjórnnum lífeyrissjóðanna yfir á vettvang Alþýðusambandsins. Rétt sé að miðstjórn undirbúi umræðu um málið og stefnumótun fyrir þing ASÍ í október þar sem afstaða verkalýðshreyfingarinnar verði mótuð til þess hvaða viðmið eigi að hafa varðandi laun stjórnenda og með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir eigi að beita sér í þeim efnum.“

Málefnið var í framhaldinu tekið til ítarlegrar umræðu í nefndarstarfi á 41. þingi ASÍ í október 2014 þar sem fjallað var um hluthafastefnur lífeyrissjóða og launakjör stjórnenda í fyrirtækjum í eigu lífeyrissjóða. Var þar meðal annars velt upp álítaefnum varðandi það hvort verkalýðshreyfingin eigi að setja ákvæðin viðmið um launakjör stjórnenda í fyrirtækjum í eigu lífeyrissjóða og hver þau viðmið skuli þá vera. Þá var rætt um hvort ákvæði laga um að stjórnir sjóðanna skuli ná „bestu ávöxtun“ setji skorður við viðbrögðum þeirra við ofurlaunum, hvort hægt sé að setja eitt viðmið fyrir öll fyrirtæki, óháð stærð og eðli starfseminnar og hvernig lífeyrissjóðir eigi að framfylgja viðmiðunum og bregðast við ef þeim er ekki fylgt.

Í kjölfar umræðna var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Launakjör stjórnenda

Launabilið í samfélaginu hefur breikkað á síðustu árum og laun og bónusar stjórnenda fjölmargra fyrirtækja eru gríðarlega há og úr öllu samhengi við það samfélag sem við búum í. Á slíkt getur verkalýðshreyfingin aldrei fallist.

Lífeyrissjóðir launafólks eru stórir eigendur í fjölmörgum fyrirtækjum. Hlutverk sjóðanna er að tryggja hámarksávöxtun á lífeyrissparnað almennings að teknu tilliti til áhættu og með langtímahagsmuni sjóðsfélaga í fyrirrúmi. Á sama tíma er mikilvægt að sjóðirnir séu ábyrgir hluthafar og beiti áhrifum sínum til þess að tryggja bæði að samfélagsábyrgð og siðferði sé viðhaft innan þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Þannig geta sjóðir tekið ákvörðun um að fjárfesta ekki í fyrirtækjum þar sem laun æðstu stjórnenda eru það há að þau misbjóði siðferðisvitund alls almennings. Þessu verkfæri hafa sjóðirnir beitt og eiga að beita í auknum mæli.

Áherslur ASÍ:

- Að lífeyrissjóðir yfirfari og skerpi á eigendastefnum sínum þannig að sjóðirnir verði betur í stakk búnir til að bregðast við ofurlaunum æðstu stjórnenda fyrirtækja.
- Að lífeyrissjóðirnir fylgi eigendastefnum sínum fast eftir og kynni þær opinberlega þannig að stjórnnum fyrirtækja á markaði megi vera ljóst að ekki verði fjárfest í fyrirtækjum þar sem ofurlaun viðgangast.
- Að hvetja til þess að fyrirtæki setji sér opinbera stefnu um launakjör æðstu stjórnenda til þess að lífeyrissjóðir geti metið mögulega fjárfestingakosti í samræmi við eigendastefnur sínar og siðareglur.

Hlutverk ASÍ:

- Að samræma sjónarmið innan verkalýðshreyfingarinnar í þessum málaflokki.
- Að styðja við bakið á fulltrúum launafólks í stjórnnum lífeyrissjóða með opinni og upplýstri umræðu um mótun á eigendastefnum sem og eftirfylgni þeirra.“

Breyttar lífslíkur og hækkun eftirlaunaaldurs

Í nóvember 2014 tók Alþýðusambandið þátt ráðstefnu þar sem fjallað var um áhrif og viðbrögð við þeim breytingum, sem orðið hafa á lífslíkum þjóðarinnar, og þeirri fyrirsjáanlegu fjölgun eldra fólks sem við blasir næstu áratugi. Á málþinginu, sem var haldið þann 24. nóvember á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og Félags tryggingastærðfræðinga, kynntu þrír tryggingastærðfræðingar fyrirhugaðar breytingar á aðferðafræði við mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðanna þar sem horfið verður frá því að líta eingöngu á dánar- og lífslíkur fimm ár aftur í tímann en þess í stað einnig tekið mið af spám um þróun á dánartíðni og lengri meðalævi næstu áratugina. Þessi breyting mun leiða til þess að áunnar lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóðanna gætu hækkað um allt að 10–15% en áhrifin á einstaka sjóði eru misjöfn eftir aldursamsetningu sjóðfélaganna. Þessi staða er ekki óvænt og fyrir hefur legið að bregðast þarf við. Til þess eru einkum þrjár leiðir: hækkun eftirlaunaaldurs, hækkun iðgjalda eða lækkun réttinda. Á liðnum árum hafa farið fram viðræður innan lífeyriskerfisins og milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um mögulegar leiðir. Innan lífeyriskerfisins og í nefnd um endurskoðun almannatrygginga, sem nú er starfandi, er rætt um að hækka eftirlaunaaldur í áföngum næstu áratugina í 70 ára aldur. Eru flestir ásáttir um nauðsyn þess þó enn sé til skoðunar með hvaða hætti þetta verði gert. Frummælendur á ráðstefnunni voru tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Guðmundsson, Þórir Óskarsson og Steinunn Guðjónsdóttir en í kjölfar erinda þeirra stýrði Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, pallborðsumræðum með aðilum vinnumarkaðarins. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, tók þátt í þeim fyrir hönd ASÍ auk Hannesar G. Sigurðssonar frá SA, Elínar B. Jónasdóttur, formanns BSRB, Guðlaugar Kristjánsdóttur, formanns BHM, Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Maríönnu Jónasdóttur, skrifstofustjóra skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Málefnið, sem er viðmikið, var til umfjöllunar í réttindanefnd Landssamtaka lífeyrissjóða á starfsárinu og skilaði vinnuhópur nefndarinnar eftirfarandi skýrslu um áhrif breytinga á forsendum um ævilengd og tillögum að hækkun lífeyrisaldurs á vordögum 2015.

Skýrsla um starf fyrir vinnuhóp Réttindanefndar Landssambands lífeyrissjóða vegna mótunar tillögu um viðbrögð við breytingum á forsendum um ævilengd

Breytingar á meðalævilengd.

Meðalævilengd manna hefur stöðugt verið að lengjast undanfarna áratugi og má jafnvel rekja slíkar breytingar um tveggja alda skeið. Orsakir eru margar og hafa haft áhrif á dánartíðni á mismunandi æviskeiðum. Þannig hefur orðið lækkun á ungbarnadauða, dauðsföll vegna fæðuskorts heyra sögunni til a.m.k. í okkar heimshluta, smitsjúkdómum hefur að miklu leyti verið útrýmt og á seinni árum hefur dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma og heilablóðfalls fækkað verulega meðal fólks á miðjum aldri. Sama á við um ýmsa aðra sjúkdóma. Þótt ástæður séu margar og mismunandi hefur lenging meðalævi verið nokkuð stöðug undanfarna áratugi, og dánartíðni lækkað um 2-3% á ári á löngum aldursbilum, og meðalævi verið að lengjast með reglulegu mynstri. Minnstar breytingar virðast hafa orðið á dánartíðni meðal þeirra sem elstir eru.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur reglulega reiknað út aldursbundna dánartíðni allt frá árinu 1960. Skoðuð er aldursbundin dánartíðni á fimm samliggjandi almanaksárum, og dánartíðni fyrir hvern aldur metin eftir þeirri reynslu. Má þá reikna út t.d. meðal ólífaða ævi við fæðingu miðað við að þessi dánartíðni lýsi lífslíkum nýfædds einstaklings. Í því felst þá að gert er ráð fyrir að dánartíðni t.d 90 ára einstaklinga verði eftir 90 ár sú sama og var síðustu fimm ár en miðað við þróun undanfarna áratuga kann það að virðast ótraust forsenda.

Eftirfarandi tafla sýnir mat á meðalólífaðri ævi við fæðingu samkvæmt þessum athugunum, ásamt því árabili sem lagt var til grundvallar við mat reynslunnar í hvert sinn.

Meðal ólífuð ævi við fæðingu eftir dánar- og eftirlífendatöflum FÍT

viðmiðun	karl	kona
1966-1970	70,8	77,6
1971-1975	72,1	78,7
1976-1980	73,6	80,2
1981-1985	73,6	80,6
1986-1990	75,0	80,6
1991-1995	76,2	81,1
1996-2000	76,9	81,7
1999-2003	77,9	82,2
2001-2005	78,6	82,9
2004-2008	79,1	83,2
2007-2011	79,5	83,6

Yfir allt tímabilið svarar þetta til að mat á meðalævilengd við fæðingu hafi lengst að meðaltali um 2,5 mánuði á ári hjá körlum og 1,75 mánuði hjá konum.

Víðast í Evrópu er farið að reikna með áframhaldandi lækkun dánartíðni þegar lífeyrisskuldbindingar eru metnar. Nefna má að í riti sem OECD gaf út snemma árs 2015 er mælt með því að svo sé farið að.

Forskrift Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga samþykkti á félagsfundi sínum í mars 2015 forskrift til nota um breytingu aldursbundinnar dánartíðni næstu áratugi. Undirnefnd félagsins sem hefur umsjón með útgáfu dánar- og eftirlifendatafna hafði um nokkurt skeið kannað aðferðir sem notast hefur verið við í nálægum löndum við gerð slíkra forskrifa. Samhliða var sett fram tillaga um upptöku á forskriftinni við framkvæmd tryggingafræðilegra athuguna. Er lagt til að stefnt verði að því að tryggingafræðilegar athuganir sem gerðar verð miðað við lok árs 2015 taki mið af forskriftinni varðandi aldursbundna dánartíðni.

Forskrifin er byggð á reynslu árunna 1998-2013 og gert ráð fyrir að breytingar verði með sama hætti fram til ársins 2030 og síðan gert ráð fyrir að á næstu 25 árum muni lækkun dánartíðni færazt á að verða 1% árlega á öllum aldurskeiðum. Áhrif á meðalævi eru svipuð og eftir þeim spám sem notaðar eru í nálægum löndum, t.d. Svíþjóð og Hollandi. Gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki heldur meira hjá körlum en konum, en meðalævi kvenna verði þó áfram lengri en meðalævi karla.

Félagið hyggst áfram fylgjast með þróun aldursbundinnar dánartíðni og kanna hversu vel spáin eða framreikningurinn fellur að reynslu og endurskoða verklag eftir því sem þörf krefur. Er vonast til þess að með þessu verði minni þörf til stöðugra breytinga á lífeyrisréttindum og betra samræmi verði milli framlaga herrar kynslóðar og þess lífeyris sem greiddur er.

Áhrif forskrifa um lækkun dánartíðni

Skuldbindingar lífeyrissjóða voru í tryggingafræðilegum athugunum við lok árs 2014 metnar eftir dánarreynslu árunna 2007-2011. Aldursbundin dánartíðni er þá eins og áður sagði metin fyrir hvern aldur eftir því sem gerðist árin 2007 til 2011, og gert ráð fyrir að dánartíðni á hverjum aldri verði síðan sú sama um alla framtíð. Aldursbundin dánartíðni sem metin er með þessum hætti er gjarna kölluð dánartíðni almanaksára, til aðgreiningar frá dánartíðni fæðingarárganga, þar sem hverjum fæðingarárgangi er ætluð sérstök dánartíðni.

Til að fá mynd af áhrifum má taka dæmi. Árið 2012 þegar nýjustu dánar- og eftirlifendatölur voru gefnar út urðu þeir sem fæddir voru 1996 sextán ára og skyldir til að greiða til lífeyrissjóða af launatekjum. Eftir nýttkomnum tölum um lífslíkum mátti lífeyrissjóður sem tók við iðgjöldum þeirra ætla að lengd þess tíma sem greiddur yrði eftirlaunalífeyrir til þeirra úr þessum árgangi sem næðu 67 ára aldri yrði að meðaltali 16,4 ár fyrir karla og 18,8 ár fyrir konur.

Ef forskrift FÍT er beitt á lífslíkur til framtíðar fæst að meðallengd lífeyristíma verði 22,5 ár fyrir karla og 24,25 ár fyrir konur.

Ef gert er ráð fyrir að dánartíðni fari lækkanði í framtíðinni hefur það augljóslega áhrif á mat á eftirlaunaskuldbindingum til hækunar þar sem að meðalgildi greiðslutímans lengist. Mat á verðmæti iðgjalda hækkar lítlega, en mun minna en matið á skuldbindingum vegna eftirlauna þar sem dánartíðni á þeim aldursárum sem iðgjald er greitt er þegar mjög lág, og áhrif þess að hún lækki enn


frekar lítil. Lítil breyting verður á mati örorkulífeyris og sama gildir væntanlega um makalífeyri. Heildaráhrifin eru þau að spáin felur í sér umtalsverða hækkun lífeyrisskuldbindinga umfram verðmæti iðgjalda, og fer hlutfallsleg hækkun vaxandi með lækkandi aldri sjóðfélaga.

Sjóður þar sem jafnvægi reiknaðist milli eigna og skuldbindinga metið með dánartíðni árunna 2007-2011 myndi því sýna tryggingafræðilegan halla eftir að tekið er tillit til áætlunar um lækkun dánartíðni.

Til að meta áhrif fyrirhugaðra breytinga á forsendum á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða var sett upp reiknilíkan til þess að kanna áhrifin á mat skuldbindinga og iðgjalda hjá lífeyrissjóðum með réttindareglur eins og tíðkast hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Grunn dæmi í útreikningum er lífeyrissjóður sem hefur jafnt hlutfall karla og kvenna, örorkulíkur eins og meðaltal íslenskra lífeyrissjóða og maka- og barnalífeyrisréttindi samkvæmt lágmarki íslenskra lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að framreikningsaldur örorku- og makalífeyris sé til 65 ára aldurs. Eftirlaunaaldur er settur 67 ár og gert ráð fyrir að lífeyrisréttindi breytist eins og vístala neysluverðs til verðtryggingar.

Línurit 1 sýnir hækkun á mati áfallinna skuldbindinga í slíku réttindakerfi eftir aldri sjóðfélaga



Niðurstöðuna má einnig skoða sem nauðsynlega lækkun áunninna réttinda til að ná jafnstöðu við það sem reiknaðist með lífslíkum árunna 2007-2011:

Aldur/lækkun:

20	30	40	50	60	70	80	90	95
-15,8%	-14,9%	-13,8%	-11,9%	-8,8%	-5,9%	-5,1%	-3,0%	-1,4%

Breyting á forsendum um lífslíkur myndi leiða til hækkunar á mati áfallinna og framtíðar skuldbindinga. Áhrifin á framtíðarskuldbindingar verður meiri, þar sem þar er vægi ungra sjóðfélaga meira og áhrifin af breytingu forsendna fara vaxandi með lækkanði aldri sbr. að ofan.

Breytingarnar eru eins og fram kemur að ofan mismunandi mikil eftir aldri og áuninn réttindi eru einnig mismikil eftir aldri. Því er nauðsynlegt til að skoða heildaráhrif fyrir lífeyrissjóði.

Til að fá yfirsýn yfir heildaráhrif voru breytingar á tryggingafræðilegri stöðu skoðaðar með því að kanna áhrifin fyrir lífeyrissjóð sem væri í jafnvægi miðað við núverandi forsendur um lífslíkur.

Hækkun skuldbindinga í þessu tilviki er eins og áður sagði breytileg eftir aldri og að nokkru leyti eftir kyni. Þá mun hluti skuldbindinga, örorku- og maka- og barnalífeyrisskuldbindingar, breytast lítið. Þannig verða hlutfallsleg áhrif ekki nákvæmlega hin sömu fyrir alla lífeyrissjóði.

Til viðbótar við grunnlíkanið, það er lífeyrissjóð með jafna skiptingu milli réttinda karla og kvenna voru einnig skoðuð áhrif fyrir mismunandi skiptingu milli kynja. Þá var skoðuð tvenns konar aldurs samsetning, annars vegar það sem mætti kalla ungur sjóður þar sem vægi lífeyrisþega er lítið og meðalaldur greiðandi sjóðfélaga lágur og svo eldri sjóður með hærri vægi skuldbindinga lífeyrisþega og hærri meðalaldur greiðandi sjóðfélaga.



Almennt er ekki mögulegt fyrir einstaka lífeyrissjóði að breyta iðgjöldum. Þá er þess að gæta að lengd meðalævi er í spánni talin breytast eftir fæðingarári og því mun hver árgangur þurfa mismunandi iðgjald ef miðað er við fastan eftirlaunaaldur. Af sjálfu leiðir svo að lífeyrisþegar munu ekki leggja fram frekari iðgjöld þó að mat á skuldbindingum þeirra hækki einnig.

Breyting á réttindum er því sú leið sem einföldust er til að eyða áhrifum af breyttum forsendum á tryggingafræðilega stöðu.

Hér má hugsa sér hefðbunda lækkun áunninna réttinda og lækkun réttindataflna, en það sem flækir þá leið er að áhrifin af breytingu forsendna um lífslíkur er mjög mismunandi eftir árgöngum. Þannig myndi hefðbundin flöt lækkun sem til þyrfti að koma geta virst ósanngjörn fyrir eldri sjóðfélaga sem hafa greitt iðgjald sem ætti að geta staðið undir mestum hluta þeirra réttinda sem þeim voru veitt en fyrir yngstu sjóðfélagana yrði réttindaöflun áfram of há og myndi skapa halla þegar fram í sækti og nýjrir árgangar kæmu inn.

Hækkun eftirlaunaaldurs er leið sem litið er til víða erlendis til að draga úr áhrifum á lífeyriskerfi af þeirri lengingu meðalævi sem spáð er. Vissulega felst í því skerðing, en breytingarnar má þá laga betur að því sem til þarf fyrir hvern árgang. Breyting réttinda sem fæli í sér hækkun eftirlaunaaldurs í takt við hækkun á meðalaldri kann líka að virðast sanngjörn, þannig yrði sá tími sem hver kynslóð eða árgangur nýtur eftirlauna svipaður.

Loks þarf að hafa í huga að óhjákvæmilega er mikil óvissa um áætlanir um breytingu meðalævilengdar til framtíðar, og reynsla fortíðar hefur þar ekki öruggt forspárgildi. Komi í ljós að forskrift um lækkun dánartíðni gangi ekki eftir mætti draga úr hækkun eftirlaunaaldurs eða hraða henni allt eftir því sem reynslan mun leiða í ljós.

Viðast hvar erlendis er eftirlaunaaldur nú lægri en á Íslandi og kynni sá munur enn að aukast með slíkri ráðstöfun. Tiltölulega hár eftirlaunaaldur er eitt af því sem skýrir hversu lág iðgjöld eru hérlendis.

Meðal þeirra leiða sem rædd voru innan starfshóps réttindanefndar voru :

Áfallin staða : Jöfnuð með lækkun áfallinna réttinda.

Með flatrí lækkun réttinda

Með lækkun hjá hverjum árgangi í samræmi við spá um lengingu meðalævi

Fyrir þá sem ekki eru byrjaðir tóku lífeyris hækkun eftirlaunaaldurs

Hækkun eftirlaunaaldurs í þrepum

Framtíðar staða

Lífeyrisaldur óbreyttur, iðgjöld hækkuð þannig að jafnvægi náist, breytileg iðgjöld og réttindatöflur eftir árgöngum

Lífeyrisaldur hækki í þrepum, notuð sama réttindatafla fyrir alla árganga en mismunandi viðmiðunaráldur ellilífeyris

Fjótlega fengu þær hugmyndir mestan hljómgrunn innan starfshópsins að stefna að hækkun almenns eftirlaunaaldurs hugsanlega með einhverri formlegri lækkun áunninna réttinda sem gæti þá einnig náð til núverandi lífeyrisþega. Sú lækkun yrði háð aldri þannig að minnst lækkun yrði á réttindum hinna elstu.

Almennur eftirlaunaaldur verði þannig mismunandi eftir árgögnum og notuð sama réttindatafla fyrir alla.

Ef jafna ætti að fullu út áhrif forskriftar FÍT um lækkun dánartíðni við mat lífeyrisskuldbindinga með breytingu lífeyristökualdurs þyrfti lífeyristökualdur að vera um það bil sem hér segir fyrir mismunandi fæðingarárganga:

Fæðingarárgangur / lífeyristökualdur

1949	68
1961	69
1970	70
1999	73

eða rúmlega 1 mánuður á ári eftir hækkun í 68 ár.

Ekki var talið æskilegt að hækkun lífeyrissaldurs yrði mjög snögg og því ekki talið fýsilegt að fylgja þeirri hækkun eftirlaunaaldurs sem sýnd er hér að framan.

Með sömu reiknilíkönum og lýst er að framan voru því kannaðar ýmsar útfærslur af hækkun lífeyrissaldurs og hvaða áhrif það hefði á mat á stöðu lífeyrissjóða að vikja í einhverju frá þeim takti sem þyrfti til að eyða að fullu áhrifum af forskrift FÍT um breytingar á lífslíkum, og eins hvort unnt væri að sleppa breytingum á lífeyrirréttindum þeirra sem komnir eru á lífeyri.

Áhrifin af slíkum frávikum sýndust ekki vera óyfírstíganleg og má væntanlega skýra takmörkuð áhrif með nokkuð mismunandi stærð árganga. Árgangar núverandi lífeyrissþega og þeirra sem fara á lífeyri á allra næstu árum eru umtalsvert fámennari en árgangar frá því um 1960 og síðar sem eru aftur nokkuð jafnir að stærð. Þá eru áunnin réttindi þeirra sem nú eru á lífeyri alla jafna minni en verður hjá þeim sem greitt hafa alla starfsævi af heildarlaunum til lífeyrissjóðs.

Í reynd er þó niðurstaðan bundin við stöðu hvers lífeyrissjóðs og áhrifin háð skiptingu sjóðfélaga sjóðsins hvað varðar aldur og kyn, vegið með réttindum.

Endaneg tillaga starfshóps réttindanefndar

Sem málamíðlun milli þess að ná fullu jafnvægi og að breytingar á lífeyrirréttindum verði ekki snöggar hjá þeim sem stutt eiga eftir í að ná almennum lífeyrissaldri er lagt til að lífeyristökualdur verði hækkaður í þrepum, fyrst um 2 mánuði á ári í 12 ár, fyrst fyrir árganginn 1950 og síðan um einn mánuð á ári eftir það.

Þessi breyting snertir ekki lífeyrissþega og er lagt til svo að jafnræðis verði gætt að lífeyrir þeirra sem þegar hafa byrjað töku lífeyriss verði lækkaður. Verði sú lækkun í hlutfalli við þá hækkun skuldbindinga sem hlýst af breytingu forsendna fyrir hvern aldurshóp, og að lækkun verði ekki hærra hlutfall af breytingu skuldbindinga en verður hjá þeim árgangi þar sem almennur eftirlaunaaldur hækkar fyrst. Verði engin breyting gerð á réttindum þess árgangs önnur en hækkun lífeyrissaldurs myndi þetta svara til um 1,2% lækunar fyrir yngstu eftirlaunaþega og síðan minnkandi með hækkingu aldri.

Fjárhagsleg áhrif

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif tillögu starfshópsins um hækkun eftirlaunaaldurs, sýnt sem breyting á tryggingafræðilegri stöðu í prósentustigum, miðað við það að engar breytingar verði gerðar á réttindum núverandi lífeyrisþega.

	Yngri sjóður		Eldri sjóður	
	90% karlar	50% karlar	90% karlar	50% karlar
Áfallin staða	-1,3%	-0,9%	-3,2%	-2,7%
Framtíð	0,6%	0,5%	0,4%	0,3%
Heild	-0,6%	-0,4%	-2,1%	-1,7%

Áhrifin eru eins og við er að búast mest fyrir sjóð með hátt hlutfall karla og lífeyrisþega. Fyrir sjóði sem voru með tryggingafræðilegan halla í lok árs 2014 miðað við lífslíkur 2007-2011 kynni að reynast nauðsynlegt að grípa til frekari ráðstafana.

Sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri

Önnur hlið lengri lífaldurs var rædd á málþingi þann 25. nóvember 2014 sem Alþýðusambandið ásamt Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins (SA), Landssambandi eldri borgara, Öldrunarráði og velferðarráðuneytinu stóðu fyrir undir yfirskriftinni Sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri. Á málþinginu kom fram að þótt atvinnuþátttaka eldra fólks væri mikil hér á landi í samanburði við flest önnur lönd væri mikilvægt að auka hana frekar meðal annars með því að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum, sem koma nú í veg fyrir að eldra fólk geti starfað áfram, og auknum sveigjanleika bæði innan lífeyriskerfisins og á vinnumarkaði. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastóri Landssamtaka lífeyrissjóða, setti málþingið og því næst ávarpaði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, samkomuna en í kjölfari héldu framsögumenn erindi. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landsambands eldri borgara, hélt erindi undir yfirskriftinni Þori ég? – Get ég? – Vil ég? Þá fjallaði Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, um það hvort vinnandi fólk kikni undan ellibyrdinni í kjölfar þess að hlutfall vinnandi fólks á móti lífeyrisþegum fer úr 6:1 í 2:1 á næstu 40 árum. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fjallaði um hvort hægt væri að gera nýja kynslóðasátt og benti meðal annars á mikilvægi þess að ná sátt um bætt samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna og bætta stöðu þeirra kynslóða sem nú eru á eftirlaunaaldri og hafa í mörgum tilvikum ekki náð að safna fullum réttindum í lífeyrskerfinu eins og yngri kynslóðir munu gera. Þá lýsti forsetinn áhyggjum af því að þingmenn sæju ekki ástæðu til að taka þátt í umræðum um þær miklu og nauðsynlegu breytingar sem í vændum væru, og um hvernig skyldi bregðast við þeim. Því næst greindi Jóna Valborg Árnadóttir, MS í mannauðsstjórnun, frá rannsókn sinni á því hvað hvetji miðaldra og eldra fólk í starfi og stuðli að starfsánægju þess og Jón H. Magnússon, lögfræðingur ræddi um hvernig gera má eldra fólk samkeppnishæfara á vinnumarkaði. Frummælendur tóku að lokum þátt í pallborðsumræðum undir stjórn fundarstjóra, Péturs Magnússonar, formanns Öldrunarráðs.



UMHVERFISMÁL

Umhverfisstefna ASÍ

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum í september 2014 tillögu að umhverfisstefnu sem unnin var af fulltrúum umhverfisnefndar. Þar kemur fram að umhverfismál fjalla um áhrif athafna mannsins á umhverfi sitt, landið, loftið, vatnið og aðrar lífverur; að umhverfismál fjalla um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og loftlagsbreytingar af mannavöldum og að umhverfismál þarf að samþætta allri samfélagsumræðu. Þekking er nauðsynleg í baráttunni gegn loftlagsbreytingum og forsendur breytinga er þátttaka og samvinna og þar hefur verkalýðshreyfingin sem öflug fjöldahreyfing mikilvægu hlutverki að gegna.

Í umhverfisstefnu ASÍ er lögð áhersla á að nauðsynlegt er að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem velferð okkar rýrir hvorki velferð komandi kynslóða né kjör annarra þjóða né heldur dregur úr möguleikum þeirra til að bæta kjör þegna sinna.

Verkefni ASÍ samkvæmt umhverfisstefnunni er að verkalýðshreyfingin beiti sér fyrir vitundarvakningu í samvinnu við aðildarfélög sín, að þekking er lykillinn að almennri þátttöku fólks í að takast á við breyttar aðstæður þar sem sjálfbærni og umhverfisvitund er höfð að leiðarljósi.

Það er mikilvægur áfangi í starfi umhverfisnefndar að hafa samþykktu umhverfisstefnu að leiðarljósi í áframhaldandi vinnu í baráttunni fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og gegn loftlagsbreytingum af mannavöldum en neikvæðar afleiðingar þeirra fyrir komandi kynslóðir eru uggvænlegar.

Rammaáætlun

Að fylgja eftir þróun Rammaáætlunar – Áætlun um vernd og nýtingu landsvæða er viðvarandi verkefni umhverfisnefndar. Nú er í gangi 3. áfangi rammaáætlunar sem tekur til tímabilsins 2013–2017.

ASÍ hefur ætíð lagt áherslu á að mikilvægt sé að fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar rammaáætlunar á hverjum tíma þar sem að baki liggja fagleg vinnubrögð sem byggja á breiðri sátt fagaðila. Í upphafi árs var lögð fram þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er lagt til að ákveðnir virkjunarkostir verði færðir úr biðflokki yfir í nýtingarflokk.

Í umsögn Alþýðusambandsins til Alþingis er enn og aftur lögð áhersla á að ASÍ telur nauðsynlegt að hver virkjunarkostur fái þá umfjöllun hjá verkefnisstjórn, sem vera ber, áður en lagt er til að færa einstaka virkjanakosti úr einum flokki yfir í annan. Einnig leggur ASÍ áherslu á, í umsögn sinni, að tillögur verkefnisstjórnar á hverjum tíma séu virtar.

Þjóðareign

Í apríl var haldið málþing undir yfirskriftinni *Þjóðareign*. ASÍ ásamt BSRB, Landvernd og áhugafólki um sjálfbæra þróun boðaði til fundar um auðlindir Íslands, nýtingu þeirra, eignarhald og skiptingu auðlinda. Markmiðið var að leitast við að skýra og skilgreina hagsmuni, sem eru í húfi, og hvernig þarf að verja þá í þágu þjóðarinnar.

Flutt voru mörg áhugaverð erindi þar sem fjallað var m.a. um virði auðlinda í almannaeigu, spurt var hvers vegna auðlindaákvæði í stjórnarskrá sé mikilvægt, fjallað um arð af náttúruauðlindum og hver nyti hans. Fundurinn var mjög vel sóttur, húsfullir var og margir þurftu frá að hverfa.

Hlutverk Alþýðusambandsins sem fjöldahreyfingar er mikilvægt og með þátttöku sinni í opnum fundi um náttúruauðlindir landsins og eignarhald þeirra sýnir sambandið alvöru málsins og þá víðtæku hagsmuni sem í húfi eru.



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlits ríkisins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu lengi vel mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þetta með gleggstum hætti í auknum verkefnum og aðgerðum til að takast á við afleiðingar atvinnuleysisins og uppbyggingu á því sviði, auk þess sem sumar þeirra þurftu að þola mikinn niðurskurð. Starf ASÍ að þessum málaflokki mótaðist eðlilega mjög af framangreindum aðstæðum.

Nú er svo komið að afleiðingar hrunsins eru að mestu horfnar þegar kemur að vinnumarkaðinum og stöðunni þar. Atvinnulífið hefur tekið við sér og mikill vöxtur er í greinum eins og ferðaþjónustunni, byggingariðnaði og mannvirkja-gerð en um leið fer ýmis brota- og svikastarfsemi vaxandi.

Alþýðusambandið tók virkan þátt í starfi nefndar á vegum félags- og hús-næðismálaráðherra um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi á tímabilinu. Þá er í gangi vinna á vettvangi jafnréttismála sem Alþýðusambandið tekur virkan þátt í. Sama gildir um áherslu ASÍ á aðgerðir sem beinast að baráttunni gegn kennitöluflakki, svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífnum.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2014 til hausts 2015. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum, sem gerðir hafa verið á undangengnum árum, og með yfirlýsingum ríkisstjórna í tengslum við þá.

Jafnréttismál

Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa eru meðal þeirra grundvallarþátta mannréttinda sem verkalýðshreyfingin byggir á og skal standa vörð um. Með aðild að ráðum og vinnuhópum á vegum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, sem tengjast jafnréttis- og fjölskyldumálum, er ASÍ virkur þátttakandi í stefnumótun og aðgerðum í baráttunni fyrir jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. ASÍ tekur virkan þátt í þróun lagasetningar, er varða jafnrétti kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa og innleiðingu þeirra, sem og jafnlaunastaðals á vinnumarkaði.

Með þátttöku í kvennanefnd Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, ETUC, er fylgst með og tekið þátt í umræðum og stefnumótun í jafnréttis- og fjölskyldumálum á Evrópuvísu; einnig um innleiðingu og framkvæmd Evrópureglna í mála-flokknum hér á landi. Einnig tekur ASÍ þátt í norrænum vinnufundum systrasamtaka á Norðurlöndum þar sem fjallað er um stefnumótun í jafnréttismálum og skipst er á upplýsingum um framkvæmd verkefna.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Jafnréttis- og fjölskyldunefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarféлага ASÍ. Nefndin kemur saman reglulega með 7–9 vikna millibili frá hausti fram á sumar og þess á milli nýta nefndarmenn sér

tölvutæknina til samskipta. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og þá fulltrúa sambandsins sem sitja í nefnum og ráðum þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði.

Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ er lagt fram á hverju hausti og hefur verið gert allt frá árinu 2006. Þar koma fram tölur um kynjahlutfall í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarféлага sambandsins. Þar sem kynjabókhaldið hefur verið unnið á saman hátt frá upphafi er áhugavert að rýna í mismunandi samtölur bókhaldsins á tímabilinu 2006–2015. Undanfarin ár hefur verið sérstakur viðauki við kynjabókhaldið þar sem fram koma kyngreindar upplýsingar um stjórnir lífeyrissjóða aðildarféлага ASÍ.

Markmið kynjabókhaldsins er að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og ekki síst á bókhaldið að nýtast sem verkfæri þeirra sem tilnefna í nefndir og ráð á vegum sambandsins. Einnig geta upplýsingarnar nýst við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og framkvæmd hjá hreyfingunni.

Kynjabókhaldið er í skýrslu forseta sem sérstakur viðauki og í efnisyfirliti kemur fram hvar kynjabókhaldið er að finna.

Aðgerðahópur um launajafnrétti

Frá því í janúar 2013 hefur aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti, sem skipaður var að þáverandi velferðarráðherra, unnið markvisst að útfærslu einstakra verkefna. – Í skýrslu forseta frá árunum 2013 og 2014 er einnig fjallað um vinnu aðgerðahópsins.

Í maí 2015 stóð aðgerðahópurinn fyrir morgunverðarfundum þar sem kynntar voru tvær skýrslur sem unnar voru að tilstuðlan hópsins. Könnun um launamun karla og kvenna á tímabilinu 2008–2013 var kynnt. Sérstakt við þessa könnun, sem unnin var í samvinnu við Hagstofu Íslands, er að í fyrsta skipti er gerð úttekt á launum sem tekur til vinnumarkaðarins í heild. Rannsókn á launamun kynjanna frá árinu 2010, þar sem tekið er fyrir tímabilið 2004–2007 og fjármögnuð af ASÍ og SA í samvinnu við Hagstofu Ísland, er grunnur að þeirri könnun sem unnin var í ár.

Á sama fundi var einnig kynnt viðamikil rannsókn á stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði þar sem tekin var saman staða þekkingar og staðreyndir. Skýrslan er mjög yfirgrípsmikil og tekur yfir alla þá þætti sem skipta

máli þegar fjallað er um kynin og misjafna stöðu þeirra á vinnumarkaði. Bent er á hvar skórin krepur sem og hvar þekkingu þrýtur. Markmið skýrslunnar er að aðstoða við að finna leiðir til að auka og styrkja jafnrétti á vinnumarkaði. Tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals, sem er stjórntæki sem nýtist atvinnurekendum við mótnun eða endurskoðun á launastefnu sinni og þeim aðferðum og viðmiðum sem notuð eru við launasetningu, er í ferli og fer nú að stytast í að fyrstu vinnustaðirnir, sem hafa verið í innleiðingarferli, getið farið í úttekt og fengið vottun og þá um leið vottunarmerki. Samþykkt hefur verið reglugerð um kröfur til þeirra sem vilja gerast úttektaraðilar jafnlaunastaðalsins. Þar er gerð krafa um þekkingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, vinnurétt, kjarasamninga, launagreiningar og flokkun og mat á verðmæti starfa. Samkvæmt samkomulagi við Endurmenntun Háskóla Íslands var haldið námskeið sl. sumar og stóðust 19 aðilar prófið. Eru þeir því löggiltir úttektaraðilar á jafnlaunastaðlinum.

Í október 2014 hélt aðgerðahópurinn hönnunarsamkeppni um merki fyrir jafnlaunastaðalinn. Hönnunarmiðstöð Íslands sá um vinnuferlið og bárust 156 tillögur um merki. Vinningshafinn var Sæþór Örn Ásmundsson. Eftirfarandi er umsögn dómnefndar:

„Merkið sameinar þá þætti sem endurspegla inntak jafnlaunastaðalsins. Í merkinu má sjá mynd sem sýnir skífurit, stimpil, rúnir og brosandir andlit tveggja ólíkra einstaklinga. Í lögum minnir merkið á mynt eða pening og gefur þannig til kynna að einstaklingarnir, sem þar sjást, eru metnir jafnir að verðleikum. Merkið býður upp á alþjóðlega notkun, er einstakt og lýsandi fyrir verkefnið. Það hentar vel til notkunar, stórt sem smátt.“



Jafnlaunastaðalinn vekur ætíð athygli hvar sem hann er kynntur. Jafnréttisfulltrúi ASÍ hefur kynnt staðalinn víða, bæði erlendis í ræðu og riti og innanlands.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingar- og foreldraorlofslögin og framkvæmd þeirra er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ. Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins

með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Þá hafa ýmsar túlkarnir Fæðingarorlofssjóðs á lögunum verið umdeildar og valdið ágreiningi.

Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt þær breytingar, sem gerðar hafa verið á fæðingar- og foreldraorlofslögunum síðustu ár, sem fela í sér að þak á upphæð fæðingarorlofsgreiðslna hefur ítrekað verið lækkað og hlutfall greiðsla úr Fæðingarorlofsjóði skert svo dæmi séu nefnd. Hefur ASÍ bent á að miklar skerðingar á greiðslum í fæðingarorlofi hafi skapað verulega hættu á að bakslag verði hvað varðar þá mikilvægu réttarbót sem lögin fólu í sér í upphafi.

Lögum um fæðingar- og foreldraorlof var breytt á Alþingi í desember 2013. Með þeim breytingum var felld út lengingin á fæðingarorlofinu sem samþykkt hafði verið árið áður og gerð er grein fyrir í síðustu skýrslu forseta. Samhliða var fjárhæðum breytt í samræmi við almennar verðlagsuppfærslur, auk þess sem hámark greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði var hækkað lítillega umfram það og er 370.000 kr. á árinu 2014. Alþýðusambandið mótmælti harðlega að fyrirhuguð lenging á fæðingarorlofinu yrði dregin til baka enda ljóst að miklir hagsmunir eru í því fölgirnir fyrir launafólk að fæðingarorlofið verði lengt í 12 mánuði. Jafnframt benti ASÍ á að lengingin, sem ákveðin hafði verið, byggði ekki síst á kröfu Alþýðusambandsins.

Framkvæmd Fæðingarorlofsjóðs á lögunum leiðrétt

Með álit, sem Umboðsmaður Alþingis gaf út 28. ágúst 2013, hafnaði hann túlkun Fæðingarorlofsjóðs sem úrskurðarnefnd um Fæðingarorlofsjóð hafði áður staðfest. Málið varðar útreikning Fæðingarorlofsjóðs á tekjuviðmiðum og greiðslum þegar einstaklingar taka fæðingarorlof hluta úr almanaksmánuði en eru í starfi hinn hlutann.

Alþýðusambandið fylgdi málinu fast eftir gagnvart Vinnumálastofnun, sem fer með málefni Fæðingarorlofsjóðs, og velferðarráðuneytinu eins og gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu forseta. Einbeitt eftirfylgni Alþýðusambandsins varð til þess að Fæðingarorlofsjóður breytti í framhaldinu framkvæmd sinni og endurreiknaði greiðslur til þeirra foreldra sem urðu fyrir fjárhagstjóni vegna fyrri framkvæmdar.

Starfshópur um framtíðarskipun fæðingarorlofsmála

Í byrjun árs tók til starfa starfshópur sem á að móta tillögur um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum þar sem sérstaklega verður hugað að því hvernig unnt sé að tryggja að markmiðum laganna um fæðingar- og foreldraorlof um að

tryggja barni samvistir við báða foreldra sína verði sem best náð á sama tíma og foreldrunum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Fulltrúi ASÍ á sæti í hópnum.

Starfshópurinn stefnir að því að skila tillögum sínum til ráðherra velferðarmála í nóvember 2015 þar sem sérstök áhersla verður á að kynna leiðir sem stefna að því að tekjuröskun heimila verði sem minnst þegar foreldrar nýta sér rétt sinn til töku fæðingarorlofs, hvort sem um er að ræða konur eða karlar. Einnig mun starfshópurinn leggja fram tillögur að leiðum til að brúa bilið milli þess að fæðingarorlofi lýkur og þess að börn geta fengið dagvistun í leikskólum. Auk þess fjallar starfshópurinn um ýmis réttindamál sem tengjast fæðingar- og foreldraorlofi og verða tillögur að leiðum settar fram í skýrslu hópsins.

100 ára kosningaafmæli kvenna til Alþingis

Í ár fagna íslenskar konur því að 100 ár eru liðin síðan konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt til Alþingis. Alþýðusambandið leggur sitt af mörkum til að halda á lofti þessum mikilvæga áfanga í baráttusögu íslenskra kvenna.

ASÍ gerði samstarfssamning við Saga film um gerð fjögurra þátta í þáttaröðinni Öldin hennar. Þáttaröðin er gerð í tilefni kosningaafmælisins og er sýnd í ríkissjónvarpinu. Sýning þáttanna hófst í byrjun árs og er nýr þáttur sýndur vikulega út árið.

Markmið þáttanna er að vekja athygli á stórum og stefnumarkandi stundum sem tengjast baráttunni fyrir auknum réttindum kvenna á öllum sviðum samfélagsins og stjórnmála. Þeir þættir, sem ASÍ styrkir, eru ákvarðaðir í samvinnu við fulltrúa jafnréttis- og fjölskyldunefndar og leitast er við að hafa umfjöllunarefnið fjölbreytt og endurspeglar baráttu kvenna jafnt í hinum dreifðu byggðum og á höfuðborgarsvæðinu.

Jafnréttisfulltrúi ASÍ skrifaði grein í rit Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní, um konur og verkalýðshreyfinguna, þar sem farið var yfir mikilvægi þátttöku kvenna í uppbyggingu ASÍ og þátt þeirra í stefnumótun og störfum sambandsins. Ritið var sérstaklega viðamikili í tilefni kosningaafmælisins. Auk þess tekur verkalýðshreyfingin virkan þátt í ráðstefnum og öðrum viðburðum í tilefni afmælisins.

8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Alþýðusambandið – ásamt helstu samtökum launafólks – hélt upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna mánudaginn 9. mars. Eftirtaldir aðilar hafa ásamt ASÍ

staðið sameiginlega að baráttufundi í tilefni dagsins í meira en áratug: BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Yfirskrift fundarins í ár var *Er tími til að njóta lífsins? – samræming fjölskyldu og atvinnulífs*. Þegar valið er umfjöllunarefni 8. mars-fundarins er leitast við að fjalla um þau málefni sem hvað brýnust eru hverju sinni. Fundurinn í ár vakti sannarlega athygli, mjög góð mæting var og fjölmiðlar sýndu umfjöllunarefninu sérstakan áhuga.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir, MBA og verkefnastjóri hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, gerði grein fyrir niðurstöðum könnunar sem hún vann í tengslum við lokaverkefni sitt við Háskólann í Reykjavík, þar sem hún fjallar um vinnuálag ungra foreldra og spurði spurningarinnar: „Vinna Íslendingar of mikið?“. Ásdís Arnalds, doktorsnemi við Háskóla Íslands, fjallaði um fæðingarorlofið undir yfirskriftinni „Rjúkandi rúst? Fæðingarorlof í hruni og endurreisn“. Að lokum gerði Þóra Kristín Þórisdóttir, einnig doktorsnemi við Háskóla Íslands grein fyrir niðurstöðum rannsóknar um „Samspil heimilis og vinnu meðal íslenskra hjóna“.

Mótun vinnumarkaðsstefnu

Í tengslum við gerð kjarasamninga haustið 2013 gáfu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra út minnisblað 15. nóvember þar sem segir m.a.:

„Félags- og húsnæðismálaráðherra mun skipa nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála svo stuðla megi betur að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands, m.a. með hliðsjón af tillögum verkefnastjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Þannig verði m.a. könnuð þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafli til starfa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok árs 2014.“

Í apríl 2014 barst ASÍ erindi þar sem óskað var eftir að sambandið tilnefndi fulltrúa í nefndina fyrir lok mánaðarins. Auk þess var óskað eftir tilnefningu í nefndina frá öllum stjórnarmálaflokkunum sem eiga fulltrúa á Alþingi, öðrum helstu samtökum á vinnumarkaði og nokkrum hagsmunasamtökum öðrum. Nefndin hóf hins vegar ekki störf fyrir en í byrjun árs 2015.

Eins og áður hefur komið fram var hlutverk nefndarinnar að móta vinnumarkaðsstefnu og fjalla um skipulag vinnumarkaðsmála. Nefndin skilaði félags- og

húsnæðismálaráðherra tillögum sínum í júní sl.³ Markmiðið með tillögunum er að stuðla að velferð fólks á vinnumarkaði, tryggja atvinnuþátttöku sem flestra og treysta skipulag á íslenskum vinnumarkaði á þeim grunni sem það hvílir á.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar til ráðherra er gert ráð fyrir að vinnumarkaðsstefnan taki til árána 2015–2020 en verði endurskoðuð og uppfærð í lok árs 2018.

Tillögur nefndarinnar eru tvíþættar: Annars vegar samstaða um helstu ein-kenni skipulags á vinnumarkaði hér á landi, mikilvægi samtaka launafólks og atvinnurekenda, kjarasamninga sem grundvöll ákvarðana á vinnumarkaði og þríhliða samstarf um réttindi og velferð launafólks; hins vegar vinnumarkaðsstefna með áherslu á: Mikla atvinnuþátttöku og möguleika einstaklinga, jafnrétti og jafna möguleika og virkar vinnumarkaðsaðgerðir; aukið menntunarstig á vinnumarkaði, aukin tengsl menntunar við vinnumarkaðinn og að draga úr kynbundnu náms- og starfsvali; jafna meðferð þátttakenda á vinnumarkaði og launajafnrétti meðal kvenna og karla á vinnumarkaði; eflingu og auknið samstarf um vinnumarkaðsrannsóknir. Markmiðum fylgja tillögur að aðgerðum – 25 verkefni.

Þetta er í fyrsta skipti sem sett er fram heildstæð stefna um skipulag á vinnumarkaði og vinnumarkaðsmál á Íslandi með aðild samtaka á vinnumarkaði, fulltrúa stjórnmalaflokkanna og félagasamtaka. Niðurstöður nefndarinnar falla í öllum helstu atriðum vel að stefnu og áherslum Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess. Þá má benda á að samkvæmt tillögunum á ASÍ beina og óbeina aðkomu að verkefnunum 25. Margt af því sem lagt er til er þegar komið í ákveðinn farveg og vinnslu en annað þarf að vinna frá grunni.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum

³ Sjá http://www.velferdaraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur/2015/Nidurstodur_vinnumarkadsmal_24062015.pdf

fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meiri mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið.

Starfsemi Vinnueftirlitsins

Starfsemi Vinnueftirlitsins er svipuð og hún hefur verið á síðustu árum. Fjármagn er ekki aukið og þar af leiðir að ekki er fjölgað starfsmönnum. Í ljósi þess að atvinnulífið er að taka við sér á mörgum sviðum er þetta óheillaþróun sem taka verður á. Hættulegustu vinnustaðir landsins eru byggingarvinnustaðir og nú, þegar verið er að byggja stórar og háar byggingar um allt land, er þörfin fyrir eftirlit margfalt meiri en var hér á árunum eftir hrun. Svona getur þetta ekki gengið og ASÍ og önnur samtök launafólks verða að krefja stjórnvöld um að bæta úr þessu. Annars má búast við því að fleiri og fleiri launamenn komi ekki heilir heim úr vinnu sinni.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2016 er ekki aukið við fjármagn til stofnunarinnar og því ljóst að ekki verður um fjölgun eftirlitsmanna.

Stjórn Vinnueftirlitsins og starfsfólk vann á síðasta vetri að stefnumótun fyrir stofnunina og vinnuvernd í landinu fyrir árin 2015–2018. Í þessari stefnumótun er lögð áhersla á að stofnunin þurfi að sinna forvörnum í miklu meiri mæli en gert hefur verið, ekki aðeins á sviði slysa og óhappa heldur ekki síður á sviði atvinnusjúkdóma og atvinnutengdra sjúkdóma. Staðan á Íslandi gagnvart þeim málaflokki er þannig að nánast má segja að ekkert sé gert og vitund um þessa þætti er þar af leiðandi mjög takmörkuð.

Þá er í stefnumótuninni lögð áhersla á að Vinnueftirlitið verði framarlega í því að nýta sér upplýsingarmiðla og samskipti við þá sem þurfa þjónustu geti farið fram sem allra mest á netinu. Auka þarf fræðslustarf bæði með fjölda námskeiða á sviði öryggis og forvarna og með upplýsingagjöf á heimasíðu stofnunarinnar.

Auka þarf samstarf við öryggistrúnaðarmenn á vinnustöðum og gera þeim kleift að fá upplýsingar um hvers er ætlast af þeim og hvað þeir mega gera. Til þess að svo megi verða þurfa öryggistrúnaðarmenn að hafa beinan aðgang að stofnuninni, t.d. með beinum tengilið hjá stofnuninni og tenginum í gegnum heimasíðu hennar. Núverandi ástand hefur hamlandi áhrif á getu þessa fólks

til að sinna starfi sínu. Lög og reglugerðir um vinnuvernd eru flókin og þess vegna þarf að leggja áherslu á að aðstoða þetta fólk við það mikilvæga starf sem það gegnir fyrir vinnufélaga sína. Það er ekki viðunandi að þeir sem taka þetta að sér séu skildir eftir einir til að sinna þessu. Hér er líka verkefni fyrir stéttarfélagin að aðstoða. Þá er lögð áhersla á að gera stofnunina að fyrirmyndarvinnustað.

Árið 2014 var skipuð nefnd aðila vinnumarkaðarins, þingflokka og fleiri sem átti að setja fram stefnu í vinnuvernd. Ekkert hefur gerst og nefndin hefur ekki enn verið kölluð saman. Því er augljóst að vinnuvernd og málefni tengd heilsu launafólks er ekki ofarlega á lista stjórnvalda. Stefnuleysi og almenn deyfð er það sem þetta ástand skilar og fleiri veikum og slösuðum einstaklingum með öllum þeim kostnaði sem þjóðfélagið hefur af því.

Vinnueftirlitið hefur nú sett á heimasíðu sína rafrænt áhættumat fyrir vinnu á skrifstofum. Þetta áhættumat er þróað af Vinnuverndarstofnun Evrópu og kallast á ensku OIRA. Þetta kerfi aðstoðar bæði atvinnurekendur og launamenn við að gera áhættumat á sínum vinnustað, það gerir tillögur um úrbætur á vinnustað viðkomandi miðað við þær upplýsingar sem það fær. Þá eru tilvísanir í lög og reglur og fjöldi mynda til útskýringar.

Á næstunni mun svo stofnunin setja á heimasíðu sína áhættumat fyrir hárgreiðslustofur og einnig veitingahús og mótuneyti. Mikilvægt er að kynna þetta framtak í verkalýðshreyfingunni þar sem um er að ræða ákjósanlegt verkfæri til að ná fram úrbótum á vinnustöðum.

Endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum

Eins og greint hefur verið frá í fyrri skýrslum forseta var skipaður vinnuhópur í september 2011 til að endurskoða reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustað, þar á meðal kynferðislega áreitni. Jafnframt skyldi nefndin fjalla um þau álitafni, sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammisamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Vinna við reglugerðarsmíðina dróst mjög á langinn en nefndin skilaði af sér tillögu að reglugerð fyrri hluta árs 2014.

Í tillögu að nýrri reglugerð er gert ráð fyrir að hún verði sett á grundvelli e-liðs

38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum en þar kemur fram að ráðherra setji nánari reglur að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Efni reglugerðarinnar snýr að skyldum atvinnurekenda í tengslum við aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum þar sem litið er á fyrrnefndar aðgerðir sem hluta af almennu vinnuverndarstarfi á vinnustöðum. Í ljós kom að það skorti lagaheimild til að setja reglugerðina á þessum grunni og því þyrfti að breyta vinnuverndarlögunum. Frumvarp um það efni var samþykkt á vörþinginu 2015. Þrátt fyrir það bólar enn ekkert á setningu reglugerðarinnar þegar þetta er skrifað um miðjan september.

Réttindi bílstjóra sem starfa við snjóruðning og hálkuvarnir

Veturinn 2014 til 2015 kom upp óvissa um það hvaða reglur gilda um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem starfa við snjómokstur og hálkuvarnir (vetrarþjónustu). Ástæðan er einkum sú að gefnar voru óskýrar og andstæðar upplýsingar frá Samgöngustofu og Vegagerðinni um þetta efni. Af þessum ástæðum hefur nokkuð borið á því að starfsmenn einstakra þjónustuaðila hafa verið látnir vinna óhóflega langar vinnutarnir án hléa og hvíldartíma þannig að hvorki samræmist sjónarmiðum um vinnuvernd eða umferðaröryggi. Hefur þá gjarnan verið vísað til þess að einyrkjar, sem eru með þjónustusamning við Vegagerðina, viðhafi slíka starfshætti og því sé öðrum nauðsyn að gera slíkt hið sama til að vera samkeppnisfærir við útboð vegna vetrarþjónustunnar. Þessi staða er einkar bagaleg fyrir þá ökumenn, sem starfa við vetrarþjónustu á vegum, og skapar óvissu um réttindi þeirra og starfsskilyrði.

Í ljósi þess sem að framan greinir var óskað eftir því við Alþýðusambandið að það tæki að sér málið. Markmiðið var að fá á hreint hvaða reglur gilda í þessum efnum þannig að starfsmennirnir þurfi ekki að velkjast í vafa um réttindi sín og skyldur. Þá skiptir ekki síður máli að starfsmennirnir sjálfir geta verið sóttir til saka fyrir brot á reglum þótt ákvörðunin um skipulag vinnunnar sé alfarið atvinnurekandans. Minnisblað Alþýðusambandsins um málið var kynnt Vegagerðinni og Samgöngustofu ásamt kröfu um að réttur þeirra sem starfa við vetrarþjónustuna verði virtur; jafnframt að þau fyrirtæki, sem virða reglurnar gagnvart sínum starfsmönnum, þurfi ekki að eiga í samkeppni við aðila sem stunda undirboð á grundvelli þess að brjóta reglur um aksturs- og hvíldartíma.

Fram kom af hálfu Samgöngustofu og Vegagerðarinnar full samstaða með sjónarmiðum Alþýðusambandsins en að fyrir hendi væri ólík túlkun á reglugerðinni um þetta efni og að einhverjir teldu að túlka mætti hana þannig að

engar reglur giltu um hvíldartíma ökumanna sem starfa í vetrarþjónustu. Því væri mikilvægt að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Niðurstaðan varð sú að óska eftir breytingu á reglugerðinni þessu til áréttingar. Með reglugerð nr. 671 um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit, sem gefin var út nú í júlí 2015, eru tekin af öll tvímæli um að almennar reglur um aksturs- og hvíldartíma eiga við um öku- menn sem vinna við snjórúðning og háلكuvarnir. Um aksturs- og hvíldartíma ökumanna við snjórúðning og háلكuvarnir gildir reglugerð nr. 605/2010, með síðari breytingum.

Evrópsk vinnuverndarvika 2015

Evrópska vinnuverndarvikan 2014 var haldin 20.–24. október það ár. Yfirskrift vinnuverndarvikunnar var Góð vinnuvernd vinnur á streitu - *Stjórnun streitu og andlegrar- og félagslegrar áhættu á vinnustöðum*. Vinnuverndarvikan 2015 mun einnig fjalla um streitu.

Streita fyrirfinnst á öllum vinnustöðum en með einföldum aðgerðum er hægt að draga mikið úr henni. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórnendur til að draga úr vinnutengdri streitu hafa verið gefnar út í tilefni vikunnar. Helstu markmið með vinnuverndarvikunni eru:

- Bæta skilning á vinnutengdri streitu og andlegum og félagslegum áhættum.
- Efla stjórnun á þessum áhættum.
- Fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu.
- Veita starfsmönnum og atvinnurekendum stuðning og leiðbeiningar.
- Hvetja til notkunar á tiltækum verkfærum til að bæta andlegt og félagslegt vinnuumhverfi.

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir

Mikið atvinnuleysi í kjölfar hrunsins í október 2008 og vaxandi fjöldi langtímaatvinnulausra kallaði á miklar og róttækar aðgerðir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins í heild. Ýmislegt var gert af hálfu stjórnvalda og Vinnumálastofnunar fljótlega í kjölfarið, s.s. með átakinu *Ungt fólk til athafna og ÞOR*, og af hálfu fullorðinsfræðslustofnana sem sveigðu starfsemi sína að þjónustu við atvinnuleitendur í miklum mæli með ráðgjöf, námskeiðahaldi og tilboði um raunfærnimat. Þá má nefna tímabundnar lagaheimildir, sem ætlað var að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að halda ráðningarsambandi þrátt fyrir samdrátt, og mjög auknar heimildir til fyrirtækja og einstaklinga til að gera starfsþjálfunar- og

reynsluráðningarsamninga, svo og vegna frumkvöðlastarfs. Þessi úrræði hafa töluvert verið nýtt. Þó kom fljótt í ljós að þau dugðu hvergi til. Því hefur á undangengnum árum stöðugt verið leitað nýrra úrræða og aðgerða til að bæta þjónustu við atvinnulausa, efla vinnumarkaðsúrræði og vinnumiðlun. Þar hefur Alþýðusambandið tekið ákveðið frumkvæði í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld.

Haustið 2013 lagði félags- og húsnæðismálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um árangur af vinnumarkaðs- og menntaverkefnum ætluðum ungu fólki sem unnið hefur verið að í kjölfar hrunsins haustið 2008. Skemmst er frá því að segja að skýrslan undirstrikar mikilvægi þessa starfs. Öll hafa þessi verkefni byggt á samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og oftar en ekki hefur frumkvæðið verið hjá Alþýðusambandinu og aðildarsamtökum þess.

Nám er vinnandi vegur

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu að tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins, þar sem m.a. voru gefin fyrirheit um aðgerðir á sviði menntamála og vinnumarkaðsúrræða.

Í síðustu skýrslum forseta ASÍ hefur verið greint frá fjölmörgum verkefnum, sem unnið hefur verið að síðan 2011, undir yfirskriftinni Nám er vinnandi vegur. Síðustu verkefni, sem unnin voru á grundvelli þessa verkefnis, voru tvö tilraunaverkefni í Norðvesturkjördæmi og í Breiðholti. Þessum verkefnum, sem fengu sameiginlega yfirskriftina *MENNTUN NÚNA*, er nú lokið. Í síðustu skýrslu forseta var gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda verkefnanna og þeim hugmyndum sem lágu að baki þeirra. Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir lærdómi sem draga má af þeirri reynslu sem þar fékkst.

Með því að setja af stað tilraunaverkefni með fjármagni til að sinna ákveðnum verkþáttum næst upp kraftur, samstarf og hvatning sem auka líkur á árangri. Allt kynningarstarfið, sem fylgir fjölmörgum samstarfsaðilum, starfsmönnum á nýjum sviðum (fræðsluerindrekar, svokallaðir brúarsmiðir) og margvíslegra tengsla við markhópa, hefur margfeldisáhrif. Spurningakannanir í Menntun núna í Norðvesturkjördæmi, heimsóknir í fyrirtæki, námskeið og ráðgjöf snerta fjölda manns. Með fjármagninu fylgir líka möguleikinn á að prófa margar aðferðir til að ná árangri. Það náðist t.d. ekki til innflytjenda í Breiðholtsverkefninu með hefðbundnum kynningaraðferðum, auglýsingum, kynningu í Breiðholtsblaðinu o.fl., heldur skipti máli að ná tengingu við tungumálasamfélög innflytjenda og hugtakið „brúarsmiður“ varð til.

Hér á eftir fer samantekt á helsta lærdómi tilraunaverkefnanna Menntun núna í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi eftir skilgreindum efnisflokkum. Ýmist voru bæði verkefni í gangi á viðkomandi sviði eða aðeins annað.

Raunfærnimat: Athyglisvert er hversu mikill munur var á velgengni tilraunaverkefnanna í raunfærnimati. Í Norðvesturkjördæmi hófu þrjú fræðsluáðilar raunfærnimat og náðu miklum árangri. Hópar urðu mjög stórir og áhugi mikill. Samstarf framhaldsfræðslu og framhaldsskóla var til fyrirmyndar í þeim verkefnum og á það bæði við um raunfærnimatið og tilboð um nám í framhaldi af því. Líta má svo á að svæðisbundin nálgun hafi eftt raunfærnimatið. Raunfærnimat á svæðinu fram að þessu hafði fyrst og fremst falist í því að vísa fólki annað. Segja má að með tilraunaverkefninu hafi bæst við þrjú öflugir aðilar í raunfærnimati. Önnur svæði geta hugsanlega nýtt sér þennan lærdóm.

Raunfærnimat náðist hins vegar ekki á flug í Breiðholti. Á höfuðborgarsvæðinu eru nokkrir aðilar sérhæfðir í raunfærnimati og var unnið í samstarfi við þá. Hugsanlega á hverfisnálgun ekki við í sama mæli um raunfærnimat eins og svæðisbundin nálgun. Einnig kann að hafa áhrif að raunfærnimat hefur verið í boði frá 2006 á höfuðborgarsvæðinu. Í Breiðholtsverkefninu urðu til bæklingar um raunfærnimat á níu tungumálum sem fræðsluáðilar um allt land geta nýtt sér við kynningu á raunfærnimati.

Áhersla var á að fjölga iðnaðarmönnum í Norðvesturkjördæmi, m.a. með raunfærnimati. Liður í tilrauninni var að prófa stuðning og ráðgjöf við hópa sem ætluðu í raunfærnimat og nám í mismunandi greinum. Sú tilraun var ekki gerð m.a. vegna ásóknar í aðrar greinar raunfærnimats en mikilvægt er að leita leiða til að aðstoða fjölbreytta hópa því ekki verður alltaf á öllum svæðum hægt að ná saman stórum hópum í mismunandi greinar.

Brotthvarfsnemar: Í báðum verkefnum var tekið upp samband við brott-hvarfsnema og þeim boðin ráðgjöf og nám. Þessi nálgun skilaði góðum árangri og mikilvægt er að finna leiðir til þess að halda þessu starfi áfram. Framhaldsskólarnir þurfa að bera ábyrgðina, þeir hafa listana yfir brott-hvarfið, en mikilvægi samstarfsins við framhaldsfræðsluna kom í ljós því mörgum hentaði að fara í úrræði framhaldsfræðslunnar, ekki síður en framhaldsskólans. Af þessu verkefni spratt einnig sú hugmynd að bjóða þeim sem ekki komust að í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti (FB) inn í úrræði framhaldsfræðslunnar og þáðu margir það. (Þessir nemendur eru með í tölum Breiðholtsverkefnisins ásamt kvöldskólanemendum í FB, sem einnig var rætt við). Samstarf framhaldsfræðslu og framhaldsskóla og gagnkvæmt traust var þarna afar mikilvægt. Þrátt fyrir gott gengi halda ekki margir

einstaklingar áfram og því má spyrja á hvaða hátt væri best að halda þessu starfi áfram. Æskilegt er að vinna á fyrirbyggjandi hátt innan skólakerfisins og að geta einnig vísað til framhaldsfræðslunnar. Þar myndu aldursmörk framhaldsfræðslunnar valda vanda. Einnig mætti skoða hvort miðlæg nálgun við brotthvarfsnema væri hagkvæmari.

Innflytjendur: Bæði verkefnið höfðu það markmið að ná til innflytjenda og efla íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir þá með nýbreytni í kennslu-háttum.

Árangur af íslenskukennslunni var góður, nýjar aðferðir voru prófaðar, haldin námskeið fyrir fyrirtæki, í auknum mæli var stuðst við túlka eða brúarsmiði, Íslenskuþorpið var yfirfært á nýjan hóp, fjarkennsla fyrir starfsmenn fyrirtækis var reynd og prófað að fela kvenfélagi kennslu í litlu þorpi. Mikið er hægt að læra af þessum tilraunum og mikilvægt að miðla þeim til fleiri aðila. Notkun á túlk var aðeins umdeild en flestum fannst kostirnir fleiri en gallarnir. Hugsanlega þarf að leggja skilgreina nánar hlutverk túlka á námskeiðum ef þeir eru ekki sjálfir kennarar. Kennsla kvenfélagsins reyndist vel og tengdust nemendur kvenfélagskonum gegnum kennsluna og urðu þar með virkari þátttakendur í samfélaginu. Gæðin voru tryggð þar sem kennarar í kvenfélaginu báru ábyrgð á námskeiðinu. Þetta verkefni er ekki tilbúið til yfirfærslu en væri athyglisvert að halda þessu starfi áfram. Íslenskuþorpið er einnig leið sem væri æskilegt að prófa áfram því þar er einnig áhersla á samfélagslega þátttöku. Fjarkennslan gekk ekki jafn vel m.a. vegna skorts á tölvum og netaðgangi og virðist ekki hafa náð til hópsins. Brotthvarf var því mikið eða 65% í því námskeiði. Búin voru til stutt kennslumyndbönd á YouTube sem gætu nýst áfram. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar með fjarkennslu fyrir markhópa framhaldsfræðslu og væri æskilegt að safna upplýsingum um þá reynslu saman og miðla þeim innan framhaldsfræðslunnar.

Í Breiðholtsverkefninu var einnig áhersla á að meta þekkingu innflytjenda og færni sem aflað var í öðru landi. Sá liður fékk ekki mikið vægi en helst innan ráðgjafarinnar. Hins vegar kom í ljós, þegar starfsmenn tilraunaverkefnanna hittust og fóru yfir málin, að ýmislegt var í ólestri varðandi upplýsingagjöf og móttöku innflytjenda. Það er mikill áhugi á að bæta úr þessu en að stórum hluta er þetta hlutverk stjórnvalda. Illa gengur að ná eyrum þeirra. Afurð þessa viðfangsefnis er engu að síður rammi fyrir móttökuvíðtal. Hann getur nýst fleirum en stjórnvöldum og hefur FA fyrirhugað að bjóða upp á námskeið um helstu atriði í móttöku innflytjenda næsta vetur og miðla þannig þeirri þekkingu sem varð til í tilraunaverkefninu.

Fræðsluerindrekar: Þetta verkefni var á hendi tilraunaverkefnisins í Norðvesturkjördæmi. Markmiðið var að efla ráðgjöf til fyrirtækja um sérsniðið nám á vinnustað og stuðla að auknu samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila um starfstengt nám með áherslu á matvælaíðnað og þjónustu. Þótt árangursmarkmið hafi ekki náðst að öllu leyti gaf verkefnið af sér mikilvæga þekkingu og reynslu. Það er ljóst að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum fannst mikils virði að fá til liðs við sig fleiri starfsmenn með fjölbreytta reynslu sem fóru út í fyrirtæki og stofnanir. Hins vegar kom skýrt fram á málþingi að fagleg þekking fræðsluerindrekanna skipti miklu máli. Þar sem ekki er hægt að reikna með að hægt verði að ráða fræðsluerindreka á öllum starfssviðum eins fræðsluaðila þarf að finna nýjar lausnir.

Áherslan á matvælaíðnað og þjónustu í námskeiðahaldinu kemur fram í loka-skýrslu verkefnisins sem finna má á www.menntun-nuna.is.

Ráðgjöf: Árangursmarkmið í ráðgjöf voru eingöngu sett í Breiðholtsverkefninu og náðust þau með samstarfi stofnana. Opna og miðlæga ráðgjöfin í Gerðubergi reyndist ekki sem skyldi. Ljóst er að sækja þarf markhópa eftir öðrum leiðum; m.a. voru brúarsmiðir mikilvægir til að ná til innflytjenda. Einnig var mikilvægt að veita stuðning í námsleiðum. Miðlun upplýsinga til ráðgjafa hjá stofnunum borgarinnar um framhaldsfræðslu og þverfaglegt samstarf ráðgjafa til að nálgastmarkhópin var nýlunda, sem gekk vel og ástæða til að hvatt sé til áfram. Félagsþjónusta Breiðholts var sérstaklega mikilvæg í þessu samhengi. Það er umhugsunarefni hvernig hægt er að efla samstarf framhaldsfræðslu og félagsþjónustu því þarna er sannarlega á ferðinni markhópur framhaldsfræðslulaga.

Fræðsla: Í báðum verkefnum var boðið upp á margvíslega fræðslu, bæði lengri námsbrautir og styttri námskeið. Í Breiðholti voru námskeiðin í boði fyrir einstaklinga meðan lögð var áhersla á samstarf við fyrirtæki í Norðvesturkjördæminu.

Nokkrar nýjungar voru reyndar í kennslu og má nefna námskeiðið Öruggt atferli, þar sem kennarinn fór stutta stund í einu til fyrirtækis og kenndi starfsmönnum á vinnustaðnum, skoðaði með þeim árangurinn og byggði áframhaldandi kennslu á honum. Nýjungar voru einnig reyndar í íslenskukennslu með misjöfnum árangri en oftast góðum og er gerð grein fyrir þeim hér að ofan. Í Norðvesturkjördæmi var veitt fjármagni til námskeiðahalds og hönnunar náms. Í sumum tilfellum er vinnsla enn í gagni og niðurstöður því ekki komnar í ljós. T.d. eru vonir bundnar við námsleiðina Tæknistöðir sem er í hönnun og prófun.

Einnig má nefna fjölbreytt námsframboð í Breiðholti, m.a. ókeypis fimmtudagsfræðslu sem gæti verið skemmtileg leið fyrir símenntunarmiðstöðvar að taka upp og ná þannig til fleiri markhópa.

Viðurkenning á námi: Þetta viðfangsefni gekk illa í báðum tilraunaverkefnum. Það er miður þar sem þetta er mjög mikilvægt viðfangsefni í framhaldsfræðslunni. Það hefur ýmislegt verið reynt til að ná betri árangri í mati milli kerfa, framhaldsskóla og framhaldsfræðslu, þau 12 ár sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfað og vissulega hefur miðað áfram. Á sameiginlegum fundi á Bifröst kom fram að vonir eru einkum bundnar við að hæfniramminn (hæfniþreppin og lærdómsviðmiðin) muni auðvelda mat á námi. Samstarf fræðsluáðila er að aukast og getur það einnig greitt fyrir þessari leið. Spurning er hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið verði ekki að taka á þessu máli til að raunverulegur árangur náist.

Að lokum þetta: Í tilraunaverkefnum er jafn mikill lærdómur í því sem tekst vel og því sem tekst miður. Mjög margt gekk vel í tilraunaverkefnum og mikilvægt að miðla þeirri þekkingu áfram. Vardandi það sem gekk verr er mikilvægt að greina ástæður og sóknarfæri eða mögulegar lausnir og halda áfram prófunum á þeim. Þróunarsjóður framhaldsfræðslu getur verið tæki til þess.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Í skýrslum forseta ASÍ hefur ítrekað verið gerð grein fyrir lögum og samkomulagi við Samtök atvinnulífsins (S) um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit og aðgerðum þessara aðila í samstarfi við ríkisskattstjóra (RSK) gegn svartri atvinnustarfsemi. Þá var í síðustu skýrslu forseta fjallað um þá umræðu, sem átt hefur sér stað á vettvangi ASÍ, um eflingu og framtíð vinnustaðaeftirlitsins. Eitt af því sem ákveðið var í framhaldi af þeirri umræðu var að ráða starfsmann á skrifstofu ASÍ sem á að vinna sérstaklega að því að efla vinnustaðaeftirlitið og tengt því einnig vinnuverndarstarf Alþýðusambandsins. Þessi nýi starfsmaður mun koma til starfa haustið 2015.

Leggur þú þitt af mörkum?

Í fyrri skýrslum forseta er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda átaksins *Leggur þú þitt af mörkum?* sem er samstarfsverkefni ASÍ, SA og RSK og hvernig að því var staðið á árunum 2011, 2012 og 2013.

Á því tímabili, sem þessi skýrsla nær til, var ekkert starf unnið undir þessari yfirskrift þótt eftirlitsfulltrúar hafi verið í ýmsu óformlegu samstarfi við eftirlitsdeild RSK. Vonir standa til að aftur verið farið af stað með formlegum

hætti á árinu 2016 á grundvelli yfirlýsingar sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við gerð kjarasamninganna í lok maí 2015. Ekki liggur fyrir nákvæm útfærsla á því hvernig staðið verður að verki.

Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.

Þann 10. febrúar 2012 skrifuðu velferðarráðuneytið, Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) undir samkomulag um þriggja ára tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur. Meginverkefni STARFs var að:

- Skipuleggja og hafa faglega umsjón með störfum atvinnuráðgjafa sem störfuðu á vegum stéttarfélaganna í tengslum við tilraunaverkefnið. STARF greiddi kostnaðinn af störfum ráðgjafanna skv. samningi þar um ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan stuðning.
- Tryggja að atvinnuráðgjafar þess vinni náið með atvinnuleitendunum, sjái um að þeir fari í áhugasviðs- og/eða starfsfærni greiningu ef við ætti, liðsinna þeim við atvinnuleitina og vinna með þeim áætlun þar um og skipuleggi með þeim þátttöku í vinnumarkaðsúræðum og virkniadgerðum.
- Greiða kostnað af ráðgjöf og þjónustu ýmissa fagaðila sem lögðu til margvísleg vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur.
- Vera tengiliður við stéttarfélagin innan tilraunaverkefnisins, við Vinnu-málastofnun, velferðarráðuneytið og aðra þá aðila er komu að verkefninu.

Framkvæmdastjóri sinnti einn miðlægi þjónustu verkefnisins fram í október 2012 þegar sérfræðingur var ráðinn með honum og hafa þau tvö sinnt miðlægi þjónustu félagsins fram til loka þess. Ráðgjafar STARFs voru staðsettir í fjórum þjónustumiðstöðvunum sem eru á vegum stéttarfélaga samkvæmt sérstökum þjónustusamningum við þau þar um. Fjöldi stöðugilda ráðgjafa var nær óbreyttur allt tímabilið.

Tímabil tilraunaverkefnisins

Skipta má þessum þremur árum tilraunatímans, sem þjónustan hefur varað, í sex tímabil.

1. Undirbúningstími, maí–júlí 2012. Á þessum tíma var verið að semja við velferðarráðuneytið og Vinnu-málastofnun um framkvæmd starfseminnar. Verkefnið var undirbúið, verkferlar settir upp, gögn útbúin, ráðgjafar

ráðnir og þjálfaðir, vefsíða sett upp og skrifuð, gagnagrunnur skoðaður, þjónustusamningar kláraðir við stéttarfélögin, sem ráku þjónustumiðstöðvarnar, og aðstaðan gerð klár.

2. Lærdóms- og þjálfunartími, ágúst–desember 2012. Þjónustan hófst 1. ágúst og þessa fimm mánuði má segja að ráðgjafarnir hefðu verið að læra á þjónustuna en aðeins þrír þeirra höfðu reynslu af ráðgjöf til atvinnuleitenda. Læra þurfti á gagnagrunn Vinnuálagstofnunar sem var ekki beint notendaljúfur og ekki sniðinn fyrir vinnumiðlunarþáttinn en flest vandamál er upp komu fyrstu mánuðina tengdust grunninum. Læra þurfti á verkferlana og þjónustuna almennt en byrjað var með autt blað. Þetta var algjörlega nýtt verkefni, viðamikið og þjónustan mjög vandmeðfarin. Þá var lítil reynsla innanborðs af úrræðamálum og hvernig standa bæri að þeim málaflökki og vilji til samstarfs á því sviði frá hendi Vinnuálagstofnunar og var því varlega farið þar af stað.
3. Liðsstyrkur 2013, janúar–ágúst 2013. Farið var af stað með samræmt nýtt átaksverkefni sem var sniðið fyrir atvinnuleitendur sem voru að detta af bótum þá um áramótin og á árinu 2013. Verkefnið hlaut heitið *Liðsstyrkur* og hófst þjónustan við það í byrjun árs 2013. Segja má að frá þeim tíma hafi verkefnið yfirtekið starfseminna og öll þungamiðja starfsins hafi snúist um það. Fór ekki að draga úr vinnuálaginu vegna þess fyrr en að sumri loknu. Verkefnið var afar krefjandi og tímafrekt og gafst ekki mikill tími í almenna vinnumiðlun eða ráðgjöf utan þess.
4. Markaðsverkefnið Flugtak, september–desember 2013. Álagið vegna *Liðsstyrks* fór minnkandi að sumri loknu og gafst þá tími til að sinna vinnumiðlunarþættinum frekar þótt vissulega hafi reynt á hann í *Liðstyrk*. Farið var af stað með sérstakt markaðsverkefni, *FLUGTAK*, þar sem markmiðið var að styrkja og ná frekari tengslum inn í fyrirtæki sem greiða félagsgjöld til stéttarfélaganna er taka þátt í verkefninu. Þetta var gert með kynningarútsendingu til þeirra, hringingum og síðan heimsóknum með það að markmiði að sækja til þeirra störf sem miðla mætti í.
5. Vinnumiðlun og ráðgjöf, janúar–desember 2014. *Flugtaksverkefninu* var framhaldið á árinu 2014 og áherslan var áfram á vinnumiðlunina. Þó var aldrei slegið af í ráðgjafarþjónustunni enda voru gerðar ríkar kröfur um þann verkþátt í þjónustusamningi og kröfulýsingu verkefnisins og ráðgjafarviðtöl tóku ávallt upp lungann af tíma ráðgjafanna. Á vordögum var bryddað upp á verkefni er við nefndum *Sumarstörf á landsbyggðinni*

Þar sem markið var sett á að útvega ferðaþjónustunni starfsfólk. Á haustdögum settum við upp verkefnið *Til starfa á ný* þar sem þeim sem mundu missa bótarétt sinn um áramótin vegna styttingar bótatíma var sinnt sérstaklega. Undir lok ársins var ljóst að tilraunaverkefninu yrði ekki fram haldið að tímabilinu loknu og var erfitt að halda úti hvata til nýrra verka.

Síðustu mánuðir STARFs, janúar–apríl 2015. Þessir fjórir mánuðir mörkuðust af þeirri staðreynd að tilraunaverkefninu lyki í lok apríl og starfsemin þá aflögð – óháð því hvernig til hefði tekist eða vilja stéttarfélaganna til að sinna þessari þjónustu. Ráðgjafar fóru að leita annarra starfa og þrír ráðgjafar hættu á tímabilinu. Þannig dró smám saman úr starfseminni þótt ráðgjafahlutanum var haldið í horfinu fram til síðustu daga. Starfsemin hætti 30. apríl en framkvæmdastjóri starfaði út maí við frágang.

Tölulegar upplýsingar um starfið

Mánaðarlega tók STARF saman tölulegar upplýsingar úr gagnagrunninum sem unnið er með (gagnagrunnur VMST). Þannig var fylgst með fjölda atvinnuleitenda í upphafi hvers mánaðar og samsetningu hópsins, tekið saman í yfirliti og kynnt stjórn. Jafnframt var mánaðarlega haldið utan um þátttöku atvinnuleitenda í úrræðum sem og afskráning.

Samanburður á fjölda atvinnuleitenda á tilraunatímabilinu og í lokin							
Miðstöðvar	2 Upphaf meðaltal 2011	3 Upphaf þjónustu 1.8.2012	4 Fjöldi 01.08.2013	5 Fjöldi 1.8.2014	6 Fjöldi 30.4.2015	7 % breyting frá 1.8.2012	8 Breyting á fjölda frá 1.8.2012
VR	2.380	1.715	1.390	1.110	985	-43%	-730
lönfélag	331	134	101	34	15	-89%	-119
Suðurnes	626	335	250	201	196	-41%	-139
Austurland	247	91	83	64	88	-3%	-3
Samtals	3.584	2.275	1.824	1.409	1.284	-44%	-991
VMST heild (með STARFi)	13.525	8.696	7.271	5.975	6.021	-31%	
STARF % af VMST heild	26,5%	26,2%	24,9%	23,0%	23,0%	21%	
VMST án STARFs	9.941	6.421	5.447	4.566	4.737	-26%	

Í þessari töflu sést fjöldi atvinnuleitenda innan verkefnisins við upphaf þjónustunnar, árlega eftir það og að lokum fjöldinn við lok verkefnisins. Í dálki 2 er meðalfjöldi atvinnuleitenda 2011 (viðmiðunartölur sem unnið var með við samninga um verkefnið 2011). Þá kemur í dálki 3 fjöldi atvinnuleitenda sem voru í þjónustu STARFs að morgni dags 1.8.2012 þegar þjónustan hófst. Í dálki 4 er fjöldinn ári síðar 1.8.2013 og í dálki 5 er fjöldinn 1.8.2014. Síðustu fjölda-tölurnar er fjöldinn (dálkur 6) þegar þjónustu STARFs lýkur 30.4.2015 (allt tölur sem STARF tekur út úr gagnagrunni VMST). Í dálki 7 eru breytingarnar í fjölda-tölu sýndar og sést að fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu STARFs hefur

minnkað um 44% frá upphafi meðan atvinnuleitendum í heild sinni á landinu fækkaði um 31% (mánaðarlegar atvinnuleysistölur VMST) á sama tíma og atvinnuleitendum í þjónustu VMST (án STARFs) fækkaði um 26%. Taflan sýnir því ágætan árangur STARFs á tilraunátímabilinu þannig að ekki var það vegna lélegs árangurs að verkefninu var ekki fram haldið. Vissulega má án efa deila um árangurinn og hvort tölurnar séu fyllilega sambærilegar og munurinn marktækur – en hann er eftir sem áður greinilegur á sama tíma og þjónustustigið var einnig hátt og almenn ánægja atvinnuleitenda með þjónustuna.

Fjöldi atvinnuleitenda hjá STARFi á mánuði síðustu 12 mánuði þjónustunnar													
Miðstöðvar	01/05/14	01/06/14	01/07/14	01/08/14	01/09/14	01/10/14	01/11/14	01/12/14	01/01/15	01/02/15	01/03/15	01/04/15	01/05/15
VR	1.154	1.096	1.078	1.110	1.037	976	985	937	985	958	1.006	1.022	985
Iðnfélög	55	49	41	34	32	26	32	32	39	49	40	30	15
Seðburnes	342	271	220	201	207	235	245	267	275	273	263	247	196
Aukantölur	118	86	64	64	65	78	89	113	119	128	116	100	88
STARF - fjöldi í þjónustu	1.669	1.502	1.403	1.409	1.341	1.315	1.351	1.349	1.418	1.408	1.425	1.399	1.284
VMST (án STARF)	5.536	5.089	4.650	4.566	4.294	4.166	4.389	4.489	4.639	4.898	4.849	4.852	4.737
All atvinnuleysir	7.205	6.591	6.053	5.975	5.635	5.481	5.740	5.838	6.057	6.306	6.274	6.251	6.021
STARF (meðrituð fjöldi af VMST)	1.694	1.566	1.424	1.430	1.387	1.366	1.406	1.406	1.415	1.453	1.497		
Breytingar á ári hjá STARFi	-17,6%	-20,6%	-21,8%	-20,8%	-20,4%	-15,1%	-14,5%	-17,3%	-17,1%	-20,7%	-17,7%		
Breytingar á ári VMST án STARFs	-12,3%	-14,3%	-15,0%	-17,0%	-18,5%	-15,5%	-15,4%	-17,6%	-18,0%	-19,3%	-18,6%		



Í ofangreindri töflu og línuriti sést hvernig fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu STARFs þróaðist síðustu 12 mánuði þjónustunnar og endaði í minnsta fjölda sem sést hafði frá upphafi og er það ágætur endapunktur.



Á þessu línuriti sést hvernig fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu STARFs þróaðist á tilraunátímabilinu. Mesti fjöldinn var í lok árs 2012 en frá þeim tíma fækkaði jafnt og þétt.

Þjónustumiðstöðvar STARFs

STARF var með starfsemi á fjórum þjónustumiðstöðvum stéttarfélaga. Hér á eftir er farið yfir tölulegar upplýsingar atvinnuleitenda hjá hverri þjónustumiðstöð STARFs.

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum, Borgartúni

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum á höfuðborgarsvæðinu var staðsett hjá Samiðn í Borgartúni 30, Reykjavík. Að baki hennar stóðu FIT – Félag iðn- og tæknigeira og Byggiðn – Félag byggingarmanna. Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar var síðan í umsjón Samiðnar. Við upphaf þjónustunnar 1.8.2012 voru atvinnuleitendur 134, en voru komnir niður í 15 í lokin 30.4.2015; atvinnuleitendum hafði því fækkað um 119 á tilraunatímabilinu eða um 89%. Atvinnuleitendur hjá iðnfélögum höfðu verið tiltölulega einsleitir hópur. Miðað við 1.8.2014 voru þar 79% karlar, 50% voru 46 ára og eldri og 29% voru eldri en 55 ára. Þá voru 79% með meira en grunnskólapróf og þar af 59% með framhaldsskólapróf eða iðnmenntun; 65% prósent voru flokkaðir sem iðnaðarmenn eða sérhæft iðnverkfólk. Hlutfall erlendra atvinnuleitenda var um 15%. Á þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum í Borgartúni var 1 stöðugildi atvinnuráðgjafa allt tilraunatímabilið.

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR á höfuðborgarsvæðinu var staðsett í húsa- kynnum VR, Kringlunni 7, Reykjavík. Þetta var eina þjónustumiðstöðin þar sem aðeins eitt stéttarfélag stóð að baki þjónustumiðstöðvar. Atvinnuleitendur voru 1.715 við upphaf þjónustunnar 1.8.2012 en voru komnir niður í 985 við lok þjónustunnar 30.4.2015. Atvinnuleitendum hafði því fækkað um 43% á tilraunatímabilinu eða um 730. Atvinnuleitendur hjá VR var nokkuð breiður hópur en miðað við 1.8.2014 voru konur í talsverðum meirihluta eða 63%. Hópurinn var mun yngri en hjá iðnfélögunum en aðeins 31% þeirra voru eldri en 45 ára og aðeins 16% eldri en 55 ára. Þá var um 67% þeirra skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk og tækni- og sérmenntað starfsfólk. Af hópnum voru 38% einungis með grunnskólapróf og því voru 62% hópsins með framhaldsskólapróf eða meiri menntun. VR var með hæsta hlutfall atvinnuleitenda með háskólapróf eða 28% (næst er Austurland með 8%) og hefur gengið mun hægar að koma þessum hópi aftur út á vinnumarkaðinn en þeim sem voru með grunnenntun eða iðnmenntun. Lægsta hlutfall erlendra atvinnuleitenda var hjá VR eða um 6%. Á þjónustumiðstöð STARFs hjá VR var fjöldi stöðugilda 6 mestallt tilraunatímabilið en nokkrar breytingar voru á ráðgjöfum á tímabilinu.

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum var staðsett í húsakynnum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur (VSFK), Krossmóum 4, Reykjanesbæ, og annaðist félagið reksturinn. Að baki miðstöðvarinnar stóðu fimm stéttarfélög sem voru auk VSFK FIT – Félag iðn- og tæknigeira, Sjómanns- og vélstjóraráfé-

lag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis. Við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 voru atvinnuleitendur 335 en 196 í lok tilraunatímabilsins 30.4.2015; þeim hafði því fækkað um 41% á tímabilinu eða um 131 atvinnuleitanda. Þegar samsetning hópsins er skoðuð 1.8.2014 sést að kynjahlutfall atvinnuleitenda á Suðurnesjum var nokkuð jafnt og var svo allt tilraunatímabilið. Þá var aldersdreifingin einnig nokkuð jöfn en almennt var hópurinn í yngri kantinum og á þessum tíma voru 55% þeirra yngri en 36 ára (nær sama og á Austfjörðum). Samsetning hópsins á Suðurnesjum einkenndist síðan nokkuð af því að hann var allan tímann með hæsta hlutfall þeirra sem voru eingöngu með grunnskólapróf eða 83% hópsins 1.8.2014. Þá voru 60% þeirra flokkuð sem ósérhæft starfsfólk (næst er Austurland með 34%). Suðurnesin voru allt tilraunatímabilið með hlutfallslega flesta erlenda atvinnuleitendur og 1.8.2014 var það um 36% hópsins. Á þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum voru allt tilraunatímabilið 2 stöðugildi atvinnuráðgjafa en fjölgaði um eitt 2013 vegna Liðsstyrks.

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi var staðsett í húsakynnum Afls – Starfsgreinafélags, Miðvangi 2–4, Egilsstöðum, og annaðist félagið reksturinn. Jafnframt var almenn afgreiðsla fyrir þjónustuna á skrifstofum Afls á Höfn og Seyðisfirði. Að baki þjónustumiðstöðvarinnar stóðu auk Afls önnur aðildarfélög sem eru innan ASÍ og starfa á landsvísu en eru ekki með skrifstofur á Austurlandi. Þau eru: RSÍ (Rafiðnaðarsamband Íslands), VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna, VR, Félag bókagerðarmanna, Flugfreyjufélag Íslands, FHS – Félag hársnyrtisveina, MATVÍS – matvæla- og veitingafélag Íslands og Mjólkurfræðingafélag Íslands. Fjöldi atvinnuleitenda var 91 við upphaf þjónustunnar 1.8.2012 en var 88 við lok tilraunatímabilsins 30.4.2015. Atvinnuleitendum hafði því aðeins fækkað um 3% á tímabilinu eða um 3 atvinnuleitendur. Kynjahlutfall atvinnuleitenda hjá STARFi á Austurlandi svipaði yfirleitt mjög til VR en 1.8.2014 var 67% hópsins konur og var þar oftast hæsta hlutfallið hjá þjónustumiðstöðvum STARFs. Þá svipaði önnur samsetning til samsetningarinnar á Suðurnesjum. Þann 1.8.2014 voru 56% atvinnuleitenda yngri en 36 ára og 27% eldri en 45 ára. Þar var ávallt hátt hlutfall einstaklinga eingöngu með grunnskólapróf og á þessum tímapunkti var þetta hlutfall 72% og aðeins 9,6% með háskólapróf. Þá var ávallt í fjölmennustu starfsgreinunum ósérhæft starfsfólk, nánar tiltekið 34% og 22% voru þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk. Erlendir atvinnuleitendur hafa verið um 20%. Á þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi var mest allt tilraunatímabilið 1,3 stöðugildi ráðgjafa.

Hvernig tókst svo til?

Þegar tilraunatímabilinu er lokið er eðlilegt að lagt sé mat á hvernig til tókst. Erfitt er að leggja almennar rekstrar-mælistikur á reksturinn því hann var þess eðlis að venjulegar mælistikur úr rekstri henta illa. Einn mælikvarði, sem styðjast má við, er kröfulýsing sem verkefninu var sett. Á tilraunatímabilinu voru framkvæmdar tvær úttektir á starfseminni þar sem stuðst var við kröfulýsinguna og voru þær framkvæmdar af utanaðkomandi sérfræðingi sem í lokin skilaði um það skýrslum. Umsögn sérfræðingsins var mjög góð og uppfyllti STARF allar kröfurnar, engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar en örfáar smávægilegar athugasemdir sem eðlilegt er. Þannig var tiltekið að STARF væri með gott skipulag og rekið til að veita þá þjónustu sem samningar þar um tilgreindu, starfsfólk þess var áhugasamt og reksturinn almennt í góðu horfi. Annar mælikvarði er tölulegur árangur og eins og fram kemur hér á undan sést að tölulegur árangur er mjög góður og stenst fyllilega samanburð við árangur Vinnumálastofnunar og gott betur. Töluleg úttekt, sem framkvæmd var af starfsfólki Vinnumálastofnunar tvisvar á tímabilinu, sýndi í bæði skiptin að STARF stóð sig þar líka vel en STARF gerði athugasemdir við að annar sam-
anburðaraðilinn hefði annast úttektina sem gerir hana um leið vart marktæka. Þriðji mælikvarðinn er viðhorf þeirra er þáðu þjónustuna, þ.e. atvinnuleitenda. Kannanir, sem gerðar voru á tímabilinu, sýndu allar mjög jákvætt viðhorf til þjónustunnar. Velferðarráðuneytið ætlaði að standa að þjónustukönnun undir lok þjónustunnar að vori 2015 með samanburði við Vinnumálastofnun en ekki er vitað til að sú könnun hafi farið fram eða niðurstaða hennar kynnt. Fjórdi mælikvarðinn er fjárhags- og rekstrarlegur árangur STARFs. Yfirbygging félagsins var lítil og fjárhagslegur rekstur var alla tíð vel undir rekstrarframlagi. Síðasti mælikvarðinn, sem nefna mætti, er viðhorf stéttarfélaganna sem komu að verkefninu og í öllum tilfellum var það jákvætt og mikill vilji þeirra sem annarra stéttarféлага að þjónustan verði áfram á þeirra vegum.

Þegar horft er til baka að loknu þriggja ára tilraunatímabili STARFs er niðurstaðan að tilraunin hafi í reynd tekist mjög vel. Vissulega hefði mátt gera eitthvað á annan veg en þegar á heildina er litið tókst vel til og ef af stað verður farið aftur er reynslan til staðar til að læra af henni. Ljóst var frá upphafi að tilraunaverkefnið var ekki sett á laggirnar með velvilja þeirrar stofnunar sem fór með þjónustu við atvinnuleitendur, þ.e. Vinnumálastofnunar, og litu stjórnendur hennar alla tíð á starfseminna sem ógnun við stofnunina og var samstarfið því miður tortryggni blandið. Sem dæmi um viðhorf stofnunarinnar til STARFs þá er ekki einu orði minnst á STARF í ársskýrslum stofnunarinnar fyrir árin 2012, 2013 og 2014 sem er með ólíkindum. Það er afar leitt að ekki var vilji innan ráðuneytis til að framlengja verkefnið þrátt fyrir vilja stéttar-

félaga innan ASÍ til þess. STARF lauk því störfum 30. apríl 2015 og fluttust atvinnuleitendur þess yfir í þjónustu til Vinnumálastofnunar. Stjórnendur og ráðgjafar STARFs hurfu til annarra starfa og geta horft stoltir til baka.

Barátta ASÍ gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi. Í fyrri skýrslum forsetahefur verið fjallað um starf Alþýðusambandsins í þessum málum og úrbótatillögur sambandsins.

Í ljósi þessarar niðurstöðu var á vettvangi ASÍ unnin greinargerð og heildstæðar tillögur til að sporna við kennitöluflakki og var hvorttveggja kynnt í byrjun október 2013. Um er að ræða ítarlega greiningu og úrbótatillögur í 16 liðum. Í fréttatilkynningu, sem Alþýðusambandið sendi frá sér af þessu tilefni, sagði:

„Alþýðusamband Íslands hefur lengi gagnrýnt andvaraleysi og ótrúlegt langlundargeð stjórnvalda gagnvart kennitöluflakki og þeim skaða sem slík starfsemi veldur. ASÍ gerir tillögur í 16 liðum um aðgerðir til að sporna við kennitöluflakki. Með því vill ASÍ taka frumkvæði og setja á dagskrá baráttuna gegn þessum skaðvaldi í íslensku atvinnulífi. Jafnframt bendir ASÍ á að kennitöluflakk og svört atvinnustarfsemi þrífast gjarnan hlið við hlið.

Í sinni einföldustu mynd má lýsa kennitöluflakki sem skipulagðri aðgerð einstaklinga þar sem verðmæti eru tekin út úr einu félagi (hf./ehf.) og sett í annað félag en skuldir og aðrar skuldbindingar skildar eftir og félagið síðan sett í þrot. Mörg dæmi eru um keðju slíkra gjörninga vegna sama rekstursins þar sem sömu einstaklingar eru í forsvari. Fullyrða má að þetta athæfi kosti íslenskt samfélag tugi milljarða króna á ári.

Samfélagslegt tjón

Kennitöluflakk og misnotkun á félögum (hf./ehf.) með takmarkaða ábyrgð hefur alvarleg og víðtæk áhrif á samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni fyrir:

- Starfsmenn sem eiga útistandandi launakröfur á hin gjaldþrota félög auk þess að tapa starfi sínu og margvíslegum réttindum.
- Fyrirtæki í hliðstæðum rekstri og starfsmenn þeirra sem standa skil á sínu en búa við skekka samkeppnisstöðu vegna þeirra sem hafa rangt við. Birgja sem fá ekki greidda sína vöru og þjónustu og geta

vegna ruðningsáhrifa slíks tjóns sjálfir orðið gjaldþrota og einstaklingar sem eiga viðskipti við félagið.

- Sameiginlega sjóði landsmanna sem verða af tekjum sem skipta a.m.k. tugum milljarða á hverju ári, – tekjum sem nýta mætti til að bæta heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi svo dæmi séu tekin.“

Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir að tekist hafi að fá mikla fjölmiðlaumfjöllun um málið og að fundað hafi verið með iðnaðarráðherra, þar sem ráðherra var hvattur til dáða og boðinn allur sá stuðningur sem Alþýðusambandið getur veitt, hefur ekkert gerst í málinu frekar. Alþýðusambandið mun halda málinu áfram á lofti og eru ýmsar aðgerðir fyrirhugaðar í þeim efnum á næstu mánuðum.

Frankvæmd útboðsmála, opinber þjónustukaup og keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði

Það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur gerst á tímabilinu varðandi úrbætur á sviði útboðsmála, opinberra þjónustukaupa og keðjuábyrgðar/samábyrgðar á verktakamarkaði. Ljóst er að áhugi stjórnvalda í þeim efnum er enginn en Alþýðusambandið mun áfram knýja á um frekari úrbætur.

Frankvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi, fjölmiðlaumfjöllun um málið, gildistöku og eftirfylgni með framkvæmd tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Starfsmannaleigur og fyrirtæki sem veita tímabundna þjónustu

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 má segja að erlendar starfsmannaleigur og evrópsk fyrirtæki, sem veita þjónustu tímabundið hér á landi, hafi horfið af íslenskum vinnumarkaði. Síðustu mánuði og misseri hafa slík fyrirtækið hins vegar skotið upp kollinum hér á landi að nýju. Starfsemi þeirra tengist einkum ýmsum verklegum framkvæmdum sem settar hafa verið í gang að undanfögnu. Um leið hefur jafnframt fjölgað málum þar sem brotið er á réttindum starfsmanna þessara fyrirtækja, ekki staðið rétt að skráningu fyrirtækja og starfsmanna og farið á svig við skattalög. Þegar þetta er skrifað eru umræður

í gangi á vettvangi ASÍ um hvernig efla megi eftirlit og ráðast gegn slíkri brotastarfsemi. Þessi umræða tengist beint áherslunni á eflingu vinnustaða-
eftirlitsins sem fjallað er um á öðrum stað.

Aðild Króatíu að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og frjáls för launa- fólks

Króatía fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2013 en aðildarríkjum var heimilt að takmarka aðgengi Króata að vinnumörkuðum sínum ef talið var að innkoma þeirra gæti valdið verulegri röskun á vinnumarkaði. Ísland nýtti sér þessa heimild tímabundið til 1. júlí 2015 .

Umsóknir Króata um atvinnuleyfi hér á landi hefur verið lítil hluti af heildar-
fjölda umsókna sem berast Vinnuálastofnun og voru þær aðeins tólf á árun-
um 2013–2015. Í ljósi þessara upplýsinga og að höfðu samráði við samtök
aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði er niðurstaðan sú að nýta
ekki frekar aðlögunarheimildir til að fresta aðgengi Króata að íslenskum
vinnumarkaði.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru eitt að þeim viðfangsefnum
sem ítrekað koma upp í starfi Alþýðusambandsins. Af hálfu sambandsins hefur
verið lögð rík áhersla á að útlendingar, sem hér starfa, hvort sem um er að ræða
EES-borgara eða einstaklinga utan EES, njóti kjara og réttinda í samræmi við
það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði.

Einn af þeim þáttum, sem ítrekað hafa komið til umræðu varðandi borgara
utan EES á íslenskum vinnumarkaði, er að rýmka verulega heimildir þeirra
til að starfa hér á landi. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið áréttað að
þeir útlendingar, sem koma hingað til starfa, séu ekki notaðir af innlendum
og erlendum fyrirtækjum til félagslegra undirboða. Það snýr bæði að því að
 tryggja kjör og réttindi hinna erlendu starfsmenna og að þátttaka þeirra á inn-
lendum vinnumarkaði raski ekki fyrirkomulagi á íslenskum vinnumarkaði og
þeim kjörum og réttindum sem hér gilda.

Síðasta ár hefur löggjöf um útlendinga verið í heildarendurskoðun í þverpóli-
tískri nefnd þingmanna. Fulltrúar Alþýðusambandsins hafa fengið tækifæri
til að hitta þingmannanefndina og einnig starfsmenn innanríkisráðuneytisins,
sem unnið hafa með nefndinni, þar sem framangreind afstaða Alþýðusam-
bandsins hefur verið áréttuð. Nefndin kynnti drög að frumvarpi til nýrra
útlendingalaga í lok ágúst 2015. Ljóst er að þær breytingar, sem boðaðar eru

í frumvarpinu, kalla á umræðu og breytingar á lögnum um atvinnuréttindi útlendinga. Alþýðusambandið leggur áherslu á að fulltrúar þess komi að þeirri vinnu til að gæta hagsmuna félagsmanna sinna.

Kvörtun ASÍ til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Lögfræðideild ASÍ kvartaði til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) árið 2013 vegna dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 381/2010 frá 19. apríl 2011. Í dómnum kemur fram sú túlkun að einungis sé hægt að taka inn í starfsaldur starfsmanna þá mánuði sem eitthvað vinnuframlag er innt af hendi, jafnvel þó svo að ráðningu hafi ekki formlega verið slitið.

Í stuttu máli telur ASÍ að umrædd túlkun stangist á við þá meginreglu sem fram kemur í framangreindri tilskipun, sem og lögum sem innleiddu tilskipunina í íslenskan rétt, um að starfsfólk í hlutastarfi skuli njóta sama réttar og starfsfólk í fullu starfi. Málið í framangreindum dómi var rekið af stéttarfélagi sem ekki er innan vébanda ASÍ og því hefur ASÍ ekki átt aðkomu að málinu á fyrri stigum. Dómurinn er engu að síður gildandi réttur á íslenskum vinnumarkaði um hvernig skuli meta starfsaldur og við það telur ASÍ sig ekki geta unað og ákvað því að framkvæma ofangreinda kvörtun um að niðurstaða Hæstaréttar Íslands leiði af sér réttarreglu sem fari gegn skýrum ákvæðum þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands í gegnum EES samninginn.

Með bókun sem kom inn í kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA sem undirritaðir voru vorið 2015 má segja að málið sé leyst hvað varðar almenna vinnurakaðinn. Bókunin er svohljóðandi:

„Samfellt starf og áunnin réttindi

Með „samfelldu starfi“ í skilningi kjarasamninga er átt við að starfsmaður hafi verið í samfelldu ráðningarsambandi óháð því hvort hann hafi fallið tímabundið af launaskrá. Launalaust tímabil telst þó ekki hluti ráðningartíma við ávinnslu réttinda, ákveði lög eða kjarasamningar ekki annað sbr. t.d. lög bundið fæðingarorlof.“

Eftir stendur hins vegar sá hluti vinnumarkaðarins sem er ekki dekkjaður af kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og er það Velferðarráðuneytisins og/ eða löggjafans að leysa þann hluta málsins með fullnægjandi hætti gagnvart ESA sem hefur tilkynnt fulltrúum ríkisstjórnar Íslands að það taki undir túlkun lögfræðideildar ASÍ þess efnis að dómurinn stangist á við meginreglu tilskipunarinnar um starfsmenn í hlutastarfi sem kveður á um jafnræði á milli ráðningarforma.

Skrifleg staðfesting ráðningar

Við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 2013 var gerð bókun milli ASÍ og SA í kjarasamningi um sameiginleg mál um að kannað yrði hvort launafólk væri almennt með skriflega ráðningarsamninga eða skriflega staðfestingu ráðningar. Auk þess var samið um að brot gegn ákvæðum kjarasamninga hér að lútandi geti varðað skaðabótum. Skv. niðurstöðum könnunar, sem ASÍ og SA létu Capacent Gallup framkvæma, eru 85% launafólks á Íslandi með skriflegan ráðningarsamning eða skriflega staðfesta ráðningu. Á almennum vinnumarkaði er hlutfallið þó 75% meðan það er 98% á opinberum vinnumarkaði. 8% launafólks hafa aldrei haft skriflegan ráðningarsamning eða fengið ráðningu staðfesta skriflega og staðan er verst í aldurhópnum 18–24 ára þar sem hlutfallið er 14%. Ljóst er að betur má gera og hér skal ítrekað að launafólk gangi eftir þessum réttindum sínum þegar við ráðningu eða skömmu eftir hana.

Innleiðing tilskipana ESB um bann við mismunun

Í síðustu skýrslum forseta hefur ýtarlega verið fjallað um innleiðingu tilskipunar 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipunar 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem lýtur að vinnumarkaðnum. Lokið var við gerð frumvarps um efni þeirra haustið 2013 en það ekki lagt fram. Þrátt fyrir fyrirheit ráðherra hefur frumvarpið ekki verið lagt fyrir Alþingi og óvist hvort það verður lagt fram á því þingi sem hefst haustið 2015.

ESB og norræna kjarasamningsmódelið

Samband norrænu verkalýðsfélagana (NFS) átti frumkvæði að riti um ESB og norræna kjarasamningsmódelið sem Ráðherraráð Norðurlandanna gaf út í apríl 2015 (Europa og den nordiske aftalemodel). Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, ritaði eina grein í bókina þar sem sérstaklega var fjallað um innleiðingu tilskipunar 91/71 um útsenda starfsmenn. Ein af niðurstöðum hans er sú að samband EES-réttar og landsréttar, sem endurspeglar í dómum Hæstaréttar Íslands og Noregs, áskilji bæði Íslandi og Noregi meira svigrúm en hinum norrænu löndunum þegar kemur að innleiðinu tilskipana á sviði vinnuréttar. Þetta samband sé gerólíkt sambandi ESB-réttar og landsréttar í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og þeim reglum sem þessi lönd búa við sem aðildarríki ESB. Þar hafi því fyrir löngu verið slegið föstu af Evrópuþómstólnum að ESB-réttur hafi forgangsáhrif gagnvart rétti aðildarríkjanna auk þess sem ESB-reglur geti haft bein réttaráhrif í landsrétti án þess að hafa verið innleiddar. Af þessu dregur hann þá ályktun að bæði Ísland og Noregur hafi

mun meira svigrúm en hin norrænu löndin til þess að standa vörð um vinnu-
markaðsmódel sín og þá um leið hið norræna vinnu-
markaðsmódel.

Málefni flugliða hjá Primera Air

Primera Air er fyrirtæki með staðfestu á Íslandi, með íslenska kennitölu og virðisaukaskattsnúmer en er jafnframt hluti af Primera Travel Groupsamstæðunni og annast bæði leiguflug og áætlunarflug frá Keflavíkurflugvelli. Til þess að sinna þessu flugi eru leigðar flugvélar með áhöfn frá öðru fyrirtæki innan Primera Travel Group-samstæðunnar, Primera Air Nordic, sem er nýtt flugfélag með flugrekstrarleyfi og aðsetur í Lettlandi. Þessar flugvélar eru mannaðar með áhöfnum sem leigðar eru, alveg eða að hluta, frá starfsmannaleigum utan Íslands, þ.m.t. frá Guernsey og eru starfskjör flugliða allt önnur og verri en vera ber skv. íslenskum kjarasamningum. Þetta viðskiptamódel, eins og það er teiknað, er löglegt en framkvæmd þess kann bæði að vera löglaus og siðlaus fylgi þau fyrirtæki, sem mynda módelið, hvorki íslenskum lögum, EES-reglum né alþjóðlegum flugreglum. Það er skoðun ASÍ að bæði Primera Air og Primera Air Nordic beri skv. lögum nr. 45/2007 bæði skyldur hér á landi gagnvart áhöfnum á flugvélum Primera Air Nordic og gagnvart stjórnvöldum. Ef fyrirtækin sinni ekki þessum skyldum sínum eða brjóti alvarlega gegn ákvæðum um lágmarkskjör og lágmarksréttindi geti Vinnuálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafi verið gerðar eins og segir í 15. gr. laga nr. 45/2007. ASÍ skoraði í upphafi ársins á íslensk stjórnvöld að taka starfsemi Primera Air og Primera Air Nordic hér á landi til rækiegrar skoðunar og stöðva starfsemi þeirra enda hefði ASÍ undir höndum gögn sem sýndu að félögin brjóti lög og grundvallarréttindi á því starfsfólki Primera Air Nordic sem sinnir flugi fyrir Primera Air hér á landi. Þessum ásökunum hafnaði Primera Air og hótaði ASÍ málssókn. Vinnuálastofnun, sem með málaflokkinn fer, tók málið til athugunar en taldi sig ekki hafa nægilega sterkan lagalegan grunn til aðgerða. ASÍ er ekki sammála þeirri afstöðu og hefur tilkynnt velferðarráðuneytinu og Vinnuálastofnun þá afstöðu.

Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Eins og fram kemur í skýrslu forseta 2013 höfðaði ASÍ í eigin nafni mál á hendur íslenska ríkinu til viðurkenningar á því að skattlagning á lífeyrissjóðina væri andstæð stjórnarskrá. Málinu var vísað frá dómi en 18. mars 2014 stefndi ASÍ ríkinu að nýju en nú í nafni Gildis lífeyrissjóðs. Málflutningur fór upphaflega fram 18.3 2015, málið var endurflutt 18.8 2015 og dómur upp kveðinn 17.9 2015 þar sem ríkið var sýknað í héraði af kröfum Gildis. Stefnandi hélt því fram að þar sem skatturinn hefði eingöngu áhrif á almenna lífeyrissjóði

fæli hún í sér annars vegar brot gegn jafnræðisreglu og hins vegar byggði Gildi mál sitt á því að óháð lögmati skattlagningarinnar hafi ríkið skuldbundið sig með yfirlýsingum um endurgreiðslu á innheimtum skatti að ákveðnum skilyrðum sem almennir lífeyrissjóðir töldu sig hafa uppfyllt.

Í stuttu máli var ekki fallist á málsástæður stefnanda í málinu og því var ríkið sýknað af kröfunni. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar en ákvörðun þess efnis mun liggja fyrir innan fjögurra vikna sem er hinn lögbundni áfrýjunarfrestur.



FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögunum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímír-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóði og stjórn Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna

félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú. Fulltrúar Alþýðusambandsins hafa tekið virkan þátt í stefnumótun á grundvelli Hvítbókar menntamálaráðherra um læsi, eflingu starfsmenntunar og styttingu náms á framhaldsskólastigi. Þá átti ASÍ fulltrúa í verkefnahópi á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um stefnumótun í framhaldsfræðslu sem skilaði tillögum sínum ásamt aðgerðaáætlun í maí sl. Loks má geta þess að fulltrúi ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun um hæfnirammann sem unnið er að fyrir íslenska menntakerfið með sérstakri áherslu á framhaldsfræðslu og fagháskólastigið.

Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti. Þá er í kaflanum um vinnumarkaðs- og félagsmál á öðrum stað í skýrslunni sérstaklega fjallað um mennta- og vinnumarkaðsverkefni sem ákveðið var að vinna að í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2011 með yfirskriftinni. Nám er vinnandi vegur.

MFA Fræðsludeild ASÍ

Fræðsludeild ASÍ hefur það að markmiði að bjóða upp á fræðslu og námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn í starfi svo að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra í síbreytilegu samfélagi. Bodið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Þá býður Fræðsludeildin einnig upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA Fræðsludeilda.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri Fræðsludeilda jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Félagsmála-

skólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið hefur verið um 14 milljónir á ári síðustu fimm ár.

Starfsmenn skólans eru fleiri nú en á síðasta ári. Nú eru þeir fimm, þar af einn í fullu starfi, tveir í hálfu starfi, einn í 40% starfi og einn í 70% starfi. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefna fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Viðurkenndur fræðsluaðili

Nú hefur Félagsmálaskólinn fengið formlega viðurkenningu sem viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, 7. gr., var skólanum veitt formleg heimild til að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluadilans uppfylli á þeim tíma, sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Meðal atriða, sem metin eru sérstaklega, eru aðstæða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Þjónusta Fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin heldur námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Við skipulag trúnaðarmannanámskeiða er unnið út frá námskránum *Trúnaðarmannnafræðsla I og II* sem gefnar hafa verið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um er að ræða samtals 142 kennslustundir. Námskrárnar hafa hlotið viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er því hægt að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannnafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Nemendur, sem ljúka námi samkvæmt báðum námskránum, hafa möguleika á að fá allt að 11 einingar metnar, 6 einingar fyrir *Trúnaðarmannnafræðslu I* og 5 einingar fyrir *Trúnaðarmannnafræðslu II*.

Í lögum um framhaldsfræðslu eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind

með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Með hæfniramma, sem tengdur er við evrópska hæfnirammann (EQF), er gert ráð fyrir stígandi í námi, hann á að vera upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, gefa vísbendingu um hvaða hæfni nemendur eigi að búa yfir og vera jafnvel hvatning til frekara náms. Markmiðið með hæfniramma er að gefa kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla ásamt lýsingu á vottuðu námi innan framhaldsfræðslu.

Verið er að vinna við að setja námsskrár Trúnaðarmannafræðslunnar á hæfniþrep auk þess sem þær eru í stöðugri endurskoðun.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Alls voru 43 trúnaðarmannanámskeið haldin og stóðu þau í allt frá tvo daga til fimm. Þetta er aukning frá fyrra ári en þá voru haldin 36 trúnaðarmannanámskeið. Haldin voru 18 námskeið á haustönn 2014 og 25 á vorönn 2015. Alls sóttu 437 manns námskeiðin sem er töluvert meiri þátttaka en undanfarin ár. Þar af voru 279 konur og 158 karlar. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælst vel fyrir og er aukning þar á milli ára.

Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald en jafnframt er skráð inn í sameiginlegt nemendabókhald Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þrátt fyrir það skilar skólinn inn til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins upplýsingum um fjölda þátttakenda á námskeiðum skólans ásamt ítarlegri upplýsingum.

Almenn námskeið

Almenn námskeið eru í boði fyrir stéttarfélög og gefinn hefur verið út heildarþækklingur með öllum þeim námskeiðum sem Félagsmálaskólinn býður upp á en þau eru alls 42. Undanfarin misseri hafa ekki verið haldin almenn námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum heldur hafa þau verið pöntuð sérstaklega af einstökum félögum. Í ljósi aukins áhuga félaganna að sækja opin námskeið hefur sú breyting orðið að nú auglýsir Félagsmálaskólinn opin námskeið fyrir öll félögin á ákveðnum dagsetningum. Á haustönn 2014 var boðið upp á þrjú almenn námskeið en það voru: *Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna*, *Núvitund og Samningatækni*. Á vorönn 2015 var einnig boðið upp á þrjú almenn námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum og þau auglýst. Þau voru: *Hvildartímaákvæði vaktavinnufólks*, *Lestur launaseðla og Samningatækni*. Einnig voru haldin sérnámskeið fyrir einstök félög, sem þess óskuðu. Á haustönn 2015 verður boðið upp á fimm almenn námskeið. Þau eru: *Hvildartímaákvæði* –

frítökuréttur í vaktavinnu, Námsþvotning á vinnustað, Fundarstörf, Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í stéttarfélögum og Lífeyrissjóðsnámskeið.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Haldið var eitt námskeið á haustönn 2014 fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafanefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997 en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjá og hálfan dag, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafarnefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa 164 sótt námskeiðið. Fyrirhugað er að halda eitt undirbúningsnámskeið á haustönn 2015.

Í tengslum við þessi námskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME komu fram ítrekaðar fyrirsögnir og óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyrisskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu var sett upp styttra almennara námskeið, þar sem farið var yfir helstu þætti lífeyrisskerfisins og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, og markhópurinn verðandi stjórnarmenn og þeir sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyrisskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt var um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið er góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflökkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, (nýjum) starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarfélaga, fulltrúum í lífeyrisnefndum félaga og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefnum. Haldin voru fjögur yfirlitsnámskeið á síðasta skólaári og alls sóttu 64 þau námskeið.

Þá komu fram óskir frá skrifstofum lífeyrissjóðanna um að Félagsmálaskólinn tæki að sér fræðslu fyrir starfsfólk á skrifstofum lífeyrissjóðanna. Slíkt námskeið var útbúið og heitir það *Umhverfi og áskoranir lífeyrisskerfisins*. Það var haldið í nóvember og hlaut góðan hljómgrunn. Á námskeiðinu var farið yfir

uppbyggingu og hlutverk íslenska lífeyriskerfisins, starfsumhverfi lífeyrissjóðanna og þær áskoranir sem við blasa í nútíð og framtíð.

Nú hefur verið bætt við námsframboði um lífeyrismál fyrir starfsfólk lífeyrissjóðanna og aðra sem áhuga hafa. Um er að ræða símenntunarnámskeið þar sem m.a. þátttakendum fyrri námskeiða gefst kostur á að bæta við sig. Þetta eru stutt þriggja klukkustunda námskeið og verður boðið upp á fjögur slík námskeið á haustönn 2015. Eftirfarandi námskeið verða í boði: *Nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða, Lestur ársreikninga við fjárfestingarákvarðanir, Reglur um innherjavíðskipti og Lýðfræðileg áhætta og lengri lífaldur.*

Þá var einnig boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum stéttarfélaganna sem þjónusta félagsmenn varðandi lífeyrismál. Fjallað var um lífeyriskerfið og réttindi félagsmanna innan þess til að gera starfsfólk stéttarfélaganna betur í stakk búið til að upplýsa félagsmenn og leiðbeina þeim að hverju sé að hygga við töku lífeyris.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Til að mæta auknum kröfum, sem gerðar eru til forystu og starfsfólks innan samtakanna, hefur verið búið til námsleiðin Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaganna. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem það eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar, sem gerðar eru til þeirra, og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla liðsheild, treysta samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarfélaganna þeirra, ásamt því að styrkja samstarf heildarsamtakanna.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum skyld viðfangsefni. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu eru námskeiðin valfrjál. Haldið var eitt námskeið á haustönn 2014 en það var Verkefnastjórnun sem var í þremur lotum og náði yfir á vorönnina. Á vorönninni voru haldin tvö námskeið, *Starfsþrek og heilsuefling og Mótun og miðlun upplýsinga*. Á haustönn 2015 er fyrirhugað að halda þrjú námskeið í Forystufræðslunni, en það eru: *Símenntun og virk starfsþróun, Siðferði á vinnustöðum og Jafnlaunastadall og jafnrétti.*

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslu-
setursins Starfsmenntar er notað en þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl,
þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

Kynningar í framhaldsskólum

Fræðsludeild Alþýðusambandsins hefur boðið framhaldsskólum upp á
fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Færst hefur í aukana að
námsráðgjafar framhaldsskólanna og kennarar hafi samband og biðji um þessa
fræðslu fyrir nemendur. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í
lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti
er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði, svo sem vinnuátíma, ráðninga-
samninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga. Þörfin hefur
verið brýn að fræða ungmenni um vinnumarkaðinn þar sem margir nemendur
á framhaldsskólastigi eru farnir að vinna með skóla en eru lítt meðvitaðir um
réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum. Farið var í 20 heim-
sóknir á síðasta ári og í sumum tilfellum oftast en einu sinni í sama skólann og
þar af heimsókn í einn grunnskóla.

Útbúin hafa verið myndbönd þar sem helstu réttindi eru kynnt í stuttu máli á
myndrænan hátt. Þau hafa m.a. verið notuð til kynningar í framhaldsskólum,
fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim var komið á framfæri til stéttar-
félaganna. Þau má nálgast á heimasíðu ASÍ, www.asi.is Þá hefur ASÍ verið í
samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla
fyrir unga fólkið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði
í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það
samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs
fólks á vinnumarkaði.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóða-
vinnumálaþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu-
málastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu
þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og
samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi
á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingar-
innar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrir-
lestra og hópastarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnu-
málaþingsins og nefndastarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð,
oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátt-
takendur fara út til Genfar í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum

í stéttarfélögum. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi tekið þátt í fræðslustarfi verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundir hér á landi sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands, sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri Fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Slóð Genfarskólans er www.geneveskolan.org

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4042 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun og samfara stöðugri endurskoðun á námskrám verður efni handbókarinnar gert ítarlegra. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðunni www.felagsmalaskoli.is og var handbókin sett upp í flettfíform á vefsíðunni á síðasta ári til að auðvelda leit úr farsímum.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræði og námssálarfræði. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur Fræðsludeildin séð um þá vinnu.

Heimasíða

Ný heimasíða, www.felagsmalaskoli.is, var tekin í notkun árið 2013 og er hún í stöðugri þróun. Þar má finna upplýsingar um námsframboð, Handbók trúnaðarmannsins, efni um einelti og margt fleira.

Stefnumótun í framhaldsfræðslu

Í lok maí 2015 skilaði verkefnahópur um framhaldsfræðslu, sem skipaður var í lok árs 2014 með þátttöku fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, tillögum sínum ásamt greinargerð. Í tillögunum er fjallað um helstu verkefni og álitamál sem framhaldsfræðslan stendur frammi fyrir og hvernig best sé að takast á við þau. Þar er m.a. fjallað um uppbyggingu og helstu verkfæri fram-

haldsfræðslunnar, hvaða markhópi hún eigi að þjóna og hvernig megi auka möguleika fólks, sem er eldra en 18 ára og komið er út á vinnumarkaðinn, til að fá viðurkennda færni sína og afla sér frekari menntunar. Tillögurnar eru mjög í anda þeirra áherslna sem Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa sett fram í málaflokknum.

Meginniðurstaða verkefnahópsins er að framhaldsfræðslukerfið byggi á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hafa verið sett. Því standi ekki efni til þess að gera meginbreytingar á kerfinu. Ef horft er til þess að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára, sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun, fari úr 30% niður í 10% fyrir 2020 er samt langt í land. Tryggja þarf meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er og efla enn frekar þróun og stuðning innan kerfisins.

Framhaldsfræðslukerfið byggir á samstarfi þriggja mikilvægra stöða sem eru:

1. Fræðslusjóður
2. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
3. Símenntunarmiðstöðvar og fleiri fræðsluaðilar

Fræðslusjóður úthlutar fjármunum til fræðsluaðila í samræmi við skilmála sjóðsins, samþykka af mennta- og menningarmálaráðherra. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur náið með Fræðslusjóði og fræðsluaðilum við að halda utan um og þróa framhaldsfræðslukerfið. Framhaldsfræðslan er samvinnuverkefni stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda, byggð á grunni vinnu aðila vinnumarkaðarins áður en lög um framhaldsfræðslu voru sett. Lagt er til að áfram verði byggt á samstarfi framangreindra aðila.

Framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að bjóða þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi annað tækifæri til náms. Þetta verkefni er á ábyrgð atvinnulífsins alls og stjórnvalda. Sérstaklega er horft til verk- og starfsnáms sem byggir á hæfnikröfum starfa. Til að sinna meginhlutverki kerfisins hafa verið þróuð þrjú verkfæri:

1. Náms- og starfsráðgjöf er anddyrið að raunfærnimati og vottuðum námsleiðum. Þróun öflugs stuðnings fyrir náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslu er forsenda þess að kerfið virki. Lagt er til að m.a. verði byggt á þeim grunni, sem lagður hefur verið með vefnum *Næsta skref*, og rekstur hans tryggður.

2. Raunfærnimat er öflugt verkfæri. Lagt er til að raunfærnimat verði þróað markvisst fyrir sem flest störf í helstu starfsgreinum og gerð um það áætlun sem fylgt verði. Tryggja þarf nægt fjármagn til þess.
3. Vottuðum námsleiðum í framhaldsfræðslu hefur fjölgað á undanförunum árum. Þróa þarf áfram fjölbreytt nám í samstarfi við atvinnulífið.

Ákveðin hætta er á því að grunnstoðir framhaldsfræðslukerfisins veikist verulega ef fjármunir þess dreifast á fleiri. Áðurnefndur verkefnahópur telur því mikilvægt að þær breytingar, sem geta hugsanlega orðið á skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs, tryggji áfram þá grunnþjónustu sem þarf að vera í boði hjá fræðsluaðilum og má þar sérstaklega nefna náms- og starfsráðgjöf.

Framhaldsfræðslukerfið þarf að geta vaxið og dafnað þannig að það styðji markmið um aukna menntun og herra menntunarstig. Mikilvægt er að auka samstarf og samræmingu, þar sem það á við, milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslunnar, einkum mat á námi á milli kerfa. Mikil samlegð getur falist í verkmenntaskólum sem búa yfir mikilvægri þekkingu, tækjum og tólum sem nauðsynleg eru til að bjóða fullorðnum nemendum öflugt og gott verk- og starfsnám og framhaldsfræðslu með ráðgjöf.

Verkefnahópurinn telur að ekki sé brýn nauðsyn til að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu nú. Hins vegar þarf að skerpa á ýmsum þáttum til að tryggja samræmi á milli lagaumgjardar og framkvæmdar. Einnig dregur hópurinn sérstaklega fram nokkur atriði sem ætti að skoða þegar löggin verða endurskoðuð. Tillögur verkefnahópsins að úrbótum:

Vottun og viðurkenning: Gæði náms skipta miklu máli fyrir alla nemendur. Gæðamálin í framhaldsfræðslu eru tvískipt: 1) vottun og viðurkenning fræðsluaðila og 2) vottun námskráa. Lagt er til að vottun og viðurkenning fræðsluaðila verði samþætt og að framkvæmdin verði í höndum eins aðila. Varðandi vottun námskráa er mikilvægt að niðurstaða fái stund um hvernig ferlið verður um leið og hæfniramminn liggur fyrir. Tillaga hópsins um aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðslu gæti leyst ákveðinn vanda á þessu sviði.

Aldursviðmið: Verkefnahópurinn telur mikilvægt að allir fullorðnir einstaklingar, sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi og farið út á vinnu- markaðinn, geti nýtt sér þjónustu framhaldsfræðslunnar. Aldursviðmið, sem unnið hefur verið eftir, eiga ekki við lengur. Reynsla er komin á fimmtu stoð

menntakerfisins, framhaldsfræðsluna. Nú, þegar séð er hvernig hún og framhaldsskólinn tengjast eða geta tengst, þurfa mörk, sem sett eru, að vera á skýrum forsendum reynslu og þekkingar frekar en lífaldurs. Markmiðið ætti að vera að allir sem sýna vilja til að ljúka námi á framhaldsskólastigi eigi aðgang að þeim úrræðum menntakerfisins sem henta þeim best.

Aðalnámskrá: Verkefnahópurinn leggur til að samin verði aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna þar sem skilgreind verði helstu hugtök til samræmis við önnur skólastig og að mörkuð verði skýr stefna um mat á námi milli kerfa. Komið verði upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.

Aðgerðaáætlun og fjármögnun: Til að tryggja framgang ofnagreiðra tillagna leggur verkefnahópurinn fram aðgerðaáætlun til næstu 5 ára (sjá kafla 2). Markmið aðgerðaáætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Próa áfram grunnþjónustuþætti framhaldsfræðslunnar þannig að þeir svari þörfum markhópsins og atvinnulífsins.
2. Koma á samþættu og skilvirku ferli við viðurkenningu og gæðavottun framhaldsfræðsluadila.
3. Framhaldsfræðslan miðist við þarfir fullorðinna einstaklinga á vinnu- markaði en ekki við ákveðinn aldur.
4. Samin verði aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna til samræmis við aðrar menntastofir.

Heildarfjármagnsþörf til að ná þessum markmiðum er 5.372.500 kr. næstu 5 árin til viðbótar við það fjármagn sem nú er sett í framhaldsfræðsluna af hálfu stjórnvalda.

Aðgerðaáætlun til 5 ára

Lagt er til að tekin verði markviss og afgerandi skref í þá átt að ná 2020-markmiðunum um að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem hafa ekki formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10%. Til að svo megi verða þarf að tryggja umtalsvert meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er gert. Enn fremur þarf að efla enn frekar þróun og stuðning innan framhaldsfræðslukerfisins.

Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð rík áhersla á að tillögum og aðgerðaáætlun verkefnahópsins verði hrint í framkvæmd.

Hæfniprep National Qualifications Framework (NQF)/European Qualifications Framework (EQF)

Með lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Þrjátíu Evrópulönd, þ.m.t. Ísland, vinna að því að tengja sín hæfniprep við evrópska hæfnirammann. Markmiðið með hæfnirammanum er að hann endurspegli menntakerfi hvers lands og gefi kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla og lýsingu á vottuðu námi innan framhaldsfræðslu.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu hefur verið starfandi síðan í september 2013 og hefur fulltrúi ASÍ tekið þátt í þeirri vinnu. Hópurinn var settur saman að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins eftir að aðilar framhaldsfræðslu höfðu gert athugasemdir við 7 þrepa rammann (NQF) sem birtist á vef ráðuneytisins. Athugasemdir sem bárust, snerust fyrst og fremst um fjölda þrepa og að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til óformlegs náms. Óskað var eftir meira samráði við hagsmunaaðila utan formlega skólakerfisins til að tryggja sameiginlegt eignarhald og víðtæka notkun rammans. Hlutverk vinnuhópsins var að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á hæfniprep eftir þörfum og spegla þau inn í hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Hópurinn hefur fundað reglulega og skilaði inn greinargerð til Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis í febrúar 2015.

Fulltrúar atvinnulífs á Íslandi hafa, allt frá upphafi umræðna um íslenskan hæfniramma, lagt áherslu á að hæfniramminn stuðli að hreyfanleika á vinnumarkaði, m.a. með samanburð milli landa í huga og til að tryggja betur að samræmi sé milli mismunandi námsloka og þarfa atvinnulífsins. Samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnumarkaði en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun.

Niðurstöður vinnuhóps um hæfniramma í framhaldsfræðslu voru m.a. að fjölga þrepum úr sjö í átta með því að greina fyrsta þrepið í tvennt (sbr. EQF), en með því telur hópurinn að skýrari samfella verði í uppbyggingu þrepa og að hann rúmi fjölbreytt námslok, óháð því hvar og hvernig hæfni hefur verið aflað. Námslok í framhaldsfræðslu hafa hins vegar ekki verið skilgreind.

Hæfniramminn þarf að vera einfaldur og skýr og rúma allt nám, sama hvar það fer fram, og hæfnikröfur allra starfa. Jafnframt er lögð áhersla á almennara orðalag á þrepaýsingum sem styður við hæfniuppbyggingu einstaklinga á vinnumarkaði og getur náð yfir allt menntakerfi landsins, formlegt sem óformlegt. Breytingar á orðalagi í tillögu vinnuhópsins snúa að því að gera hann atvinnulífstengdari. Þannig nýtist ramminn betur til að auðvelda samtal milli atvinnulífs og skóla.

Sú breyting varð á fyrirkomulagi þessarar vinnu við hæfnirammann að í lok síðasta árs ákvað ráðuneytið að fela Rannís yfirumsjón með áframhaldandi vinnu. Nýir vinnuhópar hafa verið skipaðir, einn vinnuhópur sem fjallar um 1. þrepið, annar sem fjallar um fjórða þrepið og svo ráðgjafarhópur. Í þessa vinnuhópa voru kallaðir til aðilar allra skólastiga, fullorðinsfræðsluaðilar og hagsmunaaðilar. Þeirri vinnu er ekki lokið en markmið vinnuhópanna er að ná fram sameiginlegri sýn og móta tillögur að heildstæðum hæfniramma.

Hvítbók um menntamál og stefna í iðn-, starfs- og tæknimenntun

Þann 17. júní 2014 kynnti mennta- og menningarmálaráðherra Hvítbók um umbætur í menntun. Sett eru tvö meginmarkmið fyrir árið 2018 og fjallað um hvernig eigi að ná þeim:

Í fyrsta lagi að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri en hlutfallið er nú 79%. Til að ná þessu markmiði er meðal annars lagt til að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn í viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla. Einnig verði mótúð viðmið um þá lestrarkunnáttu sem nemendur eiga að búa yfir á hverju stigi grunnskólans. Einnig er lagt til að lesskilningur verði mældur reglulega allt frá leikskólastigi til loka grunnskóla.

Í öðru lagi er sett það markmið að hlutfall nemenda, sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, hækki úr 44% og upp í 60%. Þessu markmiði verði náð með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar. Lagt er til að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma og jafnframt verði unnið að styttingu starfsnáms.

Á grundvelli *Hvítbókarinnar* voru settir af stað þrjú verkefnahópar, skipaðir embættismönnum og skólafólki sem ætlað var að fylgja eftir stefnumiðum, sem í Hvítbókinni eru sett fram, og gera tillögur um úrbætur: Verkefnahópur um eflingu læsis; verkefnahópur um endurskipulagningu námstíma á framhaldsskólastigi; verkefnahópur um umbætur í starfsmenntun. Hér skal áréttað

að framhaldsfræðslan er ekki viðfangsefni *Hvítbókarinnar* en skipaður var sérstakur verkefnahópur um framhaldsfræðsluna með þátttöku fulltrúa frá ASÍ. Um störf hans er fjallað hér að framan.

Af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess var hardlega gagnrýnt hvernig staðið var að undirbúningi málsins og framkvæmdinni. Gagnrýnin beindist fyrst og fremst að því að lítið sem ekkert samráð var haft við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess við gerð *Hvítbókarinnar* og síðan hvernig fulltrúum samtaka launafólks var haldið utan við verkefnahópana sjálfa sem gera áttu umbótatillögurnar og skila til ráðuneytisins í byrjun árs 2015. Þessi gagnrýni varð til þess að ráðuneytið bjó til samráðshópa til að bæta úr skorti á þátttöku og samráðsleysi við fulltrúa samtaka launafólks. Af hálfu ASÍ og aðildarsamtakanna var ákveðið að reyna að hafa áhrif á vinnuna með því að taka virkan þátt í henni, þar sem mögulegt var, og koma áherslum ASÍ á framfæri. Á þeim grunni fór á vettvangi ASÍ fram mikil vinna þar sem fjallað var um efni *Hvítbókarinnar* um starfsnámið sérstaklega og sett fram sjónarmið ASÍ og aðildarsamtakanna. Að þessari vinnu komu yfir 30 fulltrúar aðildarsamtaka Alþýðusambandsins auk menntanefndar ASÍ. Niðurstöður vinnunnar voru sendar menntamálaráðuneytinu 2. desember 2014 með yfirskriftinni *Áherslur ASÍ vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsmenntun og aðgerðaáætlunar um námstíma, í tengslum við Hvítbók um umbætur í menntun*. Þar er fjallað um starfsmenntun; hvernig beri að skilgreina starfsmenntun, mikilvægi samspils bóklegra og verklegra þátta og framboð starfsmenntunar, hæfnikröfur og ábyrgð og um styttingu framhaldsskólans og starfsmenntun. Þá er gerð grein fyrir áherslum ASÍ varðandi uppbyggingu fagháskólastigsins, mikilvægi öflugs Vinnustaðanámssjóðs, nauðsyn á sveigjanleikamilli ólíkra stiga í menntakerfinu, einkum framhaldsskólans og framhaldsfræðslunnar, og baráttuna gegn brotthvarf í menntakerfinu.

Skemmst er frá því að segja að í niðurstöðum verkefnahópsins um umbætur í starfsmenntun, sem skilað var til ráðherra á fyrri hluta árs 2015, er mikill samhljómur með sjónarmiðum sem Alþýðusambandið hefur sett fram. Það hefur hins vegar lítið gerst í framhaldinu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Árið 2015 er 13. starfsár FA og fimmta ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Starfsemin hefur verið með nokkuð reglubundnum hætti á árinu. Helstu tíðindi í starfseminni er niðurstaða umboðsmanns Evrópusambandsins í frumkvæðisrannsókn, sem embættið fór í, vegna kvörtunar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Kvartað var yfir því að

samningi, sem byggði á IPA-styrk frá ESB, hafði verið rift einhliða í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands setti aðildarviðræður á ís árið 2014. Umboðsmaður Evrópusambandsins er afar harðorður í áliti sínu um riftun ESB á IPA-samningnum við FA og fordæmir framgöngu framkvæmdastjórnarinnar í málinu, segir hana óásættanlega og vera til þess gerða að grafa undan orðspori og trúverðugleika ESB. Málið varðar verkefnið: „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“, en verkefnið fékk IPA-styrk frá Evrópusambandinu að upphæð 1.875.000 evrur sem er 75% kostnaðaráætlunar. Mótframlagið, 25%, hefur Fræðslusjóður greitt að mestu. Þetta er stærsta einstaka verkefnið sem FA hefur tekið að sér utan þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnið var til 3ja ára frá 1. september 2012. Einnig má geta þess að starfsemin var flutt úr Ofanleiti 2 í Skipholt 50b á miðju sumri.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2014–2015 eru fyrir hönd ASÍ: Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson sem lét af störfum í júní sl. og við tók Fjóra Jónsdóttir; fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir sem lét af störfum í júní sl. og við tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, María Guðmundsdóttir og Falur Harðarson; fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Sólveig B. Gunnarsdóttir og fyrir hönd BSRB: Karl Rúnar Þórsson. Varamenn í stjórn eru Eyrún Ingadóttir fyrir hönd ASÍ, Guðrún Eyjólfsdóttir fyrir hönd SA, Guðmundur H. Guðmundsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB en hún lét af störfum í júní sl. og við tók Þórdís Þormóðsdóttir. Stjórnin hélt 9 fundi á árinu auk aðalfundar 15. júní.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2014–15 voru: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson, Fjóra María Lárusdóttir, Friðrik Hjörleifsson, Guðfinna Harðardóttir sem hætti í júlí, Guðmunda Kristinsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir sem hætti í október, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Þórdís Júlíusdóttir. Bergþóra Hlín Arnórsdóttir hóf störf í ágúst. Stöðugildi voru 12,5. Haldnir voru 7 starfsmannafundir.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2014

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið frá ársbyrjun 2011 út árið 2015. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu

sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnnum ekki með beinum hætti heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, www.frae.is og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni. Hafin er undirbúningur að nýjum þjónustusamningi sem tekur gildi í upphafi árs 2016.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

Námskrár og námslýsingar

Ferill vegna vottunar námskráa er enn í vinnslu. Í október 2014 tilkynnti mennta- og menningarmálaráðuneytið að til þess að vottun geti farið fram þurfi námskrár að vera skrifaðar samkvæmt viðmiðum um gerð námskráa í framhaldsfræðslu og í samræmi við uppbyggingu námskrárgrunns. Jafnframt kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu sérstakrar matsnefndar við vottun námskráa.

Í febrúar 2015 var tilkynnt að Námsmatsstofnun hefði tekið við umsýslu á vottun námskráa í framhaldsfræðslu. Í framhaldinu kom í ljós að námskrárgrunnur fyrir framhaldsfræðsluna var ekki alveg tilbúinn sem og þau viðmið sem námskrá þarf að uppfylla til að fá vottun. Námsmatsstofnun hefur á tímabilinu unnið að lagfæringum á námskrárgrunninum og viðmiðum vegna vottunar námskráa. FA hefur tekið virkan þátt í að prófa námskrárgrunninn og vinna með starfsmönnum Námsmatsstofnunar að þróun hans.

Á fyrri hluta ársins var lokið við námskrána Nám fyrir verslunarfylltrúa og hún send til vottunar í gegnum námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Jafnframt var skrifuð námslýsing með námskránni þar sem framkvæmd á námskránni er lýst betur. Námskráin byggir á hæfnigreiningu og er í samræmi við tillögur um nýskipan náms í framhaldsfræðslu. Námsgagnastofnun (Menntamálastofnun) hefur ekki afgreitt beiðni um vottun námskrárinna.

Námskrá fyrir starfsmenn í tækniþjónustu er að verða tilbúin og verður send

til vottunar í gegnum námskrárgrunninn á haustmánuðum. Eins og Nám fyrir verslunarfulltrúa byggir þessi námskrá á niðurstöðum hæfnigreiningar og samfara námskrárskrifum hefur verið unnið að gerð námslýsingar.

Í júní 2015 fengu fjórar námskrár endurmat til ársloka 2016.

- *Að lesa og skrifa á íslensku* (80 klst.). Námið er ætlað fólki af erlendum uppruna sem er 20 ára og eldra, glímur við ólæsi og hefur hug á að læra eða þjálfast lestur og skrift á íslensku.
- *Verkfærni í framleiðslu I* (80 klst.). Námið er ætlað fólki í framleiðslu-fyrirtækjum sem starfar við mál- og tæknigreinar, er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.
- *Lyfjagerðarskólinn* (260 klst.). Námið er ætlað starfsfólki í lyfjaiðnaðinum sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.
- *Fræðsla í formi og lit* (200 klst.). Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði sem er 20 ára og eldra, hefur stutta formlega skólagöngu að baki og hefur áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu og myndlistarsögu.

Allar námskrárnar eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Á tímabilinu var lokið við að skrifa námslýsingar samkvæmt námskránni Opin smiðja fyrir hljóðsmiðju (*Hljóðsmiðja I* var endurskoðuð og *Hljóðsmiðja II* skrifuð, gert í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, MSS) og fyrir hönnunar- og tilraunasmíðju í *Fab Lab* (unnin í samstarfi við Mími).

Veitt hefur verið aðstoð og ráðgjöf vegna endurskoðunar á námskránni Nám í *stóriðju* en það er Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi sem vinnur að þeirri endurskoðun. Einnig var veitt ráðgjöf vegna námskrárinnar *Help-start* sem skrifuð var hjá Símey.

Endurskoðun á öllum námskrám FA liggur fyrir vegna áherslna á hæfniviðmið og þrepaskiptingu náms. Lögð hefur verið áhersla á að byrja á þeim námskrám sem hafa tilraunakennsluleyfi og endurskoðun er hafin á námskránum *Lyfjagerðarskólinn*, *Að lesa og skrifa á íslensku* og *Verkfærni í framleiðslu I*. Undirbúningur vegna endurskoðunar á námskránni *Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk* er hafinn. Jafnframt er hafinn undirbúningur að endurskoðun á námskránni Grunnmenntaskólinn.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu, sem settur var saman að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fundaði reglulega á tímabilinu og skilaði skýrslu í janúar 2015. Þar koma fram tillögur að nýjum hæfniramma sem þjónar betur hagsmunum framhaldsfræðslunnar en sá sem nú þegar hefur verið birtur. Jafnframt eru tillögurnar rökstuddar í skýrslunni. Megináhersla er á að ramminn verði í það minnsta 8 þrep til að geta mætt þörfum framhaldsfræðslunnar og að orðalag hans verði einfaldað og almennara (ekki eins skólamiðað og er í þeim ramma sem nú þegar hefur verið birtur).

Í janúar 2015 fékk vinnuhópurinn upplýsingar um að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði fengið Rannís til að sækja um fjármagn til að sinna áframhaldandi þróun íslenska hæfnirammans. Ábyrgð vinnunnar verður þó alltaf hjá ráðuneytinu. Rannís stofnaði tvo vinnuhópa, annan sem á að fjalla um þrep 4 og 6 – en háskólasamfélagið hefur gert athugasemdir við þessi þrep í rammanum – og hinn til að fjalla um fyrsta þrepið en framhalds- og fullorðinsfræðslan sem og aðilar úr atvinnulífnum hafa gert athugasemdir við það. FA á fulltrúa í vinnuhópnum sem fjallar um fyrsta þrepið. Jafnframt hefur Rannís sett saman ráðgjafahóp sem á að fjalla um niðurstöður vinnuhópanna og leggja í framhaldinu fram tillögu að nýjum hæfniramma fyrir íslenskt menntakerfi. Fram til þessa hafa tveir fundir verið haldnir hjá vinnuhópi um fyrsta þrepið og ljóst að mikil vinna er fyrir höndum í þessu verkefni.

Fræðslusjóður

FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsjón með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórnarskipti urðu á tímabilinu og er stjórn sjóðsins nú skipuð eftirtöldum fulltrúum: Guðrún Ragnarsdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún formaður stjórnar; Svanhildur Kr. Sværisdóttir skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún varaformaður stjórnar; tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold, til vara eru Ólafía Rafnsdóttir og Hilmar Harðarson; tilnefnd af SA í stjórn eru Guðrún Eyjólfsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, til vara eru Guðni Gunnarsson og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir; tilnefnd af BSRB í stjórn eru Garðar Hilmarsson og til vara Birna Ólafsdóttir; tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti eru Sólveig B. Gunnarsdóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson; tilnefndur af velferðarráðuneyti er Jón Fannar Kolbeinsson og til vara Björg Baldursdóttir; tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla er Ársæll Guðmundsson og til vara Guðbjörg Aðalbergsdóttir.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna og tölfraðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Úthlutað er í upphafi árs nema úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu sem úthlutar á vormánuðum. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluaðilum á haustmánuðum en skil voru lítil á tímabilinu.

Umsóknir ársins 2015 til vottaðra námsleiða voru alls rúmar 705 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar nærri 223 milljónir og til raunfærnimats rúmar 220 milljónir, samtals 1.148 milljónir.

Úthlutað var til eftirfarandi verkefna:

Vottaðar námsleiðir	489.540.000 kr.
Náms- og starfsráðgjöf	128.700.000 kr.
Raunfærnimat	125.576.100 kr.
Samtals úthlutað	743.816.100 kr.

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir óskum stjórnar Fræðslusjóðsins. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falið í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur farið fram skoðun og greining á verkþáttum og kostnaði við framkvæmd raunfærnimats í samstarfi og með þátttöku framkvæmdaraðila. Einnig var veitt ráðgjöf við endurskoðun verklagsreglna Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu.

Úthlutanir úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fóru fram á vormánuðum. Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af Fræðslusjóði annast úthlutanir. Sótt var um styrki til 64 verkefna að upphæð kr. 136.712.211. Úthlutað var til 12 verkefna alls kr. 21.252.400,-

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnnum Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Söfnun og varðveisla upplýsinga er því mikilvægur þáttur í starfsemi FA.

Frá árinu 2006 hafa verið ákvæði um greiðslur vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samningum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust greiðslurnar frá FA yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Árangur í vottuðum námsleiðum og raunfærnimati er tekinn saman tvisvar á ári (í janúar og ágúst) og skýrsla unnin úr þeim tölum. Í náms- og starfsráðgjöf er upplýsingum safnað saman ársfjórðungslega. Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar fyrir árið 2014 má sjá í kaflanum um starfsemi Fræðslusjóðs aftast í þessari samantekt.

Öflun upplýsinga um markhóp

Starfsmenn FA afla reglulega upplýsinga um markhóp og fylgjast með opinberum upplýsingum um markhópinn hérlendis og erlendis m.a. til að sjá hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir og til að þróa nýjungar. Hér fyrir neðan er talið upp það helsta sem starfsmenn hafa unnið með og kynnt, sett á vef FA og/eða sent til hagsmunaaðila.

Fylgst er með ýmsum upplýsingum um markhóp FA á vef Hagstofu Íslands, þar má helst nefna breytingu á fjölda atvinnuleitenda, breytingu á stöðu innflytjenda og skiptingu vinnuafis eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.

Á vef Vinnumálastofnunar (VMST) var fylgst m.a. með breytingu á fjölda atvinnuleitenda á Íslandi og á fjölda starfandi eftir atvinnugreinum. Sóttur var fyrirlestur VMST um færniþörf á vinnumarkaði sem byggir á skýrslu sem útbúin var innan IPA-verkefnisins.

Unnið var með Menntavísindastofnun Háskóla Íslands og helstu sérfræðingum Menntavísindasviðs að rannsókn á þátttöku í námi á fullorðinsárum. Skýrsla, sem samin var um niðurstöður þessarar rannsóknar, ber heitið *Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum – Niðurstöður úr rýnihópum* og dregur hún fram námstengdar þarfir markhópsins.

Ársskýrslur náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðva voru yfirfarnar og sóknarfæri greind. Einnig var tölfræðiefni tengt ráðgjöfinni greint og farið yfir hlutföll ráðgjafaviðtala og VMST á svæðunum.

Í gegnum samstarf við verkefni *Menntun núna í Breiðholti* og *Menntun núna í Norðvesturkjördæmi* var farið yfir efni og skýrslur úr verkefnum og unnið að því að draga saman lærdóm úr þeim sem nýst getur á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Erlent efni frá OECD og CEDEFOP var skimað, þar á meðal nokkur „briefing notes“ sem tengjast fullorðinsfræðslu og gefa upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir starfið (*s.s. Career guidance in unstable times, Encouraging adult learning*). Þessar greinar benda á mikilvægi þess að vinna með valdeflandi þætti og virkni og hvernig megi gera fullorðinsfræðsluna meira aðlaðandi og sveigjanlegri þannig að hún nái til sem flestra.

Skýrsla Norræna tengslanetsins (NVL), Career choices and career learning leggur áherslu á hlutverk náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndum í að efla færni einstaklinga til að þróa eigin starfsferil (*Career Management Skills*). Jafnframt var skýrsla um gengi Norðurlanda í PIAAC yfirfarin og fyrirlestur sóttur um efnið (*PIAAC i Norden*). Sérstakt þykir hvað Norðurlöndin skora hátt í grunnleikni en þau tróna á toppi OECD-ríkja hvað það varðar. Hins vegar er skortur á tölvufærni.

Aðrar skýrslur, sem hafa verið yfirfarnar og kynntar, eru: Drög að skýrslu á vegum *Education and Training 2020-menntahópsins þar sem dregnar eru saman rannsóknir í menntamálum; Empowerment Diversity á vegum Grundtvig-netsins Outreach; skýrslur frá Bretlandi og Írlandi um þróun hæfniramma, Referencing the Qualifications Frameworks of the United Kingdom to the European Qualifications Framework, (2010) og Referencing of the Irish National Framework of Qualifications (NFQ) to the European Qualifications Framework for Lifelong Learning (EQF) (2009)*. Einnig var kynnt skýrsla frá EAEA, *Engaging new learners in adult education- short guide for policy-makers and adult educators* sem lýsir því hvaða þættir skipta máli þegar unnið er að því að hvetja það fólk til náms sem er ólíklegt til að sækja sér nám.

Skilgreining á menntunarþörfum markhóps

Á tímabilinu náðist mikill árangur í því að koma nýrri aðferð við hæfnigreiningar í fastar skorður. Nú er mögulegt að bjóða samstarfsaðilum aðgang að gögnum til hæfnigreininga og stuðning við framkvæmdina auk þess sem FA tekur að sér greiningarvinnu að beiðni samstarfsaðila gegn greiðslu. Búið er að þróa verklag og setja fram skilmála og gátlista sem fylgt er eftir í báðum þessum tilvikum.

Kynningarefni um hæfnigreiningar FA er aðgengilegt á www.frae.is en einnig er unnið að bæklingi með helstu upplýsingum. Þá hefur verið ritað um aðferðina í Gátt, ársriti FA, t.d. í ritinu frá 2014.

Þeir samstarfsaðilar FA, sem vinna sínar eigin hæfnigreiningar með þessum hætti, þurfa að hafa sótt fræðslu hjá FA um aðferðina og fá þá jafnframt ítarlega handbók fyrir umsjónarmenn greininga. FA bíður upp á tveggja daga námskeið í þessum tilgangi. Lögð er áhersla á að verklagsreglum sé fylgt, t.d. hvað varðar breiða aðkomu atvinnulífsins við greiningarvinnuna. Niðurstöður hæfnigreininga eru starfaprófilar sem fara í hæfnigrunn FA og nýtast bæði við gerð viðmiða í raunfærnimati og sem lærdómsviðmið í námskrám.

Tvö námskeið fyrir umsjónarmenn greininga hafa verið haldin þegar þetta er skrifað og það þriðja er á dagskrá í september 2015. Á þessi námskeið hafa komið alls 21 einstaklingur frá 10 aðilum úr samstarfsneti FA. Auk þess hafa 3 einstaklingar fengið fræðslu með handleiðslu.

FA vann á tímabilinu greiningar á störfum í smásöluverslun og fleiri greiningar eru á döfinni á þeim vettvangi. Stefnt er að því að gera starfaprófíla fyrir störf í verslun allt frá afgreiðslu og áfyllingu til stjórnenda og þannig spanna 3–4 þrep í viðmiðaramma um menntun. Ein af þessum greiningum hefur nú þegar skilað sér í námskrá í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og bíður vottunar. Gerð hefur verið ítarleg námslýsing sem fylgir þeirri námskrá til framkvæmdaaðila. Í námslýsingu er hæfnipáttum raðað saman í námskeið og þar er einnig að finna tillögur um aðferðir og nálgun í kennslunni ásamt eyðublöðum til námsmats. Einnig vann FA greiningu á árinu á starfi við tækniþjónustu en í því felst þjónusta við viðskiptavinum sem þurfa tæknilega aðstoð, t.d. í gegnum síma. Námskrá byggð á þeirri greiningu er í vinnslu.

Tvær símenntunarmiðstöðvar hafa unnið sínar eigin greiningar og sett fram starfaprófíla sem byggja á þeim og ein miðstöð til viðbótar var í nánú samstarfi við FA í einni hæfnigreiningu.

Í hæfnigrunni, sem FA keypti frá Kanada, er að finna yfir 300 hæfnipætti á ensku þar sem hæfni er lýst á 5 þrepum (þrep 1 til 5). Búið er að þýða á íslensku eða skrifa alls 54 þætti. Tekin var sú ákvörðun að skipta fyrsta þrepinu í tvennt (1a og 1b) í öllum hæfnipáttum í hæfnigrunni FA þannig að þau samsvari fyrstu 2 þrepum EQF. Sú aðgreining fellur betur að markhópi og viðfangsefnum FA og er í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við fyrsta þrep í íslenskum hæfniramma. Þeir þættir sem eru nú í hæfnigrunni FA eru því á 5 þrepum, þ.e. þrep 1a, 1b, 2, 3 og 4 en eftir er að þýða efsta þrepið (þrep 5) í flestum tilvikum.

Búið er að prenta 2. útgáfu af hæfnipáttum á spjöldum til að nota við grein-

ingarvinnu. Allir þættirnir í 2. útgáfu hafa verið yfirfarnir m.t.t. tengingar við íslenska viðmiðarammann um hæfni eins og hann stendur í dag. Einnig hefur verið hugað að orðalagi þannig að hæfniþættirnir henti sem best í grein- ingarvinnu, námskrárritun og við raunfærnimat.

Þýðingavinna heldur áfram og gera má ráð fyrir að í næstu útgáfu verði búið að þýða og staðfæra efsta þrepið fyrir allflesta þættina og bæta nokkrum nýjum við. Einnig verður haldið áfram að aðlaga aðferðina og efni að viðmiðaramma um menntun og að kröfum námskrárgrunns mennta- og menningarmálaráðu- neytisins fyrir framhaldsfræðsluna.

Í hæfnigrunninum er nú að finna 12 íslenska starfaprófíla sem orðið hafa til við hæfnigreiningar FA og samstarfsaðila. Í starfapróffílum kemur fram lýsing á kjarna starfsins, verkefni starfsins og listi yfir hæfni sem starfið krefst. Sett er fram hæfniþrep fyrir hvern þátt og lýsing á birtingarmynd hæfninnar. Starfaprófíl er hægt að nota sem viðmið í raunfærnimati eða efnivið í námskrá og er þá hver hæfniþáttur einn námsþáttur en námsþáttum er raðað saman í námskeið í námslýsingum.

Ritun námskráa og námslýsinga hefur verið fylgt eftir í þeim tilgangi að þróa og betrumbæta gögn og aðferðir við hæfnigreiningar og til að vinna að útfærslu tillagna um nýskipan náms í framhaldsfræðslu sem unnar voru af starfshópi um tilraunanám í ferðapjónustu 2013.

Ein af markmiðsgreinum laga um framhaldsfræðslu fjallar um að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Í því skyni að skilgreina menntunarþarfir innan fyrirtækja með almennum hætti hefur FA tekið þátt í norrænu verkefni um færniþróun í atvinnulífinu. Í hópnum er fólk frá atvinnulífi, samtökum atvinnurekenda og launþega á Norðurlöndum. Markmiðið er að taka saman þær áskoranir sem blasa við færniþróun í atvinnulífinu og fyrir atvinnulífið. Sjónum verður beint bæði að því hvernig fyrirtæki geta sjálf bætt færniþróun innan sinna vébanda og eins dregnar fram þær áskoranir sem blasa við til að skólakerfið geti mætt þessum þörfum í ríkari mæli, sem og sú þjálfun sem atvinnuleitendur fá. Fundir voru haldnir í netinu í nóvember og mars og er næsti fundur fyrirhugaður í september. Stýrihópur með fulltrúum frá Noregi, Svíþjóð og Íslandi leggur upp starfið og hafa tveir fundir verið haldnir í hópnum á árinu. FA á fulltrúa í stýrihópnum og þrjá fulltrúa í Netinu.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Starf FA hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu, u.þ.b. 700 bækur og önnur gögn, og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 85 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 14.219,5 nemendastundir og 1.404 nemendur (staðan 1. september 2015).

Eftirtalin Stiklunámskeið voru haldin á tímabilinu:

Stiklur 18 – Grunnnámskeið hjá Norðuráli 24. sept. og 1.okt., 11 þátttakendur, 114 nemst. (þ.e. nemendastundir)

Stiklur 18 – Grunnnámskeið hjá Mannvirkjastofnun (Brunamálaskólinn) 14. og 17. nóvember, 12 þátttakendur, 118 nemst.

Stiklur 4 voru haldnar hjá Mími þann 30. mars, þátttakendur voru 16, alls 120 nemst.

Stiklur 15 voru haldnar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þann 16. apríl, 11 þátttakendur, 77 nemst.

Stiklur 15 voru haldnar hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi þann 28. apríl, 14 þátttakendur, 98 nemst.

FA tekur þátt í eftirfarandi innlendum og evrópskum samstarfsverkefnum á sviði kennslufræða:

Fulltrúi FA sótti vinnustofu um notkun samfélagsmiðla í námi og til eflingar lýðræðisþátttöku í Kaupmannahöfn 25. nóvember. FLUID, samtök áhugamanna um miðlun og notkun nýrra kennsluhátta með tæknistuðningi, stóðu fyrir vinnustofunni í samvinnu við Distans-net NVL. Fundur var haldinn í Retrain-verkefninu dagana 5. og 6. mars þar sem farið var yfir reynslu úr tilraunakennslu og framhaldið skipulagt. Lokahönd verður lögð á námslýsingu og hún gefin út í tengslum við lokaráðstefnu sem haldin verður á Bifröst í september 2015.

Dagana 15. og 16. júní var haldinn fundur hér á landi með samstarfsaðilum í Nordplus-verkefninu Open Badges for adult educators þar sem farið var yfir

reynsluna úr tilraunaferlinu og framhaldið skipulagt. Markmið verkefnisins er að þróa rafrænar viðurkenningar í fullorðinsfræðslu, auka notkun upplýsingatækni og samfélagsmiðla í fullorðinsfræðslu og efla enn frekar umræðu um fullorðinsfræðslu á netinu. Í síðari hluta verkefnisins verður lögð áhersla á kynningar og áframhaldandi þróun rafrænnar viðurkenningar fyrir fullorðinsfræðsluáðila. Verkefninu lýkur árið 2016.

Fylgst var með starfi European Basic Skills Network (EBSN) og sóttir tveir fundir í nýstofnuðum vinnuhópi NVL um grunnleikni fullorðinna. Fundirnir voru haldnir í mars og maí, sá seinni í tengslum við ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænar niðurstöður PIAAC, sem haldin var í Kaupmannahöfn 21. og 22. maí 2015. Þá sótti starfsmaður FA ársfund og vinnustofu EBSN sem haldin var í Den Haag í Hollandi dagana 3.–5. júní.

Fylgst er með þróun á notkun upplýsingatækni og opinna rafrænna gagna í fullorðinsfræðslu í tengslum við evrópskan vinnuhóp sem fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis tekur þátt í, ET2020 Working group on Adult Learning. Tveir starfsmenn FA eru í bakhópi verkefnisins og var kynningarfundur um verkefnið 24. ágúst.

Raunfærnimat

Eftir því sem möguleikum til raunfærnimats fjölgar og fleiri ljúka raunfærnimati verður grunnurinn undir það styrkari. Í dag hefur verið opnað fyrir raunfærnimat í 54 greinum, í 50 tilvikum er metið á móti gildandi námskrám í framhaldsskóla en í 4 tilvikum á móti viðmiðum atvinnulífs án tengingar við námskrá.

Hlutverk FA varðandi raunfærnimat hefur breyst með árunum. Á árunum 2004–2007 var unnið að þróun aðferðafræði og prófana, árin 2007–2010 einkenndust annars vegar af innleiðingu raunfærnimats fyrir iðngreinar og hins vegar af vinnu vegna reglugerðar um framhaldsfræðslu. Frá 2011 var áhersla á að koma á raunfærnimati í greinum sem ekki falla undir iðngreinar. Meðal nýjunga á árinu er raunfærnimat í almennum bóklegum greinum, almennri starfsfærni, tölvubraut og tanntækni.

Á árunum 2007–2014 hafa 2.867 einstaklingar lokið raunfærnimati. Mikill meirihluti þeirra hefur lokið raunfærnimati á móti námskrám og samtals hefur sá hópur fengið metnar 74.219 einingar. Til að setja þessa tölu í samhengi jafngildir þessi einingafjöldi 2.120 skólaárum; er þá miðað við að meðaltalsfjöldi eininga sé 35 á hverju skólaári. Meðalaldur þátttakenda er 40,2 ár og í nær

öllum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem hafa byrjað í framhaldsskóla en ekki lokið námi.

Á árinu 2014 luku 696 raunfærnimati og meðalfjöldi staðinna eininga fyrir hvern þátttakenda var 31,5. Þetta er nokkuð meiri fjöldi en á undanförunum árum en það skýrist af auknu fjármagni til raunfærnimats í nýjum greinum samkvæmt samningi milli FA og ESB, svokölluðu IPA-verkefni.

Meginmarkmið Fræðslumiðstöðvarinnar vegna raunfærnimats eru að: Veita upplýsingar og ráðgjöf til samstarfsaðila; leggja mat á árangur og taka saman tölulegar upplýsingar. Áhersla er lögð á gæðamál, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat. Á starfsárinu fjölgaði þeim símenntunarmiðstöðvum sem sjá um framkvæmd raunfærnimatsverkefna. Er nú svo komið að 12 af 14 samstarfsaðilum FA eru virkir í stýringu raunfærnimatsverkefna.

Aðstoð FA við framkvæmdaðila felst í: Þjálfun fagaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats; ráðgjöf og aðstoð við samstarfsaðila vegna undirbúnings, framkvæmdar og eftirfylgni raunfærnimatsverkefna; miðlun upplýsinga um árangur og framkvæmd í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokku; umsjón með gátlista sem notaðir eru við matið.

FA átti setu í stýrihópum fyrir eftirfarandi verkefni á tímabilinu: Sjósókn sem stýrt er af Símei; skipsstjórn, stýrt af Fræðslumiðstöð Vestfjarða; þjónustugreinar hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og almennar bóklegar greinar hjá Mími.

FA hefur tekið þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat, fylgst með þróun þess erlendis og miðlað inn í starfsemi FA og samstarfsaðila.

FA hefur tekið þátt í Norræna tengslanetinu (NVL) um raunfærnimat og á árinu 2015 var lokið við gerð Vegvísis um raunfærnimat. Hann er ætlaður stefnumótandi aðilum og þar er meðal annars að finna mælistukur sem nýtast til að greina stöðu raunfærnimats í einstökum löndum eða starfsgreinum.

Í upphafi árs komu fram lokadrög að nýjum *Evrópskum leiðbeiningum um raunfærnimat*. Töluvert hefur verið fjallað um drög að nýjum Evrópuleiðbeiningum í sérfræðingahópi NVL á undanförunum árum og einnig í ár. Í framhaldi af mati á lokadrögum hér innanhúss var sent minnisblað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar var farið yfir áherslubreytingar í nýjum

leiðbeiningum. Helstu breytingar snúa að skilgreiningu raunfærnimats og aukinni áherslu á þátt ráðgjafar. Endanleg útgáfa af nýjum leiðbeiningum er ekki komin út en gert er ráð fyrir að vinna frekar með þær í norrænu samstarfi.

Innanlandshópur NVL um raunfærnimat fundar tvisvar á ári. Hópurinn vann með FA að skipulagningu á vinnudegi verkefnastjóra í Krúnesi 19. maí. 2015. Þar var fjallað um notkun fjarfundarbúnaðar við raunfærnimat, almennar bóklegar greinar, tölfræðileg skil, færnimöppu og sjálfsmat og miðlun upplýsinga um verkefni milli framkvæmdaraðila raunfærnimats. Innanlandshópurinn stóð einnig að þýðingu á *niðurstöðum Erasmus á Kvalitetsmodel til Validering i Norden* og gaf út seinni hluta ársins 2014.

Árið 2014 var samþykkt umsókn, sem FA er aðili að, um Nordplus-verkefni þar sem greina á þörf fyrir þekkingu og færni þeirra sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Verkefninu lauk vorið 2015 með ráðstefnu í Kaupmannahöfn auk útgáfu á niðurstöðum.

Árið 2015 var samþykkt umsókn, sem FA er aðili að, um Nordplus-verkefni þar sem safnað verður eða búin til verkfæri/verkefni sem nýtast við framkvæmd raunfærnimats. Verkefnið hefst haustið 2015.

Einnig hefur verið unnið að undirbúningi ferðar með fulltrúum atvinnulífsins til Svíþjóðar til að kynna raunfærnimatskerfi í atvinnulífi en hæfniviðmið í því kerfi koma ekki í gegnum námskrá heldur beint frá atvinnulífínu. Verkefnið er unnið með styrk frá Menntaáætlun ESB.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá 2004 hefur FA þróað aðferðir í náms- og starfsráðgjöf og leitað eftir upplýsingum um þarfir markhópa í gegnum náms- og starfsráðgjöfina. Frá 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið fjármögnuð af opinberu fé hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 24–26 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir sinna m.a. kynningarfundum á þjónustunni á vinnustöðum og öðrum vettvangi þar sem markhóp FA er að finna, veita einstaklingsviðtöl, hóp ráðgjöf, taka þátt í virkniadgerðum fyrir atvinnuleitendur og veita stuðning við raunfærnimat.

FA heldur utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafa með það að markmiði að auka sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslunni. Haldnir eru 2–3 samráðsfundir á hverju ári þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum sem stuðla að auknum gæðum og árangri þjónustunnar í þágu markhópsins.

Haldnir voru tveir fræðslufundir:

- Í Borgarnesi, 18.–19. september (31 þátttakandi).
- Í Reykjavík, 27. febrúar (25 þátttakendur).

Á fræðslufundunum var m.a. farið yfir niðurstöður úr könnun sem var gerð vegna brotthvarfsmemnda úr framhaldsfræðslunni og fjallað um hvernig best sé að vinna með þennan málaflokk. Auk þess hefur verið rætt um Myschool-skráningarkerfið og gerðar voru tillögur að úrbótum vegna skráningar nemenda sem falla brott úr námi. Einnig var upplýsingum frá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðva um þarfir markhópsins safnað saman og helstu niðurstöður ræddar. Á fundinum í september var m.a. sagt frá helstu verkefnum hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og helstu niðurstöður varðandi náms- og starfsráðgjöfina í úttekkt Capacent á framhaldsfræðslukerfinu voru kynntar og ræddar og sömuleiðis hugmyndir um úrbætur. Sagt var frá erlendum samstarfsverkefnum, sem eru í gangi hjá FA, og rætt hvernig best sé að ná til markhóps framhaldsfræðslunnar. Verkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi, Menntun núna, var kynnt fyrir ráðgjöfum en það var tímabundið verkefni sem var í gangi í Breiðholti annars vegar og Norðvesturkjördæmi hins vegar. Umsjónaraðili fylgdist með verkefnum, sat fundi og málþing og miðlað var upplýsingum til ráðgjafarhópsins. Niðurstöður verkefnisins sýna m.a. hversu vel hefur gengið að ná til hóps innflytjenda með aðstoð brúarsmiða og hve mikill stuðningur við brotthvarfsmenndur úr framhaldsskóla, sem fóru í Grunntmenntaskólann, skipti miklu máli.

Á árinu 2015 hefur verið farið yfir niðurstöður úr tölfræði vegna ráðgjafarinnar og á fundinum í febrúar var farið yfir fjölda viðtala, skilgreiningar og skráningu þeirra í MySchool-kerfið. Auk þess var farið yfir punkta úr ársskýrslum um ráðgjöfina frá fræðsluaðilum sem og starfsáætlun fyrir 2015. Rætt hefur verið um þróun á könnunum sem fræðsluaðilar leggja fyrir notendur árlega til að heyra raddir þeirra varðandi ráðgjöfina. Hópur ráðgjafa tók að sér áframhaldandi þróun og hefur skilað inn tillögum. Þá kynnti Karl Sigurðsson frá VMST skýrsluna *Færniþörf á vinnumarkaði, horfur til næstu 10 ára* sem unnin var í tengslum við IPA-verkefnið. Kynnt hafa verið þróunarverkefni í raunfærnimati, s.s. verkefni um almenna starfshæfni, raunfærnimat í almennum bóklegum greinum og verkefni í *slátrun og hestabraut*.

Í september sl. voru þrjú nemar úr náms- og starfsráðgjöf félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands (HÍ) í vettvangsnámi (20 tímar) hjá FA og tveir nemar komu í heimsókn til FA í febrúar sl. Von er á tveimur nemum í starfs-

Þjálfun nú í september 2015. Þá má nefna að FA er samstarfsaðili HÍ í Nord-plus-verkefni (VALA) sem fór af stað haustið 2012 og fjallar um menntun og þjálfun ráðgjafa sem sinna fullorðnum. Tveir nemar frá Svíþjóð og einn nemandi frá Færeyjum, sem eru í námi í náms- og starfsráðgjöf, komu til FA í mars sl. á vegum VALA-verkefnisins og fengu upplýsingar um starfsemi FA og uppbyggingu ráðgjafar.

FA hefur átt í miklu samstarfi við erlenda faghópa vegna þróunar ráðgjafar (NVL-net um náms- og starfsráðgjöf) og sótti starfsmaður FA fund og ráðstefnu í október 2014 í Finnlandi, fund í Kaupmannahöfn 18. og 19. febrúar og fund og ráðstefnu í Ósló í apríl. Í NVL-ráðgjafarnetinu hefur verið unnið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu um ráðgjöf fyrir fullorðna sem verður í Færeyjum í september nk. Auk þess var stofnaður vinnuhópur á vegum NVL með aðilum úr ráðgjafarneti og raunfærnimatsneti sem fjallað hefur um ráðgjöf í raunfærnimati. Verkefnið snýst um að kortleggja stöðuna á Norðurlöndum og á grundvelli SWOT-greiningar verða settar fram tillögur að þróun málaflokksins í formi skýrslu, sem áætlað er að komi út nú í haust. Haldnir hafa verið þrjú fundir í vinnuhópnum í Kaupmannahöfn, 29. október og 20. febrúar 2014 og 10. apríl sl. Tveir fulltrúar frá FA hafa sótt þessa fundi og umsjón með vinnunni og skrif skýrslunnar hefur verið í þeirra höndum.

Á tímabilinu hófst vinna við tvö Erasmus+ verkefni sem varða ráðgjöf. Annað verkefnið, *Worklife guidance*, er til tveggja ára og snýr að ráðgjöf til stjórnenda í fyrirtækjum og greiningu fræðsluþarfa starfsmanna á vinnustöðum – með aðferðafræði ráðgjafar, mannauðsstjórnunar og raunfærnimats. Fyrsti fundur var í Reykjavík í nóvember sl. og annar fundur í Finnlandi í apríl. Vinna við *Toolbox - Verkfærakistu*, sem hugsuð er fyrir ráðgjafa og verkefnastjóra, er vel á veg komin og næsti fundur verður haldinn í Austurríki í byrjun október. Hitt verkefnið, *GOAL – Guidance and Orientation for Adult Learners*, er til þriggja ára og snýr að þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir „jaðar“-hópa sem sækja síður í nám (sjá kafla um GOAL).

Ráðgjafarnet FA hafði einnig það hlutverk að styðja við þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf í tengslum við IPA-verkefni FA sem finna má á vefgáttinni Naestaskref.is. Á fundinum í september var kynning á vefgáttinni og ráðgjafar skoðuðu og prófuðu vefinn og veittu endurgjöf. Áfram hefur verið unnið á endurbótum á vefnum með því að bæta t.d. inn efni um framhaldsfræðslu og lagfæra efni varðandi starfslýsingar.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fyrstu gæðaviðmið FA voru gefin út árið 2006 og árið 2011 gerði FA samning við vottunarstofuna „British Standards Institution á Íslandi“ (BSI) um gæðavottunaráttækt og bauð fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, sem eru í samstarfi við FA, að sækja um fyrstu úttektirnar. Viðbrögð voru jákvæð og í júní 2012 hlutu fyrstu miðstöðvarnar EQM-vottun. Í janúar 2013 var staðan þannig að þrettán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar höfðu staðist gæðaúttekt og hlotið vottun skv. EQM-gæðamerkinu. Í september 2013 var PROMENNT fyrsti fræðsluaðilinn utan samstarfsnets FA til að hljóta EQM-gæðavottun. Sumarið 2014 bættust svo Hringsjá náms- og starfsendurhæfing og Fræðsludeild Landsbanka Íslands í hóp EQM-vottaðra fræðsluaðila hér á landi sem alls eru orðnir sextán talsins.

Unnið er að þróun og endurskoðun á EQM-gæðaviðmiðum og gæðaúttektum í samstarfsverkefni sem styrkt er úr Nordplus-sjóðnum, í samstarfi við Eista, Litháa og Norðmenn. Verkefnið, *Quality assurance within adult education*, miðar að því að EQM verði evrópskt gæðakerfi. Verkefnið gengur samkvæmt áætlun, viðmið fyrir sjálfsmat og leiðbeiningar hafa verið endurskoðuð og verið er að vinna að þróun námskeiðs fyrir úttektaraðila og gæðastjóra. Tveir fundir hafa verið haldnir í verkefninu, sá fyrsti á Íslandi haustið 2014 og annar í Noregi í mars 2015.

Stefnt er að einu samræmdu gæðakerfi fyrir alla þrjá þætti framhaldsfræðslunnar, þ.e. fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimat. Í janúar 2015 var lokið við að samræma og einfalda sjálfsmatseyðublöð fyrir gæðaviðmiðin og framundan er að fá fræðsluaðila til að prófa viðmiðin þannig að allir þættir framhaldsfræðslunnar samræmist kröfum gæðaúttektar.

Fyrirkomulag gæðavottunar og úttekta er í endurskoðun með það að markmiði að einfalda vottunarferlið og stuðla að aukinni samræmingu við vottunarferli mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna viðurkenningar fræðsluaðila.

Nemendabókhald

Námsnetið/MySchool er í eigu Studia ehf. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigir afnot og greiðir fyrir aðlögun kerfisins. Námsnetið/MySchool hefur viðmót fyrir kennara, nemendur og starfsmenn sem annast skipulag náms og umsýslu gagna vegna námsins. Þrjú umsýslusvið eru í Námsnetinu/MySchool: Bekkir, Stök námskeið og Samskipti kennara og námsmanna.

Þrettán símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu sjá um nám samkvæmt námskrám sem FA skrifar og gefur út; vegna þessa náms færa símenntunarmiðstöðvarnar nemendabókhald í Námsnetið/MySchool. Framvegis, miðstöð símenntunar, hefur gert samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þess efnis að FA sjái um færslu upplýsinga í nemendabókhaldið. Tíu símenntunarmiðstöðvar, Starfsmennt, IÐAN fræðslusetur, Framvegis og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins nota námsnetið í tengslum við skráningu og umsýslu gagna um náms- og starfsráðgjöf.

Eftir nokkra uppfærslu á viðmóti kerfisins, sem snýr að námsleiðum árið 2014, voru gerðar nokkrar breytingar á viðmótinu vegna skráningar á viðtölum náms- og starfsráðgjafa. Helstu breytingarnar sneru að því að tryggja réttar upplýsingar við skráningu gagna; auk þess voru gerðar breytingar í takt við óskir notenda til að auka skilvirkni við skráningu.

Möguleikinn á því að nota skráningakerfið Innu fyrir nemendabókhald vegna raunfærnimats var skoðaður í samstarfi við Tækniskólann. Í framhaldinu var ákveðið að gera tilraun með skráningu á niðurstöðum raunfærnimats í kerfið til að meta kosti þess og möguleika til áframhaldandi notkunar.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtitillinn Ársrit um framhaldsfræðslu. *Gátt* kemur út í tengslum við ársfund Fræðslu- miðstöðvarinnar. Fimmtudaginn 4. desember 2014 kom *Gátt* út í ellefta skipti. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu. Þema ársins er kannanir, greiningar og mat. Ritið er 114 síður með 29 fræðilegum greinum, reynslusögum og lýsingum á ýmsum möguleikum sem standa þeim til boða sem óska eftir fræðslu.

Ritið er sent víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. *Gátt* er notað til kennslu í þremur háskólum Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands og er þar að auki aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Vinna við útgáfu *Gáttar 2015* hófst í júní og er greinasöfnun nánast lokið. Gert er ráð fyrir að ársritið komi út í lok nóvember.

Ársfundur FA 2014 var haldinn fimmtudaginn 4. desember á Reykjavík Icelandair Hótel Natura. Fundurinn bar yfirskriftina: Árangur og framtíð framhaldsfræðslu. Þar voru flutt fjögur ávörp og eitt erindi af erlendum gesti, Erik

Mellander, aðstoðarframkvæmdastjóra IFAU (The Institute for Evaluation of Labour Market and Education Policy). Að venju voru viðurkenningar veittar „Fyrirmyndum í námi fullorðinna árið 2014“. Glærur fyrirlesara og ávörp fyrirmyndanna eru aðgengilegar á vefsíðu FA, www.frae.is. Ný heimasíða FA var sett í loftið á fundinum.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra.

Á tímabilinu september 2014 til ágúst 2015 stóð FA í samstarfi við NVL um fundi og ráðstefnur, sjá nánar í kaflanum Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Starfsemi FA var á tímabilinu kynnt fyrir rúmlega annað hundrað manns, þar á meðal erlendum hópum frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum og á ráðstefnum á Íslandi. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, ráðgjöf í raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar og almenn starfshæfni.

Á árinu var fram haldið vinnu við að kynna það starf, sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði fyrir almenningi og gagnvart öðrum skólastigum. Unnið hefur verið með auglýsingastofunni ENNEMM við þróun hugmynda og leggja drög að kynningaráætlun á framhaldsfræðslunni. Nýtt merki framhaldsfræðslunnar var hannað og til þess að kynna það og framhaldsfræðsluna var hönnuð ný heimasíða. Útfærsla vefsins var gerð af vef- og hýsingarstofunni Proton.

Innihald síðunnar var unnið í kynningarhópi með fulltrúum frá fræðsluáðilum. Framundan er að vinna að verkefnum á sviði kynningar- og markaðsmála.

Nýir hópar í framhaldsfræðslu

Unnið er að því að skoða aðstæður fanga sérstaklega. Upplýsingar benda til að stór hluti fanga sé markhópur framhaldsfræðslulaga. Fyrstu skrefin voru tekin með því að tveir starfsmenn FA sóttu ráðstefnu um menntun fanga sem haldin var í Kaupmannahöfn í september. Send hefur verið fyrirspurn til fræðsluáðila á Norðurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi um málefnið.

Fundur var haldinn með framkvæmdastjóra Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) á síðasta ári um námskrá fyrir unga atvinnuleitendur en

MSS hefur boðið námskeiðið Fjörefni / Stökkpallur fyrir þennan hóp og hefur það reynst mjög vel. Ákveðið var að FA ynni í námskrágerðinni á næsta ári eða þegar ljóst verður um hæfniramma, þrepaskiptingu og vottun námskráa í námskrárgrunni. Þau málefni eru ekki ljós enn þá og málið því í biðstöðu. Í fyrrasumar var unnið að umsókn um styrk í Erasmus-áætlunina, stefnumótunarflokk, undir forystu Belgíu, til verkefnis í náms- og starfsráðgjöf þar sem reynt verður að ná til nýrra hópa í ráðgjöf. Verkefnið fór í gegnum tvær umsóknarlotur og fékkst staðfesting á styrk í lok síðasta árs. Verkefnið hófst 1. febrúar 2015. Verkefnið er til þriggja ára og er upphæð styrks 47 milljónir íslenskar krónur frá ESB til samstarfsaðilanna á Íslandi sem eru FA, Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Í gegnum samstarf landanna verða þróaðar leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms. Sjá nánar í kaflanum Evrópuverkefnið GOAL.

Menntun núna

FA fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að vinna að málefnum tengdum tilraunaverkefnum sem stýrihópur verkefnisins Nám er vinnandi vegur setti af stað. Um er að ræða tvö verkefni: *Menntun núna í Breiðholti* og *Menntun núna í Norðvesturkjördæmi*. Í þessum verkefnum er meðal annars reynt að ná til hópa sem ekki hafa áður fengið menntun. Áherslan í Breiðholtsverkefninu er m.a. að ná til fólks af erlendum uppruna í Breiðholti og áherslan í Norðvesturkjördæmi er á að ná til fyrirtækja með nám fyrir starfsmenn til að hækka menntunarstigið.

Á árinu voru haldnir tveir fundir, báðir í janúar, einn með hvoru tilraunaverkefni. Haldinn var sameiginlegur fundur tilraunaverkefnanna 16. febrúar um niðurstöður þeirra og lærdóm af þeim og málþing var haldið í Gerðubergi 18. maí um niðurstöður verkefnanna. Unnið er að skýrslu um þann lærdóm sem draga má af verkefnum innan framhaldsfræðslunnar og verður hún tilbúin í september.

Evrópuverkefnið GOAL

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus + Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Sjóðurinn veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum á stefnumótunarstigi í gegnum alþjóðlegt samstarf. FA tók þátt í forumsóknarferli og lokaumsóknarferli á árinu 2014 ásamt samstarfsaðilum. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015

undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur matsaðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Verkefnið er til þriggja ára og er unnið í samstarfi við Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum.

Markmið verkefnisins er að þróa leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar í gegnum samstarf landanna sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróunin mun byggja á þeirri þjónustu, sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms, þ.á.m. úrræði sem má nýta á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflokkinn. FA og fræðslu-/símenntunarmiðstöðvar hafa þróað öfluga náms- og starfsráðgjafarþjónustu innan framhaldsfræðslunnar fyrir fullorðna en þörf hefur verið á að færa vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Unnið verður í nánú samstarfi við sveitarfélög og vinnumálaskrifstofur á viðkomandi svæðum.

Fyrsti fundur samstarfsaðila var haldinn í Brussel í mars þar sem farið var yfir verkefnastýringu og þróun mála í löndunum. Gerð voru drög að ítarlegri verkáætlun, gæðaáætlun og áhættumati. Einnig hafa verið haldnir tveir fundir með stjórnendum verkefnisins í Belgíu í gegnum Skype. Verkefnastjórar hafa unnið áfram með gögn og ferli byggt á afurðum fundarins og út frá gögnum sem berast frá stjórnendum verkefnisins í flæmska mennta- og menningar- málaráðuneytinu í Belgíu og breskum matsaðilum þess.

Stýrihópur verkefnisins með fulltrúum FA og ráðuneytisins hefur haldið þrjá fundi og hafa verkefnastjórar og fulltrúar samstarfsaðila (verkefnateymi) átt tvo sameiginlega fundi um verkefnið. Umræður hafa átt sér stað um markhópin og skilgreiningu helstu hagsmunaaðila.

Verið er að þróa grunn gögn fyrir þjónustuna og mat á henni í samstarfi landanna og bresku matsaðilanna. Umræður innanlands hafa miðað að því að skoða hvaða þjónusta er í boði í dag fyrir skilgreinda markhópa og hvernig megi nálgast þá.

Unnin voru gögn fyrir verðkönnunarferli vegna hlutverks matsaðila í verkefninu. Send voru út gögn til fjögurra aðila og bærust tvö tilboð í verkið. Gerður var samningur við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands um verkið. Hafin er vinna við að greina stöðu málaflokksins á hvoru svæði fyrir sig.

Verkefnastjórar hafa þróað stutta kynningu á verkefninu og sett inn fréttatil- kynningu á vef FA. Einnig hafa íslensku samstarfsaðilarnir lagt til upplýsingar inn á heimasíðu verkefnisins: www.projectgoal.eu

IPA-verkefni

Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun

FA fékk verkefnastyrk frá ESB (Instrument for Pre-Accession Assistance – IPA) í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB. Verkefnalýsingin var unnin í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins ásamt fjármálaráðuneyti og Sérfræðisetri í ævi- langri náms- og starfsráðgjöf. Fræðslusjóður tryggði verkefninu það mótfram- lag sem Evrópusambandið fór fram á. Verkefnið hófst formlega 1. september 2012 og átti að ljúka formlega í ágúst 2015.

Í kjölfar uppsagnar ESB á samningi um verkefnið í febrúar 2014 kvartaði FA til Umboðsmanns Evrópusambandsins vegna óréttmætrar uppsagnar samningsins. Niðurstaða Umboðsmanns lá fyrir í lok ágúst 2015 og tekur umboðsmaður undir sjónarmið FA í málinu. Beðið er viðbragða frá ESB vegna málsins.

Markmið verkefnisins er að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Þessu markmiði átti að ná með því að auka skilvirkni framhaldsfræðslunnar með áframhaldandi þróun raunfærni- mats og gagnagrunns um störf og nám. Starfsemi FA hefur beinst að þessum hópi sem jafnframt er markhópur Fræðslusjóðs.

Á tímabilinu september 2014 – ágúst 2015 hefur verið unnið að skilgreindum hluta verkefnisins sem Fræðslusjóður veitti áfram í af sínu framlagi. Þrátt fyrir þetta ófyrirsjáanlega bakslag hefur verkefnið leitt til þess að 17 nýjar leiðir hafa opnast í raunfærnimati og hefur undirbúningur og framkvæmd þeirra gefið af sér nýjan lærdóm fyrir þróun raunfærnimats varðandi samstarf við hagsmunaaðila og fyrirkomulag almennt. Einnig hefur náðst að opna litla útgáfu af vefgátt um nám og störf undir heitinu *Næsta skref*.

Unnar voru leiðbeiningar um eftirfylgni og veitt ráðgjöf með verkefnum sem komin voru af stað í raunfærnimati og má sjá yfirlit yfir stöðu raunfærnimats- verkefna í töflunni hér fyrir neðan:

	Greinar í raunfærnimati		Staða
1	Málmsuða	Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi	Lokið
2	Slátrun	Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi	Lokið
3	Skrúðgarðyrkja	Iðan-fræðslusetur	Lokið
4	Félagsmála- og tómsundabraut	Mímir-símenntun	Lokið
5	Skólaliðar- og stuðningsfulltrúar	Fræðslusetrið Starfsmennt	Lokið
6	Tölvupjónustubraut	Miðstöð símenntunar á Suðurlandi	Lokið
7	Almennar bóklegar greinar	Mímir-símenntun	Lokið
8	Hestamenska	Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi	Lokið
9	Garð- og skógarplöntubraut	Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi	Lokið
10	Fiskveiðar	Miðstöð símenntunar á Suðurlandi	Lokið
11	Yræktarbraut	Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi	Lokið
12	Netagerð	Iðan-fræðslusetur	Lokið
13	Fiskeldi	Miðstöð símenntunar á Suðurlandi	Lokið
14	Aðstoðarþjónar	Iðan fræðslusetur	Lokið
15	Tanntæknar	Fræðslusetrið Starfsmennt	Lokið
16	Almenn starfshæfni	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Lokið
17	Rannsóknartæknar	Fræðslusetrið Starfsmennt	Lokið

Að auki var lokið við gátlista- og verkfæragerð fyrir Tölvubraut og Upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Alls fóru 222 einstaklingar í gegnum raunfærnimat í ofangreindum verkefnum. Afurðir og ferli, sem útbúin voru í verkefninu, hafa gefið af sér lærdóm sem hefur nýst til áframhaldandi þróunar málaflokksins í samstarfi við Fræðslusjóð og stjórn FA.

Matsaðilar voru þjálfaðir vegna ofangreindra verkefna. Samtals voru haldin 2 námskeið á tímabilinu fyrir matsaðila, verkefnastjóra, ráðgjafa og hagsmunaaðila, samtals 32 þátttakendur.

Áfram var unnið við að setja upp vef til að kynna það efni sem þróað hafði verið vegna vinnu við vefgátt í samstarfi við Outcome. Náðst hafði að vinna um 220 starfslýsingar og 100 námslýsingar í verkefninu. Þær voru birtar á vefnum *Næsta skref* (www.naestaskref.is) sem var formlega kynntur og opnaður á ársfundi FA í desember. Að auki var unnið að skimunarlistum greina í raunfærnimati, sem voru settir inn á vefinn, og að upplýsingum um ráðgjöf og raunfærnimat. Þótt vefurinn hafi ekki náð þeim markmiðum, sem sett voru um innihald, þá er hann samt sem áður talinn afar gagnlegt tæki við ráðgjöf og bætir aðgengi markhópsins að upplýsingum um nám og störf. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hafa 3.337 einstaklingar nýtt sér *Næsta skref*. Margir þeirra, eða um 40%, hafa heimsótt vefinn oft en einu sinni. Ljóst er að finna þarf

farveg fyrir áframhaldandi þróun og fjármögnun við vinnu vefsins í þágu almennings og atvinnulífs. Einnig þarf að markaðssetja hann skipulega.

Áætlanir um vefinn voru kynntar á fundi með náms- og starfsráðgjafarneti FA og símenntunarmiðstöðvanna. Náms- og starfsráðgjafar hafa veitt afar jákvæða endurgjöf á vefinn og eru miklar væntingar um að hann verði þróaður áfram og haldið við.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netíð var í flokki verkefna en hefur nú verið fært yfir í flokk áætlana til jafns við Nordplus-menntaáætlunina. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2017 og gegnir Sigrún Kristín Magnúsdóttir starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd.

NVL-móðurnetið hefur á tímabilinu haldið 4 sameiginlega fundi, dagana 30. september og 1. október í Ósló, 10. og 11. desember í Stokkhólmi, 4. febrúar 2015 í Kaupmannahöfn og 28. og 29. júní á Borgundarhólmi. Fulltrúi Íslands sótti þá alla. Fundinn í Kaupmannahöfn í febrúar sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana, sem vista NVL á Norðurlöndum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins. Auk þess hefur fulltrúinn tekið þátt í 5 veffundum NVL á tímabilinu og sent fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi í 11 fréttabréf sem að jafnaði fara í loftið til rúmlega tvö þúsund áskrifenda einu sinni í mánuði alla mánuði ársins nema júlí. Þann 11. júní tók fulltrúinn þátt í Fundi fólksins í Norræna húsinu í Reykjavík, stýrði umræðum um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt alþingismönnum Katrínu Jakobsdóttur og Valgerði Gunnarsdóttur.

Pröstur Haraldsson er fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir vef tímaritið DialogWeb. Hann skrifaði greinar í ritið og miðlaði upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Fulltrúi Íslands hefur umsjón með nýju verkefni um færniþróun í atvinnulífinu. Að verkefninu koma tveir hópar, fjögurra manna stýrihópur og net með 12 fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins. Fyrsti fundur netsins var haldinn á Íslandi 19. og 20. nóvember. Annar fundur með netinu nær fullskipuðu var haldinn 18.–20. mars í Danmörku. Markmiðið er að huga að færniþróun frá sjónarhóli atvinnulífsins. Stýrihópurinn hefur haldið fundi 26. febrúar í Svíþjóð og 24. ágúst í Kaupmannahöfn.

Þann 18. febrúar 2015 var haldinn fundur um starfsemi NVL. Þangað var boðið öllum þeim sem sitja fyrir Íslands hönd í stýrihópum, netum, vinnuhópum á vegum NVL sem og í ritstjórn DialogWeb. Fundurinn var haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík. Hann sátu á þriðja tug einstaklinga sem sögðu frá starfsemi sinna hópa og hvað framundan væri á árinu.

Þá hafa verið haldnir margir fundir til undirbúnings þriggja ráðstefna á haustdögum 2015. Sú fyrsta er í samstarfi við verkefni NVL um kennslufræði sjálfbærrar þróunar og Landvernd og verður haldin 10. október í Norræna húsinu í Reykjavík. Næsta ráðstefna verður haldin á Grand Hótelu Reykjavík 30. október í samstarfi við Félag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Þriðja og síðasta ráðstefnan verður í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ský, 3F, Tölvu- og verkfræðiþjónustuna og DISTANS fjarkennslunet NVL.


Starfsemi Fræðslusjóðs

Vottaðar námsleiðir

Fræðslusjóður greiddi nærri 465 milljónir til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum á árinu 2014. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs í þessu verkefni á árinu 2014 voru 13 símenntunarmiðstöðvar. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólástigi.

Árið 2014 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum fjármögnuðum af Fræðslusjóði 2.804 talsins í 227 námsleiðum. Um 62% þátttakenda eru af landsbyggðinni en 38% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendum hjá sex símenntunarmiðstöðvum fjölgaði á milli ára á meðan það var fækkun hjá sjö. Í heild fjölgaði þátttakendum á milli áruna 2013 og 2014 úr 2.615 í 2.804. Loknum einingum á milli áruna 2013 og 2014 fjölgaði úr 35.726 einingum í 36.211 einingar eða um 1,4%.

Þátttakendur í námstilboðum símenntunarmiðstöðva 2014
(Vottað nám, fjármagnað af Fræðslusjóði)




Mynd 1.

Fleiri konur en karlar voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum. Á síðustu árum hefur körlum fjölgað nokkuð, árið 2014 var hlutfall þeirra 33% sem er þó 2% lægra en árið áður en töluvert hærra en árið 2008 þegar hlutfall karla var aðeins tæp 20%.

Samanburður árána 2013 og 2014 sýnir að í vottuðu námi greiddu af Fræðslusjóði fjölgaði nemendastundum um rúmlega 14 þúsund á meðan nemendastundum í vottuðu námi greiddu af öðrum fækkaði um tæplega 4 þúsund. Samanlagt fjölgaði nemendastundum í vottuðu námi fyrir markhóp FA um rúmlega 10 þúsund eins og mynd 2 sýnir.

Nemendastundir - allt vottað nám fyrir markhópinn



Mynd 2.

Atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum FA með fjármagni frá Fræðslusjóði voru samtals 322 talsins árið 2014 (voru 352 árið 2013) og voru karlar 120 (37%) en konur 202 (63%).

Tafla 1. Fjöldi atvinnuleitenda eftir kynjum í vottuðum námsleiðum eftir fræðsluaðilum

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Fjöldi atvinnul.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. kvk	Atvinnul. kk
Austurbrú	156	33	21%	29	4
Farskólinn	69	0	0%	0	0
Framvegis	122	24	20%	21	3
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	151	20	13%	10	10
Fræðslunet Suðurlands	262	2	1%	2	0
IÐAN fræðslusetur	45	45	100%	7	38
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	390	72	18%	50	22
Mímir-símenntun	884	93	11%	65	28
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	152	0	0%	0	0
Símey	315	31	10%	17	14
Starfsmennt	25	0	0%	0	0
Viska	132	2	2%	1	1
Pekkingarnet Pingeyinga	101	0	0%	0	0
Samtals	2.804	322	11%	202	120

Pegar atvinnuleitendur eru skoðaðir m.t.t. námsleiða má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Landnemaskólanum (83) og Opinni smiðju (63). Hlutfall atvinnuleitenda í einstakri námsleið er hæst í Landnemaskólanum, Sterkari starfsmanni (61%) og grunnnámi fyrir skólaliða (60%).


Tafla 2. Fjöldi atvinnuleitenda eftir námsleiðum

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Fjöldi atvinnul.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. kvk	Atvinnul. kk
Landnemaskóli	137	83	61%	59	24
Opin smiðja	197	63	32%	21	42
Menntastoðir	394	44	11%	26	18
Skrifstofuskólinn	278	33	12%	29	4
Þjónustuliðar	58	27	47%	22	5
Sterkari starfsmaður	33	20	61%	9	11
Grunnnám fyrir skólaliða	25	15	60%	13	2
Grunnmenntaskólinn	107	11	10%	7	4
Landnemaskóli II	46	10	22%	7	3
Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	119	7	6%	5	2
Aðrar námsleiðir	1.410	9	0%	4	5
Samtals	2.804	322	11%	202	120

Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2014 úthlutaði Fræðslusjóður tæplega 131,5 milljónum króna í náms- og starfsráðgjöf.

Árið 2014 héldu sjö af þrettán fræðsluáðilum samtals 191 kynningarfund í náms- og starfsráðgjöf en þar af fór 151 kynning fram á vinnustöðum eða 79% en aðrar kynningar voru 40 eða 21%. Heildarfjöldi þeirra sem sóttu kynningar náms- og starfsráðgjafa á árinu 2014 var 1.358 manns og komu 348 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af þeim eða tæp 26%.



Mynd 3.

Heildarfjöldi ráðgjafarviðtala hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2014 var 9.467 viðtöl á móti 10.864 árið 2013 sem er fækkun um 1.397 viðtöl eða um 13%, sbr. töflu 3 hér á eftir. Sex miðstöðvar skila hærri viðtalafjölda heldur en árið 2013 en sjö eru með færri viðtöl; mest er breytingin hjá þeim miðstöðvum sem höfðu verið með flest viðtöl, Iðunni fræðslusetri og Mími-símenntun.

Tafla 3. Fjöldi ráðgjafarviðtala árin 2009–2014


Fræðsluaðilar	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Símenntunarmiðstöðvar	5.469	8.552	8.316	7.403	7.517	6.691
Fræðslumiðstöðvar iðngreina	1.298	2.247	2.552	2.814	3.347	2.776
Samtals	6.767	10.799	10.868	10.217	10.864	9.467

Af þessum 9.467 viðtölum flokkast 51,8% sem hefðbundin viðtöl, 25,5% voru í hópráðgjöf, 11,5% fólust í rafrænni ráðgjöf og símaráðgjöf, 6% voru hvatningarviðtöl og 5,2% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati.

Kynjaskipting ráðþega hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Árið 2007 voru karlar 39% ráðþega og konur 61%, næstu ár óx hlutfall karla jafnt og þétt og árið 2011 var hlutfall karla komið í 59%; árið 2014 var hlutfall karla 57% og kvenna 43%. Aldurssamsetning í ráðgjöfinni fyrir árið 2014 sýnir að langflestir í ráðþegahópnum voru á aldrinum 26–40 ára (48%), þó var einnig stór hluti á aldrinum 41–55 ára (27%). Litlar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu ráðþega síðustu árin.

Árið 2014 voru 78% viðtala náms- og starfsráðgjafa við ráðþega sem hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, þ.e. aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall viðtala við einstaklinga sem höfðu lokið iðn- eða starfsmenntun var 12%.

Árin 2009 og 2010 jókst þjónusta náms- og starfsráðgjafa við atvinnuleitendur mikið á meðan ráðgjöf við einstaklinga í starfi dróst saman. Þessi mikla breyting hefur svo hægt og bitandi gengið til baka eftir það. Fjöldi viðtala atvinnuleitenda hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna fækkaði á milli 2010 (5.996), 2011 (5.082) og 2012 (3.834) en fjölgaði svo aftur árið 2013 (4.140) og minnkaði 2014 (2.731). Þegar hlutfall viðtala við atvinnuleitendur er skoðað sést að það lækkaði úr 59% árið 2010 í 48% árið 2011 og svo niður í 38% árið 2012, hlutfallið stóð svo í stað á milli 2012 og 2013 en lækkaði svo aftur 2014 og var 29%.



Mynd 4.

Raunfærnimat

Á árinu 2014 var úthlutað tæplega 131,5 milljónum til framkvæmdar raunfærnimats.

Árið 2014 veitti Fræðslusjóður rúmlega 82,4 milljónum til framkvæmdar á raunfærnimati í löggiltum iðngreinum. Að auki voru eftirstöðvar frá 2013 vegna verkefnisins Nám er vinnandi vegur kr. 24 millj. og kr. 0,6 millj. sem voru eftirstöðvar verkefna, sem veitt var til árið áður úr Fræðslusjóði, eða samtals kr. 107 millj. kr.. Í þessari tölu eru kr. 4,3 millj. sem úthlutað var til raunfærnimatsverkefna í iðngreinum á landsbyggðinni. Framkvæmd á móti viðmiðum löggiltra iðngreina á árinu 2014 var alls kr. 99,3 millj. Skilað var kr. 6,4 millj. í árslok. Ólokin verkefni í iðngreinum sem flytjast til 2015 nema kr. 1,4 millj. Eru það verkefni í iðngreinum hjá símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Á árinu 2014 fóru 357 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum, 320 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 37 hjá Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2014 var 11.233 á móti 8.614 árið 2013 sem er um 30% aukning á milli ára.

Tafla 4. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum

Fræðsluaðili	Fjöldi einst.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Fjármagn	Kostn. á ein. án ráðgjafar
Fræðsluskrifstofa raf-iðnaðarins	37	502	382	2.520.000	6.597
IDAN fræðslusetur	320	15.160	10.852	93.320.320	8.600
Samtals	357	15.662	11.234	95.840.032	8.531

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati iðngreina, sem fer fram á móti námskrám árið 2014, er 31,5 fyrir hvern einstakling. Meðalfjöldi staðinna eininga voru allt frá rúmum 10 einingum í rafvirkjun til 44 eininga í framreiðslu eins og fram kemur í töflu 5.

Tafla 5. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati eftir greinum

Starfsgrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi mats-samtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðalfjöldi staðinna ein. pr. einstakling
Bakaraiðn	2	4	64	30	15,0
Bílgreinar	31	76	1.291	879	28,4
Blikksmíði	2	6	86	82	41,0
Framreiðsla	20	38	1.148	879	44,0
Húsasmíði	48	95	2.613	2.064	43,0
Kjötiðn	36	32	1.472	791	22,0
Matartækni	43	62	2.076	1.690	39,3
Matreiðsla	13	26	944	487	37,5
Málaraiðn	15	29	320	263	17,5
Málmsuða	7	28	496	281	40,1
Múraraíðn	15	30	800	543	36,2
Pípulögn	12	23	410	320	26,7
Rafvirkjun	37	198	502	382	10,3
Rennismíði	2	6	65	48	24,0
Skrúðgarðyrkja	26	38	1.329	1.121	43,1
Stálsmíði	8	24	389	330	41,3
Vélstjórn	23	57	869	510	22,2
Vélvirkjun	17	42	788	533	31,4
Samtals	357	814	15.662	11.233	31,5

Standist einstaklingar ekki viðmið í raunfærnimati felst töluverður kostnaður í því; að auki getur slíkt haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Því er mikilvægt að hlutfall staðinna eininga sé gott. Mikilvægur liður í því að stuðla að góðu hlutfalli staðinna eininga er að skimun ráðgjafa í upphafi sé góð.

Tafla 6. Fjöldi staðinna eininga eftir árum

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%
2011	10.105	7.626	75%
2012	8.872	6.539	74%
2013	12.173	8.614	71%
2014	15.662	11.233	72%

Annað raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu 2014 fengu átta símenntunarmiðstöðvar úthlutað til samtals tíu raunfærnimats-verkefna utan iðngreina. Heildarúthlutun til þessara verkefna var samtals kr. 31,8 millj. Þar af voru þrjú verkefni sem veitt var til í tengslum við verkefnið Menntun núna í Norðvesturkjördæmi. Skipting fjármagns á milli símenntunarmiðstöðva árið 2014 var eftirfarandi:

Tafla 7.

Úthlutanir Fræðslusjóðs til raunfærnimatsverkefna 2014	Námskrá/ Starfsgrein	Upphæð
Mímir-símenntun	Verslunarfagnám	4.704.000
Mímir-símenntun	Skrifstofubraut MK	1.764.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Verslunarfagnám	2.822.400
SÍMEY	Leikskólabrú	756.000
SÍMEY	Skrifstofugreinar	1.260.000
Viska, Vestmannaeyjum	Skipstjórnarbraut B	3.360.000
Farskólinn N.landi vestra	Fiskvinnsla (Menntun núna í Norð-vesturkjördæmi)	2.924.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Fiskvinnsla og Skipstjórn B (Menntun núna í Norðvesturkjördæmi)	6.708.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Félagssliðar, Leikskólaliðar, Stuðn.fulltr. (Menntun núna í Norðvesturkjördæmi)	5.882.400
Samtals úthlutun		31.776.800

Mímir-símenntun

Starfsárið 2014 var viðburðaríkt hjá Mími-símenntun. Á miðju ári fluttist starfsemi Mímis að Höfðabakka 9 sem var innréttað glæsilega og aðlagð að þörfum starfsins. Ánægjulegt er að segja frá því að bæði starfsfólk og nemendur telja aðstæður allar hinar bestu.

Í fræðslustarfi er mikilvægt að fylgjast grannt með árangri og mati á námi. Í lok náms eru nemendur beðnir um að fylla út mat á náminu og er markmið Mímis að ekki færri en 80% séu ánægðir með námið. Markmiðið náðist árið 2014 en yfir 85% svarenda lýsti yfir ánægju sinni með námið og aðstöðuna. Þessu til viðbótar má nefna að framkvæmdastjóri heimsótti fjölda nemendahópa til að kanna hug þeirra til námsins. Markmiðið var að kynna starf Mímis og heyra í nemendum. Þau samtöl leiddu í ljós að í öllum hópum kom fram mikil ánægja með kennara sem vinna hjá Mími. Þessir góðu kennarar eru forsenda þess að hjá Mími sé hægt að hafa gæði í námi. Flestir kennarar eru í lausamennsku hjá Mími og oftast eru þeir einnig kennarar í framhaldsskólum. Það er þakkarvert að til Mímis hafi ráðist færir og metnaðarfullir kennarar. Stöðugt endurmat er í gangi á markaðs- og kynningarmálum Mímis og hvernig megi best ná til markhóps Mímis; einnig hvernig best sé að kynna starfið betur fyrir samstarfsaðilum. Í því skyni voru haldnir allmargir kynningarfundir

t.d. fyrir Starf, Vinnumálastofnun, Fræðslusjóð VR, Atvinnuver Kópavogs og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins. Eins voru fundir haldnir með nokkrum skólastjórum framhaldsskólanna og kom í ljós mikil vilji til samstarfs til að tryggja framgang nemenda milli skólastiga.

Fræðslustarf Mímis var nokkuð hefðbundið árið 2014 en nemendastundum fjölgaði um 6,5% frá fyrra ári. Nemendastundum í starfsmenntanámi fjölgaði um 14,5% og í almennu námi um 4,4%.

Lægri greiðsla til náms- og starfsráðgjafar árið 2014 hefur leitt til þess að fækka þurfti ráðgjöfum hjá Mími og er það ástæða fyrir færri viðtölum árið 2014 en fyrra ár.

Mímir-símenntun er stærsta símenntunarmiðstöð landsins en nýtur lægstu grunnframlaga á fjárlögum til rekstrar en framlagið nemur tæplega 4% af ársveltu Mímis. Leitað var til þingmanna Reykjavíkur til að vekja athygli á misrétti í skiptingu framlaga til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Þar var bent á að með auknu framlagi í samræmi við það sem aðrar stöðvar fá mætti tryggja stöðugleika í rekstri Mímis. Einn þingmaður brást við bréfinu og lagði í framhaldinu fram fyrirspurn á Alþingi.

Velta má fyrir sér hvort þingmenn Reykjavíkur líti ekki á sig sem baráttumenn fyrir sitt svæði en því er öðruvísi farið um landsbyggðarþingmenn.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Mími styrk upp í kostnað við flutninga og kom það sér vel fyrir reksturinn.

Fræðslusjóður, sem leggur línur fyrir úthlutunum styrkja og veitir fjármagni til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats, ákvarðar greiðslur til símenntunarmiðstöðvanna. Það hefur reynst Mími erfitt að hafa ekki meiri sveigjanleika í úthlutunarreglum Fræðslusjóðs þar sem ekki hefur mátt flytja fjármuni milli flokka. Það er bagalegt að standa frammi fyrir því að skila peningum í einum flokki en vanta fjármuni í öðrum. Þetta gerir rekstrar-skilyrði Mímis erfið og mikilvægt að endurskoða þessar reglur og skýra.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað að nemendum eldri en 25 ára, sem ekki fá inngöngu í framhaldsskólana, verði beint til símenntunarmiðstöðvanna. Starfsmenn Mímis hafa unnið margar tillögur að því hvernig megi mæti þeirri eftirspurn. Eftir stendur að fá upplýsingar um hugsanlega stærð hópsins og fjármuni sem ráðherra áætla að setja í verkefnið. Starfsfólk

Mímis er tilbúið til breytinga og mun leggja sig fram við að þjónusta og hvetja fullorðið fólk áfram til náms.

Nemendastundir 2010–2014



Vottaðar námsleiðir FA sem voru kenndar hjá Mími

Aftur í nám – 95 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftarerfiðleika var einfaldlega afskrifað í skólakerfinu sem tossar eða annað þaðan af verra. Námskeið fyrir lesblinda, *Aftur í nám*, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfsstyrkingu og 40 einkatíma í lestrarkennsluáferðum Rons Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa. Á árinu lauk einn námshópur námskeiðinu *Aftur í nám*.

Umsögn nemanda: Frábært námskeið sem hefur hjálpað mér mikið. Þarna fann ég leið til að takast á við lesblinduna og allt sem henni fylgir, ég vildi að ég hefði vitað af þessu fyrr.

Grunnmenntaskóli – 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér

tölvur og að gera færnimöppu. Fimm hópar stunduðu nám í *Grunnmenntaskólanum* á árinu.

Umsögn nemanda: Hvers vænti ég af náminu í *Grunnmenntaskólanum*? Hlakkaði ég til eða kveið ég fyrir? Ég vænti þess að fá einhverja upprifjun á fyrra námi og styrkja sjálfsmynd mína. Þær væntingar stóðust fyllilega og vel það. Ég var haldin bæði tilhlökkun og kvíða. Ég hlakkaði til að takast á við eitthvað sem mig hefur lengi langað til að gera og kveið fyrir að gera það ekki nægilega vel. En nú – þegar upp er staðið og ég veit að ég get þetta – þá er ég búin að skrá mig í áframhaldandi nám í *Menntastöðir*. Ég hef öðlast miklu meira sjálfstraust í vetur og þakka ég ekki síst skólanum fyrir það. Ég hlakka til að takast á við námið næsta vetur og þakka fyrir mig.

Almennar bóklegar greinar – 300 kennslustundir

Þessi námsleið er góður grunnur á framhaldsskólastigi. *Almennar bóklegar greinar* (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar lyk- ilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu. Einn hópur stundaði nám í *Almennum bóklegum greinum* á árinu.

Menntastöðir – 660 kennslustundir

Menntastöðir, sem er vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, er krefj- andi en skilar miklu. Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og Háskólabróu Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og bókfærsla. Kostur er á því að ljúka *Menntastöðum* á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum. Tíu hópar stunduðu nám í *Menntastöðum* á árinu.

Umsögn nemanda: Frábært framtak og góð kennsla. Fékk trú á að ég gæti lært. Mikil keyrsla en mjög skemmtileg.

Vinna með börnum - Grunnám fyrir skólaliða – 70 kennslustundir

Námið er ætlað þeim sem hafa umsjón með grunnskólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmálstímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara, þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð, svo og þeim sem vinna með börnum á leikskólum. Eitt slíkt námskeið var haldið á árinu fyrir erlenda

atvinnuleitendur Vinnumálastofnunar og var það tengt íslenskukennslu og starfsþjálfun sem er nýmæli.

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk – 60 kennslustundir

Þetta námskeið er ætlað 18 ára og eldri sem hafa stutta skólagöngu að baki og starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun og rækju- og skelvinnslu. Sjö námskeið voru haldin á árinu fyrir nemendur sem töluðu samtals sex tungumál.

Þjónustuliðar - grunnnám – 60 kennslustundir

Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði sem er eldra en 20 ára, með stutta formlega skólagöngu og starfar við ræstingar, í býtibúrum, matsölum og þvottahúsum. Tvö slík námskeið voru haldin á árinu fyrir erlenda atvinnuleitendur Vinnumálastofnunar og voru þau tengd íslenskukennslu og starfsþjálfun.

Verkfærni í framleiðslu I – 120 kennslustundir

Verkfærni í framleiðslu ætlað fólki á vinnumarkaði sem starfar við málm- og tækni greinar, er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Verkfærni í framleiðslu I var kennt í fyrsta sinn á árinu og er þróunarverkefni, unnið í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Marel. Marel var valið fræðslufyrirtæki ársins af Samtökum atvinnulífsins og SI og var þessa verkefnið getið sérstaklega við verðlaunaafhendinguna.

Verslunarfagnám – 1020 kennslustundir

Nú einstaklingar luku raunfærnimati í verslunargreinum hjá Mími-símenntun og *Verslunarfagnámi* í kjölfarið.

Þjónusta við ferðamenn – Færni í ferðaþjónustu I og II – 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og –gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin.

Þjónusta við ferðamenn hefur verið aðlöguð að þátttakendum með íslensku sem annað tungumál og þá kennð á ensku. Áður hefur hún verið aðlöguð og kennð Pólverjum á pólsku. Sex hópar stunduðu nám í Þjónustu við ferðamenn árið 2014.

Umsögn nemanda: Þetta námskeið á eftir að nýttast mér vel í framtíðinni. Kennararnir voru mjög góðir og gott hvernig námið er tengt beint við það sem er að gerast í ferðþjónustu í dag.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, samstarfsverkefni NTV og Mímis – 410 kennslustundir

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis-símenntunar (SMR) hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við viðskipta-, sölu- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Fimm hópar stunduðu *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám á árinu*.

SRM-námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Öll fög í náminu eru kennd frá grunni.

Skrifstofuskólinn – samstarfsverkefni NTV og Mímis-símenntunar – 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn er mjög vinsælt og hagnýtt nám, þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og nýlega fékkst heimild menntamálaráðuneytisins til kennslu samkvæmt endurskoðaðri námskrá. Sex hópar sóttu *Skrifstofuskóla Mímis og NTV* á árinu.

Nám fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu – 100 kennslustundir

Á árinu voru haldin fjögur fagnámskeið fyrir starfsmenn sem starfa við aðhlyningu og umönnun, tvö fagnámskeið 1 og tvö fagnámskeið 2. Algengt er að fólk haldi áfram og ljúki námi af Félagsliðabréu sem er tveggja ára nám með starfi.

Félagsliðabréu

Fjórir hópar stunduðu nám á Félagsliðabréu bæði á vor- og haustönn. Námið er 31 eining, tekur yfir fjórar annir og gefur viðurkennd starfsréttindi. Meirihluti þeirra sem aflar sér þessara starfsréttinda er af erlendum uppruna.

Framhaldsnám félagsliða

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag var boðið upp á 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða um fötlun og geðraskanir. Eitt slíkt, fjölmennt námskeið, var haldið árið 2014.


Fagnám fyrir starfsmenn leikskóla – 100 kennslustundir

Fagnámskeið fyrir leikskóla I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í *Leikskólaliðabréu*. Tvö fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla voru haldin á árinu.

Leikskólaliðabréu – 30 einingar

Leikskólaliðabréu er tveggja ára nám samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði. Fjórir hópar stunduðu nám á *Leikskólaliðabréu* á árinu.

Skipting nemendastunda eftir flokkum 2014



Nám fyrir fólk af erlendum uppruna hjá Mími-símenntun

Landnemaskólinn – íslenska og samfélagið – 120 kennslustundir

Landnemaskólinn er námsleið vottuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námskráin *Landnemaskóli II* var kennd í fyrsta sinn en einn hópur stundaði nám skv. námskránum *Landnemaskóli I og II*. Kennt var bæði á vegum verkefnisins *Menntunar* núna í Gerðubergi og í húsnæði Mímis-símenntunar á Öldugötu 23. Flestir þátttakendur komu á vegum Vinnumálastofnunar og hjá þremur hópum var 2ja vikna starfsþjálfun fyrir atvinnuleitendur bætt við námið í lokin. Í námsleiðinni er fléttað saman íslenskukennsla og samfélagsfræðsla á fjölbreyttan hátt. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna blað saman með myndum og textum úr ferðum og náminu. Ferilskráargerð, sjálfsstyrking og tölvuþjálfun er einnig hluti af náminu.

Sex *Landnemaskólar* voru haldnir á árinu, þar af þrír þar sem starfsþjálfun var hluti af náminu.

***Að lesa og skrifa á íslensku* –120 kennslustundir**

Námsleið FA, *Að lesa og skrifa á íslensku*, er ætluð fyrir fólk af erlendum uppruna sem þarf þjálfun í lestri og skrift, glímir við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og efling sjálfstraust.

Ein slík námsleið var kennd á árinu.

***Framtíð í sátt* – 216 kennslustundir**

Framtíð í sátt er námskeið sem er ætlað langtímaatvinnuleitendum þar sem megináherslan er á eflingu sjálfstrausts, bæði persónulega og í atvinnuleit. Íslenskukennsla, samfélagsfræðsla og aukin virkni eru einnig fyrirferðarmiklir þættir í náminu. Aðrar námsgreinar voru fjölmenningsfræðsla, ferilskráargerð og atvinnuleit.

Eitt slíkt námskeið var haldið á árinu.

Íslenska sem annað mál

Íslenskunámskeiðin voru vel sótt og brottfall nemenda úr námskeiðum afar lítið. Kennt var á þremur stöðum, þ.e. í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og einnig í Gerðubergi í tengslum við verkefnið *Menntun núna í Breiðholti*. Flest íslenskunámskeið hjá Mími-símenntun eru 60 kennslustundir en einnig voru haldin 30 stunda námskeið í talþjálfun. Boðið er upp á sex stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og náms-efni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningslega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda á sjö mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðupróf svo hægt sé að meta hvað stig hentar þeim best og við lok námskeiðs fá þátttakendur ráðleggingar um næstu skref í íslenskunáminu. Starfstengd íslenskunámskeið, sem eru sérstaklega sniðin að þörfum erlends starfsfólks og þörfum vinnustaða þeirra, eru einnig ávallt í boði og á síðasta ári voru sex slík námskeið haldin. Einnig er hægt að taka íslenskupróf vegna umsóknar um búsetuleyfi og Mímir-símenntun býður að auki upp á námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt.

Á árinu 2014 voru haldin 99 námskeið í íslensku fyrir útlendinga með 965 þátttakendum. Það er fjölgun frá fyrra ári um 144 þátttakendur eða 17,5% og 11 námskeið eða 12,5% aukningu í fjölda námskeiða.

Nám og starfsþjálfun fyrir innflytjendur – nýjungar á síðasta ári

Hjá Mími-símenntun er gróska í þróun á fjölbreyttari náms- og starfstækifærum fyrir innflytjendur. Í samstarfi við VMST hefur atvinnuleitendum af erlendum uppruna boðist að taka nokkrar námsleiðir FA þar sem 60 stunda íslenskunámi er bætt við námsleiðina og 40–80 stunda starfsþjálfun tekur við af náminu. Þær námsleiðir, sem hafa verið nýttar með þessum hætti, eru *Landnemaskólinn*, *Þjónustuliðanámi* og *Grunnnám fyrir skólaliða* en þá leið köllum við *Vinna með börnum* þar sem námið nýtist bæði þeim hafa áhuga á að vinna á leikskóla og í grunnskóla. Í íslenskuhlutanum þjálfa þátttakendur bæði daglegt mál og fá aðstoð vegna fagtengds orðaforða sem tengist námi viðkomandi námsleiðar. Reynt er að finna störf, sem nemendur hafa áhuga á að fá innsýn í, og nemendum og vinnustöðum fylgt eftir með stuðningi. Allir þátttakendur fá meðmælalibréf frá vinnustaðnum, eftir að starfsþjálfun lýkur, sem er gott veganesti í frekari atvinnuleit. Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í þessu starfi Mímis.

Sex hópar tóku þátt í námi og starfsþjálfun með þessum hætti á árinu.

Annað nám hjá Mími-símenntun

Fjölmennt

Samstarf Mímis-símenntunar og Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, gekk vel á árinu. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötludu fólki tækifæri til að taka þátt í símenntun hjá Mími og þar með stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar hjá sömu aðilum og ófatlað fólk eftir því sem kostur er. Hver þátttakandi hefur rétt á að sækja eitt námskeið á önn.

Á síðasta ári voru haldin 25 námskeið af ýmsum toga fyrir þennan nemendahóp.

Tungumálanámskeið

Boðið var upp á námskeið í 14 tungumálum. Mesta aðsóknin á síðasta ári var í námskeið í norsku. Einnig er töluvert um að nemendur af erlendum uppruna sækji enskunámskeið en enskukunnátta eykur að sjálfsögðu möguleika fólks á námi og að ferðast til annarra landa. Að auki er boðið upp á einkatíma í tungumálum en um 100 einkatímar voru kenndir á síðasta ári.

Haldin voru 44 tungumálanámskeið á árinu og var aukning um 2,3% frá fyrra ári.

Starfsleitarnámskeið

Í samstarfi við Starf ehf. hefur Mímir skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir atvinnuleitendur. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitandanum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga, annars vegar þarf hann sjálfstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald og hvatningu og hann þannig virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Í upphafi námskeiðsins er farið í sjálfsþekkingu og styrkingu til þess að atvinnuleitandinn geti betur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, hvað hann vill og hvert hann vill stefna. Í kjölfarið er farið yfir gerð ferilskrár og kynningarbréfs sem tæki til að koma upplýsingum um hæfni og þekkingu til skila. Aðrir þættir, sem fjallað er um, eru til dæmis skráning á atvinnumiðlanir, umfjöllun um tengslanet, námsmöguleikar, markmiðssetning, atvinnuviðtöl, hvernig best sé að halda utan um atvinnuleit og hvernig útvíkka megi starfs-hugmyndir og leiðir í atvinnuleitinni.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að leiðbeina fólki í atvinnuleit, t.d. varðandi nám og einnig að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. Námskeiðið hefur gengið mjög vel og framhald er fyrirhugað á samstarfinu.

Í starfsleit fengu 36 hópar kennslu.

Ýmislegt

Fræðslustjóri að láni

Mímir tók að sér verkefni sem kallast *Fræðslustjóri að láni* í samstarfi við Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóð Eflingar og Reykjavíkurborgar og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS). Verkefnið byggist á að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Farið er yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækjanna, dregið fram það sem vel er gert, gerð eða dýpkuð greining á þörfum fyrirtækja og samhæft öðrum námskeiðum eða viðurkenndum fræðsluleiðum innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð verkefnisins er tímasett fræðsluáætlun fyrir fyrirtækin.

Menntun núna í Breiðholti

Tilraunaverkefnið *Menntun núna í Norðvesturkjördæmi og í Breiðholti* hafa það meginmarkmið að hækka menntunarstig með því m.a. að efla menntun og stuðla að viðurkenningu á færni þeirra sem hafa ekki lokið prófi á framhalds-skólastigi og efla innflytjendur með íslenskunámi og samfélagsfræðslu.

Fjölbreytt nám á vegum Mímis hefur farið fram í samvinnu við verkefnið þar sem kennslan fór fram í Breiðholti. Í íslenskukennslunni var áhersla lögð á að halda námskeið fyrir byrjendur þar sem kennarinn talaði móðurmál nemenda. Það skilaði góðum árangri og náðist í ákveðna hópa sem e.t.v. höfðu ekki fundið nám áður við sitt hæfi. Í þessum hópum voru jafnframt gerðar tilraunir með móttökuvíðtöl og upplýsingagjöf fyrir nemendur á þeirra móðurmáli.

Ein af nýjungum verkefnisins var samstarf Mímis-símenntunar, *Menntunar núna* og Íslenskuþorps HÍ á íslenskunámskeiðum. Aðferðafræði Íslenskuþorpsins byggir á því að brúa bilið á milli kennslustofunnar, þar sem nemendur læra íslensku, og samfélagsins þar sem íslenska er notuð í samskiptum. Samið var við þátttökufyrirtæki í Breiðholti og þar fengu nemendur tækifæri til að æfa sig að tala íslensku. Velvilji var mikill meðal fyrirtækja í Breiðholti og tókst tilraunin vel. Verkefnið var þróað áfram í *Landnemaskólanum* í tengslum við starfsþjálfun nemenda á vinnustöðum í Breiðholti. Margir nemendur *Landnemaskólans* komu á vegum Vinnumálastofnunar.

Kennsla í *Grunnmenntaskóla* fór fram í FB. Þar fengu bæði brotthvarfsnemendur úr FB og fullorðnir námsmenn, sem fá ekki inngöngu í framhaldsskóla án frekari undirbúnings, tækifæri til að hefja nám. Náms- og starfsráðgjafi *Menntunar núna* var staðsettur í FB og vann ötullega að því að fá brotthvarfsnemendur aftur í nám, auk þess að vinna náið með verkefnastjóra Mímis-símenntunar í að halda vel utan um námshópa á vegum verkefnisins.

Alls voru haldin 10 almenn íslenskunámskeið fyrir innflytjendur á síðasta ári, þar af 9 á haustönn. Þrír Landnemaskólar voru haldnir á árinu og einn *Grunnmenntaskóli*.

Verkefninu Menntun núna lauk í apríl 2015.

Erlent samstarf Mímis-símenntunar

ABF i Norden

Mímir-símenntun er aðili að ABF i Norden, fræðslusamtökum verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags-

og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.

Haldnir eru tveir fundir ásamt stuttum ráðstefnum á ári.

Sá fyrri var haldinn á vormánuðum og var í framhaldinu haldin Vinnustofa ABF

Markaðs- og kynningarfulltrúi og verkefnastjóri nemendabókhalds tóku þátt í vinnustofu um kynningarmál og samskipti á vegum ABF í Stokkhólmi 9.–10. apríl. Fulltrúar frá öllum Norðurlöndum, sem starfa við upplýsingar- og kynningarmál framhaldsfræðslu, mættu í þessa vinnustofu og kynntu hver fyrir öðrum hvað áhugavert er að gerast á hverjum stað. Einnig voru sérstakar kynningar á ýmsum nýjungum á sviði markaðs- og kynningarmála

Haufundur var haldinn í nóvember og þar var skipulag og hlutverk ABF rætt. Umtalsverðar breytingar eru að verða á systursamtökum Mímis á Norðurlöndum og þótt starf þeirra sé öflugt er víða þrengt að þeim fjárhagslega. Á fundinum var sagt frá hugmyndum um stofnun nýs skóla, Nordenskolén, sem mun byggja á norræna módelinu, NordMod2030. Þar er stefnt að því að efla unga einstaklinga innan verkalýðshreyfingarinnar til virkrar þátttöku í samfélaginu og í pólitísku starfi. Fulltrúar frá ABF Norden taka virkan þátt í mótun skólans og er stefnt að því að hann byrji á haustmánuðum 2015.

Gæðastjórnun

Á árinu vann gæðateymi Mímis áfram að endurbótum og uppsetningu ferla, gátlista og verklagsreglna fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins.

Í október var árleg viðhaldsúttekt Bresku staðlastofnunarinnar (BSI) vegna gæðavottunar samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM (European Quality Mark).


Matsmaður lýsti ánægju með vinnu Mímis í gæðamálum og þeim árangri sem náðst hefur síðan síðasta úttekt var gerð árið 2013.

Gæðahandbók

Gæðahandbók Mímis-símenntunar lýsir stjórnskipulagi og stefnu fyrirtækisins ásamt þeim ferlum sem notaðir eru til að uppfylla gæðamarkmið fyrirtækisins. Gæðateymi Mímis, sem skipað er fjórum starfsmönnum, hefur á árinu unnið að því að bæta gæðahandbókina. Ýmis skjöl hafa verið uppfærð og ný búin

til. Vinna við gæðahandbókina miðar að því að til sé sameiginlegur þekkingarbrunnur fyrir starfsmenn og stjórnendur sem auðveldar umsjón með og yfirsýn yfir verkefni.

Fjöldi viðtala 2010–2014



Náms- og starfsráðgjöf

Mikil ásókn var í náms- og starfsráðgjöf hjá Mímis-símenntun á árinu en fjárframlög til hennar hamla frekari vexti. Fjölmarginir viðmælendur hafa hitt ráðgjafa Mímis símenntunar, hvort heldur er í einstaklings- eða hópráðgjöf.

Helstu viðfangsefni í ráðgjafarviðtölum hafa snúið að:

- vali á námi og námskeiðum
- aðstoð við skipulögð vinnubrögð
- leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit
- áhugasviðsgreiningu og greiningu á færni
- ferilskrárgerð, gerð starfsumsóknna, kynningar- og fyrirspurnabréfa
- útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf
- hvatningu, stuðningi og sjálfsefningu
- raunfærnimati

Aukist hefur að ráðþegar óski eftir viðtali að eigin frumkvæði en einnig hefur stuðningur við nemendur Mímis aukist töluvert. Það hefur sýnt sig að markhópurinn hefur mikla þörf fyrir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við leit

að starfi og val á námi. Ráðþegum hefur nýst vel að farið sé yfir mögulegar leiðir í námi og byggt á styrkleikum, áhuga og færnikröfum. Þá er í sameiningu leitað leiða til að yfirstíga hindranir sem ráðþegar glíma við varðandi nám og starfsleit.

Raunfærnimat

Mat á raunfærni er staðfesting á þekkingu.

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífnum en stutta formlega skólagöngu. Með raunfærnimati er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi eða atvinnuumsókn og leggja mat á frekari starfsþróun. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.

Á síðasta ári var mikil gróska í raunfærnimati. Einn hópur fór í gegnum *raunfærnimat* í skrifstofugreinum á móti námskrá *skrifstofubrautar I* í Menntaskóla Kópavogs. Tveir hópar fóru í *raunfærnimat í verslunarfagnámi*. Tveimur raunfærnimatsverkefnum, sem verið er að framkvæma í fyrsta sinn, lauk á árinu. Annars vegar er um að ræða *raunfærnimat á móti námskrá á félagsmála- og tómstundabraut* sem kennd er við Borgarholtsskóla, hins vegar hófst *raunfærnimat fyrir starfsfólk í vöruhúsum* en í því verkefni er metið á móti færnikröfum atvinnulífs.

Auk þessa lauk vinnu við þróunarverkefni og *raunfærnimat í almennum bóklegum greinum*, þ.e. ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði.

Þróunarverkefni

Á síðasta ári hófst vinna við átta ný þróunarverkefni jafnhliða áframhaldandi vinnu við eldri verkefni. Alls var unnið að 13 þróunarverkefnum, 9 innlendum og 4 erlendum verkefnum. Flest innlendu verkefni voru styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar eða mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Túlkánám framhald: Þarfagreining og námskeið

Í verkefninu var lögð áhersla á þarfagreiningu fyrir góða túlkun á sviðum sem tengjast löggæslu og þjónustu vegna hælisleitenda auk félagsþjónustu. Námskeið fyrir túlka var kennt í framhaldi þar sem rétt notkun og skilningur hugtaka, bæði á íslensku og á móðurmáli túlkanna, var í forgangi. Verkefnið var styrkt af mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og Þróunarsjóði innflytjendamála.

Íslenska og starfsþjálfun

Markmið verkefnisins er að þróa 60 kennslustunda viðbótarnám í íslensku við námsleiðir FA auk fjögurra vikna starfsþjálfunar á vinnustöðum. Markhópurinn er atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Stuðningur við bæði nemendur og vinnustaði auk markvissrar þjálfunar í íslensku á meðan á starfsþjálfun stendur er hluti af verkefninu. Hugmyndafræði Íslenskuþorps Háskóla Íslands er til grundvallar í íslenskukennslunni og samstarfi við vinnustaði.

Námsleið fyrir starfsfólk á endurvinnslustöðvum

Verkefnið felst í þarfagreiningu og gerð þriggja 60 stunda námskráa fyrir starfsfólk við söfnun, móttöku og meðhöndlun úrgangs, endurvinnslu brotamálma og annarra endurvinnsluefna og móttöku spilliefna.

Sjósókn. Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi 2015

Markmið þessa verkefnis, sem hefur hlotið nafnið Sjósókn, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Raunfærnimat og leiðir til að stunda nám í Menntastöðum óháð nettengingu er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Mímir-símenntun er samstarfsaðili og ber ábyrgð á hluta verksins.

Þjónusta og upplýsingagjöf

Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna námsleið fyrir starfsfólk með stutta formlega menntun sem starfar við móttöku, símsvörun og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum. Markmiðið með námsleiðinni er að mæta þörf ólíkra fyrirtækja fyrir vel menntað starfsfólk og mæta þörf samfélagsins fyrir sérhæft starfsfólk með áherslu á samskipti og sjálfstraust í fjölmennningarlegu samfélagi. Stefnt er að kennslu námsleiðarinnar á vormisseri hjá Mími-símenntun.

Verkfærni í framleiðslu II

Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna sérhæft nám og þjálfun fyrir starfsfólk í framleiðslufyrirtæki, að greiða leið þátttakenda til náms í formlega skólakerfinu, að dýpka og bæta við þekkingu frá fyrra námi (byggðu á námskránni Verkfærni í framleiðslu I) með bóklegu námi og sértækri verklegri þjálfun og að námskrárnar VF I og VF II verði vísir að viðurkenndu starfsnámi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Marel og fer námið þar fram.

Hönnun námsleiðar fyrir starfsfólk í vöruhúsum

Markmið verkefnisins eru að hanna námsleið og halda námskeið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í vöruhúsum. Starfsþjálfun í vöruhúsi er hluti af verkefninu. Náminu er ætlað að koma til móts við einstaklinga með stutta

formlega skólagöngu að baki. Búið er að greina færnikröfur til þessara starfa og hæfniviðmið á hæfniprepi tvö eru til hliðsjónar í námsleiðinni.

Fjölmennning í námshópum Mímis

Markmiðið er að innleiða fjölmenningarlega stefnu innan Mímis-símenntunar, m.a. með því að þróa kennsluhætti, móttöku nemenda og námsferlið í námsleiðum FA sem eru kenndar hjá Mími með tilliti til fjölmenningarlega námshópa.

Grunnmenntaskóli fyrir innflytjendur

Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir og námsefni innan námskrár Grunnmenntaskólans til að koma til móts við hóp fullorðinna innflytjenda með stutta formlega menntun.

Eftirtöldum þróunarverkefnum lauk á árinu:

Tækninám og tölvuviðhald fyrir námsmenn með sérþarfir

Markmið verkefnisins voru að þróa og kenna sérhæft tölvutækninámsskeið fyrir fólk á einhverfurófi sem býr við skerta námsfærni og atvinnumöguleika vegna fötlunar sinnar og að bæta atvinnumöguleika fatlaðs fólks. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fjölmennt, Promennt og Specialisterne.

Þjónusta við ferðamenn – fyrir innflytjendur

Í verkefninu voru námskráranar *Færni í ferðaþjónustu I og II* aðlagðar fólki af erlendum uppruna. Aukin áhersla var lögð á fræðslu um íslenskt samfélag og sögu auk ýmissa þjónustubátta. Kennsla og námsefni var á ensku. Markmiðið var m.a. að auka starfsmöguleika í ferðaþjónustu meðal atvinnuleitenda af erlendum uppruna, að auka aðkomu atvinnulífsins að námsleiðinni og að gefa innflytjendum tækifæri til að kynnast íslensku samfélagi og menningu á nýjan hátt.

Nám á vinnustað. Efling lykilmæfni og starfshæfni á vinnustað

Meginmarkmiðið var að þróa nýjar leiðir til að ná til þeirra starfsmanna á vinnustöðum sem hafa hvað minnsta menntun og erfiðast hefur reynst að hvetja til færnieflingar og starfsþróunar; einnig að veita þátttakendum hvatningu og bjóða upp nám sem miðaði að því að styrkja lykilmæfni í læsi, stærðfræði og ensku. Verkefnið var unnið í samstarfi við Vífilfell.

Erlend samstarfsverkefni sem var unnið að á síðasta ári

CoachLang. Coaching and encouraging adult migrant language use in working life – styrkt af Nordplus. Verkefnið er norrænt mannaskiptaverkefni.

Verkefnastjórar, náms- og starfsráðgjafar og kennarar í íslensku og öðru máli fara til Norðurlanda og kynna sér tungumálanám og starfstengd úrræði fyrir erlenda atvinnuleitendur.

GOAL. Guidance and Orientation for Adult Learners – styrkt af Erasmus + áætluninni. Verkefnið miðar að því að þróa ráðgjöf í átt að færniuppbyggingu fyrir viðkvæma hópa fullorðinna nemenda. Hópráðgjöf og eftirfylgni er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en FA stýrir því á Íslandi. Mímir-símenntun er einn af samstarfsaðilum um framkvæmd á Íslandi.


eEnrich – styrkt af Grundtvig áætluninni. Markmið verkefnisins er að kynslóðir læri hver af annarri. Mörg lönd taka þátt og verkefnið eru af ýmsum toga.

LETSGO through Culture (Language, Education, Teaching Skills, Growing Opportunities through Culture) – styrkt af Grundtvig-áætluninni. Samstarfslöndin eru sjö og markmið verkefnisins er að tengja saman menningar- og tungumálakennslu svo og fjölmenningslega kennsluhætti í samstarfslöndunum, bæði í kennslu erlendra tungumála og í kennslu fyrir innflytjendur.

eMPROS: Exploring migrants' basic professional skills nonverbally – styrkt af Leonardo-áætluninni. Markmið verkefnisins var að samstarfsaðilar lærðu af reynslu og þekkingu innan hópsins að meta starfsþekkingu og starfsfærni innflytjenda með því að nota ólík verkfæri og aðferðir. Einnig voru notuð raf-ræn próf í iðngreinum sem voru sérhæfð til að meta færni fólks af erlendum uppruna án þess að tungumál sé hindrun. Verkefninu er lokið.

Inlärningssvårigheter på arbetsplats (Sértækir námsörðugleikar og áhrif þeirra á vinnustað) - styrkt af norrænu ráðherranefndinni og heyrir undir Nordplus Voksen-áætlunina. Markmiðið verkefnisins var að kortleggja vinnustaði með tilliti til þess hvort einstaklingar með sértæka námsörðugleika séu á vinnustaðnum og hvort komið sé til móts við fólk með slíka erfiðleika á vinnustaðnum. Verkefninu er lokið.

Uppruni tekna Mímis-símenntunar 2014



Almennt um rekstur Mímis-símenntunar

Mímir-símenntun var rekinn með rúmlega tveggja milljóna króna hagnaði árið 2014 eftir umtalsverðan taprekstur þriggja næstu ára á undan. Þann árangur má tengja við hærri heildarveltu, virkt kostnaðareftirlit og aðhald með útgjöldum. Þá munaði miklu fyrir Mími að fá aukið rekstrarframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna kostnaðar við flutningana á árinu.

Mímir hefur ekki eins mikla stjórn á tekjuhliðinni þar sem stærstu verkefni *Námsleiðir FA*, *Náms- og starfsráðgjöf* og *raunfærnimatsverkefni* eru fjármögnuð af Fræðslusjóði sem ákveður framlög til þeirra og einnig hvaða verð nemendur greiða. Verð Fræðslusjóðs til símenntunarmiðstöðva lækkaði árið 2011 og hefur tæplega haldið í við verðlag síðan. *Íslenska fyrir útlendinga* er fjármögnuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og með nemendagjöldum. Ráðuneytið hækkaði einingarverð vegna íslenskukennslu síðastliðið haust sem hjálpaði til þess að laga afkomu íslenskkunnar. Áðurnefnd verkefni ásamt rekstrarframlagi mennta- og menningarmálaráðuneytis standa undir um 90% tekna Mímis og eru því grunnur starfseminnar.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxta-tekjur auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Auglýst var eftir umsóknum um fræðimannastyrki úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna ársins 2015. Eftir að hafa fjallað um þær umsóknir, sem bárust, var það niðurstaða stjórnar sjóðsins að veita engan styrk að þessu sinni. Jafnframt ákvað stjórnin að skoða sérstaklega með hvaða hætti mætti nýta sjóðinn betur til að efla þekkingu á árangri af starfsemi verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við 100 ára afmæli ASÍ á árinu 2016.



ERLEND SAMSKIPTI

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópu-ríkja og þátttaka Íslands í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verka-lýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólk og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið - NFS

Árið 2014 var forseti Alþýðusambands Íslands formaður NFS og fékk hann

m.a. það verkefni að ráða nýjan framkvæmdastjóra NFS. Lauk því með ráðningu Magnus Gissler og tók hann til starfa í byrjun sumars. Nokkur vinna fylgdi því að aðstoða hann við að komast inn í einstök mál og gekk sú vinna vel.

Samstarf norrænna heildarsamtaka innan NFS snerist að miklu leiti um samræmingu sjónarmiða okkar innan ETUC í tengslum við aðgerðir og aðgerðaleyfi ESB í atvinnu- og félagsmálum. Engin launung er á því að Evrópusamtök verkalýðsfélaga eru í ákveðinni tilvistarkreppu, innbyrðis ágreiningur er mikill og forystu sambandsins hefur ekki tekist að ná einingu um samræmda leið. Ítrekað hefur krafan um lögbindingu lágmarkslauna á Evrópuvísu komið upp, einkum eftir að DGB (Pýska Alþýðusambandið) tók þessa kröfu upp á sína arma, en Norðurlöndin hafa alfarið staðið gegn þessum tilraunum og krafist þess að málið verði áfram á forræði einstakra landa. Forseti ASÍ og formaður NFS 2014 tók þátt í því ásamt varaformanni frá FTF í Danmörku að undirbúa þing ETUC m.t.t. þess að stilla upp nýrri forystu (meira um það undir umfjöllun um ETUC).

Þing Norræna verkalýðssambandsins (NFS) var haldið dagana 27.–29. maí 2015. En það er haldið á þriggja ára fresti. Yfirskrift þingsins var „Norðurlöndin – sjálfbærasta og samkeppnishæfasta svæðið í heiminum“ og var meginviðfangsefni þingsins að fjalla um það hvernig norrænu samfélögin geta tekist á við þær ógnir og áskoranir sem svæðið stendur frammi fyrir m.a. í ljósi hnattvæðingarinnar og örri þróun upplýsingatækni. Þá var sérstaklega fjallað um stöðu og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þessum efnum.

Í lok þingsins var kynnt ályktun forystu aðildarsamtaka NFS. Í ályktuninni er lögð rík áhersla á að styrkja þríhliða samráð stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda á norrænum vettvangi. Bent er á einstakan árangur norræna kjarasamningsmóðelsins við að tryggja kjör og réttindi launafólks ásamt því að auka samkeppnishæfni og aðlögunarhæfni Norðurlandanna. Jafnframt er áréttað að leið Norðurlandanna við að treysta samkeppnishæfni sína og sjálfbærni til framtíðar á að felast í að byggja á og styrkja helstu einkenni Norræna samfélagsmóðelsins; félagslegt öryggi og velferð, jafnrétti, gagnsæi, lýðræði og öflug og góð menntun fyrir alla. Í því felist einstakt tækifæri Norðurlandanna.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Alþýðusamböndin á Norðurlöndunum hittast einu sinni á ári til að bera saman bækur sína um samningamál og -tækni, þróun kjaramála og bera saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Gylfi

Arnbjörnsson, forseti ASÍ og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sóttu fundinn á þessu ári sem var haldinn í Finnlandi. Í ár voru tvönn málefni fyrirferðamest, annars vegar viðræður um sameiningu alþýðusambandanna og samtaka opinberra starfsmanna í Finnlandi og Danmörku og hins vegar fyrirhugaðar aðgerðir finnsku ríkisstjórnarinnar um alvarleg inngríp inn í nýgerðan heildarkjarasamning á vinnumarkaði. Varðandi viðræður um samruna samtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði er athyglisvert að í Finnlandi varð þessi umræða til meðal aðildarsambanda beggja heildarsamtakanna og nokkuð ljóst að af þessari sameiningu muni verða á næsta ári. Í Danmörku hefur þessi umræða hins vegar hafist meðal forystumanna heildarsamtakanna sem lagt hafa mikla vinnu í að kynna kosti þess og galla að sameina samtökin, en afstaða aðildarsamtakanna er hins vegar ólík. Gera Danir ráð fyrir því að þing samtakanna muni taka afstöðu til áframhaldandi viðræðna á næstu mánuðum. Ástandið í Finnlandi er að mörgu leiti alvarlegt eftir að nýkjörin ríkisstjórn boðaði aðgerðir sem m.a. eiga að leiða til lækkunar launa, skerðinga á atvinnuleysisbótum, afnám laga um almennt gildi kjarasamninga gagnvart fyrirtækjum sem ekki eru aðilar að samtökum atvinnurekenda o.s.frv. Verkalýðshreyfingin hafnaði því alfarið að taka upp nýgerða kjarasamninga, þar sem aðilar vinnumarkaðar öxluðu mikla ábyrgð á þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er í finnskum efnahagsmálum vegna samdráttar í Rússlandi, m.a. litlar sem engar launahækkanir 2015 og 2016. Þann 18. september hefur verið boðað til tímabundins verkfalls til að mótmæla atlögu ríkisstjórnarinnar og stjórn NFS samþykkti harðorða ályktun til stuðnings finnsku aðildarsamböndunum á fundi sínum í Kaupmannahöfn í byrjun september 2015.

Fundur lögfræðinga norrænu verkalýðssamtakanna

Dagana 27.–29. ágúst 2015 var haldinn í Noregi árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka verkalýðsfélaga á norðurlöndunum. Fyrir hönd ASÍ sótti fundinn Halldór Oddsson. Fór fundurinn fram í Þrándheimi og var hann á vegum LO Norge. Verður hér gerð grein fyrir þeim málefnum sem helst bar á góma.

Óhætt er að segja að fundurinn hafi verið á jákvæðu nótonum enda hafa á liðnu ári fallið þrjár mjög mikilvægir dómur um í hag launafólks sem styrkja félagslegt réttlæti.

Finnsku málin fyrir dómstól ESB:

Um er að ræða tvö ótengd mál, bæði rekin af systursamtökum ASÍ í Finnlandi, SAK. Annars vegar mál C-396/13 er varðar rétt stéttarfélaga til að takmarka notkun atvinnurekenda á starfsmannaleigum með kjarasamningum þess efnis. Skemmst er frá því að segja að dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þetta

geti vart talist fara gegn tilskipun um starfsmannaleigur og að þrátt fyrir að þarna sé um að ræða skerðingu á þjónustufrelsi, þá er það gert með kjarasamningi og taldi dómstóllinn að virða bæri rétt verkalýðsfélaga til að láta sig þessi mál varðar, enda megi leiða það beinlínis af nefndri tilskipun að takmarkanir skv. kjarasamningum séu heimilar svo fremi sem þær standist önnur ákvæði Evrópuréttar svo sem bann gegn þjóðernismismunun.

Hins vegar er um að ræða afar mikilvægt mál (C-533/13) er varðar gildi ergo omnes áhrifa kjarasamninga gegnvarnt þjónustufrelsi. Atvik máls voru þau að pólskur rafverktaki fékk stórt verk í Finnlandi og taldi sig ekki þurfa að virða annað en pólsk lög og kjarasamninga gagnvart sínu starfsfólki, m.a. með vísan í niðurstöðu svokallaðs Laval dóms. Mál var höfðað af SAK f.h. pólska starfsfólksins vegna vangreiddra launa enda hefðu finnskir kjarasamningar svokölluð ergo omnes áhrif, þ.e. að þeir gilda um starfsstéttir/landssvæði óháð stéttarfélagasáild. Er þetta sambærileg regla og gildir á Íslandi sbr. 1. gr. laga 55/1980 (starfskjaralög). ESB dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að finnska kerfið takmarkaði ekki þjónustufrelsi enda einkenndist það af gagnsæi og vissu, til aðgreiningar frá Laval málinu og því kerfi sem er við lýði í Svíþjóð.

Niðurstaða beggja þessara mála er gríðarlega mikilvæg fyrir íslenskan vinnu- markað enda staðfesta þeir lögmati hans gagnvart þjónustufrelsi Evrópuréttar sem hefur verið í stöðugri togstreitu við félagsleg réttindi. Staðfesta dómarnir að þjónustufrelsið snýst um heildarlega samkeppni en ekki „kapphlaup fyrir- tækja á botninn“.

Mál LO Danmark gegn RyanAir:

Atvik málsins voru þau fyrir nokkrum misserum tilkynnti RyanAir að félagið hygðist koma upp höfn (e. base) á Kastrup flugvelli. RyanAir gerir ekki kjarasamninga og brýtur kerfisbundið á lágmarksréttindum starfsfólks síns með afar ógeðfældum hætti. Danska verkalýðshreyfingin boðaði því verkfall, nánar tiltekið samúðaraðgerðir gegn RyanAir á grundvelli viðræðuneitunar þeirra. Til öryggis og vegna hagsmunanna í húfi var leitað viðurkenningardóms danska vinnuréttardómstólsins um að slíkar aðgerðir stæðust lög. RyanAir bar fyrir sig að þeir væru írskt fyrirtæki og þyrftu ekki að virða dönsk lög. Vinnuréttardómstóllinn danski tók undir allar málsástæður LO í Danmörku og úrskurðaði að hin boðaða „vinnudeila“ væri fullkomlega lögleg. Í kjölfarið hefur RyanAir tilkynnt um brotthvarf sitt frá Danmörku.

Dómurinn hefur ef til vill ekki beint fordæmisgildi á Íslandi en getur engu að

síður skipt sköpum ef upp koma sambærileg mál hér á landi. Erfitt hefur verið að ná að stoppa félagsleg undirboð í fluggeiranum vegna þess hve hreyfanlegur hann er.

Framangreint var það sem hæst bar á fundinum. Að öðru leyti gerðu fulltrúar landanna grein fyrir stöðunni í sínu landi og þeim helstu vinnuréttarlegu álitamálum sem þar eru í gangi og var skipst á skoðunum og þekkingu hvað það varðar.

SAMAK

Þing SAMAK var haldið í Noregi í nóvember 2014 þar sem Jon-Erik Dölvig og félagar hjá FAFO skiluðu lokaskýrslu sinni um Norræna samnings- og samfélagsmódelið. Verkefnið, sem nefnt hefur verið NORDMOD2030 og fjallar um þær áskoranir og sóknarfæri sem Norræna módelið stendur frammi fyrir fram til ársins 2030, hefur staðið yfir í nokkur ár og var fjármagnað af norrænu alþýðusamböndunum og jafnaðarmannaflokkunum. Afurðir verkefnisins eru viðamiklar skýrslur um stöðu mála í einstökum löndum og síðan þemaskýrslur um einstök málefni og síðan lokaskýrslan þar sem dregin eru fram megin-einkenni norræna módelisins og þær ógnanir sem það stendur frammi fyrir. Engin launung er á því að minnkandi þátttaka í stéttarfélögum á hinum Norðurlöndunum er mikið áhyggjuefni því smátt og smátt dregur úr trúverðuleika verkalyðshreyfingarinnar sem talsmanni breiddarinnar og fjöldans. Hér á landi er þessu þó öfugt farið, þátttaka í stéttarfélögum er bæði mikil og almenn og hefur farið vaxandi sl. 15 ár eftir að hafa lækkað aðeins frá 1993-2000. Í dag lætur nærri að um 90% launamanna séu í stéttarfélagi.

Verkalyðshreyfingin í Norður atlantshafi (VN)

Ársfundur VN var haldinn í Þórshöfn á Færeyjum 27. ágúst 2015. Hann sóttu af hálfu ASÍ þau Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (SGS), Hilmar Harðarson (Samiðn), Valmundur Valmundarson (SSÍ) og Magnús M. Norðdahl (ASÍ) í forföllum Gylfa Arnbjörnssonar. Á fundinum var gerð grein fyrir starfsemi síðasta árs sem var lítil, ársreikningar afgreiddir og samráðsnefnd til næsta ársfundar tilnefnd. Tilnefnd voru þau Gylfi Arnbjörnsson, Jess G. Berthelsen og Georg F. Hansen. Á fundinum gerðu aðildarsamtökin grein fyrir stöðu mála á vinnumarkaði ríkjanna. Nokkur umræða var um aðildargjöld sem ekki hafa verið innheimt undanfarin ár. Afstaða ASÍ hefur verið sú að þessu ætti að haga líkt og gert er í norrænu samstarfi almennt þ.e. að hver samtök fyrir sig bera kostnað af fulltrúum sínum og skiptist á um að bjóða aðstöðu til fundarhalda. Ákveðið var að samráðsnefndin myndi hittast a.m.k. einu sinni milli funda og taka frekari umræðu um þetta. Daginn fyrir ársfund sóttu fulltrúarnir ráðstefnu

Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem fjallað var um hvernig tryggja megi sjálfbæran vinnumarkað á jaðarsvæðum Norðurlandanna.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins (ESB) um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin fundar að jafnaði tvisvar ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum ESB til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi, bæði til að afla upplýsinga og læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því sem þar er að gerast

Fulltrúi ASÍ hafði ekki tækifæri til að sækja fundi nefndarinnar á tímabilinu. Hins vegar gefur aðild að nefndinni góða innsýn inn í það sem helst er á döf-inni á Evrópuvísu í menntamálum og þá einkum á sviði starfsmenntunar og þjálfunar.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Eitt af því sem er til umfjöllunar í Evrópu um þessar mundir er sú staðreynd að vinnandi fólk er eldra en áður. Þetta hefur ýmis áhrif, bæði góð og slæm. Það sem helst er til athugunar er hvernig fólk tekst á við vinnu þegar það er komið fram yfir þann aldur sem algengt var áður að það væri hætt störfum. Hér kemur til skoðunar bæði líkamleg geta til að vinna, svo sem að lyfta og bera þunga hluti, og getan til að takast á við nýjungar á nánast á öllum sviðum. Evrópusambandið bað Vinnuverndarstofnun Evrópu í Bilbao að vinna skýrslu um stöðu þessa máls og hvernig hún sæi framhald þessarar þróunar. Þessi skýrsla verður kynnt nú í september 2015. Þá er einnig verið að skoða hvort ekki þurfi að gera ráð fyrir lengri starfsaldri strax þegar viðkomandi kemur á vinnumarkaðinn og byggja upp kerfi og ferla sem gera öllum kleift að vinna lengur. Í Vestur-Evrópu dregur úr fæðingartíðni og því verður stöðugt mikilvægara að bregðast við hækkandi aldri á vinnumarkaði og finna lausnir á mörgum þáttum þessarar þróunar.

Hér á landi hefur lítið verið fjallað um staðla og möguleg áhrif þeirra á vinnumarkaðinn og réttindi og skyldur þeirra sem þar starfa. Helst eru það ISO-staðlar, svo sem 9001 og 14001, sem nefndir eru í fjölmiðlum þegar rætt er um gæðakerfi og umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækja.

Nánast allir geta sótt um að gerður sé staðall um allt mögulegt og ekki þarf nema greinargerð um kosti þess að staðall sé fyrir hendi um tiltekið efni og þá er hægt að sækja um að staðall sé gerður. Þessa leið notfæra fyrirtæki og raunar margir aðrir sér í dag. Stórfyrirtæki nota mikla fjármuni til að hafa áhrif á þessa þróun og um leið innihald staðla. Þessi leið getur verið bæði auðveldari og fljótlegri en lagasetning og síðan reglugerðir byggðar á viðkomandi lögum. Jafnframt gefur þessi leið möguleika á að komast hjá afskiptum embættis- og stjórnámálanna. Þátttaka stéttarféлага og sambanda þeirra í flestum löndum hefur verið mjög takmörkuð þegar kemur að gerð staðla og oftast en ekki nánast engin. Nú hefur ETUC, Evrópusamband verkalýðsfélaga, gert samning við Evrópusambandið m.a. með það að markmiði að kanna hvernig verkalýðshreyfingin getur komið að staðlagerð með virkari hætti. Það verður áhugavert að fylgjast með því hvernig til tekst víða um lönd að auka þátttöku og áhrif verkalýðshreyfingarinnar á þessu sviði – ekki síst til að verja réttindi, atvinnuöryggi og sanngjarna meðferð launafólks.

Síðastliðin tvö ár hefur staðið yfir óháð úttekt á Evrópuvísu á þeim 27 tilskipunum sem fjalla um vinnuvernd og aðra þætti tengda þeim málaflokki. Evrópusambandið fékk fyrirtæki til að gera þessa úttekt. Niðurstöður hennar verða kynntar á næstunni. Af því sem komið hefur fram nú þegar er ljóst að ekki er gerð tillaga um róttækar breytingar á þessu regluverki en taka þarf til og samræma reglur og framsetningu þeirra á ýmsum sviðum. Segja má að þessi niðurstaða sé sigur fyrir stéttarfélög í Evrópu sem hafa haldið því fram að frekar þurfi að treysta regluverkið en að draga úr því.

Loks má nefna að á Evrópuvísu fer fram mikil umræða um sálfélagsleg áhrif vinnunnar þar sem m.a. er bent á hversu mikil áhrif vinnustaðir, umhverfi og vinnan sjálf getur haft. Komið hefur í ljós að í flestum Evrópulöndum er stóra vandamálið það að sýna fram á og sanna að veikindi af þessum toga megi rekja til vinnunnar. Varnir atvinnurekenda felast gjarnan í að vísa til þess að viðkomandi eigi við önnur vandamál að stríða, t.d. á heimili sínu, í samskiptum við maka og fjölskyldu. Niðurstaðan er oft sú að skaðleg áhrif vinnunnar fást ekki viðurkennd, dómsmál tapast og niðurstaðan oftast en ekki neikvæð launafólki.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC

Eins og áður koma fram hefur Evrópusamband verkalýðsfélaga verið í ákveðinni tilvistarkreppu undanfarin misseri. Mikill ágreiningur er um leiðir út úr kreppunni, þar sem samningahefðir í norðurhluta álfunnar og suðurhluta takast á um viðbrögð við erfiðum efnahagslegum aðstæðum. Ítrekað hefur

komið til ágreinings um leiðir til þess að hækka lægstu laun, þó ekki sé neinn ágreiningur um mikilvægi þess að ná slíku fram. Samtök launafólks í syðri- og austari hluta Evrópu hafa viljað fá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um setningu reglugerðar um lögbundin lágmarkslaun. Þar til fyrir nokkrum árum hafa samtök launafólks í norður og vestur hluta Evrópu staðið gegn slíkri lagasetningu, en eftir að TUC í Bretlandi og DGB í Þýskalandi tóku málið upp og náðu í gegn kröfunni um lögbundin lágmarkslaun má segja að Norræna hreyfingin standi ein gegn þessum tillögum. Hingað til hefur tekist að sameinast um mikilvægi þess að hækka lágmarkslaun og tryggja gildi þeirra fyrir alla, en samtökum launafólks í einstaka löndum falið sjálfdæmi um með hvaða hætti það verði gert. Forysta ASÍ hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að forræði samningamála sé í höndum verkalýðshreyfingarinnar. Mikil þátttaka í stéttarfélögum hér á landi, skjótur árangur í baráttunni við afleiðingar efnahagshrunsins og góður árangur okkar í baráttunni við félagsleg undirboð hefur vakið meiri athygli á Íslandi og þeim lausnum sem við höfum valið.

Ping ETUC verður haldið í lok september 2015 og hefur mikil umræða verið meðal aðildarsamtakanna um næstu skref. Forseti ASÍ tók, sem formaður NFS, þátt í því að koma á sérstakri óformlegri samráðsnefnd, eins konar uppstillinganefnd, sem fengi það verkefni að leita eftir frambjóðendum í æðstu embætti sambandsins. Ljóst væri að aðildarsamtökin yrðu að axla fulla ábyrgð á þeirri stöðu sem upp væri komin í samtökunum og leita leiða til þess að komast út úr þeirri forystukreppu sem þar væri. Tókst náði samstarf milli Norrænu samtakanna, DGB í Þýskalandi, ÖGB í Austurríki og Ítölsku hreyfingarinnar um að stilla upp þríeyki, þ.e. framkvæmdastjóra og tveimur aðstoðarframkvæmdastjórum, og gefa þeim sterkt bakland þessara og annarra sambanda. Samkomulag var um að stilla upp tveimur frambjóðendum í stöðu framkvæmdastjóra, ítala (Luca Visentini) og þjóðverja (Peter Scherrer), og kjósa milli þeirra innan stjórnarinnar (í stjórn samtakanna eru um 140 manns). Samkomulag var milli þeirra að sá sem ekki nyti fylgis myndi bjóða sig fram sem annar aðstoðarframkvæmdastjórnanna. Samstaða var um að stilla Veronicu Nilsson, sem verið hefur deildarstjóri hjá ETUC, upp sem öðrum aðstoðarframkvæmdastjóranum, en hún er sænsk og nýtur stuðnings Norrænu hreyfingarinnar. Niðurstaðan var síðan sú, að Luca fékk nauman meirihluta í stöðu framkvæmdastjóra og þakkaði Peter stuðninginn og lýsti vija sínum til að bjóða sig fram sem aðstoðarframkvæmdastjóra.

Í aðdraganda þingsins hafa þessi þrjú síðan leitast við að manna stöður deildarstjóra og leggja upp megináherslur samtakanna fyrir næstu fjögur árin sem rædd verður á þinginu í lok september.

EFTA - EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Pingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstökum málum.

Eins og áður fjallaði Ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Innri markaður EES-ríkjanna (ESB og EFTA-EES) og þau fjölmörgu álitaefni, sem þar koma upp, eru reglulega á dagskrá Ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um fríverslunarviðræðurnar á milli ESB og Bandaríkjanna, stöðu þeirra og möguleg áhrif fyrir EFTA-ríkin. Einnig voru til umfjöllunar staða og þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu, samskipti og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og samskipti EFTA- og ESB-ríkjanna. Einnig var rætt um hlutverk aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum gagnvart fríverslunarsamningum sem gerðir eru á EFTA-vísu.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin heldur fund einu sinni á ári.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar, sem haldinn var í Zagreb 4. og 5. júní 2015, voru samþykktar tvær ályktanir, annars vegar um áhrif fríverslunarviðræða ESB og Bandaríkjanna (TTIP) á Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar um störf, vöxt og fjárfestingar.

European Litigation Network

Þann 18. nóvember 2014 var haldinn í Helsingör í Danmörku reglulegur fundur lögfræðinga innan aðildarsamtaka ETUC, þar sem áherslan er nær eingöngu á mál sem eru í málarekstri, eru á leið fyrir dóm eða þar sem dómur er nýfallinn.

Að þessu sinni voru þrjú mál í deiglu. Ber fyrst að nefna mál sem finnska verkalýðshreyfingin höfðaði gegn Shell þar í landi þar sem að Shell hafði brotið kjarasamninga aðila sem mæla fyrir um að einungis megi notast við starfsmannaleigustarfsmenn þegar veikindi eru og/eða þegar útséð er um að hefðbundnir starfsmenn muni ekki finnast. Óumdeilt er að Shell braut gegn umræddu ákvæði kjarasamningsins en þeir töldu það ógilt þar sem það sé það hamlandi að það gangi gegn tilskipun um Starfsmannaleigustarfsmenn. Niðurstaða í málinu féll svo í mars sl. og var tekið undir allar málsástæður finnsku hreyfingarinnar í málinu. Hvað nánari umfjöllun um niðurstöðuna varðar vísast til framangreindrar umfjöllunar um fund lögfræðinga norrænu verkalýðshreyfingarinnar, nánar tiltekið dóm í máli C-396/13.

Annad svipað mál sem var reifað lítur að hollensku kjarasamningsákvæði sem kveður á um að eingöngu megi notast við verktaka í tónlistargeiranum sé þeim greiddur ákveðinn taxti að lágmarki. Þetta komi í veg fyrir félagsleg undirboð og að fólki í geiranum sé ýtt út í gerviverktöku. Atvinnurekendur í Hollandi töldu sér ekki skylt að fylgja umræddu ákvæði þar sem að það brjóti gegn grundvallarreglum evrópsks samkeppnisréttar. Málið er áhugavert og ljóst að niðurstaðan varðaði miklu fyrir verkalýðshreyfinguna í því skyni að koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Dómur í máli nr. C-413/13 féll svo í febrúar sl. og var hann tónlistarfólkinu í hag með þeim fyrirvara að eingöngu sé heimilt að semja á þennan veg fyrir verktaka þegar starfið sem um ræðir hefur öll einkenni launamennsku, ella væri um brot gegn samkeppnislögum að ræða. Þriðja málið sem vert er að nefna er nýleg niðurstaða MDE í svokölluðu RMT máli nr. 31045/10, en án þess að farið sé ýtarlega ofan í málsatvik sem eru nokkuð flókin þá má skilja niðurstöðu MDE á þá leið að löndum sé heimilt að banna annars stig verkfallsaðgerðir (e. solidarity/secondary actions) eins og t.d. samúðarverkföll en slíkt hefur verið bannað með lögum í Bretlandi síðan árið 1990. Niðurstaðan staðfestir þó frekar enn hefur verið gert að skv. 11. gr. er verkfallsrétturinn heilagur en því miður séu aðgerðir eins og samúðarverkföll ekki inni í því.

Netlex – Network of Legal Experts

Á ráðstefnunni er fjallað ítarlega um helstu mál sem eru í gangi fyrir dómstól ESB og hvað það varðar vísast til framangreindrar umfjöllunar um fund í svokölluðu European Litigation Network.

Að öðru leyti var rætt um vinnurétt á erfiðleika tímum, þ.e. hvernig best sé hægt að tryggja að réttindi séu virt. Var farið um víðan völl, m.a. fjallað um vopnin sem MSE og FSE tryggja launafólki en eingöngu réttindin samkvæmt

Evrópurétti. Var jafnframt skipt niður í tvo minni umræðuhópa og voru helstu niðurstöður þær að sagan sýni að heppilegast sé að fara með grundvallarmál fyrir FSE, MSE og nefndir ILO en hvað varðar mál einstaklinga s.s. er varðar fæðingarorlof, aðilaskipti, öryggi á vinnustaða og þ.h. fyrir ECJ.

John Hendy QC, frá Bretlandi og helsti lögfræðiráðgjafi TUC (e. Trade Union Congress) þar í landi fór ítarlega yfir þau öfl sem slegist er við í grundvallarmálum og nefndi sérstaklega RMT málið og bresku ríkisstjórnina. Hann telur sjálfstæði MDE ógnað enda sé niðurstaðan í RMT málinu glórulaus. Spunnust miklar umræður um þennan dagskrárlið eins og gefur að skilja.

Til viðbótar var svo fjallað um rótækur aðgerðir sem Framkvæmdastjórnin hyggst ráðast í til að auka samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja. Var það mál fundarmanna að það væri óásættanlegt hve framkvæmdastjórnin einblíndi á þann málaflokk og hann væri alltaf á kostnað réttinda launafólks.

Fundur hagfræðinga á Norðurlöndunum

Hagfræðingar frá alþýðusambandöndum Norðurlandanna funduðu einu sinni á síðasta starfsári en fundurinn var haldinn í Helsinki í Finnlandi dagana 11.–13. febrúar og sótti Róbert Farestveit fundinn fyrir hönd ASÍ. Ólíkar áskoranir landanna báru á góma þar sem löndin glíma við ólíkar aðstæður í efnahagsmálum. Sérstaklega var farið yfir erfiðar aðstæður í Finnlandi þar sem ekki er um hefðbundinn samdrátt að ræða, heldur hafa orðið kerfisbundnar breytingar í þeirra grundvallar útflutningsgreinum m.a. vegna samdráttar í Rússlandi, mikilvægustu viðskiptaþjóðar Finna, og breyttrar stöðu Nokia, pappírsmáðarins og skógarhöggs.

Fundað var í Seðlabanka Finnlands þar sem Seðlabankastjórnin, Erkki Liikanen veitti innsýn í efnahagsmálin og aðkomu Finnlands að vanda Evrusvæðisins og skuldakreppu Grikklands. Einnig voru fyrirtæki í finnskum iðnaði heimsótt, m.a. Kone Cranes sem er einn stærsti framleiðandi heims á krönum sem notaðir eru í iðnaði og við hafnarstarfsemi.

Fulltrúar allra landa fóru yfir aðstæður í heimalandinu en þar gerði Róbert Farestveit grein fyrir vaxandi spennu í íslensku hagkerfi, þar sem aðgerðir stjórnvalda, launahækkanir hjá hinu opinbera og spennan á vinnumarkaði muni ýta undir verðbólgu á næstu misserum.

Alþjóðlegur samningur um þjónustuviðskipti – TiSA

ASÍ veitti umsögn um þátttöku Íslands í viðræðum um svokallaða TiSA (e.

Trade in Services Agreement) samninga en markmið þeirra er að auka frelsi í þjónustuviðskiptum á milli landa.

Vísað var í almenna afstöðu ASÍ til fríverslunarsamninga sem er sú að ASÍ hafni fríverslun við ríki sem virða ekki lágmarksmannréttindi t.a.m. með því að viðurkenna og framkvæma með fullnægjandi hætti allar grundvallar-samþykktir Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO). Nokkur þátttökurki í viðurðunum standast ekki þær kröfur eins og er og var því skorað á íslensk stjórnvöld að setja það sem skilyrði fyrir frekari þátttöku í viðurðunum að mannréttindamál verði sett í forgrunn sem órjúfanlegur hluti viðskiptafrelsis. Í raun geti slík orðið friðsamleg og gagnleg leið til þess að liðka fyrir framþróun réttindamála í ríkjum þar sem mannréttindamál er ábótavant.

103. þing ILO

Fulltrúi íslensks launafólks var Magnús M. Norðdahl lögfræðingur Alþýðu-sambands Íslands (ASÍ) en varamaður hans var Hrönn Jónsdóttir frá Graf-ú, stjórnarmaður í ASÍ-UNG. Hrönn sat jafnframt Genfarskólann ásamt Mariönnu Dam Vang frá BSRB. Meginmálefni þingsins voru eftirfarandi:

Skipulag og markmið félagslegrar verndar (Strategic Objective of Social Protection) Í umræðum í nefndinni kom m.a. fram að þrátt fyrir nokkrar framfarir á þessu sviði væri það enn svo að stór hópur launafólks nyti lítillar eða engrar félagslegrar verndar. Nefndin taldi brýnt að lög, reglugerðir og stofnanir, sem fjalla um félagslega vernd vinnandi fólks, taki mið af breytingum sem eigi sér stað í atvinnulífínu. Reglusetning á þessu sviði að því er varðar laun, vinnu-tíma, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, sem og fæðingarorlof, gegni hér lykilhlutverki. Nefndin lagði áherslu á að jafnrétti kynjanna og að félagsleg vernd tæki til allra launamanna. Sama gildi um samskipti aðila vinnu-markaðar-ins og samningaviðuræður um kaup og kjör sem lið í að bæta félagslegt örygg-iskerfi vinnandi fólks. Þingnefndin taldi aðgerða þörf á eftirtöldum sviðum: vinnutíma og jafnvægi á milli fjölskyldu- og einkalífs, aukinnar félagslegrar verndar í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, virkrar verndar starfsmanna, andlegs álags og eineltis á vinnustöðum sem rekja má til breytinga á vinnu-skipulagi. Einnig mætti stuðla að eflingu félagslegrar verndar með ábyrgum vinnubrögðum við opinber útboð. Loks kom fram í niðurstöðum nefndarinnar að nota mætti hinar alþjóðlegu framleiðslukeðjur (global supply chain) til þess auka vernd launafólks en um þær verður fjallað á 105. þingi árið 2016. Eins og venja er var að loknum almennum umræðum í nefndinni skipuð lítil samninganefnd sem í sátu 8 fulltúrar launafólks, 8 frá atvinnurekendum og 8 frá ríkisstjórnunum. Magnús M. Norðdahl var skipaður einn fulltrúa launa-

fólks. Samninganefndin fundaði nær sleitulaust í tvo sólarhringa en tókst ekki að ljúka samningum um einn af þremur köflum niðurstaðna. Ástæðu þess var fyrst og fremst að rekja til reynslu- og þekkingarskorts fulltrúa atvinnurekenda á samþykktum ILO og á alþjóðlegum vinnurétti. Þegar nefndin kom saman að nýju tefldu samtök atvinnurekenda fram reynslumeira fólki og fór svo að breið sátt náðist um niðurstöður.

Úr óformlega hagkerfinu í formlegt (Transitions from the Informal to the Formal Economy)

Nefndarstarfinu lauk með tillögu að nýjum tilmælum sem samþykkt voru á þinginu. Um var að ræða aðra umræðu en á þinginu 2014 kom m.a. fram að um 40 hundradshlutar af vinnuafli heimsins falli undir skilgreininguna um óformlegt hagkerfi. Af því leiðir að þessi hluti starfsmanna er án grundvallarréttinda í atvinnulífinu og nýtur ekki – eða að takmörkuðu leyti – réttar til trygginga og ýmiss konar bóta, t.d. atvinnuleysisbóta. Jafnframt er verulegum vandkvæðum bundið að innheimta skatta og iðgjöld til fjármögnunar á velferðarkerfi, skipuleggja vinnuvernd og vinnumarkað o.fl. Tilgangur þeirra tilmæla, sem samþykkt voru, er að veita leiðbeiningu um og stuðla að því m.a. að launafólk og fyrirtæki í hinu óformlega hagkerfi verði hluti þess formlega samhliða því að tryggja grundvallarréttindi launafólks, stuðla að sköpun góðra starfa og koma í veg fyrir að það sem nú er hluti hins formlega hagkerfis þróist ekki yfir í það óformlega.

Lítill og meðalstór fyrirtæki (almenn umræða)

Fjallað var um gildi smárra og meðalstórra fyrirtækja fyrir atvinnusköpun og fjölgun starfa. Nefnd var sett upp skv. tillögu atvinnurekenda sem samþykkt hafði verið í stjórnarnefndinni en þeir hafa löngum kvartað yfir því að málefni þeirra fái ekki nægilegt rými í störfum þingsins.

Nefnd um framkvæmd samþykkt

Alger upplausn ríkti í störfum þessarar nefndar á þinginu 2012. Árið 2013 tókst sátt um afgreiðslu með tilteknum fyrirvörum af hálfu atvinnurekenda sem fulltrúar launafólks samþykktu að fram kæmu í niðurstöðum í það eina sinn. Árið 2014 ríkti aftur fullkomin upplausn. Fundað var milli þinga um hugsanlega sátt og tókst hún. Störf nefndarinnar fóru því að þessu sinni fram með eðlilegum hætti og allir aðilar lögðu sig fram. Atvinnurekendur hafa, eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum, haldið því fram að eftirlitserkerfi ILO sé komið langt út fyrir umboð sitt og samþykktir ILO með því m.a. að fjalla um mál út frá þeirri forsendu að verkfallsréttur launafólks sé verndaður af reglum ILO. Þau sjónarmið eiga sér enga stoð í áratuga viðurkenndri framkvæmd og

túlkun stofnunarinnar. Að þessu sinni tókst að ná fram samþykktari skrá yfir þau 24 mál, sem tekin yrðu fyrir, og þeim tókst öllum að ljúka, þ.m.t. þeim 9 sem lutu að samþykkt nr. 87 sem m.a. verndar verkfallsréttinn.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 4 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er ennþá fullgilding þeirra samþykktu sem gerð er grein fyrir í síðustu skýrslu forseta. Ítrekað hefur verið af hálfu ASÍ að nefndin sé samráðsnefnd og að ráðherra beri samkvæmt reglum ILO að gera Alþingi grein fyrir afstöðu sinni til fullgildingar einstakra samþykktu og láta Alþingi síðan ákvörðunarvaldið eftir.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar Norrænu verkalýðshreyfingarinnar innan ILO hittust fimm sinnum á starfsárinu, fjórum sinnum til skrafs og ráðgerða og til undirbúnings fyrir þing ILO en einn fundur var síðan haldinn með fulltrúum ACFTU – kínverska alþýðusambandinu og norrænu alþýðusambandanna. Um þetta samstarf hefur ekki verið full eining innan norræna hópsins. Síðasti samráðsfundur átti að fara fram í Kína en af honum varð ekki þar sem ACFTU var ekki heimilt að bjóða fulltrúum norska alþýðusambandsins til fundarins vegna ógleði kínverskra stjórnvalda yfir veitingu friðarverðlauna Nóbels. Danska sambandið bauðst síðan til þess að halda fundinn í Danmörku. Það var álit ASÍ að þetta væri ekki til marks um raunverulegan vilja ACFTU til þess að læra af Norðurlöndum hvað verkalýðsmál varðar og undirstrikaði ægivald kínverskra stjórnvalda yfir ACFTU. Þegar hins vegar varð ljóst að hin norrænu alþýðusamböndin voru tilbúin til að láta af þessu verða ákvað ASÍ að vera með enda yrðu einhver þau mál tekin til umræðu sem máli skiptu og vörðuðu lýðræðislega starfsemi verkalýðsfélaga. Á lokametrum undirbúnings ákvað sænska alþýðusambandið að taka ekki þátt.



LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

Laganefnd

Laganefnd kom saman til tveggja funda á starfsárinu og afgreiddi laga-breytingar sjö aðildarfélaga. Engar lagabreytingar voru afgreiddar með fyrirvara og var mælt með staðfestingu allra. Miðstjórn samþykkti allar tillögur laganefndar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á tveimur formlegum fundum á starfsárinu og var Björn Snæbjörnsson kjörinn formaður á fyrri fundinum. Fjallað var um tillögur að bindandi reglum um bókhald og ársreikninga aðildarfélaga í samræmi við breytt lög ASÍ. Nefndin afgreiddi tillögurnar að sínu leyti til miðstjórnar en þær eru efnislega samhljóða þeim reglum sem í gildi hafa verið sem viðmiðunarreglur frá árinu 2003. Nefndin staðfesti á árinu fimm breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í aðdraganda formannafundar. Gerð var einnig grein fyrir skilum á tryggingafræðilegu mati á sjúkrasjóðum en 40 aðildarfélög hafa skilað inn niðurstöðum (í september 2015) og eru þær allar á þá leið að viðkomandi sjúkrasjóðir geti staðið við sínar skuldbindingar.

Samstarf VSFK og VSFS

Í mars 2015 tókst samkomulag milli Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis (VSFK) og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis (VSFS) um aðkomu VSFS að endurnýjun sérkjarasamnings VSFK og SA vegna Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli (IGS) en bæði stéttarfélögin deila félagssvæði á Keflavíkurflugvelli. Auk þess eru bæði félög aðilar að Starfsgreinasambandi Íslands en að hvor sínum aðalkjarasamningi við SA. Tilgangur samkomulagsins var að styrkja stöðu launafólks á samningssviði félaganna á Keflavíkurflugvelli og eru félögin sammála um að farsælla sé fyrir félagsmenn beggja félaga að ljúka einum sérkjarasamningi við IGS. Samhliða þessu samkomulagi gerðu félögin með sér samstarf um skiptingu ábyrgðar vegna félaganna á hinu sameiginlega félagssvæði hvað varðar aðra sérkjarasamninga. Þá stendur til að gera könnun meðal félagsmanna beggja félaga á afstöðu þeirra til sameiningar félaganna.

ASÍ-UNG

Stjórn ASÍ-UNG, sem kjörin var á þinginu 2014, lauk nú nýlega fyrra starfsári sínu. Fulltrúar í stjórn í upphafi starfsársins voru þessir: Guðni Gunnarsson formaður (VM), Unnur Rán Reynisdóttir (Félagi hársnyrtisveina), Freydís Ösp Leifsdóttir (Báran), Linda Rós Reynisdóttir (VR), Eiríkur Þór Theódórsson (Stétt-Vest), Ingólfur Björgvin Jónsson (Eflingu), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Einar Magnús Einarsson (Framsýn), Eva Hrund Aðalbjarnardóttur (Mjólkurfræðingafélagi Íslands).

Samkvæmt samþykktum ASÍ-UNG velur stjórn sér sjálf varaformann og varð Linda Rós Reynisdóttir (VR) fyrir valinu. Sem fyrr einkenndist starf stjórnar af svokallaðri „innrás“, þ.e. að stuðla að því að aðildarsamtök ASÍ láti sig málefni ungs fólks varða með auknum hætti og jafnframt að aðildarsamtökin skapi formlegan vettvang fyrir ungt fólk í samtökunum svo að færa megi málaflökkinn nær grasrótinni. Á fundi sínum í desember 2014, í framhaldi af 41. þingi ASÍ, sendi stjórn ASÍ-UNG frá sér svohljóðandi ályktun um kynningarmál:

„Stjórn ASÍ-Ung skorar á miðstjórn að efla kynningarmál með markvissri miðlun upplýsinga til allra félagsmanna. Þetta má gera með aukinni notkun samfélagsmiðla, skipulögðum skólaheimsóknnum og skýrari skilaboðum. ASÍ-Ung kallar eftir því að ungt fólk verði sýnilegra í forsvari fyrir verkalýðshreyfinguna og kallar eftir auknu vægi formanns ASÍ-Ung í opinberri umræðu. Gera þarf ungu fólk grein fyrir mikilvægi þess að vera virkur í stéttarfélagi og auka vitund þess á réttindum á vinnumarkaði. Þetta mætti gera með þróun snjallsímaforrits sem eykur vitund notanda á unnum

vinnustundum og launum. ASÍ-Ung hafnar úreltum aðferðum við miðlun upplýsinga á borð við útgáfu dagblaðs.“

Í kjölfar kjarasamninganna, sem undirritaðir voru sl. vor, sendi stjórn ASÍ-UNG svo frá sér eftirfarandi ályktun:

„Stjórn ASÍ-UNG fordæmir þá mismunum sem átt hefur sér stað í garð ungs fólks

Í nýundirrituðum kjarasamningum Flóans, SGS, VR og LÍV við Samtök atvinnulífsins á almennum vinnumarkaði er vegið að réttindum ungs fólks þar sem að einstaklingar á aldrinum 18 til 19 ára fá 95% af byrjunarlaunum en eru á sama tíma fullgildir einstaklingar í samfélaginu að öðru leyti.

Stærsti hluti ungs fólks, sem vinnur í verslunar- og veitingageira landsins, er á aldrinum 16 til 19 ára.

Við teljum að vegið sé að grunnréttindum 18 og 19 ára fullráða einstaklinga með gerð þessa kjarasamnings.“

Guðni Gunnarsson formaður (VM) sagði svo af sér sem formaður ASÍ-UNG í byrjun júní 2015. Linda Rós Reynisdóttir varaformaður (VR) tók því við embættinu fram að hausti, eða þar til hún sagði af sér sem slíkur sökum anna í vinnu. Í kjölfarið valdi stjórn sér nýjan varaformann, Friðrik Guðna Óskarsson (FIT), sem gegnir í ljósi framangreinds embætti formanns þar til á næsta þingi ASÍ-UNG sem áætlað er að verði haldið að hausti 2016.

3. þing ASÍ-UNG, haldið 12. september 2014

Þriðja þing ASÍ-UNG var sett í fræðslusal Eflingar á 4. hæð að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

34 fulltrúar sátu þingið, 26 aðalfulltrúar og 8 aukafulltrúar, auk gesta sem voru viðstaddir setningu þingsins.

Setning annars þings ASÍ-UNG og ávarp forseta ASÍ (kl. 9:45)

Guðni Gunnarsson, formaður ASÍ-UNG, sté í pontu til að hlutast til um kosningu starfsmanna þingsins.

Guðni gerði tillögu um Hrönn Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt einróma. Tók Hrönn við fundarstjórninni.

Fundarstjóri gerði tillögu um Friðrik Guðna Óskarsson sem varafundarstjóra og var það samþykkt einróma.

Fundarstjóri gerði tillögu um Gísla Jósep Hreggviðsson sem fundarritara og var það samþykkt einróma.

Því næst bauð fundarstjóri Guðna Gunnarssyni, formanni ASÍ-UNG, í pontu og ávarpaði hann þingið.

Ræða formanns ASÍ-UNG

„Forseti, þingfulltrúar og aðrir gestir.

Starfsár þetta sem nú er á enda hefur verið tilkomumikið og áhugavert í flesta staði.

Strax um haustið 2012, eftir síðasta þing ASÍ-UNG, fór formaður að heim-sækja stærstu félög og sambönd innan ASÍ víðs vegar um landið til að ýta við félögum um að virkja ungt fólk og að stofna vettvang fyrir ungt fólk innan sinna raða. Á þeim stöðum, þar sem aðrir stjórnarmenn voru nálægt, mættu þeir með formanni á fundina. Mikil ánægja var með fundina og virðist vera ágætur áhugi innan félaganna um stofnun vettvangs fyrir unga fólkið sitt. Einnig er gaman að segja frá því að eftir þessa fundaherferð var stofnuð ungliðahreyfing hjá stéttarfélaginu Framsýn á Húsavík og óskum við félaginu innilega til hamingju með þennan áfanga.

Innan ASÍ eru nú tvö félög með starfandi ungliðahreyfingu, Rafiðnað-arsamband Íslands og Framsýn. Fleiri félög eru í undirbúningsvinnu að stofnun ungliðahreyfingar innan sinna vébanda og hvetjum við þau áfram í þeirri vegferð.

Stjórn og varastjórn ASÍ-UNG fór í fræðslu- og hópeflisferð í Blönduvirkjun 18. og 19. apríl sl. Í ferðina mættu átta af níu stjórnarmönnum og þrír af níu meðlimum varastjórnar.

Halldór Oddsson, starfsmaður ASÍ-UNG, og Guðmundur Hilmarsson, starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, sáu um kennsluna.

Það má með sanni segja að ferðin hafi heppnast vel í alla staði, mikil ánægja var á meðal þátttakenda og verður stefnan sett á að fara svona ferð að lágmarki annað hvert ár hér eftir. Ljóst er að við gætum þetta ekki án aðkomu stéttarfélaganna og þökkum við kærlega fyrir veittan stuðning.

Breyting varð á stjórn ASÍ-UNG í október 2013 þegar Guðfinna Alda fór í fæðingarorlof. Enginn varamaður fékkst þó til að taka sæti hennar í aðalstjórn. Reynt var þó eftir fremsta megni að boða varastjórn á fundi til að fullmanna stjórnarfundi en yfirleitt voru í kringum 5–6 á stjórnarfundum.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir ASÍ-UNG þetta kjörtímabil. Formaður sat fundi miðstjórnar sem áheyrnarfulltrúi ásamt því að sitja formannafundi ASÍ.

Erlent samstarf

Í maí síðastliðnum kom Nordvison til landsins. Nordvison er samráðsvettvangur ungliðahreyfinga í Skandinavíu. Í fyrsta skipti í sögu samtakanna er fulltrúi frá Íslandi í þessum hópi. Eftir að Ísland kom inn í þennan hóp drógum við Grænland þangað með okkur. Út frá þessum hópi erum við nú líka komin inn í ETUC Youth í Evrópu. Margt hefur því áunnist á þessu kjörtímabili.

Við vonum að sjálfsgöðu að næsta kjörtímabil verði a.m.k. jafn árangursríkt og það sem nú er að lokum komið.

Stjórn ASÍ-UNG er þannig skipuð:

Formaður: Guðni Gunnarsson, VM

Varaformaður: Hrefna Gerður Björnsdóttir, Aldan stéttarfélag

Friðrik Guðni Óskarsson, Félag iðn- og tæknigreina

Gísli Jósep Hreggviðsson, Mjólkurfræðingafélag Íslands

Guðfinna Ólafsdóttir, VR

Hrönn Jónsdóttir, Félag bókagerðarmanna

Ingólfur Björgvin Jónsson, Efling

Sverrir K. Einarsson, Afl Starfsgreinafélag

Valur Sigurgeirsson, Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri

Fráfarandi stjórn þakkar Halldóri Oddssyni og starfsfólki ASÍ kærlega fyrir samstarfið á kjörtímabilinu sem er að enda komið.

Markmið ASÍ-UNG

Að allt ungt launafólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélögum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir.

Að ungt launafólk taki virkan þátt í starfi aðildarfélaga ASÍ.

Að efla starf aðildarfélaga ASÍ í málefnum ungs launafólks

Að vera vettvangur stefnumótunar í málefnum ungs launafólks

Fyrir hönd stjórnar, Guðni Gunnarsson formaður ASÍ-UNG“

Því næst ávarpaði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, þingið.

Gylfi hóf ræðu sína á því að óska ASÍ-UNG til hamingju með tíðindamikið starfstímabil. Hann sagði stöðu ungs fólks lengi hafa verið í umræðunni innan ASÍ en frá 2005 hefur verið stefnt að því að stofna sjálfstæðan vettvang fyrir ungt fólk innan ASÍ. Það gerðist svo á síðasta ári. Gylfi sagði fyrstu stjórnir ASÍ-UNG hafa verið að ryðja ákveðna braut og þakkaði forsetinn kærlega fyrir það. „Stofnun ASÍ-UNG er upphafið að nýrri vegferð,“ sagði Gylfi. „Þið eruð að búa til vettvang fyrir ungt fólk. Það þarf að sýna elju og þolinmæði við það starf. Í þessu felast líka mikil tækifæri til að láta rödd ungs fólk hljóma hærra.“

Gylfi reifaði þau mál sem yrðu í brennidepli fyrir verkalýðshreyfinguna á komandi vetri og sagðist vona að ungt fólk og ASÍ-UNG tækju virkan þátt í þeirri umræðu.

Að lokum óskaði Gylfi öllum þingfulltrúum velfarnaðar á þinginu og í komandi baráttu.

Kynning á þemaatriðum þingsins fyrir umræðuhópa (kl. 10:30)

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, flutti erindi um tekjuskiptingu í samfélaginu.

Yfirferð Hennýjar lýsti því hvernig þróun tekjuskiptingar hefur verið í hinu íslenska samfélagi undanfarin ár. Mátti greina þá þróun að nú stefndi samfélagið í viðlíka misskiptingu eins og var einkennandi á árunum 2003–2007 þar sem ofurlaun og miklar fjármagnstekjur fámenns hóps var til staðar. Að sama skapi og í því samhengi greindi Henný einnig frá niðurstöðum rannsókna sem sýndu að tekjulægri hópar samfélagsins væru komnir í það slæma stöðu að algengt væri orðið að fólk neitaði sér um heilbrigðisþjónustu sökum bágrar efnahagsstöðu. Varpaði Henný þeirri spurningu til þingsins hvernig samfélag við vildum fá. Þyrfti mögulega að fara að endurskoða beina kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu?

Henný fór jafnframt yfir það að þrátt fyrir framangreind neikvæð teikn, sem væru á lofti um aukna misskiptingu á Íslandi, stæði Ísland þó enn framarlega hvað jöfnuð varðar. Nánar tiltekið væri í alþjóðlegu samhengi mikill jöfnuður á Íslandi. Ísland væri, hvað hann varðar, á pari við hin norrænu löndin. Staða Norðurlanda í

Evrópu sýndi það jafnframt að lífsgæði og hagvöxtur er ekki háður litlum umsvifum stjórnvalda og takmarkaðri samneyslu. Í raun sýndu tölur fram á annað.

Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ, fjallaði því næst stuttlega um hitt meginumræðuefni þingsins, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Kynnti Halldór efnislega aðgerðaáætlun þverfaglegs hóps á vegum velferðarráðuneytisins frá 2013 um efnið. Aðgerðaáætlun þessi var eitt af þeim umræðuskjölum sem send voru út til þingfulltrúa í aðdraganda þingsins.

Ari Eldjárn, grínisti og samfélagsrýnir, flutti því næst gamanmál um listina að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Málefnaþópar hefja störf (kl. 11:30)

Fundarstjóri kynnti því næst fyrirkomulag það sem málefnaþópar myndu vinna eftir og í kjölfar þess gengu þingfulltrúar til liðs við sinn hóp og hófu störf.

Skoðunarferð og kynning á skrifstofu ASÍ og starfseminni að Guðrúnartúni 1 (kl. 12:30)

Snorri Már Skúlason og Magnús Norðdahl, sérfræðingar á skrifstofu, leiddu hópinn í skoðunarferð um skrifstofu ASÍ og kynntu jafnframt fyrir þeim stuttlega starfseminu í húsinu.

Hádegisverður (kl. 13:00)

Málefnaþópar héldu áfram störfum (kl. 13:45)

Kjörnefnd kynnti tillögu sína að skipan embætta ASÍ-UNG 2014–2016 (kl. 15:00)

Svanborg Hilmarsdóttir kynnti f.h. kjörnefndar tillögur um skipan formanns, stjórnar, varastjórnar og kjörnefndar fyrir starfsárið 2014–2016.

Hvatti Svanborg jafnframt alla áhugasama um að gefa kost á sér í embætti og að frestur til þess rynni ekki út fyrr en skömmu fyrir kosningar, ef til þeirra þyrfti að grípa.

Kaffihlé (kl. 15:15)

Kynning á niðurstöðum vinnuhópa – afgreiðsla ályktana (kl. 15:35)

Því næst tók Snorri Jónsson að sér f.h. málefnaþópsins, sem fjallaði um

„tekjuskiptingu í samfélaginu“, að kynna drög að ályktun þingsins sem unnin var upp úr afrakstri málefnavinnunnar. Snorri reifaði þá umræðu, sem var í hópnun, og upplýsti að þar hefðu húsnaðismál fengið mesta athygli eins og tillagan að ályktun ber með sér. Lögð var til atkvæðagreiðslu eftirfarandi ályktun með yfirskriftinni „Húsnaði – mannréttindi ekki forréttindi - ÍTREKUN

„3. þing ASÍ-UNG áréttar ályktun frá fyrra þingi er varðar húsnaði en lítið sem ekkert hefur þokast á þeim vettvangi á síðustu tveimur árum. ASÍ-UNG leggur áherslu á að aðgangur að öruggu íbúðarhúsnaði eru mannréttindi – ekki forréttindi! Íbúðarhúsnaði á viðráðanlegum kjörum er grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótunum og skapað fjölskyldum sínum góð lífsskilyrði.

Vandinn á húsnaðismarkaði er margþættur. Húsnaðisverð er hátt og greiðslubyrði af húsnaði er þung. Ungt fólk fær ekki greiðslumat í dag og nánast útilokað er fyrir ungt fólk að safna fyrir útborgun í eigið húsnaði. ASÍ-UNG telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðakaupa sé raunhæft, taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að festa kaup á húsnaði.

Framboð á leiguhúsnaði er afar takmarkað, húsaleigan há og húsnaðisöryggi ekkert. Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnaðismarkaði. Til þess þurfa stjórnvöld að styðja við stofnun leigufélaga sem tryggja öruggt langtímaleiguhúsnaði á viðráðanlegum kjörum. Stuðningur við leigjendur er enn mun minni en við húsnaðiseigendur og hugmyndum um eitt húsnaðisbótakerfi hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd. Núverandi húsaleigubótakerfi styður illa við ungt launafólk sem er með öllu óásættanlegt.

ASÍ-UNG gagnrýnir harðlega skuldalækkunaraðgerðir stjórnvalda en með þeim er verið að ráðstafa miklum fjármunum sem nýtast ungu fólki með takmörkuðum hætti. Meginþorri ungs fólks fær ekki þá aðstoð sem boðið er upp á. Aðgerðir, sem skerða líffeyri, munu eingöngu fresta þeim vanda, sem við búum við, og eru því með öllu óásættanlegar.

3. þing ASÍ-UNG spyr því hvaða aðgerðir munu gagnast okkur í þeim vanda sem við búum við í dag.“

Var tillagan borin undir atkvæði fyrir þingið og var hún samþykkt einróma með lófaklappi.

Næst tók til máls Ingólfur Björgvin Jónsson og kynnti niðurstöðu hópsins sem fjallaði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Kynnti hann niðurstöðu vinnuhópsins. Spunnust nokkrar umræður þingfulltrúa úr sætum um ályktunina og varð lokaafurðin, sem samþykkt var einróma með lófaklappi, eftirfarandi:

„Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

3. þing ASÍ-UNG ítrekar mikilvægi þess að samfélagið taki aukið tillit til fjölskylduábyrgðar og veiti fjölskyldufólki sveigjanleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í því skyni hefur 3. þing ASÍ-UNG fjallað um málið og setur fram eftirfarandi kröfur til hlutaðeigandi.

- ASÍ-UNG krefst þess að sveitarfélög hafi leikskóla opna yfir sumartíma þar sem oft er erfitt að samræma sumarfrí barna og foreldra.
- ASÍ-UNG krefst samræmingar á starfsdögum og öðrum frídögum hjá leik- og grunnskólum í landinu.
- ASÍ-UNG krefst þess að heimild fáist til að nýta hluta af eigin veikindarétti til að sinna veikindum barna ef þörf krefur.
- ASÍ-UNG krefst þess að stjórnvöld lengi fæðingarorlof, hækki greiðsluþakið og hækki hlutfall.
- ASÍ-UNG krefst þess að stefnt verði að styttingu vinnuviku án þess að afkoma skerðist.“

Önnur mál (kl. 16:30)

Gísli Bergmann (FBM) kvaddi sér fyrstur hljóðs undir þessum dagskrárlíð. Fór Gísli yfir þau sjónarmið sem hann taldi hníga til þess að mikilvægt væri fyrir ungt fólk að taka þátt í starfi síns stéttarfélags.

Freydís Leifsdóttir (Bárinni) tók næst til máls. Vakti Freydís athygli þingfulltrúa á svokölluðum ungmennaráðum sem væru starfandi í flestum sveitarfélögum. Verkefni þeirra væri að fjalla um samfélagsmál og hvernig hægt væri að bæta og „betra“. Bar Freydís upp þá tillögu að næsta stjórn ASÍ-UNG tæki upp samræður við umrædd ungmennaráð.

Snorri Jónsson (FRV) vildi vekja athygli á því að hann teldi þessi ungmennaráð ekki vera vettvang sem væri sambærilegur við verkalýðshreyfinguna. Bæði væri um að ræða yngri aldurshóp og hlutverk þeirra væri í raun annað.

Eiríkur Þór Theodórsson (Stétt-Vest) tók til máls og byrjaði á því að þakka öllum fyrir snarpar og góðar umræður á vel heppnuðu þingi. Eiríkur lýsti

Því hversu mikilvægt hann teldi að verkalýðshreyfingin væri vel á verði hvað réttindi varðar. Máli sínu til stuðnings rakti hann dæmisögu af raunum spænsks vinnufélaga síns á vinnumarkaðinum á Spáni sem væri þjakaður af atvinnuleysi ungs fólks.

Snorri Jónsson (FRV) tók til máls og vildi leggja fyrir þingfulltrúa eftirfarandi ályktun:

„Upprætum svarta atvinnustarfsemi og kennitölufلاك!

3. þing ASÍ-UNG skorar á stjórnvöld að leggja ríkari áherslu á að uppræta svarta atvinnustarfsemi og kennitölufلاك.

Ungt fólk, sem er að hefja sín fyrstu skref á vinnumarkaði, er oft ekki upplýst um réttindi sín á vinnumarkaði og verður því oft fórnarlamb slíkrar starfsemi og stendur uppi réttindalaust.“

Var tillagan samþykkt einróma með lófataki.

Freydís Leifsdóttir (Bárunni) tók til máls á ný og áréttaði fyrri tillögu um samráð við ungmennaráð sveitarfélaganna í ljósi atthagasemdanna frá Snorra.

Svanborg Hilmarsdóttir (FÍR) tók til máls og sagðist fagna umræðunni um aldurshópana innan ASÍ-UNG. Vissulega væri gjá á milli einstaklinga, sem væru 16 ára, og þeirra sem væru 35 ára en engu að síður ætti þessi hópur það sameiginlegt að vera berskjaldaður á vinnumarkaði og sérstaklega upptekinn vegna ungrar fjölskyldu þessa fólks og þeirra verkefna sem fylgir því að samþætta vinnu og fjölskyldulíf.

Ingólfur Björgvin Jónsson (Eflingu) kvaddi sér því næst hljóðs og vildi bera upp eftirfarandi tillögu að ályktun fyrir þingið í ljósi reynslu sinnar og aukinnar umræðu um svindl gagnvart ungu fólki:

„Stöðvum svindl á ungu launafólki!

Ungt fólk er í ljósi reynsluleysis síns sérstaklega berskjaldað á vinnumarkaði. Fréttir undanfarinna missera, t.d. af hótél- og veitingageiranum, þess efnis að það sé orðið undantekning frekar en aðalregla að lög- og kjarasamningsbundin réttindi ungs launafólks séu virt, þarf að taka alvarlega og svindlið þarf að uppræta. Afleiðingarnar eru ekki bara bein kjararýrnun fyrir þá sem fyrir þessu verða heldur leiðir þetta einnig til félagslegra undirboða sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir starfsgreinina í heild sinni.

Nauðsynlegt er að ráðast í markvisst átak sem felur það í sér að nálgast ungt fólk og fræða það um réttindi sín annars vegar og jafnframt þarf að forðæma þá atvinnurekendur sem gerast sekir um brot á réttindum launafólks.

Með vísan í framangreint skorar 3. þing ASÍ-UNG á stéttarfélögin í landinu að gera betur í því að fræða unga fólkið og jafnframt skera upp herör gegn þeim atvinnurekendum sem kerfisbundið svindla á launafólki.“

Var tillagan samþykkt einróma með lófataki.

Gísli Jósep Hreggviðsson (MFFÍ) tók að endingu til máls. Gísli lýsti því að hann væri nú að hætta í stjórn en hefði átt þar sæti frá stofnþinginu. Þakkaði Gísli öllum þingfulltrúum fyrir gott þing og sagðist telja sig merkja auka virkni frá fyrri þingum og því væri allt á réttri leið.

Kosning formanns og stjórna (kl. 17:00)

Svanborg Hilmarisdóttir (FÍR) tók til máls sem formaður kjörnefndar. Lýsti hún því að engin mótframboð hefðu borist gegn tillögu kjörnefndar og því væri nýr formaður, stjórn, varastjórn og kjörnefnd sjálfkjörin sem eftirfarandi:

Stjórn ASÍ-UNG 2014–2016:

Guðni Gunnarsson formaður (VM)
Unnur Rán Reynisdóttir (Félagi hársnyrtisveina)
Freydís Ösp Leifsdóttir (Bárinni)
Linda Rós Reynisdóttir (VR)
Eiríkur Þór Theódórsson (Stétt-Vest)
Ingólfur Björgvin Jónsson (Eflingu)
Friðrik Guðni Óskarsson (FIT)
Einar Magnús Einarsson (Framsýn)
Eva Hrund Aðalbjarnardóttir (Mjólkurfræðingafélagi Íslands).

Varastjórn ASÍ-UNG 2014–2016:

Bragi Þór Hansson (MATVÍS)
Ágúst Örn Þórðarson (FMA)
Ránar Jónsson (Verkalýðsfélagi Þórshafnar)
Svandís Elín Kristbergsdóttir (FÍS)
Þórdís G. Guðmundsdóttir (Verk-Vest)
Hrönn Jónsdóttir (FBM)
Sverrir Kristján Einarsson (Afli – starfsgreinafélagi)
Svanborg Hilmarisdóttir (FÍR)

Jón Ægir Ingólfsson (Öldunni)

Kjörnefnd ASÍ-UNG 2014–2016:

Hrönn Jónsdóttir (FBM)

Bjarki Þór Aðalsteinsson (VLFA)

Gísli Jósep Hreggviðsson (MFFÍ)

Ofangreindum nafnalistum var varpað á skjáinn og fengu hinir nýkjörnu fulltrúar að því tilefni dynjandi lófatak frá þingfulltrúum.

Þingslit (kl. 17:45)

Guðni Gunnarsson, nýendurkjörinn formaður ASÍ-UNG, sté í pontu, þakkaði fyrir sig og jafnframt fyrir gott og málefnalegt þing. Sleit Guðni þinginu í kjölfarið með formlegum hætti.



STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2015, og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2015. Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Fjöldmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og laga, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og sífellt stærri hluti af starfseminni. Auk hefðbundinna verkefna skrifstofunnar er hafinn undirbúningur að 100 ára afmælisári ASÍ árið 2016.

Helstu breytingar á starfsemi og skipulagi á skrifstofu ASÍ á árinu hafa falist í því að styrkja starfsemi skrifstofunnar enn frekar með ráðningu framkvæmdastjóra og aukningu um tvö stöðugildi sem nýtt eru til að efla starf

ASÍ-UNG og tengsl við ungt fólk og vegna upplýsinga- og kynningarmála. Framkvæmdum við viðbyggingu á Sætúni 1 er að mestu lokið en endanlegur lóðafrágangur bíður þess að samkomulag náist við borgaryfirvöld í Reykjavík um fyrirkomulag bílastæða fyrir húsið.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2015

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Halldór Oddsson lögfræðingur, Dina Decicco, aðstoðarmaður í mötuneyti, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Halldór Oddsson lögfræðingur, Hanna Elísdóttir matráðskona, Henný Hinz hagfræðingur, Kristín Ýr Gunnarsdóttir, sérfræðingur í upplýsinga- og kynningardeild og fræðsludeild og starfsmaður ASÍ-UNG, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókari og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafía B. Rafnsdóttir, varaforseti ASÍ, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Róbert Farestveit hagfræðingur, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Sigurður Bessason, varaforseti ASÍ, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, og Una Jónsdóttir hagfræðingur.

Allnokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári. Lilja Lind Pálsdóttir hagfræðingur lét af störfum og var Una Jónsdóttir ráðin í hennar stað auk þess sem Dina Decicco, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Kristín Ýr Gunnarsdóttir hafa bæst í hóp starfsfólks skrifstofunnar.



LISTASAFN ASÍ

Starfsemi Listasafns ASÍ október 2014–september 2015

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, og Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afls- starfsgreinasambands.

Listaráð Listasafns ASÍ skipa Margrét Elísabet Ólafsdóttir listfræðingur og Sigurður Guðjónsson, adjunkt við Listaháskóla Íslands, auk forstöðumanns safnsins sem er Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur.

Auk forstöðumanns í 100% starfi eru tveir starfsmenn í 34% starfshlutfalli við safnið, myndlistarmennirnir Steinunn Helgadóttir og Magnús Helgason.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við safnalög og reglugerð um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Listasafn ASÍ er til húsa að Freyjugötu 41. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00–17.00. Aðgangur er ókeypis. Safnið er lokað í júlí. Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Sýningar og aðrir viðburðir

Á tímabilinu október 2014 til september 2015 voru haldnar tólf sýningar í

húsakynnum safnsins, sjá meðfylgjandi lista. Sýningardagskrá var með hefðbundnu sniði en að jafnaði var skipt um sýningu í safninu mánaðarlega en safnið er lokað í júlí. Eins og meðfylgjandi listi ber með sér voru sýningar ársins fjölbreyttar. Ólíkir listamenn, sem vinna með ólíka miðla og tjáningarform, voru valdir til að sýna í safninu. Á sýningunum mátti sjá málverk, teikningar, ljósmyndir, grafík, skúlptúra, myndbandsverk og innsetningar. Listamennirnir eiga það eitt sameiginlegt að skapa áhugaverða myndlist á eigin forsendum og eru sýningarnar í heild brot af því besta sem íslensk listmenning hefur upp á að bjóða. Sýningum safnsins hefur jafnan verið vel tekið, þær hlotið jákvæðar umsagnir og ágæta aðsókn.

Listráð safnsins mótar sýningarstefnu þess og velur listamenn úr fjölmönnum hópi umsækjenda. Í janúar 2014 var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2015. Alls bárust 84 umsóknir um tíu sýningartímabil og hefur öllum sýningartímabilum ársins verið ráðstafað til umsækjenda. Listamenn sýna í safninu án endurgjalds en standa allan straum af gerð sýninganna sjálfir. Starfsmenn aðstoða eftir föngum við uppsetningu sýninga safnsins og sjá um sýningargæslu. Safnið sér um að kynna sýningar í fjölmiðlum, sendir út rafræn boðskort og sér um sýningaropnun.

Ein sýning var haldin á vegum safnsins á tímabilinu en það var sýningin Frenjur og fórnarlömb.

Í febrúar tók safnið þátt í Safnanótt með fjölbreyttri dagská í tengslum við sýninguna KOMA SVO.

Í maí tók safnið þátt í Listahátíð í Reykjavík með sýningunni Frenjur og fórnarlömb.

Í ágúst tók safnið þátt í Menningarnótt með sýningu á verkum Þormóðs Karlssonar.

Sýningadagskrá september 2014–september 2015

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa

13. september–5. október BIRGIR SNÆBJÖRN BIRGISSON. Ladies. Beautiful ladies. Málverk, plötuumslög, bókverk o.fl. Sýningarstjóri: Mika Hannula. Í tengslum við sýninguna gaf forlagið Crymogea út bókina Ladies, beautiful ladies með texta eftir Mika Hannula.

11. október–2. nóvember ERLA S. HARALDSDÓTTIR. Visual wandering. Olíumálverk. Sýningaraskrá með texta eftir Christoph Tannert. HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR. Hvassast út við sjóninn. Ljósmyndir.

8.–30. nóvember HUGSTEYPAN. Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir. Regluverk. Blönduð tækni. Sýningaraskrá með texta eftir Jóhannes Dagsson.

31. janúar–1. mars #KOMA SVO. Listin að auglýsa leikinn. Þátttakendur: Leifur Ýmir Eyjólfsson, Ásgeir Skúlason, Nikulás Stefán Nikulás, Sigurður Atli Sigurðsson, Sindri Leifsson og Sæmundur Þór Helgason. Í sýningunni var innblástur frá íþróttaheiminum notaður til að skoða samband lista og markaðar.

7. mars–29. mars JÓN AXEL BJÖRNSSON. Endurröðun. Olíumálverk, vatns-litamyndir og skúlptúrar. Sýningunni fylgdi texti eftir Aðalstein Ingólfsson.

11. apríl–3. maí ÍVAR BRYNJÓLFSSON. Sýn á virkni þrívíðra sýna tvívíðum miðli. Ljósmyndir. ANNA RÚN TRYGGVADÓTTIR. (Inn)byrðis. Innsetning og verk unnin með blandaðri tækni. Sýningunni fylgdu textar eftir Markús Þór Andrésson og Val Antonsson.

13. maí–28. júní Frenjur og fórnarlömb. Konur um konur. Sýning á Listahátíð. Sýningarstjórar: Kristín G. Guðnadóttir og Steinunn G. Helgadóttir. Þátttakendur: Anna Hallin, Eirún Jónsdóttir, Elín Pjet. Bjarnason, Eva Ísleifsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Lóa Hjálmtýsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Rake! MacMahon, Róska, Sigríð Valtingoer og Valgerður Guðlaugsdóttir. Í tengslum við sýninguna var gefin út sýningaraskrá í ritstjórn Ragnheiðar Vignisdóttur með texta eftir sýningarstjórana.

7. ágúst–30. ágúst Yfirlitssýning á verkum ÞORMÓÐS KARLSSONAR. Málverk. Sýningarstjóri: Karl Ómarsson. Sýningin var á dagskrá Gay-pride-hátíðarinnar. Í tengslum við sýninguna var gefin út bóki Móði: art and life, interrupted með textum eftir sýningarstjóran og Mariu Porges.

5.–27. september JÓHANNA KRISTBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR. Málverk, lágmyndir, skúlptúrar og myndbandsverk. GUÐRÚN HRÖNN RAGNARS-DÓTTIR. Innsetningar. Innsetningar, myndbandsverk o.fl.

Gunnfríðarstöpull í garði Listasafns ASÍ

16. ágúst–31. desember: Ingólfur Arnarson. Án titils, 2014. Ál o.fl.

31. janúar–1. mars KOMA SVO-hópurinn. Bikarinn, 2015. Tin.

7. mars–7. maí: Margrét H. Blöndal og Huginn Þór Arason. Meeting, Wedding, 2015. Blönduð tækni.

14. maí–31. Ágúst Kristinn G. Harðarsson. Fjallið græna, 2015. Plexígler og samsettar ljósmyndir.

5. september–22. nóvember: Björk Guðnadóttir. #hæll #augnhár #sjálfstýring, 2015. Pappír, lím, stál.

Safneign, safnauki, millisafnalán

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókná safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er með hliðsjón af starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Á ytra vef Sarps eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt á eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Safnið á höfundarrétt verka Sigríð Valtíngó og hefur leyfi til birtingar á myndum af verkum Elínar Þjet. Bjarnason.

Safnauki: Listakonan Erla Haraldsdóttir færði safninu að gjöf verk eftir sig í tengslum við sýningu hennar í safninu. Listakonan Ingiríður Óðinsdóttir, sem áður var starfsmaður safnsins, færði safninu að gjöf verk eftir sig.

Millisafnalán: Safnið lánaði tvö málverk eftir J. S. Kjarval til Listasafns Reykjanesbæjar vegna sýningar á skipamyndum Kjarvals. Safnið lánaði 6 myndir eftir Nínu Tryggvadóttur til Listasafns Íslands vegna yfirlitssýningar á verkum hennar.

Endurbætur á húsakosti og geymslur

Safnið fékk í september 2014 stofnstyrk frá menntamálaráðuneyti að upphæð tvær miljónir króna til að kosta úrbætur á öryggis- og forvarnarmálum. Í desember 2014–janúar 2015 var farið í eftirfarandi framkvæmdir:

Vatnsskynjurum var komið fyrir í öllu húsinu. Settir voru skynjarar í flest rými og stjórnstöð öryggiskerfis endurnýjuð. Eldtefjandi hurðir voru settar fyrir málverkageymslur safnsins. UV-filmur voru settir í stóran glugga á stærsta sýningarsal safnsins til að minnka ljósmagn, sem var langt yfir viðmiðunarmörkum.

Safnið fékk nýja fjargeymslu í kjallara Guðrúnartúns 1, sem bætti úr brýnni geymsluþörf safnsins. Í kjölfarið verða öll geymslumál safnsins endurskoðuð. Keyptar voru hillur og teikningaskápur fyrir nýju geymsluna.

Í júlí 2015 voru gólf bónuð. Steyptir stigar milli hæða í suðurhluta hússins voru málaðir, einnig kjallaragólf og gólf í Gryfju.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíl. Nú eru í gangi um 30 vinnustaðasýningar í Reykjavík og á landsbyggðinni, hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Þessi starfsemi er mikilvæg til að kynna almenningi myndlist og hefur mælst vel fyrir á vinnustöðum. Verk safnsins eru einungis sýnd í safnhúsinu fáa mánuði á ári en vinnustaðasýningarnar gefa kost á að gera safneignina sýnilega og ná til fólks sem hugsanlega myndi ekki sækja sýningar safnsins.



VIRK - STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Árangur og velferð

Nú í haust eru liðin sex ár frá því að VIRK hóf að veita þjónustu á sviði starfsendurhæfingar í samstarfi við stéttarfélög um allt land. Á þessum tíma hefur VIRK þróast úr því að vera hugmynd á blaði í stofnun sem hefur veitt tæplega 9000 einstaklingum hér á landi vandaða og flókna þjónustu og náð þeim árangri að mikill meirihluti þeirra einstaklinga, sem ljúka þjónustu hjá VIRK, taka virkan þátt á vinnumarkaði. Starfsemi VIRK stuðlar þannig bæði að betra lífi einstaklinga, öflugra atvinnulífi og betra samfélagi fyrir okkur öll.

Síðastliðið ár var viðburðaríkt og erilsamt hjá VIRK. Fleiri einstaklingar nýttu sér þjónustuna en áður og talsverð fjölgun var í hópi þeirra sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og þurfa talsvert mikla þjónustu til að ná árangri í sinni starfsendurhæfingu. Í takt við þetta hafa átt sér stað talsverðar breytingar á vinnuferlum og þjónustu þar sem tekið er mið af bæði reynslu og þekkingu innan VIRK og á öðrum stöðum héraendis og erlendis.

VIRK starfar í samræmi við kjarasamninga, skipulagsskrá og lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Hlutverk, framtíðarsýn og gildi VIRK eru skýr en eðlilega einnig í sífelldri þróun og endurskoðun í takt við aukna þekkingu og reynslu. Á mynd 1 má sjá skilgreiningu á hlutverki VIRK, gildum og helstu þáttum framtíðarsýnar til ársins 2020 og á mynd 2 má sjá myndræna framsetningu á skipuriti VIRK.

Hlutverk VIRK

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Framtíðarsýn til 2020

- **VIRK** hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku.
- **VIRK** byggir á gagnreynndri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.
- **VIRK** hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vega hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu.
- **VIRK** er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Gildi

- Fagmennska
- Virðing
- Metnaður


HLUTVERK

GILDI

VIRK

VIRK

Mynd 1.




Mynd 2.

Starfsmenn og ráðgjafar VIRK

Starfsmenn á skrifstofu VIRK eru nú 31 talsins í um 28 stöðugildum. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sérfræðinga og skrifstofufólks með margvíslega þekkingu og reynslu. Meirihluti starfsmanna VIRK, eða tæplega 80%, er með

háskólamenntun. Hjá VIRK starfa t.d. sérfræðingar með menntun á sviði sjúkraþjálfunar, lækninga, iðjuþjálfunar, sálfræði, hjúkrunar, félagsráðgjafar, lýðheilsufræða, kennslu, fjármála og stjórnunar. Mjög margir starfsmanna VIRK hafa meistaraþráðu í sínu fagi. Sérfræðingar á skrifstofu VIRK sjá um að skipuleggja starfið, veita ráðgjöfum og þverfaglegum teyllum aðstoð og stuðning og hafa eftirlit með bæði ráðgjöfum, þverfaglegum teyllum og miklum fjölda úrræðaaðila um allt land. Sérfræðingar og stjórnendur VIRK eru auk þess leiðandi í ýmsum þróunarverkefnum á vegum VIRK sem hafa það að markmiði að tryggja góðan árangur í starfsendurhæfingarferlinu.

Haustið 2015 starfa 48 ráðgjafar á vegum VIRK hjá stéttarfélögum um allt land. Ráðgjafar eru til staðar í öllum helstu þéttbýliskjörnum landsins auk þess sem þeir veita þjónustu á fleiri stöðum á landsbyggðinni. Reynt er eftir fremsta megni að tryggja að þjónustan sé aðgengileg um allt land og á mynd 3 má sjá dreifingu á stöðugildum ráðgjafa um landið. Nýir ráðgjafar hjá VIRK fá sérstaka handleiðslu hjá sérfræðingum VIRK fyrsta árið í starfi en auk þess er öllum ráðgjöfum reglulega boðið upp á fræðslu sem hefur það að markmiði að efla hæfni þeirra og færni til starfa.



Mynd 3.

Hlutverk ráðgjafa VIRK er að halda utan um mál einstaklings í starfsendurhæfingarferlinu. Fjöldi annarra sérfræðinga innan og utan VIRK kemur einnig að málum og í öllu ferlinu er tryggt þverfagleg aðkoma í samræmi við viðurkenndar aðferðir í starfsendurhæfingu.

Í heild starfa því um 80 einstaklingar hjá VIRK eða samkvæmt samningi VIRK og stéttarfélagu vítt og breitt um landið. Þetta er öflugur hópur sem leggur sig fram um að veita góða og árangursríka þjónustu á sviði starfsendurhæfingar um allt land.

Auk sérfræðinga og ráðgjafa VIRK kemur margir aðrir aðilar að þjónustunni. Teymi utanaðkomandi sérfræðinga sér um að rýna mál einstaklinga hjá ráðgjöfum og aðstoða þá við að byggja upp árangursríkar endurhæfingaráætlanir auk þess sem VIRK hefur gert samninga við þverfagleg matsteymi á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Egilsstöðum og Reykjanesi. Þessi teymi sjá um að meta stöðu og getu einstaklinga á mismunandi tímum í starfsendurhæfingarferlinu. Til viðbótar við þetta má svo nefna mikinn fjölda þjónustuaðila í starfsendurhæfingu um allt land. Mynd 4 lýsir samspili mismunandi aðila í starfsendurhæfingarferli einstaklings hjá VIRK.



Mynd 4.


Þverfagleg matsteymi

Þverfagleg matsteymi starfa á vegum VIRK og koma um 45 sérfræðingar að þeim. Flestir þessara sérfræðinga eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu en einnig eru til staðar sérfræðingar á Akureyri, Austurlandi og Reykjanesi. Um er að ræða lækna, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og félagsráðgjafa. Þessir sérfræðingar starfa fyrir VIRK sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar samkvæmt sérstökum samningum og vinnuframlag þeirra er mismikið. Flestir þeirra sinna einnig öðrum störfum, annað hvort sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar eða hjá öðrum aðilum.

Hlutverk þessara aðila er mismunandi eftir sérhæfingu og teyimum. Matsteymið hjá VIRK gegna eftirfarandi hlutverkum:

- *Raunhæfimat starfsendurhæfingar.* Læknir og eftir aðstæðum sjúkraþjálfari og sálfræðingur koma að raunhæfimati starfsendurhæfingar. Þar er metið hvort starfsendurhæfing sé raunhæf og muni skila árangri fyrir einstaklinginn út frá stöðu hans.
- *Þverfagleg rýni.* Öll mál einstaklinga hjá VIRK eru rýnd af þverfaglegum teyllum sem samanstanda af læknum, sjúkraþjálfurum og sálfræðingum auk ráðgjafans í hverju tilfelli fyrir sig. Þessi teymi aðstoða ráðgjafa við að byggja upp árangursríka endurhæfingaráætlun í takt við þarfir hvers og eins einstaklings. Slík þverfagleg aðkoma að málum er studd af rannsóknnum á sviði starfsendurhæfingar. Frá síðasta hausti hefur það verið markmið VIRK að rýna öll mál, sem eru í starfsendurhæfingarferli, á þriggja mánaða fresti. Tilgangur þess er að tryggja markvissa upplýsingaöflun, markmiðasetningu og úrræðakaup strax í upphafi ferils einstaklings hjá VIRK og síðan á þriggja mánaða fresti á meðan á þjónustunni stendur.
- *Sérhæft mat.* Þegar mál einstaklinga eru flókin, töluverð endurhæfing hefur átt sér stað, langur tími er liðinn frá því að einstaklingur var á vinnumarkaði og/eda lítill framgangur er í starfsendurhæfingu er vísað í sérhæft mat. Sérhæft mat er þverfaglegt endurhæfingarmat og markmið þess er að fá mat sérfræðinga á starfsendurhæfingarmöguleikum einstaklingsins svo unnt sé á markvissan máta að vinna að árangursríkri starfsendurhæfingaráætlun. Í sérhæfðu mati hittir einstaklingur viðkomandi sérfræðinga sem geta þá verið læknir, sálfræðingur, sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari og félagsráðgjafi – allt eftir aðstæðum og þörfum viðkomandi einstaklings.
- *Starfsgetumat.* Þetta mat er gert ef áætlun úr sérhæfðu mati er lokið og ekki hefur náðst sá árangur sem vænst var. Forsenda fyrir formlegu starfsgetumati er einnig að einstaklingur treysti sér ekki í fullt starf/fyrri starfshlutfall þrátt fyrir að búið sé að reyna markvissa starfsendurhæfingu. Í starfsgetumati er eftirfarandi spurningum svarað: Er starfsendurhæfing fullreynd? Hver er starfsgetan?

Á mynd 4 má sjá hvernig starfsemi þessara þverfaglegu matsteyma hjá VIRK tengist starfsendurhæfingarferlinu. Starfsemi þverfaglegra matsteyma hjá VIRK hefur eflst mikið á undanförunum tveimur árum samhliða aukinni áherslu á þverfaglega þjónustu og markvissari feril í starfsendurhæfingu. Þetta má sjá á mynd 5 sem inniheldur upplýsingar um heildarfjölda raunhæfimata, sérhæfðra mata og starfsgetumata frá janúar 2013 til og með febrúar 2015.



Mynd 5.

Þjónustuaðilar í starfsendurhæfingu um allt land

Til þess að tryggja fjölbreytta og einstaklingsmiðaða þjónustu kaupir VIRK þjónustu af fagfólki um allt land. Þjónustuaðilar, sem eru í samstarfi við VIRK um starfsendurhæfingarúrræði, er nú tæplega 700 talsins. Þar af eru 118 sjálfstætt starfandi sálfræðingar sem veita einstaklingum með geðrænan vanda bæði einstaklingsviðtöl og fjölbreyttar hópmeðferðir.

Þá starfa einnig með VIRK rúmlega 200 sjúkraþjálfarar sem veita einstaklingsþjónustu og hópúrræði fyrir einstaklinga með stoðkerfisraskanir. Einnig hefur færst í aukana að fagaðilar, s.s. sálfræðingar og sjúkraþjálfarar, þróa saman úrræði sem taka mið af aðstæðum þeirra einstaklinga sem eru í þjónustu á vegum VIRK.

Lögð er rík áhersla á að aðlaga menntun og starfsreynslu einstaklings að störfum sem eru í boði á vinnumarkaði. Einnig er skoðað hvernig hægt sé að byggja ofan á þekkingu, sem er til staðar, eða hvort starfstengd námsúrræði geti aukið starfsmöguleikana. Um 90 símenntunaraðilar veita námsúrræði með það að markmiði að auka möguleika á vinnumarkaði.

Rúmlega 80 þjónustuaðilar veita þjónustu sem flokkast sem heilsueflandi úrræði. Undir þann flokk fellur m.a. líkamsrækt með stuðningi íþróttafraeðings, vatnsleikfimi og ýmis hópúrræði á vegum fagaðila. Lögð er rík áhersla á að fagfólk vinni að því að gera einstakling ábyrgan fyrir eigin hreyfingu.

Fjöldi þjónustuaðila veitir atvinnutengd úrræði og má þar helst nefna vinnu-
prófanir, úttekt og ráðgjöf á vinnustað við endurkomu til vinnu sem og undir-
búning fyrir atvinnuleit.

VIRK er með samning við átta starfsendurhæfingarstöðvar en það er liður í því
að tryggja að til staðar sé fagleg þekking og reynsla á sviði starfsendurhæfingar á
öllu landinu. Á starfsendurhæfingarstöðvunum er boðið upp á heildstæð einstak-
lingsbundin úrræði sem mæta þörfum einstaklinga í samræmi við matsferil VIRK.

Kaup VIRK á þjónustu fagaðila hafa aukist mikið á undanförunum árum og á
árinu 2014 námu þau um 920 milljónum króna og voru stærsti útgjaldaliður
VIRK á því ári. Mynd 6 sýnir þróun útgjalda vegna aðkeyprar þjónustu
fagaðila frá árinu 2010 og mynd 7 sýnir skiptingu útgjalda milli mismunandi
tegunda úrræða á árinu 2014.

Samstarf við ýmsa fagaðila innan velferðarkerfisins

VIRK hefur unnið markvisst að því að byggja upp samstarf við aðrar stofnanir
innan velferðarkerfisins. Þessi samvinna hefur skilað góðum árangri á mörg-
um sviðum og hefur orðið til þess að margir einstaklingar, sem glíma við mjög
flókinn og þungan vanda, hafa fengið markvissari og betri þjónustu en áður.
Þetta er þáttur í því að byggja upp heildarkerfi þar sem þjónusta mismunandi
aðila innan velferðarkerfisins er samræmd og hefur það að markmiði að koma
einstaklingum til virkrar þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK gegnir í dag mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt
mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við
þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum
réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins.


Samstarf við lífeyrissjóði

Markviss uppbygging hefur átt sér stað á samstarfi milli VIRK og lífeyr-
issjóða um allt land. VIRK er í nánú samstarfi við marga af stærstu lífeyr-
issjóðum landsins þar sem sérfræðingar VIRK fara yfir allar umsóknir um
örorkulífeyri og bjóða einstaklingum upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef
metið er að hún sé raunhæf og muni skila árangri fyrir viðkomandi einstak-
ling. Þetta verklag hefur reynst vel og stefnt er að því að bjóða lífeyrissjóð-
um um allt land upp á svipaða þjónustu. Tilvísunum frá trúnaðarlæknum
lífeyrissjóðanna til VIRK hefur fjölgað á undanförunum árum og eins er það
algengara nú en áður að einstaklingar séu komnir í þjónustu VIRK áður en
þeir sækja um örorkulífeyri.

Gæði og öryggi

Hjá VIRK er lögð áhersla á að vinna faglega og tryggja öryggi upplýsinga og gagna. VIRK hefur sett sér það markmið að fá vottun á starfsemi sinni samkvæmt alþjóðlegum gæðastjórnunarstaðli, IST EN ISO 9001, fyrir lok árs 2015.

Tilgangur ISO 9001-vottunarinnar er m.a. að tryggja öguð vinnubrögð þar sem stjórnendur og starfsfólk, ráðgjafar og aðrir samstarfsaðilar VIRK þekkja ábyrgð sína, hlutverk og þær kröfur, sem gerðar eru óháð starfssvæðum, og vinna eftir þeim. Vottunin krefst stýringar á þessu verklagi með rekjanleika, árangursmælingum, reglulegum úttektum og endurskoðun á verklagi, úrvinnslu ábendinga og umbótum þar sem þörf er á.



Mynd 6.



Mynd 7.

Útgáfustýrt verklag hefur margs konar ávinning í för með sér bæði fyrir VIRK og þjóðfélagið í heild, m.a. auðveldar það alla þjálfun starfsfólks, ráðgjafa og samstarfsaðila VIRK, minnkar líkur á mistökum, auðveldar þróun þjónustunnar og bætir yfirsýn.

VIRK er á mörgum sviðum þegar farið að vinna samkvæmt kröfum ISO 9001. Með gæða- og öryggisstjórnun starfar VIRK eftir faglegum og viðurkenndum stöðluðum vinnubrögðum.

Kynning á þjónustu VIRK

VIRK vinnur í samstarfi við stéttarfélög og sjúkrahús stjórnað stéttarfélagum um allt land þar sem einstaklingar fá kynningu á starfsemi VIRK. Læknar verða einnig stöðugt meðvitaðri um þjónustuna. Margar ábendingar hafa hins vegar borist um það á undanförunum árum að almenningur viti ekki nægilega mikið um tilvist og þjónustu VIRK og því var ákveðið að fara af stað með kynningarátak í febrúar á þessu ári.

Markmiðið með átakinu var að koma starfsemi VIRK á framfæri við almenning á jákvæðan hátt til að tryggja að einstaklingar viti að þessi þjónusta er til staðar og að atvinnurekendur sjái þjónustuþega VIRK í jákvæðu ljósi til að auka möguleika einstaklinga á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar. Tekin voru viðtöl við einstaklinga, sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK, og gefin mynd af stöðu þeirra fyrir og eftir þjónustu. Viðbrögð við átakinu hafa verið jákvæð.

Fjöldi einstaklinga í þjónustu


Í töflu 1 koma fram upplýsingar um fjölda einstaklinga sem hafa komið til VIRK frá upphafi og til septemberbyrjunar 2015.

Fjöldi einstaklinga m.v. 6. sept. 2015	VIRK
Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK	8.717
Fjöldi í reglulegum viðtölum eða eftirfylgd	1.949
Fjöldi sem hefur lokið þjónustu (útskrifast)	4.720
Fjöldi sem hefur hætt þjónustu	2.048

Tafla 1.

Aðsókn að þjónustu VIRK hefur aukist ár frá ári og á síðasta ári komu tæplega

1800 einstaklingar inn í þjónustu VIRK. Mynd 8 sýnir fjölda nýrra þjónustuþega á hverju ári frá árinu 2010. Frá árinu 2012 hefur orðið mikil aukning og fyrir því eru margþættar ástæður. Þar á meðal má nefna setningu laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu sem tryggði öllum einstaklingum rétt til þjónustunnar að uppfylltum ákveðnum faglegum skilyrðum. Mikil fjölgun hefur einnig orðið meðal einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glíma við fjölbættan vanda. Gera má ráð fyrir að hér séum við m.a. að takast á við afleiðingar kreppunnar þar sem mun stærri hópar en áður hafa verið án atvinnu í nokkur ár.



Mynd 8.

Hverjir leita til VIRK?

Til að eiga rétt á þjónustu VIRK þurfa einstaklingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að geta ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts sem rekja má til veikinda eða slysa.
- Að markmiðið sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má.
- Geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.

Almennt er miðað við að formleg tilvísun frá lækni liggja fyrir áður en einstaklingur fer í fyrsta tíma hjá ráðgjafa VIRK. Ef mál einstaklings eru flókin og um er að ræða langa fjarveru frá vinnumarkaði þá er einstaklingum oft vísað í raunhæfimat starfsendurhæfingar hjá VIRK áður en þjónusta hefst. Markmiðið er að meta hvort starfsendurhæfingarþjónusta sé raunhæf og geti orðið árangursrík miðað við stöðu viðkomandi einstaklings á þeim tíma sem umsókn

berst. Ef starfsendurhæfing er ekki metin raunhæf þá er einstaklingi vísað í önnur úrræði innan velferðarkerfisins og þá oft í samstarfi við aðrar stofnanir. Sjá einnig upplýsingar um þjónustuferil VIRK á mynd 4.

Z

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum. Aðstæður allra þessara einstaklinga eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Mynd 9 sýnir upplýsingar um aldur og kyn einstaklinga sem komu í þjónustuna á árinu 2014 og mynd 10 inniheldur upplýsingar um hlutfallslega skiptingu eftir starfsgreinum.



Mynd 9.



Mynd 10.

Mynd 11 sýnir þá þróun sem hefur átt sér stað varðandi framfærslustöðu einstaklinga sem nýttu sér þjónustu VIRK á árunum 2012–2014. Eins og sjá

má hefur talsverð breyting orðið á þessum tíma þar sem mjög hefur fjölgað í þeim hópum sem fá greidda fjárhagsaðstoð eða eru á endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri við komu til VIRK. Þetta helst í hendur við aukið hlutverk VIRK í kjölfar setningar laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingsjóða. Eins má gera ráð fyrir að hrunið hafi haft talsverð áhrif þar sem hlutfallslega fleiri einstaklingar, sem koma nú til VIRK, hafa fullnotað rétt sinn til atvinnuleysisbóta og eru komnir á framfærslu félagsþjónustu sveitarfélaga.



Mynd 11.


Þessa þróun má einnig sjá á mynd 12 þar sem fram koma upplýsingar um hversu lengi einstaklingar hafa verið frá vinnumarkaði við komu til VIRK. Sjá má að það fjölgar hlutfallslega í þeim hópi sem hefur verið lengur en 18 mánuði frá vinnumarkaði.



Mynd 12.


Aðstæður og líðan einstaklinga í þjónustu

Einstaklingar, sem njóta þjónustu VIRK, glíma undantekningarlítið við alvarlegan og margþættan vanda sem kallar á einstaklingsbundna nálgun með aðkomu fjölmargra fagaðila. Staðan er því oft flókin og erfið og finna þarf leiðir í starfsendurhæfingu sem hentar þörfum hvers og eins. Mynd 13 sýnir mat einstaklinga, sem hafa leitað til VIRK, á ástæðum fjarvista þeirra frá vinnumarkaði. Eins og sjá má þá er algengast að þessir einstaklingar glími við stoðkerfisvanda og geðrænan vanda. Geðsjúkdómar og stoðkerfissjúkdómar eru einnig algengasta orsök örorku í dag. Það er einnig athyglisvert að sjá að þróunin undanfarin þrjú ár hefur verið á þann veg að þeim einstaklingum, sem glíma við geðrænan vanda, fjölgar hlutfallslega en hlutfallsleg fækkun er í þeim hópi sem glímur við stoðkerfisvandamál af ýmsum toga. Ein skýring getur verið sú að þeim einstaklingum, sem eru á framfærslu félagsþjónustunnar við komu til VIRK, hefur fjölgað og þar er oft um að ræða einstaklinga sem hafa verið langan tíma frá vinnu og glíma við geðrænan vanda sem er ein af afleiðingum þess.



Mynd 13.

Það er mismunandi hversu lengi einstaklingar eru í þjónustu á vegum VIRK og getur verið frá nokkrum vikum upp í nokkur ár. Meðaltími þjónustu við einstaklinga er um þrettán mánuðir. Mynd 14 sýnir hvernig einstaklingar dreifast hlutfallslega eftir tímalengd þjónustu.



Mynd 14.

Farsæl endurkoma til vinnu

Mikilvægt er að einstaklingar eigi greiða leið til baka í vinnu í kjölfar fjarveru vegna veikinda eða slysa. Hér getur sveigjanleiki og stuðningur í vinnu skipt öllu máli. Hjá VIRK hefur verið unnið að þróunarverkefni frá árinu 2011 sem nefnist „Virkur vinnustaður“. Tilgangur þessa verkefnis var eftirfarandi:

- Stuðla að viðhorfsbreytingu – að gert sé ráð fyrir að allir hafi hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum.
- Starfsmenn og stjórnendur stuðli að forvörnum á vinnustað.
- Stjórnendur nýti fjarverutölur sem stjórnþæki og skapi vellíðan á vinnustað til að draga úr fjarveru.
- Stjórnendur styðji starfsfólk til endurkomu til vinnu sem fyrst eftir langvarandi veikindi í samræmi við heilsufar.
- Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld geti nýtt niðurstöður verkefnisins við að skipuleggja og byggja upp árangursríkar leiðir á þessu sviði.

Um 30 vinnustaðir tóku þátt í þessu verkefni og niðurstaða þess liggur nú fyrir. Þróunarverkefninu lauk í árslok 2014 og niðurstöðurnar voru kynntar á málþingi 5. maí 2015 þar sem þátttakendur lýstu almennt yfir ánægju með verkefnið, töldu það mikilvægt og að helstu markmið hafi náðst. Almennt má segja að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á þá vinnustaði, er tóku þátt í því, bæði hvað varðar líðan starfsmanna og fjarvistir.

Undirbúningur er hafinn að nýju þróunarverkefni þar sem lögð verður áhersla á endurkomu einstaklinga inn á vinnumarkaðinn eftir starfsendurhæfingu. Áhersla verður lögð á að styðja sérstaklega við einstaklinga með langvinna

sjúkdóma sem geta haft áhrif á starfsgetu og möguleika á vinnumarkaði til framtíðar. Nýta á þá þekkingu og reynslu sem hefur áunnist í verkefnum Virkur vinnustaður sem og í fleiri verkefnum hjá VIRK og teikna upp markvissari feril um endurkomu til vinnu fyrir einstaklinga sem lokið hafa starfsendurhæfingu. Þá er bæði verið að hugsa um þá sem hafa virkt vinnusamband en ekki síður þá sem eru ekki með vinnusamband því reynslan sýnir að erfiðara er fyrir þá einstaklinga að komast aftur inn á vinnumarkaðinn í kjölfar veikinda og slysa. Stefnt er að því að efla enn frekar eftirfylgni með einstaklingunum en hluti af því er að aðstoða fyrirtæki við að undirbúa vinnustaðinn og samstarfsmenn fyrir árangursríka endurkomu einstaklinga hvort sem þeir eru með fulla eða skerta starfsgetu. Stefnt er að því að verkefnið hefjist haustið 2015.

Árangur í þjónustu VIRK

Lögð er á það áhersla hjá VIRK að þróa mælikvarða á árangur starfseminnar. Starfsemin er hins vegar flókin og því nauðsynlegt að meta mismunandi þætti til að sjá hver raunverulegur árangur er. Auðvitað skiptir mestu máli hvort einstaklingur, sem notið hefur þjónustu VIRK, hafi aukið starfsgetu sína og taki virkan þátt á vinnumarkaði. Einnig skiptir máli að auka lífsgæði og þátttöku einstaklinga í samfélaginu.

Mynd 15 sýnir framfærslustöðu einstaklinga sem höfðu lokið þjónustu í árslok 2014. Myndin sýnir stöðugildi, þannig að ef einstaklingur fer í hálfstarf, þegar þjónusta er lokið, er það skráð sem hálf stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti. Eins og sjá má eru um 64% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annað hvort í launaðri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Ef horft er á fjölda einstaklinga en ekki stöðugildi þá eru um 72% þeirra einstaklinga, sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK, annaðhvort í launuðu starfi, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi við lok þjónustu. Þessi niðurstaða er mjög góð, sérstaklega í ljósi þess að þeir einstaklingar, sem leita til VIRK, glíma undantekningarlítið við alvarlegan vanda og margir hafa verið talsverðan tíma frá vinnumarkaði. Einnig þarf að hafa í huga að til VIRK leitar nú stærrí hópur en áður sem hefur verið lengi frá vinnumarkaði og glímur við flókinn og fjölbáttan vanda.



Mynd 15.

Við skoðun á upplýsingum sem þessum er mikilvægt að hafa í huga að fyrirkomulag framfærslukerfisins getur falið í sér ýmsa hvata sem valda því að ekki er hægt að meta árangur VIRK eingöngu út frá gögnum sem þessum. Í dag útskrifast t.d. einstaklingar frá VIRK með vinnugetu í hálfstarf en fyrirkomulag örorkuliðeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins gerir þeim ekki kleift að fá örorkuliðeyri að hálfu leyti á móti sinni vinnugetu. Því verður niðurstaðan oft og tíðum sú að viðkomandi einstaklingur fer á fullan örorkuliðeyri þrátt fyrir að hafa náð talsverðum árangri hjá VIRK í að auka vinnugetu sína. Þannig má fullyrða að hluti af þeim 22%, sem eru með örorkuliðeyri í lok þjónustu hjá VIRK (sjá mynd 15), hefur í raun náð þeim árangri að geta unnið að hluta til en sækir um fullan örorkuliðeyri á meðan ekki er boðið upp á sveigjanlegra kerfi. Á meðan bótakerfið er byggt upp á þennan hátt þá mun sá mælikvarði, sem felst í skráningu á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu, ávallt vanmeta árangur af starfi VIRK.

Þegar árangur af starfsendurhæfingarþjónustu er metinn skiptir miklu máli að tekið sé mið af því hver staða einstaklinganna var í upphafi. Bestur árangur næst þegar einstaklingar koma snemma til VIRK og eru enn með vinnusamband við vinnustað sinn við komu til ráðgjafa. Þetta má sjá í töflu 2. Þar eru teknar saman upplýsingar um einstaklinga sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK og sjá má framfærslustöðu þeirra í lok þjónustu í samanburði við stöðu þeirra í upphafi. Þetta er skráð í stöðugildum. Enginn þeirra hafði vinnugetu við komu til VIRK en framfærslustaða þeirra var mismunandi sem gefur til kynna mislangan tíma frá vinnumarkaði vegna heilsubrests.

Framfærslustaða við komu til ráðgjafa <i>Að lágmarki 50% framfærslunnar kemur frá neðangreindum þáttum í upphafi þjónustu</i>	Hlutfall stöðugilda við lok ráðgjafar			
	Í launaðri vinnu	Í atvinnuleit	Á námslánum	Samt. með vinnugetu
Laun í veikindum	71%	5%	2%	78%
Atvinnuleysisbætur	39%	30%	4%	73%
Sjúkrasjóður stéttarféлага	45%	18%	3%	66%
Engar tekjur	45%	11%	4%	60%
Endurhæfingarlífeyrir	31%	8%	4%	43%
Fjárhagsaðstoð	37%	11%	7%	55%
Örorkulífeyrir	23%	1%	1%	25%

Tafla 2.

Alls 78% stöðugilda þeirra einstaklinga, sem eru enn á launum í veikindum frá atvinnurekanda þegar þeir koma til VIRK, útskrifast frá VIRK með fulla vinnugetu (þ.e. eru annað hvort í launaðri vinnu, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift). Þetta á síðan við um 73% af þeim sem eru á atvinnuleysisbótum við komu til VIRK, 66% af þeim sem voru á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага, 43% af þeim sem voru á endurhæfingarlífeyri, 55% af þeim sem voru á fjárhagsaðstoð og 25% örorkulífeyrisþega. Með öðrum orðum: Hlutfall þeirra sem útskrifast með vinnugetu lækkar eftir því sem framfærslan á sér stað fjær vinnumarkaðnum við komu til VIRK.

Það skiptir einnig máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna og hvaða áhrif hún hefur haft á líf þeirra og lífsgæði. Allir einstaklingar, sem ljúka þjónustu hjá VIRK, fá senda þjónustukönnun, sem þeir eru bednir að svara, með ýmsum spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Mynd 16 inniheldur upplýsingar úr þessari könnun en þar má sjá að einstaklingar telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bæði bættu sjálfsmynd og aukna vinnugetu.




Mynd 16.

Þróun starfsgetumats

Í dag er ákvörðun um rétt til örorkulífeyris byggð á mati á vangetu en ekki mögulegri getu einstaklinga til starfa. Mat og ákvörðun á rétti til bóta byggir því yfirleitt á upplýsingum um sjúkdómsgreiningar og mögulegar hindranir. Þetta kerfi er ekki hvetjandi og mörg vestræn ríki hafa unnið að því að breyta þessari nálgun þannig að einblínt sé fyrst og fremst á getu einstaklinga til starfa og þeir þannig hvattir til að nýta getu sína og styrkleika á vinnumarkaði eins og mögulegt er. Þetta er einnig í samræmi við áherslur og leiðbeiningar sem hafa komið frá OECD.

En hvað þýðir það að meta starfsgetu en ekki vangetu til starfa? Læknar hafa í mörgum tilfellum þurft að leggja mat á vangetu út frá einu viðtali við einstakling eða jafnvel skoðun á pappírnum og þá stundum notast við spurningalista með tiltekinni stigagjöf. Því hefur verið haldið fram að mat á getu sé ekki flóknara en svo að snúa formerkjum mats á vangetu við, þannig að ef niðurstaðan er sú að hlutfall örorku sé 60% þá sé getan 40% — en er það virkilega svona einfalt?

Staðreyndin er sú að ef meta á getu á raunhæfan hátt verður að taka tillit til fleiri og flóknari breyta sem gerir matið að mörgu leyti flóknara og tímafrekara. Skoða þarf möguleika og störf á vinnumarkaði og eins er óraunhæft að meta starfsgetu án þess að einstaklingurinn fái viðeigandi aðstoð og tækifæri til að efla styrkleika sína og takast á við þær hindranir sem eru til staðar vegna afleiðinga sjúkdóma eða slysa. Til að meta starfsgetu á sanngjarnan hátt þarf að láta reyna á hana og hugsanlega hafa áhrif á og breyta ýmsum þáttum, bæði hjá einstaklingnum sjálfum og í umhverfi hans.



Mynd 17.

Starfsgeta snýst því ekki eingöngu um einstaklinginn sjálfan heldur einnig um möguleika og tækifæri í sýbreytilegu umhverfi (sjá mynd 17). Til dæmis eru mörg dæmi þess, bæði hér á landi og í öðrum löndum, að einstaklingar, sem glíma við erfiða sjúkdóma eða meðfæddar skerðingar, hafi öðlast fulla vinnugetu með auknum möguleikum í upplýsingatækni og aukinni aðstoð.

Það að meta getu til starfa frekar en vangetu krefst því bæði breytinga á matskerfi og matsferlum og einnig breyttra viðhorfa og hugsunar í samfélaginu. Einnig þarf að tryggja öllum einstaklingum góðan og skilvirkan þjónustuferil í starfsendurhæfingu þar sem markmiðið er að vinna að því að takmarka hindranir, sem eru til staðar, og efla getu og styrkleika einstaklinga ásamt því að finna þeim stað við hæfi á vinnumarkaði. Það er aðeins í gegnum slíkan feril sem við getum á sanngjarnan hátt metið getu einstaklinga til starfa á vinnumarkaði.

VIRK hefur á undanförunum sex árum fjárfest í mikilli þróunarvinnu við uppbyggingu á starfsgetumati í samvinnu við tugi sérfræðinga bæði héraðs og erlendis. Öllum þeim einstaklingum, sem ekki treysta sér á vinnumarkað í lok þjónustu hjá VIRK, er boðið í formlegt starfsgetumat þar sem eftirfarandi spurningum er svarað: 1) Er starfsendurhæfing fullreynd? 2) Er starfsgeta til staðar og þá að hvaða marki? Svör við þessum spurningum eru mikilvæg bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og þá aðila sem taka ákvörðun um rétt viðkomandi til greiðslna vegna starfsgetumissis. Þessum spurningum verður hins vegar ekki svarað án þess að að tekið sé mið af niðurstöðum starfsendurhæfingarferils og því er ekki unnt að byggja upp faglegt starfsgetumat án þess að tengja það þeim ferli sem á sér stað í starfsendurhæfingunni. Það er hins vegar ekki hlutverk VIRK að taka ákvörðun um rétt einstaklinga til framfærslubóta af neinu tagi.

Þróunarvinna VIRK við uppbyggingu á starfsgetumati hefur vakið mikla athygli erlendis og hefur VIRK fengið fjölmargar óskir um kynningar og formlegt samstarf við áframhaldandi þróun á því.

Ávinningur starfsendurhæfingar

Árangursrík starfsendurhæfing skilar miklum ávinningi bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni. Það skiptir miklu máli fyrir einstaklinga að hafa hlutverk, geta séð sér farborða og verið fjárhagslega sjálfstæðir. Það er einnig mikilvægt að við byggjum upp þannig menningu og viðhorf í samfélagi okkar að sjálfsagt sé að nýta getu allra til atvinnuþátttöku. Ef það er ekki gert er hætta á að minnkandi atvinnuþátttaka á vinnumarkaði ógni uppbyggingu góðs velferðarkerfis til framtíðar.

Mikilvægt samkomulag náðist í vor á milli stjórnvalda og heildarsamtaka vinnumarkaðarins um framlög úr ríkissjóði til starfsendurhæfingarsjóða. Með samkomulaginu var bundinn endi á óvissu sem hópar, sem standa utan vinnumarkaðar, þurftu að sæta um þjónustu hjá VIRK. Samkomulagið festir í sessi heildarkerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og tryggir að öllum sem á þurfa að halda bjóðist atvinnutengd starfsendurhæfing til að verða virkir á vinnumarkaði.

Starfsendurhæfing er fjárfesting í fólki og stuðlar auk þess að öflugu samfélagi og aukinni þátttöku og velferð allra. Það er hins vegar mikilvægt að meta sífellt árangur af starfsendurhæfingarþjónustu og setja í samhengi við þá fjármuni sem veittir eru til hennar.

VIRK hefur fengið ráðgjafarfyrirtækið Talmakönnun til að leggja sjálfstætt mat á ávinning af starfsemi á árunum 2013 og 2014 út frá ópersónugreinanlegum upplýsingum um einstaklinga sem skráðar eru af ráðgjöfum í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru svo settar í samhengi við útgjöld VIRK á hverju ári fyrir sig. Skoðuð er framfærslustaða einstaklinga við lok þjónustu hjá VIRK á þessum árum og ýmsar lýðfræðilegar breytur sem skráðar hafa verið í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru síðan settar í samhengi við upplýsingar um laun mismunandi starfsgreina og bótafjárhæðir hjá TR og lífeyrissjóðum.

Til að gera þetta þarf Talmakönnun að gefa sér tiltekna forsendur þar sem ekki er vitað hvað hefði orðið um einstaklinga, sem ljúka þjónustu hjá VIRK, ef þjónustan hefði ekki verið til staðar. Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur á meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku. Til að nálgast þetta gaf Talmakönnun sér eftirfarandi forsendur:

- Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins (TR) við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þetta er í takt við þá staðreynd að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri. Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- Reiknað er með að aðrir en þeir sem útskrifuðust á endurhæfingar- og örorkulífeyri hefðu verið óvinnufærir í fimm ár ef þeir hefðu ekki notið þjónustu VIRK en enginn hefði farið á varanlega örorku. Frá þessum fimm árum (60 mánuðum) dragast síðan mánuðir í starfsendurhæfingu. Þetta er mjög varfærin forsenda. Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum en hún kostar samfélagið mjög mikið.

Út frá þessum forsendum var niðurstaða fyrir hvern og einn reiknuð út og þannig fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu. Niðurstaða þessara útreikninga gefur um 9,7 milljarða króna í ávinning á árinu 2013 og 11,2 milljarða króna á árinu 2014. Ábatinn af starfsemi skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir. Þessar stærðir eru settar í samhengi við rekstrarkostnað VIRK á þessum árum á mynd 18.



Mynd 18.

Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Þessi nálgun Talmakönnunar byggir á fremur varfærum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talmakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Árangursrík starfsendurhæfing er þannig ein af allra arðbærustu fjárfestingunum í okkar samfélagi og því mikilvægt að standa vörð um uppbyggingu hennar til framtíðar. Um leið er mikilvægt að aðrir aðilar velferðarkerfisins og innan atvinnulífsins styðji við þessa fjárfestingu með því að hvetja einstaklinga til sjálfshjálpar og leggja áherslu á mikilvægi þátttöku á vinnumarkaði á öllum þjónustustigum. Þetta á bæði við um þá sem bera ábyrgð á framfærslu einstaklinga í veikindum og einnig fagaðila innan félags- og heilbrigðiskerfisins. Til staðar þurfa að vera skýr sýn og stefna sem tryggja að mismunandi aðilar velferðarkerfisins vinni saman að þessu markmiði.



UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál

Með frumvarpinu er lagt til að almennt skatthlutfall virðisaukaskatts verði lækkað úr 25,5% í 24% þann 1. janúar 2015; í öðru lagi að lægra skatthlutfall virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12% þann 1. janúar 2015; í þriðja lagi að fólksflutningar í afþreyingarskyni verði gerðir skattskyldir frá og með 1. maí 2015 og falli ekki lengur undir undanþáguákvæði laga nr. 50/1998; í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til að almennt vörugjald verði að fullu afnumið frá og með 1. janúar 2015 og í fimmta lagi eru lagðar til hækkanir á viðmiðunarfrjárhæðum og hækkanir á tekjuskerðingarhlutföllum barnabóta á árinu 2015.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og fjölmörg aðildarfélög sambandsins hafa á síðustu vikum sent frá sér ályktanir um fjárlagafrumvarp fyrir komandi ár. Ályktanirnar eiga það allar sammerkt að í þeim er lýst verulegri andstöðu við fyrirætlanir um hækkanir virðisaukaskatts á matvörur sem mun koma illa niður á launafólki sem ver stórum hluta tekna sinna til kaupa á nauðsynjum auk þess sem þær takmörkuðu mótvægisáðgerðir, sem kynntar eru, munu

einungis gagnast hluta launafólks. Ályktanir miðstjórnar ASÍ og aðildarféлага má sjá í meðfylgjandi viðauka við umsögnina.

Athugasemdir við einstaka þættir frumvarpsins:

Þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, munu hafa umtalsverð áhrif á verðlag einstakra vara og ráðstöfunartekjur heimilanna og ljóst að þær munu koma með mjög mismunandi hætti við heimili eftir tekjum og neyslu enda fer mun stærri hluti tekna lágtekjuheimila til kaupa á matvöru en hjá tekjuhærri heimilum.

Þegar útgjöld til kaupa á mat- og drykkjarvörum eru greind eftir tekjutíundum (þar sem fyrsta tíundin hefur lægstu tekjurnar og sú tíunda hæstu) má sjá að munurinn á því hversu stór hluti ráðstöfunartekna fer til kaupa á matvörum er umtalsverður. Tekjulægstu heimilin nota allt að fimmtungi ráðstöfunartekna sinna til kaupa á mat á meðan tekjuhæstu heimilin nota tæp 10%. Tæplega 5% hækkan á mat- og drykkjarvörum mun því koma einkar illa niður á tekjulágum heimilum sem mörg hver ná ekki endum saman.

Sem aðgerð til að koma til móts við tekjulægri barnafjölskyldur vegna breytinga á virðisaukaskatti og vörugjöldum er í frumvarpinu lögð til hækkan á tekjutengdum barnabótum en á móti hækka tekjuskerðingarhlutföll um 1 prósentustig. Skerðingarmörk bótanna eru hins vegar óbreytt þriðja árið í röð sem veldur því að tekjur þeirra sem fá óskertar barnabætur á árinu 2015 eru um 6% lægri að raungildi en á árinu 2013. Benda má á að tekjuskerðingarmörk barnabóta eru það lág að barnafjölskyldur, sem hafa lágmarkslaun á vinnu-markaði, fá ekki óskertar barnabætur.

Þó að þessi mótvægisáðgerð komi vissulega að einhverju leyti til móts við tekjulág hjón með börn og einstæða foreldra gagnrýnir Alþýðusambandið harðlega að ekki skuli gripið til neinna mótvægisáðgerða gagnvart öðrum viðkæmum hópum sem hækkan á nauðsynjavörum mun koma afar illa við.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um virðisaukaskatt og vörugjöld, sem gerð var fyrir á þessu ári, og umfjöllunar OECD um að virðisaukaskattskerfið sé illa fallið til tekjujöfnunar en heppilegra sé að jafna lífskjör með markvissari hætti í gegnum skattkerfið. AGS bendir sérstaklega á það í skýrslu sinni að við breytingar á kerfinu þurfi að koma til móts við tekjulægri hópa í samfélaginu. Auk þess er í úttektinni bent á að til að vega á móti verðlagsáhrifum breytinga á virðisaukaskattskerfinu og draga úr verðbjögun sé skynsamlegt að afnema

vörugjöld og endurskoða tolla á landbúnaðarvörur. Við núverandi breytingar er einungis farið eftir hluta þessara ráðlegginga með afnámi vörugjalda. Það afnám mun einungis hafa mjög takmörkuð áhrif til lækkunar á matvöruverði á móti þeirri hækkun sem breytingar á virðisaukaskatti munu valda en eins og rakið hefur verið koma hækkunar á matvöru annars vegar og lækkun á ýmsum dýrari raftækum, heimilistækjum og byggingavörum hins vegar með mjög mismunandi hætti við heimili eftir efni og aðstæðum. Endurskoðun á tollakerfi landbúnaðarvara, sem eru mikilvæg uppistaða í matarinnkaupum flestra heimila, hefði hins vegar verið til þess fallin að vega á móti hækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts.

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að breytingin leiði til um 5% hækkunar á matvöru og öðrum vörum, sem falla undir lægra þrep virðisaukaskatts, en um 1,2% lækkunar á þeim vörum sem falla undir almenna skatthlutfallið auk þeirrar lækkunar sem verður vegna afnáms vörugjalda á þeim vöruflokkum sem bera slíkt gjald. Breytingin er í frumvarpinu talin hafa 0,2% áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs en í þeim áætlunum er gert ráð fyrir að breytingarnar skili sér allar að fullu út í verðlag til neytenda.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að verð er að jafnaði tregbreytanlegra til lækkunar en hækkunar. Þannig má t.a.m. ætla að hækkun á virðisaukaskatti á matvæli úr 7% í 12% muni skila sér hratt út í verðlag en möguleg lækkun á vörugjöldum og efra þrepi virðisaukaskattsins úr 25,5% í 24,5% kunni að skila sér síður. Árið 2007, þegar lægra þrep virðisaukaskatts var lækkað úr 14% í 7% og vörugjöld afnumin af matvörum öðrum en sykri og sætindum, fylgdist verðlagseftirlit ASÍ í samstarfi við viðskiptaráðuneytið vel með hvernig sú breyting skilaði sér út í verðlag til neytenda. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að aðgerðin skilaði sér einungis að hluta, einkum skilaði lækkun vörugjalda á matvöru sér illa til neytenda, auk þess sem ýmsir minni liðir lækkuðu minna en tilefni var til og ber þar helst að nefna lækkun á verði á hótél- og gististöðum. Þessar aðstæður eiga ekki síst við þegar kaupmenn sjá fram á vaxandi eftirspurn en flestar efnahagsspár eru sammála um að einkaneysla fari vaxandi á komandi misserum og því kann hvatinn til að skila lækkun á neyslusköttum út í verðlag að vera minni en ella. Verði þetta raunin nú verða áhrif breytinganna í heild á verðlag og ráðstöfunartekjur neikvæð.

Til viðbótar má benda á að afnám vörugjalda kann við núverandi aðstæður að hafa ýmsar neikvæðar þjóðhagslegar afleiðingar sem ekki hefur verið lagt mat á. Þær vörur, sem nú bera vörugjöld og munu lækka í verði, eru að mestu leyti innfluttar vörur og eftirspurn eftir þeim í flestum tilvikum næm fyrir

verðbreytingum þannig að afnám vörugjalda mun að líkindum leiða til aukins innflutnings með neikvæðum áhrifum á viðskiptajöfnuð. Þá mun samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu versna í samanburði við innfluttar vörur þar sem innfluttar vörur bera vörugjald af heildarverðmæti varanna á meðan innlend framleiðsla ber einungis vörugjald af innfluttum aðföngum en ekki launum starfsmanna. Þetta mun aftur leiða til verri viðskiptajafnaðar og hafa neikvæð áhrif á atvinnustig. Þessar aðstæður setja aukinn þrýsting á gengi íslensku krónunnar og ýta undir verðbólgu.

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, 3. mál

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum sem tengjast ráðstöfunum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015. Meðal helstu ákvæða frumvarpsins eru breytingar á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, þar sem annars vegar er fallið frá greiðslu ríkissjóðs til starfsendurhæfingsrjóða á árinu 2015 og hins vegar lögð til lækkun á jöfnunarframlagi ríkisins vegna örorkubyrdi lífeyrissjóða en lækkunin nemur um 20% á ári næstu fimm árin. Þá er lögð til framlenging á tímabundnu ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 vegna breytingar á ákvæði um vaxtabætur. Auk þess er lögð til lækkun á eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og lækkun á gjaldhlutfalli vegna kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara. Þá er lögð til hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og á sóknargjöldum auk þess sem heimild Framkvæmdasjóðs aldraðra til að verja fé í rekstur hjúkrunarrýma er framlengdur. Lagt er til að breyta ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar þannig að lengd bóatímabils atvinnuleysisbóta verði stytta úr þremur árum í tvö og hálf ár. Þá er lögð til framlenging á bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaga um hækkun á frítekjumarki örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar og breyting á lögum um sjúkratryggingar sem felur í sér að S-merkt lyf, sem ávísað er til notkunar utan sjúkrastofnana, skuli falla undir almennt greiðsluþáttökukerfi lyfja. Loks er í frumvarpinu lögð til lækkun á framlagi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, breyting á fjárhæðum losunarheimilda og gert ráð fyrir að lagt verði úrvinnslugjald á raf- og rafeindatæki.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og fjölmörg aðildarfélög sambandsins hafa á síðustu vikum sent frá sér ályktanir um fjárlagafrumvarp fyrir komandi ár. Í þeim er fjölmörgum af þeim þáttum, sem fram koma í frumvarpinu, mót-mælt harðlega og ber þar helst að nefna niðurskurð á framlagi vegna jöfnunar á örorkubyrdi lífeyrissjóða, niðurfellingu á framlagi til VIRK starfsendurhæfingsrjóðs, styttingu á bóatímabili atvinnuleysisbóta, aukna greiðsluþáttöku

sjúklinga vegna lyfja og lækun á raungildi vaxtabóta. Ályktanir miðstjórnar ASÍ og aðildarfélaga má sjá í meðfylgjandi viðauka við umsögnina.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

1., 2. og 4. gr. – Lagt er til að 0,325% hlutdeild lífeyrissjóða í tekjum af almennu tryggingagjaldi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða verði lækkuð um 20% á ári frá og með árinu 2015 og falli þannig alfarið brott á árinu 2019. Fyrirkomulagið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 15. nóvember 2005 þar sem stjórnvöld lýstu vilja sínum til samstarfs við Alþýðusambands Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir til að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðu milli einstakra sjóða. Samkomulagið kvað á um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi af tryggingargjaldsstofni sem komi til framkvæmda á árunum 2007–2009. Framlaginu var síðan komið á með breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald í desember árið 2006. Fyrir liggur að örorkutíðni innan ólíkra starfsgreina er mjög misskipt og því er örorkubyrði starfsgreinabundinna lífeyrissjóða sömuleiðis mjög misjöfn. Þannig er t.a.m. örorkubyrði lífeyrissjóða verkafólks og sjómanna margföld á við lífeyrissjóði skrifstofufólks og opinberra starfsmanna. Skerðing á framlagi til jöfnunar mun því koma verst niður á þeim sjóðum sem hafa hvað þyngsta örorkubyrði og verða þess valdandi að skerða þarf réttindi sjóðfélaga í þeim sjóðum um allt að 4,5%. Þá liggur einnig fyrir að breytingin mun eingöngu koma niður á lífeyrisréttindum launafólks á almennum vinnumarkaði en sjóðir þeirra þurfa lögum samkvæmt að rétta stöðu sína með skerðingu á réttindum á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna, sem tryggð eru með skattfé, standa óhöggð.

Alþýðusambandið mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun stjórnvalda að rjúfa einhliða það samkomulag, sem gert var við aðila vinnumarkaðarins, og krefst þess að fallið verði frá þessari skerðingu. Engin umræða eða rökstuðningur hefur komið fram um þá fullyrðingu, sem sett er fram í frumvarpi til fjárlaga, að forsendur yfirlýsingarinnar frá árinu 2005 hafi breyst talsvert og því eigi að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar. Með þessari aðgerð er vegið verulega að lífeyrisréttindum þess launafólks sem hvað lakast stendur.

3. gr. – Lögð er til frestun á framlagi ríkisins af almennu tryggingagjaldi til starfsendurhæfingarsjóða þriðja árið í röð. Aðilar vinnumarkaðarins sömdu í almennum kjarasamningum í febrúar 2008 um að hefja uppbyggingu á nýju fyrirkomulagi starfsendurhæfingar fyrir þá starfsmenn sem slasast eða veikjast

til lengri tíma þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmið samningsaðila var að tryggja að komið sé að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og kostur er. Samið var um að launagreiðendur hæfu greiðslu 0,13% iðgjalds til nýstofnaðs Starfsendurhæfingarsjóðs um mitt ár 2008 og jafnframt mundu ASÍ og SA beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði samsvarandi iðgjald til sjóðsins. Þessu til viðbótar var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn, sem undirritaði yfirlýsingu þess efnis í tenglum við gerð kjarasamninganna í febrúar 2008, um að ríkissjóður leggi Starfsendurhæfingarsjóði til sömu fjárhæð og launagreiðendur frá og með ársbyrjun 2009. Í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá því í júní 2009 var framkvæmd yfirlýsingarinnar frá febrúar 2008 ítrekuð og var þar kveðið á um lögfestingu á gjaldi ríkisins. Á árinu 2012 var loks bundið í lög að ríkissjóður greiddi þriðjungsframlag til starfsendurhæfingarsjóðs á móti lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins. Greiðslum ríkissjóðs var hins vegar frestað um eitt ár með óformlegu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2014 gegn því að greiðslur ríkisins hæfust á árinu 2015.

Alþýðusambandið gerir alvarlegar athugasemdir við að nú skuli stjórnvöld hins vegar ganga þvert á þetta samkomulag og þá samninga, sem gerðir hafa verið á undanföllum árum, og ákvarða einhliða að falla frá þríhliða samkomulagi um fjármögnun starfsendurhæfingar sem ella hefði numið um 1,3 milljörðum króna á árinu 2015. Sú forgangsroðun, sem þarna birtist, lýsir skammsýni stjórnvalda varðandi mikilvægi þess að stuðla að endurhæfingu til þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar áfalla og draga þannig markvert úr örorku-tíðni. Þetta er brýnt hagsmunamál fyrir bæði einstaklinga og samfélag.

5. gr. – Lögð er til framlenging á tímabundnu ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 vegna breytingar á ákvæði um vaxtabætur. Í þessu samhengi vill Alþýðusambandið benda á að viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hafa nú verið óbreyttar frá árinu 2011 á sama tíma og laun, verðlag og ekki síst húsnæðisverð hafa hækkað. Húsnæðisstuðningur ríkisins hefur því á liðnum árum lækkað umtalsvert að raungildi. Til viðbótar áréttar Alþýðusambandið nauðsyn þess að stjórnvöld komi með ríkulegum hætti að uppbyggingu á nýju húsnæðiskerfi hér á landi sem m.a. tryggir verulega uppbyggingu á félagslegu húsnæði fyrir þá hópa sem í dag hafa óviðráðanlega háan húsnæðiskostnað og fárra kosta vöð á húsnæðismarkaði. Auk þess er grundvallaratriði að endurskoða húsnæðisbótakerfið með það að leiðarljósi að auka jafnræði milli búsetuforma og auka stuðning við leigjendur sem er sá hópur sem stendur hvað verst að vígi á húsnæðismarkaði.

16.–18. gr. – Lagt er til að breyta ákvæðum laga um Atvinnuleysistryggingar þannig að lengd bótafímabils atvinnuleysisbóta verði stytt úr þremur árum í tvö og hálf ár. Alþýðusambandið leggst alfarið gegn þessum fyrirætlunum sem veða hart að þeim sem veikast standa á vinnumarkaði. Fyrir liggur að 600–700 manns munu vegna þessa missa bótarétt sinn hjá atvinnuleysistryggingasjóði um áramótin og ekki eiga kost á annarri framfærslu en fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem þó er lægri og lýtur mun stífari skilyrðum en bætur atvinnuleysistrygginga. Stór hópur fólks mun því verða án framfærslu vegna þessa og fjölga mun enn í þeim hópi sem býr við fátækt í okkar samfélagi. Þessi aðgerð skýtur einkar skökku við í ljósi þess að á sama tíma er dregið verulega úr framlögum til virkra vinnumarkaðsaðgerða og námstækifæra fyrir atvinnuleitendur.

19. gr. – Lagt er til að útgjöld vegna S-merktra lyfja falli undir hið almenna greiðsluþátttökukerfi lyfja eins og önnur lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu á og ávísað er til notkunar utan heilbrigðisstofnana. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga mun þessi ráðstöfun spara um 145 milljónir króna sem falla mun á viðkvæman hóp sjúklinga en einkum er um dýr, sérhæfð lyf að ræða. Til viðbótar við þetta stendur til skv. frumvarpi til fjárlaga að hækka viðmiðunar- fjárhæðir í greiðsluþátttökukerfi lyfja sem mun draga úr útgjöldum ríkisins um 160 milljónir króna til viðbótar og enn auka kostnað sjúklinga. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga í lyfjum og öðrum heilbrigðiskostnaði hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum og lýsir Alþýðusambandið verulegri andstöðu við þessa þróun sem veldur því að efnahagur ræður því í sífellt meiri mæli hvort einstaklingar geta sótt sér nauðsynleg lyf og heilbrigðisþjónustu og stórir hópar fólks þurfa að neita sér um þessa grundvallarþætti. Vaxandi greiðsluþátttaka leggst þungt á sjúklinga og tekjulága hópa sem hætta er á að hindri aðgengi að þjónustunni og auki misskiptingu. Þessi þróun er ógn gegn þeirri grundvallarsýn, sem sáttt hefur verið um í okkar samfélagi, að öllum skuli tryggt jafnt aðgengi að bestu fánlegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á óháð efnahag og aðstæðum.

20. gr. – Lögð er til breyting á álagningarstofni vegna greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara. Alþýðusambandið vill í þessu samhengi benda á að þrátt fyrir að dregið hafi úr fjölda þeirra mála, sem koma til úrvinnslu hjá umboðsmanni skuldara, er mikilvægt að ekki verði gengið lengra í að skerða framlög til stofnunarinnar en svo að henni verði áfram tryggður rekstargrundvöllur. Brýnt er að heimili í fjárhagserfiðleikum geti sótt sér hlutlausu ráðgjöf og þjónustu til umboðsmanns sem byggt hefur upp sérþekkingu á þessu sviði.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einka-hlutafélög og lögum um ársreikninga (samþykktir o.fl.), 12. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við efni frumvarps þessa. Tekið skal þó fram að mati ASÍ er einföldun á regluverki því sem gildir um félög með takmarkaða ábyrgð ekki það verkefni sem brýnast væri að ráðast í er það regluverk varðar.

Eru þingmenn í því sambandi og í þeirri vinnu, sem boðuð er í frumvarpinu við frekari einföldun, minntir á að misnotkun á félögum með takmarkaða ábyrgð, m.a. með svokölluðu „kennitöluflakki“, er alvarlegt vandamál í íslensku efnahagslífi. Í því samhengi – og þar sem vinna er hafin við endurskoðun þess lagaramma sem á við um slík félög – leggur ASÍ það til að þingmenn hafi til hliðsjónar greiningu og tillögur ASÍ frá 2013 til að sporna gegn kennitöluflakki. Þessar tillögur eru aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: <http://www.asi.is/media/2702/Kennitöluflakk-01102013.pdf>

Tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu internetsins og réttarvernd netnotenda, 16. mál

Almennt er Alþýðusamband Íslands hlynnt þeim markmiðum sem ályktuninni er ætlað að ná fram. Hins vegar vill Alþýðusamband Íslands koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi framkvæmdina og einstaka þætti tillögunnar:

Tillagan fjallar að hluta til um vinnumarkaðsmál, réttindi og skyldur þeirra sem koma hingað til starfa sem jafnframt snerta þá einstaklinga sem fyrir eru á vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands gagnrýnir því að í tillögunni sé ekki gert ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands eigi fulltrúa í fyrirhuguðum starfshópi sem vinna á að markmiðum tillögunnar. Forsenda þess að ná víðtækri sátt um málið og samstillta aðgerðir, sem allir hlutaðeigandi geti sæst á, er sú að ekki sé fjallað um málið út frá einangruðum markmiðum t.d. þeirra fyrirtækja sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Með vísan í framangreint krefst Alþýðusamband Íslands þess að fá að skipa sinn fulltrúa í viðkomandi starfshóp. Jafnframt bendir ASÍ á að nauðsynlegt er að velferðarráðuneytið eigi fulltrúa í starfshópnum enda fer það ráðuneyti með málefni vinnumarkaðarins og atvinnuréttindi útlendinga.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni, nánar tiltekið greinargerð starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagnýtingu internetsins í þágu nýsköpunar og atvinnuþróunar, segir m.a. undir liðnum „tillögur“ annars vegar að beint skuli til innanríkisráðuneytisins að settur verði sérstakur lagarammi um

atvinnuréttindi „sérhæfðra erlendra starfsmanna“, og hins vegar að skoða þurfi möguleikann á því að „erlendir sérfræðingar“ geti fengið skattaávilnun. Framangreindu sé ætlað að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja þegar kemur að því að laða til sín erlenda sérfræðinga. Hvað þetta varðar skal því haldið til hags að Alþýðusamband Íslands er að sjálfsögðu hlynt því markmiði að íslenskt atvinnulíf eigi greiðan aðgang að mannauði sem sé nauðsynlegur til að styrkja íslenskt atvinnulíf. Hins vegar skal því haldið til hags að mikilvægt er að ræða hugsanlegar sérmeðferðir af yfirvegum:

1. Í greinargerð starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem fylgir með frumvarpinu, er bæði talað um „sérhæfða“ erlenda starfsmenn og „sérfræðinga“ án þess að þessi hugtök séu skilgreind nánar. Nauðsynlegt er að taka á þessu álítaefni þannig að engum vafa sé undirorpið hvað átt er við. Mikilvægt að er það verði gert og nauðsynlegt að velferðarráðuneytið og Alþýðusambandið komi að þeirri vinnu.
2. Hvað varðar reglur um mögulega flýtimeðferð vegna afgreiðslu atvinnuleyfa til útlendinga er mikilvægt að leggja mat á núverandi fyrirkomulag, hvaða hindranir eru í veginum og hvernig best sé að taka á þeim. Komið hafa fram athugasemdir við núverandi fyrirkomulag sem sannanlega standast ekki samkvæmt þeim upplýsingum sem komið hafa fram af hálfu Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar. Hvað varðar skattaávilnanir þá er um frávik frá grundvallarreglunni um jafnræði að ræða og því mikilvægt að ræða almennt séð um hvort og þá hvenær skattaávilnanir geti átt rétt á sér, m.a. vegna mögulegra áhrifa þeirra á vinnumarkaðinn. Jafnframt verður sú umræða að vera miklu víðtækari en einungis hvað varðar hagsmuni ákveðins þáttar íslensks atvinnulífs. Alþýðusamband Íslands lýsir sig að sjálfsögðu reiðubúið að taka þátt í slíkri umræðu.

Tillaga til þingsályktunar um fjármögnun nýs Landspítala, 25. mál

41. Þing Alþýðusambands Íslands, sem lauk í Reykjavík 24. október 2014 ályktaði um heilbrigðismál. Í ályktun þingsins segir m.a.: „Heilbrigðiskerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum og nauðsynlegt er að forgangsraða í opinberum rekstri svo öllum verði aftur tryggð heilbrigðisþjónusta í fremstu röð. Til þess þarf m.a. að hefjast nú þegar handa við byggingu á nýjum Landspítala.“

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að leitað verði leiða til þess að tryggja fjármögnun nýs Landspítala og mælir því með því að Alþingi samþykki þingsályktunartillöguna.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 30. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna, um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, sem heimili að sjóðirnir fjárfesti í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Samkvæmt túlkun Fjármálaeftirlitsins hafa verðbréf, sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga, ekki talist til verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum fjármálamarkaði og þau fyrrnefndu hafa því verið skilgreind sem önnur óskráð verðbréf og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í þeim því takmarkast við 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Ljóst er að upplýsingaskylda félaga, sem skráð eru á markaðstorgi fjármálagerninga, er ekki eins rík og þeirra félaga, sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði, og gera því ríkari kröfur til fjárfesta um upplýsingaröflun og greiningu. Í greinargerð með frumvarpinu segir að þær kröfur, sem gerðar eru varðandi rekstur markaðstorgs fjármálagerninga, séu að mestu leyti sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru á skipulögðum markaði, þó svo að fjármálafyrirtæki eða kauphöll, sem rekur markaðstorg fjármálagerninga, sé veitt meira svigrúm til mótunar á eigin reglum en á skipulögðum fjármálamarkaði. Er í þessu sambandi vísað til þess að Kauphöll Íslands, sem nú rekur eina markaðstorg fjármálagerninga hér á landi, First North Iceland, hafi sett reglur m.a. um upplýsingagjöf fyrirtækja sem leitast við að nálgast þá skyldu sem hvílir á félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum markaði. Þrátt fyrir þetta verður að gera þann fyrirvara að ekki er tryggt að aðrir aðilar, sem kunna að koma að markaðstorgi fjármálagerninga, setji sambærileg skilyrði þar sem löggin gefa rekstaraðilanum nokkurt svigrúm varðandi þær kröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem skrá fjármálagerninga sína á markaðstorginu.

Má í þessu samhengi nefna að félögum á markaðstorgi fjármálagerninga ber ekki – líkt og félögum á aðalmarkaði – að upplýsa um laun og hlunnindi stjórnenda og birta stjórnháttaryfirlýsingu. Alþýðusambandið leggur í stefnu sinni áherslu á að lífeyrissjóðir séu ábyrgir hluthafar sem fylgi fjárfestingum sínum eftir og setji sér í því augnamiði hluthafastefnu og skýrar reglur um

launagreiðslur til stjórnenda í þeim fyrirtækjum sem þeir fjárfesta í. Margir lífeyrissjóðir hafa þegar mótað sér slíka stefnu. Með auknum fjárfestingum í félögum, sem ekki ber að birta framangreindar upplýsingar, verða möguleikar til aðhalds með þessum þáttum takmarkaðir.

Breytingin felur í sér verulega auknar heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í bréfum utan skipulagðs verðbréfamarkaðar. Alþýðusambandið leggur í þessu samhengi áherslu á mikilvægi þess að farið sé varlega við veitingu slíkra heimilda og bendir á að eftir hrun hafa heimildir til fjárfestinga í óskráðum bréfum verið auknar úr 10% í 20% af hreinni eign. Þrátt fyrir að fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna hafi fækkað frá bankahruni og áhrif gjaldeyrisaftanna takmarki mjög möguleika þeirra til fjárfestinga er nauðsynlegt að áfram séu höfð að leiðarljósi megin sjónarmið laganna um áhættudreifingu og varfærni í fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Sé vilji til þess að rýmka heimildir til fjárfestinga í fjármálagerningum utan skipulegs markaðar er rétt að gera það í samhengi við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna að undanenginginni ítarlegri skoðun og mati á áhrifum og mögulegri áhættu.

Alþýðusambandið hvetur því til þess að farið verði að tillögum úttekta nefndar Landssamtaka lífeyrissjóða og lokið verði vinnu við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum (aldurstengd örorkuuppbót), 35. mál

Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 21. gr. laganna þess efnis að þeir örorkulífeyrisþegar, sem fá greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur, fái hana einnig eftir að þeir ná 67 ára aldri og fá greiddan ellilífeyri. Markmið breytinganna er að koma í veg fyrir að þeir örorkulífeyrisþegar, sem fengið hafa greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur, verði ekki fyrir tekjutapi við það eitt að ná 67 ára aldri eins og nú er raunin hjá ákveðnum hópi.

Alþýðusamband Íslands styður markmið breytinganna og telur eðlilegt að horfa til þess að markmið aldurstengdu uppbótarinnar er að bæta kjör þeirra sem orðið hafa öryrkjar snemma á starfsævinni og hafa því haft takmarkaða möguleika á að safna sér upp réttindum í lífeyrissjóðum. Í þessu sambandi er þó bent á að nú stendur yfir vinna við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar í fjölskipaðri nefnd sem áætlað er að skila tillögum til ráðherra á næstunni. ASÍ telur því eðlilegt að umræddar tillögur verði ræddar og settar í samhengi við þá heildarendurskoðun.

Frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka), 57. mál

Alþýðusamband Íslands hefur, er málið var lagt fram á fyrri löggjafarþingum, gefið eftirfarandi umsögn sem nú er ítrekuð:

„Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér hófsama og skynsamlega tillögu í þá átt að gera þeim auðveldara fyrir sem vilja nýta atkvæði sitt til persónukjörs þvert á flokka. Slík breyting verður að teljast skynsamleg enda verði það að teljast lýðræðislegt að búa þannig um kosningakerfið að lýðræðishugmyndum sem flestra sé mætt án þess að gengið sé of langt á þætti er varða skilvirka framkvæmd kosninga. Að mati Alþýðusambands Íslands mætir frumvarp þetta ofangreindum sjónarmiðum og er því lagt til að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.“

Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, 102. mál

Sá hluti þessa frumvarps, sem varðar félagsmenn aðildarféлага Alþýðusambands Íslands með beinum hætti, er 5. gr. frumvarpsins sem kveður á um að atvinnubílstjórar á stórum ökutækjum skuli undirgangast endurmenntun á fimm ára fresti.

Umrædd 5. gr. frumvarpsins felur í sér verulegt inngríp í atvinnuréttindi atvinnubílstjóra og þrátt fyrir að Alþýðusamband Íslands sé á þeirri skoðun að krafa þessi sé úr hófi verður að horfast í augu við það að Ísland er skuldbundið í gegnum EES-samninginn að taka þessa reglu inn í landsrétt. Frumvarpið skýrir ekki með nánari hætti hvað í þessari kröfu um endurmenntun felst og væri það að mati Alþýðusambands Íslands, með vísan í 75. gr. stjórnarskránnar, æskilegra ef frumvarpið væri ítarlegra um það efni.

Að öðru leyti og til áréttingar framangreinds vísar Alþýðusamband Íslands, hvað 5. gr. frumvarpsins varðar, til þeirra sjónarmiða sem fram koma í skilabréfi starfshóps um endurmenntun atvinnubílstjóra frá 4. mars 2013 til þáverandi innanríkisráðherra.

Hvað frumvarpið varðar, að undanskildu ofangreindu, gerir Alþýðusamband Íslands ekki efnislegar athugasemdir.

Frumvarp til laga um Ábyrgðasjóð launa, 105. mál

Frumvarp þetta er tilkomið vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA

(ESA), í kjölfar dóms EB-dómstólsins í máli nr. C-435/10, til íslenska ríkisins vegna skilyrðis í gildandi lögum um Ábyrgðasjóð launa um virka atvinnuleit einstaklinga sem eru kröfuhafar Ábyrgðasjóðs.

Frumvarp þetta er eingöngu til komið til að fella ofangreint skilyrði brott og felur ekki í sér að öðru leyti neina efnislega breytingu á réttarstöðu einstaklinga sem þurfa að lýsa kröfum sínum til Ábyrgðasjóðs launa.

Haft var samráð við Alþýðusamband Íslands við vinnslu frumvarpsins í velferðarráðuneytinu og tekið var tillit til þeirra sjónarmiða sem sett voru fram. Er því engar efnislegar athugasemdir gerðar við frumvarp þetta.

Frumvarp til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, 106. mál

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er hér um að ræða lögfestingu á reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011, um frjálsa för launafólks. Með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) er Ísland skuldbundið til að leiða reglugerðina í lög hér á landi. Alþýðusambandið telur rétt að áréttu að með aðildinni að EES og á grundvelli þeirrar reglugerðar ESB, sem hér er verið að lögfesta, er Ísland að taka á sig skyldur sem mikilvægt er að hlutadeigandi aðilar séu upplýstir um og að þeir uppfylli með fullnægjandi hætti. Slíkt er mikilvæg forsenda þess að einstaklingarnir njóti þeirra réttinda, sem þeim ber, og að skuldbindingarnar valdi ekki röskun á íslenskum vinnumarkaði. Nefnd sú sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandi til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, 120. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þess.

ASÍ vill jafnframt vekja athygli á því að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, sem undirritaður voru þann 5. maí 2011, ákváðu ASÍ og SA með sérstakri bókun að óska eftir breytingu á lögum nr. 30/2004 þannig að engum vafa yrði undirorpið að tilkynning vinnuveitanda um váttryggingaratburð jafngildi skyldum váttrygðs í skilningi laganna.

Bókunin er svohljóðandi:

„Bókun um tilkynningu vinnuslysa

ASÍ og SA munu sameiginlega óska eftir breytingu á lögum nr. 30/2004 um váttryggingasamninga þess efnis að tilkynning vinnuveitenda um váttryggingaratburð jafngildi skyldum váttryggðs í því efni skv. 51. gr. laganna hafi hann ekki tilkynnt um atburðinn.“

Settur var á fót sérstakur vinnuhópur samtakanna. Í vinnu hans kom í ljós að samkvæmt túlkun úrskurðarnefndar í váttryggingamálum hefur 124. gr. laganna verið túlkuð þannig að tilkynning lögreglu um váttryggingaratburð, sem borist hefur váttryggingarfélagi, jafngildi kröfu í skilningi ákvæðisins. Ákvæðið er þó ekki skýrt hvað þetta varðar. Þeirri breytingu, sem lögð er til, er ætlað að endurspeglar þá framkvæmd, sem viðhöfð er, auk þess sem komið er með henni til móts við óskir aðila vinnumarkaðarins í þessu efni.

Sú breyting, sem aðilar urðu ásáttir um, er eftirfarandi:

Í 1. mgr. 124.gr. laganna, á eftir orðunum

“ Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins ...

bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „eða því borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti“

1. mgr. hljóði svo eftir breytingar:

Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins eða því borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Það er einlæg von ASÍ að efnahags- og viðskiptanefnd sjái sér fært að hrinda í framkvæmd ofangreindri bókun aðila vinnumarkaðarins.

Tillaga til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, 122. mál

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ennþá

umtalsvert atvinnuleysi hér á landi. Þannig var atvinnuleysi í febrúarmánuði sl. 4,6% samkvæmt gögnum Hagstofunnar sem þýðir að um 8.600 einstaklingar voru án vinnu og í atvinnuleit. Þessi niðurstaða er með öllu ósættanleg bæði fyrir þá einstaklinga, sem eiga í hlut, og samfélagið allt.

Í greinargerðinni er vísað til samstarfs aðila vinnumarkaðarins á síðustu árum um að takast á við samdrátt og atvinnuleysi, sem hér varð í kjölfar hrunsins, sem skilaði miklum árangri og sýndi að með samstarfi þeirra sem málið varðar og samhentu átaki má ná miklum árangri í þessum efnunum þar sem byggt er á markvissum og einstaklingsmiðuðum virkniúrræðum. Hér má nefna samstarfverkefni með yfirskriftunum „Ungt fólk til athafna“, „PÖR“, „Vinnandi vegur“, „Nám er vinnandi vegur“ og „Liðsstyrkur“, sem hvert með sínum hætti skiluðu miklum árangri og mikilvægum lærdómi. Tekið er undir með tillöguhöfundum að mikilvægt er að byggja frekar á þeim grunni, sem lagður hefur verið í baráttunni við atvinnuleysið, og kalla til þá aðila sem gleggst þekkja til málanna.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunin verði samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan, 127. mál

Tillögunni er ætla að hvetja til þess að Ísland og eftir atvikum EFTA ljúki gerð fríverslunarsamnings við Japan. ASÍ styður að Ísland ljúki slíkum samningum við þau ríki sem virða grundvallarréttindi frjálsrar verkalýðshreyfingar og almenn mannréttindi. Japan skipar sér í þann hóp ríkja. ASÍ áskilur sér rétt til þess að taka afstöðu til efnis slíks fríverslunarsamnings þegar og ef til þess kemur að honum verði lokið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (hæfi dyravarða), 158. mál

Alþýðusambandið styður framangreint frumvarp enda er hér um brýnt hagsmuna- og framfaramál að ræða. Jafnframt er lögd áhersla á að við reglugerðarsmiðina verði haft samráð við stéttarfélag dyravarða og samtök þeirra, Starfsgreinasamband Íslands. Í því sambandi skal bent á að þegar er til staðar áralöng reynsla af námskeiðahaldi fyrir dyraverði í góðu samstarfi stéttarfélaganna og lögreglustjóra- og sýslumannsembætta á viðkomandi stað sem mikilvægt er að nýta.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandi til að frumvarpið verði samþykkt hið allra fyrsta og efni þess hrint í framkvæmd.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, 159. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta sem ætlað er að skjóta styrkari stoðum undir nauðsynlega upplýsingaöflun embættisins í þágu þeirra sem til þess þurfa að leita.

Frumvarp til laga um opinber fjármál, 206. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um opinber fjármál. Með lögnum er stefnt að heildstæðri löggjöf um opinber fjármál með það að markmiði að styrkja stjórn opinberra fjármála. Á þessu hefur verið veruleg þörf hér á landi en stjórn opinberra fjármála hefur ekki verið til þess að stuðla að stöðugleika hér á landi.

Í frumvarpinu birtist margt til bóta á núverandi fyrirkomulagi en þar birtast metnaðarfull markmið um opinber fjármál, auk þess sem umgjörðin er líkleg til að draga úr óvissu og auka aga og fyrirsjáanleika við stjórn ríkisfjármála. Þarna má vísa til þess sem birtist í 4. gr. og 5. gr. um mótun fjármálastefnu og árlegrar fjármálaáætlunar.

Í 7. gr. birtast markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar um afkomu, annars vegar að hámark heildarskulda – að frátöldum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum – sé lægra en sem nemur 45% af vergri landsframleiðslu; hins vegar að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu. Alþýðusambandið vill þó benda á mikilvægi opinberra fjármála við áföll á efnahagslífið og því mikilvægi þess að víkja frá markmiðum við slíkar aðstæður. Í því samhengi kann að vera rétt að endurskoða ákvæði í 10. gr. um að víkja megi frá skilyrðum í allt að tvö ár. Sá tími kann að vera of skammur.

Í 50. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs komi til með að vera skilgreindar og flokkaðar samkvæmt hinum alþjóðlega GFS-staðli. GFS-staðallinn gerir hins vegar greinarmun á sköttum og framlögum sem eru ígildi iðgjalda, t.d. atvinnutryggingagjald, gjald til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, fæðingarorlofsgjald, ábyrgðargjald vegna tryggingar krafna vegna gjaldþrota vinnuveitenda, gjald til starfsendurhæfingarsjóða, markaðsgjald og iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

Alþýðusambandið gerir hins vegar verulega athugasemd ef ætlunin er að láta slík iðgjöld renna beint í ríkissjóð en með því væri horfið frá því fyrirkomu-

lagi að markaðir tekjustofnar standi undir skilgreindri þjónustu. Gangi þetta eftir verður m.a. grundvallarbreyting á ráðstöfun tryggingargjalds og öðrum mörkuðum tekjustofnum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um og eru ígildi iðgjalda.

Slík gjöld eru ólík öðrum mörkuðum tekjustofnum ríkisins þar sem þau eru hluti af þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins og er þeim ætlað að standa undir fjármögnun ákveðinna réttinda á vinnumarkaði.

Verði frumvarpið að lögum án þess að gerð verði breyting á 50. gr. þess er ríkisvaldið í raun að segja sig frá því fyrirkomulagi sem verið hefur á vinnumarkaði og byggt hefur á þríhliða samskiptum verkalyðshreyfingar, stjórnvalda og atvinnurekenda. Slík breyting getur grafið undan friði á vinnumarkaði.

Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál

Í athugasemdum með frumvarpinu segir: „Tilgangur breytinganna er að auka hagkvæmni og bæta vinnubrögð með því að sameina sjö úrskurðar- og kærunefndir í eina nefnd.“ Þá segir: „Hér er gert ráð fyrir að ein ný manna nefnd, þar af þrír nefndarmenn í fullu starfi, komi í stað sjö nefnda þar sem nefndarmenn sinna að jafnaði starfinu sem aukastarfi. Þá er gert ráð fyrir að nefndin hafi fasta starfsmenn í stað þess að starfsmenn ráðuneytisins starfi fyrir nefndirnar, oft samhliða öðrum störfum. Þannig ætti að vera betur tryggt að nefndarmenn og starfsmenn geti annað þessum störfum og öðlist meiri þekkingu og reynslu í störfum sínum. Þá ættu samræmdar málsmeðferðarreglur og möguleikar til að jafna álag á nefndarmenn og starfsmenn vegna breytilegs fjölda kærumála á mismunandi sviðum að fela í sér tækifæri til aukinnar hagræðingar. Það ætti einnig að tryggja betur samræmda og vandaða málsmeðferð. Loks verður sjálfstæði úrskurðarnefndarinnar betur tryggt þar sem starfsmenn ráðuneytisins koma ekki lengur að undirbúningi úrskurða.“

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið, sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu, og að aukið verði á skilvirkni í þessum efnum. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að við skipun í nefndina verði lögð áhersla á að finna aðila sem hafi nauðsynlega sérþekkingu á þeim sviðum sem úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um. Sama gildir um starfsfólk úrskurðarnefndarinnar. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á heimild skv. 3. mgr. 3. gr., þar sem segir: „Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn við meðferð einstakra mála. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.“

Alþýðusambandið leggur áherslu á að sköpuð verði þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til að ná framangreindum markmiðum, og að í nefndina veljist m.a. einstaklingar með mikla og góða þekkingu á sviði vinnuréttar. Þá tekur ASÍ undir að rétt er að biðja að svo komnu máli með að fella úrskurðarnefnd jafnréttismála undir nefndina enda eru þar breytingar í bígerð sem mikilvægt er að huga betur að áður en frekari ákvarðanir verða teknar um framtíð hennar.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandi til að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána (frádráttarliðir), 240. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta sem skv. markmiðum sínum er ætlað að stuðla að jafnari meðferð eðlislíkra tilvika og skýra framkvæmd. Samkvæmt umsögn skrifstofu opinberra fjármála mun frumvarpið ekki hafa áhrif á heildarútgjöld vegna skuldaleiðréttingarinnar. Æskilegt hefði verið að fyrir lægi hver áætluð fjárhæð nýrra frádráttarliða er og hvaða áhrif hækkunar þessar hafi á áætlaða skuldaleiðréttingu þeirra sem þessara lækkana nutu og raunar þess hóps sem áætlað er njóti lækkunar skv. lögum nr. 35/2014.

Frumvarp til laga um sjúkratryggingar (flóttamenn), 242. mál

Samkvæmt markmiðum sínum er frumvarpinu ætlað að styrkja réttarstöðu þeirra einstaklinga sem fá réttarstöðu flóttamanna án þess að koma hingað til lands í boði stjórnvalda. ASÍ styður þessi markmið og samþykkt frumvarpsins. ASÍ vekur athygli nefndarinnar á því að þeir einstaklingar, sem fá dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum, njóta ekki þessarar réttarstöðu. Gild rök má færa fram fyrir því að staða þeirra og þörf fyrir aðstoð sé hin sama og þeirra sem fá stöðu flóttamanna. ASÍ telur því bæði eðlilegt og rétt að jafnræðis verði gætt í þessu efni og sömu reglur verði látnar gilda um þá sem veitt er skjól hér á landi af mannúðarástæðum.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi lýst yfir ánægju sinni með að ráðist hafi verið í gerð áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Sjálfbær nýting auðlinda landsins er þjóðhagslega mikilvæg og er grunnur að samfélagslegri velferð og bættum lífsskilyrðum sem verkalýðshreyfingin berst fyrir.

ASÍ hefur einnig lagt ríka áherslu á að mikilvægt sé að standa vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu

sem að baki rammaáætlunar liggur. Því hefur ASÍ stutt þær tillögur sem koma frá verkefnisstjórninni á hverjum tíma.

Verkefnisstjórn lagði til á síðasta ári, að undangenginni athugun á tiltækum rannsóknaniðurstöðum, að Hvammsvirkjun yrði færð í nýtingarflokk. Þá tilögu studdi ASÍ í umsögn sinni, dags. 07.05.2012.

Breytingartillagan, sem hér um ræðir, leggur til að Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun verði færðar úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk. Samkvæmt niðurstöðum verkefnisstjórnar 3. áfanga er enn þá óvissa um afdrif laxfiska á svæðinu. Telur verkefnisstjórnin að til þess að hægt verði að taka afstöðu til þessara virkjanakosta þurfi að liggja fyrir upplýsingar um mótvægisáðgerðir sem miða að verndun fiskistofna. ASÍ leggur til að hraðað verði rannsóknum á svæðinu svo hægt verði að taka faglegar ákvarðanir um ofangreinda virkjunarmöguleika.

Núverandi verkefnisstjórn hefur ekki fjallað efnislega um Skrokkölduvirkjun og Hagavatnsvirkjun. Einnig hefur komið fram að verkefnisstjórn 2. áfanga lauk ekki umfjöllun sinni um Hagavatnsvirkjun og hefur því Hagavatnsvirkjun aldrei fengið fullnægjandi umfjöllun í verkefnisstjórn rammaáætlunar, hvorki í 2. áfanga né 3. áfanga.

Að mati ASÍ er nauðsynlegt að hver virkjanakostur fái þá umfjöllun hjá verkefnisstjórn, byggða á faglegum rannsóknarniðurstöðum, sem vera ber áður en lagt er til að færa einstaka virkjanakosti úr einum flokki yfir í annan. Æskilegt væri að verkefnisstjórn 3. áfanga afgreiddi Skrokkölduvirkjun, að undangengnum rannsóknarniðurstöðum, þar sem fyrri verkefnisstjórn lagði til að hún færi í nýtingarflokk.

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að Alþingi styðji þá breiðu sátt um fagleg vinnubrögð sem einkennt hefur alla vinnu í tengslum við undirbúning áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og mælist því til að tillögur verkefnisstjórnar á hverjum tíma séu virtar.

Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög), 257. mál

Frumvarpi þessu er ætlað að sameina í eina þjónustumiðstöð þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að annast ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

ASÍ hefur eftirfarandi athugasemdir og ábendingar er varða frumvarpið:

Í 3. gr. frumvarpsins eru hugtök skilgreind, þar á meðal hugtakið endurhæfing: „16. Endurhæfing: Meðferð eða þjálfun sem stefnir að því að einstaklingur nái færni sem hann hafði áður.“

ASÍ telur mikilvægt að skýrt verði betur í frumvarpinu að hér sé ekki átt við atvinnutengda starfsendurhæfingu eins og kveðið er á um í lögum nr. 60/2012.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál

Það er skoðun ASÍ að núverandi fyrirkomulag í mjólkuriðnaði sé hvorki besta leiðin til að bæta hag neytenda né að það skapi næga hvata fyrir framleiðendur til þess að auka samkeppnishæfni, framleiðni og lækka vöruverð. Þvert á móti telur ASÍ að núverandi fyrirkomulag komi í veg fyrir þá hvata sem heilbrigð samkeppni kemur öllum til góða. Þannig er innkoma nýrra aðila á markað nær útilokud og stórum aðilum gert kleift að nýta sér markaðsráðandi stöðu til að koma í veg fyrir samkeppni.

Það er álit ASÍ að ekki hafi verið færð sterk rök fyrir því að mjólkuriðnaður skuli undanþeginn samkeppnislögum. Alþýðusambandið styður þannig þær breytingar sem lagðar eru til í ofangreindu frumvarpi.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál

ASÍ telur það jákvætt skref að fyrir liggja stefna um lagningu raflína sem höfð er að leiðarljósi við gerð kerfisáætlunar. Mikilvægt er að sátt ríki um stórar framkvæmdir við meginflutningskerfið þar sem horfa þarf til kostnaðar og þ.a.l. áhrifa á raforkuverð og samkeppnishæfni ólíkra atvinnugreina en ekki síður til ábata, sem er ekki alltaf skýr, ábata af ósnortinni náttúru fyrir komandi kynslóðir, landsmenn og ferðamenn.

ASÍ tekur undir þau sjónarmið að umhverfis- og öryggissjónarmið geti kallað á lagningu jarðstrengs umfram loftlínu. Hins vegar eru þau viðmið þröng eins og þau birtast í þingskjalinu og telur ASÍ að þörf sé á 6. viðmiðinu sem tekur á línuleið sem liggur utan friðlands eða þjóðgarðs (skv. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd). Að óbreyttu er stefnan ekki líkleg til að skapa sátt um meginflutningskerfið og líkleg til að skapa deilur um ákvörðun þjóðgarða og friðlanda.

Einnig gerir ASÍ athugasemdir við kostnaðarviðmiðin og telur að þau kunni að vera of lág og takmarkandi, sérstaklega þegar ráðist verður í framkvæmdir í ósnortinni náttúru þar sem mikilvægt er að breið sátt ríki.

Frumvarp til laga um almannatryggingar (bótarétt, stjórnsýslu, EES-reglur o.fl.), 322. mál

Samkvæmt markmiðum sínum er frumvarpinu ætlað að bæta og skýra stjórnsýslu Tryggingastofnunar og réttarstöðu almennings gagnvart stofnuninni. ASÍ gerir ekki athugasemdir við það heildarmarkmið og styður þá viðleitni m.a. hvað varðar réttarstöðu þeirra sem frá landinu fara tímabundið til náms og starfa erlendis.

ASÍ telur að sú víðtæka heimild, sem opnuð er í c.(10. gr.) lið 1. greinar frumvarpsins, sé of víðtæk. Samkvæmt henni getur ráðherra, að fenginni umsögn forstjóra, ákveðið staðsetningu stofnunarinnar. Tryggingastofnun er ein af mikilvægustu stofnunum ríkisins þegar kemur að samskiptum við borgarana. Á það sérstaklega við um þá hópa sem undir högg eiga að sækja vegna áfalla og aldurs. Samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar er hún helsta „miðstöð velferðarmála á Íslandi“ þar sem starfa „rúmlega 100 manns við að leysa flókin verkefni og veita stórum hópi landsmanna þjónustu“. Það er álit ASÍ að vel þurfi að vanda til ákvarðanatöku um aðsetur Tryggingastofnunar hverju sinni og að óásættanlegt sé að það vald sé falið einum ráðherra án samráðs og án samþykkis Alþingis.

ASÍ vill vekja athygli á því að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður með öllu bætur til þeirra sem hefja afplánun refsisdóma. Í greinargerð með 16. gr. segir: „Er í þessu sambandi lögð áhersla á að fangar „sem eru lífeyrisþegar, séu jafnsettir öðrum föngum sem missa tekjur sínar þegar afplánun hefst.“ Ákvæðið er fortakslaust og tekur ekki tillit til þess að almennt gefst föngum tækifæri til launaðrar vinnu meðan á afplánun stendur, vinnu sem öryrki í afplánun hefur ekki tækifæri til þess að sinna. Slíkur fangi er ekki jafnsettur öðrum föngum og eðlilegt að lögin geri ráð fyrir að taka megi tillit til slíkra tilvika.

Varðandi ákvæði 24. gr. leggur ASÍ áherslu á mikilvægi þess að finna því vandamáli, sem þar er glímt við, lausn til frambúðar.

Tillaga til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna, 338. mál

Alþýðusamband Íslands hefur ekki tekið afstöðu til þessara hugmynda þegar þær hafa fyrr komið fram, m.a. 1994. Sú afstaða er óbreytt.

Frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972, með síðari breytingum, 339. mál

ASÍ bendir á, líkt og í umsögn sinni frá 04.06.2010, þar sem fjallað er um sama mál, að markmiðið með orlofslögum á sínum tíma var að veita þeim konum, sem veittu heimili forstöðu, færi á að taka orlof líkt og launafólk hafði samið um við atvinnurekendur.

Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum rétt til orlofs líkt og launafólki. Um félagsleg réttindi er því að ræða fyrir þennan hóp sem hann gat ekki öðlast á grundvelli kjarasamninga.

Í greinargerð með frumvarpi því sem óskað er umsagnar um kemur fram að vegna breytinga á vinnumarkaði og stöðu kvenna má ætla að stór hluti þeirra sem þegið hafa húsmæðraorlof undanfarinn áratug eigi lögbundinn rétt til orlofs. Einnig kemur fram í greinargerðinni að orlof húsmæðra standi jafnt þeim konum til boða sem starfa heima við eða á almennum vinnumarkaði.

ASÍ tekur undir það að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist stórlega allt frá byrjun áttunda áratugarins og að samfélagið hefur tekið örum breytingum á undanförunum áratugum. Staða kynjanna varðandi heimilishald og barnauppheldi er önnur í dag en hún var þegar löggin um orlof húsmæðra voru sett árið 1960. Þrátt fyrir breytta tíma þá sýna kannanir því miður að ennþá eru heimilisstörf og umönnun barna frekar á ábyrgð kvenna en karla.

Þrátt fyrir örar samfélagsbreytingar og að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er meiri en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við þá vinna íslenskar konur enn þá fleiri ólaunaðar vinnustundir við heimilisstörf en karlar. Alþýðusambandið telur nauðsynlegt, áður en Alþingi tekur ákvörðun um að afnema réttindi tiltekinna hópa í þjóðfélaginu, að kannað sé hvaða áhrif slík aðgerð hefur fyrir þann hóp og einnig að það liggi fyrir hversu fjölmennur sá hópur er sem ákvörðunin hefur áhrif á.

Í 6. gr. núgildandi orlofslaga segir m.a.:

Þegar valið er úr umsóknum skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna.

ASÍ leggur til að úttekt verði gerð á því hvernig sá hópur er samansettur sem

hefur nýtt sér orlofsréttindi húsmæðra sl. fimm ár og hvort hópurinn uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í lögum.

Á grundvelli framangreinds telur ASÍ nauðsynlegt að gerð verði úttekt á hversu fjölmennur sá hópur er sem hefur beina hagsmuni af orlofi húsmæðra samkvæmt núgildandi orlofslögum. Einnig þarf að fara fram úttekt á hvernig þeir hópar eru samansettir sem hafa nýtt sér orlofsréttindin síðast liðin ár. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir getur sambandið tekið afstöðu til þess hvort breyta þurfi eða afnema núverandi lög um orlof húsmæðra eða ekki.

Að lokum bendir ASÍ á að ef frumvarpið nær fram að ganga og lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi í núverandi mynd þar sem þau ná ekki markmiði sínu, þá þá verði tryggt að það fjármagn, sem veitt hefur verið í orlofssjóð húsmæðra, nýtist á annan hátt því barnafólki sem ekki hefur tök á launuðu orlofi.

Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 402. mál

Ljóst er af lestri frumvarpsins að það mælir ekki fyrir um verulegar breytingar á núgildandi ákvæðum laga um sama efni.

Efnisleg athugasemd Alþýðusambands Íslands við frumvarpið lýtur að skilgreiningu á slyshugtakinu. Í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

Skilgreining þessi er samhljóða þeirri sem er nú að finna í lögum um almannatryggingar og felur því fyrirbyggjandi frumvarp ekki í sér efnislega breytingu á slyshugtakinu. Það telur Alþýðusamband Íslands vera afar miður enda er hugtakið, eins og það er nú, gallað.

Í fyrsta lagi vegna þess að það gerir að skilyrði að „utanaðkomandi atburður“ hafi valdið slysi. Í framkvæmd hjá Sjúkratryggingum Íslands hefur þetta þýtt, hvað varðar tryggingarrétt launafólks við vinnu, að einstaklingar, sem slasast t.d. í fallslysum vegna þess að þeim skrikar fótur eða vegna líkamlegrar ofraunar, eru ekki tryggðir gegn tjóni sínu í gegnum almannatryggingar. Í ljósi framangreinds eru nokkrir tugir einstaklinga á ári hverju sem njóta ekki trygginga við vinnu sína þrátt fyrir að hafa orðið fyrir slysi, þ.e. hafi orðið

fyrir líkamstjóni án þess að stórkostlegt gáleysi eða ásetningur hafi valdið líkamstjóninu.

Í öðru lagi er slyshugtakið, eins og það er skilgreint í frumvarpinu, gallað vegna þess að það samræmist hvorki alþjóðlegum skilgreiningum á slyshugtakinu né því slyshugtaki sem Vinnueftirlit ríkisins miðar við. Framangreint getur leitt til aukinnar hættu á að við mat á því hvaða þættir skipti mestu máli í forvörnum vinnuslysa myndist skekkja sem helgist af þeirri staðreynd að hinn slasaði eigi mjög ríka hagsmuni undir því að líkamstjón hans sé metið sem slys í skilningi almannatryggingaréttar. Vill því Alþýðusamband Íslands taka undir það sem fram kom í umsögn Vinnueftirlitsins við mál 635 á 141. löggjafarþingi um mikilvægi samræmingar á vinnuslyshugtakinu. Styður Alþýðusamband Íslands það sjónarmið Vinnueftirlitsins eindregið og leggur til að skilgreiningu 1. mgr. 5. gr. verði breytt þannig:

„Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“

ASÍ leggur einnig til að orðalagi b-liðar 2. mgr. 5. gr. verði breytt þannig að í stað þess að vísað sé til „naudsynlegra“ ferða til vinnu og frá sé vísað til þess að maður sé á „eðlilegri leið“ til vinnu og frá og samræmist slík breyting skilmálum þeirra atvinnuslysatrygginga sem samið hefur verið um á vinnumarkaði. Ákvæði b-liðar er jafnframt bundið við að starfsmaður sé á leið milli vinnu og heimilis en gerir hvorki ráð fyrir að hann geti verið á leið til eða frá viðlegustað til vinnu eða til eða frá heimili til viðlegustaðar. Þetta er gloppa í lögunum, tilkomin á þeim árum er fólk stundaði að jafnaði vinnu nálægt heimil sínu. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að b-liður 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða á eðlilegri leið til vinnu og frá, enda sé um að ræða ferðir sem eru farnar samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Hafi maður vegna vinnu sinnar viðlegustað utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis og tekur þá tryggingin einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.“

Að lokum leggur ASÍ til, að 4. mgr. 5. gr. verði breytt þannig að tryggingin gildi þótt bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, verði slysið utan Íslands. Almennt er verulegum vandkvæðum háð fyrir einstaklinga að sækja skaðabætur úr tryggingum erlendis auk þess sem tryggja verður sönnun í samræmi

við þar gildandi rétt, venjur og hefðir sem oftast en ekki er ekki á færi venjulegs fólks, hvað þá ef slasað er. Breytt ákvæði gæti þá gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fengi kröfuna framselda úr hendi hins slasaða kjósi hann að sækja rétt sinn hér á landi fremur en erlendis.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 416. mál

Rétt er að geta þess í upphafi að í lok árs 2012 var gert samkomulag á milli stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna um sérstakt virkniáttak, „Vinnu og virkni - Áttak til atvinnu 2013“, fyrir atvinnuleitendur sem voru að ljúka bótatímabili sínu, og sem síðar fékk heitið „Liðsstyrkur“. Hluti af því samkomulagi var að sveitarfélögin fengju skýrari heimildir til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni. Alþýðusamband Íslands skilyrti stuðning sinn við þessa heimild til sveitarfélaganna með tvennum hætti: Annars vegar að bótatímabil atvinnuleysisbóta yrði 36 mánuðir, eins og samkomulagið fól í sér, og hins vegar að settar yrðu skýrar reglur um lágmarksfjárhæð og samræmdar reglur um forsendur fyrir fjárhagsaðstoðinni sem öllum sveitarfélögum yrði skylt að fylgja; og jafnframt að slíkar reglur væru ásættanlegar út frá þeim almennu mannúðar- og sanngirmissjónarmiðum sem framfærsluskylda sveitarfélaganna byggir á. Fyrir liggur að þær aðstæður, sem nú eru uppi, og það frumvarp, sem hér er til umsagnar, uppfylla hvorugt þessara skilyrða.

Með ákvörðum Alþingis, að tillögu félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur bótatímabil atvinnuleysisbóta verið stýtt úr 36 mánuðum í 30. Þetta var gert þrátt fyrir kröftug mótmæli verkalýðshreyfingarinnar og þrátt fyrir þau miklu og alvarlegu áhrif sem styttingin hefur á hagi og afkomu þeirra atvinnuleitenda sem lengst hafa verið án vinnu. Þegar af þessari ástæðu eru forsendur fyrir stuðningi Alþýðusambandsins við það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, brostnar.

Hvað varðar þá kröfu Alþýðusambandsins að settar verði skýrar reglur um lágmarksfjárhæð og samræmdar reglur um forsendur fyrir fjárhagsaðstoðinni, sem öllum sveitarfélögum yrði skylt að fylgja, þá er ekkert slíkt að finna í frumvarpinu. Það eina sem segir um þetta efni er: „Ráðherra gefur árlega út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um framkvæmd fjárhagsaðstoðar auk viðmiðunarfjárhæða fyrir fjárhagsaðstoð“. Eftir sem áður er sveitarfélögunum þannig frjálst að ákveða fjárhæð fyrir fjárhagsaðstoðina og skilyrða eins og þeim sýnist.

Í nóvember 2013 gaf Alþýðusamband Íslands út skýrsluna „Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga“. Þar kemur fram mikill fróðleikur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, hvaða skilyrðum hún er háð og hversu ólík hún er á milli sveitarfélaga. Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a.:

„Umfjöllunin hér að framan sýnir að sveitarfélögin hafa ólíkar reglur um fjárhagsaðstoð. Misjafnt er hvað sveitarfélögin reikna inn í framfærslugrunn sinn, hvernig þau meðhöndla tekjur og áhrif fjölskyldustærðar en með þessu skapast mismunandi reglur sem leiða til þess að upphæð framfærslu verður ekki sú sama frá einu sveitarfélagi til annars. Einstaklingar, sem búa við sama vanda, eiga því rétt á mismunandi aðstoð allt eftir því í hvaða sveitarfélagi þeir búa. Eins og sést hér í dæmunum að framan verða einstaklingar og/eða fjölskyldur fyrir nokkrum tekjumissi þegar viðkomandi færast af atvinnuleysisbótum yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Dæmin hér að framan sýna einnig að ef um hjón/sambúðarfólk er að ræða og annar aðilinn er að ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnum verða þau í raun fyrir miklum tekjumissi vegna tekjutengingar maka.

Ekki er haldin skrá um þá einstaklinga sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum og þurfa frá að hverfa vegna þess að þeir eru með tekjur yfir viðmiðunarmörkum vegna tekjutengingar maka eða uppfylla ekki ákveðin skilyrði sem sett eru. Það er erfitt að átta sig á því hvert þessir einstaklingar leita eftir fjárhagsaðstoð.

Huga þarf að því að bæta stöðu þeirra sem lokið hafa rétti sínum til atvinnuleysisbóta og detta alfarið út af bótum ef maki þeirra er í launadri vinnu með tekjur yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Mikilvægt er að skilgreina þarfir fyrir alla þá einstaklinga, sem leita til sveitarfélaganna, og bjóða upp á varanleg úrræði.“

Eins og framangreindur texti ber með sér er mjög margt gagnrýnivert hvað varðar fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sem er löngu tímabært að taka á. Engin tilraun er gerð til þess í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Einnig má gagnrýna hversu lítill lærdómur er dreginn af reynslu undangenginna ára þegar kemur að virkum vinnumarkaðsaðgerðum og möguleikum langtímaatvinnulausra til þátttöku á vinnumarkaðinum. Sú reynsla er dregin saman með eftirfarandi hætti í skýrslunni:

„Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og þau verkefni, sem ráðist hefur verið í eftir hrun, staðfesta mikilvægi þess að beita virkum vinnumark-

aðsaðgerðum til að draga úr atvinnuleysi og auðvelda fólki, sem misst hefur vinnuna, endurkomu á vinnumarkaðinn. Þær eru jafnframt besta leiðin til að koma í veg fyrir að einstaklingar fullnýti bótarétt sinn í atvinnuleysis-tryggingakerfinu og þurfi að leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.

Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfing eru þannig best til þess fallnar að bregðast við og draga úr langtímaatvinnuleysi sem leitt getur til örorku.“

Í ljósi alls þess sem hér hefur komið fram leggst Alþýðusamband Íslands gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (skipulag ráðuneyta og stofnana o.fl.), 434. mál

Varðandi 1. gr. frumvarpsins vill ASÍ taka fram að sambandið styður eindregið að aðsetur stórra og mikilvægra stofnana ríkisins sé ákveðið í lögum. ASÍ hefur fyrr á þessu þingi lagt gegn breytingum á lögum um almannatryggingar þar sem lagt er til að fella aðsetur Tryggingastofnunar úr lögum. Í umsögn ASÍ um það mál segir:

„ASÍ telur að sú víðtæka heimild sem opnuð er í c.(10. gr.) lið 1. greinar frumvarpsins sé of víðtæk. Samkvæmt henni getur ráðherra, að fenginni umsögn forstjóra, ákveðið staðsetningu stofnunarinnar. Tryggingastofnun er ein af mikilvægustu stofnunum ríkisins þegar kemur að samskiptum við borgarana. Á það sérstaklega við um þá hópa sem undir högg eiga að sækja vegna áfalla og aldurs. Samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar er hún helsta „miðstöð velferðarmála á Íslandi“ þar sem starfa „rúmlega 100 manns við að leysa flókin verkefni og veita stórum hópi landsmanna þjónustu“. Það er álit ASÍ að vel þurfi að vanda til ákvarðanatöku um aðsetur Tryggingastofnunar hverju sinni og að óásættanlegt sé að það vald sé falið einum ráðherra án samráðs og án samþykkis Alþingis.“

Í b-lið 10. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildir til flutnings innan stjórnsýslunnar verði rýmkaðar. Það er mat ASÍ að tillögurnar stuðli að auknu ógagnsæi í ákvarðanatöku hins opinbera. Gagnsæi er mikilvægt aðhald og almenningur á að geta fylgst með hvernig stöðuveitingum og ráðningum er háttað. Þegar ráðið er í stöður innan opinberra stofnana ber að gera það eftir skýrum og hlutlausum viðmiðum og það á að vera hægt að fylgjast með því að eftir þeim sé farið. Eitt helsta tæki til að auka jöfnuð og jafnrétti er að hugsa ekki ákveðna einstaklinga inn í ákveðin störf heldur að vera með sem hlutlægust viðmið og

gefa öllum tækifæri til að sækjast eftir þeim störfum, sem þarf að manna, og tryggja að til dæmis lög um jafnrétti séu virt í slíku ferli. Það verður ekki gert án þess að stöður séu auglýstar. Persónulegar skoðanir ráðamanna á fólki og persónulegt mat á hæfni þeirra til að gegna ákveðnum störfum setur samfélagið í gildru staðalímynda um hvernig persóna í ákveðið starf „á að vera“. Það er hins vegar ekki alltaf besta eða hæfasta manneskjan í starfið. Nái tillögurnar fram þá telur ASÍ enn fremur að skjaldborg sú sem reist hefur verið um þann hóp fólks, sem þegar hefur fengið störf hjá hinu opinbera, styrkist um of og stuðli enn frekar en nú er að því skipta hæfum einstaklingum í tvo hópa, þ.e. þá sem komnir eru inn fyrir skjaldborgina og þá sem utan standa. Loks teljum við að breytingin geti leitt til aukinnar spillingar og frændhygli í stjórnsýslu íslenska ríkisins. Alþýðusamband Íslands leggst því eindregið gegn þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði með b. lið 10. gr. frumvarpsins.

Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands hafi komið að undirbúningi frumvarpsins um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á fyrri stigum og styðja framgang þess. Um leið er mikilvægt að áréttta eftirfarandi:

Við undirbúning lögðu fulltrúar ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að samtök launafólks hafi aðkomu að undirbúningi lagasetningar um málefni fatlaðs fólks hvað varðar lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) sem þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk og innleiðingu hennar. Sama gildir um mögulegar breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem ráðast þarf í. Þetta var m.a. sérstaklega árétttað á fundi með félags- og húsnæðismálaráðherra 18. mars á síðasta ári. Málið varðar kjör þeirra sem starfa við þessa þjónustu, aðbúnaðarmál þeirra og ýmsa þætti aðra. Í því sambandi hefur Alþýðusambandið m.a. bent á eftirfarandi: Það er grundvallaratriði að fjármögnun verkefnisins sé með þeim hætti að uppfyllt séu skilyrði um laun og önnur starfskjör skv. kjarasamningum. Af hálfu ASÍ hafa verið settar fram efasemdir um að fjárframlög til verkefnisins standi undir eðlilegum starfsmannakostnaði. Mikilvægt er að úr því verið skoríð með ótvíráðum hætti og þá bætt úr ef niðurstaðan gefur tilefni til.

Síðan eru fjölmargir þættir sem lúta sérstaklega að ráðningarsambandi, réttindum og skyldum starfsmanna. Hér skal aðeins dregið á örfá atriði sem þarfnast skoðunar og úrlausnar:

1. Ráðningarsambandið
Mikilvægt er að ráðningarsambandið sé á milli starfsmanns og tiltekins lögaðila sem hefur viðurkenningu ráðuneytisins og að ráðningin byggji á viðurkenndum kjarasamningi.
2. Vinnuverndar- og aðbúnaðarmál
Auk þeirra atriða sem lúta sérstaklega að vinnutímamálum og hvíldartíma eru ýmsir aðrir þættir á sviði vinnuverndar og aðbúnaðarmála starfsmanna sem taka þarf á og móta reglur um, s.s. vinnuáðstæður og aðbúnaður almennt (húsnæði og hjálpartæki/léttitæki) og skilgreining á „umönnunarpunga“.
3. Siðferðileg álitamál
Móta þarf skýrar reglur um það hvað starfsmanni ber að gera og hvað er utan hans starfssviðs og honum ber ekki að gera/getur hafnað. Þegar hafa komið upp ýmis álitaefni í þessu samhengi sem mikilvægt er að taka á með afdráttarlausum hætti.
4. Fræðslumál – námskeið
Nauðsynlegt er að útbúa vandað kynningar- og fræðsluefni um NPA fyrir:
 - Fyrir starfsmennina
 - Þá sem njóta þjónustunnar
 - Fulltrúa sveitarfélagana

Leggja ber áherslu á að starfsmaðurinn og sá sem nýtur þjónustunnar fái sömu upplýsingar og sömu skilaboð. Töluverð vinna hefur farið fram í kjölfar kjarasamninga NPA-miðstöðvarinnar og Flóabandalagsins/SGS um fræðsluleiðir. Í þeirri vinnu kemur í ljós að á Norðurlöndum, þar sem þjónustan hefur gefist best, er lögð mikil áhersla á fræðslumál.

Hvað varðar framangreinda þætti og fleira sem varða sérstaklega hagsmuni starfsmanna, réttindi og skyldur hefur Alþýðusambandið lagt ríka áherslu á að skoðuð verði lagasetning og framkvæmd NPA annars staðar á Norðurlöndum, þar sem fyrir hendi er reynsla af slíku fyrirkomulagi, og hvað megi læra af því.

Frumvarp til laga um náttúrupassa, 455. mál

Náttúrupassa er ætlað að afla tekna í ríkissjóð sem ætlunin er að ráðstafa í uppbyggingu og verndun ferðamannastaða auk eflingar öryggis ferðamanna. Það er flestum ljóst að hröð fjölgun ferðamanna hér á landi undanfarin ár hefur

verið án hliðstæðu og orðið til þess að auka ágang á viðkvæm svæði í íslenskri náttúru. Alþýðusambandið tekur undir þau sjónarmið og mikilvægi þess að fjárfesta í uppbyggingu ferðamannastaða. ASÍ hefur lagt áherslu á mikilvægi sterkra innviða í atvinnu- og byggðapróun, t.d. samgangna, fjarskipta og orkuflutnings.

Við öflun tekna til fyrrgreindrar uppbyggingar eru nokkrar leiðir færar, hver með sína kosti og galla, en auk náttúrupassa hafa komugjöld og gistináttaskattur helst verið nefnd. ASÍ leggur áherslu á að slík gjaldheimta þurfi að vera einföld, skilvirk og á breiðum grunni en um leið að um hana ríki víðtæk sátt.

Það er mat ASÍ að náttúrupassi sé sístur af þeim leiðum sem færar eru. Í fyrsta lagi er náttúrupassinn viðsnúningur frá almannaréttinum, þ.e.a.s. því að mönnum sé heimilt að fara um og njóta náttúru Íslands án þess að greiða fyrir það gjald. Í öðru lagi er náttúrupassinn nýtt gjald og bætist því við og flækir núverandi gjaldtöku ferðamanna. Í þriðja lagi þarfnast náttúrupassinn fjárfestingar í yfirbyggingu, kynningu og markaðssetningu en ekki síður fjármuna til reksturs þess eftirlits sem nauðsynlegt er til að ferðamenn framfylgi lögunum. Slíkt eftirlit gæti reynst bæði flókið og kostnaðarsamt og því meira sem það er aukið þeim mun meira skerðir það upplifun ferðamanna.

ASÍ telur að gistináttaskattur, komugjöld eða blönduð leið beggja sé heppi- legri, einfaldari og skilvirkari leið til að ná framangreindum markmiðum. Þó ber að hafa í huga að komugjöld myndu hafa áhrif til hækkunar á verði á flugi innanlands.

Sú hætta er fyrir hendi að án víðtæktrar sáttar um gjaldheimtu verði til brota- kennt, tvöfalt kerfi þar sem hluti fellur undir náttúrupassa og hluti innheimtir sjálfstætt gjald. Í slíku kerfi er hætta á að gjaldheimtan rýri upplifun ferða- manna sem hefði neikvæð áhrif á atvinnugreinina til lengri tíma lítið.

Frumvarp til laga um Menntamálastofnun, 456. mál

Með frumvarpinu er kveðið á um stjórnáslustofnun sem sinni ýmsum verkefnum á sviði menntamála á öllum skólastigum. Stofnunin leysir af hólmi Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun auk verkefna sem ráðherra kann að fela stofnuninni.

Alþýðusamband Íslands telur að sameining Námsmatsstofnunar og Náms- gagnastofnunar og sú uppstokkun, sem því fylgir, feli í sér tækifæri til að

stýðja við og efla upplýsinga- og gæðastarf og fagmennsku í skólastarfi. Um það eru gefin ákveðin fyrirheit í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Þegar drög að frumvarpinu voru upphaflega kynnt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins var á það bent að hlutverk nýrrar stofnunar væri ekki nægilega vel skilgreint og um margt óljóst, m.a. í samhengi við hlutverk annarra aðila á sviði menntamála. Einnig var bent á að valdheimildir ráðherra væru of miklar. Að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til þessara ábendinga og athugasemda en þó ekki nema að hluta. Eftir stendur að verkefni stofnunarinnar og umfang eru um margt mjög óljós.

Í ljósi þess sem segir hér að framan vill Alþýðusamband Íslands koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

Í frumvarpinu er hlutverk Menntamálastofnunar enn nokkuð óljóst hvað varðar m.a. umfang. Nauðsynlegt er að úr þessu verði bætt, bæði til að starfsemin verði hnitmiðuð og skýr og til að hlutverk hennar sé öllum ljóst. Þannig er mikilvægt að uppbygging nýrrar stofnunar og yfirfærsla verkefna til hennar verði ekki til að draga úr eða skaða það starf sem nú er unnið á sviði menntunar og sannað hefur gildi sitt. Hér ber ekki síst að horfa til þess góða starfs sem nú er unnið að á sviði iðn- og starfsmenntunar og framhaldsfræðslu. Bent skal á að nýrri stofnun er ætlað hlutverk á öllum skólastigum og einnig á sviði framhaldsfræðslu, ef ráðherra hverju sinni kýs svo, sbr. 10. grein frumvarpsins. Mikilvægt er að allar þær breytingar, sem kunna að verða á umsýslu ýmissa verkefna, verði unnar í góðu samráði og samstarfi við þá aðila sem málið varðar helst. Hér ber sérstaklega að hafa í huga framhaldsfræðsluna, sem byggð hefur verið upp í góðu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, starfsgreinaráðin og önnur verkefni er tengjast eflingu iðn- og starfsmenntunar.

- Það fyrirkomulag, sem nú er til staðar varðandi umsýslu með starfsgreinaráðum, námssamningum og sveinsprófum, sem ÍÐAN og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins sinna, byggir á öflugu samstarfi aðila vinnumarkaðarins. Tilfærsla framangreindra verkefna til Menntamálastofnunar væri klárlega til þess fallin að skaða framkvæmd og það uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið á undanförunum árum til eflingar iðn- og starfsnáms með auknu samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda og ríkari ábyrgð á framkvæmdinni.
- Með 10. grein frumvarpsins fær ráðherra heimild til að færa verkefni

Fræðslusjóðs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til Menntamálastofnunar eða annarrar ríkisstofnunar. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið áréttað að ekki standi til að breyta núverandi framkvæmd. Mikilvægt er að tekin verði af öll tvímæli um að núverandi fyrirkomulag skuli standa í öllum atriðum og engar breytingar verði gerðar nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þannig verði virt sú staðreynd að uppbygging og þróun framhaldsfræðslunnar hefur öðru fremur byggt á góðu og farsælu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem felur í sér mikil verkætti eins og kemur fram í nýlegri úttekt Capacent á framhaldsfræðslunni og könnun sömu aðila á meðal notenda framhaldsfræðslunnar.

- Fagráð stofnunarinnar, sbr. 3. grein, verður að endurspegla alla þá sem beint og óbeint koma að uppbyggingu menntakerfis okkar, hvort sem er innan skólakerfisins, framhaldsfræðslunnar eða atvinnulífsins.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar verði samþykkt að því gefnu að tekið verði fullt tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem settar hafa verið fram, tekin af öll tvímæli um hvert hlutverk Menntamálastofnunar á að vera og hvaða verkefnum hún á að sinna um leið og viðurkennt verður það góða starf sem unnið er af öðrum aðilum á sviði iðn- og starfsmenntunar og framhaldsfræðslu.

Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. mál

ASÍ setur sig ekki á móti gjaldtöku vegna vatnsþjónustu sem á að standa undir meðal annars umhverfis- og auðlindatengdum kostnaði vatnsþjónustunnar.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ofangreint lagafrumvarp nýtir Ísland sér þá undanþágu, sem felst í 4. mgr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og – ráðsins 2000/60/EB, og fer vægustu leið sem mögulegt er varðandi gjaldtöku.

ASÍ setur sem skilyrði fyrir samþykki sínu um gjaldtöku vegna vatnsþjónustu að gjaldið, sem lagt verður á þá notendur sem nýta vatnsauðlindina, vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur og fráveitur, verði ekki innheimt í formi hærri gjalda til almennra notenda, þ.e. heimila landsins.

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélags), 514. mál

Frumvarpinu er ætlað að skýra hlutverk veiðifélaga og tiltekna ráðstöfun eigna utan veiðitíma.

Varðandi fyrri hluta þeirrar málsgreinar, sem lagt er til að bætist við 1. mgr. 37. gr., þar sem segir „að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn“, leggur ASÍ til að aftan við bætist „í þágu sameiginlegra réttinda þeirra skv. lögum þessum“. Með þeim hætti fæst ekki misskilið að ekki sé verið að opna fyrir heimildir til hvaða ráðstöfunar sem er og sem arðsöm kann að vera enda um sérstakt skylduaðildarfélag að ræða sem vegna þeirrar stöðu sinnar getur ekki og á ekki að takast á við önnur verkefni en þau sem skylduaðildina réttlæta.

Vakin er athygli á því að fjallað er um sjálfstæðar eignir veiðifélaga í 6. mgr. 37. gr. Betur færi á því að síðari hluti þeirrar málsgreinar, sem lagt er til að bæt verði við 1. mgr. 37. gr., þar sem segir: „Heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi“, yrði fluttur þangað enda vart sjálfstætt hlutverk veiðifélaga að ráðstafa eignum utan veiðitíma þótt opna þurfi heimild til slíks vegna óskýrleika gildandi laga.

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 10/2008, 562. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta).

ASÍ lýsir yfir ánægju sinni með ofangreint frumvarp og leggur áherslu á, líkt og í fyrri umsögn um málið frá 06.12.2013, að tilskipun Evrópuráðsins 2004/113/EB sé innleidd í íslenskan rétt.

Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmd tilskipunarinnar og þeim dómum, sem þegar hafa fallið, og hvernig ber að túlka þá en meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að kynjunum sé ekki mismunað við kaup eða afhendingu þjónustu.

Lög nr. 10/2008 leggja sérstaka áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði en með innleiðingu tilskipunarinnar er verið að stuðla að jafnrétti kynjanna ekki eingöngu á vinnumarkaði heldur einnig á öðrum sviðum samfélagsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, 579. mál

Þróunarsamvinnumál hafa verið málaflokkur sem almenn og breið pólitísk samstaða hefur verið um hér á landi. Íslendingar hafa unnið að þróunarsamvinnu í mjög langan tíma og Þróunarsamvinnustofnun Íslands – PSSÍ – var sett á laggirnar árið 1971 þegar fyrstu lög um tvíhliða þróunarsamvinnu

Íslendinga voru samþykkt á Alþingi. ÞSSÍ hefur markvisst unnið að því að móta sér skýrar verklagsreglur og aðlagast að þeim breytingum sem hafa á undanförunum árum orðið á viðhorfi og nálgun í þróunarsamvinnu. ÞSSÍ hefur lagt áherslu á vægi árangurs og getu stofnunarinnar og starfsmanna til að starfa að árangursmiðaðri þróunarsamvinnu og skipulagi stofnunarinnar hefur verið breytt til að fylgja eftir þeim markmiðum.

ÞSSÍ hefur unnið eftir þeim markmiðum og skipulagi sem Alþingi hefur sett stofnuninni og sem hafa fengist staðfest og viðurkennd af DAC, þróunarsamvinnunefndar OECD. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í skýrslu/rýni á vegum DAC sem unnin var árið 2013. Það kemur hvergi fram að ástæða sé til þess að leggja Þróunarsamvinnustofnun niður heldur er þvert á móti áhersla lögð á að styrkja tengsl ÞSSÍ og utanríkisráðuneytis.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að það sé að verulegu leyti byggt á skýrslu sem unnin var fyrir utanríkisráðuneytið árið 2014, „Þróunarsamvinna Íslands, skipulag, skilvirkni og árangur“. Í þeirri skýrslu er fjallað almennt um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnu og velt er upp mörgum áhugaverðum tillögum, m.a. um nýtingu fjár og mælanlegan árangur. Það vekur furðu ASÍ að svo veigamikil stjórnsýslubreyting skulu vera gerð á grunni skýrslu sem leggur fram margvíslegar tillögur til umræðu og áframhaldandi vinnu.

Einnig má benda á að fyrsta þróunarsamvinnuáætlun Íslands var sett fram fyrir árin 2013–2016 og því ástæða til að bíða uns meiri reynsla er komin á framkvæmdina og mögulega vankanta áður en róttækar hugmyndir um breytt skipulag er lagt fram.

Eins og fram hefur komið hefur ASÍ efasemdir um ágæti þeirrar róttæku breytingar sem framangreint frumvarp leggur til. Helstu rök breytinganna samkvæmt frumvarpinu eru meðal annars að með því að færa framkvæmdina á eina hendi sé verið að einfalda skipulagið. Betri heildarsýn muni nást yfir málaflökkinn og stefnumótun verði markvissari þegar um einn ábyrgðaraðila sé að ræða.

Alþýðusambandið telur að með því að færa framkvæmd þróunarsamvinnu yfir á eina hendi, þ.e. alfarið á ábyrgð utanríkisráðuneytis dvíni sá faglegi árangur sem ÞSSÍ hefur náð. Hætta er á að diplómatiskar áherslur fari að blandast inn í þróunarsamvinnuna – þ.e. að framlagsríki fari að reka hana með eigin hagsmuni að leiðarljósi en ekki hagsmuni fátækra ríkja eingöngu.

Alþýðusambandið telur að áður en ákvörðun um að færa alla alþjóðlega þróunarsamvinnu undir utanríkisráðuneytið þurfi að leita svara við mörgum spurningum sem upp koma við lestur skýrslunnar „Þróunarsamvinna Íslands, skipulag, skilvirkni og árangur“ sem frumvarpið byggir á að mestu. Helstu spurningar, sem upp koma, eru:

- Fagleg rök sem liggja til grundvallar áformum um sameiningu?
- Hvort önnur lög mála gilda um þróunarmál en aðra málaflokka í ljósi þess að almennt hefur stjórnýslan þróast æ meira á þann veg að stefnumörkun og eftirlit með framkvæmd hennar er á hendi ráðuneyta en framkvæmdin sjálf á hendi faglegra stofnana?
- Álit þróunarsamvinnunefndar OECD / DAC á sameiningu. Af hverju er ekki beðið niðurstöðu DAC um skipulag og árangur þróunaraðstoðar sem fyrirhuguð er árið 2016?
- Hvort athuguð hefur verið reynsla annarra ríkja af því að hafa sjálfstæða stofnun utan um þróunarsamvinnu, eins og t.d. Svíþjóð.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frestað verði ákvörðun um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og að ofangreindum spurningum ásamt öðrum verði svarað af fagaðilum áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn í málinu er það var lagt fram á síðastliðnu löggjafarþingi, nánar tiltekið sem 12. mál. Umsögn sú, sem er hér eftirfarandi, er hér með ítrekuð:

Upplýsingabylting undanfarinna ára hefur leitt til þess að almenningur hér á landi og erlendis hefur fengið nauðsynlega vitneskju um grófa misbeitingu valds ákveðinna ríkja, þá sérstaklega hvað varðar persónunjósnir. Í því samhengi er vert að nefna sérstaklega mál Chelseas Manning og Edwards Snowden í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Sagan kennir okkur og ofangreind dæmi sýna að ríki hafa því miður tilhneigingu til misbeitingar valds og jafnvel að snúast gegn borgurum sínum. Því felur frumvarp þetta í sér nauðsynlegan varnagla sem þó vonandi þarf ekki að nota.

Alþýðusamband Íslands telur að það eigi enginn að fara í fangelsi fyrir að segja sannleikann enda sé það lýðræðinu og borgurum alltaf til góða að hafa

miklar og réttar upplýsingar. Alþýðusamband Íslands styður því í megindráttum frumvarpið og telur það fela í sér nauðsynlega réttarbót fyrir samfélagið í heild sinni sem og að sjálfsögðu fyrir starfsfólk hins opinbera.

Frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl, 691. mál

ASÍ telur mikilvægt að eign þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni þurfi að vera hafin yfir allan vafa í frumvarpinu. Jafnframt telur ASÍ óeðlilegt að heimildum til veiða á einni fisktegund sé úthlutað til sex ára þegar ekki liggur fyrir sátt um varanlegt fyrirkomulag um stjórn fiskveiða. Enn fremur hefur ASÍ verulegar áhyggjur af því að gildistími aflahlutdeilda framlengist sjálfkrafa um eitt ár, ár hvert.

Samkvæmt frumvarpinu mun ráðherra ákveða árlega þann heildarafla makríls sem íslenskum fiskiskipum er heimilt að veiða. Aflahlutdeildum er úthlutað eftir veiðireynslu þar sem 90% er úthlutað á grundvelli veiðireynslu árána 2011–2014 og 5% til viðbótar til frumkvöðla sem nýttu makrílinn til manneildisvinnslu á árunum 2009 og 2010, samtals 95%, en það aflamark er ekki heimilt að nýta með línu eða handfærum. Síðan er 5% úthlutað til þeirra báta sem veiddu makríl með línu eða handfærum á árunum 2009–2014 og er einungis heimilt að veiða það aflamark með línu eða handfærum. Úthlutaðar aflahlutdeildir koma til með að halda gildi sínu í sex ár frá því að lögin taka gildi og er ekki hægt að fella þær úr gildi, að hluta til eða öllu leyti, nema með sex ára fyrirvara.

Skoðun ASÍ byggir hér á stefnu sambandsins í atvinnumálum en þar segir m.a.:

„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á/i/eða undir hafsbotninum (utan netalaga), svo og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta.“

ASÍ telur að hlutdeild þjóðarinnar í auðlindararði, t.d. í formi sanngjarnra veiðigjalda, sé grunnforsenda fyrir úthlutun aflahlutdeilda. Hætta er á því að með fyrirliggjandi frumvarpi sé ekki sköpuð sú sátt sem nauðsynleg er um stjórn veiða á makríl. Alþýðusambandið leggur áherslu á að viðtæk sátt skapist um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Til þess að sú sátt ríki þarf eign þjóðarinnar

á fiskveiðiauðlindinni að vera skýr, hlutdeild þjóðarinnar í auðlindararði sanngjörn og skilyrði sjávarútvegs til veiða hagkvæm og sjálfbær.

Alþýðusambandið leggst gegn samþykkt frumvarpsins, eins og það liggur fyrir, og telur mikilvægt að aflaheimildum sé úthlutað til eins árs á meðan farið verði í endurskoðun á heildarfyrirkomulagi um stjórn fiskveiða.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, 692. mál

ASÍ er fylgjandi álagningu veiðigjalda og telur að sú aðferðafræði, sem tekin var upp á síðasta fiskveiðiári að notast við reiknaða afkomustuðla, hafi verið til bóta frá fyrra kerfi.

Í fyrirleggjandi frumvarpi eru stigin fleiri skref í rétta átt en líkt og áður hefur verið bent á í umsögnum Alþýðusambandsins eru veikleikar sem fyrir óvissa um raunverulegt verð sjávarafurða sökum gallaðrar verðmyndunar og notkun gamalla upplýsinga við útreikninga. ASÍ leggur áherslu á að ákvörðun veiðigjalda byggji á nýjustu mögulegu upplýsingum og mun notkun tveggja ára gamalla upplýsinga óhjákvæmilega fela í sér ákveðin vandamál í jafn sveiflukenndri atvinnugrein og sjávarútvegi.

Afstaða ASÍ til frumvarpsins byggir í megindráttum á stefnu sambandsins í atvinnumálum en í henni er lögð áhersla á eftirfarandi:

„Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta“.

„Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknnum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).“

Í 5. gr. d. er veiðigjald ákvarðað sem 35% af reiknigrunni botnfisks og 35% af reiknigrunni uppsjávarfisks og er veiðigjaldið jafnað niður á stofna samkvæmt ákvörðuðum afkomuígildum. Áætlað er að veiðigjöld nemi 10,9 milljörðum kr. og komi til með að skila 9,4 milljörðum kr. í tekjur eftir að tekið hefur verið tillit til frádráttar.

Alþýðusambandið hefur áður bent á það í umsögnum að það telji veiðigjöld lágt ákvörðuð. Þetta á sérstaklega við í ljósi sterkrar stöðu sjávarútvegs og hafa lítil rök verið færð fyrir lækkunum veiðigjalda undanfarin ár. Horfur í sjávarútvegi eru hagfelldar um þessar mundir en á sama tíma fæst ekki séð að veiðigjald tryggi þjóðinni sanngjarna hlutdeild í umframardi af nýtingu auðlindarinnar né að framkvæmdar séu allar nauðsynlegar rannsóknir og eftirlit með nýtingu auðlindarinnar.

Frumvarp til laga um breytingar á húsaleigulögum (réttarstaða leigjenda og leigusala), 696. mál

Grundvallarafstaða ASÍ, hvað varðar málefni leigjenda, er sú að bæta þurfi stöðu þeirra til muna, fyrst og fremst með því að auka öryggi. Gildandi húsaleigulög taka fyrst og fremst mið af því að meginregla, hvað varðar almenna leigumarkaðinn, sé sú að fasteignaeigendur leigi út hluta af húsi sínu (kjallaraíbúð, herbergi o.s.frv.) en ekki sé tekið mið af þeirri stöðu sem sífellt verður algengari, þ.e. að stór félög stundi umfangsmikla atvinnustarfsemi í langtímaútleigu íbúðarhúsnæðis. Umrætt öryggi, sem þarf að skapa leigjendum á almennum leigumarkaði skv. ASÍ, felst í því að regluverkið sé þannig að leigutaki sé nánast ósnertanlegur í sínu leiguhúsnæði á meðan hann stendur við sinn hluta leigusamnings og til stendur að halda íbúðinni í áframhaldandi leigu. Í þessu felist víðtækur forgangsréttur leigutaka til áframhaldandi leigu og takmarkanir séu á uppsagnarmöguleikum langtímasamninga sé ekki fyrir að fara vanefndum leigjanda. Jafnframt sé nauðsynlegt að tryggja leigutaka betur fyrir óvæntum og ósanngjörnum hækkunum á leiguverði og búa þannig til vörn gegn tímabundnum þrýstingi sem skapast t.d. vegna vaxandi markaðar til skammtímaleigu á húsnæði til handa ferðamönnum. M.ö.o. þurfi regluverkið að vera þannig uppbyggt að leigutaki við leigu á íbúðarhúsnæði eigi að vera í þannig stöðu að þurfa ekki að þola einhliða hækkun á leiguverði sem hefur tilfínanleg áhrif á greiðslugetu leigutaka. Vissulega getur framangreint falið í sér talsverðar kvaðir á leigusala en ASÍ telur að besta leiðin til að ná framan- greindum markmiðum sé að skapa aðstæður þar sem langtímaleiga sé báðum aðiljum samnings til hagsbóta.

Frumvarpið felur í sér litla eðlisbreytingu sem hefði þó að mati ASÍ mátt vera t.d. sú að reynt væri að skapa hvata fyrir félög og einstaka fasteignaeigendur til að standa í langtímaútleigu á íbúðarhúsnæði og tempra þannig þá þenslu sem hefur orðið til vegna almenns skorts á litlum og meðalstórum íbúðum sem og vegna mikillar eftirspurnar eftir skammtímahúsnæði fyrir ferðamenn sem eru höfuðástæður þess að leiguverð hefur hækkað mjög undanfarin misseri. Þetta leiðir til þess að leiguverð er orðið svo miklu hærri en mánaðarlegar

afborganir af íbúðalánum eigenda sams konar íbúða að til verður vítahringur fyrir þá sem ekki hafa efni á að kaupa íbúð og festast því í leigukerfi sem er slæmt að því leyti að húsnæðiskostnaður fyrir einstaklinga og fjölskyldur á almennum leigumarkaði er almennt óeðlilega miklu hærri en hinna sem búa í eigin húsnæði.

Á heildina titið felur þó frumvarp það, sem hér er til umfjöllunar, í sér jákvæðar breytingar á réttarstöðu leigjenda í átt til framangreindrar afstöðu ASÍ þrátt fyrir að ekki sé gengið jafn langt og vera mætti. Jákvæðar breytingar frumvarpsins má draga saman á þann hátt að þær lúta að því að auka öryggi leigjenda, t.d. með því að uppsagnarfrestir eru almennt lengdir og skerpt er á meginreglum gildandi laga um tilkynningar og samskipti aðilja húsaleigu-samnings.

Neikvæðar breytingar frumvarpsins að mati ASÍ lúta að tvennu: Annars vegar telur ASÍ nauðsynlegt að endurskoða afnám undanþágu 2. gr. gildandi laga með hagsmuni sjálfseignastofnana og félagasamtaka, sem leigja út í samfélagslegum tilgangi, í huga en ekki með hagnaðarsjónarmið í huga. Má, hvað það varðar, nefna t.d. Félagsstofnun stúdenta og Félagsbústaði hf. sem verða eðli málsins skv. að geta hagað samningsskilmálum á þann hátt til að brugðist sé við breyttum aðstæðum leigjenda þegar þeir uppfylla ekki lengur þau skilyrði sem slík félög setja leigjendum í því skyni að hámarka hlutverk sitt. Hins vegar er ASÍ andsnúið því að sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila sé ekki lengur gild trygging leigjanda, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir að markmiðið um að draga úr vægi ábyrgðarmanna sé gott og gilt verður ekki annað séð en að afleiðingin verði sú að sköpuð hefur verið ný aðgangshindrun fyrir efnalítið og/eða ung t fólk sem vill koma þaki yfir höfuðið.

Skorað er á þingmenn að bæta úr framangreindum vanköntum frumvarpsins við þinglega meðferð þess. Að öðru leyti styður ASÍ framgang frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003, 697. mál

Samkvæmt markmiðum sínum er frumvarpinu ætlað að skýra og styrkja réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna þeirra. ASÍ tekur undir þau markmið og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. ASÍ tekur undir þær tæknilegu athugasemdir sem Íbúðalánasjóður gerir í athugasemdum sínum.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar og styrkingar á tilteknu fyrir-

komulagi búseturéttar hér á landi. ASÍ veur athygli á því að ekki hafa enn komið fram á Alþingi neinar þær tillögur eða breytingar sem nauðsynlegar eru á fyrirkomulagi fjármögnunar á íbúðarhúsnæði og skyldum ríkis og sveitarfélaga í því efni þannig að hér geti byggst upp húsnæðiskerfi sem tryggja almennu launafólki húsnæðiskostnað á bilinu 20–22% af ráðstöfunartekjum.

Frumvarp til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum (nauðarsamningar), 787. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar mál nr. 786 og mál nr. 787 sem bæði eru hluti af áætlun um losun fjármagnshafta. Vegna þess hve nátengd frumvörpin eru sendir ASÍ sameiginlega umsögn um bæði málin.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að losa um þau höft á fjármagnsflutninga sem sett voru í kjölfar bankahrunsins. Með framangreindum frumvörpum eru stigin ákveðin skref í þá átt og því ber að fagna.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að gætt verði að eftirfarandi þáttum við afléttingu hafta:

- Að losun hafta ógni ekki efnahagslegum stöðugleika með gengisfalli, verðbólgu og kjararýrnun almenns launafólks. Í því sambandi er rétt að benda á að þeir kjarasamningar, sem undirritaðir voru 29. maí 2015, byggja m.a. á þeirri forsendu að kaupmáttur launa aukist á samnings- tímanum. Gangi það ekki eftir er hætt við því að kjarasamningum verði sagt upp.
- Að staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar og að tryggt verði að þær ráðstafanir, sem gripið verði til, standist stjórnarskrá.
- Að þeir fjármunir, sem koma í hlut ríkissjóðs eða Seðlabanka vegna afnámsferilsins, verði nýttir til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs og þess þannig gætt að þeir valdi ekki óstöðugleika í hagkerfinu. Slík ráðstöfun sparar ríkissjóði tugi milljarða árlega í vaxtagreiðslur og leggur þannig grunninn að því að við getum búið við öflugt velferðarkerfi til framtíðar.

Frumvarp til laga um húsnæðisbætur, 788. mál

Alþýðusamband Íslands hefur lagt mikla áherslu á umbætur í húsnæðismálum og þá ekki síst í málefnum leigjenda. 41. þing ASÍ ályktaði um húsnæðismál í október 2014. Í ályktuninni segir m.a:

„Aðgangur að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi – ekki forréttindi. Stórir hópar í okkar samfélagi eru utanveltu á húsnæðismarkaði, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði. Þingfulltrúar krefjast því tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum.

Nú þegar þarf að koma á húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og húsaleigubóta sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og kaupendur húsnæðis.“

Til að liðka fyrir gerð kjarasamninga gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um húsnæðismál þann 28.05.2015. Í yfirlýsingunni segir m.a:

„Til að lækka frekar húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda verða húsnæðisbætur hækkaðar á árunum 2016 og 2017. Grunnfjárhæð og frítekjumark verða hækkuð með hliðsjón af tillögum sem hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Húsnæðisbætur og frítekjumörk munu taka mið af fjölda heimilismanna.“ Frumvarpið kemur að nokkru til móts við áherslur ASÍ í málefnum leigjenda. Stuðningur við leigjendur er aukinn og skref stigin í þá átt að jafna þann mun sem er á opinberum stuðningi við þá sem kaupa húsnæði og þá sem leigja. Þá er tekið tillit til fjölda þeirra sem búa í leiguhúsnæðinu og tekna þeirra. Frumvarpið er einnig í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28.05.2015. ASÍ mælir því með samþykkt frumvarpsins.

FULLTRÚAR ASÍ Í NEFNDUM OG RÁÐUM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nefnd um verðlagseftirlit í landbúnaði

Tilnefning: 11. janúar 2006

Henný Hinz. Til vara Róbert Farestveit

Skipunartími: Ótímabundinn

Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Ráðgjafarnefnd

Tilnefning 24. ágúst 2011

Finnbjörn A. Hermannsson. Til vara Signý Jóhannesdóttir

Skipunartími: Til 1. ágúst 2014

Nýsköpunarsjóður

Tilnefning: 6. maí 2015

Finnbjörn A. Hermannsson. Til vara Signý Jóhannesdóttir

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2016.-

Samráðshópur um tollamál á sviði landbúnaðar

Tilnefning: 9. apríl 2014

Henný Hinz. Til vara Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: Ótímabundinn

Starfshópur um stefnumótun í mjólkurframleiðslu

Tilnefning: 9. apríl 2014

Róbert Farestveit. Til vara Halldóra Sveinsdóttir

Skipunartími: Ótímabundinn

Starfshópur vegna kennitöluflakks

Skipaður í ársbyrjun 2012 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011.

Halldór Grönvold, Halldór Oddsson, Sigurður Bessason og Þorbjörn Guðmundsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Samráðshópur um endurskoðun á virðisaukaskatti og vörugjaldakerfinu

Tilnefning: 28. maí 2014

Ólafur Darri Andrason. Til vara Henný Hinz

Skipunartími: Ótímabundinn

Starfshópur um opinber innkaup

Skipaður 2011 í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011.

Halldór Grönvold, Halldór Oddsson, Sigurður Bessason og Þorbjörn Guðmundsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Forsætisráðuneytið

Íslenska upplýsingasamfélagið

Tilnefning: 30. janúar 2008

Snorri Már Skúlason

Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Tilnefning: Júlí 2013

Halldór Oddson. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 3 ár

Vísinda- og tækniráð

Tilnefning: 2. október 2012

Kormákur Hlini Hermannsson og Róbert Farestveit. Til vara: Eyrún Valsdóttir

Skipunartími: 1. júní 2015

Hagstofan

Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs

Tilnefning:

Henný Hinz

Skipunartími: Ótilgreindur

Innanríkisráðuneytið

Samráðshópur vegna mansals

Tilnefning: 12. júní 2013

Marianna Traustadóttir. Til vara Drífa Snædal

Skipunartími: Ótilgreindur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Fræðslusjóður – stjórn

Tilnefning: 17. september 2014

Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold. Til vara: Ólafía B. Rafnsdóttir og Hilm-
ar Harðarson

Skipunartími: Til 12. október 2018

Höfundaréttarráð

Tilnefning: 12. febrúar 2014

Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Til 2019

Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla

Tilnefningar Alþýðusambands Íslands í starfsgreinaráð skv. 24. laga um fram-
haldsskóla:

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina:

Vilhjálmur Þór Grétarsson

Finnbjörn A. Hermannsson

Ólafur Sævar Magnússon

Sigurður Bessason

Varamenn Vilhjálms, Finnbjörns og Ólafs:

Heimir P. Kristinsson

Hallgrímur Gunnar Magnússon

Helgi Pálsson

Varamaður Sigurðar:

Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina:

Hilmar Harðarson

Helgi Ólafsson

Þórarinn Sverrisson

Varamenn Hilmars og Helga:

Jóhann R. Sigurðsson

Birgir Ö Guðmundsson

Varamaður Þórarins:

Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina:

Sigurrós Kristinsdóttir

Varamaður Sigurrósar:
Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina:

Sveinn Guðnason
Þorbjörn Guðmundsson
Guðrún Elín Pálsdóttir
Varamenn Sveins og Þorbjarnar:
Guðrún Katrín Bryndísardóttir
Sigurður Björnsson
Varamaður Guðrúnar:
Drífa Snædal

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina:

Benóný Valur Jakobsson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Niels S. Olgeirsson
Jón Karl Jónsson
Varamaður Benónýs:
Selma Kristjánsdóttir
Varamaður Finnboga:
Drífa Snædal
Varamenn Nielsar og Jóns Karls:
Þorvaldur Jónsson
Þorsteinn Gunnarsson

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina:

Halldór Arnar Guðmundsson
Vignir Eyþórsson
Logi Hermann Halldórsson
Kolbeinn Gunnarsson
Varamenn Halldórs og Vignis:
Sigurður Gunnar Kristinsson
Guðni Gunnarsson
Varamaður Loga:
Einar Gunnarsson
Varamaður Kolbeins:
Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Starfsgreinaráð rafíðngreina:

Svanborg Hilmarsdóttir
Bjarni Þór Ólafsson
Jón Ingi Skúlason Öfjörð
Varamenn:
Þórunn S. Jónsdóttir
Jakob Tryggvason
Stefán Sveinsson

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Eiður Stefánsson
Varamenn Sólveigar og Eiðs:
Teitur Lárusson
Kristín M. Björnsdóttir

Starfsgreinaráð snyrtigreina:

Lilja K. Sæmundsdóttir
Varamaður Lilju:
Sigríður Hannesdóttir

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina:

Heimir Janusarson
Halldóra Sveinsdóttir
Varamaður Heimis:
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
Varamaður Halldóru:
Drífa Snædal

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina:

Georg Páll Skúlason
Kalman le Sage de Fontenay
Varamenn:
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Hrönn Jónsdóttir

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina:

Halldór Arnar Guðmundsson
Aðalsteinn Baldursson
Varamaður Halldórs:

Valmundur Valmundarson
Varamaður Aðalsteins:
Árni Steinar Stefánsson
Skipunartími: Til 31. desember 2018.

Stjórn vinnustaðanámsjóðs

Tilnefning: 12. september 2012
Níels Sigurður Olgeirsson. Til vara Hilmar Harðarson
Skipunartími: Til september 2016

Verkefnahópur um fullorðins- og framhaldsfræðslu

Tilnefning: 3. desember 2014
Halldór Grönvold. Til vara Eyrún Valsdóttir
Skipunartími: Til 1. mars 2015

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Úthlutunarnefnd vegna umhverfisviðurkenningar

Tilnefning: 18. febrúar 2015
Halldóra Sveinsdóttir
Skipunartími: Fram yfir Dag umhverfisins 2015

Utánríkisráðuneytið

Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Tilnefning: 17. september 2014
Þorbjörn Guðmundsson
Skipunartími: Til október 2018

Samráðshópur utánríkisráðuneytisins og atvinnulífsins um EES-regluverk

Tilnefning: 17. desember 2014
Guðmundur Ragnarsson og Halldór Grönvold
Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðshópur um EES-hagsmunagreiningu

Tilnefning: 17. desember 2014
Halldór Grönvold
Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti

Tilnefning: 19. febrúar 2003

Gylfi Arnbjörnsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Velferðarráðuneytið

Tengiliður við velferðarráðuneytið

Tilnefning: 26. ágúst 2009

Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótilgreindur

